Alþingi sett, og fyrsti fundur í sameinuðu þingi. Árið 1883, 2. júlí, var hið 5. löggefandi alþingi sett í Reykjavík. Fyrst söfnuðust allir þeir alþingismenn, sem til þings voru komnir, ásamt með hinum setta landshöfðingja, Bergi Thorberg, í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni; presturinn síra Þorkell Bjarnason prjedikaði og lagði út af Fil. 2, 4.

Að aflokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur inn í alþingissalinn. Las þá landshöfðingi fyrst skipun konungs til sín um að setja alþingi, svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum þjer, sem settum landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, allramildilegast vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman mánudaginn 2. dag júlímánaðar næstkomanda, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjermeð fylgir, og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg, 26. maí 1883.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.
Christian R.
(L. S.)

J. Nellemann.

Til Vors elskulega
herra Bergs Ólafssonar Thorbergs, riddara af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors Amtmanns yfir suður- og vesturumdæminu á Voru landi Íslandi.

Síðan las landshöfðinginn upp boðskap konungs til alþingis, svo látandi:

Christian hinn Níundi o. s. frv.

Vora konunglegu kveðju!

Tíðindin er hingað bárust í fyrra um harðærið á Íslandi og þar af leiðandi neyð og skort meðal landsbúa, hafa valdið oss mikillar áhyggju. En eins og stjórnin ljet sjer vera annt um, þegar er hún komst að raun um hættu þá, er yfir vofði, að afstýra neyð þeirri, er fyrir hendi var, þannig hafa einstakir velgjörðamenn, bæði hjer og annarstaðar, svo fúsir viljað hjálpa hinum nauðstöddu landsbúum, og gjört það svo ríkulega, að með því varð eigi að eins ráðið úr neyð þeirri, er fyrir hendi var, heldur einnig þeirri hættu afstýrt, er menn voru hræddir um að leiða mundi á síðan af harðærinu. Til allrar hamingju hafa Oss nú borizt þær frjettir frá Íslandi, að nú sje breytt mjög til batnaðar, og megi því vænta, að landið muni brátt rjetta við aptur, og smámsaman fá bættan þann skaða, er það hefir orðið fyrir.

Stjórnin hefir því eigi ætlað að hún að sinni ætti að koma fram með tillögur um nokkrar óvanalegar ráðstafanir í þessum efnum, en hefir þó veitt landshöfðingja heimild til að taka með alþingi til íhugunar, hvort vera muni ástæða til að veita þeim, er orðið hafa fyrir skaða, ítarlegri styrk af almennu fje en orðinn er, og, ef svo væri, þá að fá til þess fjárveiting þá á fjárlögunum, er með þarf.

Það er auðsætt, að sú hin mikla rýrnun, er á síðast liðnu ári hefir orðið á fjárstofnum manna, mun hafa mikil áhrif á fjárhaginn. En eptir þeirri áætlan, er um það efni er unnt að gjöra að sinni, má svo álíta, að hinar vanalegu tekjur muni eigi að eins standast útgjöldin, heldur muni jafnvel

verða nokkur afgangur, þó hann verði ekki mikill, og hefir stjórninni því eigi þótt ástæða til að fara þess á leit að útvega nýjar tekjur, einkum þar sem hækkun á álögunum mundi verða miklu þungbærari, eftir því sem nú er ástatt.

Vjer höfum með ánægju tekið eftir því, hversu alþingi leitast við með árlegum fjárveitingum á fjárlögunum að koma upp atvinnuvegum landsins. Hafa þó þessar fjárveitingar hingað til mest miðað að því, að efla landbúnaðinn. En eigi mun minna í það varið að efla hinn annan aðalatvinnuveg landsins, sem eru fiskiveiðarnar, og þar sem mál það hefir á seinni tímum vakið athygli manna á sjer, og svo virðist einnig sem áhugi manna fyrir því sje vaknaður á Íslandi sjálfu, þá hefir stjórnin ætlað, að hún ætti fyrir sitt leyti að greiða fyrir málinu, með því að gjöra aðgangginn til hinna innlendu fiskiveiða svo hægan fyrir, sem auðið er, og munu því nokkur frumvörp, er að þessu lúta, verða lögð fyrir alþingi.

Í sambandi við mál þetta stendur annað, er Oss er mjög ant um, en það er endurnýjan verzlunarsamningsins við Spán, er útrunninn var í haust er leið. Samningstilraunir þær, er gjörðar hafa verið við Spánar-stjórn, hafa enn engan árangur haft, en stjórn Vor mun, ekki sízt vegna þess að það er Íslandi svo mikils varðandi, gjöra sjer far um að koma á samningi við Spánar-stjórn jafnvel þótt svo væri, að leggja þyrfti í sölurnar töluvert af tekjum þeim, er ríkissjóðurinn hefir hingað til haft í toll af spönskum vörum.

Að endingu verðum Vjer að tilkynna alþingi, að landshöfðingi Vor yfir Íslandi, er um langan tíma hefir stjórnað þessu embætti, og jafnframt verið fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, getur eigi lengur haft þessa stöðu á hendi, þar sem hann er skipaður í mikilsháttar og vandasamt embætti hjer í landi; en Vjer treystum því, að sá maður, er Vjer höfum falið á hendur að veita landshöfðingjaembættinu forstöðu, og að leysa af hendi þann starfa, er því er samfara, að vera fulltrúi stjórnarinnar á alþingi, muni hjá alþingi verða aðnjótandi sömu velvildar og trausts, er fyrirrennari hans hafði áunnið sjer.

Um leið og Vjer bætum við þeirri innilegu ósk Vorri, að starfi alþingis, er í hönd fer, megi verða til heilla og hamingju fyrir landið, heitum Vjer Voru trúa alþ. hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amalíuborg, 26. maí 1883.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Að því búnu kvaðst hann í umboði konungs lýsa yfir því, að *alþingi væri sett.*

Stóð þá upp þingmaður Suður-Þingeyinga, Jón Sigurðsson, og mælti: *lengi lifi konungur vor Kristján níundi!* og tóku allir þm. undir það í einu hljóði.

Þessir alþm. voru saman komnir:

A. Konungkjörnir: 1. Pjetur Pjetursson, 1. konungkjörinn þingmaður; 2. Bergur Thorberg, 2. kgk. þm.; 3. Jón Pjetursson, 3. kgk. þm.; 4. Magnús Stephensen, 4. kgk. þm.; 5. Árni Thorsteinson, 5. kgk. þm.; 6. Sigurður Melsteð, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir: 7. Arnljótur Ólafsson, 1. þm. Eyfirðinga; 8. Ásgeir Einarsson, þm. Strandasýslu; 9. Benidikt Kristjánsson, þm. Norður-Þingeyinga; 10. Benidikt Sveinsson, 2. þm. Norður-Múlasýslu; 11. Egill Egilsson, þm. Mýramanna; 12. Einar Ásmundsson, 2. þm. Eyfirðinga; 13. Eiríkur Briem, 2. þm. Húnvetninga; 14. Eiríkur Kúld, þm. Barðstrendinga; 15. Friðrik Stefánsson, 1. þm. Skagfirðinga; 16. Grímur Thomsen, þm. Borgfirðinga; 17. Gunnlaugur Briem, 2. þm. Skagfirð.; 18. Halldór Kr. Friðriksson, þm. R.víkinga; 19. Jakob Guðmundsson, þm. Dalamanna; 20. Jón Ólafsson, 2. þm. Suður-Múlasýslu; 21. Jón Sigurðsson, þm. Suður-Þingeyinga; 22. Lárus Blöndal, 1. þm. Húnvetninga; 23. Ólafur Pálsson, þm. Vestur-Skaptfellinga; 24. Sighvatur Árnason, 1. þm. Rangvellinga; 25. Skúli Þorvarðarson, 2. þm. Rangvellinga; 26. Stefán Eiríksson, þm.

Austur-Skaptfellinga; 27. Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Suður-Múlasýslu; 28. Þórarinn Böðvarsson, 1. þm. Gullbr.- og Kjósars. 29. Þórður Magnússon, 2. þm. Ísfirðinga; 30. Þorkell Bjarnason, 2. þm. Gullbr.- og Kjósars.; 31. Þorlákur Guðmundsson, 1. þm. Árnesinga; 32. Þorsteinn Jónsson, þm. Vestmannaeyinga; 33. Þorsteinn Thorsteinson, 1. þm. Ísfirðinga.

Þrír þjóðkjörnir þingmenn voru ókomnir, (sbr. deildina B, bls. 3).

Landshöfðingi skoraði því næst samkvæmt þingsköpunum, 1. gr., á hinn elzta þingmann, 1. konungkjörna, Pjetur biskup Pjetursson, að gangast fyrir kosningu á forseta hins sameinaða alþingis. Tók þá biskupinn sæti í forsetastólnum og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Barðstrendinga, E. Kúld, og þingmann Reykvíkinga, H. Kr. Friðriksson. Síðan ljet hann kjósa nefnd til að rannsaka kjörbrjef 2 nýrra þingmanna (þingm. Dalamanna, Jakobs Guðmundss., og 2. þingm. Skagfirðinga, Gunnlaugs E. Briems), er ekki höfðu verið á löggefandi alþingi fyrri. Kosningu hlutu: Magnús Stephensen með 14 atkv., og Arnljótur Ólafsson með 10 atkv. Þá höfðu Grímur Thomsen, Lárus Blöndal, Árni Thorsteinson, Einar Ásmundsson og Benidikt Sveinsson 8 atkvæði hver, en hlutkesti rjeð að Benidikt Sveinsson varð 3. nefndarmaður. Nefnd þessi kaus Magnús Stephensen sjer fyrir framsögumann. Nefndin taldi báða þessa þingmenn rjett og löglega kosna og samþykktist þingið því; unnu þeir síðan hinn lögboðna þingmannskueið.

Að því búnu skoraði forseti á þingmenn að kjósa forseta hins sameinaða alþingis, og hlaut þá Magnús Stephensen 19 atkv., Á Thorsteinson 10 (þeir H. Kr. Friðriksson, P. Pjetursson og Þ. Böðvarsson 1 atk. hver). Varð þannig Magnús Stephensen forseti hins sameinaða alþingis og tók þegar sæti í forsetastólnum, og kvaddi þingmenn til að kjósa varaforseta. Fyrir þeirri kosningu varð Lárus Blöndal með 19 atkv. Auk hans fengu flest atkvæði Árni Thorsteinson 4 og Tryggvi Gunnarsson 3.

Því næst voru kosnir skrifarar hins sameinaða alþingis og urðu fyrir þeirri kosningu Eiríkur Kúld með 23 atkv. og Eiríkur Briem með 22 atkv.

Þá ljet forseti kjósa nefnd til að rannsaka ferðakostnaðarreikninga alþingismanna, og urðu þessir nefndarmenn: Einar Ásmundsson með 14 atkv., Tryggvi Gunnarsson með 13, Arnljótur Ólafsson, H. Kr. Friðriksson og Grímur Thomsen með 11 hver. Næst þeim fengu þeir Á Thorsteinson og E. Kúld 10 atkv. hvor.

Síðan skiptist þingið og gengu efrideildarmenn til efri málstofunnar.

Fyrsti fundur í efri deild, 2. júlí. Ár 1883, hinn 2. júlí, komu hinir konungkjörnu alþingismenn

1. Pjetur biskup Pjetursson,
2. Bergur amtmaður Thorberg,
3. Jón háyfirdómari Pjetursson,
4. Magnús yfirdómari Stephensen,
5. Árni landfógeti Thorsteinson, og
6. Sigurður lector Melsteð;

og hinir þjóðkjörnu þingmenn

7. Ásgeir bóndi Einarsson, þm. Strandamanna;
8. Benidikt próf. Kristjánsson, þm. Norður-Þingeyinga;
9. Einar umboðsm. Ásmundsson, 2. þm. Eyfirðinga;
10. Sighvatur hreppstj. Árnason, 1. þm. Rangvellinga;

11. Skúli hreppstj. Þorvarðarson, 2. þm. Rangvellinga;
12. Stefán hreppstj. Eiríksson, þm. Aust.-skaptfellinga

saman í þingsal efri deildar alþingis.

Dr. P. Pjetursson biskup gekk til forsetasætis sem aldursforseti og skoraði á þingmenn að kjósa forseta. Hlaut biskup P. Pjetursson kosningu með 8 atkv. Til varaforseta var því næst kosinn Árni Thorsteinson með 10 atkv., og til skrifara Magnús Stephensen með 10 atkv. og Sigurður Melsteð með 7 atkv.

Forseti skýrði því næst frá, að landshöfðingi hefði tilkynnt sjer brjeflega samstundis, að hann mundi leggja fyrir efri deild þessi 8 stjórnarfrumvörp og ein bráðabirgðalög:

1. Frv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland.
2. Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.
3. Frv. til l. um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Frv. til l. um eptirlaun prestsekkna.
5. Frv. til laga um breyting á tilsk. um prestaköll á Íslandi 15. des. 1865 1. og 2. gr.
6. Frv. til l. um br. á 1. gr. í l. 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.
7. Frv. til l., er breyta hegningarákvörðununum í tilsk. 5. sept. 1794, 5. gr.
8. Frv. til l. um br. á opnu brjefi 27. maí 1859 um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi.
9. Lög til bráðabirgða um br. á 9. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Annar fundur, 3. júlí. Allir á fundi.

Forseti ljet útbýta meðal þdm. framangreindum frv., o. s. frv. er lh. hafði afhent honum í því skyni.

Landshöfðingi kvaðst vilja leiða athygli þdm. að því, að þar eð tíminn til framkvæmdar fyrirmælum bráðabirgðarlaganna hefði verið liðinn áður en þing kom saman, þá væri þau að eins lögð fram þdm. til athugunar og eptirsjónar, á sama hátt og gjört hefði verið í n.d. þingsins.

Þriðji fundur, 4. júlí. Allir á fundi.

Forseti ljet útbýta stjórnarfrumvörpum þeim, er lögð höfðu verið fyrir n.d. daginn fyrir. Þar næst gat hann þess, að til skrifstofustjóra alþingis væri tekinn Lárus Sveinbjörnsson yfirdómari, og honum til aðstoðar á skrifstofuna þeir cand. theol. Steingrímur söngkennari Johnsen og cand. juris Páll Briem, en til innanþingsskrifara í efri d. Björn Jónsson ritstjóri og prestaskólakand. Morten Hansen.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (sjá deildina C. bls. 8); 1. umr.

Einar Ásmundsson kvað sjer lítast frv. mjög vel af hendi leyst, bæði mannúðlegt og hagkvæmt; vildi því leggja það til, að fallist væri á það óbreytt. Einungis kynnu að vera misskiptar skoðanir um upphæð söluverðsins fyrir einstakar jarðir, en slíkt hlyti jafnan að vera sett nokkuð af handahófi. Ómögulegt að segja með fullri vissu, að þetta eða þetta verð sje hið eina rjetta og ekkert annað. Málið mundi naumast græða á því að nefnd væri sett í það, og vildi hann því leggja á móti því.

Stefán Eiríksson var samþ. E. Á. hvað söluverðið snertir. En þetta sem stj. hefði sett inn í frv., að láta virða jarðirnar allar enn á ný, og ætlast þó til að ekki sje farið eptir því virðingarverði við sölu jarðanna, það virtist honum þýðingarlaust og ekki nema óþarfa kostnaður, fyrir lsj. Hann lagði því til, að sett væri 3. manna nefnd til að hugleiða frv.

Sighvatur Árnason var samþ. E. Á. um að málið væri vel úr garði gjört frá stj. hálfu. Hann hefði og áður verið hlynntur þjóðjarðasölu á *þennan* hátt, þ. e., að gefa ábúendum þjóðjarða kost á kaupi á þeim, enda hefði þingið yfir höfuð fylgt þeirri stefnu og stj. líka. En í hitt eð fyrra hefði ein grein slæðzt inn í frv., sem hefði gert það að neyðarúrræði, og orðið því að fjörlesti, er til stj.

kom. Taldi sjálfsagt að þingið mundi lofa málinu að komast áfram leiðar sinnar. Hann var ekki mótfallinn nefnd; kvaðst búast við nýrri jarðafölun á þessu þingi; væri þá hagkvæmt, að geta vísað hinum nýju bónarbrjefum til þeirrar n., er síðan gæti gjört samsteypu úr öllu saman. Honum sýndist ekki vert að blína á mjög háar tölur; þó ætti landssjóðurinn að fá sitt. Það væri óverðugt að okra á þjóðjörðunum við landsbúa, eins og brytt hefði á á þingi í hitt eð fyrra. Hvort þeir sem falast höfðu eptir þessum jörðum í hitt eð fyrra, væri nú fallnir frá kaupunum eða ekki, það gæti hann ekki borið um enn; vissi að eins um einn mann, sem kynokar sjer við að ganga að því verði, sem hjer er sett, en vill gjarnan kaupa fyrir sanngjarnt verð. Það væri líka kostur á þessu frv., að nú væri dottið úr sögunni tímatakmarkið, sem sett hefði verið áður, um gildi laganna. Hann vildi mæla með því, að málið næði fram að ganga.

Ásgeir Einarsson leit nokkuð öðruvísi á málið. Slæmt að lh. væri ekki á fundi; hefði viljað biðja hann að fræða sig um, hvernig á því stæði, að stj. hefði fellt þetta mál. Hún hefði bakað lsj. tjón með því tiltæki; því nú væri margir gengnir frá kaupunum, sumpart af gremju yfir aðferð stj., en sumpart vegna harðærisins. Nú væri peningaráð stórum lakari en fyr; margir hefðu orðið að hafa þá sjer til bjargar í vetur, og aðrir látið þá fyrir muni vesturfara í vor. Frv. hefði annars batnað að sumu leyti hjá stj.; meðal annars væri söluskilmálarnir betri en áður. Hann gæti samt ekki skilið í uppflutningnum á söluverðinu sumstaðar. Margir hefðu t. d. talið Miðhóp fullselt á 4000 kr.; þingið hefði í hitt eð fyrra fært það upp í 4500 kr., enda hefði þá verið sýnt fram á í nd., að lsj. mundi græða á hinni fyrirhuguðu þjóðjarðasölu í Húnavatnssýslu ekki minna en 7000 kr. auk umboðslauna. Nú væri Miðhóp komið upp í 5000 kr., hjá stj., og efaðist hann stórum um, að það verð fengist fyrir jörðina nú. Kornsá hefði sumum þótt lágt metin, en þó væru renturnar af hinu fyrirhugaða söluverði meira en helmingi meiri heldur en eptirgjaldið. Orrastaðir væru settir 200 kr. hærra en virðingarverðið. Nefnd sýndist honum óþörf, því hægt væri að koma að br. við 2. umræðu án n. Hann vildi spyrja lh. samt áður, hvort br. á söluverðinu mundi verða slagbrandur fyrir þjóðjarðasölunni er til stj. kæmi.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að geta þess, að mjer er það ekkert kappsmál, hvort n. verður kosin eða eigi. En það, sem vakti fyrir mjer, er jeg mælti með n., var það, að fleiri kynnu að gefa sig fram um þingtímann, er vildu fá ábúðarjarðir sínar keyptar, og væri þá hentugra að vísa slíkum beiðnum til n., en að koma þeim inn í frv. með eilífum brt.

Árni Thorsteinson: Að þessu sinni mun jeg eigi tala neitt um aðalefni þessa frv. en geyma það til seinni tíma. Það er að eins ein aths. er jeg vildi leyfa mjer að gjöra.

Þm. Rvl. tók það fram, að máske gæti verið ástæða til að setja n. í þessu máli vegna þess, að ábúendur annara jarða en þeirra, sem nefndar eru í frv., kynnu að gefa sig fram um þingtímann, og vilja fá ábýlisjarðir sínar keyptar, og væri þá haganlegra, að vísa slíkum fölunum til n. En vjer munum allir, hvað mikið erfiði og fyrirhöfn það kostaði þ. í hitt eð fyrra, að koma þessu máli í það horf, sem það þá fjekk, og ef fleiri jarðir væri falaðar nú og reynt að koma þeim inn í frv., eptir að allar skýrslur væri fengnar, þá mundi það einungis verða til þess, að tefja fyrir þessu frv. Mín till. er því sú, að eigi sje beðið eptir fleirum áskorununum um kaup á þjóðjörðum í þetta sinn, heldur sje þetta frv. tekið fyrir eins og það er, og gengið svo vel frá því sem unnt er. Geta svo aðrir allt fyrir það gefið sig fram síðar, og er þá hægra við að eiga. Það er mitt álit, að með því að gefa öðrum ábúendum kost á að gefa sig fram að sinni, þá sje þessu frv. gjört mikluerfiðara fyrir, og það svo að hætt geti orðið við að það nái eigi svo greiðri framgöngu sem vera ætti. Jeg vil láta það koma til umr. eins og það er, láta það svo ganga sinn greiða gang á þessu þ., og er þannig samdóma þeim þm., sem eigi vildi að sett yrði n. í því.

Síðan var málinu vísað til 2. umr. í e. h., en fellt frá n. með 7 atkv. gegn 3.

Frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri (C 39), 1. umr.

Einar Ásmundsson: Eins og hinum h. þdm. er kunnugt, var frv. þetta um bæjarstjórnarlög á Akureyri samið af þ. í hitt eð fyrra. Þá virtist og þessi d. gjöra sitt ýtrasta til að vanda málið og gjöra það vel úr garði, enda gekk það þar eptir nærri umræðulaust og með öllu óbreytt gegnum n.d. þingsins. Menn skyldu því ætla, að frv. hefði verið haganlegt og átt vel við, og mundi því öðlast samþ. stj. En þetta hefur verið á annan veg. Stj. fann hjer þá hneykslunarhellu, sem felldi það. Þetta voðalega atriði var sú heimild, sem frv. veitti til að kjósa konur í bæjarstjórnina. Af þessari ástæðu neitaði stj. að samþ. frv., en hefur nú lagt fyrir þ. annað frv., að mestu leyti samhlj. hinu, nema hvað þessi heimild er numin burt, því í þessu stj.frv. er mjög lögð áherzla á, *að karlmenn einir* verði kosnir í stjórnina. Já, þetta er tekið fram með þeirri áherzlu, að jeg hefi eigi í nokkrum lögum sjeð slíka áherzlu lagða á kynið. Þrátt fyrir þetta ætla jeg þó fyrir hönd kjósenda minna að sætta mig við þetta frv. Að eins skal jeg geta þess, að áður en jeg fór að heiman, afhentu Akureyrarbúar mjer frv. um þetta sama efni, sem að mestu er samhlj. þessu stj.frv., nema að því leyti, sem 5. gr. er nokkuð öðruvísi en í stj.frv., og mun jeg síðar bera hana upp sem brt. við þetta frv. Að öðru leyti finn jeg eigi ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að sinni. Jeg álít óþarft að setja n. í málinu, en vona að því verði vísað til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í e.h.

Fjórði fundur, 5. júlí. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að byrja skyldi nú þegar á prentun alþt., þar á meðal umræðnanna, er skipt yrði milli prentsmiðjanna til flýtis, og skoraði hann á þm. að láta sem minnst standa á sjer að lesa og leiðrjetta ræður sínar.

Hann skýrði og frá, að til að annast ritstjórn alþt. og prófarkalestur á umræðunum hefði forsetar þingsins fengið kand. Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar.

Frv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (C 11); 1. umr.

Landshöfðingi kvað mál þetta hafa verið fyrir á þingi tvisvar áður, 1879 og 1881. Hefði þingið viðurkennt, að málið væri mikilsvert fyrir Ísland og rætt það rækilega, þótt ekki hefði enn tekizt að leiða það til lykta. Í fyrra skiptið hefði þm. komið saman um að taka að eins fyrir einn kafla frumvarpsins, þann er merkilegastur þótti og mest reið á, en ekki hefði samt lánazt að ljúka við hann. Á þ. 1881 hefði málið aptur á móti verið rætt í heild sinni, en ekki orðið lokið við það. Nú lægi það einnig fyrir í heild sinni, og væri frv. frá stjórnarinnar hendi sem líkast því, er n.d. hefði við það skilið 1881. Hann gerði ráð fyrir að sett yrði n. í málið, og vildi hann því eigi fara fleirum orðum um það að svo stöddu, heldur að eins fela hinni h. þd. það til beztu meðferðar.

Ásgeir Einarsson lagði það til, að sett væri 5 manna n. í málið og síðan frestað 1. umr.

Sighvatur Árnason var og meðmæltur n., en vildi hafa í henni 11 menn: þ. e. alla þingdeildina að fors. fráskildum. Þetta mundi að vísu þykja nýmæli, en væri ekki óþekkt í öðrum löndum. Málið þyrfti nefnil. enn töluverðrar og vandlegrar íhugunar við, svo margrætt sem það væri orðið. Því væri enn allmjög ábótavant. Aðalgallinn á frv. væri, að það færi of mikið inn í sjerstakleg atriði; en hann vildi þar í móti leggja það til, að lagaboðið tæki sem bezt yfir það almenna, en yfirljeti hjeruðunum sjálfum allt það sem ekki gæti átt jafnt við þau öll, að setja sjer reglur um slíkt.

Landshöfðingi kvaðst ekki geta skoðað það svo, sem nefnd væri skipuð í þingdeildinni, ef allir þdm. að forseta fráskildum, gengju saman til að ræða frv., heldur væri það í raun og veru ekki annað en þd. á privatfundum. Hann væri meðmæltur 5 m. n., eins og hinn h. þm. Str. (Á. E.). En auðvitað væri að það gæti verið mikið gott að þdm. allir ræddu málið þar að auki á privatfundum; það mundi verða til þess að stytta umræðurnar á þingfundunum.

Síðan var sþ. með 9 atkv. að fresta 1. umr., nefnd sþ. í e. h., 5 manna n. sþ.

með 10 atkv., og kosnir í hana: Árni Thorsteinson með 10 atkv., Einar Ásmundsson með 8, Sighv. Árnason með 8, Magnús Stephensen 7, og Jón Pjetursson 6.

Frv. til laga, er breyta hegningarákvörðununum í tilsk. 5. sept. 1794, 5. gr. (C 80); 1. umr.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla ekki að mæla mörg orð um þetta frv. á þessu stigi málsins, en stend upp að eins til þess, að láta þá ósk mína í ljósi, að n. verði sett í því. Því þó málið sje eigi langt á pappírnum eða umfangsmikið, þá ímynda jeg mjer, að það þurfi þó íhugunar við. Mjer fyrir mitt leyti finnst kostur hinna svo nefndu skottulækna eigi betri eptir þessu frv., en þeir hafa áður verið eptir tilskipun 1794. En það vita allir, að margir svo nefndir skottulæknar hafa mörgum hjálpað. Land vort er svo strjálbyggt og örðugt yfirferðar, sem allir vita, og er því opt og einatt eigi unnt að ná til hins reglulega læknis, að jeg eigi tali um okkur Austur-Skaptfellinga, sem engan reglulegan lækni höfum, og lítur ekki út fyrir að við fáum hann nokkurn tíma. Hvernig færi nú, ef enginn mætti hjálpa í slíkum tilfellum, þótt hann gæti það, án þess að sæta svo og svo miklum sektum? Jeg verð því að leggja það til, að 3 manna n. verði kosin.

Sighvatur Árnason: Jeg er eigi beinlínis á móti því, að n. verði kosin til að íhuga þetta mál; en mjer hefur dottið annað í hug, sem jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á. Það er það, hvort þessi lög, sem lagabreytingin á við, væru eigi orðin of gömul, úrelt, eða hvort ekki mundi ráðlegra að tilskipun 5. september 1794 væri hreinlega úr gildi numin. Þetta finnst mjer vert að íhuga; því ef svo er, þá er frv. þetta líka sjálfdautt.

Landshöfðingi: Jeg vona, að ust. þm. Ask. (St. E.) um nefndarkosning í þessu máli verði tekin til greina. Um frv. í heild sinni skal jeg að eins taka það fram, að jeg get eigi verið samþ. sama þm., þar sem hann sagði, að skottulæknar væru eigi betur farnir en áður, eptir þessu frv.; því eptir tilsk. 5. sept. 1794 varðar það hegningarvinnu, ef brotið gegn lögunum er ítrekað, en eptir frv. því, sem hjer liggur fyrir, að eins sektum; þetta er veruleg breyting, er gjörir hegninguna fyrir skottulækningar samkvæma rjettarmeðvitund þessara tíma. En málið getur betur komið til yfirvegunar, ef n. verður sett í því og tillögur hennar koma fram.

Málinu síðan vísað til 2. umr., 3 manna nefnd sþ. m. 8 atkv., og kosnir í hana: Jón Pjetursson með 6 atkv., Magnús Stephensen með 4, og Stefán Eiríksson með 4.

Frv. til l. um br. á opnu br. 27. maí 1859 um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi (C 6); 1. umr.

Málinu vísað orðalaust til 2. umr. í e.h.

Fimmti fundur, 6. júlí. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að form. í landbúnaðarlaganefndinni væri kosinn Árni Thorsteinson, og skrif. Einar Ásmundsson, og í n. um br. á hegningarákvörð. tilsk. 5/9 1794, 5. gr., Jón Pjetursson form. og M. Stephensen skrif.

Frv. til l. um eptirlaun prestsekkna (C 48); 1. umr.

Benedikt Kristjánsson taldi frv. þetta góða rjettarbót hjá því sem verið hefði, og vonaði hann þd. mundi veita því góðan framgang. Eptir því sem nú væri lög í landi hjer, ættu ekkjur presta á fátækum brauðum engan rjett til eptirlauna af brauðinu, og væri hjer ætlazt til að við sama skyldi standa eptirleiðis að því leyti til. Hann vildi láta það ósagt, hvort rjettara væri, að taka þær í flokk þeirra, er eptirlaun fengju af brauðinu, eða ekki; þeim væri ætlaður nokkur styrkur á annan hátt, þótt smár sje. Ekkjur presta á lakari meðalbrauðum fengi nú 1/12 af vissum tekjum brauðsins, og væri það opt langt fyrir neðan 100 kr.; í þessu frv. væri ætlazt til að þær fengi aldrei minna en 100 kr., með því að lsj. væri ætlað að bæta upp það sem á vantaði frá brauðinu svo að þessu næmi, og væri það töluverð rjettarbót. Á betri meðalbrauðum fengi ekkjur nú 1/10 af föstum tekjum brauðsins. Hjer væri sú regla sett um

hinn 3. flokk prestsekkna. Fjórði flokkurinn, á höfuðbrauðunum, ætti að fá $^{1}/_{8}$ af tekjum þeirra, og væri það minna, er frv. ætlaðist til, en þó raunar sanngjarnt, því líklegt væri að þær hefði meiri efni en ekkjur eptir presta á hinum minni brauðum. Hann vonaðist eptir að þd. yrði frv. meðmælt. Líklega gæti það að vísu tekið nokkurum breytingum til batnaðar, en miklum varla, og því virtist sjer óþarfi að setja nefnd í málið.

Málinu vísað til 2. umr. í e.h.

Frv. til l. um br. á tilsk. um prestaköll 15. desbr. 1865, 1. og 2. gr. (C 47); 1. umr.

Vísað til 2. umr. orðalaust í e.h.

Frv. til l. um br. á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C 51); 1. umr.

Sighvatur Árnason kvað þeim þm. Rvl. hafa verið á hendur falið af kjósendum sínum að bera fram nokkrar breytingar á brauðaskipun í Rangárþingi. Br. þessar hefðu verið ræddar á sóknarfundum og hjersöafundum þar árið sem leið, og hefði hann vonazt eptir að sjá brt. þessar í frv. stjórnarinnar. En úr því nú sú von hefði brugðizt, yrðu þeir fjelagar að hafa einhver ráð að koma þeim fram aðra leið, sem viðbót við þetta frv. Til sönnunar frásögu sinni um undirbúning málsins vildi hann leyfa sjer að skírskota til lh. og forseta með því að skjöl þess hefðu gengið í þeirra hendur samkvæmt embættisstöðu þeirra.

Landshöfðingi kvaðst að eins vilja gjöra þá aths., að ummæli hins h. þm. Rvl. (S. Á.) snertu strangt tekið ekki þetta frv. Hins vegar kvaðst hann fús á að láta í tje skýrslur þær, er þm. hefði drepið á, er að því kæmi að ræða einstök atriði málsins þar að lútandi.

Einar Ásmundsson: Af því að þetta mál snertir að nokkru leyti mitt hjerað, þá skal jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum. Yfir höfuð álít jeg frv. til bóta og haganlegt að mörgu leyti. En hjer er þó eitt atriði, sem jeg vil gjöra aths. við.

4. gr. frv. fer fram á, að endurreisa hið gamla Glæsibæjarprestakall, og í athugasemdunum við þessa grein segir, að þetta sje gjört að ósk sóknarbúa sjálfra. En jeg fyrir mitt leyti efast um að þetta sje í raun og veru ósk allra sóknarbúa. Að minnsta kosti þekki jeg svo vel til í Svalbarðssókn, sem næst mjer er, að jeg veit að sóknarbúar þar vilja eigi þessa sameiningu, heldur standa í sambandi við Laufásprestakall. Þegar málið kemst til annarar umræðu, þá vil jeg krefjast þess, að fá að sjá þau skjöl, ef nokkur eru, sem sýna, að þessi sameining sje ósk Svalbarðssóknarmanna. Einnig skal jeg geta þess, að maður einn, sem er mjög kunnugur í Glæsibæjarsókn, hefur sagt mjer, að sóknarmenn þar óski fremur að Glæsibæjarsókn sje sameinuð við Möðruvallaprestakall. Þar á móti mun minnsta sóknin, Lögmannshlíðarsókn, helzt óska að Glæsibæjar prestakall verði sett á stofn af nýju, og jeg hef heyrt sagt, að eigandi Lögmannshlíðar hafi verið mótmæltur því að leggja niður Lögmannshlíðarkirkju, eins og lögin um skipun prestakalla ætlast til; en þess er að gæta, að hann er nú dáinn, og eignir hans ganga til margra útarfa, svo að nú sem stendur á eiginlega enginn Lögmannshlíð.

Eptir 2. gr. frv. á Grundarprestakall að vera Grundar og Múnkaþverár sóknir og 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn. En jeg álít, að það yrði haganlegra í alla staði, að Grundarprestakall væri: Grundar, Munkaþverár og Kaupangs sóknir, og svo 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn; yrði það þá mjög líkt að lögun og víðáttu eins og hið gamla Akureyrarprestakall var. Ef nú presturinn byggi á Hrafnagili, gamla prestssetrinu, eins og Eyfirðingar hafa stungið upp á og vel er til fallið, þá verður hann þar eins vel settur og Akureyrarpresturinn áður á Hrafnagili, og þá mjög líkt um, hvað erfitt eða óerfitt honum verður að þjóna þessu brauði. Því eins og Hrafnagils prestur messaði áður á Akureyri, Kaupangi og Munkaþverá, þá þyrfti hann nú eptir þessu að messa á Grund, Kaupangi og Munkaþverá. Til Akureyrarprestakalls álít jeg aptur að liggja eigi Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir, og sje þriðjungakirkja í Lögmannshlíð. Þessi tilhögun finnst mjer haganlegri en sú, sem frumvarpið fer fram á. Skal jeg svo eigi fara fleirum orðum um frumvarpið að sinni, en áskil mjer að koma með breytingaratkvæði í þessa átt til 2. umræðu.

Sighvatur Árnason: Úr því farið er að hreifa þessu máli, vil jeg leyfa mjer að fara um það fáum orðum, á líkan hátt og þingmaður Eyfirðinga nú hefur gjört. Af þessu frumvarpi sjest, að farið er að ganga til baka frá því, sem gjört var hjer á þingi 1879. Þá gekk allt út á að sameina brauðin; nú er aptur stungið upp á að slíta þau sundur, t. d. viðvíkjandi Skaptafellssýslu. Þessi skipti geta sjálfsagt verið í sjálfu sjer nauðsynleg; en hitt er umtalsmál, hvort þessi brauð geta verið uppbótarlaus. Ef til vill er mjer þetta eigi sem bezt kunnugt, en jeg held þau verði í lágu sæti, ef þau verða ei bætt.

Stefán Eiríksson: Það hefur nú þegar verið rætt nokkuð um þetta frv., enda skal jeg eigi vera langorður um það á þessu stigi málsins. Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi Meðallandsþingum, og Þykkvabæjarklausturs prestakalli, að jeg álít, að óumflýanleg nauðsyn sje að gjöra úr þeim tvö prestaköll. Því eins og allir vita, þá er Kúðafljót, eitthvert hið versta vatnsfall á landinu, sem aðskilur Meðalland og Álptaver, svo að nærri er ómögulegt að nokkur prestur geti verið fær um að gegna tilhlýðilega skyldum sínum, nema í þeirri sókn, er hann býr í. Eigi færi heldur betur þótt Þykkvabæjarklaustur væri sameinað við Skaptártungu, því þar er Hólsá til yfirferðar, vont vatnsfall og líkið betri en Kúðafljót, og þar til er vondur og langur vegur á veturna úr Skaptártungu suður í Álptaver, og því hinir sömu erfiðleikar. Það sjest af frv. að leggja á 200 kr. tillag úr landssjóði, til Meðallandsþinga, en aptur er ekki stungið upp á neinu tillagi til Þykkvabæjarklausturs, sem er þó líkið brauð, en jeg ímynda mjer, að málið sje komið frá hjeraðsfundi, og hann hafi álitið að Þykkvabæjarprestakall fengi prestsþjónustu, án þess það væri bætt upp, en aptur á móti er engin bújörð fyrir prestinn í Langholtsprestakalli, og því munu krónurnar eiga að bæta úr þeim galla. Þykkvabæjarklausturprestakall hefur aptur á móti bújörð og hana góða, svo það gæti vel hugsazt að prófastur í Vesturskaptafellssýslu, sem er orðinn gamall og lúinn, sækti um Þykkvabæjarklaustur, af því hann hefur verið þar áður. Yfir höfuð verð jeg að láta það álit mitt í ljósi, að nauðsynlegt sje að aðskilja þessi brauð bæði prestanna vegna og safnaðanna yfir höfuð.

Málinu vísað til 2. umræðu með 10 atkv.

Sjötti fundur, 7. júlí. Allir á fundi nema Ben. Kristjánsson, er hafði tjáð forseta forföll sín.

Frv. til l. um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar pjóðjarðir (C 8); 2. umr.

Of seint framlögðum brt. frá 1. þm. Rvl. (S. Á.) við 1. gr. 1. og 2. tl. (C 119) vísað frá umr. með 5 atkv. gegn 5.

Árni Thorsteinson kvað mál þetta eiga sjer langa sögu, bæði fyrr og að síðustu nú. Árið 1879 hefði þingið samþykkt ályktun um að skora á stjórnina að gefa kost á kaupi á þjóðjörðum, ef leiguliðar beiðast, en leggja síðan málið fyrir alþingi til samþykktar. Vafi var á, hvort öllum öðrum skyldi varnað kaups heldur en leiguliðunum; líklega mun þó ekki svo hafa verið til ætlazt, því þá mundi það hafa verið tekið beinlínis fram. Næsta stig málsins var, að 1881 kom stjórnin með frv. fyrir þingið með því nýmæli, að kaupverðið skyldi greiða hálft í peningum, en hálft í ævarandi árgjaldi. Þessa kosti vildi þingið ekki fallast á, og voru nægar ástæður færðar fyrir því. Þingmönnum kom saman um, að rjett væri að hlynna að því, að ábúendur þjóðjarða fengi þær keyptar með sanngjörnum og rjettum skilmálum. En ágreiningur og efasemdir urðu um, hvað sje rjett og sanngjarnt kaupverð, hvort heldur virðingarverðið eða það sem í jörðina er boðið á uppboði. Niðurstaðan varð sú, að heldur skyldi kjósa uppboðsverðið sem í öllu áreiðanlegra. Þm. hefðu auðsjáanlega viljað gjöra sjer ýtrasta far um, að söluskilmálarnir yrðu sem vægastir; ósagt samt, hvort þeir hefðu orðið nægilega vægir. Þegar þetta frv. kom til stjórnarinnar frá alþingi (1881), þóknaðist henni að synja því staðfestingar. Ástæðurnar fyrir neitun þessari hefur ráðgjafinn tilgreint í brjefi til lh. 31. marz 1882 (Stjt.

B, bls. 81). Þar er meðal annars gefið í skyn, að orsökin til þess, að frv. var samþ. í báðum d., muni öllu fremur hafa verið sú, að menn óskuðu að binda sem bráðastan enda á málið, fremur en hitt, að þm. öllum eða flestum hafi líkað frágangurinn á því, því að umræðurnar beri með sjer, að skoðanir manna í þessu efni hafi verið næsta sundurleitar. En hvaðan stjórninni hefur komið þessi speki, að meta einkis meiri hlut atkvæða á þinginu, en starblína á umræðurnar fremur í þetta skipti en önnur, er ekki gott að vita. Af þessum og öðrum rökum fer nú ráðgjafinn að taka málið til nýrrar yfirvegunar; það sje minnst undir því komið, hvort frv. verður að lögum 2 árum fyr eða síðar, heldur sje aðalatriðið það, að þau verði svo úr garði gjörð, að þau verði til verulegrar eflingar sjálfseign í landinu, sem sje aðalundirstaðan undir búnaðarlegum framförum þess.

En athugandi er, að það er ekki nóg að *selja* ábúendum einum þjóðjarðirnar, eins og ráðgjafinn kemst að orði, heldur ríður á að búa svo um hnútana, ef auðið er, að *þeir haldi þeim sem lengst í sjálfsábúð*. Á það atriði þarf að leggja mesta áherzluna. Mikið talað um sanngirniskröfur ábúenda og um að þjóðfræðilegar grundvallarreglur mæli með því, að þeim einum sje unnt kaups á þjóðjörðunum. Þetta allt kann að vera mikið satt og rjett. En athugandi er, að sjá verður við því, að jarðirnar fari ekki fyrir minna en fullt verð; á því höfum vjer þm. ábyrgð. Og þá verður að líta ekki á krónuverðið eingöngu, heldur ekki síður á hitt, hvort salan getur orðið landinu til framfara eða ekki, með bæði beinlínis og óbeinlínis hagnaði. Vjer eigum að sjá um, að lsj. fái sitt; og svo mikið sem mælir með því, að sýna ábúendunum alla sanngirni og vægð í kaupunum, stoðar þó ekki þess vegna að meina öðrum að bjóða í jarðirnar. Hið sanna og rjetta kaupverð fæst ekki nema öllum sje gefinn almennur kostur á kaupi. Þetta er mín skoðun og hún er óbifanleg; aðrir eru á öðru máli, og geta haldið sinni skoðun fyrir því; þeir um það. En það vil jeg brýna fyrir hinni h. þd., að bæði stjórnin og vjer megum vara oss á að gera of lítið úr þeirri ábyrgð, er vjer höfum á því, að þjóðjarðirnar fari ekki fyrir minna verð en fengizt getur. Ástæðurnar liggja beint fyrir, enda hefir atriði þetta og söguleg rök við að styðjast, sem ekki er raunar skemmtilegt á að minnast. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þjóðjarðir eru seldar. Það er skemmst á að minnast, að stólsjarðir Skálholts og Hóla voru seldar, um síðustu aldamót; þá átti og að hlynna að ábúendunum; en sú varð raunin á, að mjög fáir keyptu ábýlisjarðir sínar, heldur lentu þær í eign fáeinna ríkismanna. Það hefur líka verið gerð tilraun til að selja þjóðjarðir eptir virðingarverði, nefnil. hinar svo nefndu Bjelkes-jarðir, á 17. öld. Þær voru á 15. hundrað hundraða, og hundraðið selt á 8 dali, en 3 dali kúgildið. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvað sagt hefur verið um þá sölu síðan. Annars þarf ekki svo langt til að seilast eptir þess konar dæmum; þau eru til nær manni, frá síðustu tímum, svo sem t. d. salan á dómkirkjujörðinni Seli, á Eyri við Skutulsfjörð, á Þingeyri o. fl. Þessar jarðir allar voru seldar eptir virðingarverði, og alstaðar var virðingin talia sanngjörn og rjett. Það er ekki tilgangur minn, að fæla menn frá því að taka hæfilegt tillit til virðingarverðsins; mjer þykir að eins athugavert, hvort ekki muni nokkur ábyrgðarhluti, að fara eptir virðingarverðinu einu. Þess er líka að gæta, að það er engan veginn aðalatriðið fyrir ábúandann, að söluverðið sje sem lægst, heldur er allt eins mikið undir því komið, að hann fái væga kosti með borgunarmátann. En auðvitað er vandratað meðalhóf í þessum hlut sem öðrum, og það hvað mest ef að hinn rjetti vegur ekki er farinn, og það þykir mjer ekki vera í þessu máli.

Jeg kannast við það, að þó stj. hafi ekki viljað samþ. frv. frá síðasta þingi, þá hefur hún samt stigið feti framar málinu til nokkurs framgangs, heldur en áður, þar sem hún stingur nú upp á nýrri virðingargjörð óvilhallra manna, í því skyni, að komast sem allranæst rjettu verði.

Jeg hef komið fram með breytingaratkv. við frv., þess efnis, að lögin skuli ekki standa lengur en til 1890. Jeg held að ekki sje varlegt, að láta þau gilda um öldungis óákveðinn tíma, en bind mig að öðru leyti alls ekki fast við þetta tímatakmark og ekkert annað, ef öðrum sýnist annað rjettara. Jeg lít svo á, sem þessi lög, ef það er látið eptir, að fallast

á þau, sjeu gerð til reynslu, til þess að sjá, hvernig til tekst með þjóðjarðasölu og einkum afleiðingar hennar, að því er sjálfsábúð áhrærir, og verður innan handar að lengja gildi laganna síðar, ef svo býður við að horfa þá, að líklegt þyki, að framhald þeirra geti haft nokkra þýðingu, eptir að þau hafa verið ónotuð í 7 ár.

Bratkv. við 3. gr. (C 121) lyti að því, að láta börn ábúenda njóta sömu kosta og foreldrarnir hafa, og mundi það fremur hvetja þá til kaupanna; en sjálfsábúðin, sem heimt væri aptur á móti sem skilyrði fyrir að láninu ekki yrði sagt upp, rjettlætti þetta band, sem lagt væri á eign landssjóðsins.

Það hefði verið ein af hinum veiku hliðum frv. 1881, að þá hefði vantað áreiðanlegar skýrslur um, hvort falandi hverrar jarðar hefði verið reglulegur ábúandi hennar, og við meðferð málsins hefði verið erfitt að komast að því með vissu. Svo hefði þá verið t. a. m. um jarðirnar Kaldaðarnes, Hlíð, Grund, Haga og Miðhús. Hann vildi því spyrja hinn hæstv. lh., hvort nú væri framkomnar ýtarlegri upplýsingar um þetta atriði, og eins um það, hvort þeir, sem föluðu jarðirnar 1881, mundu nú vilja ganga að þeim kostum, sem alþingi setti þá og samþykkti; því að ef svo reyndist, að þeir sem kaupa beiddust á einhverjum af jörðum þessum, væru ekki reglulegir ábúendur þeirra, þá ætti þær hinar sömu jarðir alls ekki að standa í þessu frv., nje heldur þær jarðir, er ábúendurnir ekki vildu kaupa fyrir ákveðið verð.

Jeg hef nú lýst mínu áliti á þessu máli, svo löguðu, að þótt jeg álíti frv. stjórnarinnar ekki á rjettum grundvelli byggt, þá vil jeg þó vera því hlynntur að svo komnu, og mun gefa því atkvæði mitt, með þeim fyrirvara, að lögin sjeu að eins sett til reynslu, til að sjá, hvort tekist getur með þeim að koma á reglulegri sjálfseign og samfara sjálfsábúð. En verði sú raunin á, að salan auki alls ekki sjálfsábúð, heldur verði til þess, að fáeinir auðmenn dragi undir sig jarðirnar, þá segi jeg að betra sje að selja ekki, heldur að halda þjóðjörðunum óseldum og kosta kapps um að koma fram jarðabótum á þeim, lsjóðnum og leiguliðum til ábata og öðrum til fyrirmyndar.

Landshöfðingi: Hinn h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) hefur nú rætt þetta mál svo ýtarlega að það hefur skýrzt mjög vel fyrir mönnum við það, svo að jeg þarf litlu sem engu við að bæta, og það því síður, sem hann var málinu hlynntur miklu fremur en hitt. Mál þetta er vandamál, eins og þingmaðurinn sagði, og voru mjög skiptar skoðanir um það á síðasta þingi, eins og hinir h. þdm. muna. Jeg efast ekki um, að málið muni nú fá góðan byr í þessari h. deild. Jeg get fellt mig við þær breytingartill., er fram eru komnar við frv., og álít að þær muni ekki geta staðið fyrir framgangi málsins. Sjerstaklega fellst jeg alveg á bratkv. hins h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) við 3. gr., um tímatakmarkið, þegar það er látið vera svona rúmt.

Spurningum hins h. þm. (Á. Th.) get jeg svarað, þannig, að jeg veit ekki til, að fram hafi komið ný beiðni frá þeim, er jarðirnar föluðu 1881, að minnsta kosti ekki til lh., og hvort þeir muni nú vilja ganga að sömu kostum og þá voru upp kveðnir, um það er mjer allsendis ókunnugt; en líklegt er að svo sje.

Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að tilgangurinn með þessari sölu þjóðjarðanna er alls ekki að kosta kapps um að koma jörðunum út, heldur hitt, að auka sjálfseign í landinu. Í þessu tilliti skal jeg athuga, að nokkuð öðruvísi hagar til um sölu þessara jarða heldur en um sölu stólsjarðanna um aldamótin, og því er vonandi, að betur takist nú en þá að ná tilganginum. Stólsjarðirnar voru nefnilega seldar allar í einu; en hjer á að selja smátt og smátt, og það er ábúendunum miklu viðráðanlegra og sú aðferð yfir höfuð miklu haganlegri í alla staði.

Ásgeir Einarsson: Það er svo að sjá, sem það sje stjórnarinnar skoðun, að nauðsynlegt sje að láta engan annan en leiguliðana ná kaupum á þjóðjörðunum og enginn búi á þeim nema eigandi, hvorki fyr nje síðar. En það er ekki á mannlegu valdi að halda sjálfseignarábúð á jörðum um aldur og æfi. Það er og ekki rjett, að landbúnaðinum eða sveitunum sje enginn hagur að því, að þjóðjarðirnar eru seldar, nema því að eins, að ábúandinn hljóti þær. Jeg þekki mörg dæmi þess víða, að það er eins og stingi í stúf, hvað velmegun og framfarir í búnaði snertir, þar sem maður kemur í byggðarlag, þar sem eru tómir leiguliðar

eða því nær. Af einhverju hlýtur það að koma. Mjer sýnist eiga illa við, að vera að heimta mjög hátt verð fyrir þjóðjarðirnar, eins og ástandið er nú í landinu. Mjer er annars óskiljanlegt, hvernig stendur á þessum uppflutningi á söluverðinu á sumum jörðunum í Húnavatnssýslu, sem jeg nefndi við 1. umr. Það hlýtur að koma af megnum ókunnugleik stjórnarinnar. Jeg hefi ekkert á móti tímatakmarkinu, sem stungið er upp á; það er ætíð hægt að endurnýja lögin, þegar þar að kemur. Jeg er annars hræddur um, að það verði ekki mikið úr þjóðjarðasölu fyrst um sinn, ef stjórnin heldur lengi áfram þrái sínu. Jeg gat þess um daginn, þegar mál þetta var rætt, að fyrir það að ekki var samþykkt frv. þingsins 1881, hefði á jörðum þeim, sem falaðar voru til kaups í Húnavatnssýslu einni, orðið um 7000 kr. skaði fyrir landssjóðinn auk umboðslauna, þegar verðið er borið saman við afgjaldið, og í Skagafjarðarsýslu muni þessu nærri því eins að tiltölu; en jeg ætla þó ekki að bera breytingaratkvæði upp um þetta, því þingmenn úr báðum sýslunum eru í n. d. þingsins, og býst jeg við þeir beri upp breytingaratkvæði.

Sighvatur Árnason: Það er öllum kunnugt, og hefur þegar verið tekið fram, hvað það er, er liggur til grundvallar fyrir þessu frv., nefnil. að sjálfseign aukist og eflist í landinu. Þetta hefur auðsjáanlega verið meining stjórnarinnar, er hún fyrst lagði þetta mál fyrir þingið. Og að frv. eigi að styðja að þessu, er líka álit þingsins. En eins er og hitt víst, að það getur engan veginn verið meining þings og stjórnar, að *okra* á þjóðjarðasölunni, að setja þeim mönnum, er vilja fá ábýlisjarðir sínar keyptar, svo harða kosti, að þeir naumast eða alls eigi geta að þeim gengið. Landshöfðinginn tók það fram viðvíkjandi þessu máli, að eigi væri svo mjög áríðandi, eptir þessu frv., að jarðir landssjóðsins yrði seldar, sem hitt, að sjálfsábúð ykist í landinu. Þessu er jeg með öllu samdóma. Þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir og stendur á bak við frv., og því get jeg með engu móti verið hinum 5. kgk. þm. (Á. Th.) samdóma, þar sem hann heldur því fram, að uppboð sje haldið á jörðum þeim, sem falaðar eru til kaups; jafnvel þótt ábúanda sje gefinn kostur á að sitja fyrir hinu hæsta boði. Þessi aðferð segi jeg, að stefni að því að okra á jarðeignum landssjóðsins, sem í alla staði er ótilhlýðilegt og jafnvel skaðlegt, enda er það þessi ákvörðun í frv. þingsins, sem hefur gjört sitt til að fella málið. Að vísu getur það verið, að landssjóður með þessu móti fái fleiri krónurnar; en hitt getur líka komið fyrir, að ábúandi gangi ekki að kaupunum, en segi beinlínis *nei*, þegar einhver gapinn er búinn að sprengja jörðina gífurlega hátt upp, og er þá grundvallartilgangi þessa frv. sleppt. Sleppi jeg svo þessu atriði. En úr því talað er um að tryggja sjálfsábúðina, og menn tala um, að þrátt fyrir þetta frv. sje hægt að fara utan við tilganginn, svo hann missist með öllu, þá vil jeg stuðla að því, að br. komi fram, er gefi trygging fyrir því, að enginn standi á bak við sjálfan kaupandann. Því frá hendi hins 5. kgk. þm. hefur engin brust. komið fram, er fyrirbyggi, að bakhjallar komi fram í kaupunum. Tímatakmark það, sem hann stingur upp á í hinni nýju 4. gr. sinni, fyrirbyggir þetta alls eigi. Það er öfugt hjá þm., hinum h. varaforseta. En br. hans v. 3. gr. er góð, og get jeg gefið henni atkv. mitt. Um seinni brust. skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum. Jeg hefi þegar tekið fram, að þó hún komist á, þá sje alls eigi loku fyrir það skotið, að einhver annar geti staðið á bak við kaupandann, svo að jörðin lendi ekki í höndum ábúandans sjálfs. Ætti jeg þar á móti að hugsa mjer eitthvert tímatakmark, þá vildi jeg hugsa mjer það þannig, að ábúandinn skyldi innan þess sýna, að hann hefði látið sjer annt um að bæta jörðina og tekið framförum í búnaði á henni; því vilji hann svo fá hana keypta, þá er full ástæða að ætla, að hann ætli hana framvegis sjálfum sjer til ábúðar, og sá ábúandi, sem þannig gjörir jörðinni til góða, er sannarlega þess maklegur, að hún verði hans eign. En eptir því sem salan á nú að fara fram, er hún öldungis tryggingarlaus.

En þó jeg eigi vilji kasta þungum steini á þetta bratkv., að því er tímatakmarkið snertir, þá verð jeg að segja, að mjer þykir það eitthvað skrítið, að binda söluna við 7 eða 10 ár, en eigi lengri tíma. Jeg skil eigi í, hvaða hugsun liggur til grundvallar fyrir þessari ákvörðun.

Mjer fyrir mitt leyti finnst tíminn mega vera óákveðinn. Þinginu hlýtur að vera innan handar að breyta honum í það og það skiptið. Þó jeg eigi ætli mjer að fara nú mörgum orðum um þessa br. hins 5. kgk. þm., þá vil jeg þó, til sönnunar því, hvað þetta tímatakmark er óhyggilegt, taka til dæmis, að nú er maður, sem vill kaupa ábýlisjörð sína, en vegna harðærisins, sem nú er, getur hann það ekki. Næsta ár getur hann heldur ekki keypt jörðina, því harðærið heldur áfram eða afleiðingar þess. Og hver getur sagt hvað mörg ár það getur staðið yfir? Kannske fyrst fari að skána eptir þessi 7 eða 10 ár, svo hann sjer sjer fært að kaupa ábýlisjörð sína, en þá fær hann hana ekki, því tíminn er útrunninn. Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að þessi tímatakmörkun sje óheppileg, enda mun jeg eigi gefa bratkv. því, er fer fram á hana, atkv. mitt. Annars skal jeg fúslega játa og viðurkenna, að hinn 5. kgk. þm. hafi gefið margar góðar bendingar og skýringar í þessu máli, þó jeg hafi nokkuð á móti sumu, er hann tók fram. Meðal annars minntist hann og á hin sögulegu atriði þessa máls, og var það vel til fallið, því einmitt þau ættu að gefa oss gott dæmi og tilefni til að varast og sneiða hjá þeim skerjum, sem þetta mál áður hefur strandað á. Þar sem hinn 5. kgk. þm. tók fram, hve erfitt hefði verið á þ. 1881, að fá upplýsingar um, hvort þeir sem föluðu jarðirnar, í raun og veru mundu verða hinir rjettu ábúendur, þá minntist hann á Kaldaðarnes. Þdm. er það kunnugt, að jeg var á því þingi meðmæltur sölunni á Kaldaðarnesi, enda var jeg og er enn sannfærður um, að það hafi verið fullkomin meining sýslumannsins í Árnessýslu, sem þá falaði jörðina, að flytja sig þangað og búa á henni, og að mínu áliti má það vera sama, hvort maður flytur þegar á jörðina og tekur hana til ábúðar eða er þegar á henni. Nú er öðru máli að gegna með þessa jörð. Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefur eigi í þetta sinn falið mjer á hendi að fala jörðina til kaups og mjer er eigi kunnugt, að hann hafi gefið neinum öðrum þm. umboð til þess. Sá, sem nú býr á jörðunni, er eigi svo efnum búinn, að hann geti keypt hana og verður það víst aldrei. Ef jeg samt sem áður vissi, að sýslumaðurinn í Árnessýslu vildi kaupa Kaldaðarnesstorfuna, þá væri öðru máli að gegna með þá jörð; jafnvel þó jeg vilji eigi stuðla til þess, að jörðum lsj. væri fleygt út í bláinn, svo maður sjái að annað verður úr, en stendur á pappírnum. Hinn 5. kgk. þm. óttaðist, að menn mundu gleyma rjetti sínum til að fá jarðirnar keyptar, ef ekkert tímatakmark væri sett. Jeg get ekki ímyndað mjer, að hætt sje við því, og þó menn úti um landið gleymi því, þá varðar þingið ekki um það. Það mun varla gleyma lögunum. Annars minnir mig, að þessi tímaákvörðun hafi verið eitt af því, sem kom stj. til að neita um staðfestingu þessa lfrv. Eins og jeg hef áður tekið fram, þá vil jeg alls eigi rýra verð jarða lsj., en allt fyrir það heldur eigi *okra* á þeim, sem er þinginu í alla staði óverðugt. Þingið býður jarðirnar fram til kaups, en segir þó nei, með því að gjöra mönnum ómögulegt og óaðgengilegt að kaupa þær. Hjer á þingið eigi við aðra en landsmenn sína, sem eiga allt sjálfir, og því er allt okur ósæmilegt, og betra að segja hreinlega nei.

Stefán Eiríksson: Það er reyndar óþarfi fyrir mig að standa upp í þessu máli, þar sem það nú þegar hefur verið ýtarlega rætt á þessum fundi. En af því jeg, eins og hinum h. þm. er kunnugt, hefi nokkuð aðra skoðun á þessu máli, en sumir aðrir þm., þá vildi jeg mæla nokkur orð. Jeg er nefnil. þeirrar skoðunar, að nú sje engin ástæða til að vera að selja jarðir lsj., enda eru þjóðeignirnar sú eina undirstaða, sem lsj. byggist á. Engu að síður var jeg með að samþ. þetta mál í hitt eð fyrra, af því það virtist vera áhugi landsmanna minna að fá jarðirnar keyptar, og jeg mun heldur ekki mótmæla þessu frv., enda býður það betri sölukosti, en hitt. Þm. Rvl. (S. Á.) talaði mikið um, að þinginu væri ósamboðið að okra á þjóðeignum, og hefur hann líklega meint þetta til mín, af því jeg á þ. 1881 setti upp nokkrar jarðir, svo sem Hlíð og Þverá í Skaptafellssýslu og Kaldaðarnes í Árnessýslu. En jeg segi fyrir mig, og held að allir þm. hljóti að vera mjer samdóma um það, að þinginu ber að sjá um, að jörðum lsj. sje ekki kastað í burtu fyrir of lítið verð; eða heldur þm. Rvl. að það eigi betur við

ástand vort, að fleygja út jörðunum fyrir svo og svo lítið, og vjer svo hljótum að leggja á okkur skatta til að bera byrðir lsj. Nei, þeirri stefnu mun jeg aldrei fylgja, hvað sem aðrir þm. gjöra. Jeg get líka frætt þm. á því, að jeg muni eigi hafa hækkað þessar jarðir um of, því eptir að jeg kom af þingi 1881 kom ábúandinn á Þverá til mín, skömmu eptir að jeg var kominn heim, og hjelt að hann mundi þá þegar geta fengið ábýlisjörð sína keypta, og var hinn ánægðasti með verðið, og mun hann kaupa með ánægju jörðina enn fyrir hið ákveðna verð. Það er mikið í munni þetta krónutal, en á meðan spesíutalið var, þótti ekki sjerlega dýr jörð, þó hún væri 400—500 spesíur. Það er þegar búið að tala mikið um það á víð og dreif, hvort þeir ábúendur, er jarðir kaupa, muni sjálfir hafa það sama gagn af kaupunum sem frv. ætlast til, nefnil. að ábúendurnir einir njóti kaupanna. Um það getur enginn dæmt; það má alla vega fara í kring um lagaboðið í því tilliti og ómögulegt að fyrirbyggja það, að aðrir geti ekki látið úti peninga fyrir jörðina, en ábúandinn sjálfur. Jeg skal geta þess, að jeg felli mig vel við bratkv. hins 5. kgk. þm. við 3. gr.; þar í móti er jeg í vafa um 2. bratkv. sama þm. eða hina nýju 4. gr. hans. Jeg veit eigi hvort hann álítur að ráðgjafanum sje einu sinni fyrir allt með frv. gefin heimild til að selja þjóðeignir, án þess það sje borið undir þingið í hvert skipti. Annars finnst mjer engin þörf á þessari tímatakmörkun, því jeg vona að allar falanir á jörðum verði bornar undir þingið í hvert skipti sem sú og sú jörð á að seljast; jeg fyrir mitt leyti vil ekki fleygja slíku valdi ótakmarkað í hönd ur rg., enda mun það ekki heldur vera meining frv.

Atkvgr.: Frv. 1. gr. sþ. með 7 atkv.; 2. gr. sþ. m. 5 atkv.; bratkv. v. 3. gr. (frá 5. kgk. þm.; C 121) sþ. í e.h.; 3. gr. þannig breytt sþ. með 7 atkv.; 4. gr. (ný) sþ. m. 6 atkv. Frv. vísað til 3 umr. m. 7 atkv.

Frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri (C 39); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Verið getur að sumum þyki brt. mínar í þessu máli (C 119) nokkuð undarlegar, þar sem þær fara fram á að víkja frá þeirri reglu, sem nú er almenn í sveitarstjórnarlögum, að fulltrúar eru kosnir til 6 ára í senn. En það er innileg ósk Akureyrarbúa að fá þessu breytt hvað þeirra bæjarstjórn snertir, í þá átt, sem brt. mínar fara fram á. Skömmu áður en jeg fór til þings átti jeg fund með bæjarstjórunum á Akureyri, og lýsti það sjer þá, að bæði þeim sjálfum og bæjarbúum yfir höfuð var þetta mikið áhugamál. Jeg veit líka, að sú stefna er að ryðja sjer til rúms víðar um land, að hentugra sje að hafa stjórnartíma sveitarstjóra styttri; þótt þessi skoðun hafi eigi svo mjög komið opinberlega fram. Mönnum þykir þessi 6 ára tími of langur; eigi að eins þeim, sem kosnir eru í stjórnina, og sem opt verða þreyttir á starfi sínu löngu áður en 6 árin eru liðin, heldur og kjósendunum sjálfum, sem álíta heppilegra, að þeir hafi rjett til að skipta aptur um fulltrúa. Þó kalla megi þessa br. að nokkru leyti nýmæli, þá vona jeg að menn verði henni eigi mótfallnir, enda ímynda jeg mjer, að fleiri sveitarfjelög muni áður langt um líður æskja eptir að þessu verði fylgt sem aðalreglu við fulltrúakosningu, og er vert að styðja að því, að sveitarstjórnin í landinu geti orðið svo lífleg og greið sem unnt er. Því hjer á við, eins og víða annarstaðar, að „nýir vendir sópa bezt“, og er þá ástæða til að nýja þessa vendi sem optast upp, eða með öðrum orðum að endurnýja sveitarstjórnina sem optast. Jeg skal geta þess, að jeg felli mig yfir höfuð vel við breytingar stjórnarinnar á þessu frv. Fimmta greinin í stj.frv. er eins og hún var samþ. á þ. 1881, en í frv. því, er jeg hafði meðferðis til þingsins í hitt eð fyrra frá Akureyrarbúum, var 5. greinin eins orðið, eins og þessi brt. mín fer fram á, og sýnir það að Akureyrarbúum er þetta áhugamál. Breytingar mínar við 8. og 9. gr. leiða eðlilega af br. á 5. gr. En um br. við 25. gr., að aptan við orðin: „Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar“, bætist: „á fundi“, er það að segja, að mjer var sjerstaklega falið á hendi að bera hana fram, með því þetta var álitið að vera til tryggingar. Að öðru leyti er jeg vel ánægður með frv. stjórnarinnar, og vona að það verði samþ. með þeim br.,

sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með.

Magnús Stephensen: Eins og kunnugt er, var mál þetta rætt á þ. 1881, og var þá sett n. í því. Kom þm. Ef. (E. Á.) þá fram með sömu till., að stytta tímann, er fulltrúar skyldu sitja í bæjarstjórninni, en nefndin mælti í móti, og fjellst þingmaðurinn þá á ástæður þær, er nefndin kom fram með móti þessari ákvörðun. Nú kemur þm. aptur fram með þessa sömu tillögu, líklega ekki af því, að hann sje sannfærður um að hún sje heppileg, heldur af hinu, eins og hann líka tók fram, að kjósendur hans hafa beðið hann að fylgja þessu fram. Ástæður þær, sem nefndin í hitt eð fyrra tók fram gegn þessari tillögu, og flutningsmaður þá fjellst á, voru: 1, að óhappalegt væri, að bæjarfulltrúar hlytu að fara frá eptir ein 3 ár, því þá fyrst væru þeir orðnir vel kunnugir störfum sínum, og farnir að hafa áhuga á þeim, og 2, að hæglega gæti verið svo ástatt í bænum, að eigi væri völ á mörgum mönnum til bæjarstjórnarstarfa, og því skaðlegt, að máske þeir einir, er nýtir væru, gætu svo fljótt skorazt undan að gegna þeim. Hjer í Reykjavík eru bæjarbúar fleiri en á Akureyri, og þó er fullerfitt að fá menn, er fullkomlega megi treysta til slíkra starfa, enda þótt hjer sje kosið til 6 ára í senn. Af því jeg enn er sömu skoðunar um þetta atriði, eins og á þingi 1881, að það sje til skaða fyrir málefnið og bæinn, sem á að búa við þessi lög, þá verð jeg einnig nú á móti þessari brt. þm. við 5. gr. og þar af leiðandi einnig við 8. og 9. gr.

Brt. hinn h. h. þm. Ef. við 25. gr. er eigi eins skaðleg, þó jeg verði að játa, að það sje eigi alls kostar heppilegt, að geta eigi fengið ritað undir ávísanir nema á fundum. Jeg tek til dæmis hjer í Reykjavík; jeg veit að mönnum, sem halda ómaga fyrir bæinn, og sem opt eru sveitamenn, mundi þykja það illt að verða að bíða eptir ávísunum frá fundum upp á meðlag með ómögunum, og jeg ímynda mjer slíkt gæti vakið óánægju manna einnig á Akureyri.

Einar Ásmundsson: Jeg álít það mestu máli skipta, að þeim sem lifa eiga undir lögunum, finnist þau hentug. Þeir hljóta sjálfir bezt að vita, hvaða lög eiga við í þeirra fjelagi. Það er rjett, sem hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) tók fram, að jeg hefði á síðasta þ. fallizt á ástæður n. móti þessum 3 ára tíma. En eins og menn vita, þá er jeg ekki sjálfur í bæjarfjelaginu, og er því ekki eins nákunnugur þörfum þess eins og bæjarmenn sjálfir, en hitt mun þó víst, að hinn h. 4. kgk. þm. er eigi kunnugri þar en jeg. Jeg hefi t. a. m. heyrt, að opt væri mjög erfitt, að koma á fundum í Reykjavík, en á Akureyri veit jeg að þetta er hægt, enda er bærinn miklu minni. Hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) studdi þetta mál manna bezt á síðasta þ., og var líka með því nýmæli laganna að leyft væri að kjósa konur í bæjarstjórnina, ef mönnum svo sýndist, og jeg veit líka, að hann mundi vera með því enn, ef það væri borið upp, en þar sem jeg nú hefi fallið frá að gjöra nema sem allraminnstar br. við stj.frv., þá vona jeg, að hvorki hann nje aðrir þdm. verði mótfallnir þeim fáu, sem jeg hefi nú borið fram. Jeg bið menn að líta á ósk bæjarmanna, sem er sprottin af því, að þeir vita sjálfir bezt, hvað fjelagi þeirra er hentast.

Atkvgr.: Frv. 1.—4. gr. sþ. hver um sig í e.h.; br. við 5. gr. (frá 2. þm. Ef.; (C 119) samþ. með 6 atkv.; 5. frv. þar með fallin; 6. og 7. gr. sþ. hver í e.h.; br. við 8. gr. sþ. með 9 atkv.; 8. gr. þannig breytt sþ. m. 9; br. við 9. gr. sþ. með 6; 9. gr. þannig breytt sþ. með 7; 10.—24. gr. sþ. hver um sig í e.h.; br. við 25. gr. felld með 5:5; 25. gr. frv. til 31. gr. sþ. hver um sig í e.h.

Málinu vísað til 3. umr. í e.h.

Sjöundi fundur, mánudag 9. júlí. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að með því að Björn ritstjóri Jónsson hefði sleppt innanþingskrifarastörfunum í deildinni, er hann tók við ritstjórn alþingistíðindanna, hefði nú Gestur ritstjóri Pálsson tekið við þeim í hans stað.

Frv. til laga um br. á opnu brjefi 27. maí 1859 um, að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi (C 6); 2. umr.

Málinu umræðulaust vísað til þriðju umr. í e. h.

Frv. til laga um br. á tilsk. um prestaköll á Íslandi 15. des. 1865 1. og 2. gr. (C 47); 2. umr.

Atkvgr.: 1. gr. felld m. 5 atkv. gegn 5; 2. gr. þar með fallin. Frumvarpið þannig *fallið*.

Áttundi fundur, þriðjudag 10. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um eptirlaun prestsekkna (C 48); 2. umr.

Benidikt Krsstjánsson: Af því jeg hefi leyft mjer að koma fram með dálitla brt. við þetta frv., þá finn jeg mjer skylt, að gjöra nokkra grein fyrir henni eða fyrir því, hverjar ástæður hún hefur við að styðjast. Jeg skal þá fyrst taka það fram, að þessi br. hefur ekki mikla þýðingu yfir höfuð að tala, en hins vegar verð jeg að segja, að hún þó hefur töluverða þýðingu í einu tilliti. Við nákvæmari yfirvegun þessa máls hefi jeg tekið eptir því, að þessi br. hlýtur að hafa aðra br. í för með sjer, þ. e. á 4. gr. þessa frv.; og ef nokkrir þm. þessarar h. deildar vildu verða mjer samtaka í því, að koma með þessa br. til 3. umr., þá vildi jeg bera hana fram. Br. fer einungis fram á það, að ekkjur þær, sem nú eru, og ekki hafa rjett til eptirlauna eptir gildandi lögum, fái eptir þessu frv. einnig þennan rjett. Því það lýsir eigi kærleiksfullu hugarfari, að sýna eigi samtíðamönnum sínum þau kærleiksverk, sem ráðgjört er að sýna eptirkomendunum. Jeg tók það fram við 1. umr. málsins, að frv. þetta ætti að bæta úr því, að prestsekkjur, sem áður eigi höfðu rjett til eptirlauna, geti fengið nokkurn styrk. Það fje, sem nú er haft til að miðla ekkjum, sem engin eptirlaun hafa af brauðum, álít jeg nú ekki nægilegt, og eigi nema til að bæta ofan á hjálp handa þeim, sem eptir sem áður geta orðið nauðlíðandi. Enda veit jeg ekki betur, en að það sjeu bæði margir uppgjafaprestar og prestsekkjur, sem átt sje fullt í fangi með að verja sveit, og jeg er hræddur um, að eins muni verða eptirleiðis. Viðvíkjandi br. við 4. gr. skal jeg taka það fram, að ef hún ekki kemst á, þá fer svo, að ekkjur þær, sem eiga rjett til hærri eptirlauna, verða sviptar þessum rjetti; en að svo verði, liggur ekki í frumvarpinu. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni.

Sighvatur Árnason: Úr því jeg stend upp á annað borð, þá skal jeg láta það álit mitt í ljósi, að þessi litla brtill. er er mjög svo eptir mínu geði. En af því ustm. hefur þegar talað vel og ljóslega fyrir henni, skal jeg leiða hjá mjer að tala um hana. Þar á móti skal jeg leyfa mjer að gjöra aðra aths. Seinni hluti 6. gr. frv. þykir mjer nefnil. eigi nógu ljós. Þar stendur: „þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nýju að fá hin sömu eptirlaun, er hún aptur verður ekkja“. Greinin segir því sem svo, að þótt ekkjan giptist aptur, þá eigi hún samt sem áður rjett til eptirlauna, er hin sama kona verður aptur ekkja. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: er þá sama, hvort hún hefur gipzt aptur presti eða bóndamanni. Þetta finnst mjer ekki ljóst tekið fram í frv.; en vil að það komi skýlaust fram, að minnsta kosti í umræðunum, hvern skilning eigi að leggja í þessi niðurlagsorð greinarinnar. Sjerstaklega vil jeg skjóta því til hins h. 4. kgk. þm. (M. St.), að hann láti í ljósi skilning sinn á þessu atriði.

Stefán Eiríksson: Það hafa nú þegar tveir h. þm. tekið til máls um þetta frv. Jeg skal einnig lýsa því yfir, að jeg í öllu er samþykkur aðalstefnu þessa máls, svo framarlega sem nokkur eptirlaun ættu að eiga sjer stað. Prestsekkjur hljóta að fá betri kjör hjer eptir, en hingað til, og vil jeg af öllum mætti styðja að því, að svo verði. Því lífsreynsla mín hefur kennt mjer og sannfært mig um, að ástand margra prestsekkna er hið sorglegasta eptir missi manna þeirra. Þannig hljóta margar ekkjur eptir presta í brauðum, þar sem engar ljensjarðir eru, auk annars skorts, að hrekjast húsvilltar úr einum stað í annan. Yfir höfuð felli jeg mig vel við frv. Þar sem lægstu eptirlaun eru tiltekin 100 kr., þá má segja, að þótt þetta sje ekki mikið, þá er það þó betri styrkur en enginn. Jeg skal játa það, að jeg skildi ekki vel br. þá, sem hinn h. þm. Np. (B. K.) vildi koma fram með við 5. gr. Jeg er eigi viss um,

hvort hennar þarf með. En jeg skal kynna mjer hana betur síðar, og þá skrifa undir hana, ef mjer finnst nokkur þörf á henni. 1. þm. Rangæinga (S. Á.) talaði um, hvernig skilja ætti síðasta lið 6. gr. Það getur nú verið, að jeg hafi líka misskilið þennan lið. En minn skilningur er sá, að ekkjan fái eptirlaun einungis ef hún giptist aptur presti, en eigi ef hún giptist bóndamanni. Ef jeg misskil þessa ákvörðun frv., vona jeg að hinir löglærðu menn deildarinnar skýri hana.

Benidikt Kristjánsson: Jeg álít enga þörf að jeg fari að ítreka hina ráðgjörðu br. mína við 4. gr. frv. eða ástæður þær, er jeg tók fram fyrir henni, þótt hinn h. þm. Ask. (St. E.) hafi eigi getað áttað sig á henni. Því jeg vona að hann bæði geti og gjöri það síðar; enda þarf hún líka eins og mál þetta yfir höfuð vandlegrar athugunar við. En jeg ætla aptur á móti að svara h. h. þm. Rvl. (S. Á.) nokkrum orðum upp á spurningu hans um skilning á 4. lið 6. greinar, því mjer virðist h. h. 4. kgk. (M. St.) ætla að leiða það hjá sjer. Jeg er að vísu enginn lagamaður, en vil þó skýra greinina eptir því, sem jeg álít skynsamlegast og sanngjarnast sð skilja hana. Hinir h. þm., 1. þm. Rangæinga (S. Á.) og þm. Ask. (St. E.) hjeldu, að ef prestsekkja giptist bónda, þá missti hún „geistlegheit“ sín, sem svo kallast, og færi þannig á mis við rjett sinn til eptirlauna; en jeg er alveg á gagnstæðri skoðun. Jeg get eigi betur skilið, en að það sje meining þessarar lagaákvörðunar, að prestekkja fái eptirlaun sín aptur, þó hún giptist bóndamanni, er hún verður ekkja eptir hann. Hafi hinir lögfróðu menn deildarinnar aðra skoðun á þessu atriði en jeg, þá vona jeg þeir leiðrjetti mig, því misskilningur á þessu atriði getur orsakað, að menn greiði öðruvísi atkvæði sín, en menn ella mundu gjöra.

Magnús Stephensen: Jeg vil leyfa mjer að skora á hinn h. flm. breytingartillögunnar, að skýra þingdeildinni frá, hversu mikinn kostnað það hefði í för með sjer fyrir landssjóð, ef hrtill. hans yrði samþykkt. Jeg tek þetta eigi fram af því að jeg sje á móti henni í sjálfri sjer, heldur af því að jeg veit að uppástungumaður muni hafa rannsakað þetta atriði, áður en hann bar upp breytingaruppástungu sína, og af því að jeg álít nauðsynlegt, að þingmönnum sje ljóst, hvaða gjald þeir leggja á landssjóð, ef þeir samþykkja breytingaruppástunguna. Einnig þyrfti líka að rannsaka, hvort þessi breyting gjörir eigi fleiri breytingar á frumvarpinu nauðsynlegar. Ef orða á 1. gr. þannig: „Þær konur, sem eru eða hjer eptir verða ekkjur presta, er rjett höfðu til eptirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 5. gr., hafa rjett til að fá í eptirlaun $^1/_{10}$ hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem *þá er í gildi*, o. s. frv.— þá má spyrja: „hve nær?“ Orðið „þá“, eins og það stendur í frv., á við þann tíma, er prestskonur eptirleiðis verða ekkjur, hver um sig, en getur ekki átt við þær konur, sem nú eru prestsekkjur. Sömuleiðis má spyrja, hvort þessi br. leiði eigi til breytingar á 2. gr. Það getur komið fyrir, ef breytingin verður samþykkt, að eptirlaun verði lögð á brauð, sem engin eptirlaun hafa áður verið greidd af. Prestur, sem er í brauði, og engin eptirlaun greiðir af brauði sínu, og sem ekki var gjört að skyldu að greiða prestsekkju eptirlaun, þegar hann fjekk veitingu fyrir brauði sínu, getur samkv. þessari br. komið til að greiða eptirlaun af brauðinu. En, eins og kunnugt er, má eigi leggja neinar nýjar kvaðir á embættismann, sem eigi hefur verið gjört ráð fyrir, er hann fjekk embættið. Að endingu skal jeg bæta því við viðvíkjandi því, sem hinn h. l. þm. Rvl. (S. Á.) beindi að mjer um skilning á 4. lið 6. gr., að jeg er alveg samdóma útlistun þm. Nþ. (B. K.) á þessu atriði. En jeg skal bæta því við, að mjer virðist orðin: „sömu eptirlaun“ ekki vel valin, því að ef ekkjan giptist aptur presti eða öðrum embættismanni, þá getur það komið fyrir, að hún fái hærri eptirlaun, ef hún verður aptur ekkja, þ. e. ef sá prestur eða embættismaður hefur haft hærri laun, en sá, er hún átti fyr.

Jón Pjetursson: Jeg vil láta þá skoðun mína í ljósi, að mjer þykir sambandið milli 1. og 2. gr. frv. bæði óljóst og eigi sem heppilegast. Um 4. lið 6. gr., þar sem stendur: „þá er eptirlaun tapast af því, að ekkjan hefur gipzt aptur, á hún rjett á að nýju að fá hin sömu eptirlaun,

er hún aptur verður ekkja"—skal jeg taka það fram, að sjálfsagt er að mínu áliti, að ef ekkjan aptur giptist presti, þá eigi að miða eptirlaun hennar, ef hún verður aptur ekkja, við tekjur seinna manns hennar. Ef t. a. m. tekjur þess prests, er hún giptist seinna, eru lægri, en þess, er hún átti fyr, þá fær hún lægri eptirlaun, er hún verður ekkja í annað sinn o. s. frv.

Sigurður Melsted: Jeg get eigi fundið, að sambandið milli 1. og 2. gr. frv. sje neitt óljóst, því mjer finnst það ljóst tekið fram, að þar sem tekjurnar af einhverju brauði nema 1000 kr., þar hvíla eptirlaunin á brauðinu sjálfu, en ekki á landssjóðnum. En ef tekjurnar eru undir 1000 kr., þá tekur lsj. við; eptirlaunin hvíla þá ekki á brauðinu, heldur á lsj. Jeg get því eigi sjeð að sje óljóst samband milli 1. og 2. gr.

Atkvgr.: Breytingartill. þm. Np. (Ben. Kr.) felld m. 5 atkv. móti 5; 1. gr. óbreytt sþ. í e.h.—2. til 8. gr. sþ. hver um sig í e.h.—9. gr. sþ. með 8 atkv. móti 2.

Málinu vísað til 3. umr. í e.h.

Frv. til laga um kosningu presta (C 120); 1. umr.

Ásgeir Einarsson (flm.): Jeg hefi enn hugsað mikið um þetta mál, sem svo mikið og ýtarlega var rætt um á síðasta þingi, og loks samþ. af því og sent til stjórnarinnar. En ráðgjafanum þóknaðist samt ekki að ráða konungi til að samþykkja það og staðfesta, heldur miklu fremur rjeð honum frá því. En eins og sjá má af ráðgjafabrjefinu um þetta efni, segist ráðgjafinn í þessu hafa farið eptir tillögum lh. Jeg ætla nú að fara að eins og menn segja um vegabótamenn, þegar þeir byrja að ryðja stórgrýttan veg, að þeir ryðji stærstu seinunum úr vegi, svo eigi verði farartálmi. Farartálminn hjer er ástæður rg. í brjefi hans til lh. 28. júní 1882. Rg. „ber nú biskup fyrir", eins og máltækið segir. Hann ber lh. fyrir. og kveðst samkv. hans till. hafa ráðið konungi frá að staðfesta lögin. En mig furðar á þessu, þar sem það er kunnugt, að lh. talaði mjög lítið á móti þessu máli á þinginu í hitt eð fyrra og ekkert í efri deildinni. Á þessu meðal annars sje jeg, hversu hentugt það er, að ábyrgðarlaus lh. eða ráðgjafi ráðgjafans sitji á þinginu í stað ráðgjafa með ábyrgð fyrir þinginu. Þingið verður fyrir það sama lítið betra en ráðgjafaþing. Þetta leiðist fullkomlega í ljós með niðurskurðinum á þessu frv.

Fyrst talar ráðgjafabrjefið um, að sú umfangsmikla br., sem frv. fari fram á, sje svo löguð, að eigi verði á hana fallizt. Þetta er nú sagt svona almennt. Þá kemur fyrsta ástæðan á móti málinu, þar sem segir: „Sóknarprestarnir eru, eins og „þjer hafið tekið fram (þ. e. lh.), eigi að „eins sálusorgarar safnaðanna, heldur og „að mörgu leyti embættismenn lstj., og er „þetta eitt nóg til þess, að eigi tjáir að „fela söfnuðunum aðalráð á veitingum „prestsembættanna". Þetta sama kom og fram í einni þingræðu á síðasta þingi, þar sem sýnt var fram á, hvað mikið af störfum prestsins snertir borgaralegt fjelag, eða veraldlega sýslu, en eigi prestinn sem sálusorgara. Þráðurinn í þessari ræðu var að sýna, að hann ætti að halda bók yfir fædda og dána, gefa saman hjón, sjá um uppfræðingu barna í skript og reikningi o. fl., og svo að taka þátt í sveitarstjórnarmálum. Þetta er nú aðalástæðan, aðalmergurinn, sem rgbrjefið byggist á. En nú skulum vjer skoða þessa ástæðu, og vita svo hvort hún stenzt prófið. Skoðum nú hvað vandasöm þessi borgaralegu störf prestsins eru. Að vísu mun ekkert „fag" eða grein vera kennd í skólanum, er kenni prestum að gegna sumum af þessum störfum, en yfistjórnendur skólans eiga að sjá um, að til þess að geta orðið prestar, verði menn að geta gegnt þeim. Sum af þessum störfum eru heldur eigi vandasamari en svo, að nærri því hver bóndamaður nú orðið getur leyst þau af hendi. Tek jeg til dæmis uppfræðing barna í skript og reikningi. Sömul. gætu margir bændur tekið fólkstal og haldið skýrslur, sem prestar eiga að semja. Til þessa þarf eigi sjerlega lærða menn. Í skript og reikningi eru margir bændur nú á tímum orðnir vel að sjer. Þá er nú það starf, að gefa saman hjón. Það geta eigi aðrir gjört en prestarnir. En hvernig hefur þeim líka farizt þetta verk sitt á stundum. Þeir hafa víst þó nokkrum sinnum stórum flaskað á því, og fyrir hirðuleysi sitt og klaufaskap í þessu tilliti flækzt í þras og jafnvel málaferli. Hverjir kusu nú þessa herra í prestslega stöðu? Ekki söfnuðirnir, sem nutu

þeirra. Nei, heldur hið núverandi veitingarvald utanlands eða innan. Nú eru þó prestar farnir að sjá að sjer í þessu tilliti enda hafa þeir líka fengið þokkalegan skell fyrir frammistöðuna. Önnur ástæðan er sú, að prestar verði að taka þátt í sveitarstjórnarmálum, en þetta kemur þá fyrst til greina, er þeir eru kosnir í hreppsnefnd. Áður voru nú hreppstjórar eptir instrúxinu ekki skyldir að kunna að skrifa, en nú verða þeir að kunna það, svo nú er ei þörf á prestum í þessa stjórn. Komið hefur það líka fyrir, að kosinn hefur verið prestur fyrir hreppsnefndaroddvita, en til allrar ólukku, þá gat hann ekki gjört skýrslur þær, er honum bar að leysa af hendi, svo úr garði, að þær yrðu brúkaðar, já, svaraði jafnvel eigi öðru, en skætingi, er að þessu var fundið. Ekki kusu sóknarmenn heldur þann prest. Einhver annar gjörði hann út. Svo kemur seinna í brjefinu sú ástæða með synjuninni, að veitingavaldið sje kunnugra prestunum, eða umsækjöndunum yfir höfuð, en sóknarmenn eða söfnuðirnir. En þetta er þó nokkuð völt ástæða; hún dettur þó ekki sje komið við hana nema með litla fingri. Eða á jeg að ímynda mjer, að ráðgjafinn suður í Danmörku sje kunnugri prestum eða prestsefnum á Íslandi, en sóknarmenn sjálfir. Nei, jeg gjöri heldur ekki mikið úr þessari ástæðu. En nú kemur ástæða: „Auk þess er það, að „meðan sama stjórn skal kirkjumálum „stýra sem öðrum málefnum landsins, „verður yfir höfuð að telja það óráðlegt, „að slíta þetta atriði, sem er einn af hin„um helztu liðum í núverandi skipulagi „kirkjunnar, út úr samhengi sínu við þær „aðrar ákvarðanir, sem það stendur í nánu („organisk") sambandi við".

Þetta virðist nú í fljótu bragði vera sú ástæðan, sem helzt ætti að geta staðizt. Þetta prestakosningamál álít jeg sje helzti og merkasti liðurinn í kirkjumálum vorum, og þjóðin er eindregin á því máli. En hvað því viðvíkur, að óráðlegt sje að slíta þetta atriði út úr samhengi sínu við aðrar ákvarðanir í kirkjumálum, þá sje jeg ekki, hvers vegna það er óráðlegra nú í þessum málum, en í svo mörgum öðrum, sem liðuð eru í sundur og tekið sjerstakt atriði fyrir út úr heildinni. Þetta er sannarlega ekkert nýtt. Svo jeg auk margra annara nefni eitt, þá tek jeg t. d. laxamálið. Það er tekið út úr landbúnaðarlögunum og rætt og útkljáð út af fyrir sig, án þess að öllum landbúnaðarlögunum fyrir það sje umsteypt. Þá segir enn í ráðgjafabrjefinu, að fyrst þá myndi rjettur tími til að taka þetta mál til íhugunar, er kirkjan hefði fengið sjerstakt fulltrúaþing (kirkjuráð eða því um líkt). Það var nú ágætt að minna menn á, að ekki væri ómögulegt að þetta gæti fengizt. Stjórnin er stórhugaðri hjer með tilliti til Íslands, en hún annars er vön að vera. Jeg veit þó ekki betur en það hafi fremur verið vani hennar, að veita það minna á undan því meira. Mjer virðist þetta eins og t. a. m. þegar barn biður móður sína að lofa sjer bæjarleið, og hún þá segir; „Jeg skal gjöra það, þegar þú ert orðinn stór".

Þegar verið var að ræða um sóknarnefndir og hjeraðsnefndir um árið, þá var jeg þeim málum kröptuglega meðmæltur, því jeg vildi vita, hvort slík hluttaka manna í kirkjumálum yrði ekki til þess að vekja þjóðina til meðvitundar um rjettindi sín, enda hefur það líka komið í ljós, að svo hefur orðið, sem betur fór. Eins er nú um þetta mál. Jeg vil koma þessari breytingu á kirkjumál vor, ef ske mætti, sem jeg heldur ekki efast um, að hún yrði til þess að vekja menn til umhugsunar og áhuga á því, að gjöra kirkjulífið, sem nú þykir hið daufasta á Íslandi, fjörugra og líflegra. En hvað sjerstöku kirkjuráði eða því um líku viðvíkur, þá gæti það sjálfsagt verið hið æskilegasta, þó jeg sje hræddur um, að kirkjumál vor enn eigi sjeu komin í það horf, að vert sje að hugsa um svo stórkostlega breytingu nú þegar; enda er spurning um, hvort þjóðin er fær um það nú sem stendur. Jeg fyrir mitt leyti hef alltaf viljað og vil enn heldur fara fyrst í neðri höptin og svo upp eptir stiganum, en að stökkva fyrst upp í efri höptin. Þá kemur enn sú ástæða, að nauðsynlegt sje, að „stjórnarvald það, er ábyrgðina ber á því, „að kirkjumálum sje viðunanlega og „hagkvæmlega stýrt, fái framvegis að hafa „ráð til þess að fullnægja þessari skyldu „sinni". Jú, það hefur nú sýnt sig, hve vel kirkjumálum Íslands hefur verið stýrt opt og tíðum. Margir söfnuðir hafa verið prestslausir ár eptir ár og sumir

verra en prestslausir, þó messað hafi verið hjá þeim tvisvar eða þrisvar á ári. En hvað er nú þetta hjá því, þegar þessi dásamlega, umhyggjusama stjórn sendir út um landið fyrir sálusorgara þá menn, sem þegar á námsárum sínum hafa vakið stórkostlegt hneyksli á þeim stað, er þeir hafa verið við námið, og sem síðar verða stjettarbræðrum sínum yfir höfuð til mestu vanvirðu. Já, svo rammt hefur kveðið að, að sumir útsendarar hins núverandi veitingarvalds hafa lifað þannig, að óhróðurinn um þá hefur flogið út um framandi lönd. Þetta er ekki söfnuðunum að kenna. Þeir hafa ekki kosið þessa menn. Jeg veit líka að öllum söfnuðum, sem jeg þekki til, er annara um vöxt, viðgang og sóma kirkjunnar, en svo, að þeir ljeti slíkt viðgangast eða spyrjast, ef þeir mætti ráða. Þar næst segir í rgbrjefinu, að stjórn landsins einni verði fyrir því trúandi, að gæta þess, að sá, er um embættið sæki, hafi eigi að eins almenna lögboðna hæfilegleika sem sálusorgari, heldur sje og lagaður til að gegna þeim sjerstaklegu störfum, sem honum verði á hendur falið. Þegar svona ástæður koma, þá þykir mjer nú kasta tólfunum, enda hefi jeg þegar í upphafi ræðu minnar sýnt, hve fánýt þessi ástæða er. Það er trúlegt, að ráðgjafinn úti í Danmörku sje kunnugri mönnum heima á Íslandi en Íslendingar sjálfir. Þessi ástæða getur þó heldur staðið með tilliti til veitingarvaldsins hjer heima á Íslandi. En eins og jeg hef áður tekið fram, þá fer því mjög fjarri, að allir þeir prestar, sem veitingarvaldið sendir út, sjeu svo liprir og reglusamir og vel að sjer, að af því megi raupa. Ráðgjafinn mun einhvern tíma sjálfur hafa fundið og átt tal við klerkinn, sem jeg gat um áðan, að eigi hefði getað samið einfaldar skýrslur, svo að þær yrðu notaðar. Hann hefur þá víst ekki heldur „examínerað“ hann í þessum vísindagreinum!! Svona má snúa þessum ástæðum eins og derlausri húfu. Þær eru alstaðar jafn hrekjanlegar, frá hverri hliðinni sem þær eru teknar. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, þó mjer hafi dottið í hug að sumum kunni að þykja neitunarvald biskupsins nógu mikið. Þetta sem jeg nú hefi sagt, snertir málið í heild sinni, og læt jeg mjer það nægja, þangað til farið verður að brytja niður ástæður mínar.

Sighvatur Árnason: Jeg skal vera fáorður í þetta sinn, enda hefur flm. flutt langt erindi um málið. Jeg skal fúslega játa það, að frv. er vel úr garði gjört í þá stefnu sem það fer. Jeg hef nokkuð hugsað um þetta mál, og jeg verð að efast um, að í frv. liggi sú rjettarbót, sem ustm. vilja fá framgengt, eða að frv. sje veruleg bót á núgildandi lögum. Jeg get vel ímyndað mjer, að reynslan mundi sýna ýmsa galla á frv. þessu ef það næði lagagildi. Eitt er að minnsta kosti deginum ljósara og það er, að um mörg brauð sækir einungis einn, og með hann verða þá söfnuðirnir að sitja, hvort sem hann er hæfur eða ekki. Þótt sumir hafi margt að bera prestunum á brýn og margir sjeu óánægðir með ýmsa presta, þá verð jeg að segja að jeg þekki ekki til, að prestar hafi gjört sig seka í vítaverðu við embættisverk sín, en þeir geta samt sem áður verið ónýtir þjónar og ef til vill leitt söfnuðinn afvega. Jeg skal fúslega játa, að flm. hefur gengið hið bezta til, að koma fram með þetta frv. og í hitt eð fyrra var jeg meðmæltur þessu frv.; en mjer þykir enginn skömm að og jeg ber engan kinnroða fyrir að játa, að sannfæring mín um þetta mál hefur breyzt nokkuð síðan, og jeg skal játa það að jeg vil heldur þetta frv. en ástandið sem er. Vilji maður breyta ástandinu sem er, þá dugir ekki nóg að fylgja því fram sem einungis sýnist betra eða frjálslegra, en er ef til vill lítið eða ekkert betra þegar til framkvæmdanna kemur. Mín skoðun er sú, að veruleg rjettarbót í þessu sje, að söfnuðurnir hafi sterkt atkvæði til að afsegja óhæfa presta. Að lögsækja þá er enginn hægðarleikur. Prestar geta að ýmsu leyti verið óreglumenn, og óhæfir að mörgu leyti þótt ekki sje hægt að lögsækja þá fyrir það. Í stuttu máli er mín skoðun þessi: Söfnuðirnir eiga að fá rjett til að afsetja presta sína án dóms og laga, t. d. $^2/_3$ atkvæða sóknar manna eptir nokkra ára reynslu; þó vil jeg gefa prestinum rjett til að fá brauð, að minnsta kosti í eitt skipti, eptir að einn söfnuðurinn hefur þannig sett hann af; því að hugsazt gæti, að hann væri settur af fyrir flokkadrátt í söfnuðinum eða óvild einstakra manna. En í tveim söfnuðunum, hvorum eftir annan, mundi slíkt að

líkindum eigi koma fyrir. Og verði hið sama upp á teningnum fyrir prestinum hvað eptir annað, þá má ætla, að hans sje sökin. Jeg vil stinga upp á nefnd í þessu máli, 3 manna nefnd, og verði hún kosin, vonast jeg eptir, að hún íhugi nákvæmlega þessa skoðun mína, sem jeg nú hef látið í ljósi.

Ásgeir Einarsson: Þessi bylur kom mjer heldur óvart úr þessari átt. Jeg hef stundum fengið orð fyrir að vera ráðríkur í hjeraði, en aldrei hefur mjer dottið í hug, að gjörast slíkur harðstjóri, að setja menn af án dóms og laga. Jeg get heldur eigi annað sjeð en að hægt sje að fá prestum vikið frá með öðru móti. Vjer höfum nýlega haft dæmi þess, að presti var vikið frá embætti. Ef nokkur samtök, sannleiksást eða rjettlætistilfinning er til, þá er hægt að sýna stjórninni svo berlega fram á, að við óhæfan prest er eigi unandi, að hún verður að setja hann af, og getur ekki annað en sett hann af. En það er satt, að stundum eru menn slíkar gungur, að menn þora eigi að fylgja þessu fram, þegar til stykkisins kemur; því þykir mjer mjög ísjárvert að búa til svona hörð lög. Jeg held mjer við frv., og fell engan veginn frá því; hitt er miklu harðara og verra, að reka prestinn frá án dóms og laga, og með því get jeg með engu móti gefið atkvæði mitt.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki mæla mikið fram með frumvarpi þessu, þó jeg sje einn af þeim sem komið hafa fram með það, því að það mun sjálft gjöra það bezt. Málið fjekk góðan byr á seinasta þingi og frv. var samþykkt í báðum deildum; en eptir því sem sjá má á brjefi rg. hefur lh. ráðið frá að samþykkja frv. Þegar vjer nú lítum á skoðun landsmanna á þessu, þá sjáum vjer, að á nærri því hverjum einasta hjeraðsfundi hefur verið farið fram á þennan rjett fyrir söfnuðina, að þeir fái sjálfir að kjósa presta sína. Á lestrarsal þingsins liggja mörg fundarskjöl, er sanna þetta. Fái söfnuðirnir rjett þann, er hjer ræðir um, og hann ættu þeir sannarlega að fá, þá er það aðhald fyrir prestana. Aðalatriðið í þessu máli er hvötin fyrir prestana að vanda ráð sitt, sem nú á dögum því miður bryddir á ekki svo óvíða í einhverju eru breyskir eða hirðulausir í stöðu sinni. Hinn h. 1. þm. Rvl. hefur komið fram með uppástungu um, að söfnuðirnir geti rekið prestana af höndum sjer ef þeim líkar ekki við þá í einhverju, en slík lög álít jeg að geti verið óhentug og til siðaspillingar ef til vill, enda mun við slík lög þurfa rannsóknir, og dómsatkvæði, ef takast ætti að reka presta af höndum sjer, og erfitt mun að búa til slík lög svo að liði verði. Viðvíkjandi því að nefnd verði sett, þá finnst mjer það óþarfi, að setja nefnd í þetta mál.

Benidikt Kristjánsson: Af því að jeg er einn af þremur undir frv., stend jeg upp, þó bæði flm. og aðrir hafi haldið vörnum uppi fyrir frv. Jeg skal fyrst geta þess að andsvör rg. viðvíkjandi frv. 1881 eiga eigi að öllu leyti við þetta frv.; en eigi skal jeg neita því, að þau eigi við það að nokkru leyti. Deildinni mun ekki dyljast, að þetta frv. fer fram á nokkuð annað, en frv. 1881. Jeg get eigi betur sjeð, en að þetta frv. tryggi betur sambandið milli safnaðanna og veitingarvaldsins, en frv. 1881, og þetta samband er í miklu eðlilegra formi í þessu frv., en í frv. 1881. Af því af jeg nú álít að svör rg. í brjefi 28. júní f. á. snerti frv. það, er hjer liggur fyrir, að nokkru, skal jeg leyfa mjer að fara um þau nokkrum orðum. Rg. segir, að frv. frá 1881 fari fram á „umfangsmikla“ br. Satt er það, umfangsmikil er br., en hún er líka þýðingarmikil rjettarbót. Rg. segir, að „prestarnir sjeu eigi að eins sálusorgarar safnaðarmanna, heldur og að mörgu leyti embættismenn landstjórnarinnar“. Þetta er rjett; prestarnir hafa bæði andleg og veraldleg störf á hendi. En hver eru þau veraldlegu störf, sem prestunum eru á herðar lögð, sem eigi má af þeim ljetta með sjerstöku lagaboði? Þeir eru bólusetjarar. Til þess að ljetta því starfi af þeim, þurfa engin ný lög, því að ýmsir aðrir en prestar eru bólusetjarar, sem amtmaður skipar, eptir uppástungu prestanna. Þá er að minnast á hjónabandið. Jeg álít rjett, að hið borgaralega í hjónabandssáttmálanum sje gjört af veraldlegum embættismönnum þó jeg vilji ekki borgaralegt hjónaband eitt saman. Hjónabandið er sjálfsagt í sjálfu sjer miklu fremur borgaralegt en kirkjulegt, en sjerhver mikilvægur og þýðingarmikill sáttmáli á að hafa rjett til kirkjulegrar staðfestingar. Með tilliti til skýrslna þeirra, er prestar nú semja, þá ætti ekki

að vera örðugt, að koma því svo fyrir, að aðrir gæfu þær en prestarnir. Rg. segir í áðurnefndu brjefi, að frv. fari fram á br., sem komi illa heim við hina aðra skipun kirkjulegra mála yfir höfuð, þar sem ekkert kirkjulegt fulltrúaþing eða kirkjuráð sje hjer á landi. Jeg skil orð rg. í brjefi þessu um fulltrúaþing eða kirkjuráð svo, sem hann telji slíkt verulega bót og jeg finn mjer skylt að játa fyrir hinni h. deild hjer á fundinum, að jeg álít mjög æskilegt að þetta fáist. Jeg get eigi sjeð, að ríkinu geti fundizt það ísjárvert, að söfnuðurnir kjósi sjálfir presta sína, þar sem kosningin þarf staðfestingar biskups, sem er fulltrúi ríkisins, því að biskupinn er nú sem stendur konunglegur embættismaður, og jeg vil segja, að stjórnin ætti langtum heldur að fela honum veitingu brauðanna en landshöfðingjanum, því að lh. er einungis veraldlegur embættismaður. Jeg get eigi annað sjeð, en að br. sú, sem frv. þetta fer fram á, eigi sjer dæmi í lagaskipan hjer á landi; jeg vil taka t. d. br. þá, sem varð á sveitaskipuninni við sveitarstjórnarlögin. Og br. sú, sem þetta frv. fer fram á, er eigi meiri br. frá safnaðarlögunum, en safnaðarlögin voru frá því sem áður var. Rg. segir enn fremur, að stjórn landsins sje einni trúandi fyrir að dæma eigi að eins um hina almennu heldur og hina sjerstaklegu hæfilegleika umsækjenda. Þannig álítur rg. söfnuðina miklu ófróðari en þeir eru í raun og veru. Til að styðja þetta álit sitt, tekur rg. fram, að landið sje svo víðlent, að söfnuðunum hljóti að vera torvelt að kynnast umsækjendunum. En rg. gætir þess eigi, að land vort er eigi að eins víðlent, heldur og fámennt, og í fámennu landi er miklu auðveldara fyrir einstaklingana að kynnast heldur en í fjölmennu landi; hjer á landi þekkja menn almennt flesta þá, sem nokkuð kveður að, og þannig mun óhætt að fullyrða, að söfnuðir hjer á landi þekki prestsefnin betur en í öðrum löndum á sjer stað. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, gefur yfirstjórn kirkjunnar meira vald en frv. 1881, því að söfnuðirnir hafa eigi eptir þessu frv. vald til að taka hvern prest sem þeir vilja; söfnuðurinn er að eins annar partur málsins, hinn er biskupinn, sem samkvæmt embættisstöðu sinni hlýtur að vera langfærastur allra manna hjer á landi til að dæma um hæfilegleika umsækjenda og þekkja þá. En engan snertir þetta mál eins og söfnuðinn sjálfan, og eptir hugmyndinni um kristilegan söfnuð og eptir eðli sínu á hann að hafa sem mest sjálfsforræði. Það er auðvitað, að undantekningar geta komið frá þeirri reglu að heppilegast sje að söfnuðurinn ráði sjálfur, en þá hefur biskup ætið vald til að synja staðfestingar sinnar. Svo jeg hverfi aptur að því, að tala um hina sjerstaklegu hæfilegleika, þá er það víst, að einn slíkan þurfa allir prestar að hafa, og um hann geta einungis söfnuðirnir dæmt; en hann er sá, að presturinn geti laðað söfnuðinn að sjer, svo að söfnuðurinn vilji hafa hann fyrir prest sinn og sálusorgara. Hvað stoðar að flytja þeim lífsins orð, sem ekki vilja heyra það af vörum þess, er flytur? Hvaða verulegt gagn getur sá prestur gjört í köllun sinni, sem er skipaður einhverjum söfnuði nauðugum? Reynslan hefur sýnt, hve vanmáttug landsstjórnin er gagnvart söfnuðunum, því að ekkert vald getur sagt: þú skalt læra af þessum presti. Þetta eina atriði er nóg til þess, að nauðsyn ber til að söfnuðirnir hafi þýðingarmikið atkvæði um hverja presta þeir fá, því að þar stendur veitingarvaldið öldungis máttvana gagnvart söfnuðunum, enda er kristindómurinn ekki „officiel“ í eðli sínu. Viðvíkjandi ræðu hins h. þm. Rvl. (S. Á.), þá skal jeg leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við hana. Jeg skal játa, að jeg er í efa um, hvort hann er mótmæltur frv., eða honum einungis liggur annað meira á hjarta. Jeg svara honum því, að honum sje innanhandar að semja frv., sem gjöri söfnuðum auðvelt að hrinda burtu óhæfum prestum. En ekkert hefur komið fram, er hvetji löggjafarvaldið til að láta þetta frv. ganga á undan því frv. sem vjer höfum að flytja, eins og þm. Str. og þm. Ask. hafa tekið fram. Söfnuðirnir hafa einmitt fremur en vera ber haldið hlífiskildi fyrir óhæfum prestum og það hefur verið lagt þeim til ámælis áður hjer á þinginu. Þó vil jeg ekki ámæla söfnuðunum fyrir það, þó þeir sjeu seinir til að ákæra presta sína. Ákæran er ávalt í almenningsálitinu mjög óvirðuleg. Mjer finnst að inn í þetta frv. eigi ekki að taka neina ákvörðun um, hvernig prestum skuli hrundið úr embætti. Geti prestur

ekki komið sjer saman við einhvern söfnuð, þá mun honum bezt að fara og leita gæfunnar annarstaðar. Sjaldan veldur einn, þegar tveir deila, og má vera að sá prestur sje vel hæfur í einum söfnuði, sem í öðrum er óhæfur. Jeg fyrir mitt leyti er eigi fráhverfur því, að nefnd sje sett í þessu máli, en engan veginn þykir mjer það nauðsynlegt. Nefndir eru einkum nauðsynlegar, þegar mörg skjöl þarf að rannsaka og ýmislegt þess konar. Hjer er um ekkert slíkt að ræða, og get jeg því eigi hvatt hina h. þingdeild til að kjósa nefnd.

Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 2. Þriggja manna nefnd felld með 7 atkv.

Níundi fundur, miðvikudag 11. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga, er breyta hegningarákvörðununum í tilskipun 5. sept. 1794, 6. gr. (C 80); 2. umr.

Jón Pjetursson (form. og frsm.): Jeg vil einungis fáum orðum bæta við nefndarálitið, sem nú liggur fyrir hinni h. deild. Nefndin hefur verið stjórnarfrv. samdóma um, að hegningarákvarðanir þær, sem tilskipun 5. sept. 1794 ákveður í 5. gr., eigi ekki lengur við hjer á landi, en á hinn bóginn getur nefndin ekki aðhyllzt þá skoðun stjórnarinnar, að nóg sje að milda hegninguna, en halda skilyrðunum fyrir að beita henni óbreyttum. Nefndinni getur eigi fundizt, að það sje hegningarvert, þó að þeir sem náttúraðir eru fyrir lækningar, leitist við að hjálpa meðbræðrum sínum, því að opt stendur svo á hjer á landi, að með öllu er ómögulegt að ná í lærðan lækni. Nefndinni hefur fundizt, að lækningatilraunir ólöggiltra lækna þá fyrst eigi að sæta hegningu, þegar uppvíst verður, að þær hafi gjört skaða, en ekki gagn, og það jafnvel þó skaðinn sje eigi svo mikill, að hinn ólöggildi læknir fyrir þá sök verði brotlegur gegn hinum almennu hegningarlögum. Aptur á móti getur nefndinni eigi betur fundizt, en að hverjum manni eigi að vera heimilt að leita sjer lækningar hjá hverjum sem hann vill. En sje einhver svo, að hann misbrúki það traust sem meðbræður hans sýna honum og gefur læknisráð þótt hann sje svo ófróður í þeim efnum, að hann gjörir skaða, þá er óefað, að lögin eiga að koma til og ákveða hegningu. En að löggjafarvaldið gefi lög út, er hegni þeim er gagna jafnt og þeim sem gera skaða í þessu efni, finnst mjer svo ísjárvert, að jeg get eigi annað en látið í ljósi, að það muni verða til þess að slík lög missi alla virðingu þjóðarinnar og verði aldrei hlýtt, eins og að líkindum ræður, þar sem heilbrigði manna liggur við á hinn bóginn. Hið eðlilega í þessu máli verður ávallt það, að sá sem gjörir skaða hljóti hegningu, en annars ekki.

Atkvgr. um br. nefndarinnar (C125): allir tl. (1—3) sþ. hver um sig í eh.

Frv. þannig breytt sþ. í e. h. og vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um br. á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla (C 51); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Við 1. umr. þessa máls leyfði jeg mjer að fara nokkrum orðum um málið, og skal jeg eigi nú endurtaka það sem jeg þá sagði. Jeg hef leyft mjer að bera upp talsverðar br. við frv. stjórnarinnar, sem allar eiga að lúta að því, að gera þá skipun, sem nú er á prestaköllunum, hagkvæmari, og í öðru lagi að spara landssjóðnum fje. Í Eyjafjarðarprófastsdæmi eru eptir lögunum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 10 prestaköll alls; af þeim bera 5 sig sjálf, þannig, að hvorki er lagt til þeirra nje frá þeim, af 2 eru 200 kr. goldnar í lsj. af hvoru eða 400 kr. alls, og 3 prestaköllum lagðar 700 kr. samt. úr lsj., svo prófastsdæmið fær þannig 300 kr. úr lsj. fram yfir það, sem það greiðir. Frv. stjórnarinnar fer nú fram á að hækka þetta tillag lsj. til prófastsdæmisins upp í 700 kr., þannig að Akureyrarbrauði skuli lagðar 400 kr. og Glæsibæjarprestakalli 200 kr., aptur skuli 200 kr. greiðast frá Saurbæjarbrauði og verða þannig eptir 400 kr., sem lagðar við 300 kr. þær, er eptir lögum 27. febr. 1880 áttu að greiðast til prófastsdæmisins úr lsj., verða 700 kr. Jeg fellst á fyrirmæli frv. um Saurbæjarprestakall; þar verða reyndar 4 kirkjur, en að líkindum má leggja 1 eða 2 af þeim niður. Frá þessu prestakalli, þegar það hefur verið aukið

um eina sókn, á nú að greiða 200 kr. og þykir mjer það sanngjarnlegt. Til Grundarprestakalls vil jeg að Kaupangssókn leggist, og að prestssetrið í því brauði sje Hrafnagil; þetta brauð yrði þá mjög líkt Hrafnagilsprestakallinu gamla. Munurinn er sá, að þar sem Hrafnagilspresturinn þjónaði áður Akureyri, Kaupangi og Munkaþverá, ætti hann eptir ust. minni að þjóna Grund, Kaupangi og Munkaþverá. Grundarprestakall batnar við þetta og leiðir þar af, að jeg sje enga ástæðu til að kljúfa sundur prestsskylduna frá Munkaþverá, heldur finnst mjer að hún eigi öll að ganga til Akureyrar. Frv. stjórnarinnar fer fram á, að $^3/_4$ hennar gangi til Akureyrarbrauðsins; frv. þegir reyndar um $^1/_4$, en jeg þykist mega ganga að því vísu, að það ætlist til að þessi þriðjungur eigi að ganga til Grundar. Jeg hef stungið upp á, að til Akureyrarbrauðsins leggist Lögmannshlíðarsókn í stað Kaupangssóknar. Lögmannshlíðarsókn mun vera nokkru tekjuminni en Kaupangs, en fremur mun það þó vera bitamunur en fjár. Jeg fellst á þá ust. stjórnarfrv., að Akureyrarbrauðinu leggist 400 kr. úr lsj., því mjer finnst að hlynna beri að því brauði. Það er nauðsynlegt, að presturinn búi á Akureyri, en dýrara hlýtur honum að verða að lifa þar en í sveit. Eptir ust. minni verður Akureyrarbrauðið hægra en eptir stjórnarfrv. Milli Akureyrar og Lögmannshlíðar er Glerá, sem getur orðið slæm, en þar er brú á, sem allt af má fara. Aptur er Eyjafjarðará milli Akureyrar og Kaupangs, stórt vatnsfall, sem getur orðið illt yfirferðar einkum á haustin þegar hana er að leggja og á vorin, þegar ís er að leysa af henni; á þeirri á er engin brú. Mín tillaga er, að Svalbarðssókn fylgi Laufási og Glæsibæjarsókn Möðruvöllum, eins og nú er ákveðið í brauðaskipunarlögunum, þar sem frv. stjórnarinnar fer fram á í 5. gr., að í Laufásprestakall sje að eins Laufássókn, en tillag þessa brauðs til lsj. breytist þó ekki. En hvernig stendur á því að frv. stjórnarinnar minnist ekkert á Möðruvelli? Þar stendur þó alveg eins á og með Laufás. þar sem Glæsibæjarsókn á að takast aptur frá brauðinu og 200 kr. að greiðast þaðan eptir sem áður í lsj. ef jeg skil rjett. En þá rýrnaði Möðruvallabrauðið talsvert frá því sem verið hefur og álít jeg það óhagfellda breytingu. Að endingu vona jeg að hinir hinir h. þm. d. fallist á br. mínar, einkum þar sem allir þeir, er þekkja til, munu játa, að þær sjeu til bóta.

Sighvatur Árnason: Fyrst skal jeg geta þess, að í viðaukatillögu minni er prentvilla í greininni um Odda; þar á að standa: „Af brauðinu greiðast 100 kr. í landssjóð“, ekki „landsjóði„. Þar næst skal jeg í fáum orðum minnast á greinarnar í viðaukatillögu okkar, þingmanna Rangæinga. Jeg gat þess við 1. umræðu þessa máls, að málið hefði farið formlegan veg í hjeraði. Til að sanna það óskaði jeg eptir skýrslum þeim um málið, sem sendar hafa verið stiptsyfirvöldunum, því jeg vissi að allar tillögur þessar, að hinni seinustu einni undantekinni um Stóruvelli, höfðu bæði gengið gegnum sóknarnefndir og hjeraðsnefnd. Þessar skýrslur hef jeg enn ekki fengið, en jeg vonast eptir að fá þær síðar og skal jeg þá sjá um, að þær verði hinni h. d. kunnar. Viðvíkjandi 1. gr. tillögu okkar er þess að geta, að öllum, sem hlut eiga að máli, bæði æðri og lægri sem jeg hef átt tal við, kemur saman um, að brauðum sje allt of mikið steypt saman um miðbik prófastsdæmisins, þar sem að eins einn prestur er í allri Fljótshlíð, einn í öllum Landeyjunum og einn á Rangárvöllum. Þess vegna þótti mönnum nauðsyn bera til að fá prest í Innhlíðarþingin, Teigs- og Eyvindarmúlasóknir. Og eptir jöfnuði þeim sem nú er orðinn á brauðum, þótti eiga við, að þetta nýja brauð fengi 200 kr. úr lsj. og finnst mjer fyrir mitt leyti, að það megi ekki minna vera, einkum þar sem jeg er ekki viss um jörð handa prestinum í þessu brauði. Ljensjörð er reyndar til, Torfastaðir í Breiðabólsstaðarsókn, sem ekki getur verið prestssetur, þar sem hún liggur í annari sókn og öðru prestakalli. Þess skal jeg geta til upplýsingar, að um eina jörð í þessum þingum getur verið að ræða, sem er Butra í Teigsókn, en jeg veit ekki með vissu, hvort hún er útlögð til prestsseturs eða ekki. Svo sný jeg mjer að 2. liðnum í till. okkar. Þar er lagt til, að Stórólfshvolssókn takist aptur frá Odda og leggist til Breiðabólstaðar í stað Innhlíðarþinganna, og greiðsla þessa brauðs til lsj. færist úr 700

kr. niður í 300 kr. Eptir skýrslu frá prestinum í Odda gefur Stórólfshvolssókn af sjer um 250 kr., svo að þegar Breiðabólsstaður fær þessa sókn í stað Innhlíðarþinganna, verður 300 kr. afgjald af brauðinu nokkuð tiltölulegt við þær 700 kr., sem eru, þegar litið er á, hvað Innhlíðarþingin gefa af sjer og Stórólfshvolssókn á hinn bóginn. Áður en jeg skilst við þetta atriði, vil jeg geta þess, að sóknarpresturinn að Breiðabólsstað, Skúli prófastur Gíslason, er þessari br. alveg samþykkur, eins og hún var samþykkt, þegar hún var rædd bæði á hjeraðsfundi og á almennum sýslufundi í júnímánuði, og mun þetta sjást á skýrslum þeim, sem eru hjá stiptsyfirvöldunum. Þá kem jeg nú að 3. liðnum í vtill. okkar. Þar er lagt til, að Oddaprestakall sje Odda- og Keldnasóknir, en Stórólfshvolssókn sje tekin frá því brauði, samkvæmt 2. liðnum í vtill., og er stungið upp á, að af Oddabrauðinu greiðist einungis 100 kr. í lsj.; þetta mun í fyrsta áliti þykja lítið, en þá kemur til álita hinn mikli skaði, sem þetta brauð hefur orðið fyrir. Um það eru til greinilegar og ljósar skýrslur, sem verða að líkindum lagðar fram á lestrarsalinn. Auk þess hafa stiptsyfirvöldin í höndum enn nákvæmari skýrslur um þetta mál. Opinber skoðunargjörð hefur farið fram á hinum skemmdu Oddakirkjujörðum, og hef jeg eptirrit af henni; en frumritið ásamt fleiri skilríkjum málinu viðkomandi munu vera hjá stiptsyfirvöldunum. Á nefndri skoðunargjörð sjest, að sumar jarðir Oddakirkju eru alveg eyðilagðar, sumar hálfeyðilagðar o. s. frv. og segir skoðunargjörðin, að brauðið hafi rýrnað eða þessar tvær kirkjusóknir um 300 kr. að mig minnir. Sama er að segja um Keldnasókn, að eyðileggingin er þar mikil og að tiltölu mikið meiri en á Oddasókn. Tillaga okkar fer fram á, að af brauðinu greiðist 100 kr. í landssjóð og er það einungis 50 kr. minna en gjaldið af brauðinu var áður, þegar skaðinn er reiknaður frá, og það, sem Stórólfshvolssókn gefur af sjer. En nú kemur það til, að brauðið heldur eflaust áfram að rýrna og er það sannarlega ekki um of þó afdragið sje 50 kr. minna fyrir þá sök. Loksins skal jeg geta þess, að þetta allt er svo rjett og satt frá sagt, að jeg get sannað frásögn mína með skýrslum og opinberri álitsgjörð, hve nær sem vera skal. Þá kem jeg nú að seinasta liðnum í vtill. um Stóruvallaprestakall. Það brauð hefur líka orðið fyrir stórskemmdum, jarðir þessa prestakalls eru líka sumar eyðilagðar, og það, sem gerir mest um, er, að heimajörðin sjálf, Stóruvellir, er nær því farin af. Nú sem stendur fær þetta brauð 300 kr. úr lsj.; tillaga okkar fer fram á, að brauðinu veitist 300 kr. í viðbót, eða alls 600 kr., og verð jeg þó að segja, að þetta tillag er hið minnsta, þegar tekið er tillit til stórskemmda þeirra, sem brauðið hefur orðið fyrir og sem skoðunargjörð sú, sem fram hefur farið á brauðinu, ber greinilega vitni um. Að sameina þetta brauð við önnur brauð er mjög óhaganlegt og illt að koma við, þar sem eyðileggingin er í miðju brauðinu. Klofatorfan er farin af og Stóruvellir sjálfir, sem átti svo gildan þátt í afgiptu brauðsins, og svo ýmsar aðrar jarðir meira og minna skemmdar. Prestsmata hvílir á Klofatorfunni, sem búast má við að falli og er þegar fallin. Að leggja brauðið til Uppholtaþinganna, sem lægi næst, ef um samsteypu væri að tala, er því nær ókleyft eins og stendur, því eyðileggingin er um miðbik prestakallsins, sem er talsvert víðlent. Þetta er nú yfir höfuð líka álit hjeraðsprófastsins. Skoði maður, hvort prófastsdæmið ber sig sjálft eða ekki, þá mun að eins vana í 100 kr. til þess, að fráteknu Vestmannaeyjabrauði, sem hefur sjerstaklega mikið tillag úr landssjóði, sem kunnugt er. Að endingu vona jeg, að hinir h. þm. d. verði meðmæltir þessari vtill. og gefi henni atkvæði sín.

Skúli Þorvarðarson: Hinn h. 1. þm. kjördæmis okkar hefur svo greinilega skýrt frá ástæðunum fyrir vtill. okkar, að jeg þarf þar engu við að bæta. En skylt er mjer að geta þess að mjer er persónulega kunnugt að allt sem hann hefur sagt þessu máli til upplýsingar er satt og rjett hermt. En þó þessi viðaukatillaga okkar sje nokkuð þung á fje landssjóðs til prófastsdæmisins vona jeg nú til, að hin h. d. líti eigi einungis á það, heldur jafnframt á andlegar þarfir safnaðanna og það að prestunum sje ekki ætlað stærra og erfiðara verksvið heldur en svo, að þeim sje mögulegt að afkasta skylduverkum embættisins eins og þarf að vera.

Hjer er einungis farið fram á það, sem eptir samróma áliti bæði sóknarnefnda og hjeraðsfunda er hið allra-nauðsynlegasta fyrirkomulag á skipun þeirra prestakalla sem hjer um er að ræða

Því vil jeg vona að hin háttvirta deild sem mál þetta liggur nú fyrir sæfi ekki tillögu okkar, svo hún fái að koma lengra út í heiminn hvað sem þá tekur við.

Stefán Eiríksson: Það eru nú fram komnar allmargar viðauka- og breytingartillögur við frumv. þetta, meðal hverra ein er frá mjer. Snertir hún Sandfells prestakall í Austur-Skaptafellssýslu. Þegar prestakallamálið var rætt á þinginu 1879, tók jeg það fram um Sandfell, að jeg áliti sangjarnt og með öllu nauðsynlegt að það strax yrði bætt upp með 700 kr. Áleit jeg þá og álít enn þessa uppbót á Sandfellsprestakalli miklu nauðsynlegri, en uppbótina til Ása í Skaptártungu. Vilji menn hafa prest í þessu brauði, þá hljóta menn að gjöra þessa breytingu, svo einhver sæki um brauðið, er það losnar annaðhvort af því núverandi prestur deyr eða fer frá brauðinu, því prestlaust má brauðið ekki vera, þar sóknarmönnum er ókleyft að leita til annara presta, hvort heldur er fyrir austan þá eða vestan. Næsti prestur fyrir vestan er á Prestsbakka, og þangað eru fullar 3 þingmannaleiðir, yfir Skeiðarársand að fara, og á honum 2 stórvötn, og lítt fær, svo yfir Fljótshverfi og nokkuð af Síðu. Fyrir austan er Kálfafellsstaður næsta prestssetur, og er þá yfir Breiðamerkursand að fara, sem er jafn ómögulegt og fullt eins langt og að Prestsbakka. Sandfellsprestakall verður landsstjórnin: þingið og stjórnin, að gjöra svo viðunanlegt, að líkur sjeu til, að um það verði sótt. Það hafa líka verið bætt upp, og það ríflega, brauð, sem engin ástæða virðist til að bæta upp, t. a. m. Dvergasteinn í Suðnr-Múlasýslu með 300 kr. Þetta brauð var engin þörf að bæta upp, því þar vilja opt til stór höpp. Þar er nærri á hverju ári ágæt síldarveiði, og presturinn fengið ef til vill í landhlut nokkur hundruð kr.; jeg hef heyrt, að þar hafi á stundum fengizt af einum fyrirdrætti síldar í landhlut að Dvergasteinslandi 600 til 800 kr. Eitt af því, sem fælir menn frá að sækja um Sandfell, er það, að þar er engin jörð, sem prestsekkja getur fengið til ábúðar, ef þörf gjörist, auk þess sem fastar tekjur brauðsins eigi eru, að því er mig minnir, meiri en 4 fjórðung. smjörs. Mál þetta um uppbót Sandfellsprestakalls hefur verið rætt á hjeraðsfundi og skýrslur um það líklega verið sendar stiptsyfirvöldunum, jafnvel þó jeg viti þetta ekki upp á víst, og þá er hjeraðsfundi um að kenna, að málið ekki er komið í hreyfingu af yfirstjórninni. Prestakall þetta hefur líka rýrnað nokkuð á þessu ári, því í vor, þegar Skeiðará hljóp, skemmdi hún töluvert af engjum prestssetursins; enda er hætt við, að það með tímanum rýrni enn meir, þar sem engjarnar liggja suður við „sanda“ Skeiðarár og hún ber aur og leðju ofan í engið. Skal jeg svo ekki tala fleira viðvíkjandi viðaukatillögu þessari, en jeg vona og hef það traust til þingdeildarinnar, að hún samþykki hana á sínum tíma. Það er sjálfsagt, að mesta nauðsyn hefði verið að fá þessa 700 kr. uppbót nú strax, en jeg þorði ekki að fara fram á það, og því stungið upp á, að viðbótin fengist við næstu prestaskipti, því hin stefnan, að fá uppbótina strax, var felld á þingi í hitt eð fyrra. Viðvíkjandi breytingartillögum hins h. þm. Ef. (E. Á.), skal jeg taka það fram, að jeg ímynda mjer að þær sjeu á góðum rökum byggðar, þó þær fari í allt aðra stefnu, en frumvarpið sjálft. Mig furðar líka á því, ef það er svo, að hjeraðsfundir hafi komizt að þeirri niðurstöðu, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, en jafn nákunnugur og samvizkusamur maður sem þm. Ef. (Ein. Ásm.) er, hefði eigi farið að koma með þessar breytingar, ef þær eigi væri nauðsynlegar og hagfelldari, en ákvarðanir frv. Yfir höfuð get jeg fallizt á allar þær breytingar- og viðaukatillögur, sem fram hafa komið. Þannig er það orðið alkunnugt, hvílíkar stórskemmdir hafa orðið á mörgum jörðum í Rvls. og hve mikil áhrif til rýrnunar þessar skemmdir hafa haft á ýms prestaköll þar í sýslu. Að endingu skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að mjer hefði fundizt öll þörf fyrir deildina að ræða betur 6. gr. frv.; jeg skil ekki í, að menn hafi rætt þessa breytingu vandlega á hjeraðsfundi og því síður að menn hafi þar komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki þyrfti að bæta Meðallandsþing upp nema með 200 kr. Það prestakall hefði ekki

veitt af bæta upp með 400 kr í hið minnsta. Jeg hef litlar vonir um, að nokkur sæki um það brauð með ekki hærri uppbót en 200 kr. Mönnum hefur eigi hingað til þótt svo glæsilegt að fara í Meðallandsþingin. Þar er víst heldur engin bújörð fyrir prestinn. Þykkvabæjarklaustur er að vísu betra brauð, en þó er jeg hræddur um að ekki verði sótt um það, nema það fengi svo sem 200 kr. uppbót. En jeg skal þó ekki fara fleiri orðum um það, enda er þm. Vsk. innan handar, ef honum svo sýnist, að koma með breytingar við þessa grein, þegar málið kemur fyrir neðri d.

Benedikt Kristjánsson: Jeg skal að eins leyfa mjer að fara fáum orðum um viðaukauppástungu þá, sem jeg hefi leyft mjer að koma fram með. Skal jeg þá fyrst geta þess, að jeg mundi ekki hafa komið fram með þessa uppástungu, ef mjer hefði eigi verið það kunnugt, að almenn óánægja væri meðal safnaða þeirra, sem hlut ætti að máli, þar sem ræða væri um sameiningu Grenjaðarstaðaprestakalls og Múla. Mál þetta var búið að ræða ýtarlega í öllum þremur sóknum: Grenjaðarstaða-, Múla- og Nessóknum, og lutu umræðurnar að því, hve óhagkvæm þessi ráðstöfun væri. Einkum þótti mönnum það óhagkvæm ráðstöfun, að presturinn skyldi gjalda af Grenjaðarstað 1700 kr. í *peningum* til landssjóðs. En af því þetta mál liggur ekki beinlínis fyrir nú, en verður rætt sjerstaklega hjer í deildinni síðar, þá sleppi jeg að tala frekar um það að sinni. Það var líka tekið fram á fundunum, að tillag það, 1700 kr., sem lögin 27. febr. 1880 ákveða að greiða skuli af Grenjaðarstaðaprestakalli, væri of hátt. Þetta gjald hefi jeg því leyft mjer að færa niður í 1300 kr., og skal jeg nú leyfa mjer að færa nokkrar ástæður fyrir þessari niðurfærslu.

Eptir brauðamatinu 15. des. 1865 eru tekjur Múlaprestakalls 903 kr. 10 a. og í hinu endurskoðaða brauðamati 6. júlí 1870: 1290 kr. 35 a. Þetta brauð á nú, eptir prestakallalögum 27. febr. 1880, að sameina við Grenjaðarstaðaprestakall, en aptur á að taka Þverársókn frá Grenjaðarstöðum. Jeg get nú ekki sagt með vissu, hve mikið sóknargjaldið er í Þverársókn, en það mun þó nema töluverðu. Þegar 1300 kr. eru greiddar af Grenjaðarstaðaprestakalli, þá er það meira, en tekjurnar af Múla nemi, þar sem vanta 10 kr. til þess að Múli geti bætt upp þessar 1300 kr. Þetta, sem jeg fer fram á, er eindreginn vilji þeirra safnaða, sem eiga að verða söfnuðir Grenjaðarstaðaprestakalls. Sem ástæðu má enn fremur taka það fram, að þótt Múlakirkja verði lögð niður, og andvirði hennar renni í sjóð Grstaðakirku, og Múlasóknargjald rynni og til Grenj.prk., þá mundu tekjurnar samt sem áður naumast hrökkva til að viðhalda kirkjunni og endurbyggja hana eptir kröfum nútímanna. Kirkjan verður eptir því fremur byrði en hlunnindi fyrir prestinn, sem annars getur haft sjóð kirkjunnar án þess að borga vexti af honum. Einnig er mjer það kunnugt, að stungið hefur verið upp á því á fundum þessara safnaða, að leggja bæi frá Múlasókn til Nes-sóknar, og álít jeg það heldur til bóta, þar sem hægra er frá mörgum bæjum í Múlasókn að sækja kirkju að Nesi, einkum vegna vatnsflóða á kirkjuleiðinni, sem verða mikil, einkum á vorin í leysingum, svo menn verða að fara langan krók til þess að komast til Múlakirkju, og gengur opt langur tími áður fært verður hina skemmstu leið. Auk þessa má taka það fram, að Neskirkja er enn torfkirkja, sem þyrfti að endurbyggja, en til þess getur hún ekki borið sig sjálf, ef byggingarmátanum yrði breytt eptir kröfu nútímans, sem sjálfsagt er að gjöra. Jeg hefi ekki sett vel á mig, hve hátt Grenjaðarstaður var metinn við seinasta brauðamat, en það mun þó vera 2000 kr. eða lítið eitt þar yfir. En þess ber að geta, að margar kirkjujarðir, sem heyra undir þetta prestakall, eru og hafa verið mjög hátt leigðar í samanburði við aðrar jarðir, og getur presturinn því naumlega vænzt að byggja þær jafnhátt, einkum ef hjer við bætist, sem ekki er ólíklegt, að ábúendaskortur verði, enda mun líka nú þegar vera búið að setja hann niður á mörgum þeirra. Af því mjer er lítið kunnugt um, hve heppilegar hinar aðrar breytingar sem fram hafa komið, eru, skal jeg leiða hjá mjer að tala um þær.

Sighvatur Árnason: Jeg stend upp að eins til þess að bæta fáeinum orðum við tölu mína áðan, því mjer gleymdist að geta þess þá, viðvíkjandi Oddaprestakalli, að presturinn þar hefur gefið sam-

þykki sitt til þeirrar breytingar, sem jeg hefi komið fram með við það brauð, og hefi jeg hjer brjef frá honum því til sönnunar, sem jeg skal lesa upp, ef h. h. deildarmenn vilja *(Árni Thorsteinson:* „Nei“). Þess gjörist víst ekki heldur þörf.

Forseti: Út af fyrirspurn h. 1. þm. Rvl. um, hvort engin skýrsla væri komin til stiptsyfirvaldanna um fundarhöld viðvíkjandi breytingum þeim á prestaköllunum, sem hann hefur farið fram á í viðaukatillögu sinni, skal jeg geta þess, að þessar skýrslur eru komnar til stiptsyfirvaldanna, og eru í öllu samhljóða því, sem þm. hefur tekið fram. Jeg skal líka geta þess, að prófasturinn er samþykkur þessum breytingum. Stiptsyfirvöldin munu fús að ljá skýrslur þessar, svo þær geti orðið kunnugar þmönnum.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. í e.h. — Brt. 2. þm. Ef. við 2. gr. sþ. m. 9 atkv. — 2. gr. frv. þar við fallin.— Brt. sama þm. við 3. gr. sþ. með 8; 3. gr. þar við fallin. — 4. gr. felld í e.h. 5. gr. frv. fallin með 2. gr.; 6. gr. sþ. í e.h. Vust. þm. Nþ. aptan við frv. sem 7. gr. sþ. m. 7 atkv. Vtill. þm. Ask. um Sandfell, ný gr., sþ. m. 8 atkv. Vtill. 1. þm. Rvl. um að Teigs- og Eyvindarmúlasóknir skuli vera prkall fyrir sig, og leggjast 200 kr. úr lsj., ný gr., sþ. m. 9. — Vtill. sama þm. um að Breiðabólstprk. sje Breiðabólst.- og Stórólfshvolssóknir, og af brauðinu greiðist 300 kr. í lsj., ný gr., sþ. m. 9 atkv. Vtill. sama þm. um Oddaprkall, ný gr., sþ. m. 9 atkv. Vtill. sama þm. um 300 kr. uppb. til Stóruvallaprestakalls, ný gr., sþ. m. 8 atkv. Fyrirsögn frv. sþ. án atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 9 atkv.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að gefa hinni h. d. *skýrslur um ráðstöfun stjórnarinnar til að undirbúa endurskoðun og leiðrjetting jarðamatsins frá 1. apríl 1861.* Í þessu tilliti skal jeg skírskota til ráðgjafabrjefs 28. febr. f. á. og umburðarbrjefs landshöfðingja 1. apríl f. á., sem prentuð er í Stjórnartíðindunum, og sýna ráðstafanir stjórnarinnar til að undirbúa þetta mál. Þær skýrslur, sem safnað var samkvæmt brjefum þessum voru fyrst sendar hinum fyrverandi landshöfðingja, sem yfirfór þær og rannsakaði, og hefir hann síðan í brjefi til stjórnarráðsins, lýst yfir þeirri skoðun sinni, að þær sjeu ónógar til að semja eptir þeim lagafrv., er nú yrði lagt fyrir þingið um þetta málefni, og á þessa skoðun hefur stjórnarráðið fallizt, og eigi sjeð sjer fært að gjöra meira í málinu að sinni. Stjórnarráðið ákvað samt að senda hingað allar þær skýrslur og skjöl, er snerta mál þetta, og hefur boðið mjer að gefa þinginu kost á að kynna sjer þau og síðan tekið til íhugunar, hvernig endurskoðun jarðamatsins verði bezt komið fram, eða hvað tiltækilegast muni vera að gjöra, til að taka af þær misfellur, sem lh. í ofannefndu brjefi hefur sýnt fram á að væru á matinu. Þessi skjöl hefi jeg afhent forseta neðri d., og beðið hann að leggja þau fram, og munu þau nú þegar vera fram lögð á lestrarsalinn. Frá þessu skýri jeg hjer með hinni h. d., svo hún viti, hvar skjölin er að finna og geti kynnt sjer þau. Enn fremur skal jeg geta þess, að svo framarlega, sem þingið er á því, að hreppsnefndum beri borgun fyrir starfa sinn við undirbúninginn, þá hefi jeg umboð til að koma fram með ust. í þá átt við umræðurnar um fjáraukalögin.

Tíundi fundur, fimmtudag 12. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri (C 127); 3. umr.

Einar Ásmundsson: Vjer höfum þrír þm. hjer í d. leyft oss að gjöra breytingu við frv. þetta, eins og það var sþ. við 2. umr., og vona jeg að hinir h. þm. hafi brt. fyrir sjer (C 133). Fyrst höfum vjer gjört þá br. við 9. gr., að orðið: „amtmanni“ falli burt. Ástæðan fyrir þessari br. er sú, að í bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur, sem þetta lfrv. einkum er sniðið eptir, er eigi gjört ráð fyrir, að bæjarstjórnin standi undir amtmanni, heldur beinlínis undir lh., eða með öðrum orðum bæjarstjórnin er hjer sama sem hreppsnefnd, sýslunefnd og amtsráð, í einu lagi. Af þessari einu ástæðu höfum vjer komið fram með þessa brt. um að fella þetta orð úr frv., svo það yrði að þessu leyti samkvæmt bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur. Í öðru lagi höfum vjer

hinir sömu þm. farið fram á br. á 10. gr. en sú br. verður þýðingarlaus við fyrri breytinguna, og því lýsi jeg yfir því, að jeg í mínu nafni og hinna tveggja, sem ásamt mjer rituðu undir brt., tek hana aptur.

Landshöfðingi: Þegar mál þetta kom til 2. umr., voru og ræddar brt. frá hinum h. þm. Ef. (E. Á.), sem voru þannig lagaðar, að jeg sem fulltrúi stjórnarinnar að vísu ekki fann ástæðu til að tala á móti þeim, en annar h. þm. hjer í deildinni (M. St.) talaði mót þessum brt., og færði svo ljósar ástæður fyrir mótmælum sínum, og sýndi svo ljóslega fram á, hve óhagfelldar þessar breytingar væru, að jeg hjelt að þm. myndi sannfærast af orðum hans og hafna þessum brt., og fann því eigi, sem þingmaður, ástæðu til að taka upp aptur það, sem þessi h. þm. hafði tekið fram. En sú ákvörðun, sem komst inn í frv., er brt. var samþykkt, er þó býsna veruleg, að því leyti sem hún er einstök í þeim bæjarstjórnarlögum, sem gilda fyrir kaupstaðina hjer á landi, þar sem öðrum reglum er fylgt í öðrum kaupstöðum landsins. Mjer þætti mjög illa farið, ef ákvörðun þessi um kosningu bæjarfulltrúanna til 3 ára stæði í vegi fyrir því, að frv. öðlaðist staðfestingu kgs; þó jeg voni að svo verði eigi, af því br. er eigi fjarskalega veruleg frá sjónarmiði stjórnarinnar. En jeg vil benda þm. á, að mjer þykir þessi br. nokkuð ískyggileg, þar sem bæjarstjórar skulu kosnir að eins til 3 ára, en eigi 6 ára, eins og í Reykjavík, nje heldur til 5 ára, eins og nú er á Akureyri, og í frv. því til bæjarstjórnarl., sem nú er fyrir n.d. þingsins, er og ætlazt til að bæjarfulltrúar þar skuli framvegis kosnir til 6 ára eins og áður. Þó þessi ákvörðun sje eigi svo veruleg frá sjónarmiði stj., þá er hún þó ósamkvæm öðrum gildandi ákvörðunum um sama efni. Mjer virðist líka ástæður þær, sem teknar voru fram við 2. umr. fyrir þessari br., eigi þess eðlis, að þær hefðu átt að geta ráðið úrslitum málsins, eins og hinn h. þm. er móti þeim mælti, ljóslega sýndi fram á. Af því jeg er eigi ugglaus um, að þessi br. kynni að standa í vegi fyrir því, að Akureyri öðlist þessa rjettarbót, þó jeg voni að það verði ekki, þá hef jeg bent hinum h. þm. Ef. (E. Á.) á þetta atriði, og jeg vil skjóta því til þm., hvort hann finni eigi ástæðu til að fá þetta mál tekið út af dagskrá, og umræðunni frestað, svo hann geti íhugað nákvæmar, hvort eigi væri varlegra, að koma frv. í sitt upprunalega horf.

Einar Ásmundsson: Eins og jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, þá er brt. mín við 5. gr. óvanaleg regla í sveitastjórnarlögum vorum, en jeg hef borið hana fram eptir mjög innilegri ósk Akureyrarbúa. Jeg er hinum hæstv. lh. samsamdóma um, að brt. sje eigi fjarskalega veruleg frá sjónarmiði stjórnarinnar og vona jeg þess vegna eins og hann að hún standi eigi í veginum fyrir því, að stjórnin samþykki frv. Við 2. umr. málsins gat jeg og um, að sú skoðun væri mjög farin að hreifa sjer hjá alþýðu manna, að kosið væri nú til oflangs tíma í sveitarstjórnirnar. Eigi að eins sjálfir þeir, er fyrir kosningunni verða, þreytast við að hafa störf þessi á hendi um svo langan tíma, heldur þreytast og þeir, sem undir þeim eiga að standa, og hlýða þeim á hinum langa starfstíma þeirra, og finnt þeir dofni og linist í sóknum þegar til lengdar lætur. Jeg vil því leggja það til að hin h. d. samþykki frv. eins og það er orðið. Ef hinum 2. þm. kjördæmisins í n. d. (A. O.) skyldi virðast annað en mjer og leggja það til, að frv. væri kippt aptur í sitt upprunalega form, og sú þingdeildin fjellist einnig á það, þá skal jeg ekki setja mig á móti þeirri breytingu, því jeg vil ekki gjöra þetta atriði að kappsmáli. En eins og nú stendur, óska jeg að frv. þannig löguðu verði skotið undir dóm n. d.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætla eigi að tala langt mál í þetta sinn, en stend upp að eins til þess, að bera hinum h. 2. þm. Eyfirðinga (E. Á.) vitni. Hann hafði rjett að mæla. Sú skoðun er eigi að eins farin að hreifa sjer hjá mönnum, heldur er hún orðin ríkjandi, að langt um heppilegra væri að kjósa optar, eigi að eins til hreppsnefnda, heldur og jafnvel til alþingis, og jeg ímynda mjer, að á lestrarsal þingsins liggi skjöl og skýrslur, sem þetta sanna. Ef lh. ætlar eigi, að þetta atriði verði því alveg til fyrirstöðu, að stjórnin samþykki frv., þá gef jeg atkv. mitt með frv. þannig löguðu. Og satt að segja get jeg með engu móti skilið, að stjórnin láti

þetta smáatriði verða til þess að fella frv. Væri svo, þá held jeg yrði lítið úr valdi og verksviði þingsins á endanum, ef svona lítið atriði yrði til þess, að stjórnin samþykkti eigi frv.

Atkvgr.: brt. við 9. gr.: að orðið „amtmanni“ falli burtu, sþ. með 9 atkv. Brt. við 10. gr. tekin aptur af flm. Að frv. þannig lagað gangi til n. d. sþ. með 10 atkv.

Frumvarp til laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859 um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi (C6)*; 3. umr.*

Frumvarpið samþ. umræðulaust í e. h., og afgreitt síðan til neðri deildar.

Ellefti fundur, föstudag 13. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (C 123); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg stend upp í þetta sinn af því jeg á hlut í brust. við frv. Við 2. umr. þessa máls talaði jeg um verðhæðina viðvíkjandi tveimur jörðum, Vík í Dyrhólahreppi og Þverá í Kleifahreppi. Jeg hef náð áliti kunnugra manna á þessu máli, og er það þá almennt álitið, að Vík sje mikils til of hátt sett í frv. Jeg talaði nokkuð um þá jörð við 1. umr. Ábúandinn vill feginn kaupa jörðina, en þykir hún of dýr, svo að jeg efast um, að hann gefi sig að kaupunum með þessu verði. Og verð jeg að segja það, að mjer þykir strangt af þinginu, að setja svo hátt verð á jarðirnar, að ábúendur ganga ei að kaupunum, eða gjöra það nauðugir. Þessi jörð er að vísu með betri jörðum í því hjeraði; þar er fýlatekja töluverð, en landlítil er hún; rekajörð er hún kölluð, en það er fremur að nafninu til. Þegar Jón sálugi umboðsmaðnr Jónsson bjó þar, hafði hann að vísu mikinn reka, en hann hafði hann mestmegnis annarstaðar frá af hinni svo kölluðu Bolhraunafjöru. Jeg vil engan veginn draga jörðina niður eða rýra hana á nokkurn hátt, heldur einungis segja satt og rjett frá öllu. Jeg skal svo eigi orðlengja þetta, en fela deildinni þessa tölubr. Svo sný jeg mjer að Þverá. Br. sú, sem jeg fer þar fram, er fremur lítilvæg, enda skal jeg ekki gjöra hana að kappsmáli, en það verð jeg að segja, að margra álit er það, að verðið í frv. sje of hátt, og þegar litið er til þess afgjalds, sem nú er greitt af jörðinni, þá verður því ekki neitað, að lsj. græðir á sölunni, þegar þetta afgjald er borið saman við rentur þær, sem greiðast af höfuðstól, sem er 1900 krónur. Þegar verðið er sett mjög hátt, getur litið svo út, sem lsj. farizt okurlega. Þá kem jeg nú að 3. liðnum, sölunni á Brekku, sem er nýmæli. Mjer gafst ekki kostur á fyr en í þessu augnabliki að sýna h. h. d. skýrslur og skilríki, sem við koma þeirri jörð, en þau eru frá sýslumanninum í Gullbringusýslu og tveimur merkum mönnum í hreppnum. Þessir menn eru þeir Árni hreppstjóri á Meiðastöðum og Helgi Sigurðsson á Útskálum sýslunefndarm., og hafa þeir gefið lýsingu á jörðinni, og að endingu matið hana og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún sje metandi til 1200 kr. Í skjalinu frá sýslumanninum er þess getið, að hugsandi væri, að jörðin við næstu ábúendaskipti byggðist með 120 álna landskuld, og er það nokkuð hærra en nú er; sjeu nú þessar 120 áln. reiknaðar til peningaverðs, þá ímynda jeg mjer, að það verði nokkuð nálægt rentunni af 1300 kr., sem ábúandinn býður fram. Boð ábúandans er fyllilega aðgengilegt, eins og skýrslurnar líka benda til. Þess verð jeg líka að geta, að jörðin hefur batnað við þessa seinustu ábúð, einmitt ábúð þess manns, sem sækir nú um að kaupa hana. Og þetta atriði finnst mjer svo mikilvægt, að jeg get ekki betur sjeð, en að það sje þess vert, að tekið sje tillit til þess. Grundvallarskilyrðið fyrir því, að sjálfseignir sjeu til framfara, er það, að sjálfseignarbændurnir bæti jarðir sínar. Hjer er vissa fyrir því, að sjálfseign verður til framfara, ef þessum ábúanda verður gjörður aðgengilegur kostur á að kaupa jörðina. Að slíkri sjálfseign, sem auðsjáanlega verður til framfara, finnst mjer að bæði stjórnin og þingið sjeu skyld að hlynna. Jeg er því ekkert meðmæltur, að þjóðjarðir sjeu seldar út í bláinn, en það álít jeg að eigi að vera helzta augnamiðið við sölu þjóðjarða, að það sje til framfara

fyrir landbúnaðinn, og þjóðjarðirnar verði sjálfseignir.

Landshöfðingi: Eins og jeg gat vel fellt mig við br. þær, er fram komu við 2. umr. þessa máls, eins get jeg nú með engu móti fallizt á brust. við 3. umr., að færa verðið niður á nokkrum jörðum. Jeg verð að halda því föstu, að lsj. eigi ekki að selja jarðir sínar nema fyrir fyllsta verð. Hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) talaði um, að taka ætti tillit til augnamiðsins fyrir þjóðjarðasölunni, sem væri það, að salan yrði til framfara. Því svara jeg svo: Kaup á þjóðjörðum eru gjörð svo aðgengileg sem framast má verða í frv., með þeim ákvörðunum, sem settar eru um greiðslu kaupverðsins; aðalatriðið hjer er borgunarmátinn, sem er með svo vægum kjörum, þar sem helmingur kaupverðsins má standa í hinni seldu jörð, einungis $^1/_4$ hluti skal greiðast þegar kaupbrjef er gefið út, og sá $^1/_4$, sem þá verður eptir, á að borgast á 5 árum. Það mun óhætt að fullyrða, að í viðskiptum manna á milli bjóðast eigi slíkir kostir við jarðakaup, og get jeg ekki betur sjeð, en að slíkir kostir vegi það fyllilega upp, þó verðið væri nokkuð hátt sett. Jeg endurtek það, að lsj. á ekki að selja nema með fyllsta verði og það því fremur sem jarðir þær, er sótzt er eptir að kaupa, eru venjulega beztu jarðirnar, bezta eign lsj. Vtill. fer fram á, að bæta einni jörð við, Brekku, en mjer getur með engu móti fundizt, að 1300 kr. sje nógu hátt kaupverð. H. 1. þm. Rvl. (S. Á.) vill láta 120 álnir samsvara rentunum af 1300 kr. Það get jeg ekki fallizt á. Þó alinin væri reiknuð á 50 aura sem þó er of lágt, þá yrðu eigi að síður 120 al. = 60 kr., og það eru rentur, ekki af 1300 kr., heldur af 1500 kr. Og jeg skal bæta því við, að 1500 kr. er hið minnsta verð fyrir jörðina og mun í raun og veru vera of lágt. Jeg skal að endingu ráða h. h. d. til þess að sþ. frv. eins og d. skildi við það eptir 2. umr.. án þess að taka til greina br. þær, sem komið hafa fram við 3. umr.

Sighvatur Árnason: Mjer dettur engan veginn í hug að leggja kapp á þetta mál og skal fúslega kannast við það, sem hinn hæstv. lh. tók fram, að reglurnar fyrir jarðasölunni eru mjög sanngjarnlegar og bæta töluvert úr hinu háa verði. En öðru atriði í ræðu hins hæstv. lh. vil jeg svara. Hann tók fram, að það væru beztu jarðirnar, sem falaðar væru. Vera kann, að þetta sje satt og setjum nú að svo sje. Getur það eigi komið vel heim við það, sem jeg sagði áðan? Mun eigi svo vera, að jarðirnar sem falaðar eru, eru taldar beztu jarðirnar, einmitt af því, að þær eru vel setnar nú sem stendur, og það yrði æfinlega svo, ef þeirri reglu væri fylgt, er jeg tók fram áðan, að selja þeim einum, sem búnir eru að sýna framfaralega ábúð, þá get jeg ekki betur sjeð, en að líta eigi á það, ef það er dugnaði og framtakssemi ábúendanna að þakka, að jarðirnar hafa verið umbættar og eru nú fyrir þá skuld kallaðar beztu jarðir. Þá finnst mjer að rangt sje af lsj. að selja þessum ábúendum þeirra eigið fje og þeirra eigin sveita, sem liggur í jarðabótinni, með uppskrúfuðu verði. Auðvitað er, að eðlilegt er, að jörðin sje seld við hærra verði fyrir jarðabótina, og aptur á hinn bóginn er mörg sú jörð, sem ekki er í áliti, fyrir þá skuld, að hún er í vanhirðu, en er í sjálfu sjer góð og getur tekið á móti miklum framförum, ef til vill. Og jeg get ekki betur sjeð, en að þingið ætti að hafa vit á, að greina það sundur, hvort það er fyrir umbætur hinna núverandi ábúenda, sem æskja eptir að kaupa, að jarðirnar eru orðnar góðar, eða ekki. Hafi ábúandi bætt jörð sína meðan hann var leiguliði, þá er vissa fyrir því, að hann muni ekki svíkjast um að bæta hana, þegar hann hefur sjálfur eignazt hana og fer að búa hana í garðinn fyrir sig og eptirkomendur sína. Sjálfseign hefur litla þýðingu undir þeim manni, sem annaðhvort ekki bætir jörðina eða níðir hana niður, og þegar slíkir menn fala jarðir, er hættast við að aðrir sjeu á bak við eyrað með pyngjuna.

Ásgeir Einarsson: Jeg get eigi minnzt á þetta mál án gremju, og það hefur ollað mjer meiri gremju, að stjórnin samþykkti eigi frv. frá seinasta þingi, heldur en nokkur önnur samþykkissynjun stjórnarinnar. Jeg er kunnugur öllum þessum málavöxtum frá rótum, hvað Húnavatnssýslu snertir, og við 2. umr. málsins hjer í deildinni sýndi jeg ljóslega fram á, að lsj. hefur beðið mikinn skaða við það, að stjórnin samþykkti eigi frv. frá alþingi

1881, og fari nú svo, að stjórnin samþykki heldur eigi þetta frv., þá verður það lsj., sem líður skaðann, og heldur áfram að líða skaðann, því að nú eru harðindin komin, og menn standa eigi við jarðakaupaloforð þau, sem menn gáfu, meðan vel áraði, og svo hafa menn jafnvel firrzt við þessa aðferð stjórnarinnar. Hinn hæstv. lh. lagði móti br.till., en jeg veit með vissu, að það að halda fast við söluverð stjórnarinnar, er sama sem að selja ekki, því jeg get fullvissað hinn hæstv. lh. um, að í þessum árum kaupir enginn lifandi maður jarðir með upphækkuðu verði frá því, sem þingið stakk upp á 1881. Jeg get ekki annað en látið það í ljósi, að það sætir mikilli furðu, að stjórnin, sem þó ekkert þekkir til, skuli hækka verðið fram úr því, sem amtsráð og sýslunefndir leggja til. En þetta veit jeg hefur átt sjer stað um jarðir í Húnavatnssýslu, og þó hafði stjórnin enga vissu fyrir, að nokkur maður gengi að þessu verði, sem hún setti, að líkindum eptir tillögum þess manns, sem hafði allra manna minnst vit á slíku. Jeg vil greiða atkv. með því, að þetta frv. fái að slammast ofan í n.d., en líklegt þykir mjer að n.d. skapi því aldur. En það verð jeg að segja, að það er ekki þinginu heldur stjórninni, rg. og lh., að kenna, að landbúnaðurinn og lsj. hefur skaða í þessu máli. Vera kann, að söluskilmálarnir kunni að vera góðir, en jeg fyrir mitt leyti vil ekki vinna það til að borga tvöfalt, þó jeg ekki eigi að gera það fyr en seinna. Þannig gjöra þessir góðu skilmálar ekkert til, því að málið ónýtist vegna þess að jörðunum er haldið í uppskrúfuðu verði.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki tala lengi í þetta sinn. Jeg hef áður lýst skoðun minni á þjóðjarðasölu og þeirri sömu skoðun held jeg enn. Jeg álít engan veginn nauðsynlegt að selja þjóðjarðir, en mjer finnst rjett að gefa þeim kost á að kaupa, sem mjög sækjast eptir að eignast ábúðarjarðir sínar, og satt að segja gengu orð h. þm. Str. alveg yfir mig, þar sem hann sagði, að menn stæðu eigi við loforð sín um jarðakaupin; jeg held þvert í móti að nú vilji menn miklu heldur kaupa eptir þessum skilmálum sem nú bjóðast, en söluskilmálum þeim sem stjórnin fram bauð í hitt eð fyrra; en vilji menn ekki kaupa þá álít jeg það engan óhag landsjóðsins vegna. Eins og h. d. er kunnugt var Þverá sett upp á seinasta þingi. Þegar jeg kom heim af þingi, 1881 kom ábúandi Þverár til mín og spurði mig hvernig farið hefði. Jeg sagði eins og var, að jarðarverðið hefði verið hækkað á þinginu. En hann ljet í veðri vaka, að það gjörði ekkert til, og hefði fúslega keypt jörðina strax fyrir þetta verð, hefði hann fengið; svo breytingaratkvæði það sem hjer liggur fyrir, um lækkun á Þverá álít jeg að ekki sje á, neinum skynsamlegum rökum byggt. Og jeg get ekki betur sjeð, eins og jeg hef þegar tekið fram, en að menn kaupi miklu fremur eptir þessu frv. heldur en frumv. því er var lagt fyrir þingið 1881, því að skilmálarnir eru nú langtum betri. Þannig get jeg ekki annað sjeð, en að sjálfseign og sjálfsábúð eflist eins fyrir það þó söluverðið sje sett sanngjarnlega hátt. Hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) og hinn h. 2. þm. Ef. (E. Á.) kann að sýnast að Vík sje nokkuð hátt sett eptir uppástungu stjórnarinnar, en stjórnin hefur nú einmitt farið eptir tillögum sýslunefndarinnar með verðið á Vík. Það er satt, að jörðin er engin sjerleg landjörð, en hún er mikil slægjujörð og fuglatekja er þar mikil. Ábúandinn vill náttúrlega kaupa fyrir það lægsta verð sem fæst, en mjer finnst að þingið eigi að selja fyrir það hæsta verð sem fengist getur, og vilji ábúendurnir heldur sitja við þann háa leigumála sem þeir hafa en kaupa með þolanlegum kjörum, þá er þingi eða stjórn ekki um að kenna. Þá er að minnast á bratkv. um Þórðarstaði, sem jeg með 2 öðrum hef undirskrifað. Þar fór jeg eptir kunnugra manna sögusögn; enda lítur út fyrir, að stjórnin hafi sett verðið þar of hátt, þar sem það er rúmum 200 kr. fyrir ofan tilboðið, en þó skal jeg eigi neita því, að verið geti, að þetta sje sanngjarnt. Mjer finnst rjettast að miða söluna við það, að hvorki lsj. nje ábúandi hafi skaða, en þingið finnst mjer skyldugt að selja fyrir það verð sem fengizt getur.

Benidikt Kristjánsson: Af því að jeg stend undir einu bratkv., vil jeg ekki vera svo ræktarlaus að mæla ekki dálítið með því; það er bratkv. um Þórðarstaði, sem í frv. stjórnarinnar er sett á 1625 kr. Þessi jörð stóð á skránni 1881 og var

þá farið fram á að fá makaskipti á henni og annari jörð, en jafnframt mun og hafa komið tilboð frá ábúanda að kaupa hana fyrir 1200 kr. Mjer er ekki fullkunnugt um mat það, sem gjört hefur verið á jörðunni. Skýrslur þær og skilríki, sem lágu þingdeildinni til eptirsjónar í hitt eð fyrra, hef jeg ekki orðið var við að væru nú lögð fram til athugunar. En jeg geng út frá því, að ábúandanum hafi ekki getað dottið í hug að bjóða fyrir neðan það, sem jörðin rentaði sig fyrir eptir afgjaldinu, eða bjóða lægra en hreppsnefndin mat jörðina. Í frv. stjórnarinnar er nú jörðin sett 425 kr. dýrari en ábúandinn þá bauð. Og af því að jeg sje ekki ástæður fyrir þessari hækkun stjórnarinnar, þá verð jeg að álíta rjettast að fara meðalveginn milli frv. stjórnarinnar og tilboðs ábúanda og þess vegna höfum vjer stungið upp á 1400 kr. Jeg get heldur ekki að hinu leytinu sjeð nokkra hættu í því að fara þessa leiðina. Því í 2. gr. frv. er fullkomin trygging fyrir, að jörðin verði ekki seld nema fyrir fullt verð, þar sem lh. ákveður kaupverð það, er jarðirnar mega seljast fyrir og lætur áður 2 dómkvadda menn virða hverja jörð fyrir sig. Jeg skal fúslega játa, að söluskilmálar þeir, sem stjórnin stingur upp á, eru bæði vægilegir og þægilegir, en að hinu leytinu játa jeg ekki, að það gefi stjórninni rjett til að selja langt fyrir ofan sanngjarnt verð. Það er auðvitað, að hjer á að selja fyrir fyllsta verð, en engan veginn heldur meira. Og þannig get jeg með engu móti verið á máli þm. Ask., sem mjer fannst fylgja því fram, að stjórnin ætti að koma fram sem hreinn og beinn seljandi, koma fram eins og einstaklingurinn, sem vill koma vöru sinni út fyrir svo mikið sem unnt er. En þeir einstakir menn eru til, sem neyta svo rjettar síns í því efni, að þeir ávinna sjer þann óhróður að heita okurkarlar. Jeg verð að ætla stjórninni langtum meira í kaupum og sölum en slíkum einstaklingum. Svo jeg snúi mjer nú að ástæðum ábúandans fyrir að kaupa jörðina, þá skal jeg geta þess, að þær komu fram á þinginu 1881, en af því að jeg get ekki búizt við, að h. þm. muni þær síðan, skal jeg leyfa mjer að taka þær fram í fáum orðum. Þessi ábúandi hefur eigi að eins búið á jörðunni allan sinn búskap um 30—40 ár, heldur er hann fæddur þar og uppalinn og faðir hans bjó þar allan sinn búskap. Hann á og skógarítak í landi jarðarinnar, sem fyrir 40—50 árum var dæmt undan jörðinni og hann hefur síðar fengið keypt. Hvað jörðinni sjálfri viðvíkur, þá er hún harðbalaleg, því nær engjalaus; því graslendi er ekki nema til gripagöngu, en landkostir góðir fyrir sauðfje, eins og að líkindum ræður um skógarjörð, þó að skógurinn að hinu leytinu sje ekki góður fyrir ull fjárins. Jeg get vel búizt við, að leigumáli jarðarinnar sje nokkuð hár; hvort söluverð jarðarinnar er reiknað eptir leigumálanum skal jeg ekkert um segja, því jeg veit það ekki, en ætlun mín er, að það sje þó ekki. Þó nú 1400 kr. skyldi reynast að vera of lágt, jeg tek það fram aptur, þá finnst mjer engin hætta á ferðum, þó þingið leggi það verð til, þar sem lh. getur ákveðið jarðarverðið og þannig hækkað, ef hinum 2 dómkvöddu mönnum sýnist ástæða til þess.

Árni Thorsteinson: Þó segja megi, að það sje að bera í bakkafullan lækinn, að fara að ræða mikið meira um þetta mál, en búið er, þar sem það hefur verið svo ýtarlega skýrt bæði að undanförnu og nú á þessum fundi, þá ætla jeg þó að leyfa mjer að fara enn um það nokkrum orðum. Jeg skal fyrst taka það fram, að jeg er alveg samdóma hinum hæstv. lh. um, að eigi sje rjett að fara að breyta þeim tölum, sem þingið 1881 áleit rjettastar, og stjórnin hefir tekið upp í frumvarp sitt óbreyttar, nema ef að hærri virðingargjörð var komin fram; þær eru þannig byggðar á ýtarlegum skýrslum, sem þá láu fyrir þinginu og ekkert rjettlætir breytinguna. Sömuleiðis er jeg samdóma hinum h. þm. Ask. um að rjett sje að fylgja þeirri grundvallarreglu, að selja þjóðjarðirnar fyrir það verð, sem frekast getur fengizt. Eptir þennan formála skal jeg víkja að vust. hinna þriggja þm. um sölu á þjóðjörðinni Brekku í Rosmhvalaneshreppi, sem h. h. þm. Rvl. hefur haldið svo fast fram; þrátt fyrir hin skorinorðu meðmæli hans hafa engin skjöl sjezt um það, að jörð þessi hafi verið föluð, og engar skýrslur munu liggja til sýnis eða hafa legið á lestrarlasnum um jörð þessa. Hann hefur talað mikið um dugnað ábú-

andans, og fyrir því að jarðarinnar rjetta virðingarverð er 1200 kr. eru bornir tveir merkismenn þar syðra. Mjer ber nú eigi að efast um framburð slíkra manna, en það get jeg upplýst, að ábúandinn fjekk byggingarbrjef fyrir jörðinni 3. okt. 1879, og hefur eptir því tekið jörðina til ábúðar í fardögum 1880. Hann hefur þá búið á jörðinni í 3 ár, og mikilsvert má það því teljast, ef hann hefur á þessum tíma gjört sjerstaklega miklar jarðabætur á þessari jörð, og fróðlegt væri að fá að heyra hverjar þær hafa verið, svo að þær verði rjettilega metnar, og komi ljóslega fram, því annars er að minnsta kosti ekki líklegt að nein sjerstök ástæða sje til að láta þennan ábúanda fá sinn svita keyptan nú þegar, eins og hinn heiðraði þingmaður komst að orði. Einhverjar skýrslur þessari jörð viðvíkjandi hafa verið og eru að flækjast um hjer á borðunum nú á fundinum, en lítið verður á þeim grætt annað en að tveir heiðursmenn hafa virt jörðina á 1200 kr. Jeg veit ekki betur, en að framfleyta megi 2 kúm á þessari jörð, og svo hefur verið um langan aldur; ekki hefur því farið fram; en um lendinguna er ekkert sagt, og eptir sem jeg hefi spurt til, er ekki sjerlega mikið við hana gjört. Jeg get því eigi álitið það sjerlega mikla trygging, þó 2 heiðursmenn hafi virt jörðina á 1200 kr., og ábúandinn síðan boðið 1300 kr. fyrir hana. Jeg efast nú um, að menn vilji trúa mjer, er jeg segi að söluverðið sje of lágt sett, og hefi nokkra reynslu fyrir mjer. Mun jeg því, til þess að menn trúi því sem jeg segi í þetta skipti, ganga nokkuð óvanalegan veg. Jeg hefi sjálfur uppástungurjett eins og hinir 3 h. þm., sem hafa falað jörð þessa til kaups handa *öðrum manni*. Sama slags ust.rjett ætla jeg nú að nota og fala jörðina fyrir *sjálfan mig*, og jeg lýsi því þá opinberlega yfir, að jeg er fús að kaupa Brekku fyrir 1600 kr. Já, jeg lýsi því enn fremur yfir, að jeg mun líklega geta gefið nokkuð meira fyrir hana, þegar jeg er búinn að útvega mjer enn meiri skýrslur. Nú hefi jeg gjört tilboðið, svo þingið ræður, hvort það lætur hana fala fyrir 1300 kr. eða 1600. Ábúandinn býður 19 skpd. af saltfiski, en jeg býð þá nær 23 skpd. *(Sighvatur Árnason*: Ætlar þm. að setjast strax á jörðina?). Sama má það vera, hvort strax er stofnuð sjálfsábúð á jörðinni, eða hún notuð til einhvers nytsams fyrirtækis og það mun jeg fara orðum um. Það er ekki sprottið af eigingirni fyrir mjer, að jeg fala jörðina gagnvart hinum þremur uppástungumönnum, heldur sjer í lagi gjöri jeg það til að vekja eptirtekt manna á kjörum fiskimanna, sem verða að leita suður til fiskjar bæði hjeðan og annarstaðar að um hávetrarleytið, og það er þeim til aðstoðar, að jeg gjöri nú þegar boðið. Þessi jörð er einmitt nauðsynleg fyrir þá. Og þó að nú þetta væri metið lítils, þá finnst mjer alls eigi ráðlegt að keppast við að koma þjóðjörðunum út, þar sem verð þeirra er svo mjög í óvissu. Snemma á öldinni var t. d. Eiði selt fyrir 48 kr., Keflavík fyrir 240 kr. og ein jörð fyrir 750 kr., sem nú er sett 5000 kr. o. s. frv. En jeg vík að aðalefninu, og það er að svo framarlega sem menn hugsa um atvinnuvegina, er nauðsynlegt að gjöra eitthvað fyrir þá, sem þá stunda. Fiskimenn, sem fara til sjóróðra suður í „Garð“, og mega þakka guði fyrir að ná lendingu opt og tíðum fyrir illviðrum og eptir langa hrakningá, hljóta hópum saman um hávetur að standa í bæjargöngum úti í útihúsum og opnum hjöllum heilar nætur. Við þessi kjör hafa þeir mátt búa mjög lengi og engin bót verið á ráðin. Harðrjettið er ekki sprottið af viljaleysi bænda suður frá, því þeir láta fúslega í tje það, sem þeir eru færir um, þegar á liggur, en þeir hafa engin tök á að standa straum af þessum ágangi; svo er hann mikill. Til þess að afstýra þessum vandræðum, er jörðin Brekka einkarvel fallin. Hún liggur rjett hjá Vörum, og þar hefur sýslun. í Gullbringu- og Kjósarsýslu veitt tæpar 700 kr. til að bæta lendinguna á Vörum, en jeg held að Brekka hafi eigi orðið aðnjótandi neins af þessum styrk til að endurbæta lendinguna þar, þó að jörðin sje eign landssjóðsins, og hefði því staðið engu fjær til jarðbótar en sjálfseign. En væri sú lending, sem er á Brekku, bætt, og nýjar lendingar gjörðar, mundi þar verða hentugt uppsátur fyrir marga fiskimenn, og sú jörð væri hentug til að byggja á sæluhús, verbúðir og fl. handa sjómönnum af Innnesjunum. Þegar jeg nú fala þessa jörð, má enginn gjöra sjer í hugarlund, að jeg gangi frá kaupunum fyrir 1600 kr. Jeg skal standa við boð

mitt, og það er jeg hefi sagt um væntanleg afnot jarðarinnar. En jeg er hræddur um, að jeg fái hana ekki fyrir það verð, og þó meira væri boðið. Enda er sannast að segja, að engin ástæða er til að selja í hugsunarleysi kóngsjarðirnar á Suðurnesjum, þar sem á þeim má koma upp þarflegum fyrirtækjum, er greiði fyrir fiskiveiðum og rýmki um fyrir sjómönnum, og verður þá meira á unnið t. a. m. með þessari jörð, en að selja hana fyrir 1300—1600 kr., sem jeg hefi boðið til að sýna, hvort menn geta ekki hringlað við verð það, sem sett er út í bláinn, eins og 1200 kr. virðingin eða 1300 krónuboð ábúandans, sem er borið fram, en sem jeg ekki hefi sjeð. Þm. má nú vera orðið það ljóst, að jeg er á móti þeim ust., er komnar eru í dag, og það af gildum ástæðum.

Ásgeir Einarsson: Það eru nú orðnar nokkuð langar umræður um þessa þjóðjarðasölu, enda hefi jeg litla ánægju af að taka aptur til máls, en jeg get ekki látið vera, að lýsa enn einu sinni gremju minni yfir því, að stj. ekki samþykkti frv. þ. í hitt eð fyrra. Nú hefur stjórnin heimtað jarðirnar virtar á ný, en spurning er hvort stj. muni vinna mikið við nýa virðingu. Eptir 1. gr. frv. þarf stj. ekki að binda sig við virðinguna eða ust. þm. um söluverð á jörðum. Hún getur ætlð hækkað verðið, þó hún geti ekki lækkað, enda mun henni vera það sízt nærri skapi. Eins og jeg hefi áður tekið fram, er jeg mjög óánægður með söluverðið á Miðhópi í Húnavatnssýslu, og vildi jeg helzt færa það niður, til þess að gjöra stj. mögulegt, að selja þá jörð. Því eins og verðið nú er, skil jeg ekki að salan gangi greitt. Ein óhamingja hefur enn leitt af neitun stj. um að staðfesta frv., sem samþ. var á þ. 1881, og er hún fólgin í því, að þeir, sem þá myndu hafa getað klofið fram úr að kaupa ábýlisjarðir sínar, hafa nú gengið frá, bæði vegna þess, að tíðin hefur verið svo erfið og svo hins, að verðið er orðið svo gífurlegt, t. a. m. á Miðhópi. Þeir eru máske ekki orðnir nema 3 af 8 til 9, sem vilja nú standa við kaupin. Um eina jörðina að minnsta kosti veit jeg, að söluverð hennar er meir en tvöfallt við það, sem hún leigist. En eins og menn vita, er jeg yfir höfuð meðmæltur þjóðjarðasölu, þó jeg á hinn bóginn alls eigi vilji selja þær jarðir, t. a. m. við sjó, sem lsj. á einn eða annan hátt gæti haft mikinn hagnað af að hafa full umráð yfir sjálfur, eins og h. h. 5. kgk. þm. tók fram í ræðu sinni. Söluverðið vil jeg ekki setja svo hátt, að það sje sama sem neitun. Jeg vil skjóta því til hinnar h. þd., hvort hún ætli, að ábúandinn, sem nú er á Kaldaðarnesi, muni kaupa þessa jörð fyrir 17000 kr? Jeg er hræddur um ekki. Árið 1881 gaf maður sig fram, sem vildi kaupa jörðina, en nú mun hann fallinn frá því. En hverjum verður kennt um það öðrum, en stjórninni. Það gæti verið, að ábúandinn á Kaldaðarnesi keypti jörðina, en annar stæði á bak við kaupin, sem hlyti jörðina á eptir; svona væri náttúrlega hægt að fara í kring um þessi lög, eins og önnur lög. enda sagði Örsted, lögfræðingur Dana, einhvern tíma, „að hann vissi engin þau lög undir sólunni, sem eigi yrði farið í kring um“. Jeg fyrir mitt leyti áliti nú rjettast, að taka Kaldaðarnes út af frumvarpinu, þó jeg hafi eigi komið með neina breytingu í þá átt enn þá. En ef mál þetta kemst niður í n.d., býst jeg við því verði breytt, og má þá eins seinna draga það út af þessari lífsbókinni.

Landshöfðingi: Jeg skal taka það fram út af fyrri ræðu hins h. þm. Str., þar sem honum fórust svo orð, að hækkun söluverðsins í stj.frv. frá því, sem samþ. var á síðasta þingi, væri tekin úr lausu lopti, að í aths. við 1. gr. frv. eru færðar ástæður fyrir þessari hækkun. Hún er byggð á uppástungu lh., sem hefur farið eptir skýrslum hlutaðeigandi umboðsmanns og sveitarstjórna og sett hæsta verð, sem þar er tilgreint. Þessi hækkun er því byggð á áliti kunnugra manna. Þessir menn, sem samið hafa skýrslurnar, hljóta að vera jörðunum betur kunnugir, jeg vil ekki segja, en einstakir þingmenn, en sjálfsagt betur en þingið í heild sinni. Af öllu þessu leiðir að hækkunin er ekki svo undarleg, sem hinn h. þm. Str. (Á. E.) telur. Þegar menn tala um, að verðlagið sje hátt og bera það saman við leigumálann, þá skal jeg að vísu játa, að leigumálinn er góður leiðarvísir við verðlagið; en hann er heldur ekki nema leiðarvísir, því hann er opt of lágur til þess, að á honum verði

byggt hæfilegt söluverð. Að minnsta kosti er hann svo lágur á mörgum þjóðjörðum, og lægri, en á jörðum einstakra manna; þó undantekningar eigi sjer stað, eins og eðlilegt er, frá þessari aðalreglu. Hinn h. 1. þm. Str. var sár yfir því að frv. þingsins 1881 náði eigi staðfesting konungs; hann segir að ábúendurnir þá mundu hafa látið leiðast til að kaupa jarðirnar, en nú hefðu þeir sjeð sig um hönd og vildu þar á móti nú eigi standa við boð sín um kaupin. Mjer fyrir mitt leyti finnst þm. miklu fremur hafa ástæðu til að vera glaður vegna ábúandanna, sem einmitt með staðfestingarsynjuninni hafa fengið tíma til að sjá sig um hönd. Að ábúendurnir hafi firrzt af því að fá eigi jarðirnar keyptar í hitt eð fyrra, eins og þm. Str. sagði, get jeg ekki skilið, því ef þeim hefur ekki verið meiri alvara með kaupin en svo, að þeir nú þegar vilja falla frá þeim, af því þeir fengu þau ekki strax, þá er hjer ekki um mikið merkilegt að ræða. Hinn h. varaforseti (Á. Th.) hefur sýnt þd. fram á, að vust. hinna þriggja þm. um sölu á jörðinni Brekku í Rosmhvalaneshreppi fyrir 1300 kr. sje eigi byggð á sem áreiðanlegustum skýrslum, og vona jeg því, að hin h. þd. fallist ekki á þessa vust., einkum þar sem engin fölun hefur fram komið á þessari jörð. Yfir höfuð vil jeg ráða þd. frá, að fallast á nokkra af þessum brust., því jeg held það sje hagfelldara, að halda sjer við frv. eins og það var sþ. við 2. umr., ef menn vilja koma málinu fram. Enda fæ jeg eigi betur sjeð, en að ákvarðanirnar í 3. gr. frv. innihaldi og bjóði svo góð og aðgengileg kjör, sem frekast er unnt að bjóða, þó kaupverðið á einstöku jörð kunni að vera nokkuð hátt. Hvað snertir brt. hins h. þm. Np. (B. K.) um niðurfærslu á söluverði Þórðarstaða í Hálshreppi, skal jeg að eins taka það fram, að þessi uppástunga mun byggð á nokkuð lausum grundvelli. Sú upphæð, sem í frumvarpinu er tilfærð sem söluverð jarðarinnar, er byggð á skýrslum með sjerstöku tilliti til gæða og afgjalds af jörðunni. En fyrir því að færa verðið niður um 225 kr. sje jeg ekki að hinn h. þm. hafi fært neinar ástæður. Á þingi 1881 var farið fram á, að ábúandinn fengi jörðina Þórðarstaði í makaskiptun fyrir jörðina Brekku, en í ástæðunum fyrir 1. gr. stjórnarfrv. er tekið fram, að þessi makaskipti geti ekki orðið samþykkt, þar eð engar upplýsingar sjeu fyrir hendi um verð Brekku. Aptur er þar tekið fram, að kaupverð Þórðarstaða, 1625 kr., sje sett eptir skýrslum, sem fyrir hendi hafi verið.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki tefja lengi fyrir hinni h. þd., enda er nú búið að ræða þetta mál býsna lengi. Af því jeg minntist ekkert á jörðina Brekku áðan, er jeg talaði, en jeg þó er einn, sem hefi borið hana upp, þá vil jeg í fáum orðum gefa nokkrar upplýsingar um hana. Hinn h. varaforseti hefur skýrt frá að sjer þyki verð hennar of lágt sett, og skal jeg ekkert þrátta um það. En jeg skal gefa þær upplýsingar viðvíkjandi föluninni á jörð þessari, að skjöl og skýrslur um gæði hennar og verð hafa verið sendar sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hefur ábúandinn þar farið fram á, að fá jörðina keypta og sýslumaðurinn hefur aptur sent skýrslur þessar 1. þm. G. K. (Þórar. B.), en hann aptur afhent þær 1. þm. Rvl. (S. A.), svo fölunin á jörðunni er komin til þingsins nokkurn veginn í rjettu formi. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg ímynda mjer ekki að neitt sje í hættu, þó söluverð jarðarinnar sje ekki sett hærra, en 1300 kr., og að þingdeildin samþykki; því ráðgjafanum er treystandi til, að setja það nógu hátt, einkum þegar hann hefur lesið ræðu hins h. varaforseta.

Árni Thorsteinsson: Jeg hjelt satt að segja, að ustm. mundu taka vust. sína aptur eptir umræðurnar. Og jeg segi það hreint og beint, að verði ust. sþ., að selja jörðina fyrir 1300 kr., eptir að lagt hefur verið fram álit tveggja manna og það virðingarmanna, sem munu standa við orð sín, um, að hún væri 1200 kr. virði, þá kemur það út sem lög, að jörðina megi selja þriggja ára ábúanda fyrir 1300 kr.; en jeg eða aðrir hefi ekki getað fengið hana fyrir 1600 kr., þó jeg hafi falað hana ekki beinlínis í eigin þarfir, heldur til þess, að greiða götu fyrir bót á kjörum fiskimanna. Hver ber ábyrgðina á þessari meðferð á eignum landssjóðsins? Ekki jeg, heldur ustm. og þeir sem fallast á söluna. Bera þá ustm. ábyrgðina á þessari meðferð á eignum landssjóðsins.

Sighvatur Árnason lýsti því þá yfir, að hann tæki vust. um söluna á Brekku aptur, að minnsta kosti um nokkra sólarhringa, heldur en að láta hana verða undir í atkv.greiðslu.

Forseti gat þess því næst að 1. þm. Rvl. (S. Á.) hefði afhent sjer nokkur skjöl sem áhrærðu jörðina Brekku, og mundi hann sjá um, að þau yrðu lögð á lestrarsalinn.

Atkvgr.: Brt. 1. þm. Rvl. (S. Á.) við 1. tl. 1. gr. felld m. 6 atkv. móti 5; brt. sama þm. við 2. tl. 1. gr. felld. m. 6 atkv. móti 5. Brt. þriggja þm. (þm. Nþ., 2. þm. Ef. og þm. Ask.) við 17. tl. 1. gr. felld m. 6 atkv. móti 5. Vust. þriggja þm. um Brekku tekin aptur.

Frv. í heild sinni sþ. m. 7 atkv. og verður það afgreitt til n. d.

Frv. til laga um eptirlaun prestsekkna (C 48); 3. umræða.

Benidikt Kristjánsson: Við 2. umr. þessa máls kom lítil brt. frá mjer, en hún var felld. En af því þetta mun eigi hafa verið gjört fyrir efnisins sakir, heldur af því, að hún gat eigi vel samrýmzt við aðrar gr. frv., þá hef jeg leyft mjer að koma aptur fram með hana, og hef jeg bætt við tveimur öðrum br. til nákvæmari skýringar á frv. Fyrsta brt. mín fer fram á, að ekkjur, sem nú lifa, og eigi hafa rjett til eptirlauna, af því menn þeirra þjónuðu síðast fátækum brauðum, fái nú þennan rjett. Þessu vildi jeg fá breytt þannig, ekki af því, að jeg viti eigi, að þær fá nokkurn styrk á annan hátt, heldur af því, að jeg verð að álíta sanngjarnara og aðgengilegra, fyrir ekkjurnar að fá þennan styrk sem lögákveðin eptirlaun, en sem miskunnargjald. Jeg get eigi sjeð neina sanngirni fyrir því, að þessar ekkjur sjeu útilokaðar frá eptirlaunum fremur en aðrar, með því hjer er heldur ekki að ræða nema um hin lægstu eptirlaun. Ekkjur eptir presta í fátækum brauðum geta þó víst ekki álitizt betur á vegi staddar, en ekkjur eptir presta í hinum betri brauðum. Jeg get heldur ekki álitið það góða reglu fyrir löggjafann, að ganga út frá því, að sá skortur á veraldargengi, sem mennirnir sættu, verði líka að koma fram á ekkjum þeirra að þeim látnum. Við 2. umr. þessa máls kom fram sú spurning frá einum h. þm. hjer í d., um hvort jeg hefði íhugað, hvaða kostnað þessi br. hefði í för með sjer fyrir lsj., en með því jeg þá hafði talað tvisvar í málinu, og, satt að segja, heldur ekki hafði sett það svo nákvæmlega á mig, af því hjer var um sanngirni og jöfnuð að ræða, þá gat jeg eigi svarað þessari spurningu. En síðan hef jeg fengið skýrslu um, hve margar þessar eptirlaunalausu prestsekkjur sjeu, og má þá hjer um bil sjá, hve mikill kostnaðurinn verður árlega fyrir lsj. Jeg ætla, að prestsekkjur þær, sem hjer ræðir um, muni vera um 32 að tölu, og þó, ef til vill, ekki svo margar, því verið getur að sumar af þeim hafi rjett til eptirlauna. Útgjöldin til þessara eptirlauna munu þá nema um 3000 kr. Hvað snertir 2. brt. okkar við 6. gr., þá er hún sprottin af því, að það kom í ljós við 2. umr., að 4. liður þessara gr. væri eigi sem skýrast orðaður. Með þessari brt. er allur vafi talinn af í þessu efni. Því ákvörðunin verður sú: að prestsekkjur missa rjett til eptirlauna meðan á seinna hjónabandinu stendur, en öðlast þau aptur er þær verða aptur ekkjur. Hafi prestsekkja í annað sinn gipzt bóndamanni, fær hún, er hún verður ekkja aptur, sömu eptirlaun sem hún hafði áður en hún giptist honum; en hafi hún gipzt aptur presti, fær hún eptirlaun, nýjan eptirlaunarjett, sem miðast við tekjur seinna manns hennar; og í þriðja lagi: hafi hún aptur gipzt veraldlegum embættism., fær hún eptirlaun, er hún verður aptur ekkja, eptir því sem lög ákveða um eptirlaun ekkna eptir veraldlega embættismenn. 3. brt. okkar þriggja þm. fer fram á, að nema burt 9. gr. frv., þá er hún fram komin af því, að oss er ekki ljóst, hvers vegna lög um þetta efni eigi mega öðlast gildi strax eptir að þau hafa öðlazt staðfestingu konungs, og hinn lögboðni tími er liðinn frá birtingu þeirra í stjórnartíðindunum, deild B. Jeg sje eigi ástæðu til að binda þau við nýtt brauðamat, enda geta þau, ef til vill, þá lengi beðið.

Ásgeir Einarsson: Jeg er í rauninni mjög meðmæltur þessu máli, og þeirri stefnu, sem hinn háæruverðugi þm., er síðast mælti, heldur fram um eptirlaun

prestsekkna, sem og um það, að þær fái þennan styrk sem fyrst. En spursmálið er um, annaðhvort að fylgja lögunum, eða sjálfs sín frjálsri sanngirni, og í þriðja lagi verður að sjá að, hvaðan útgjöldin eiga að takast; þau munu, eins og sýnt hefur verið fram á, verða um 3000 kr, sem er ekki svo lítið, og úr lsj. verða þau að takast; en það verður að eins heimilað með nýum lögum. Jeg gæti nú einstaklega vel fellt mig við þetta mál og á það fallizt, einkum ef það hefði miðað til að koma á jöfnuði milli allra prestsekkna, en það verður ekki eptir þessu frv. Það hefði því verið æskilegast, ef breyta hefði mátt hinum eldri lögum um þetta efni, en það mun erfitt að fá því framgengt, enda er eigi von að prestar í hinum betri brauðum eða ekkjur þeirra vilji láta hagga tekjum þeirra, og því sjer maður svo þráfaldlega í lögum, að enginn skuli neins í missa við þessa eða þessa ákvörðun. Þá standa orðin „meðan hann sjálfur", „meðan þeir sjálfir" o. s. frv. Þó hefur nú stundum komið fyrir að menn hafa þótzt missa við það, að ný lög hafa komið í stað annara eldri; þannig hef jeg talað við prest, sem sagði mjer, að hann hefði misst 100 kr. árlega við hin nýju tíundarlög. Væri hægt að koma jöfnuði á eptirlaun prestsekkna, þá væri það mjög æskilegt; en það mun erfitt vegna þeirra laga, sem eru í gildi. Þó jeg sje á móti málinu að því leyti, sem jöfnuðinn vantar, þá sje jeg þó, að lögin eru nauðsynleg, og gef málinu því atkvæði mitt, af því jeg byggi á skynsamlegri sanngirni.

Atkv.gr.: Vtill. þm. Nþ., 2. þm. Ef. og 1. þm. Rvl. (C 145) tl. 1. sþ. m. 8 atkv. Vtill. sömu þm. tl. 2. sþ. m. 8 atkv. Vtill. sömu þm. tl. 3. sþ. m. 8 atkv

Frv. með áorðnum breytingum sþ. m. 9 atkv. og sent n. d.

Tólfti fundur, laugardag 14. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla (C 146); 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Þegar jeg las og sá allar þær breytingar, sem stjórnin fór fram á við prestakallalögin 1880, bara í einni sýslu, þá datt mjer í hug, að „slíkri skruggu mundi skúr fylgja". En þegar jeg sá allar þær brust., sem við 2. umr. komu frá þm. sjálfum, þá varð jeg að snúa þessari setningu við. Því eg sá, að þeirri skúr hafði fylgt skrugga. Breytingar stjórnarinnar eru skúr, í samanburði við br. þm., sem má líkja við skruggu. Jeg minnist þess nú, og jeg veit að aðrir þm. muna það líka, að þegar brauðaskipunarmálið var rætt á þinginu 1879, stóð jeg á móti því af öllum mætti, að það yrði þá þegar til lykta leitt, af ástæðum, sem jeg þá tók fram, meðal hverra sú var sterkust, að málið væri eigi nógu undirbúið. En þá var máli mínu lítill gaumur gefinn, og málið fjekk framgang á þinginu.

Eigi er langur tími liðinn síðan lög þessi voru samþykkt, en þó nógu langur til þess, að reynslan hefur staðfest mótmæli mín gegn lögunum; því hún hefur þegar sýnt, að málið hefur vantað undirbúning. Nú er á hverju þingi miklum tíma kastað burtu til að ræða og breyta þessum lögum. Kannske eigi nú að fara að endurskoða brauðin aptur, og bera málið upp á ný, og jeg held þetta væri nú betra, þó illt sje, en að hver þm. sje eins og nú á sjer stað, að hringla með breytingar á þessum lögum, fyrir sitt prestakall eða prófastsdæmi það, sem hann er úr. Jeg segi fyrir mig, að jeg hafði fullt eins mikla ástæðu til að koma fram breytingu á einu brauði í því kjördæmi, sem jeg mæli fyrir, eins og hinir í sínum; en jeg gaf ekki um að vera að því hringli, enda sýnist mega sleppa því, að minnsta kosti meðan prestar geta fengizt í brauðin. Og það er skylda lstj. að sjá brauðunum borgið með forsvaranlegum presti (sbr. ráðherrabrjefið, sem jeg vitnaði í um daginn í málinu um kosningu presta). En vara má lstj. sig á því, að leggja svo mikið fje fram í þessu tilliti, að lsj. verði gjaldþrota. Skal jeg nú sýna, hvernig málið stendur nú. Stjórnin hefur í frv. sínu ekki farið fram á nema einar 200 kr. til uppbótar á brauðunum. En sjáum nú, hvað þm. gjöra sjálfir. Bænaskrárnar og skýrslurnar eru til sýnis á lestrarsalnum. Farið er fram á 200 kr. hækkun á Sandfelli. Það var áður bætt upp með 500 kr., nú farið fram á 700 kr. Þykkvabæjarklaust-

ur hækkað um 200 kr., Teigur um 200 kr. Til beinlínis hækkunar er þannig farið fram á 600 kr. Nú kemur óbeinlínis hækkun:

			í stað hækkun
Frá Breiðabólstað er farið fram á að gjalda ei nema	300kr.	700kr.	400 kr.
— Oddaprestakalli .	100—	700—	600 —
— Grenjaðarstað .	1300—	1700—	400 —
			= 1400 —

Þegar 600 kr. beinlínis hækkun bætist hjer við, sjest, að þm. fara fram á 2000 kr. uppbót á brauðum, þar sem stj. sjálf að eins biður um 200 kr. Nú er þó máske ekki allt búið enn. Þetta er nú skeð bara hjer í d. Kann ske verði beðið um annað eins í n. d. Að minnsta kosti benda bænarskrárnar á lestrarsalnum fremur til þess. Það er samt ekki svo að skilja, að jeg vilji amast svo mjög við þessum viðbótum, en tek þetta fram að eins til að sýna mönnum, hvort ekki hefur verði hrapað að brauðaskipuninni í upphafi, og enn fremur til þess að ráða mönnum að fara varlega í því að rýra gildi jarða og brauða, þó þau verði fyrir einhverjum áföllum þetta árið, því hitt árið kann opt að breyta til batnaðar aptur. Jeg man hvernig látið var með eina jörð í Húnavatnssýslu eigi alls fyrir löngu. Hún hafði orðið fyrir miklum skaða eitt árið, og var lh. þá skrifað til, og hann beðinn að láta virða jörðina á ný, en hann hikaði við að verða við þeirri bæn, enda hefur það sýnt sig að jörðin varð eigi fyrir neinum stórskemmdum, því hún varð og er nú betri en nokkru sinni fyr. Öðru máli er að gegna með jarðir, sem sandur og aska rýkur á í eldgosum og þvílíku. Við slík umbrot geta jarðirnar skemmst að mun og sumar fyrir fullt og allt. En reynslan hefur þó sýnt, að sumar jarðir á Jökuldal (sem fengu áföllin af eldgosinu), hafa batnað aptur, og svo gæti farið með nokkrar þær áminnztu jarðir. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál. Jeg ætla mjer heldur ekki að koma með neina br. nú, enda mun það orðið of seint. Frv. fer nú víst til n. d., og hún ræður hvað hún hún gjörir við það. Þar situr líka fjárl.n.; og hún á hægast með að skamta af peningum lsj. En komi frv. hingað aptur, sem ekki er ólíklegt, skal jeg hafa prestakallið í Strandasýslu á bak við eyrað.

Sighvatur Árnason: Jeg skal geta þess, að hinn hæstv. lh. hefur ljeð mjer skýrslur, sem eru eptirrit af gjörðum hjeraðsfunda og sóknarfunda í Rvl.prófastsdæmi viðvíkjandi br. þeim, sem jeg leyfði mjer að koma fram með við 2. umr. þessa máls, og sem þá komust inn í frv. sem nýjar gr. Af skýrslum þessum geta menn sjeð, að það sem jeg þá fór fram á og tók fram um þessi brauð í Rvl., er byggt á tillögum, sem samþykktar voru bæði af sóknarn. og hjeraðsf. þar í sýslu og einnig af prófasti, eins og hinn h. forseti vitnaði með mjer við 2. umr. Viðvíkjandi því, sem hinn h. þm. Str. sagði, að einstakir menn væru að hringla með ust. um breytingar á brauðum í sínu hjeraði, þá bið jeg afsökunar á þessu fyrir mig og mitt kjördæmi, þar sem bæði sóknarn., hjeraðsf. og prófastur, allir í einu hljóði hafa samþykkt þessar ust. Vill þm. setja nefnd vestur í Strandasýslu til að yfirvega brauðaskipun í Rangárvallasýslu eða hvað? jeg ímynda mjer að hann, jafnskynsamur maður, álíti að bezt eigi við, að hvort hjerað út af fyrir sig íhugi sína eigin brauðaskipun og fái að ráða sem mestu um breytingu á henni og það vil jeg líka fyrir mitt leyti og mína kjósendur. Skal jeg svo ekki að svo stöddu fara fleirum orðum um þessar ust. mínar, því eptir því sem mönnum fórust orð um þær við 2. umr., vona jeg að þeir gefi þeim atkv. sitt einnig nú til 3. um.

Atkvgr.: Frv. í heild sinni sþ. með 9 atkv. og kvað forseti það mundu verða afgreitt til n. d.

Frv. til laga, er breyta tilsk. 5. sept. 1794, 5. gr. (C 144); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. í heild sinni sþ. m. 10 atkv., og afgreitt til n. d.

Tillaga til þgsál. um, að skora á stj. að taka til greina fyrirmæli 3. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (C 145); ein umr.

Benidikt Kristjánsson (flm.): Jeg gjöri ráð fyrir, að jeg þurfi eigi að vera langorður um tillögu þessa eða halda vörn uppi fyrir henni; því í prestakallalögunum frá 27. febr. 1880 er skýlaus ákvörðun um, að gjald það, sem greiða skuli frá einu prestakalli til annars, skuli þar

sem því verði við komið, greiða í fasteignum eða afgjaldi þeirra. Og að jarðir eða aðrar arðberandi eignir fylgi brauðum, mun eiga sjer stað víðast hvar, þar sem tekjurnar eru svo miklar, að af þeim verður að greiða. Það er sannast að segja, að prestakallalögin 27. febr. 1880 hafa ekki miklu gengi átt að fagna, enda áttu þau erfitt uppdráttar, en þó álít jeg að ráðgjafabrjef það, sem út kom degi síðar en lögin voru staðfest, hafi orðið þessu lagaboði erfiðast og nærgöngulast. Þar lítur út, sem ráðgjafinn álíti það aðalreglu, að leggja ekki út jarðir í gjöld, nema til þess prestakalls, sem er í sama prófastsdæmi og þær. En nú er aðgætandi, að mörgum prestaköllum fylgja jarðir í öðrum prófastsdæmum. Mig minnir t. a. m. ekki betur, en að Helgafellsprestakall í Snæfellsnessýslu hafi einhvern tíma átt jörð hjer á Seltjarnarnesi, þ. e. Hlíðarhús, og ætla jeg að Helgafellsprestinum væri eins geðfellt að prestakallið ætti jörð þessa enn, eins og hún skuli hafa verið seld. Ráðherrann talar um í þessu brjefi sínu til lh., að eigi sje sanngjarnt að neyða prest, sem eigi að svara gjaldi af brauði sínu, til að láta fasteign í gjaldið, heldur sje rjett að hann gjaldi peninga, því það muni prestar almennt á hinum betri brauðum vera færir um. En þessi ummæli ráðherrans eru auðsjáanlega byggð á of miklum ókunnugleika. Jeg vil spyrja, hvort nokkur prestur muni vilja hafa innheimtu þá á hendi, sem þessi gjaldmáti krefur? Það mun þó vera almennt viðurkennt, að presturinn eigi sem minnst að fást við innheimtu. En eptir þessu á hann eigi að eins að innheimta gjöld fyrir sjálfan sig, heldur og fyrir aðra, og það án alls endurgjalds. Sú ástæða, sem færð er f. því, að óhaganlegt muni reynast að taka kirkjujarðir undan þeim prestaköllum, sem þær hafa legið í, af því almennt muni hægt að ná til þeirra þaðan, og að vafasamt geti orðið, hverjum beri rjettur til að byggja viðkomandi jarðir, er heldur eigi á neinum kunnugleika byggð. Því hjer er gjört ráð fyrir því, sem engan veginn á sjer stað, að jarðirnar alltaf sjeu svo nærri. En þær geta opt legið fyrir utan prestakallið, já, jafnvel fyrir utan sjálft prófastsdæmið. Á hinu atriðinu getur heldur enginn vafi legið, því hver prestur hefur nú umráð yfir jörðum, sem hans prestakalli fylgja, og hverjum presti ber því rjettur eða skylda til að byggja þær jarðir, sem hann hefur tekjur af eins eptir sem áður. Jeg man nú ekki betur en að ráðgjafinn dragi þá ályktun út af þessum ástæðum sínum, að æskilegast væri, að beita sem minnst ákvörðunum 3. gr. l. og að lstj. gjöri ráðstöfun um, hvernig haga skuli greiðslunni til og frá brauðunum eptir atvikum og eigin geðþekkni. Þetta get jeg eigi álitið öðruvísi en mjög nærgöngult skýlausum bókstaf 3. gr. prestakallalaganna 27. febr. 1880. Ráðherrann hefur auðsjáanlega álitið ástandið allt öðruvísi en það í raun og veru er. Því það er alls eigi svo, að prestar hjer á landi hafi peningana í vösunum, hve nær sem út skal borga. Að minnsta kosti á það sjer ekki stað á Norðurlandi, og sama má víst segja um presta hjer syðra í kring um Reykjavík. Það er einmitt peningaeklan í landinu, sem gjörir, að prestum verður þessi peningagreiðsla svo erfið, já, ómöguleg. Það er alkunnugt, að menn geta varla átt viðskipti saman, nema þau gangi í gegnum reikninga kaupmanna. Næstum öll gjöld verða að ganga í gegn um þá. Mjer er óhætt að fullyrða, að prestur, sem ætti svo þúsundum króna skiptir inni yfir árið í verzlunum fyrir norðan, fær eigi út úr reikningi sínum nema einar 100 kr. á ári. Annaðhvort verða menn því að láta eignir sínar standa inni hjá kaupmönnum, eða þá láta þær ganga til annara til endurborgunar á skuldum, eða þá í þriðja lagi taka hitt og annað út á fje það, sem inni stendur. Þetta ástand hefur nú versnað um allan helming síðan vesturheimsferðirnar fóru að fara í vöxt. Allt fje, sem unnt er að fá í peningum, gengur nú orðið til vesturfaranna. Þess gjörist engin þörf, að taka ástæðurnar móti ráðherrabrjefinu ýtarlegar eða sterkar fram, því hjer er að ræða um skýlausa lagaákvörðun gagnvart tillögum þess. Því þessar till. fara eigi fram á neina lagabreyting. Jeg get þó nefnt það sem eina ástæðu, að eigi er svo greitt að senda hjer peninga landshornanna á milli, að vert sje að gjöra gyllingar til þess. Póstarnir hafa nægan annan flutning, auk þess sem eigi er ætíð svo hættu-

laust, að senda peninga með póstum, að menn þurfi að gjöra það að leik. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um tillöguna, en lýsi yfir því, að jeg hefi það traust til hinnar h. d., að hún samþykki hana.

Landshöfðingi: Þegar menn líta á vanskil þau, sem orðið hafa á gjaldi ýmsra brauða til lsj., eptir lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, og þegar menn gæta að hinum miklu erfiðleikum, sem það er bundið, að inna það af hendi og að hinu leytinu á að ná því, þá er eðlilegt að uppástungur komi fram, sem miða að því að laga þetta. Þessi vanskil eiga nú sjálfsagt rót sína að rekja til ástandsins yfir höfuð, því að prestum er mjög erfitt um að láta úti peninga. En þar sem ustm. vill byggja mikið á 3. gr. prestakallalaganna, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að eigi verður sjeð, að svo mikið megi byggja á henni sem ustm. vill. Grein þessi er nokkuð ónákvæm og ekki fullkomlega samkvæm lagaboðinu að öðru leyti, og á það rót sína í frv. því, er lá til grundvallar. Í 3. grein prestakallalaganna er talað um gjöld sem greiðast skuli frá einu brauði til annars, en engin slík gjöld eru ákveðin í lögunum, heldur eiga gjöldin að greiðast landssjóði og úr landssjóði; þess vegna verður eiginlega ekki skorað á stjórnina að beita greininni eptir orðanna hljóðun. En hvað sem þessu líður, þá skal jeg fúslega kannazt við, að til grundvallar ust. liggur mikil nauðsyn, og það er ástæða til að hlynna að breytingu í þá stefnu, sem uppástungan fer fram á. Jeg er henni þess vegna að þessu leyti meðmæltur, þó jeg geti engan veginn skoðað hana sem framkvæmd laganna um skipun prestakalla 27. febr. 1880; 3. grein í þessum lögum er málinu til stuðnings, því skal jeg ekki neita, en byggt á henni verður ekki. Nú er reynslan búin að sýna miklu betur en þegar kgsbr. var gefið út 28. febr. 1880, að nauðsyn er að breyta peningagjaldinu. Sem sagt, nú hafa menn reynsluna fyrir sjer og hún er ætíð óhultust að byggja á.

Magnús Stephensen: Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli flm. (B. K.) og h. þd. að því, hvort þd. kemst ekki í mótsögn við sjálfa sig, ef hún samþykkir þessa till. til þgsál., þar sem hin h. d. hefur í dag sþ. frv. í 10 greinum um breytingar á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla og í hverri grein sþ. meira eða minna gjald í peningum frá prestaköllunum til lsj. eða frá lsj. til prestakallanna. Þar sem nú þd. hefur sþ. þetta, sýnist mótsögn vera í því, að skora sama daginn á stjórnina að láta gjaldið vera fólgið í fasteignum. Að þessu bið jeg þd. nákvæmlega að gæta. Það lítur annars svo út, sem þessar þgsál. takizt nokkuð óheppilega fyrir þinginu. Á seinasta þingi komu fram 6 till. til þgsál., sem fóru fram á að skora á stjórnina að gjöra eitthvað; af þeim sþ. þingið 4 en felldi 2. Þessar 4, sem þingið samþykkti, hefur nú stjórnin annaðhvort synjað að taka til greina eða þá ekki svarað þeim einu orði. En aptur á móti hefur hún tekið til greina báðar till. sem þingið felldi. Ef hinn h. flm. vill fá þessu máli framgengt, væri honum því ráðlegast, að biðja þd. að fella þessa sína till. til þgsál.

Sighvatur Árnason: Jeg get ekki verið hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) samdóma um, að nauðsynlegt sje að taka þessa tillögu aptur eða fella hana. Því þó jeg játi, að hún sýnist vera í nokkurri mótsögn við frv. það, sem sþ. var í dag, þá bið jeg hinn h. þm. að gæta að því, að þetta frv. fer fram á að minnka tillagið frá brauðunum og koma öðru skipulagi á þau aptur, og undir eins og það verður, þá verður minna tilfinnanlegt að greiða það í peningum. En með því skipulagi, sem nú er á brauðunum, þar sem greiða verður frá sumum þeirra mörg hundruð kr., verður sú ákvörðun, að gjalda skuli í peningum, mjög svo tilfinnanleg. Og jeg skal taka það fram, að mig furðar á því, að hinn fyrverandi lh., jafn ágætur maður, skyldi gefa tilefni til þessa; en að hann hafi gjört það, má sjá af ráðherrabrjefinu 28. febr. 1880. Hinn hæstv. lh. gaf í skyn, að ekki væru öll kurl komin til grafar frá prestunum, hvað afgjald brauðanna snertir, og er ekki ólíklegt, að ráðherrabrjefið hafi gefið tilefni til þess. Óhagkvæm lög, óhagkvæm yfirvaldaboð gefa mest af öllu tilefni til þess að þau verði fótum troðin. Lsj. má til að heimta rjett sinn með nokkurs konar járnhendi, og þá er illa farið, ef fjárheimtan eða framkvæmd hennar er ekki á góðum rökum byggð. Þar sem hinn hæstv. lh. vjek að því, að ákvörð-

unum 3. gr. yrði eigi alstaðar við komið, þá er það að vísu satt. En gr. tekur fram, að gjalda skuli með jarðeignum, þar sem því verði við komið, og víst er það, að þessu verður víða við komið. Mjer finnst og vel skiljanlegt, að yfirstjórnin ætti að geta lagað þetta í hendi sjer; því þó útleggja þyrfti jörð úr einu prófastsdæmi í annað, þá væri það engin frágangssök, auk heldur þar sem svo er ástatt að þessu má vel við koma í sama prófastsdæmi, eins og víða mun eiga sjer stað. Þess vegna er það, að þó frv. fari nokkuð í aðra átt, en tillagan, þá vil jeg samt leggja með því, að till. sje tekin til greina, einkum meðan brauðaskipunin er ekki komin í viðunanlegt lag um land allt. Á brauðaskipuninni eru ærið víða agnúar; því verður ekki neitað. Henni var hraðað um of forðum, og reynslan hefur sýnt, að betra hefði verið að fresta því máli til næsta þings. Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um till. þessa, því jeg ímynda mjer að hin h. þd. sjái, að hún miðar til að liðka það ólag, sem komið er á afborganirnar frá brauðunum, og gefi henni því samþykki sitt.

Stefán Eiríksson: Mjer þykir það illt, ef sá spádómur hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) skyldi rætast, að konungur muni synja þessari till. um staðfesting sína, því mjer finnst hún góð og að öllu leyti nauðsynleg. Lh. tók það fram, að vanskil hefðu komið fram í afborgunum af brauðunum, og er það eigi svo undarlegt, þar sem gjaldið á að vera í peningum, en peningaeklan hins vegar svo mikil í landinu, eins og hinn h. þm. Np. (B. K.) svo ljóslega hefur bent á. Þegar prestarnir eiga að borga af brauðum sínum í peningum til lsj., þá hljóta þeir að gefa út byggingarbrjef f. jörðum sínum, sem fara fram á að þeir fái afgjald þeirra í peningum, en ábúendurnir verða í sömu vandræðum og prestarnir með peningagjaldið. Jeg álít því till. hins h. þm. Np. heppilega og góða. Annað mál er það, hvort þessi till. er tímabær. Það er það, sem kann að draga nokkuð úr að tillagan fái náðuga áheyrslu stjórnarinnar. Síðan brauðaskipunarmálið var staðfest 1880 hafa fram komið ærið margar br. á því, og þessar br. halda sí og æ áfram, og svo mun verða meðan brauðamatið er eins á reiki og það er nú. En að öðru leyti gef jeg till. atkvæði mitt, því hún er gjörð í bezta skyni. Jeg sje heldur engan hanka á því, eins og líka hinn h. þm. NÞ. ljóslega tók fram, þótt leggja yrði út jörð úr einu prófastsdæmi í annað, því það hlyti opt að koma fyrir. Þannig er um margar jarðir nú á dögum, að þær liggja í öðru prófastsdæmi og vil jeg tiltaka eitt dæmi af mörgum, að jörð sem liggur undir Bjarnanes í Austurskaptafellsprófastsdæmi, er í Eydala prestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi, og svona er víða um allt land, svo tillaga þessi hefur góða stoð sína í hinni eldri tilhögun um brauð, þar sem lögð voru út jarðargjöld til uppbótarinnar á brauðunum, en þessi tilhögun sem nú er að leggja allt út í kr., er bæði óeðlilegri og vafningsmeiri.

Atkvgr.: Þingsályktunartillagan (C 145) sþ. m. 8 atkv.

Þrettándi fundur, mánudag 16. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um kosningu presta (C 120); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Af því að jeg man ekki hvort jeg gat um það eða ekki, þá skal jeg leyfa mjer nú að leiða athygli h. þd. að því, að í 7. gr. frv. 2. málsgrein er prentvilla: orðinu „hans“ er ofaukið.

Sigurður Melsteð: Á þessu máli er skoðun mín hin sama sem á seinasta þingi. Jeg verð að álíta það æskilegt, að söfnuðunum veitist hlutdeild í kosningu prestanna, að því leyti, sem það getur samþýðst því fyrirkomulagi, sem er hjá oss á stjórn kirkjunnar. Slík hlutdeild álít jeg geti orðið meðal til að styrkja velvildar og kristilegt kærleiks samband milli prests og safnaðar, meðal til að vekja áhuga safnaðanna á innri og ytri málefnum safnaðanna og yfir höfuð meðal til þess að glæða kirkjulegan fjelagsanda í safnaðarlífinu. En þetta frv. fer lengra en að það geti samþýðst því fyrirkomulagi á stjórn kirkjumála sem er hjer á landi. Æðsta stjórn kirkjunnar er í höndum konungs. Af því leiðir að kosning prestanna er í höndum kgs og skipun allra kirkjulegra embættismanna liggur undir konung, eins og skipun hinna veraldlegu embættismanna. Og

þetta er svo eigi að eins hjá oss, heldur alstaðar þar sem lúthersk-evangelisk kirkja er þjóðkirkja, bæði á Þýzkalandi og á Norðurlöndum. Þannig er það í Svíþjóð, þar sem menn una einkarvel fyrirkomulaginu á stjórn kirkjunnar og svo má að orði kveða, að bæði söfnuðir og kennmenn unni því hugástum. Einn aðalkosturinn við kirkjustjórnarfyrirkomulag þar er þetta atriði, að söfnuðirnir hafa hlutdeild í kosningu prestanna og þess vegna er fyrirkomulag sænsku kirkjunnar skoðað sem fyrirmynd lútherskra þjóðkirkna í þessu tilliti. Jeg vil því leyfa mjer að drepa fáum orðum á það skipulag sem er í sænsku kirkjunni í þessu tilliti. Brauðunum er þar skipt að veitingunni til í 3 flokka. Brauðin í 1. flokknum veitir konungur. Brauðin í 2. flokknum veitir konsistorium, en það er ráðaneyti biskupsins, geistlegir embættismenn, en sem biskup stiptisins er formaður í. Brauðin í 3. flokknum veita þeir sem kallaðir eru patrónar þeirra brauða, en það eru aðalsmenn, sem stóreignir eiga og aðrir stórbændur. Í kosningu presta til þessa síðastnefnda flokks af brauðum tekur söfnuðurinn engan þátt. Patróninn kallar prestinn og svo fær hann vígslu hjá biskupnum. En í báðum hinum flokkunum hafa söfnuðurnir hlutdeild í kosningu prestanna. Konsistorium kýs með atkvæðafjölda 3 menn af umsækjendunum, sem hæfilegastir þykja og hjeraðsprófasturinn ber þá fram fyrir söfnuðinn og skýrir frá kostum þeirra. Þessir 3 menn flytja nú 3 sunnudaga í röð guðsþjónustu fyrir viðkomandi söfnuði. Síðan kýs söfnuðurinn einn af þessum þremur. Konsistorium skipar kjörstjóra og er það venjulegast hjeraðsprófasturinn. Kosningargjörðin er síðan send biskupi, sem svo ber hana undir konsistorium, og ef veitingin heyrir undir það, þá skipar það þann prest, sem flest atkvæði hefur fengið hjá söfnuðinum. Heyri veitingin undir konung, þá ber biskup þá fram fyrir konung, sem söfnuðurinn hefur gefið atkvæði, en konungur skipar þann af þeim prest, sem hann vill, en er eigi bundinn við þann, sem flest atkvæði hefur. Hefðu flm. komið fram með frv., sem farið hefði í líka stefnu og þessi tilhögun í Svíaríki, þá skyldi jeg með ánægju hafa greitt atkvæði með því. En þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer langtum lengra; það tekur veitingarvaldið frá konunginum og leggur það í hendur safnaðarins. Þess vegna get jeg með engu móti greitt atkvæði með því. Þegar vjer nú gætum að fyrirkomulaginu á sænsku kirkjunni, þá sjáum vjer brátt, að þar er tekið tillit til allra hinna þriggja aðalliða í kirkjufjelaginu: 1. hefur söfnuðurinn uppástungurjett; 2. kemur kirkjuráðið, hið geistlega vald, fram með sínar tillögur og er eins og rjettur milliliður milli konungs og safnaðanna, gefur söfnuðinum sínar bendingar og leiðbeiningar að einu leytinu, og ber að hinu leytinu tillögur sínar fram fyrir konung; og 3. hefur konungurinn fullnaðaratkvæði samkvæmt stöðu sinni sem æðsti stjóri kirkjunnar. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er þessa ekki gætt. Þegar jeg nú þannig hef litið yfir hina almennu hlið málsins, skal jeg leyfa mjer að snúa að nokkrum einstökum greinum í frv., sem sumar eru svo lagaðar, að jeg get eigi fallizt á þær, og sumstaðar þykja mjer atriði vanta, sem að mínu áliti mega ekki vanta. Í 1. gr. frv. er einungis gjört ráð fyrir, að fleiri en einn sæki um brauð. Hvernig á nú að fara að, þegar einungis einn sækir, sem opt hefur komið fyrir og opt mun geta komið fyrir? Á þá söfnuðurinn að vera skyldur til að kjósa þennan eina eða á veitingin að fara fram eptir reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt? Berum vjer nú 2. gr. saman við 4. gr., þá sjáum vjer í 2. gr. að hver „sá, sem sækir um laust brauð, skal senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum annað til biskups, en hitt til prófasts í því hjeraði, sem brauðið er í". Í 4. gr. stendur, að „prófastur sendir söfnuði eða söfnuðum prestakallsins skrá þá, er biskup hefur honum sent. Prófastur skýrir og frá nöfnum þeirra, er honum hafa umsóknarbrjef sent, ef þau eru ekki á skrá biskups". Þessi ákvörðun sýnist gjöra ráð fyrir, að biskupi kunni annaðhvort að gleymast að tilfæra einhvern af umsækjendunum eða að hann kunni að draga einhvern undan, þar sem í 2. gr. er gjört ráð fyrir 2 samritum, sem sjeu send biskupi og prófasti. Slík ákvörðun sem þessi finnst mjer að eigi geti tekizt í neitt lagaboð. Í 8. gr. stendur, að „kosning sóknarmanna sje

ekki gild, nema biskup staðfesti hana". Þar stendur og: „Nú synjar biskup um staðfestingu á kosningu og hafa sóknarmenn rjett á að kjósa af nýju, unz biskup staðfestir kosningu þeirra". Hvernig fer nú, ef biskup synjar um staðfestingu, söfnuðurinn heldur áfram að kjósa hinn sama, og biskup heldur áfram að synja um staðfestinguna? Hver á þá að skera úr? Um það þegir frv. og hjer þykir mjer því vanta í frv. ákvörðun, sem nauðsynlega hefði þurft að standa þar. En þetta mætti nú laga með breytingum; en það eru eigi þessi einstöku missmíði, sem mjer þykja vera á frv., sem fæla mig frá því, heldur allur sá grundvöllur, sem það er byggt á.

Einar Ásmundsson: Þó jeg viti, að h. 6. kgk. (S. M.) sje kunnugri þessu máli en jeg, þá er jeg þó svo kunnugur því, að jeg veit, að það er ekkert nýmæli í heiminum, að söfnuðir kjósi sjálfir presta sína. Tökum það landið, sem næst oss er í hinum menntaða heimi, Skotland *(Sigurður Melsteð:* Þar er ekki lútersk kirkja). Jeg veit ekki til, að lúterska kirkjan hafi gjört það að trúaratriði, að konungur úthluti kennimönnum til safnaðanna. Hvernig færi þá þar sem enginn kgr er? Hvernig færi þá í lýðveldinu t. d. í Ameríku eða á Svisslandi? Þar er algengt að söfnuðir kjósa presta, einnig sumstaðar á Þýzkalandi og á Frakklandi er slíkt algengt meðal prótestanta. Jeg veit að lítill hluti kristninnar játar beinlínis lútherska kenningu, en prótestantar samtals eru fjölmargir, enda er ágreiningurinn þeirra á milli ekki svo verulegur. Og í þessu máli sje jeg ekki að svo mikla áherzlu þurfi að leggja á flokka þá, sem prótestantar skiptast í. Orsökin til þess, að þessu máli er nú hreift, er sú, að söfnuðir eru víða óánægðir með presta þá, sem konungur eða veitingavaldið úthlutar þeim. Víða kvarta menn um, að prestar sjeu óreglumenn, og skal jeg eigi dæma um það, hvort allt er satt, sem sagt er í því efni, því jeg þekki eigi allstaðar til af eigin sjón eða raun. Helzt þekki jeg nokkuð til í minni eigin sýslu, og er jeg þá hræddur um, að þar megi finna menn í prestsstjett, sem eigi þættu í öðrum löndum svo reglusamir, sem við ætti, til þess að takast svo vandasama og ábyrgðarmikla stöðu á herðar sem prestsembættið er. Þegar nú þetta sýnir sig og hefur sýnt sig ár eptir ár, þá er von, að söfnuðirnir leiti einhverra ráða til þess að fá þessu breytt til batnaðar og er eðlilegast, að þeir taki það ráðið, sem næst liggur, og það er að reyna að fá að kjósa prestana sjálfir og það því fremur, sem öllum er kunnugt, að þetta er algengt í næstu löndunum. H. 6. kgk. áleit, að hið eina, sem söfnuðirnir ættu að hafa, væri tillögurjetturinn. En til þess þarf ekkert lagaboð, því þann rjett höfum vjer, svo lengi sem oss er eigi neitað um að tala til veitingavaldsins. Það væri heimska, að gefa út lög um þann rjett, sem allir menn hafa að sjálfsögðu, nema hann sje áður af þeim tekinn með lögum. Eða erum vjer börn, sem þurfum að biðja um leyfi til þess að opna munninn? Fyrir rúmum 30 árum losnaði prestakallið, sem jeg hef búið í, og allir í söfnuðinum tóku sig saman um að biðja um einn af þeim, er sóttu um brauðið, enda var honum veitt það; og ekki kom til orða, að sú leið, er vjer völdum, væri röng eða ólögleg. Jeg get því eigi sjeð, að frv. það, er hjer liggur fyrir, sje nokkur fjarstæða. Vera kann, að í því sjeu ýms smáatriði, sem þyrfti að laga, og þar mundi h. 6. kgk. vera manna færastur að hjálpa til með þekkingu sinni að koma því í rjett horf. Hann taldi kirkjuna í Svíþjóð fyrirmyndarkirkju, og talaði um 3 brauðaflokka og 3 reglur, sem þar væri fylgt við brauðaveitingar. En jeg get nú eigi sjeð, að nein reglan sje fyrirmyndarregla. Jeg þykist reyndar mega ganga að því vísu, að ýmsum stórbændum hjer hjá oss þætti vænt um að hafa vald til að veita brauð. *(Sigurður Melsteð:* Ekki fyrirmynd í því tilliti). Nei, sannarlega engin fyrirmynd. Það er langtum rjettara, að allir, eins smábóndinn og stórbóndinn, taki þátt í kosningunni. Og hjer hjá oss er nauðsynin á slíkri tilhögun langtum meiri en annarstaðar. Vjer erum konungslausir innanlands, en eigum konung í 300 mílna fjarlægð, sem hlýtur að vera ókunnugt um flest safnaðamál hjer á landi. Það hlýtur þess vegna að vera hverjum manni ljóst, að vjer stöndum lakar að í þessu tilliti en þær þjóðir, þar sem konungurinn situr innanlands meðal þjóðarinnar, og getur verið öllum málum kunnugur. Hvernig sem á þetta prestakosningamál

er litið, þá er það þess vert, að það sje rætt nákvæmlega og vandlega, ekki með ofsa eða flokkadráttum, heldur með rósemi og stillingu. Sú regla, sem hingað til hefur verið fylgt með brauðaveitingar hjer á landi, hefur ekki í öllu gefist sem bezt, og er því vorkunn, þótt menn reyni að fá henni breytt.

Ásgeir Einarsson: Hinn h. sessunautur minn, 2. þm. Eyfirðinga hefur svo rækilega svarað ræðu h. 6. kgk., að jeg þarf litlu þar við að bæta. Þó skal jeg enn einu sinni taka það fram, að það er allt annað, að eiga, eins og vjer konungkjörnir í 300 mílna fjarlægð eða hafa hann rjett hjá sjer og hafa auk þess að styðjast við allar þær uppgötvanir, sem gjörðar hafa verið í öðrum löndum, til þess að ljetta samgöngur og samræður manna, járnbrautirnar, rafsegulþráðinn og hljóðberann (telefóninn). Hinn h. 6. kgk. þm. (S. M.) fór vægilega í það, að 4. gr. stjórnarskrárinnar væri móti þessu frv., og því þarf jeg ekki að svara því. Langi kapítulinn um sænsku kirkjuna var nú fróðlegur fyrir okkur hina fáfróðu. En ef vjer ætluðum að fara að stæla eptir sænsku kirkjunni, þá er jeg hræddur um að það yrði eins og ef vjer vildum fara að líkja eptir skólunum í Svíþjóð; það er engin vissa fyrir því, að það sem vel á við í Svíþjóð, eigi einnig vel við hjer hjá oss. Stjórnin svaraði í hitt eð fyrra, að þetta mál væri umfangsmikið, en slíkar mótbárur finnast mjer varla svaraverðar. En ætli það yrði ekki umfangsmikið, að fara að taka upp alla þessa aðferð Svía hjer á landi. Þá kem jeg nú að frv. sjálfu. H. 6. kgk. þm. (S. M.) talaði um það tilfelli, að einungis einn prestur sækti um brauð og spurði, hvernig þá færi um kosninguna. Jeg skal svara honum greinilega upp á þá spurningu: Ef einungis einn sækir, eru þrír kostir fyrir höndum fyrir söfnuðinn. Annaðhvort er að kjósa þennan eina eða fá sjer annan, ef menn eru ekki ánægðir með hann, eða þá í þriðja lagi vera prestlausir og þann kostinn ímynda jeg mjer að fæstir kjósi. H. 6. kgk. spurði og um, hvernig færi, ef biskup vildi eigi staðfesta þann, er söfnuðurinn hefði kosið og söfnuðurinn kysi þann hinn sama hvað eptir annað. Jeg skal einnig svara honum upp á það. Færi svo, að byskup hjeldi áfram, að synja um staðfestingu og söfnuðurinn hjeldi áfram að kjósa hinn sama, þá færi samt ekki ver en opt hefir gengið hjer á landi, að brauðið yrði prestslaust. En satt að segja ímynda jeg mjer, að h. 6. kgk. (S. M.) gjöri biskupnum gersakir. Jeg fyrir mitt leyti býst ekki við, að biskupinn sje sá harðstjóri, að hann neiti um staðfestinguna, en geti ekki gefi svo skýrar ástæður fyrir synjuninni, að söfnuðurinn fallist á þær og kjósi annan. Þess vegna get jeg ekki sjeð, að þessi gr., 8. gr. frv. sje svo hættuleg.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki haft færi á fyr að tala í þessu máli hjer í deildinni og skal jeg þess vegna leyfa mjer nú að lýsa skoðun minni í fáum orðum. Þetta frv. er ekkert nýmæli hjer á þinginu, því líkt frumvarp kom fram á síðasta þingi, en þegar litið er á forlög þessa máls á þinginu í hitt eð fyrra, þá styrkja þau mig í þeirri skoðun, að málið sje ekki verulega áríðandi, ekki neitt velferðarmál fyrir landið eða áhugamál fyrir þjóðina. Til þess að jafn verulegar og yfirgripsmiklar br. verði teknar til greina, þarf landstj. að hafa vissu fyrir, að slíkt frv. hafi stuðning í almennri skoðun landsbúa, hafi við almenna þörf að styðjast. En það er langt frá, að þetta sje sýnt eða sannað. Út um landið mun vera eins og hjer á þinginu: áhuginn er mestur hjá einstökum mönnum. Þetta sýndi sig líka bezt á seinasta þingi; málið gekk með mestu herkjum og litlum atkvæðamun gegn um þingið. Þetta mál er svo mikilvægt, að það er mesta áhorfsmál, að leiða það í lög, ef til vill móti geði mikils hluta landsmanna. Sjálfsagt ætla þeir, sem fyrir málinu tala, að með þessu móti fengju söfnuðirnir þá presta, sem þeir vildu. Það er auðvitað, að *nokkrir* í hverri sókn fengju þá presta, sem þeir vildu, en hitt finnst mjer mikið efamál, hvort söfnuðurinn í heild sinni yrði mikið ánægðari en áður. Minni hlutinn yrði óánægður með það, að fá þann prest, sem hann hefur greitt atkv. móti, og jeg veit ekki, hvort minni hlutinn í sveitafjelögunum er svo fús á að gefa sig undir meiri hlutann. Jeg held að menn mundu betur sætta sig við þann prest, sem veitingarvaldið skipar, en þann, sem þeir menn í söfnuðinum, sem mestu geta ráðið, setja. Eins og nú er,

getur söfnuðurinn haft áhrif á veitingu brauðanna, því að honum er gefinn kostur á að láta óskir sínar í ljósi í því tilliti. Þegar þessara óska er gætt af veitingarvaldinu, eins og jeg held að óhætt sje að fullyrða, að hingað til hafi átt sjer stað, þá get jeg ekki betur sjeð, en að það sje fengið, sem þörf er á. Í brjefi ráðgjafans, sem prentað er í stjórnartíð., hefur stj. leitt rök að því, hvers vegna hún eigi gat fallizt á frv. 1881. Að mínu áliti er þetta frv. ekki aðgengilegra fyrir stj. að samþykkja, en frv. 1881. Þess vegna held jeg, að það verði árangurslítið, þó þingið færi nú að sþ. þetta frv., því hjer eru sömu ástæður fyrir því, að synja staðfestingar og áður, og munu leiða að sömu niðurstöðu. Jeg tek það enn einu sinni fram, að engin vissa er fengin fyrir því, að til grundvallar fyrir þessu frv. liggi almenn tilfinning og almenn þörf í landinu, og þess vegna þykir mjer frv. ísjárvert og verð að telja sjálfsagt, að stjórnin muni ekki samþykkja það.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að tala fá orð móti því, sem hinn h. 6 kgk. þm. (S. M.) tók fram um eina sjerstaka gr. frv., og sem þeir tveir h. þm., sem svarað hafa ræðu hans, hafa leitt hjá sjer. Þegar hinn h. 6. kgk. þm. minntist á ákvæði 2. gr. frv. sem segir, að sá er sæki um brauð, skuli senda umsóknarbrjef sitt í tveim samritum, annað til biskups, en hitt til viðkomandi prófasts, þá virtist mjer, sem hann áliti, að þau væri byggð á því, að flm. frv. hefðu hugsað sjer, að það gæti komið fyrir annaðhvort, að biskup gleymdi að skrá nöfn allra umsækjanda, eða þá jafnvel að hann sleppti því af ásettu ráði. En jeg get fullvissað hina h. d. um, að slíkt hefur engum af oss, er borið höfum frv. fram, til hugar komið; og jeg lýsi því yfir, að ef þetta er meining þm., þá er hún byggð á algjörðum misskilningi. Þessa ákvörðun tókum vjer inn í frv., einungis til þess, að söfnuðurnir gætu sem fyrst fengið að vita, hverjir sækti um brauðin, og á hinn bóginn gjörðum vjer líka ráð fyrir, að það gæti komið fyrir, að brjef einhvers umsækanda til biskups gæti glatazt, eða þá komið of seint til hans. Úr þessu vildum vjer bæta með því, að gjöra það mögulegt, að prófastur gæti bætt við þeim nöfnum, er kynnu að vanta, og gefið söfnuðinum upplýsingar um hæfilegleika þeirra manna, er kynnu að hafa vantað á skrá biskups. Það gæti hugsast, að prófastur þekkti nú ekki hæfilegleika þessara manna til prestskapar, en þótt svo væri, þá er engin hætta á ferðum fyrir það, því biskup getur ætíð synjað um staðfestingu á kosningu þessara manna, sem próf. ekki hefur verið nógu kunnugur, ef til þess kæmi að einhver yrði sá kosinn, sem ekki hefði lögboðna hæfilegleika til prestskapar. Hinn hæstv. lh. hefur látið þá skoðun sína í ljósi, að þessi lög, sem frv. fer fram á, væru óþörf, og byggir þetta álit sitt á því, að mál þetta væri ekkert velferðarmál fyrir þjóðina, þar sem ekkert lægi fyrir eða hefði legið fyrir þinginu um, að þetta væri almenn ósk og vilji safnaða landsins, og að þetta væri alls eigi vilji þjóðarinnar yfir höfuð. Jeg veit nú ekki hvernig hinn hæstv. lh. getur verið kunnugri áliti manna út um landið, en flm. og aðrir þm. hjer á þ. Mál þetta var, eins og mönnum er kunnugt, fyrir síðast þingi, og fór þá í sömu stefnu sem nú; var þá málið samþ. af þinginu. Reynslan hefur þá sýnt, að mönnum er þetta áhugamál. Því jeg ályktа af því, að þ. í hitt eð fyrra fjellst á málið, að meiri hluti safnaða landsins sje á því, að slík lög verði samin. Og jeg veit heldur ekki betur, en að söfnuðir hafi virkilega látið þetta álit í ljósi, þar sem áskoranir hafa komið allvíða að til þingsins um að gjöra lög um kosningu presta. Þar sem hinn hæstv. lh. skírskotaði til ástæðanna í ráðherrabrjefinu fyrir því, að ráðherrann rjeð kg. frá að staðfesta lög þingsins 1881 um þetta efni, þá skal jeg leiða hjá mjer að hrekja nú þessar ástæður, en að eins skírskota til þess, sem tekið var fram móti þessum ástæðum við 1. umr. þessa máls. En jeg vil bæta því við, að ef gjöra má ráð fyrir því, að söfnuðir landsins yfir höfuð eigi fagni þessum lögum, þá er það hrein og bein afleiðing af því, að söfnuðirnir eru orðnir svo niðurbeygðir og sofnaðir af gömlum vana, að þeir eigi hafa þrek og vilja til að hugsa um sín eigin málefni. En jeg vona á hinn bóginn, ef svo væri sumstaðar, að eigi mundi líða á löngu áður menn vöknuðu til að hugsa um þau, er þeir hafa fengið

þennan kosningarrjett. Og væri þá eigi lítið unnið, þar sem hjer er að ræða um hin helgustu málefni hverrar þjóðar eða sáluhjálparefni, því það er alls eigi svo að menn geti í blindni og sofandi komizt inn í guðsríki, heldur þurfa menn að vera vakandi og sífellt hafa sáluhjálparefni sín fyrir augum sem hið helzta og mikilverðasta mið og ætlunarverk lífsins. Jeg get heldur ekki skilið, að það beri vott um kristil. anda og kristil. tilfinningu hjá söfnuði, að vilja ekki taka á móti þeim presti, sem hann kýs sjer sjálfur fyrir sálusorgara, en kjósa heldur að sjer sje sendur einhver og einhver, sem menn alls ekkert þekkja til, eins og opt verður með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þar sem hinn hæstv. lh. tók það fram, að það mundu jafnan verða einstakir menn, er rjeðu kosningunni, þá er að taka það, að það á sjer stað í öllum fjelögum, að þeir, sem hafa yfirburði yfir aðra, verka á hina sem minna mega sín, sem þá fallast á tillögur þeirra. Hinir sjálfstæðari og hyggnari menn í hverju fjelagi sem er, eru, og verða jafnan, leiðtogar þeirra, sem eigi vita fótum sínum forráð. Jeg ætla mjer ekki að fara að minnast á, hve rjett það hafi verið af hinum h. 6. kgk. þm., (S. M.) að ráða til að taka Svíþjóð til fyrirmyndar, að því er snertir hluttöku safnaða þar í landi í kosning presta sinna; því það er ljóst af orðum hans, að þeir hafa þar ei nema uppástungurjett. En um hann þurfum vjer ekki að biðja, því lögin hafa þegar veitt oss hann, með ákvörðun 7. gr. safnaðarlaganna, þótt veitingarvaldið, sem hinn hæstv. lh. hrósar svo mikið, hafi leyft sjer að slá stryki yfir þennan rjett, þar sem söfnuðirnir fá ekki að vita, hverjir umsækendurnir eru, og fá því eigi tækifæri til að mæla fram með neinum sjerstaklega. Þá skal jeg enn bæta því við, að jeg held það sje misskilningur hjá hinum h. 6. kgk. þm., að með þessu frv. sje veitingavaldið alveg tekið frá konungi, því það verður á aðra síðuna í höndum biskups, er staðfestir kosningu prestanna. En eins og veiting lh. er konungsveiting, eins er veiting biskups það, nema hvað það er í öllu tilliti eðlilegra, að biskup hafi hlutdeild í veitingunni, en lh., þar sem biskup er hinn æðsti andlegra stjettar embættismaður á landinu. Jeg get heldur alls eigi sjeð, að þessi lög komi neitt í bága við 4. gr. stjórnarskrárinnar, því þó hún kveði svo á, að konungur veiti embættin, þá er því bætt við, að þessu megi breyta með lögum. En eins og jeg hef þegar tekið fram, er hjer ekki einu sinni farið fram á neina verul. br. Þegar annars er verið að tala um fyrirmynd fyrir hinni ytri kirkjuskipun í heild sinni, þá veit jeg ekki, hvort rjett er að einblína á eina kirkjuskipun í einu einstöku landi, en líta hvorki til hægri nje vinstri. Ef leita skal að fyrirmynd, þá ætti að leita að hinni fullkomnustu fyrirmynd, en hana er að finna í hinni postullegu kirkju í öllum aðalatriðum, þótt breyttir tímar heimti breytt fyrirkomulag í ýmsum ytri atriðum. Ef nú á að leita að einstaklegri fyrirmynd seinni tíma í þessu máli, þá þarf eigi að fara svo langt. Því hana má finna einmitt hjer í landinu sjálfu, því prestakosning átti sjer stað fyrrum hjer á landi og eptir það að Lútherstrú har innleidd. Það má því segja, að það sje of hermt, að þessi hlutdeild safnaða í kosningu presta sinna hafi hvergi átt sjer stað í hinni lúthersku kirkju.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla mjer ekki að fara út í efni einstakra greina þessa frv., enda er þegar mikið búið að hreyfa við sumum þeirra. Jeg vil að eins fara nokkrum orðum um málið í heild sinni. Við 1. umr. þess lýsti jeg því yfir, að jeg vildi kjósa frv. nokkuð á annan veg. Þá lýsti jeg því og yfir, að jeg vildi heldur fallast á þetta fr., en hlíta því fyrirkomulagi á brauðaveitingunni, sem nú er. En mjer dettur í hug, að enn kunni að vera tími til að hreyfa mínum athugasemdum, og enda koma þeim að, ef hinum h. flm. (Á. E.) og hinni h. deild svo sýnist. Hinn hæstv. lh. áleit, að þetta væri söfnuðunum ekkert áhugamál. Út af þessu vil jeg taka það fram, að í mínu kjördæmi, að minnsta kosti, er það hreint og beint áhugamál manna og innileg ósk, að fá þeirri tilhögun breytt, sem nú er. Nokkru áður en jeg fór til þings var haldinn almennur sýslufundur í kjördæmi mínu og í einu hljóði sþ., að fá fyrirkomulaginu á veitingarvaldinu breytt í þá stefnu, sem jeg benti til við 1. umræðu málsins. Að menn hölluðust að þessari minni uppástungu, var þó meðfram af því, að frv. þingsins í hitt eð-

fyrra fjekk eigi þá útreið, sem menn höfðu óskað. Þó mönnum þætti æskilegra að fá lög í þá átt, sem frv. fer fram á, vildu menn heldur kjósa þá till., sem jeg hafði hreyft, en að allt stæði ávallt við sama, sem nú er. Því þá tilhögun, sem nú er, vildu menn sízt af öllu. Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið að sinni, en gefa mun jeg því enn atkvæði mitt til 3. umræðu, því þá koma dagar og þá koma ráð.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins gjöra stutta athugasemd viðvíkjandi því, sem h. þdm., hver eptir annan, hafa sagt, að þetta væri áhugamál þjóðarinnar. Ef svo er, þá hefur þingið ekki sýnt það. Þetta sannast á því, að á þingi 1881 var það að eins 1 atkvæðis munur í báðum þd., sem rjeði úrslitum málsins, og má segja, að það sje sannarlega lítilfjörleg niðurstaða í svo merkilegu máli, sem þetta er og slíku áhugamáli, sem það á að vera. Þar sem þessir h. þm. efast um mína þekkingu á því, hver sje vilji þjóðarinnar í þessu efni, þá skal jeg geta þess, að hún er byggð á því, að engar þær sannanir liggja fyrir, sem sýna, að þjóðinni yfir höfuð sje þetta nokkurt áhugamál, og það, sem fram hefur komið á þingi í þessu máli, hefur, eins og jeg hef tekið fram, heldur ekki sýnt að svo væri. Því þó lfrv., sem hefur svo yfirgripsmikla og almenna þýðingu, hafi verið sþ. á þinginu með 1 atkv. mun, þá álít jeg það mikið áhorfsmál fyrir þingið, að semja slík lög, þar sem búast má við, eptir þeirri niðurstöðu sem málið hefur fengið á þinginu, að þau sjeu á móti vilja mikils þorra landsbúa.

Ásgeir Einarsson: Hinn hæstv. lh. hefur eigi tekið fram mörg atriði móti þessu frv., sem eru svo veruleg, að ástæða sje til að svara þeim, og þó var fyrri ræðan hans fremur löng. Þó tók hann það fram, að ástæður stj. fyrir neituninni á staðfestingu þessa máls væru mjög svo sannfærandi. En meðan hvorki hann nje aðrir reyna til að hrekja ástæður mínar móti þessum ástæðum stjórnarinnar, þá get jeg eigi fallizt á, að þær sjeu sannfærandi. Í öðru lagi kvað hinn hæstv. lh. það alls eigi vera almennan vilja þjóðarinnar, að fá lög í þessa átt. Jeg veit nú ekki, hvað hann kallar almennan vilja. Jeg hef farið yfir mestan part af fundargjörðunum á lestrarsalnum og hef jeg sjeð, að í velflestum þeirra er farið fram á, að söfnuðirnir fái þann rjett að kjósa sjálfir presta sína. Jeg skal láta ósagt, hvort þessar fundargjörðir eru uppspunnar; en svo mikið er víst, að þær eru undirskrifaðar og að öðru leyti útbúnar eins og hverjar þær skýrslur, sem menn álíta að hafi fullt gildi. Hinn hæstv. lh. tók það enn fremur fram, að minni hlutinn í söfnuðinum mundi verða mjög óánægður með gjörðir meiri hlutans í þessu efni. Það getur nú eptir frv. aldrei orðið meira en $^1/_3$ safnaðarins í minni hluta, og látum það gjarnan vera að lítið minna en helmingur safnaðarins yrði í minni hluta og því óánægður með val meiri hlutans. Er það verra, en að allur söfnuðurinn skuli vera sáraumur út af frammistöðu prests síns og óánægður með hann í alla staði, eins og nú á sjer allt of víða stað? Þar sem spurt hefur verið um, hvernig að skyldi fara, ef eigi væri nema einn umsækjandi, þá er því að svara, að ef eigi sækir um nema *einn*, þá er annaðhvort að söfnuðurinn tekur hann, ef hann álítur hann hæfilegan, eða verður heldur prestslaus, eins og opt á sjer stað, ef hann er óhæfilegur. Og ef biskup álítur hann óhæfilegan, mun hann benda söfnuðinum á það. Stjórnin hefur í þessu frv., eins og lh. spáir, eilíft neitunarvald, bæði í smáu og stóru, svo eigi er svo undarlegt, þótt stríð og þráttun kunni af að rísa, en það er á hennar ábyrgð. Enda mun það víðast svo, að þar sem trúar- og kirkjulíf hefur vaknað, þar hefur líka vaknað stríð, andlegt og líkamlegt. Verði frv. þessu mót von minni neitað, þá er tími til að íhuga till. 1. þm. Rvl., og kunna þá kann ske sumir að fallast á hana, því eptir því, sem ráða má af umræðum á þingi, af brjefum og frjettum, þá eru ekki allir prestar svo, að menn geti verið ánægðir með þá. En jeg vil ekki að þyrfti að taka til þessa óyndisúrræðis, að semja lög, er gefi söfnuðum vald til að afsetja presta sína, án dóms og laga, fyr en í síðustu lög. Jeg vil nú fyrst sjá, hvort ekki verða fleiri með þessu máli nú, en á síðasta þingi, sem

jeg líka vona að verði, þar sem fleiri bænarskrár hafa komið til þingsins nú en í hitt eð fyrra. Ætla jeg svo ekki að tala fleira fyrir þessu máli að sinni. Jeg veit ekki, hvort ástæður mínar þykja svo kröptugar, sem þær vera ættu, en það veit jeg, að stjórnarvaldið er kröptugt að neita, hvort sem neitunin er byggð á skynsemi eða ekki.

Atkvgr.: 1. til 9. gr. sþ. hver um sig með 6 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum (frá neðri d., C 159); 1. umr.

Málinu vísað orðalaust til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu (C 158); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Aðaltilefni til þessa frv. er, eins og kunnugt er, að allmargar jarðir í Rangárvallasýslu hafa undanfarin ár orðið fyrir stórskemmdum, bæði af sandfoki, vatnagangi og öðrum náttúrunnar völdum; og var rætt um þetta mál á almennum sýslufundi, sem haldinn var í kjördæminu seint í júnímán. Kom mönnum þar saman um, að semja frv. til þingsins um að meta á ný hinar skemmdu jarðir sýslunnar, þar þær eigi yrðu niðursettar nema með lagaboði, sökum þess að jarðabókin frá 1861 væri staðfest með lagaboði. Sumar af þessum jörðum hafa alveg lagzt í eyði, en eru þó kannske ekki með öllu ónýtar. Sumar má segja að lafi í bili. En jarðir þessar eru að dýrleika, eins og sjá má af jarðabók, til og frá um 10-20 hndr. Þegar svona er ástatt, má geta því nærri, að öll lögskilaskyldan, sem hvílir á jörðunum, fælir menn frá þeim eða að taka þær aptur, þó sumar kann ske mætti byggja á ný, og svo er það líka ósanngjarnt, að menn skuli skyldir að inna sömu lögskilaskyldu af hendi af þeim jörðum, sem að eins eru byggðar eins og áður, þegar svona er komið. Eins og kunnugt er, er meint til lögskilaskyldu, það sem hvílir á hverju hndr. jarðarinnar, tíund til prests, kirkju og fátækra, ábúðarskattur, offur, sýslusjóðsgjald, búnaðarskólagjald og fl. Jeg vona að hinir h. þm. kynni sjer af skýrslum þeim, sem fyrir liggja, hvernig ástandið er. Svo þegar mönnum fer að verða það ljóst, þá vona jeg hin h. deild taki vel í málið, og leyfi því að ganga sína götu. Jeg skal geta þess, að við ýtarlegri rannsókn, og yfirvegun málsins, hefur okkur flm. komið saman um, að gjöra litla breytingar við einstakar gr. frv., til þess að það væri á öllum stöðum frambærilegt, og yrði ekki fyrir árekstri. Því jeg má með sanni segja, að þetta er áhugamál þeirra, sem hlut eiga að því, sem náttúrlegt er. Jeg ætla svo ekki að tala meira um málið, meðan engin mótmæli koma gegn því

Landshöfðingi: Það hefur áður komið fram á þinginu, að nauðsynlegt væri að endurskoða jarðamatið frá 1861, og á síðasta þingi var í þessari deild samþykkt ust. í þá átt, og liggur árangurinn af aðgjörðum stj. til að undirbúa málið fyrir þinginu í skjölum þeim, er jeg lagði fram á dögunum. En sjerstaklega mun þessi nauðsyn vera ljósust að því er snertir kjördæmi þm. Rvl. Er því eðlilegt að það komi ust. um endurskoðun jarðamatsins þar í sýslu, og því eðlilegra, sem áður hefir komið fram beiðni um, að ráðin væri bót á skakka þeim, sem orðinn væri á dýrleika jarðanna þar við skemmdir þær, er þær hafa orðið fyrir af völdum náttúrunnar. Það hefði að sönnu verið mjög æskilegt, ef endurskoðun jarðam. í Rangárvallasýslu hefði getað orðið liður í almennri endurskoðun jarðam., því það er nokkrum annmörkum bundið, að taka fyrir eina sýslu, en láta jarðam. standa óhaggað í öllum öðrum sýslum landsins, þótt víða sje þörf á að laga það. Samt sem áður álít jeg þetta frv. íhugunarvert, og mæli því, fyrst um sinn, að minnsta kosti með því, að frumvarpið verði tekið til greina. Og af því málið er nokkuð vandasamt, held jeg það gæti orðið til bóta, að nefnd væri sett í því, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á nefnd við lok þessarar umr.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti læt hina h. deild ráða, hvort hún vill skipa n. í málið eða ekki. En, sem sagt, við flm. höfum hugsað oss, að koma með br. við einstakar gr. frv., sem við ímynduðum oss, að mundu lagfæra málið og gjöra því greiðari gönguna gegnum

þingið. Þessar br. höfum við hugsað oss að koma með til 2. umr. En, sem sagt, jeg er ekki á móti n. í sjálfu sjer, þó jeg álíti, að það geti gengið án n. Enda er hætt við, að n. gæti tafið fyrir málinu. Þar sem hinn hæstv. lh. minntist á aðaljarðamatsmálið, þá er það sjálfsagt í sjálfu sjer eðlilegra, að þetta litla mál hefði orðið aðalmálinu samfara. En jeg vona menn sjái, að hjer sjeu sjerstakar ástæður til að flýta þessu jarðamati, þar sem svo margar jarðir í Rvl. hafa gjöreyðilagzt eða stórskemmzt, og á hinn bóginn verður ekki fyrir sjeð, að aðalmálið komist svo fljótt í kring, þar sem undirbúningurinn, eptir því sem ráða má af skýrslunum á lestrarsalnum, hefur orðið í molum. Þess vegna hefi jeg og við fyrir okkar kjördæmi hugsað að aðalmálið ætti enn langt í land.

Árni Thorsteinson: Það væri æskilegt að fá að heyra, hverjar þær br. væru, sem flm. hafa hugsað sjer við frv. um leið og þeir leggja það fram.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal leyfa mjer að taka undir með hinum h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) um, að það er hreinn og beinn vilji manna í kjördæmi okkar, að skemmdir þær, sem fallið hafa á jarðir, sjerdeilis í 2 hreppum Rangárvallasýslu, Land- og Rangárvallahreppa, verði sem fyrst metnar til dýrleika. Jeg veit ekki betur, en að þar sjeu um 20 jarðir í báðum þessum hreppum, sem alveg hafa lagzt í eyði, en 40, sem meira og minna hafa skemmzt. Vona jeg því hver maður sjái, að hin brýnasta nauðsyn er til, að meta þessar jarðir upp, svo eigi verði heimtar af þeim hinar lögskipuðu skyldur og skattar nú, eins og meðan þær voru óskemmdar og í blóma sínum. Jeg get heldur ekki álitið það ráðlegt að bíða eptir almennri endurskoðun jarðamatsins 1861, eins og hinn hæstv. lh. drap á í ræðu sinni. Því auk þess sem brýnustu nauðsyn ber til að endurskoða mat þessara jarða, sem hjer ræðir um, hið bráðasta, þá álít jeg, að ef sú endurskoðun yrði tekin fyrir á líkan hátt eins og þingið hjer í hitt eð fyrra 1881 lagði til, áður en búið væri að meta hinar eyddu og skemmdu jarðir, til niðurfærslu hundraðatali þeirra, þá yrði erfitt að finna hundraðatöluhlutfall Rangárvallasýslu móts við aðrar sýslur landsins. Jeg hefi því þá von, að hin h. d. leyfi málinu fram að ganga. Hvað n. viðvíkur, sem stungið hefur verið upp á, þá er jeg heldur með því, að hún verði sett, því hún mundi heldur verða til þess, að styðja málið en steypa því.

Sighvatur Árnason: Sem flm. tek jeg mjer orðið í þriðja sinn. Jeg minntist ekki áðan á, hverjar þær br. væru, er við höfðum hugsað okkur í frv., þar eð jeg óttaðist, að jeg með því yrði að fara út í einstakar gr. frv., sem ekki á við undir 1. umr. málsins. En út af áskorun hins h. varaforseta (Á. Th.) skal jeg leyfa mjer að drepa á þær stuttlega og í almennum orðum. Þar sem í frv. stendur, að sýslunefndir tilnefni eina jörð í hverri sveit, sem matið fer fram í, matsmönnum til fyrirmyndar, þá er með því meint, að hún taki einhverja þá jörð, sem menn álíta hæfilegast metna þannig til fyrirmyndar matsmönnum, að þeir meti hina skemmdu jörð sem mest í hlutfalli við mat það, sem er á þessari jörð. I öðru lagi hefur okkur komið til hugar, að hin h. deild mundi, ef til vill, efast um eitt atriði, svo það gæti máske orðið því til fyrirstöðu, að frv. yrði sþ. Það er um það, hvort matsgjörðin verði gjör gildandi á sínum tíma án lagaboðs. Því það er vitaskuld, að matið, er það er skeð, er ei lög. Þessu hefur oss því komið til hugar að breyta, svo það yrði ekki málinu til fyrirstöðu eða hindraði það frá staðfestingu. Okkur hefur því komið til hugar að sleppa þessari ákvörðun, nema hana burtu úr frv., svo matsgjörðin þurfi ei að bíða óbyrjuð og óbúin fram í ókominn tíma. Vildum við heldur taka þessa ákvörðun aptur, ef hin h. d. álítur, að hún muni standa málinu fyrir staðfestingu. Því þá þarf þó ekki að bíða með málið nema eitt ár frá þeim tíma, er matið yrði afgreitt úr hjeraðinu, til þess að fá það löggleitt gegnum alþing 1885. Í staðinn fyrir þetta atriði má koma með aðra ákvörðun málinu til leiðbeiningar. Af þessum br. leiða aptur aðrar br., sem jeg ímynda mjer, að hinir h. þdm. geti sjeð, er þeir hugleiða þráðinn í frv. Man jeg svo ekki að við höfum hugsað okkur fleiri br. en þær, sem jeg nú hefi getið um.

Atkvgr.: Sþ. með 10 atkv., að málið gengi til 2. umr. N. felld með 6 atkv. móti 3.

Fjórtándi fundur, þriðjudag 17. júlí. Allir á fundi nema Stefán Eiríksson sem hafði tjáð forföll sín.

Frv. til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl (C 157); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Það er eptir bæn Eyfirðinga og Þingeyinga, einkum þilskipaeiganda og formanna þeirra, sem jeg hefi leyft mjer, í fjelagi með hinum h. þm. Str., að koma fram með þetta frv. Allir vita hve, mikilsverðar fiskiveiðarnar eru fyrir land vort, og munu því sjá, hve nauðsynlegt og sjálfsagt það er, að hlynna að þeim sem bezt má verða, og má geta þess, að H. H. konungurinn hefur sjerstaklega í boðskap sínum til þingsins brýnt fyrir þingin, að gleyma eigi þessum aðalatvinnuvegi landsins, fiskiveiðunum, heldur leitast við að bæta hann sem mest. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, á líka að miða til þess, að bæta nokkuð úr, að því er fiskiveiðarnar snertir. Jeg má fullyrða, að það er almennt álit manna, er vit hafa á, á Norður- og Vesturlandi, að hákallaveiðar, sem eru mikil grein fiskiveiðanna, geti því að eins orðið varanlegar, að ekki sje of snemma byrjað að skera í sjó þann hákall, sem veiðist; þó getur það verið, að sumir veiðimenn á þessu svæði sjeu á móti slíku banni, sem frv. fer fram á; en það eru þá sjálfsagt þeir, sem að eins líta á stundarhagnað, en ekki á varanlegleik þessarar veiði, og gagn framtíðarinnar af henni. Reyndir og greindið gamlir formenn eru mjög svo á móti því, að of snemma sje tekið að skera niður hákall í sjó á vetrum og vorin. Jeg er reyndar enginn fiskimaður sjálfur, og er því, ef til vill ekki sem bezt heima í þeim sökum; en hinn h. þm. Str. er reyndari í fiskiveiðum, og því er að þeim lítur, og mun hann því geta skýrt þetta mál fyrir þd. Væri niðurskurður bannaður, eins og frv. fer fram á, þá breytist að vísu aðferðin við hákallaveiðarnar. Menn geta þá ekki fengið eins mikinn afla í einni ferð, eins og nú, er menn skera hákallinn í sjó. Aptur á móti gætu menn þá farið fleiri ferðir og þurfa skemmri leið til að sækja veiðina; og mundi ekki verða svo lítill hagur að því. Jeg er ókunnugur hvaða skoðun menn hjer á suðurlandi hafa á þessu. Jeg get ímyndað mjer, að ef það eigi eru nema örfá skip hjer, sem stunda hákallaveiði, þá vilji menn helzt vera fyrir utan þessi lög, þar sem svo rúmt er um skip þeirra á sjónum. Ef svo væri, þá er jeg fyrir mitt leyti fús á, að gjöra br. við frv. í þá átt, að suðurland sje undantekið þessum lögum. Mætti þá binda bannið t. a. m. að eins við svæðið frá Langanesi til Straumness í Ísafjarðarsýslu, eða þá við eitthvað annað svæði, sem mönnum kæmi saman um og þætti haganlegast. Menn kunna nú að segja, að ekki sje þörf á þeim lögum, sem hjer ræðir um, því að sýslunefndum sje með eldri lögum gefin heimild til að gjöra samþykktir um fiskiveiðarnar. En þess ber að gæta, að eiginlega getur ekki nema ein og ein sýslun. gjört samþykktir, hver fyrir sína sýslu. Til þess því að samþykktir um þetta efni gætu orðið bindandi fyrir allt land, yrðu allar sýslur að koma sjer saman um eina samhljóða samþykkt, og þyrftu því að skrifast á um þetta efni. En allir vita, hve allar samgöngur hjer á landi eru ógreiðar, og er því eigi gott að segja, hvað langur tími mundi ganga til þessa, einkum þegar líka svo er, að sýslunefndir koma ei saman nema einu sinni á ári. Á Norðurlandi yrði ekkert gagn að þessu banni, nema það næði yfir allar sýslur norðanlands, báðar Þingeyjarsýslur, Eyjafjs., Skagafjs., Húnavs. og Strandasýslu, því skip frá öllum þessum sýslum eru saman á öllu því sjávarsvæði, er liggur fyrir framan þessar sýslur, enda getur ekki hvert skip bundið sig við sjávarsvæði sinnar sýslu. Af þessum sökum er það borið upp að fá almenn lög um þetta efni, og þar sem mál þetta er svo merkilegt, þá vona jeg að hin h. d. gefi því ýtarlegan gaum, og láti það fá framgang, annaðhvort óbreytt eða þá breytt til bóta.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend ekki upp til þess, að auka við það, sem hinn h. þm. Ef. (E. Ásm.) hefur tekið fram um þetta mál, og heldur ekki til þess að svara mótmælum, því þau eru enn engin komin móti málinu og koma kann ske heldur ekki svo mikil. En jeg stend upp til þess að skýra þetta mál nokkuð fyrir hinum h. þdm., því það er engin von, að þeir sjeu því allir svo gagnkunnugir.

Í þessu tilliti skal jeg leyfa mjer að vitna til hins h. 3. kgk. þm. (J. P.), því hann er manna kunnugastur þessu máli. Jeg vona hann muni, hve mikið áhugamál Strandam. var þetta mál, þegar hann var sýslum. í Str., því þá veitti hann dyggilega hjálp í því, að semja lög til samþykkta um þetta mál. Þegar jeg var orðinn alþm. Str., voru þeir opt að tala við mig um, hve æskilegt það væri, að fá alþ. til að semja fastákveðin lög um þetta efni, fyrir opin skip, og sagði jeg þá, að mjer þætti ísjárvert, að fá lög um þetta, meðan þilskipin skæru niður fyrir vestan, því síðan ísinn fór að koma svona ótt að Norðurlandi, hefur stundum verið ís á Húnaflóa, þó autt væri fyrir vestan. En verst af öllu er, þegar menn skera niður hákarlinn um miðjan vetur fyrir vestan, áður en Strandamenn geta aflað. Nú komu út lögin um fiskiveiðar á opnum skipum, og þótti mönnum þau góð og frjálsleg, en það þótti mönnum illt, að þau snertu eigi þilskipin. Nú eru komnar skrár um bann gegn niðurskurði á hákarli frá þeim hjeruðum, þar sem mestar eru hákarlaveiðar á þilskipum, Tíminn, er þilskipin fara út, er sá, sem ábyrgðarfjelagið ákveður, að þau megi fara fyrst út. Í vor fóru þau nokkru fyr út, enda er það nú víst, að tvö eru alveg farin. Þegar jeg sá tvær ritgjörðir í norðanblöðunum í vor um nauðsyn þess að banna niðurskurð á þessu tímabili, trúði jeg varla sjálfum mjer fyrir feginleik. Því þó jeg eigi ekki lengur hlutdeild í hákarlaveiðum, þá gleðst jeg af því landsins vegna, að menn eru farir að sjá, hve skaðlegur þessi niðurskurður er svo snemma. Í vor hitti jeg á Skagaströnd einhvern hinn bezta formann og aflamann í Strs., sem sagði mjer, að hann væri því mjög fylgjandi, að niðurskurður yrði almennt bannaður til viss tíma, ef þilskip fylgdust með að skera ekki. En af því engin lög voru til um þetta, þá skáru menn niður í vetur og skemmdu með því aflann eptir það. Hann játaði, eins og eðlilegt er, að hann vildi skera niður, þegar hann fengi góðan róður, einmitt af því að aðrir, einkum þilskipin, skæru niður, því allt væri ónýtt, ef ei allir væri saman í þessu efni. En ef allur niðurskurður væri bannaður, yrði hann fúsastur manna að hlýðnast því banni. Sama sagði Jakob kaupm. Thorarensen á Reykjarfirði, sem einn hefur miklar hákarlaveiðar. Hann kveðst einnig vilja fylgja þeirri reglu að skera ekki niður, en með þeim skilyrðum, að aðrir gjöri hið sama. Vandinn í þessu efni kemur fyrst, er til Ísfirðinga kemur. Menn segja að þeir sjeu á báðum áttum. Þó telur 2. þm. Ísf., sem mun þessu máli fullt eins kunnugur og hinir, að hann álíti bannið nauðsynlegt, þar sem sumir, er fara til og skera niður, af því hákarl spilli lóðum manna og öðrum veiðarfærum, og spilla með því aðalfiskiveiðunum, en hákarlsaflinn er þó drýgri optast. Hvergi hefur þó gengið eins illa að framfylgja fiskiveiðasamþykktunum eins og þar, enda fer það orð af lögreglustjóranum þar í sýslu, að hann skeyti því ei sem bezt, að samþykktirnar sjeu framkvæmdar. Það er nú, ef til vill, ekki ætlandi neinum manni, að geta haft jafngott eptirlit á öllu í svo stóru hjeraði. En hann ætti þó að geta dæmt, hvort sá og sá er sekur eða sýkn, og eins ákveðið múlktir. Jeg hefi líka átt tal um þetta efni við þm. Barðstrendinga. Hann sagði mjer, að fiskisamþykktir væri fyrir vestan um að skera ei niður hákarl. Breiðfirðingar eru líka á móti niðurskurði, og þó eru talsverðar hákarlaveiðar fyrir vestan Bjargtanga. Skal jeg svo ekki tala fleira að sinni, en ef okkur hugsast breytingar við frv., munum vjer koma fram með þær síðar.

Skúli Þorvarðarson: Þetta frv. kemur að sönnu lítið við atvinnuvegunum í mínu hjeraði, en af því jeg þó er dálítið kunnugur þessu máli, skal jeg fara um það fáum orðum. Eptir minni þekkingu á hákarlaveiðum, get jeg ekki annað en viðurkennt, að ef skorið er niður, þá er öll von úti með hákarlaveiðar 4—6 vikurnar á eptir niðurskurðinum, og ekki nær en 3—4 mílur þaðan er niður var sleppt. Þess vegna get jeg ekki betur sjeð, en að lífrin, sem að vísu kann að fást mikil í eitt skipti, ekki samsvari þeim afla, sem missist við niðurskurðinn, einkum á opnum skipum, sem stunda veiðina meðfram ströndum landsins. En jeg er í efa um, hvort heppilegt sje, að semja lög, er gildi fyrir allt land, eins og frumvarpið fer fram á eða sýslunefndirnar sjálfar semji sjer ákvarðanir í þessu efni samkvæmt lögunum 14. des. 1877.

Öðru máli er máske að gegna með hákarlaveiðar á þilskipum; þeim sem stunda hana, getur verið mjög bagalegt og skaðlegt, að verða að flytja langar leiðir allan hákarlsafla sinn; en úr því bætir tíma-takmarkið, þar þau leggja sjaldan út fyrri en eptir miðjan aprílmánuð. En hvernig sem því er varið, þá verð jeg með því, að þetta mál gangi til 2. umr.

Landshöfðingi: Þetta frv. er þess efnis, að jeg hefði álitið æskilegra og betur eiga við, að það hefði ekki komið fram. Eptir lögum 14. des. 1877 heyrir það undir sýslunefndir og sveitafundi að útkljá þess konar málefni. Þau lög voru einmitt samin í þeim tilgangi, að gefa sýslunefndum og hjeraðsbúum vald til að gjöra sjálfum út um mál þau, er sjerstaklega varðar fiskiveiðarnar. Mjer finnst það því óeðlilegt og óheppilegt, að þingið samþykki lög um það efni, sem löggjafarvaldið áður er búið að fela öðrum stjórnarvöldum að hafa til meðferðar og gjöra ákvarðanir um. Grundvallarreglan í lögum 14. des. 1877 er þannig móti því, að þingið taki þetta mál til frekari meðferðar, því þau eru búin að vísa málinu frá hinu eiginlega löggjafarvaldi til sýslunefndanna og hjeraðanna. Þetta vald, sem sýslunefndunum var fengið í hendur með lögunum 14. des. 1877, getur skoðast eins og prófsteinn þess, hversu mikils sýslunefndirnar væru um komnar, hvað þær væru færar um. Og eptir reynslunni hef jeg ekki ástæðu til að bera það vantraust til sýslunefndanna, að þær geti eigi á viðunandi hátt ráðið þessum málum til lykta samkvæmt optnefndum lögum 14. des. 1877. Og af því að reynslan gefur eigi neitt tilefni til vantrausts í þessu efni, verð jeg að leggja það til, að þingið skerði eigi með nýjum lögum vald það, sem sýslunefndunum er fengið í hendur með optnefndum lögum 14. desbr. 1877.

Sighvatur Árnason: Jeg er í raun og veru eigi móti því, að þetta mál gangi til 2. umr., en er hæstv. lh. alveg samdóma í því, að eigi sje heppilegt, að gjöra slíkar ákvarðanir að almennum lögum. Viðvíkjandi Vestmannaeyjum, þá efast jeg mjög um, að þær taki þessum lögum með þökkum. Þar eru hákarlaveiðar stundaðar fyrir opnu hafi, þar er langróið í hákarlalegur og eru þær því hættuferðir, en yrðu þó enn hættumeiri, ef menn væru skyldir til að skera allan hákarl inn í skipin. Í öðru lagi skal jeg nefna Rangársand; þó menn þar enn gefi sig lítið við hákarlaveiðum, þá get jeg engan veginn ímyndað mjer, að veiðinni yrði slíkt til hagsmuna, þó hákarlinn væri hirtur, þar sem ekki er hægt að stunda þar þessar veiðar nema í mesta lagi einn eða tvo daga í mánuði. Og jeg ímynda mjer, að annarstaðar geti líka staðið sjerstaklega á. Jeg vil leyfa mjer að benda h. flm. á að taka til íhugunar, hvort eigi sje ástæða til að breyta frv. eða taka það aptur, því að lögin 14. des. 1877 gefa sýslunefndunum vald til fyrir meira eða minna svæði að ráða slíkum málum til lykta með þeim undirbúningi, sem samþykktarlögin kveða á um.

Benidikt Kristjánsson: Mjer er að vísu ókunnugt um veiðar, þar sem jeg bý í sveit en ei við sjó, en heyrt hef jeg á mál manna um þetta efni og því legg jeg hjer einnig orð í belg. Hæstv. lh. áleit ekki æskilegt, að frv. fengi fram að ganga, þar sem það kæmi í bága við lögin 14. des. 1877. Þetta er að vísu alveg satt um veiðar á opnum skipum, en þetta frv. talar um veiðar yfir höfuð, bæði á opnum skipum og þilskipum. Áður en hæstv. lh. kom inn í salinn, hafði flm. tekið fram, að þeir, er leggja stund á hákarlaveiðar, eru ekki bundnir við veiðar fyrir framan sínar einstöku sýslur, heldur er svo, að t. d. Þingeyingar veiða fyrir framan Strandasýslu, Isafjarðarsýslu eða Húnavatnssýslu og aptur á móti geta Ísfirðingar, Strandamenn, eða Húnvetningar stundað hákarlaveiði á Þistilfjarðarflóa. Það sem er á móti því, að þessi efni liggi undir sýslunefndirnar eða sveitarstjórnirnar er það, að til þess yrðu allar sveitastjórnir að vera sammála um veiðiaðferðina. En þá kemur nú til álita örðugar samgöngur og margt annað, sem mundi því til fyrirstöðu, að slíkt kæmist í kring hjá öllum sveitarstjórnum á landinu. Þegar vjer hugleiðum allt það, þá finnst mjer lítt hugsandi, að málið kæmist áleiðis með því að fara þá leiðina. Og þó nú svo færi, að saman gengi, þá er engum efa bundið, að til þess gengju mörg ár. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að hjer sje nokkur leikur gjörður til þess að draga

vald úr höndum sveitarstjórnanna, heldur liggur hjer til grundvallar nauðsyn að fá bindandi lagaákvarðanir í þessu efni.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend nú eigi upp af því, að jeg þurfi miklu við að bæta. Hæstv. lh. ljet í ljósi, að ísjárvert væri að búa til ný lög ofan í gildandi lög um þetta efni, en aðgætandi er, að þetta gæti einungis átt sjer stað, ef þilskip hefðu verið tekin inn í lögin 14. des. 1877. Nú er það ekki, og mest er um vert að þilskipum verði bannað að skera niður, þar sem þau fara svo snemma út. H. 1. þm. Rvl. tók fram, að þessar fyrirskipanir ættu ei alstaðar við. Það hefur mjer heldur aldrei dottið í hug; við flm. munum heldur ekki fara fram á annað en að þetta bann verði takmarkað og bundið við þau hjeröð, þar sem það á við og mjer finnst t. d. sjálfsagt, að Faxaflói verði undanskilinn, því þar mun þetta ekki eiga við. Jeg vona, að h. þd. láti þetta mál ganga til 2. umr. Við flm. skulum bera okkur saman við fleiri þingmenn og gera br. við frv., ef þær þykja nauðsynlegar.

Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um strandgæzlu (C 157); 1. umr.

Einar Ásmundsson (flm): Þetta frv. stendur í sambandi við frv. það, er h. þd. nú vísaði til 2. umr., og að vísu í sambandi við öll fiskiveiðamál landsins. Það er kunnugt, þar sem mikið er um sjósókn, sjerstaklega síldarveiði, eins og á sjer stað á norður- og austurlandi, að þá á ýms óregla sjer stað, sem ekki verður við ráðið af þeim fáu, sem eiga að líta eptir því, að lögunum sje hlýtt; sýslumennirnir eru fáir og sýslur þeirra víðlendar, hreppstjórarnir heldur ekki margir og allir hafa mikið að gjöra og margt að annast. Einkum á þessi óregla sjer stað þar sem útlendingar koma og stunda veiðar; þeir eru ókunnugir og vita ekki hvort þeir eiga að snúa sjer, og þess vegna er þetta frv. orðið til eins mikið vegna þeirra sem landsmanna sjálfra. Jeg vona að h. þd. sjái, að þetta atriði er mjög íhugunarvert. Svo framarlega sem vjer eigum að geta hlynnt að fiskiveiðum vorum, en til þess bendir konungur sjálfur í boðskap sínum til þingsins, þá verðum vjer að sjá um, að einhver strandgæzla sje, svo lögin verði ekki troðin undir fótum, því þau lög, sem troðin eru undir fótum, eru betur ógefin en gefin. I Noregi, þar sem stendur líkt á og hjá oss, er mikill fjöldi strandgæzlumanna eða eptirlitsmanna í veiðistöðunum. Jeg vona að h. þd. lofi málinu að ganga sinn gang og vil helzt óska að menn vildu breyta frv. til bóta, en ljetu þær breytingar vera, sem ekki bæta það í neinu verulegu.

Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Fimmtándi fundur, miðvikudag 18. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum (C159); 2. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 3. umr. í e.h.

Frv. til laga um kosningu presta (C 120); 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Það er reyndar búið að ræða þetta mál fram og aptur, en áður en jeg skilst alveg við málið og gengið verður til atkvæða um það hjer í d., má ske í síðasta sinni, skal jeg enn leyfa mjer að mæla með því með fáum orðum. Í síðasta sinni, segi jeg, því málinu hafa sumir spáð aldurtjóni í n.d., þó það kunni nú að rætast hjer sem optar, að „sá lifir lengst, sem með orðum er veginn". Það er samt annar spádómur, sem er háskalegri en þessi, og það er spádómur hins h. lh. við 2. umr. þessa máls, um það, að konungur mundi aldrei staðfesta þetta frv., þó það á sínum tíma útgengi frá þinginu sem lög. Þar er stiginn til mótmæla, hvort sem ástæður eru með eða móti. Jeg skal þó játa það, að lh. kom í sama sinni með eina sláandi ástæðu móti málinu, og það var sú ástæða, að eigi hefði verið nema eins atkv. munur, þegar mál þetta var sþ. í n.d. 1881. Þó má geta þess, að við 2. umr. þess í sömu d. var munurinn á atkv. ekki svo lítill. Það munu menn sjá, er menn lesa þessa umr. í Alþt. frá 1881. Þær kappræður, sem spunnust út úr þessu máli þar í d., get jeg vel ímyndað mjer, að hafi valdið því, að munurinn á atkv. með og

mót við 3. umr. varð svo lítill, þar sem menn jafnvel voru farnir að drótta því hver að öðrum, að menn töluðu eigi af af sannfæringu. Mjer kemur nú ekki til hugar að ætla kristnum mönnum slíkt. Jeg get ekki ætlað neinn þm. þann guðleysingja, þar sem hann er tvisvar búinn að vinna eið að stjórnarskránni. Mjer virðist það líka sjálfsagt, að þó n.d. hafi tekið svona linlega í málið á síðasta þingi, þá geti skoðanir manna þar verið orðnar nokkuð breyttar nú, enda er þetta frv. nokkuð breytt frá því, sem það var sþ. 1881. Svo það er ekki ómögulegt, að fleiri verði með því nú en þá í n. d. Byggi jeg þetta á hinum mörgu óskum og bænarskrám, sem komið hafa til þingsins úr ýmsum áttum, og sem legið hafa til sýnis á lestrarsalnum, um að þetta mál fái framgang á þ. Þá kom lh. með enn eina ástæðu; en hún er reyndar eigi eins sláandi og sú, sem jeg nú nefndi. Hinn hæstv. lh. sagði, að mál þetta væri ekkert áhugamál þjóðarinnar. En þessu svara jeg að eins með því að segja að hinn hæstv. lh. hefur ekki gefið sjer tíma til að lesa hjeraðsfundaályktanirnar, sem lengi hafa legið á lestrarsalnum, og sem flestar fara fram á, að mál þetta verði tekið fyrir á þinginu og nái fram að ganga. Ef hinn hæstv. lh. hefði lesið þessar skýrslur, þá mundi hann varla hafa sagt, að þetta mál væri eigi þjóðvilji. Jeg hlýt að spyrja: Á hverju á þá að byggja þjóðviljann? Jeg vil þá ekki nefna þjóðvilja, ef ekkert á að gjöra úr samþykktum og áliti funda, sem kallaðir eru saman meðal þjóðanna. Þá skal jeg snúa nokkrum orðum að hinum háæruverðuga 6. kgk. þm. (S. M.), sem hjelt svo langa ræðu móti þessu frv. við 2. umr. þess. Þá vakti jeg nokkur mótmæli gegn ræðu hans, og skal jeg nú að eins láta það í ljósi, að jeg sje eigi betur nú en þá, að bendingar hans verði notaðar hjer á landi. Eptir því sem mjer virtist, þá var hann ekki móti málinu í sjálfu sjer, en honum líkaði ekki sá búningur, er það kom fram í, og vísaði oss til fyrirmyndar í kirkjuskipun Svía. Jeg get nú ekki ráðið mönnum til að aðhyllast þessa fyrirmynd, því jeg ætla það mundi verða tafsamt og óheppilegt að fara að stæla eptir margbrotnum prestaskipunarreglum annara þjóða. Annars ímynda jeg mjer að hinn h. 6. kgk. þm. sje einn af þeim, sem mest mundi vilja styrkja að því, að trúarlíf okkar Íslendinga vaknaði með hverju því móti, sem bezt gæti orðið. Því furðar mig svo á því að hann skuli vera á móti þessu frv., sem þó sannarlega miðar í þá átt. Jeg gat um það á dögunum, að til væru og til hefðu verið þeir hneykslisprestar, sem hefðu verið sjálfum sjer til vansæmdar, söfnuðum sínum til niðurdreps í andlegu tilliti og öðrum heiðarlegum stjettarbræðrum sínum, bæði innanlands og utan, til vansæmdar. Og hvernig má annað vera, en að slíkir prestar sjeu til, þar sem ekki er svo langt síðan, að ýmsir menn kölluðu prestaskólann ruslakistu, þar eð inn á hann hefðu verið teknir aumingjar og slarkarar, sem burt voru flæmdir af öðrum skólum. Það eru víst ekki svo mörg ár síðan slíkum mönnum, sem ekkert var orðið viðhjálpandi, var kastað inn á prestaskólann. Þegar nú rótin er ekki betri en þetta, segi jeg, þá er ekki von, að ávextirnir sjeu góðir. Þá vil jeg skoða mál þetta frá öðru sjónarmiði. Öllum mönnum er meðsköpuð tilfinning, bæði líkamleg og sálarleg, og eins og nú rósemi hinnar líkamlegu tilfinningar, getur raskast við hinn minnsta nálarsting, eins er það víst, að rósemi sálarinnar, sem er enn tilfinninganæmari, getur orðið raskað af þessum eitruðu broddum hneykslis og svívirðingar, sem í prestslegum hjúp eru sendir mítt í söfnuðina til að vera þeirra sálusorgarar. Menn halda kann ske, að allur trúarneisti sje dauður hjá oss Íslendingum. En því fer betur, að eigi er svo. Spámaðurinn vissi ekki, að „enn voru 100,000 manna, sem ekki höfðu beygt knje sín fyrir Baal“. Nei, tilfinning manna fyrir velferð sálna sinna er ekki enn, guði sje lof, svo almennt orðin sljó, að menn finni ei til gremju yfir því, að búa við þá presta, sem í stað þess að vekja menn af svefni andvaraleysisins og glæða trúarlífið, þvert á móti með lifnaði sínum svæfa þá alveg, sem þegar eru farnir að sofna, og drepa niður þann trúarneista, sem samvizkusamir sálusorgarar mundu geta upptendrað. Prestarnir eiga að vera búnir sverði andans og beita því til að verja og frelsa sálirnar með því að beita því gegn lygi og spillingu heimsins, og skera í burt öll andarmein sálarinnar, þar til þeir sigra. Með öðrum orðum: þeir eiga

að kenna guðs götu í *sannleika*, og halda því áfram bæði í tíma og ótíma. Þegar nú hneykslisprestarnir þvert á móti beita þessu sverði til að sníða eyrun af tilheyrendum sínum með því að haga sjer ósiðlega og hneykslanlega í söfnuðinum; jeg kalla það að sníða eyrun af söfnuðinum, þegar presturinn breytir svo hneykslanlega, að söfnuðurinn getur ekki trúað því að hann meini það sem hann kennir; hvað getum við þá vitað, hve sárt þessir hneykslis- og ósiðlætisbroddar stinga þá, sem fyrir þeim verða, og hafa lifandi tilfinningu fyrir því, hvernig líferni prestanna á að vera samkvæmt þeirri köllun, sem þeim er á hendur falin. Og það er sannarlega ekki lítil ábyrgð, sem hvílir á þeim, er brýna þessa brodda. Því er miður að þeir prestar, sem þetta á heima um, er jeg nú hefi nefnt, eru og hafa verið í kirkjunni á Íslandi. En *söfnuðirnir* hafa *ekki* kosið þessa presta. Veitingarvaldið, sem nú er, hefur heiðurinn af því *(M. Steph.:* Væri ekki rjett að nafngreina þessa presta). Það má nú segja, að ekki sje gott að lesa illgresið úr hveitinu, meðan það er að vaxa, og það er satt. En ekki þarf að sá til illgresisins vísvitandi *(Sig. Melsteð:* Þetta kemur ekki málinu við). Því það er sannarlega sorglegt, að það skuli mega heimfæra upp á presta þessi Krists orð: „þeir lokuðu dyrum himnaríkis fyrir mönnum". Það er almennt viðurkennt, að sagan sje það ljós, sem lýsi mönnunum. Því þar finna menn mörg dæmi góðra manna sjer til eptirbreytni, og vondra dæmi sjer til viðvörunar. Hún sýnir, hve margir verða opt og tíðum að gjalda þess, þegar forgöngumennirnir eru spilltir og andlega dauðir. Hvað margar þúsundir urðu að gjalda deyfðar Elis æðsta prests Ísraelsþjóðar og þvermóðsku og spillingar sona hans? „En ekkert er nýtt undir sólunni". Það hefur komið fyrir á þ. bæði nú og í hitt eð fyrra, að menn segja: „Trúir nokkur höfðingjanna á hann"? Þegar hinir lærðu og kgk. þm. hjer í d. setja sig á móti einhverju máli, þá hika menn sjer við að vera á annari skoðun. Í n. d. finnst mönnum opt og tíðum ekki eiga við að breyta málum, þegar þau koma svo og svo úr garði gjörð frá e. d. Þar sitja stjórnarmennirnir og vitringarnir, segja þeir; þetta kom fram í hitt eð fyrra í þessu máli, og þegar þeir eru á móti, þá er ei að búast við að það nái fram að ganga hjá stj. Mjer dettur í hug stjórnarbarátta okkar. Meðan stjórnarflokkurinn á þinginu var á móti stjórnarbótarmálinu, náði það aldrei fram að ganga, en þegar hann sameinaði sig hinum þjóðkjörnu mönnum, „meirihlutanum", þá fjekk málið fljótt framgang. Það getur líka verið, að þetta mál dragist, og baráttan haldi enn áfram nokkra stund. En það gjörir ekki svo mikið. Kirkjan hefur aldrei nema gott af stríði. Sje það alvara þjóðarinnar, að fá meira frelsi í kirkjulegum málefnum, sem nú er líka farið að vakna víða, þá mun hún halda áfram að berjast fyrir því, og kirkjan, sem er samtengd þjóðfjelaginu, hefur sem sagt ekki síður en það gott af nokkru stríði. Neitun konungs getur að vísu skapað frv. þessu aldur; en það er til annar konungur, sem hefur hjörtu konunganna í sinni hendi, sem er höfuð allra jarðneskra konunga, sem eigi eru nema menn, og hann, konungur konunganna, getur sagt: „hingað og ekki lengra".

Stefán Eiríksson: Það er til lítils þó jeg standi upp, og tali með þessu frv. Menn hafa þegar rætt allmikið með og móti því. Það komu fram margar mótbárur móti frumvarpi þessu við aðra umræðu þess, og sumar þeirra nokkuð sterkar; einkum sú mótbára hins h. 6. kgk. þm., að konungur veiti nokkur af prestsembættum landsins, og því væru engin tiltök um að frv. fengi staðfesting konungs. Það getur nú verið, að H. H. konungurinn vilji halda í þessa veitingu, en þó held jeg hann vilji varla halda svo fast í þenna rjett, ef hann veit, að það er á móti vilja þjóðarinnar. Hinn hæstv. lh. tók það fram, sem ástæðu móti þessu máli, að það væri alls eigi vilji þjóðarinnar í heild sinni, að fá því framgengt. Jeg held þó að það komi þvert á móti fram, að þetta sje þjóðarvilji, ef menn vilja lesa fundarskjölin á lestrarsalnum, því þau munu flest sýna, að menn víðsvegar um land eru á því, að málið fái framgang á þinginu. Mjer fyrir mitt leyti finnst þetta ekki heldur vera svo ógn-mikið frelsi, að menn þurfi að vera hræddir við að veita það. En þeir sem vilja að prestar, sem eru ósómi sinnar stjettar, haldist við í söfnuðunum, er og verður þeim einum

um að kenna, sem standa á móti þessu frelsi, hvort sem það er hin innl. eða hin útl. stj. Aðalatriði þessa máls og tilgangur frv. er að koma því til leiðar, að prestar, sem eru hirðulausir og afskiptalausir um velferð safnaða sinna og ósiðsamir, bæti ráð sitt, og vandi betur stöðu sína. En jeg skal játa, að það er ljótt, að þurfa að vera að bera þessa lýsingu upp hjer í þd.salnum, þó naumast verði hjá því komizt, þar sem þessir óreglupresta, því miður, eru allt of margir. Jeg fyrir mitt leyti þarf reyndar ekki svo mjög að kvarta fyrir mig og mína sóknarbræður í þessu tilliti, því við höfum yfir höfuð verið svo heppnir að hafa góða presta, þó jeg segi ekki að það hafi ekki komið fyrir, að einhver þeirra hegðaði sjer öðru vísi, en strangast tekið hefði átt að vera, en, sem sagt, það hefur þá ekki kveðið að því til muna. Jeg skal að öðru leyti játa það, að því miður lítur ekki byrlega út fyrir þessu frv. fremur nú, en í hitt eð fyrra; enda kalla jeg ekki að það lýsi neinum þjóðvilja á þinginu, ef málið verður ekki samþ. með meiru en eins atkvæðismun. Jeg held nú samt og vona, að ef frv. kemst gegnum þessa d. og niður í n. d., þá muni fleiri verða með því nú, en á þ. 1881; en í þessari deild er ekki að búast við betri úrslitum en þegar eru fyrirsjáanleg.

Árni Thorsteinsson: Jeg hef eigi talað fyr í þessu máli nú á þ., því jeg hef eigi viljað lengja þingræðurnar, enda hefur það eigi verið til neins, þar sem frv. þetta er lagað eins og það er. Áður en gengið verður til atkv. um málið, skal jeg þó í fáum orðum lýsa, hver þessi skoðun mín á því er, og hvers vegna jeg hef þessa skoðun. Skoðun mín á þessu máli er enn alveg sú sama sem á þ. 1881. Jeg áleit þá og álít enn, að söfnuðurinn eigi að fá vald til að kjósa einn af umsækjendunum, sem síðan yrði prestur hans, án þess að biskup eða aðrir megi nema úr gildi kosningu hans; en veitingarvaldið hafi fyrst áður en kosningfer fram rjett til, að taka þá af umsækjendunum frá, sem það álítur miður verðuga. Jeg lýsi því því enn fremur yfir, að jeg gef atkv. á móti þessu frv. af þeirri ástæðu, að það miðar eigi til þess að binda enda á það, sem til er ætlazt. Það er ekki nema hálfverk! Að gefa söfnuðunum ótakmarkaðan kosningarrjett, og veitingarvaldinu ótakmarkað synjunarvald miðar til þess að draga köllunina til prestsskaparins, þegar brauð er laust; hver veit hvað lengi? Það miðar ekki til annars en að söfnuðir og veitingarvaldið togast á. Slíkt getur aldrei komið á fljótri og greiðri köllun prests til brauðs, sem laust er; miklu fremur getur hún staðið óútgjörð um lengri tíma, öllum hlutaðeigendum til óánægju. Menn kunna að segja, að jeg hefði þá getað komið með br. við frv. En þá svara jeg því, að frv. er eigi svo lagað, að því bratkv. verði komið við það í þá átt, sem jeg vil. Til þess þyrfti nýtt frv., en til að koma með það hef jeg enga köllun. Svo skal jeg enn taka það fram, að jeg hef því síður ástæðu til að leita samvinnu við aðra í þessu máli, þar sem umræðurnar frá einum þm. hafa orðið með þeim ákafa og óhlífni að svo hefur litið út sem hann áliti, að engir hefðu næmar tilfinningar fyrir velferð kirkjunnar, nema hann einn, og að þetta frumvarp væri hið eina rjetta. Út af þessum skörpu ummælum vil jeg neita því, að söfnuðirnir hafi almennt þann vilja hjer á landi, að vilja hafa einungis þetta frumvarp en ekkert annað. Jeg ætla mjer ekki að fara að gjöra mönnum persónul. gersakir og ásaka menn um skort á hreinskilni og einurð. En það verð jeg að segja, að einmitt þetta frv. ber ekki með sjer þá hreinskilni og einurð, sem það hefði átt að hafa. Það hefði eptir stefnu sinni átt að gefa söfnuðunum óbundinn rjett til að kjósa hvern þann fyrir prest sinn af umsækjendunum, sem hæfilegur þætti til prestskapar, en láta aptur á móti eigi stj. hafa neitt með kirkjul. málefni hjer á landi að gjöra, og þá hefði jeg mikið vel getað skilið og aðhyllzt það. Fyrir fáum dögum var samþykkt hjer í d. frv. sem fór fram á, að landstj. veitti talsvert fje til að bæta upp nokkur brauð. Meðan svo er, að stj. hefur umsjón með kirkjul. málefnum, og vald til að veita fje þeim til eflingar, þá hlýtur hún líka að hafa hluttöku í veitingu andl. embætta. Þess vegna gef jeg líka atkv. mitt móti þessu frv., þar sem jeg hefði aðhyllzt það frv., sem hefði tekið allt vald yfir kirkjul. málum frá stj. og fengið það söfnuðunum í hendur. Sem sagt:

þeir þm., sem þetta mál liggur svo mjög á hjarta, geta gengið að því vísu, að jeg hef ekkert á móti því, að söfnuðirnir fái sjálfir að kjósa sína presta, ef þeir á annað borð á undan hafa tekið á hendur allt vald í kirkjulegum málum, og stj. eða ríkið ekki hefur framar neitt með kirkjuna að gjöra, eða þarf til hennar að leggja. En meðan engu slíku er farið fram verð jeg að halda fram skoðun þessari, er jeg hef lýst í byrjun ræðu minnar.

Sigurður Melsteð: Í sambandi við það sem jeg tók fram við 2. umr. þessa máls, skal jeg nú leyfa mjer að gjöra eina athugasemd. Vjer verðum, eins og jeg tók fram á dögunum, að hafa það hugfast, að þetta mál er ekki nema ein grein úr einu aðalmáli, fyrirkomulagi kirkjumálanna yfir höfuð. En það er hæpið og varlega gjörandi, að slíta einn þátt út úr einni heild, því við það getur heildin raskast og partarnir verða ekki samfelldir aptur. Þetta frv. er um mál, sem er einn þáttur hinna almennu kirkjumála, og að kippa því út úr sambandi sínu við heildina, stoðar ekki, fremur en úr líkamlegri byggingu, t. a. m. húsi, að kippa út einum bjálkanum, og setja svo annan í hans stað, sem annaðhvort er of stór eða of lítill, því við það skekkist og aflagast byggingin. Sama er að segja um það, að taka eitt hjól út úr einhverri vjel, og setja annað í staðinn, sem annaðhvort er og stórt eða of lítið, þ. e. sem alls ekki á við vjelina, þá stendur allt fast, og vjelin getur ekki gengið, og því ei unnið neitt gagn. Húsið aflagast, og vjelin gengur af göflunum. Þetta sama lögmál á nú eins heima hjá hinni andlegu byggingu í öllu lagasmíði, hvort sem það er kirkjulegt eða pólitiskt. Sama er t. a. m. að segja um hvert frv., sem þ. hefur til meðferðar, það tjáir ekki að slíta eina grein út úr því, og setja aðra, sem ekki á við aðrar; allar gr. verða að vera samfelldar í eina samhljóða óaðgreinanlega heild; annars verður það óbrúkanlegt sem lagaboð. Þannig er þessu máli varið, sem hjer liggur fyrir. Það er slitið út úr þeirri heild, sem það eðlilega er einn þáttur í, og þess vegna er það mjög óvíst, hvort það muni geta orðið til nokkurra bóta. Mjer þykir því hollast og hentugast, að þetta mál bíði, þangað til kirkjustjórnarmálið í heild sinni yrði tekið fyrir. Því, ef þetta frv. yrði að lögum eitt sjer, þá gæti svo farið, að menn iðraði, að hafa búið til þessi lög, er farið verður að ræða allt málið í heild sinni. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta mál. En með tilliti til ræðu hins h. þm. Str., þá verð jeg að vera á því, að ummæli hans um prestana sjeu ástæðulaus, þegar hann ekki nafngreinir þá, sem orð hans stefna að. Meðan hann ekki gjörir það, og engar kvartanir koma frá söfn. yfir prestum, þá hlýt jeg að mótmæla þeim áburði, er þm. hefur borið fram.

Benidikt Kristjánsson: Umr. um þetta mál eru nú þegar á enda, og jeg hef ekki þreytt hina h. þd. með ræðum mínum, þó jeg sje einn af flm. þess. En áður en gengið verður til atkv. um málið, skal jeg svara þeim mótmælum, sem fram hafa komið frá tveimur h. þm., hinum h. 5. kgk. (Á. Th.) og hinum h. 6. kgk. þm. (S. M.). Jeg skildi svo orð hins 5. kgk. þm., sem hann fjndi þessu máli það til, að það væri sprottið af óhreinskilni og einurðarleysi. Jeg álít hjer eigi nú heima, að „sá fer villt, er geta skal". Það get jeg skilið, eptir því áliti, sem hann ljet í ljósi, að þetta frv. sje ekki eptir hans hjarta, en jeg vildi spyrja, hvort frv., sem samþykkt var á þingi 1881, hafi þá ekki verið eptir hans hjarta. Eptir því sem ráða má af orðum hans í dag, virðist mjer ekki betur, en að hann hefði getað verið með málinu 1881. Mjer skildist ekki betur en að hann vilji, að veitingarvaldið hefði rjett til að taka nokkra þá frá af umsækjendunum, sem þættu miður verðugir, og söfn. hefði aptur óbundinn rjett til að taka einhvern einn af þeim, sem eptir væri. Jeg held nú, að það hafi beinlínis verið þetta, sem frv. í hitt eð fyrra fór fram á. Orð hans voru því svo vaxin, að því er mjer skildist, að hann hefði sjálfsagt getað greitt atkv. með frv. 1881, en mig minnir að hann gjörði það ekki. Hafi jeg skilið orð hins h. þm. rjett, þá kallaði hann frv. þetta haltrandi, og sprottið af óhreinskilni, með því það gefur söfnuðunum óbundinn rjett til að kjósa einhvern af öllum umsækjendunum, og biskupi aptur á móti óbundinn rjett til að synja um staðfesting kosningarinnar. Þetta kallar hann að togast á. Það er satt,

að hjer er farið fram á ótakmarkað kosningarfrelsi og ótakm. synjunarvald. En má jeg spyrja: er þetta nokkuð nýtt? Höfum við ekki dæmin fyrir oss? Á ekki þetta sama sjer stað alstaðar þar sem lögbundið kgsveldi er? Væri svo,að söfnuðunum væri veitt óbundið vald til að kjósa, og ekkert vald væri til að neita, þá hlyti, að því er mjer skilst, þjóðkirkjan að hrynja og leysast sundur í tóma smámola, prestakallamola, því þá væri það band sundurskorið, sem nú heldur henni saman. En það liggur í anda kristindómsins, að sameina sig í frjálsu bandi kærleikans og sameiningarbandi hinnar kirkjulegu skipunar. Það hefur aptur og aptur verið tekið fram, að þetta frv. væri ekki samkvæmt vilja þjóðarinnar, og hefur þessum mótmælum verið svarað bæði við 2. umr. og aptur nú. Jeg vil líka svara þessu á ný, en frá annari hlið, en gjört hefur verið. Vjer skulum gjöra ráð fyrir, að þetta væri alls ekki almennur vilji þjóðkirkjusafnaðarins, og fleiri væru móti því, en með, þá vil jeg spyrja: þekkir löggjafarvaldið fyllilega skyldu sína, ef það ræðir og semur *þau ein lög*, sem þjóðin heimtar? Jeg ætla að það eigi ekki einungis að fara eptir vilja þjóðarinnar, heldur einnig fara á undan vilja hennar; það á að þekkja þörf þjóðarinnar og safnaðanna, vera vekjandi og leiðbeinandi vald, og kalla í ljós þann sannleika, sem liggur í þjóðinni og stefna viljanum í þá átt, sem hann á að stefna. Þó ætla jeg, eins og líka aðrir hafa sýnt fram á, að einmitt hjer sje að ræða um almenna ósk safnaðanna í landinu. Það er nú ekki að ræða um neina br. á þessu máli úr því sem komið er, og mjer þykir sannarlega undarlegt, að þeir, sem finna svo mjög að þessu frv., hafa ekki komið með neinar br. við það, nema ef það skyldi vera af því, að þeim finnst engin þörf að breyta þeim lögum, sem nú gilda um þetta efni og ætli sjer að fella frumvarpið. Hinn h. 6. kgk. þm. (Sig. Melst.) tók það fram móti þessu máli, að það væri slitið út úr heild hinnar alm. kirkjul. skipunar. Það er satt, að þetta frv. fer fram á þýðingarmikla br. á þeirri prestaskipun, sem nú er. En flm. hafa vissul. komið fram með þetta frv. tilknúðir af bráðum þörfum þessara laga. Þm. tók það fram, að það væri hæpið og varlega gjörandi, að taka stoð úr gömlu húsi og setja nýja stoð í staðinn, og sömul. að setja nýtt hjól í vjel í staðinn fyrir fornt. En má jeg spyrja: er ekki þetta það, sem allir skynsamir menn opt gjöra? Áður en menn rífa húsið niður, bæta menn það, meðan efni og tækifæri ekki er fyrir hendi til að byggja það af nýju. Svo er og um hjólið; þegar það slitnar, og getur ekki gjört þá hreyfingu í vjelinni, sem þarf, þá mun skynsamlegast og rjettast, að taka þetta eina hjól burt og setja annað nýtt í staðinn, sem gjörir hin tilætluðu not á meðan eigi fæst ný vjel. Nú er einmitt mál á dagskránni, sem sýnir, að menn hugsa um fleira, er þarf að ráða bót á í kirkjuskipunarmáli voru, en þetta eina. Þótt menn kæmust til þeirrar niðurstöðu, að kirkjuskipun vor þurfi gagngjörðra umbóta, þá þarf eflaust langan tíma til að koma þeim í kring. Geta menn þá vitað, hvað mikið verður komið í ólag, þegar málið í heild sinni jafnvel verður tekið fyrir? Jeg held það verði að álítast skynsamlegast, fyrst ekki er hægt að byggja allt húsið strax, en fúi er þegar kominn í það, að kippa þó fúastaurunum úr sem fyrst og setja nýjar stoðir í staðinn, og eins held jeg skynsamlegast að setja nýtt hjól í vjelina, þegar eitt er orðið slitið, meðan hin eru þó nokkurn veginn brúkleg enn, þangað til nýja vjelin kemur.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla að eins að svara þm. Nþ. (B. K.) nokkrum orðum. Jeg held, eptir því sem honum fórust orð, þá hafi hann ekki skilið alveg rjett orð mín áðan. Jeg tók það fram, að mjer virtist koma fram í frv. einhver skortur á einurð og hreinskilni, að það skyldi ekki hafa stigið feti lengra, þ. e. gefið söfnuðum rjett til að kjósa einhvern einn, sem þeir vildu, ef hann væri álitinn hæfilegur, og ekkert vald gæti neitað þessari kosningu. Þegar jeg hugsa um þetta frv. og ber það saman við þá stefnu, sem fram hefur komið hjer á þ., þá er þetta, að mínu áliti, sú eina rjetta stefna, sem menn geta haldið, en þessi stefna, sem hinn h. þm. Nþ. (Ben. Kr.) heldur fram, segi jeg að sje eitthvað haltrandi við, svo jeg brúki hans eigið orð. Þm. tók fram, að ust.-rjettur og synjunarvald væri samverkandi í mannlegu fjelagi. Þannig t. d. í löggjöfinni. Þingið býr til lög, en stj. staðfestir þau eða synjar um staðfesting.

Sama á sjer stað hjer, segir þm. En hjer er sannarlega tvennu ólíku saman að jafna. Ef stj. sþ. ekki einhver lög, sem þ. hefur samið, þá er hættan ekki svo mikil, því þá eru optast til gömul lög, og þess utan eru ætíð til lög, sem skrifuð eru í hjörtu manna. En afleiðingin af því, að veitingarvaldið synjar um staðfesting á kosningu þess prests, sem söfn. hefur kosið, verður það, að söfn. verður prestslaus, svo lengi sem veitingarvaldið hefur rjett til að synja. Söfn. getur kosið ótal sinnum, og veitingarvaldið synjað ótal sinnum. Þannig geta þessi tvö völd togast á í það óendanlega. Það hefur verið tekið fram, að veitingarvaldið mundi ekki beita synjunarrjettinum svo stranglega; en á því vil jeg ekki byggja, því það kann opt að fara eptir allt öðru en söfnuðurinn. Það vakir t. a. m. fyrir mjer, að söfnuður kunni að kjósa þann fyrir prest, sem honum lízt bezt á, en veitingarvaldið dæmir eptir almennari reglum, eptir því hvernig hæfilegleikar mannsins eru, og eptir því hvernig hann hefur áður staðið í stöðu sinni, eptir því áliti, sem hann er í sem kennimaður o. s. frv. Hinn h. þm. sagði, að frv. á þ. 1881 hlyti, samkvæmt orðum mínum, að hafa verið eptir mínu hjarta, og að jeg hefði því þá sjálfsagt gefið því atkv. mitt. En alþt. 1881 sýna, að frv. þá fór ekki í þá stefnu, sem jeg vildi, og jeg tók það þá skýrt fram, að ef því yrði breytt í þá átt, sem jeg hefi bent á, þá gæfi jeg því atkv. mitt. En engin br. kom fram við frv., og því greiddi jeg atkv. á móti því, og sama gjöri jeg enn á móti þessu frv.

Ásgeir Einarsson: Þar sem hinn h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) talaði um neitunarvald biskups, og áleit þá gr. frv. óheppilega, er veitti honum þetta, þá hefur því að vísu verið svarað, en jeg hafði hugsað mjer að svara því öðruvísi. Jeg skal taka það fram, að þegar vjer sömdum 8. gr., þá hallaðist jeg fremur að annari ákvörðun, líkri þeirri, sem hinn h. þm. benti til. En þeir, sem sömdu frv. með mjer, sögðu, að fremur væri von, að frv. næði fram að ganga, ef neitunarvald biskups væri ekki mjög takmarkað, og því varlegra að sleppa því. Ef svo kynni að fara, að biskup neitaði að staðfesta kosning einhvers til prests, þá get jeg ekki skilið annað, en að hann hlyti að færa ástæður fyrir neituninni. Setjum nú svo, að biskup neiti að staðfesta kosning einhvers prests, þá þarf þó alls ekki að fara svo, að söfnuðurinn verði prestslaus, eins og hinn h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) sagði; því það vita þeir, sem lögfróðir eru, að biskup eða veitingarvaldið hafa ætíð vald til að *setja* presta í þau brauð, sem eru prestslaus, og þetta frv. upphefur engan veginn það vald. Hinn h. 6. kgk. þm. (S. M.) tók nokkuð skáldlega fram mótbárur sínar gegn frv., og þeim hefur líka verið svarað skáldlega. Jeg svaraði þessari mótbáru hans á dögunum, ekki skáldlega, þegar jeg tók það fram, hvernig t. a. m. laxamálið hefði verið slitið út úr landbúnaðarmálinu, og fleiri mál mætti nefna, sem slitin hafa verið úr sambandi sínu við aðalmálið; en þessu hefur eigi verið gefinn neinn gaumur. Sami h. þm. rjeð til að láta þetta mál bíða, þar til aðalkirkjumálið yrði tekið fyrir. Það held jeg yrði ekki hættulaust, því það er nú þegar orðin bráðasta nauðsyn á þessum lögum. En hver getur sagt, hvað lengi má bíða þess, að aðalmálið verði tekið fyrir? Það leit helzt út af orðum hins h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) sem hann vildi, að kirkjan á Íslandi yrði alveg skilin frá ríkinu. Þetta gleður mig að heyra, því jeg sje af því, að hinn h. kgk. þm. er orðinn stórhuga frelsismaður. Það er þó sjaldan, að stj. og hennar fylgjendur vilja fyrst veita hið meira frelsið; vanalega mun mega þakka fyrir að fá það minna. Hinn h. 6. kgk. þm. (S. M.) skoraði á mig, að nafngreina hneykslisprestana. Það held jeg jeg fari samt ekki að gjöra hjer á þingsalnum óneyddur, og hver skyldi hafa rjett til að neyða mig til þess? Heima hjá honum skal jeg gjarnan telja honum upp nokkur stykki slíkra sálusorgara.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að eins að leyfa mjer að leita upplýsingar um eitt atriði hjer í frumvarpinu, sem fyrir mínum augum er mjög svo óljóst. Þinginu hefur verið brugðið um, að sum lög, sem það samþykkti, væru ekki sem ljósust. Með því nú getur verið vafi um, hvernig komast eigi út úr þessu atriði í frv., væri æskilegt, að menn í því tilliti gætu haft nokkra stoð í umræðunum. Jeg veit, að hinn h. þm. Str., sem er víst hinn helzti flm. þessa frv., hefir gjört

sjer ljósa hugmynd um þær afleiðingar, sem það getur haft í ýmsar áttir. Hann mun því manna færastur til, að greiða úr þessari vafaspurningu: 8. gr. frv. kveður að eins á um það, hver skipa skuli prestinn í embætti. En í sambandi við skipun embættismannsins stendur það, hvernig hann fái lausn frá embætti sínu eða verði settur af. Það sama vald, sem veitir embættin, hefur og venjulega vald til að veita mönnum lausn frá þeim og setja embættismenn frá embætti. Nú ákveður frv., að veitingarvaldið skuli vera í höndum safnaða og biskups, en aptur er hvergi í frv. nein ákvörðun um það, hver veita skuli lausn og afsetja frá embættinu, þegar til þess kemur. Hvort meiningin er sú, að konungur skuli hjer eptir sem hingað til hafa þetta vald, verður ekki sjeð af frv. Sje þetta meiningin, þá er auðsjáanlega ekki svo lítil ósamkvæmni í frv. Söfnuðurinn á að kjósa prestinn, biskup staðfestir kosning hans, og konungur setur hann af eða veitir honum lausn frá embættinu, ef presturinn æskir þess. Þetta mun ekki þykja geta vel samrýmzt, og væri því æskilegt, að hinn h. þm. Str. leysti úr þessari vafaspurningu.

Ásgeir Einarsson: Það er nú ekki fyrir mig, að svara svo lögfróðum manni, sem hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) er. Jeg get ekki betur sjeð, en að vald það, sem konungur hefur, til að veita embættism. lausn og setja þá frá embættum, sje ekki frá honum tekið með frv. þessu, svo hann getur gjarnan haldið þessu valdi, ef hann vill. En gott og vel: kann ske bráðum komi frv. um það, hvernig afsetja skuli presta. Það er ekki langt síðan einn h. þm. hjelt því fram, að æskilegt væri, að söfnuðirnir fengi líka þetta vald.

Magnús Stephensen: Jeg get ekki þakkað hinum h. þm. Str. fyrir upplýsingarnar um þetta atriði. Hann gat ekki leyst þessa vafaspurningu, en vísaði til nýs frv. En ef nú þetta frv. nr. 2 verður ekki ljósara en þetta frv., hver verður þá niðurstaðan? „Gott og vel“, kann þm. að segja, „þá kemur frv. nr. 3, og þá nr. 4“. En þá verður víst liðinn langur tími, áður þessari ákvörðun hefur verið slegið fastri. Jeg vil að endingu spyrja: Væri ekki betra að geyma þetta frv. þangað til frv. það, sem nú er á dagskrá, um stofnun sjerstaks kirkjuþings, er útkljáð? Það á sjálfsagt að taka til meðferðar kirkjuskipunarmálið í heild sinni. Komist kirkjuþingið á, sýnist mjög eðlilegt að þetta mál biði þess. Því það gæti hugsast, að kirkjuþingið á sínum tíma yrði alls ekki ánægt með þau lög, sem þ. nú kynni að gefa út um þetta mál. Jeg vil því gjöra það að beinni uppástungu, að þessu máli verði frestað, þangað til frv. um sjerstakt kirkjuþing er útkljáð á þ.

Benidikt Kristjánsson: Hinn h. 4. kgk. (M. St.) skildi orð mín rjett; þau lutu að því, að þetta mál ætti skylt við almenna endurbót á skipun kirkjunnar hjer á landi. En þetta frv. er borið upp hjer á þingi sem undantekning frá reglunni, vegna hinnar bráðu þarfar og brýnu nauðsynar, af því að það getur ekki beðið kirkjuþings. *(Magnús Stephensen:* Ekki beðið 2 ár?). Nei, alþingi á eptir að samþykkja ust. kirkjuþingsins og gera þær að lögum, þegar kirkjuþingið er úti, og svo á stjórnin eptir að fallast á lög alþingis og konungur að staðfesta þau. Eptir því sem kirkjumálunum hefur gengið hjer á þingi sýnist mjer litlar vonir um skjót málalok. Sami h. kgk. þm. hefur fundið mikilvæga galla á frv., þar sem ekki er gjört ráð fyrir að prestum verði vikið frá embættum eða þeim veitt lausn. Hvað afsetningunni viðvíkur, þá ætla jeg að hún sje komin undir dómi en ekki kgs vilja. *(Magnús Stephensen:* Svo?). Jeg veit ekki betur en prestar eigi að dæmast af prófastsrjetti, svo synodalrjetti og seinast hæstarjetti. *(Magnús Stephensen:* Hvað segir 4. gr. stjórnarskrárinnar?). Svo hefur rjettarvenjan verið. Þó nú þetta frv. fái framgang, þá get jeg ekki betur sjeð á hinn bóginn, en að núgildandi lög hafi gildi eins eptir sem áður hvað viðvíkur afsetningu presta og lausn þeirra.

Landshöfðingi: Af því að jeg vil ei láta þau orð h. þm. Np. (B. K.) ómótmælt, að afsetning presta sje eigi komin undir konungs vilja, skal jeg leyfa mjer að benda honum á, að 4. gr. stjórnarskrárinnar segir með berum orðum: „Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það“. Og undir þessa ákvörðun hljóta prestar eins að heyra og aðrir embættismenn.

Ásgeir Einarsson: Mig minnir þó

ekki betur, en að fyrir nokkrum árum væri presti vikið frá embætti með dómi og jeg veit ekki til, að sá rjettur sje af tekinn. *(Magnús Stephensen*: Má líka með dómi). Jeg hef heyrt stungið upp á því, að láta þetta mál bíða kirkjuþingsins. Jeg er því eigi mótfallinn í sjálfu sjer; en gaman þykir mjer að vita, hversu ljúft gengur með kirkjuþingið hjer á þinginu, þar sem mótbárurnar móti þessu frv. eru svo margar. Jeg efast satt að segja mikið um, að betur gangi með kirkjuþingið, en að hinu leytinu er jeg alveg á sama máli og hinn h. þm. Np., að hjer sje þörf á bráðri bót og því vil jeg ekki láta málið bíða hvað kosningu presta áhrærir.

Forseti: Samkvæmt beiðni h. 4. kgk. (M. St.) skal jeg leyfa mjer að láta ganga til atkv. um ust. hans, hvort þetta mál skuli dregið út af dagskrá, þangað til útkljáð er um frv. um kirkjuþingið.

Atkv.gr.: Ust. um að draga málið út af dagskrá felld með 6 atkv.

Frumvarpið síðan sþ. í heild sinni með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli eptir beiðni 6 þingmanna. *Já* sögðu: Ásgeir Einarsson, Benidikt Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, Stefán Eiríksson. *Nei:* Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð, Árni Thorsteinsson, Bergur Thorberg, Jón Pjetursson.

Málið síðan afgreitt til n. d.

Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Selstaði í Seyðisfirði (C 147); 1 umr.

Einar Ásmundsson (flm.): Þetta frv. mun vera hið fyrsta, sem borið er upp hjer á þingi um, að selja kirkjujörð; að minnsta kosti man jeg ekki eptir, að slíkt hafi komið inn á þing fyr. Í 23. gr. stjórnarskrárinnar er sagt, að ekki megi selja eða láta af hendi neina af jarðareignum landsins, nema slíkt sje ákveðið með lagaboði. Síðan stjórnarskráin var gefin, munu þó hafa verið seldar 1 eða 2 kirkjujarðir, án þess alþingi hafi samþykkt lög um það efni. Jeg get nú satt að segja ekki skilið, hvernig á þessu stendur, því „jarðareignir landsins“ í 23. gr. stjórnarskrárinnar hlýtur að takast í yfirgripsmestu þýðingu og innibinda eigi að eins hinar svo kölluðu þjóðjarðir, heldur og kirkjujarðirnar, því að landsstjórnin og kirkjustjórnin er hin sama og kirkjan og landið hafa nú einn og sama sjóð, landssjóðinn, og úr þessum sjóði er goldið stórfje til kirkjunnar þarfa. Þannig get jeg ekki betur sjeð, en að kirkjujarðirnar sjeu „jarðareignir landsins“, eins og þjóðjarðirnar. Mjer þykir því undarlegt, að kirkjujarðir hafi verið seldar án heimildar að lögum, án þess að stj. hafi fengið þingið til að samþykkja lagaboð um það. Jeg verð að álíta að miklu rjettara hefði verið, að málið hefði verið borið undir þingið um þessar kirkjujarðir eins og hverjar aðrar þjóðjarðir, svo að þingið hefði getað látið í ljós, hvort þær skyldi selja eða ekki, eða fyrir hve mikið verð. Hvað Selstöðum viðvíkur, þá eru þeir í nýja matinu taldir 13 hndr. að dýrleika, en 6 hndr. að fornu mati. Ábúandinn er eptir skýrslunum ungur dugnaðarmaður, sem nýlega mun hafa fengið bygging á jörðinni. Faðir hans bjó þar áður. Ábúandinn óskar að fá jörðina keypta og býður allt að 4000 kr. fyrir hana. Hjer liggja fyrir mjer meðmæli frá sóknarnefndinni í Dvergasteinssókn, sömuleiðis einnig brjef frá sóknarprestinum, sem í fyrsta áliti lítur út fyrir að vera meðmæling, en aðalatriðið í því er þó að skírskota til brjefs, sem presturinn hefur skrifað stiptsyfirvöldunum um málið. Sóknarnefndin telur það heppilegt, að ábúandi fái jörðina keypta, og skýrir nákvæmlega frá afgjaldinu, sem eru 120 álnir, 20 pd. smjörs og 12 kr. í peningum; þetta eptirgjald mun samsvara vöxtum af 2400—2500 kr., en 4000 kr. gefa aptur á móti 160 kr. í rentur. Mjer finnst því ljóst, að þessi kaup eru til hagnaðar fyrir prestakallið, einkum ef nú ábúandi vildi gefa meira, sem jeg skal ekkert um segja, því að jeg veit það ekki. Á þessum tímum eru vandræði með laun handa prestunum, og finnst mjer því nauðsynlegt að hlynna að þeim frv., sem miða til þess, að auka tekjur prestakallanna, án þess að það kosti lsj. nokkuð. Mig minnir ekki betur — það getur verið að mig misminni það — en að töluverðu tillagi úr lsj. til Dvergasteinsprestakalls sje potað inn á fjárlögin. Það sýnist því vera mjög heppilegt, að frv. yrði samþykkt og gæti orðið að lögum, svo tekjur prestakallsins gætu þannig aukizt.

Magnús Stephensen: Jeg get ei bundizt þess, að láta í ljósi, að mig furðar á, að þetta frv. skuli hafa komið hjer fram, og sjerstaklega furðar það mig, að h. þm. Eyf. (E. Á.) skuli vera flm. þessa máls, því að hann er vanur að flytja betur undirbúin mál en þetta er, að því er skilið verður af ræðu hans. Mjer skildist svo, sem hið eina, er hann byggði á, væri tilboð frá ábúandanum og meðmæli frá sóknarnefndinni. Hingað til hefur verið álitið nauðsynlegt, þegar ræða skal sölu þjóðjarðar, að hafa álit umboðsmannsins, hreppsnefndarinnar, sýslunefndarinnar og jafnvel amtsráðsins. Hjer er um kirkjujörð að ræða, og þá gæti maður eptir þessu búizt við, að hjer lægi fyrir álit hreppsnefndarinnar, prófastsins, stiptsyfirvaldanna eða biskups. En hjer er ekkert slíkt. Hið eina sem tilboðinu fylgir er meðmæli sóknarnefndarinnar. Hvað hefur sóknarnefnd að gjöra með sölu á jörðum? Sóknarnefndirnar eiga að aðstoða prestinn í því að við halda góðri reglu, siðsemi og guðrækni í söfnuðinum, vera meðhjálparar og sv. frv. En með kirkjujarðirnar hafa þær eigi hið allra minnsta að gjöra, fyr en svo væri, að fjármál kirknanna væru fengin söfnuðunum í hendur, en jeg veit eigi til að það sje enn orðið í Dvergasteinsprestakalli. Þess vegna er í mínum augum alveg sama hvort sóknarnefndin gefur meðmæli sín eða 2—3 aðrir menn, hverjir svo sem eru. Mig langar annars til að vita, hvort ábúandinn er í sóknarnefndinni. *(Einar Ásmundsson:* Nei). Hinn h. flm. taldi sölunni það til gildis, að það ykjust tekjur Dvergasteinsbrauðs, sem farið væri fram á tillag til í fjárlögunum; byggði hann það á því, að renta af 4000 kr. væri hærri en afgjald jarðarinnar. En h. flm. gleymdi einu; hann gleymdi landhlut af síld. Hvað hefur hann numið af Selstöðum? Jeg get frætt flm. á því, að spursmálið um, hvort ábúandinn eða presturinn skyldi hafa landshlutinn, hefur komið öllu þessu sölumáli á stað. Þegar síldin fór að veiðast, tók presturinn landshlutinn, en ábúandanum þótti sárt að verða af honum, og þótti svo ráðlegast að reyna að krækja í jörðina. Ef landshluturinn er tekinn til greina, er ekki víst að prestakallið græði á sölunni. Vjer þekkjum hve mikið prestaköllin hafa grætt á að selja jarðir sínar, t. d. Sel, Hlíðarhús, eða þá Eyri við Skutulsfjörð. Dæmin fæla sannarlega frá því að bera upp frv. um sölu á kirkjueignum. Það er líka nærri því eins og leggja eigi Dvergastein í einelti; í dag hefur einnig verið borið um frv. um sölu á annari kirkjujörð þaðan. Loksins er það mjög vafasamt, hvort sala á kirkjujörðum er löggjafarmál. H. flm. vildi taka „jarðareignir landsins" í 23. grein stjórnarskrárinnar í sem víðastri merkingu; sje það tekið í víðustu merkingu þýðir það allar jarðir á landinu. Hann sagði og að kirkjujarðirnar væru eign landsins, þar sem kirkjan og landið hefðu einn og hinn sama sjóð, lsj. En kirkjujarðirnar eru ekki eign kirkjunnar yfir höfur, heldur eign einstakra kirkna og þess vegna ekki framar eign lsj. heldur en hver önnur einstaks manns eign, og þannig heyrir eigi löggjafarvaldinu fremur til að gjöra út um sölu á kirkjujörð heldur en á jörð sem er einhvers einstaks manns eign. Af þessum ástæðum, af því að það er ekki löggjafarmál, get jeg ekki skilið að frv. nái staðfestingu, þó svo færi, að þingið samþykkti það.

Landshöfðingi: Jeg er á sama máli og h. 4. kgk. þm. Í „jarðareignir landsins" í 23. gr. stjórnarskrárinnar getur ekki orðið lagður sá skilningur, að kirkjujarðirnar heyri þar undir; þar er átt einungis við þær jarðir sem eru eign landssjóðsins. Þess vegna er þetta frv. ekkert löggjafarmál, og þess vegna mundi slíkt frv., þó það yrði samþykkt af þinginu, aldrei ná staðfestingu konungs. Það er annars undarlegt, að ef einhverjum leikur hugur á að eignast jörð, sem er eign einhverrar kirkju eða einhverrar stofnunar, þá skuli alþingi samþykkja lög um að selja megi þessa eign. Kirkjujarðirnar eru eigi fremur eign lsj. en eignir einhverrar opinherrar stofnunar, og alþingi hefur jafnvel ekki meira að gjöra með sölu þeirra en með sölu á jarðeignum einstakra manna, eins og h. 4. kgk. þm. (M. St.) tók fram. Og þar að auki er málið svo undirbúið, að jafnvel þó löggjafarvaldið hefði heimild til að samþykkja söluna, þá er engan vegin víst, að það væri gjörlegt, þegar litið er svo sem vera ber til þess, að eigandi, prestakallið, bíði eigi skaða. Allt mælir hjer móti. Rjettast álít jeg væri, að eyða eigi

tíma til þessa máls, heldur gjöra hjer enda á og láta málið eigi ganga til 2. umr.

Einar Ásmundsson: H. 4. kgk. þm. þótti undarlegt að jeg skyldi vera flm. frv., og það er sjálfsagt undarlegt að því leyti, að málið er ekki úr kjördæmi mínu. En jeg skal geta þess, að þm. Múlas. hefur beðið mig að bera málið hjer fram, af því að hann áleit heppilegra að það væri fyrst borið upp í e. d. *(Magnús Stephensen:* Hún fellir ekki). Hvað viðvíkur forminu á undirbúningnum undir söluna, þá veit jeg ekki til, að nokkuð sjerstakt form sje lögboðið. Það hefur einu sinni verið sþ. af þinginu ákveðin aðferð, sem hafa skyldi þegar ábúandi þjóðjarðar vildi eignast hana, og þeirri aðferð mun hafa verið fylgt, en lagagildi hefur hún ekki, þó hún ef til vill sje góð regla. H. 4. kgk. þótti eigi nægja meðmæli söknarnefndarinnar eða ljet í ljósi, að söknarnefndin hefði ekkert hjer um að segja. Hvað hafa sýslunefndir eða amtsráð fremur með fjármál landsjóðsins að gjöra? *(Magnús Stephensen:* Þjóðjarðir). Jeg get ekkert sjeð á móti því, að söknarnefnd segi álit sitt um sölu kirkjujarðar, því að í raun og veru á hún að sjá um öll mál safnaðarins og prestakallsins, að þau gangi sem bezt. Eiginlega get jeg ekki sjeð að hjer vanti annað en álit söknarprestsins, en það er fyrir ári síðan sent stiptsyfirvöldunum og hefðu þau gjört vel í að ljá þd. það til yfirlesturs og íhugunar, því hvorki mjer nje að líkindum sumum öðrum þingm. er það nógu kunnugt. Það getur verið að þessi sala yrði prestakallinu til skaða, jeg skal ekkert um það segja, því að jeg veit það ekki. En undarlegt þykir mjer það um þennan landshlut af síldarafla, að hvorki ábúandinn, söknarnefndin nje presturinn nefna hann á nafn. Allir vita að reglan er sú, að ábúandinn fái landshlut, nema áður sje öðruvísi umsamið. Jeg gæti skilið að presturinn fengi hann, ef byggingarbrjefið væri svo nýtt, að það væri gefið eptir að síldaraflinn kom á Seyðisfirði. En að óreyndu þykir mjer miklu líklegra, að ábúandinn njóti landshlutarins, ef nokkur síldarveiði er á jörðinni. Það er gamall málsháttur „að svipull sje sjávarafli", en síldarafli mun þó svipulastur af öllum sjávarafla, og þess vegna örðugt að ætla á, hvers virði hann hann kunni að verða. Hæstv. lh. og 4. kgk. þm. (M. St.) voru þeirrar skoðunar, að kirkjujarðir kæmu eigi löggjafarvaldinu meir við en jarðir einstakra manna. Jeg fyrir mitt leyti veit þó ekki til, að umboðsstjórnin megi taka jörð frá einum einstökum manni og gefa öðrum. En það veit jeg, að teknar hafa verið jarðir frá einni kirkju og lagðar til annarar. Til þessa getur ekki verið heimild, nema því að eins, að kirkjujarðirnar sjeu ein grein af jarðeignum þeim, sem heyra undir löggjafarvaldið og landsstjórnina. Mjer þykir því í alla staði undarlegt, ef þetta frv. skyldi eigi geta náð staðfestingu af þeirri ástæðu að kirkjujarðir liggi ekki undir löggjafarvaldið; en heyri þær ekki undir það, þá veit jeg heldur ekki hvaðan stjórninni á að koma vald til að ráða yfir þeim, og selja þær jafnvel, þegar henni svo sýnist, að þinginu fornspurðu. Um þetta atriði vil jeg heyra álit fleiri þm.

Magnús Stephensen: Jeg þakka h. flm. (E. Á.) fyrir upplýsingarnar; þær styrktu mig í því, sem jeg hafði áður heyrt, að nú væri það ráð tekið, að bera fyrst upp í e. d. frv., sem lítið útlit er fyrir að eigi láni að fagna, ef þau eru fyrst borin upp í n. d., ef ske mætti, að þeim reiddi þar betur af, er þau kæmu þangað sþ. af e. d. Þm. sá, sem fékk h. þm. Ef. (E. Á.) til að flytja þetta mál hjer í deildinni, hefur upplýst mig um landshlutinn, og furðar mig á því, að hann skyldi fræða mig um það, en ekki flm. Jeg trúi hinum eiginlega flm. málsins til þess, að svo sje sem hann segir um landshlutinn, og að presturinn taki hann. Hann skýrði mjer frá, að ábúðarrjetturinn hefði verið svo úr garði gjörður, að ábúandi varð að láta sjer lynda, að landshluturinn rynni til prestsins. Flm. óskaði eptir, að jeg hefði látið þd. í tje skýrslu þá, sem presturinn hefur sent stiptsyfirvöldunum, en þess hefur eigi verið farið á leit. Jeg skal gefa þá upplýsingu, að presturinn er mjög mótfallinn sölunni, ef það skyldi hafa nokkra þýðingu viðvíkjandi atkvæðagreiðslu deildarinnar. Mjer skilst að eigi sjeu aðrir með sölunni en ábúandinn og söknarnefndin; flm. játar sjálfur að hann þekki eigi til.

Einar Ásmundsson: Málið er mjer sannarlega ekkert kappsmál. Jeg hef að eins tekið að mjer fyrir að annan bera það

upp hjer í deildinni. Jeg vona að h. 4. kgk. (M. St.) þm. trúi mjer til þess, að þm. sá, sem bað mig fyrir málið, orðaði alls ekki við mig neinn lanshlut af síld, eins og mjer ekki dettur í hug að efast um að h. 4. kgk. hermi rjett um landshlutinn.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega með h. 4. kgk. þm. (M. St.) játa, að þetta mál er ei svo undirbúið sem vera skyldi, og mjer finnst það öldungis rjett af þinginu að halda því föstu að slík mál sjeu sem bezt undirbúin úr hjeraði. Hjer er eigi annað komið fram, málinu til stuðnings, en álit sóknarnefndarinnar, og er það helzt til lítið. Þingið hefur ei áður gjört sig ánægt með svo lítið. Þó vil jeg eigi greiða atvæði móti því, að málið gangi til 2. umr, í þeirri von, að einhverjar upplýsingar kunni að koma frekari; en jeg er mjög í efa um, hvort jeg á endanum get gefið atkvæði fyrir sölunni að svo komnu máli. Mjer þótti það nýmæli, sem hæstv. lh. og h. 4. kgk. þm. komu með um kirkjueignirnar. Jeg hef allt af skoðað kirkjueignirnar sem allsherjar eign landssjóðsins, við hliðina á hinum svo kölluðu þjóðeignum. Þingið hefur aptur og aptur lagt fje til kirkjunnar, bæði innbyrðis til kirknanna og prestastjettarinnar, sem sýnir að það hefur skoðað sig sem fjárráðanda kirkjunnar. H. þm. Ef. tók fram ljóst dæmi, þar sem stj. hefur leyft sjer að taka frá einni kirkjunni og leggja til annarar, sem sýnir það, að hún álítur ekki heldur hverja kirkju út af fyrir sig sem sjerstaka stofnun. (*Magnús Stephensen:* Það gjörði umboðsstj., ekki löggjafarvaldið). Jeg tel sjálfsagt, að löggjafarvaldið hafi ráð á þessum eignum, og þess vegna álít jeg að þingið sje í sínum fulla rjetti að ræða þetta mál og ráða mestu um úrslit þess.

Landshöfðingi: Mig furðar á, að h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) skuli tala um það sem eitthvert nýmæli, að kirkjujarðir sjeu undanskildar þeim „jarðareignum landsins", sem 23. gr. stjórnarskrárinnar talar um. Þessi skoðun hefur þó komið fram á þingi áður, og komið fram af hendi stjórnarinnar. Á þinginu 1879 lýsti hinn þáverandi lh. því yfir hjer í deildinni, að kirkjueignir heyrðu ekki undir þær „jarðareignir landsins", sem nefndar eru í 23. gr. stjórnarskrárinnar, og að konungsúrskurður væri nægilegur til þess að selja mætti kirkjujarðir. Og þetta er ekkert nýtt, heldur hefur það allt af verið skoðun stjórnarinnar; og það hefur komið fyrir, að hún hefur selt kirkjueign eptir konungsúrskurði án þess að leita samþykkis þingsins.

Stefán Eiríksson: Jeg vil nú leyfa mjer að skora á flm. að taka frv. aptur, því jeg fyrir mitt leyti treysti mjer ekki til vegna ókunnugleika að gefa atkvæði með sölunni, enda er málið ekki svo upplýst, sem skyldi. Jeg þykist vita að prestakallið þurfi fyllilega sinna muna með, en þessi jörð er vegna landhlutarins af síld stórkostleg hlunnindajörð, eins og flestar jarðir í Seyðisfirði. Málið er óundirbúið frá prófasti og biskupi eða stiptsyfirvöldunum. Það er auðsjeð á afgjaldinu, að jörðin er álitin nokkurs virði, því annars væri ekki 13 hndr. jörð leigð svo dýrt. Flm. (E. Á.) er búinn að sanna að ábúandi býður meira en sem svarar landskuldinni af jörðinni, en það er ósannað, að það vegi upp á móti landshlutnum af síldinni. Þess vegna vona jeg að flm. taki frv. aptur.

Sighvatur Árnason: Hæstv. lh. benti á skoðun stj.; jeg hef ekkert á móti því, að stjórnin skoði þetta atriði á sama hátt og hinn hæstv. lh. og h. 4. kgk. þm., en jeg verð samt sem áður að leyfa mjer að efast um, að sú skoðun sje rjett. Það er margt liðið, þó það sje ekki leyft, og svo getur verið um það, að selja slíkar eignir þjóðarinnar með konungsúrskurði án atkvæðis þingsins.

Einar Ásmundsson: Hinn h. þm. Ask. (St. E.) skoraði á mig að taka frv. aptur; en jeg sje eigi nægja ástæðu til þess eptir því sem enn er komið fram. Jeg get ekki annað sjeð, en að það sje mjög lítil fyrirhöfn fyrir deildina að fella frv. og það ómak sje jeg ekki ástæðu til að spara henni, enda vil jeg ekki taka fram fyrir hendur þingsins með því að taka frv. aptur. Að það væri skoðun stj., að kirkjujarðir heyrðu ei undir 23. gr. stjórnarskrárinnar, vissi jeg mikið vel, en jeg get ekki sjeð, að þingið sje skyldugt til að hafa sömu skoðun í þessu efni sem stjórnin og jeg vona, að þeir sjeu fleiri en jeg, sem telja kirkjueignirnar með eignum landssjóðsins. En sje svo, þá á þingið að hafa hönd í bagga með um-

ráðunum yfir þeim. Stj. er ei óskeikul, eins og páfinn í Róm.

Ásgeir Einarsson: Nú þykist jeg sjá forlög Kartagóborgar. Jeg get annars ekki sjeð, að nokkuð verði afgjört um málið fyr en þd. hefur skoðað brjef prestsins til stiptsyfirvaldanna. Það finnst mjer sje eina rannsóknin, sem liggi fyrir þd. að gjöra í þessu máli. Mjer heyrðist nú á stiptamtmanninum, h. 4. kgk. (M. St.) þm., sem ekki væri mikið á brjefi prestsins að græða sem meðmæli. Þó jeg sje meðmæltur þjóðjarðasölu, þá treystist jeg ekki til að gefa atkv. með þessari sölu, fyr en kannske seinna, og jeg veit ekki, hvort það er kostandi upp á málið að láta það ganga til 2. umr. Það reynist hvort sem er, að þetta frv. kemst aldrei langa leið lifandi.

Atkvgr.: Frv. fellt frá 2. umr. m. 7 atkv. gegn 4.

Sextándi fundur, fimmtudag 19. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um sjerstakt kirkjuþing (C 159); 1. umr.

Benidikt Ksistjánsson: Jeg hef ekki komið fram með þetta frv. af þeirri ástæðu, að slíku mundi vel fagnað. Þvert á móti hafa vondar spár heyrzt um hvernig frv. þessu mundi reiða af; aptur hafa aðrir spáð góðu um og verið málinu hlynntir. En málefni þessu gat jeg ekki stungið undir stól eða frestað. Því í fyrsta lagi hefi jeg umboð frá kjósendum mínum til þess að bera þetta frv. fram, í öðru lagi er mjer það skylt vegna kunnugleika þess, sem jeg hef á vilja ymsra safnaða í þessu efni sem jeg þekki til, og í þriðja lagi er það sannfæring mín sjálfs, að þetta mál ætti sem allra fyrst að koma á dagskrá þingsins og um leið á dagskrá þjóðarinnar. Til þess að jeg hefði stungið þessu máli undir stól hefði þurft úfnari sjó og jeg hefði þurft að vaða heitari eld en út lítur fyrir að jeg þurfi til þess jeg hefði snúið aptur. Að vísu býst jeg við andmælendum þeim, sem hvorki vilja fram nje aptur, og eru líkastir andófsmönnum. Jeg hef fengið að heyra sumar ástæður þeirra. Ein er sú að þessi meðferð málsins kosti ærna fje. Því er fljótt svarað. Tilvera vor hjer á jörðinni tilheyrir bæði þjóðfjelaginu og safnaðarfjelagi. Löggjafarvaldið hefur að minni hyggju eigi varið svo miklu fje til kirkjunnar, að því geti vaxið í augum þó það í eitt skipti þurfi að verja nokkru fje til skipunar kirkjulegra málefna. Sízt get jeg ætlað að þeir menn hafi á móti einu kirkjuþingi í eitt skipti fyrir öll, sem vilja fá því framgengt að alþingi komi árlega saman. Ef safnaðarlífið er svo lítilsvert, að engu fje er kostandi til þess, þá er bezt að sleppa öllu kirkjufjelagi, öllum kirkjum og kristindómi og láta greipar sópa um eignir kirkjunnar og leggja þær undir ríkið eða þjóðfjelagið. Öllum er þó kunnugt að þjóðjarðirnar, svo sem stólseignirnar og klaustureignirnar gömlu, er í raun og veru kirkjunnar eign, svo það sýnist ekki vera nein ofætlun til löggjafarvaldsins að veita fje til eins kirkjuþings. Önnur ástæða andmælenda er sú, að söfnuðurinn hjer á landi sje ómyndugur, hafi svo litla hugsun á andlegum efnum sínum, að hann sje í því tilliti eins og sauðir, sem smalamenn vorir geyma.

Sje svo, þá er, þegar rjett er aðgætt, enginn söfnuður til hjer á landi, því slíkur söfnuður sem enga hugsun hefur á andlegri velferð sinni getur ekki heitið kristinn söfnuður. Þriðja ástæðan er sú, að saga hinnar lúthersku kirkju sje gagnstæð þeim br., sem frv. miði til að fá framgengt. En í þessu frv. er ekki farið fram á neina vissa stefnu, heldur einungis kirkjuþing fyrir allt landið, er skuli ræða um endurbætur á skipun kirkjulegra mála, og þetta er almennt álit og almennur vilji safnaðarins. En setjum nú svo, að þetta kirkjuþing gjörði verulega br. á hinni ytri skipun kirkjunnar, þá er saga lúthersku kirkjunnar sannarlega ekki á móti því og því síður andi hinnar lúthersku trúbótar. En í þessu frv. er ekki, sem áður sagt, farið fram á neitt annað en að söfnuðurinn, þ. e. a. s. kirkjan, að svo miklu leyti sem hún er söfnuður, fái að láta í ljósi vilja sinn og skoðun sína um hina ytri skipun. Hjer er ekki að tala um, — hjer er ekki að ræða um annað en það sem söfnuðinum einum er viðkomandi. Gangi söfnuðurinn í gömlum og rifnum görmum, er von að hann vilji búast í betri föt, sem skýla hon-

um fyrir kulda veraldarandans og glæða og verma hið innra líf hans og þrótt. Hin útvortis kirkjuskipun stendur í sambandi við hina innri trúarskoðun í hverju kirkjufjelagi. Hjer er ekki að tala um að breyta hinu innra heldur að gæta að því, hvort hið ytra samsvari hinu innra, hvort það hnekki ekki þroska og framförum þess. Með tilliti til kirkjuskipunar skiptist kirkjan í 3 aðalflokka. Fyrst má telja þann, er í margar aldir stóð í fyrirrúmi og sem tók við eptir hina postullegu kirkju; það er hin rómversk-kathólska kirkja, sem almennt er kölluð kirkjuríki. Þar er stefnan ekki sú, að stjórna safnaðarmálum einungis, heldur og alveldi og drottnun — að hripsa til sín veraldlegt vald, að drottna eigi einungis yfir allri trú, heldur og öllum kristnum þjóðfjelögum. En þetta hefur eigi tekizt nema að nokkru leyti, og þá helzt á miðöldunum, þegar villa og hjátrú ríkti sem mest. Í kathólsku kirkjunni er eineðlislegt sambland af hinu guðlega og mannlega, af safnaðarlífinu og þjóðlífinu. Hjer er blandað saman því sem Guð hefur aðskilið. Líkaminn nærist eigi, fullkomnast og þróast eptir sama lögmáli sem andinn, og andinn hlýðir eigi sama lögmáli í þroska sínum og framför sem líkaminn. Þess vegna tjáir ekki að stjórna ríki og kirkju með sömu eða samkynja lögum. Í kathólsku kirkjunni eru einstakir leikmenn eins og húsdýr klerkalýðsins, sem páfinn úthlutar andlegum gáfum, valdi og rjetti af fyllingu sinni. En um þetta þarf jeg eigi að fara mörgum orðum; hjer er enginn í þessum sal. sem aðhyllist hina kirkjuríkislegu stefnu. Jeg gat þessa af því, að þessi stefna stendur í nánu sambandi við þá kirkjuskipun, sem vjer höfum, ríkiskirkjuskipunina í vorri kirkju. Rasmus Nielsen, prófessor við háskólann í Kaupmannahöfn. hefur sagt á einum stað, að það hefði farið illa, að Lúther hefði eigi, um leið og hann brenndi kirkjurjett rómversku kirkjunnar, einnig brennt „princip“ það, þá skoðunarundirstöðu og meginstefnu, sem ríkti í hinni rómversk - kathólsku kirkju. Veraldlegir drottnar hafi hripsað til sín arfleifð Pjeturs postula, sem páfarnir þóttust hafa. Ætla að þetta sje eigi satt? Ætla það sje eigi einungis ástand þeirra tíma, sem hefur gjört það að óumflýjanlegu úrræði fyrir Lúther, að sætta sig við að veraldlegir drottnar tækju að sjer hina ytri kirkjuskipun? Lúther sjálfur segir, að kirkjan og ríkið eigi ekkert saman að sælda, ríkið stjórnist af þvingun og ögun, en kirkjan af andanum og orðinu. Þetta þarf að brýna fyrir mönnum og berja inn í menn án afláts, segir Lúther, því djöfullinn hættir ekki að blanda saman ríki og kirkju, sem hann gjörði í hinni rómv. kirkju, djöfullinn hættir ekki að sjóða saman þetta tvennt. Hvað mundi Lúther nú segja, ef honum yrði litið upp úr gröf sinni? Ef hann nú sæi að allt sæti við sama og á hans dögum, þegar þessi skipun komst á fyrir óumflýjanlega nauðsyn. Er þeim ekki betra, sem halda því fram, að ríkiskirkjan sje hin eina rjetta kirkjuskipun, að afneita alveg Lúthersnafninu, en að segja það eitt rjett, sem Lúther hefir afneitað. Lúther sagði: „Sami maðurinn getur ekki verið biskup og veraldlegur drottinn; það er sú blanda, sem djöfullinn hefur blandað í kathólsku kirkjunni“. Lútherskir guðfræðingar vorra tíma kalla konunginn „summus episcopus“, þ. e. æðsta biskup, en Lúther kallar hann „neyðarbiskup“. Þetta skipulag komst á í Speier 1526, þegar „territorialsystemið“ var viðtekið: það fyrirkomulag að veraldlegir drottnar skyldu einnig vera æðstu drottnar kirkjunnar, æðstu biskupar. Lúther varð þá nauðugur viljugur að beygja sig undir kringumstæðurnar og talar um þetta sem ráðstöfun til bráðabirgða. Hann neyddist til að brúka veraldlega drottna til þess að verja trúarbræður sína hatri og ofsóknum kathólskra manna, og þegar þetta komst á, skrifaði hann kjörfursta sínum og biður hann af kristil. kærleika og fyrir guðs sakir að taka að sjer kirkjuna, sem væri athvarfslaus, og vernda hana. Þannig tóku furstarnirir, sem tóku þessa nýju trú, hina ytri skipun kirkjunnar á hendur og þetta vald komst í hendur þeim af nauðsyn. Fyrir Lúther sjálfum vakti allt önnur skipun; hann vildi fylgja hinni postullegu kirkjuskipun og hafa biskupa öldunga og kirkjuþing eða kirkjuráð. Sú kirkjuskipun, sem hann vildi koma á, var hin þjóðkirkjulega. Hann viðurkenndi, að söfnuðurinn — en meðlimir hans eru kallaðir bræður í postulanna gjörningum — hefði

atkv. í öllum málum sínum, öllum safnaðarmálum.

Ef menn ekki sjá, að hjer þarf eitthvað að gjöra til umbóta í skipun kirkjulegra mála, þá er það af því, að menn loka augunum aptur og vilja ekki sjá það. Og þegar menn sjá, að eitthvað þarf að gjöra, hvert er þá annað að leita en til safnaðarins atkvæðis og tillaga? Þetta fer frv. það, sem hjer liggur fyrir, fram á. Þegar tala skal um endurbætur á kirkjuskipuninni, þá á söfnuðurinn fyrst að láta í ljósi vilja sinn og skoðun. Eptir skipun þeirri, sem nú er hjer á landi, er söfnuðurinn ekki löggefandi í málum sínum; þess vegna getur hið fyrirhugaða kirkjuþing einungis verið ráðgefandi, einungis haft uppástungurjett, og tillögur þess þurfa svo að berast undir löggjafarvaldið, undir alþingi. Hitt finnst mjer engan veginn eiga við, að alþingi taki til meðferðar nýja kirkjuskipun, án þess áður að spyrja söfnuðinn um vilja hans og skoðun. Því þm. hafa ei þá köllun, sem til þess þarf, þó þeir eptir stjórnarskránni eigi að ræða bæði borgaraleg og kirkjuleg efni. Jeg álít, að það sje mjög hæpið að kalla þm. fulltrúa safnaðarins eða hinna ýmsu safnaða hjer á landi. Jeg gat þess, að búningur kirkjunnar ætti alls eigi við hana, hann væri slitinn og henni ósamboðinn. Ef jeg væri einn sem segði það, mætti kannske skella við því skollaeyrunum; en jeg er ekki einn, margar raddir, já, ótal raddir kalla, andvarpa og kvarta; jeg er enginn spámaður, en það get jeg sagt með vissu, að á næstu missirum munu þessar raddir verða miklu fleiri, miklu háværari. Þegar farið er að rumska, þá er ekki langt þangað til menn vakna, þangað til nokkrir glaðvakna. Jeg skyldi ekki hafa hreyft þessu máli, ef engin þörf væri, jafnvel eigi, þó nokkur þörf væri. En jeg hef hreyft því, af því að jeg og margir aðrir álíta, að þetta sjeu einu úrræðin, sem nú eru fyrir höndum. Snjóflóðið úr fjallinu er opt lítill köggull, þegar það byrjar, en getur þó orðið svo voðalegt, að það verður heilum bæjum að tjóni. Sumir ætla, að löggjafarvaldið eigi að sitja og þegja meðan vært er, en það er misskilningur, ekkert nema misskilningur. Löggjafarvaldið á að verða fyrst til að hreyfa því, sem er eins og hálf-falið í tímanum, sem er; það á að mæta því á miðri leið, sem býr í brjóstum þjóðarinnar, vekja það og lífga, svo það geti vaxið og þróast. Jeg vil líkja söfnuðinum hjer á landi við Samson, og ríkiskirkjunni við Fílistea. Söfnuðurinn hjer á landi er eins og klipptur Samson af ríkiskirkjunni; frá honum er tekið þrek og máttur. En Samson óx hárið í böndunum, eins fer söfnuðinum; honum vex vissulega hár og um leið þrek og styrkleikur í fjötrum ríkiskirkjunnar, og þar kemur, að hann fellir Fílistea-ana, þótt eigi hafi hann nema asnakjálka að vopni; þótt Samon sje blindaður og fjötraður leiddur inn í afguðamusterið, kippi hann burtu máttarstólpanum, svo musterið falli ofan yfir alla afguðadýrkendurna, alla Fílistea. Jeg veit, að frv. getur í mörgu tekið bótum og jeg skal fúslega taka á móti hverjum þeim breytingum til hins betra, sem menn kunna að gjöra á því. Hvað nefnd viðvíkur, þá skal jeg ekki að svo stöddu stinga upp á nefnd, en læt mjer þó vel lynda, að nefnd verði sett. Enginn má hjer sitja hjá með köldu blóði, með haltranda eða hálfvelgju. Jeg vil svo eigi orðlengja þetta, en vona, að einhverjir fleiri láti álit sitt í ljósi. Hvað sem öðru líður, vona jeg að h. þd. láti málið ganga til 2. umr. Jeg get eigi verið svo auðmjúkur, að álíta, að málinu sje eigi gaumur gefandi fyrir það, þótt jeg sje höfundur og flm. frv.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa með hinum h. flm. (Ben. Kr.), að þetta mál, sem hjer ræðir um, er mjög svo þýðingarmikið, og ætti það að vera eitthvert hið fyrsta mál á dagskrá þjóðarinnar. Því það er ekki einasta jeg heldur margir fleiri úti um land allt, sem álíta, að ástand kirkjunnar sje svo, að nauðsynlegt sje að gefa því alvarlegan gaum. Jeg vil bæta því við það, sem hinn h. flm. (Ben. Kr.) tók fram, að ástand hennar væri orðið rotið og ryðgað, að það mun nærri því vera sem stendur komið á kaldan klaka, eins og menn segja. Og ef ástandið er komið í þá átt, sem jeg óttast fyrir, þá er eitt með öðru, að jeg óttast fyrir, að limir kirkjunnar sjeu orðnir fáir með því lífi, sem nauðsynlegt væri til að ræða þetta mál. En jeg ætla ekki að fara langt út í þetta mál á þessu stigi þess, með því líka hinn

h. flm. hefur talað mjög nákvæmlega um þetta ástand yfir höfuð. Hvað mál þetta er nauðsynlegt, sjest meðfram af því, að nú er, eins og kunnugt er, frv. komið inn á þ. um rjettindi þeirra manna, sem gengið hafa og vilja ganga úr þjóðkirkjunni. Slíkt gefur, segi jeg, meðfram tilefni til, að gá að sökum kirkjunnar. Jeg fyrir mitt leyti skoða slíkt svo, sem það miði til þess að ryðja sundrunginni braut og sprengja kýlið. Ef þetta og annað eins kemst fram, mun það verða til þess, að ríða kirkjunni að fullu í því eymdarástandi, sem hún er í. Henni er haldið vitanlega á pappírnum, í þeim stj.böndum, sem hún er í, en það dugir ekki nóg, hið innra líf hennar má ekki helfrjósa. Það mun naumast seinna vænna, að finna ráð til að lífga kirkjulífið; en þó jeg taki þetta fram, þá ætla jeg mjer ekki nú að benda á þá leið, sem heppilegast muni að fara í þessu tilliti. Hjer í frv. er farið fram á, að stofnað verði til sjerstaks kirkjuþings, er komi saman sumarið 1884, til að ræða um endurbætur á skipun kirkjulegra mála, og þá sjálfsagt sjer í lagi aðskilnað ríkis og kirkju eptir frumvarpinu. En jeg ímynda mjer, sjer í lagi ef n. verður sett í málinu, að hún muni komast að þeirri niðurstöðu og hin heiðraða deild, sem heppilegast þykir í þessu efni og til mests gagns fyrir kirkjuna. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á n. í málinu, og ætla ekki muni veita af 5 manna n.

Stefán Eiríksson: Jeg þarf nú eiginlega ekki að standa upp í þetta sinn, því hinn h. þm. Rvl. (S. Á.) hefur tekið það fram, sem jeg ætlaði mjer að segja. Það var líka mín ætlan að stinga upp á n. Um málið sjálft í heild sinni þarf jeg því síður að tala margt, sem hinn h. flm. (B. Kr.) hefur haldið um það langa ræðu, eða rjettara sagt, „góða prjedikun“, enda mun hann sjálfur klerkur góður. Hinn h. flm. byrjaði á því, að hann flytti þetta fyrir þ. samkvæmt óskum kjósenda sinna. Jeg hefi líka sjeð þessu máli hreift í ýmsum skjölum á lestrarsal þ. En óvíða mun þessi hugmynd þó hafa komið fram úti um landið; en það getur, ef til vill, verið sprottið af deyfð safnaðanna. Út af því, sem frv. fer fram á, þ. e. að stofna sjerstakt kirkjuþing, er komi saman að sumri komanda hjer í Rvík, skal jeg ekki láta þess ógetið, að jeg er hræddur um, að sumum þyki hjer nokkuð miklu til kostað í því árferði sem nú vofir yfir. Það er sjálfsagt mesta þörf, að taka kirkjumálefnin til íhugunar, og jeg get ímyndað mjer, að slíkt þing væri nauðsynlegt til þess. En mjer dettur annað í hug. Hjer í Reykjavík hafa opt komið saman nefndir í ýmsum málum milli þinga. Ætli mætti nú ekki setja slíka n. í þessu máli milli þinga. Á kirkjuþ. þessu ættu að koma saman 21 eða 23 menn, í kringum 20 úr prófastsdæmum landsins. 1. kgk., og 1 maður fyrir Reykjavík. — Jeg gæti ímyndað mjer, að þessir 23 gjörðu nú ekki stórum meira gagn í þessu máli, en t. a. m. 7 manna n., sem þó yrði miklu kostnaðarminna. Jeg vildi að eins vekja máls á þessu, en d. mun fá tækifæri til að íhuga þetta betur, ef hún sþ. að setja n. í málinu, eins og hinn h. þm. Rvl. (S. Á.) hefur stungið upp á, og jeg er fyllilega samdóma. Jeg skal að eins bæta því við, að jeg sting upp á því. að 5 manna n. sje sett, og þessari 1. umr. síðan frestað.

Atkvgr.: Að n. yrði sett strax og 1. umr. frestað, var sþ. með 6 atkv.; 5 manna n. sþ. m. 6 atkv.. og í hana kosnir: Benidikt Kristjánsson með 10 atkv., Einar Ásmundsson 9, Sighv. Árnason 9, Stefán Eiríksson 8, Magnús Stephensen 6.

Frv. til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 166); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg þykist ekki þurfa að tala margt eða mikið um það, hve nauðsynleg stofnun banka er hjer á landi, því öllum kemur saman um, að það sje eitt af velferðarmálum landsins, að peningaveltan í landinu komist í betra og eðlilegra lag, en hingað til. Það hafa komið áskoranir bæði til þ. í heild sinni, og einstakra þm., frá ýmsum hjeruðum landsins um, að þetta mál yrði tekið fyrir á þ. Það er því bæði vegna þessa, og svo hins, að bæði vjer sjálfir flutningsmenn frumv. og margir h. þm. álíta þetta mjög svo áríðandi mál, að vjer höfum leyft oss að koma fram með það, og ekki viljað draga lengur að hreyfa því. En eins og nú stendur á, er engin sjerlega mikil þörf að ræða um einstök atriði þess eða málið yfir höfuð. Því á síðasta þingi var það svo ýtarlega rætt og rækilega rætt, að jeg ætla að mörgum muni enn um-

ræðurnar í fersku minni. En þá kom það í ljós, að menn höfðu mjög skiptar skoðanir á málinu. Til þess að styðja að því, að þessar ólíku skoðanir geti, ef verða má, samrýmzt og samþýðst, þá vil jeg stinga upp á, að n. verði sett í málinu, og þessari 1. umr. frestað. Ætla jeg, að til þess að koma samkomulaginu því betur á, sje heppilegra að kjósa fremur 5 manna n., en fámennari. Jeg sting því upp á 5 manna n.

Atkvgr.: 1. umr. frestað m. 7 atkv.; 5 manna n. sþ. m. 7 atkv., og í hana kosnir: Jón Pjetursson með 9 atkv., Einar Ásmundsson 9, Árni Thorsteinson 8, Benidikt Kristjánsson 7, Skúli Þorvarðarson 7.

Frv. til laga um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað (C 170); 1. umr.

Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í e. h.

Seytjándi fundur, föstudag 20. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. okt. til 15. apríl (C 157); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að málið væri fram borið eptir ósk þilskipaeiganda og annara, er stunda hákarlaveiði við Eyjafjörð. Jeg gat þess líka í sama sinn, að þessum mönnum þætti það miklu skipta, að lagaboð yrði samið um þetta efni, þ. e.: bann gegn niðurskurði á hákarli. Líka tók jeg þá og fram hinar helztu ástæður sem menn hafa fyrir sjer í þessu efni, og þarf jeg eigi að taka þær upp aptur nú. En við 1. umr. komu fram nokkur mótmæli gegn frv., eins og það þá var lagað: 1, þau, að sumstaðar á landinu mundi haga svo til, að ef frv. þetta yrði að lögum, þá myndu þau þar fremur til ógagns en gagns; og 2, þau, að ekki ætti við að setja þessi lög, af því að til væru lög, þ. e. lögin frá 14. des. 1877, sem gefa sýslun. vald til að gjöra samþykktir um ýms efni, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum. Hvað fyrri mótbáruna snertir, þá höfum við flm. reynt til að bæta úr skák að því leyti, þar sem við höfum komið með brt. (C199), sem takmarka þannig svæði það, sem lögin eiga að ná yfir, að það sje að eins frá Straumnesi, sem gengur lengst í norðvestur á landinu, og að Langanesi, sem gengur lengst í norð-austur. Lög þessi eiga þá ekki að gilda, ef þau verða staðfest, nema fyrir norðurströnd landsins. Vona jeg því, að hinir h. þm., sem annars álíta þessi lög nauðsynleg, vilji fallast á frv. þegar þessar brt. koma fram. Hvað þá mótbáru snertir, að ekki sje þörf á þessum lögum vegna laganna 14. des. 1877, er gefa sýslun. vald til að gjöra samþykktir um fiskiveiðar, þá getum við ekki fallizt á þetta. Lög 14. des. 1877 ná að eins til fiskiveiða á opnum skipum, en ekki á þilskipum. Á norðurlandi eru nú ekki svo fá þilskip; jeg ætla að þau sjeu 30—40. Þó skip þessi fari venjulega ekki út fyr en í miðjum apríl, þá eru þó einstakir menn, sem láta skip sín fara fyr út. En eins og máltækið segir „þarf ekki nema eitt fífl í hverri veiðistöðu“. Eitt einasta skip, sem fer út til hákarlaveiða fyrir þennan tíma og sleppir hákarli í sjóinn, getur spillt mjög mikið fyrir þeim skipum, sem síðar fara út til þessarar veiði. Í öðru lagi er það, að þó lög þessi gefi sýslun. þetta vald, þá eru þau mjög takmörkuð, eins og líka nauðsynlegt mun hafa þótt, að gefa sýslun. ekki allt of ótakmarkað vald. Lögin 14. des. 1877 gjöra ráð fyrir, að ekki nema ein og ein sýslun. gjöri samþ. fyrir sína sýslu eða part af henni. Að fá samþykktir gjörðar, er líka bundið töluverðum umsvifum. Það þarf fyrst að kalla saman hjeraðsfund, og fullir $^2/_3$ fundarmanna verða að sþ. frumvarp það, sem sýslun. leggur fyrir þennan fund. Ef nú þessi fundur eigi fellst á till. sýslun. með nógu mörgum atkvæðum, þá verður að fresta málinu um heilt ár, en jafnvel þó hjeraðsfundurinn samþykki málið, verður það engu að síður að koma til amtmanns til staðfestingar, og þá má vera hann finni eitthvað að því, ef eigi að efninu, þá ef til vill að formi eða búningi málsins. Með öllu þessu fyrirkomulagi hlýtur málið að dragast; hvað þá, þegar mörg sýslufjelög eiga að koma sjer saman um eina samhljóða samþykkt. Það er óhugsandi annað, en að til slíkrar samþykktar mundu ganga jafnvel allmörg

ár. Menn hafa líka þegar fundið til þess, að þessi lög eru ófullnægjandi. Hinn h. þm. Str. kom á síðasta þ. með frv., sem tekur fram fyrir þessi lög og leyfir að gjöra upptækan allan hákarlsafla, er fluttur er í land á opnum skipum á tilteknu tímabili. ef nokkru af hákarli hefur verið sleppt í sjó í Húnaflóa, svo þetta er ekki í fyrsta skipti sem breyting er borin upp við lögin 14. des. 1877. Þegar á allt er litið, vona jeg, að hinir h. þdm. sjái, að nauðsyn ber til að setja þessi lög í þeim landshluta, þar sem menn finna, að þörf er á, að banna niðurskurð á hákarli, og veiti frv. þessu góðar undirtektir.

Stefán Eiríksson: Jeg var ekki viðstaddur þegar mál þetta var rætt síðast, en eins og frv. var upphaflega, fannst mjer ýmislegt athugavert við það, einkum af því að það átti að gilda fyrir land allt. En úr þessu hefur nú verið bætt með brt. hinna h. flm., sem takmarka gildi laganna við víst svæði. Á Djúpavogi ganga jaktir til sjós til hákarlaveiði, en það er nú ekki nema á litlum tíma af því tímabili, sem frv. talar um, enda mun það óvíða, að hákarlajaktir fari út að vetrinum til sunnanlands, nema ef vera skyldi á Vestmannaeyjum, og vilja menn á þessum stöðum víst helzt vera undanþegnir þessum lögum. Að því er jeg frekast veit, mun þilskipaeigendum yfir höfuð sunnan- og vestanlands þykja slæmt, að mega ekki sleppa hákarli í sjó af skipum sínum. Það er þó ein athugasemd, sem jeg vildi sjerstaklega leyfa mjer að gjöra, nefnil. viðvíkjandi 5. gr. frv., sem mjer þykir nokkuð ísjárverð. Þar er ákveðið, að strandgæzlumaður skuli fá laun fyrir ferðir sínar samkv. lögum 13. jan. 1882; en eptir þeim lögum á hann að hafa 50 a. fyrir míluna. Þetta get jeg ekki sjeð, að sjeu nein laun. Því það er þó ekki svo lítið ómak, sem þessi maður kemur til að hafa, einkum þegar litið er til frv. þess um strandgæzlu, sem rætt verður hjer á eptir. Hann á að hafa gætur á, að lögum og samþykktum um fiskiveiðar sje hlýtt, sömul. að hlýtt sje lögum um skipaferðir, sóttvarnir, friðun eggvera, sellátra o. fl. Auk þessara 50 a. á hann að fá helming sekta. Ef nú engar sektir verða, þá verða launin sáralítil, en ómakið ef til vill fjarska umfangsmikið. Jeg held að tregt muni ganga að fá menn til þessa starfa með þessum kjörum, enda þótt þeir þurfi ekki að vera við hann lengur en 3 ár í senn. Þess vegna vil jeg skjóta því til flm., hvort þeir sjái engin ráð til að ákveða þessum mönnum eitthvert lítilfjörlegt krónutal í laun, og mætti koma þessu inn í frv. til 3. umr. Jeg sje heldur ekki betur, en það hefði mátt slengja báðum þessum frv. saman í eitt, á þann hátt, að frv. til l. um strandgæzlu hefði verið tengt aptan við þetta frv., sem hjer ræðir um. Jeg tek þetta bara fram af því, að jeg hefði kunnað betur við, að það hefði ekki verið nema eitt og hið sama frv., því frv. má kalla náskild að efninu til.

Árni Thorsteinsson: Jeg hef nú hugsað einu sinni, tvisvar og ætla jafnvel að hugsa þrisvar um þetta mál, því jeg álít það í sjálfu sjer mjög áríðandi, og það svo, að það eigi að fá þrjár umræður. Jeg skal nú byrja á, að taka það fram, að frv. hefur miðað áfram frá fyrstu mynd þess, þar sem komnar eru fram brt. um að takmarka bannið við svæðið milli Straumness í Ísafjarðarsýslu og Langaness í Þingeyjarsýslu. Við þetta sætti jeg mig betur en áður, af því mjer er líka svo varið, að jeg vil heldur sleppa einhverju, en gera það, sem öðrum er til fyrirstöðu í atvinnu þeirra. Jeg er þess vegna hinum h. flm. (E. Á. og Á. E.) þakklátur fyrir þessar brt. og skal viðurkenna, að ef jeg sþ. frv., þá er það eingöngu vegna þess, að þeir segja það sje samhuga ósk þeirra, sem hákarlaveiði stunda á þessu svæði, að bannaður sje allur niðurskurður þar. Mjer hafði reyndar komið til hugar, að úr því flm. tóku þessa takmörkun til greina og gjörðu þessa tilslökun, að þá mundu þeir í stað Straumness setja nyrztu takmörk Strandasýslu og þá svæðið þaðan austur að Langanesi. En hvernig svo sem þessu er varið, þá met jeg þessa tilslökun mikils, þó jeg hins vegar verði að segja, að vafasamt sje, hvort frv. verður að gagni. Eptir þessu frv. mega Sunnlendingar, Austfirðingar og Vestfirðingar, sem eru fyrir utan, ekki skera niður hákarla á þessu svæði þann tíma, er frv. tiltekur, en jeg er hræddur um, að eptirlitið verði veikt og lagasetningin ekki að áformuðum notum. I öðru lagi getur það komið fyrir, að skip komi hingað til hákarla-

veiða frá öðrum löndum. Bæði Danir, Færeyingar og Norðmenn eru farnir að senda hingað hákarlaskip, og með þeim held jeg verði erfitt að hafa eptirlit. Þeir geta því skorið niður hákarl á sama stað, sem Íslendingar sjálfir mega ei skera niður í sama mund. Hinn h. flm. (E. Á.) tók það fram, að það væri eigi nægilegt, þó eldri fiskiveiðalög heimiluðu að gjöra samþykktir um fiskiveiðar á opnum skipum, er næðu eigi til þilskipanna. En þess ber að gæta, að opin skip fara stutt, en hin langt til veiða fyrir utan landhelgi. Jeg fyrir mitt leyti efast um, hvort rjett sje að gjöra samþ. um þetta atriði á svæði fyrir utan landhelgi, þar sem útlendingar geta veitt þrátt fyrir allt bann. Þó skyldi jeg ekki vera á móti þessu bandi á Íslendinga eina, ef jeg væri viss um, að útlendingar slyppu ekki inn á svæðið og skemmdu veiðina engu að síður. Jeg er hræddur um, að þó jafnvel þetta frv. með brt. yrði að lögum, þá yrði erfitt að hafa nákvæmt eptirlit með, að þeim yrði hlýtt. Freistingarnar eru margar. Þess vegna ímynda jeg mjer, að lög, eins og þessi, hafi ekki eins mikla tryggingu í sjer fólgna sem menn ímynda sjer. Jeg mundi sannarlega vera þessu frv. meðmæltur, ef jeg sæi það gæti orðið að gagni sem lög. En mjer þykir það eitthvað skrítið, að allar þjóðir skuli geta veitt hákarl á þessu svæði og fleygt skrokkunum út, nema Íslendingar einir. Þetta, sem jeg nú hef tekið fram, er ekki annað, en þær aths., sem jeg hef gjört fyrir sjálfum mjer um málið. Til þess nú að hinir h. flm. (E. Á. og Á. E.) og öll deildin geti íhugað málið nákvæmar, skal jeg fyrir mitt leyti vera með því, að frv. gangi til 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Hinn h. flm. og frsm. (E. Á.) fann það að hinum eldri fiskiveiðalögum, að eptir þeim gæti að eins hvert sýslufjelag út af fyrir sig gjört samþykktir. Þetta er líka mín skoðun, og þarf jeg því ekki að fara lengra út í það. Þá snýr jeg mjer að hinum h. 5. kgk. þm. (Á. Th.). Hann hefur nú flaskað nokkuð á þessu máli, en það er sprottið af ókunnugleika hans. Því ekki þarf að kenna honum um um, að honum sje ekki annt um þetta mál, hann hefur svo opt sýnt það bæði í ræðum og ritum, að haun vill styðja að eflingu fiskiveiðanna bæði á sjó og vötnum. Það þarf ekki annað, en að líta á landkortið til að sjá, að það eru 3 sýslur, sem standa í sambandi við Húnaflóa. Ef Ísfirðingum er leyft að skera niður, þá er búið með veiðina í Stranda og Húnavatns sýslum. Og jeg segi það: ef þessi mótbára hans fær framgang, þá er málið fallið. Í öðru lagi þótti honum það óhafandi, að útlend skip skyldu geta veitt og skorið niður á þessu svæði, þar sem Ísl. sjálfum væri bannað að skera niður. Jeg man nú ekkert dæmi þess, að nokkurt útlent skip hafi komið hingað til háharlaveiði fyrir miðjan apríl; hins vegar eru það einmitt þilskipaeigendur á Norðurlandi, sem hafa vakið málið, og er það einmitt það, sem hefur komið mjer til að fylgja málinu fram. Jeg vona því, að hinn h. þm. haldi ekki mótmælum sínum fast fram, þar sem málið snertir mest Þingeyinga, Eyfirðinga, Skagfirðinga, sem flest þilskip eiga, og svo Strandamenn, sem flest opin hákarlaskip eiga, og mest stunda þessa veiði. Þá vil jeg enn geta eins: það er ómögulegt, að lög um opin skip geti snert þilskip, og hvað niðurskurðinn snertir, þá er ómögulegt að flytja allan hákarl í land á vorin og sumrin þegar langt er farið út í haf. En að hákarlsskrokkarnir eru líka að gagni, sjest á því, að norskur maður, sem nú er við Ísafjörð, kvað græða meira á að flytja þá alla í land, en á lifrinni sjálfri. Hver veit nemá öðrum gæti líka orðið margir peningar úr þeim, ef menn tæki eptir því, hvernig hann fer með þá til þess þeir verði honum svona arðsamir.

Skúli Þorvarðarson: Jeg er alveg samdóma hinum h. flm. (E. Á. og Á. E.) í þessu máli. Jeg tók það fram við 1. umr. þessa frv., hve mikill skaði það væri fyrir hákarlaveiði á opnum skipum, er hákarlinn væri skorinn niður. Stundarhagnaðurinn af því, að flytja að eins lifrina á land, samsvarar engan veginn framhaldshagnaðinum, ef ekki væri sleppt niður hákarlinum. En hvað 1. gr. frv. snertir, þá álít jeg þessi lög ættu síður við á Suðurlandi, því í góðri vetrartíð munu þilskipa-útgjörðarmenn vanalega leggja þeim út til hákarlaveiða fyr en 15. apríl. Þess vegna álít jeg brt. hinna h. flm. hagkvæmar, þar sem þær takmarka svæðið við norðurstrendur landsins. Að því leyti

sem sýslun. eptir lög. 14. des. 1877 geta gjört samþykktir um fiskiveiðar á opnum skipum, þá finnst mjer ekki vert að gjöra þær að engu með nýum lögum nema á því svæði, sem hjer ræðir um. Sem sagt; jeg hefi ekki ástæðu til annars, en að vera með þessu máli.

Einar Ásmundsson: Með tilliti til þess, sem hinn h. þm. Ask. (St. Eir.) veik að okkur flm. um, hvort ekki mætti steypa þessu frv. saman við strandgæzlufrv., sem einnig liggur fyrir til umræðu í dag, skal jeg taka það fram, að jeg sje ekki að það geti eðlilega gengið, jafnvel þótt ákvarðanir þessa frv. við komi strandgæzlu að nokkru. Frv. til l. um strandgæzlu lítur að miklu fleiru, en þeirri veiði, sem hjer ræðir um, svo þó að þetta frv. verði fellt, þá er hitt frv. eins nauðsynlegt eptir sem áður, einkum vegna síldarveiðinnar. Þá þótti hinum h. þm. (St. Eir.) launin langt of lítil. En með tilliti til þeirra, þá treystum við flm. okkur ekki til að fara lengra, en að fylgja hinum almennu reglum í hreppstjóralaunalögunum. —Hinn h. þm. Str. hefur svarað athugasemdum hins h. varaforseta (Á. Th.), svo jeg þarf ekki að tefja mig á því. Okkur var það fullkomlega ljóst, að útlendingar geta veitt hjer við land, og er með öllu ómögulegt að fyrirbyggja það, en að reyna að gjöra með lögum það sem er ómögulegt, er ekki til neins. Þó útlendingar komi og veiði hákarl á þessu svæði á þessum tíma, og fari burt með lifrina, en fleygi skrokknum, þá er ómögulegt að fyrirbyggja það; en eins og hinn h. þm. Str. (A. E.) tók fram, þá mun það mjög sjaldan koma fyrir, að útlendingar veiði hákarl hjer við land á þessum tíma ársins, sízt við norðurland, þar sem hafís flesta vetur er nær eða fjær landinu.

Árni Thorsteinson: Mjer kom það nokkuð óvart, að hinn h. þm. (Ásg. Ein.) skyldi taka svo til orða, að jeg hefði flaskað á þessu máli. En þar sem jeg hefi íhugað þetta mál, sem jeg játa að sje mikilsvert, eins vel og jeg gat, og reyndi að styðja að því, að það gæti fengið framgang til 3. umræðu, þá þóttist jeg hafa sýnt málinu og flm. (Ein. Ásm. og Ásg. Ein.) velvild. En af því hinum h. þm. Str. (Ásg. Ein.) eigi mun hafa þótt jeg sýna nægan velvilja í þessu máli, þá vil jeg bæta nokkrum orðum við aths. mínar áðan, og beina því að flm., hvort ekki muni betra, að orða brt. til 3. umr. nokkuð öðruvísi, en hjer er gjört. Svæðið milli Straumness og Langaness er að mínu áliti nokkuð ótiltekið og ógreinilegt. Þegar ákveðið er svæði frá Straumnesi til Langaness, þá er það svæði sem brt. ekki innihalda neitt um, hvernig eigi að skilja eða hverjar takmarkanir því eru settar.

Tilgangur frv. er að mínu áliti, að friða hákarlaveiðina sjerstaklega fyrir opin skip og það álít jeg rjett. Bannið ætti því að ná yfir vissa fjarlægð frá landi t. a. m. 2—3 eða jafnvel 4 mílur, en ekki lengra; hitt er of ótiltekið. Aths. þær, sem jeg gjörði áðan miða til þess að gjöra frv. góðum mun aðgengilegra og til þess sama miðar þessi aths., sem jeg nú hefi gjört: að bannið sje bundið við vissa fjarlægð frá landi á þessu svæði.

Ásgeir Einarsson: Jeg vil viðurkenna hinn bezta vilja hjá hinum h. 5. kgk. þm. (Á. Th.; *Árni Thorsteinson*: „nei“). En ræða hans áðan sýndi ókunnugleika hans á málinu. Hann tekur mest tillit til opinna skipa, en á þilskipum er ómögulegt að halda vörn út á hafi, og verða till. hans því að mínu áliti ekki teknar til greina. Það er einungis sá afli, sem á land kemur, sem má taka til greina, og einungis hann sýnir, hvort banninu hefur verið hlýtt eða eigi. Að öðru leyti vona jeg, að hinn h. frsm. (E. Ásm.) sýni, ef hann sjer ráð til að taka aths. hins h. varatorseta (Á. Th.) til greina.

Atkvgr.: Brt. flm. (E. Ásm. og Ásg. Ein.) við 1. gr. sþ. í e. h.; 1. gr. frv. þannig breytt sþ. í e. h.; brt. sömu þm. við 2. gr. sþ. í e. h.; 2. gr. frv. þannig breytt sþ. í e. h.; 3. gr. frv. sþ. í e. h.; brt. sömu þm. við 4. gr. sþ. í e. h.; 4. gr. frv. þannig breytt sþ. í e. h.; 5. gr. frv. sþ. í e. h.; 6. gr. sþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um strandgæzlu (C 157); 2. umr.

Einar Ásmundsson (flm.): Jeg talaði fáein orð um þetta frv. við 1 umr., og álít jeg eiginlega að jeg engu hafi þar við að

bæta. Það hafa enn engin mótmæli komið, og meðan það er ekki, sje jeg enga ástæðu til að fjölyrða. Jeg skal því aðeins ítreka það, sem jeg hefi áður sagt, að jeg álít lagaboð um þetta efni alveg nauðsynlegt, sjerstaklega fyrir vissa hluti landsins, þar sem síldarveiði og hákarlaveiði er mikið stunduð og líklega líka við þorskaveiðar, einkum þar sem þær eru takmörkunum bundnar með einhverjum sýslunefndarsamþykktum.

Atkvgr.: 1. gr. frv. sþ. með 8 atkv.; 2. gr. sþ. m. 8 atkv.; 3. sþ. m. 8 atkv.; 4. gr. sþ. m. 8 atkv.; 5. gr. sþ. m. 8 atkv.; 6. gr. sþ. m. 8 atkv.; 7. gr. sþ. m. 8 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. m. 8 atkv.

Frv. til l. um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu (C 158); 2. umr.

Sighvatur Árnason (flm.): Það tekur því varla að geta einnar prentvillu, sem slæðzt hefur inn í brt. okkar flm. (Sighv. Árn. og Sk. Þorv.). Það er „i“ í staðinn fyrir „a“ í hinni fyrirhugu viðbót við 2. gr. frv. Þessar brt., sem við höfum leyft okkur að koma með, voru þegar ráðgjörðar að mestu við 1. umr. Hvað snertir brt. við 1. gr., þá er sleppt tímatakmarkinu, sem í frv. er tekið fram með orðunum „undanförnum 10 árum“ og í stað þess sett „næstliðnum árum“. Því jeg gat ímyndað mjer eptir umræðum manna síðast, að nógu djúpt þætti tekið í árinni, að fara svo langt fram í tímann, enda hafa skemmdirnar helzt átt sjer stað á næstliðnum 3 árum. Svo er bætt inn í orðinu: „stórkostlegum“, svo að meiri vissa væri fyrir því, að eigi væri ætlazt til að meta skyldi jarðir, sem lítið hefðu skemmzt, og undir eins meiri von um að málið fengi greiðan framgang. Svo er farið fram á, að bæta við 1. gr. ákvörðun um tiltekið tímabil, sem matið skuli fara fram á; er það gjört til þess, að koma matinu í vissari og fastari skorður, kvað framkvæmdina snertir. Viðbótin við 2. gr. á að vera til skýringar viðvíkjandi fyrirmyndarjörðinni, svo menn villist ekki á hver meining sje í því, að hafa jörð til fyrirmyndar handa matsmönnum. En þegar kemur til 5. gr., þá er þar talsverð efnisbr., sem á að miða til þess, að gefa meiri vissu fyrir því, að málið fái vissari og fastari framgang. Br. þessi er byggð á því, að hin h. d. virtist við 1. umr. í efa um, hvort það ekki mundi standa matsgjörðinni fyrir staðfestingu, að ekki væri tiltekið, að br. þessi á jarðabókinni 1. apríl 1861 skyldi verða gildandi við staðfesting kgs. Jeg vildi heldur að málið biði lengri tíma, en að eiga það á hættu, að því yrði synjað staðfestingar. Till. um að 6. gr. falli burtu, er eðlileg afleiðing af brt. við 5. gr. Í 7. gr., sem eptir brt. ætti að verða 6. gr., er kostnaðurinn við matið færður niður, til þess hann blæddi því síður í augum, enda getur hann naumast minni verið. Hjer er að síðustu farið fram á nýja gr., sem ákveður hvenær lög þessi skuli öðlast gildi. Og miðar þetta, eins og fl. af brt., til þess, að koma málinu í svo fasta stefnu, hvað tímatakmarkið snertir, að matsgjörðin verði lögð fyrir alþing 1885, í þeirri von, að matið verði gildandi sem lög þaðan í frá. Jeg vona nú, að hinir h. þdm. skoði brt. á þann hátt, að þær sjeu frv. til bóta. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þær. Svo vil jeg minnast á eitt sjer í lagi við hinn heiðraða forseta. Jeg vildi búa til nokkrar aths., sem jeg óska að mættu verða prentaðar aptan við frv., því jeg óttast fyrir að n. d. fái ekki nægan tíma til að yfirvega öll þau skjöl, sem snerta þetta mál, eða lesa þau sem skyldi ofan í kjölinn, þrátt fyrir það þó þau liggi á borðinu í lestrarsalnum. Það er því hætt við, að menn verði ekki málinu svo kunnugir sem skyldi, þegar frv. kemur svona blátt og beint fyrir augu þm., án þess að þeir hafi ef til vill, lítið í skjöl málsins á lestrarsalnum.

Skúli Þorvarðarson: Hinn h. flm. (S. Á.) hefur svo greinilega skýrt málið, að jeg þarf þar engu við að bæta. Eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins, eru 20 jarðir eyðilagðar og 40 skemmdar í þessum tveimur hreppum, Rangárvallasýslu, Landmanna- og Rangárvallahreppum, og er það um helmingur allra jarða í þeim; það er því ófært og á engu viti nje sanngirni byggt, að krefjast lögskila, eptir því mati, sem upprunalega var ósanngjarnlega hátt eptir jarðabókinni 1861. Vona jeg því að hin h. þd. sýni nú þá sanngirni og sannsýni, að samþykkja frv.

með þeim brt., sem fram eru komnar frá okkur flutningsmönnum þess.

Jón Pjetursson: Mjer þykir frv. mjög sanngjarnlegt; en hvers vegna á einungis að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu: Því á eigi að taka fyrir allt landið, þar sem ástæða er til þess? Jarðir á Rangárvöllum eru eigi mikið meir skemmdar af völdum náttúrunnar en víða annarstaðar. Það má ganga að því vísu, að jarðir hafi víða skemmzt síðan jarðamatið var búið til 1861. Flm. fór fram á að þetta mat á nokkrum jörðum á Rangárvöllum næði gildi áður en hin nýja endurskoðun jarðamatsins 1861 er kominn í kring. Þegar jeg í hitt eð fyrra bar upp frv. sem fór í nokkuð líka stefnu, þá áleit h. flm. að það frv. gæti vel beðið hinnar nýju endurskoðunar á jarðamatinu. Eptir sömu reglu ætti þetta frv. hans að bíða hinnar almennu endurskoðunar. Því skal jeg nú samt sem áður ekki halda fast fram, en að hinu leytinu finnst mjer að slík endurskoðun sem þessi ætti eigi einungis að ná til Rangárvallasýslu, heldur til allra þeirra jarða á landinu, sem orðið hafa fyrir skemmdum af náttúruviðburðum.

Sighvatur Árnason: Jeg skal svara h. 3. kgk. þm. nokkrum orðum. Mjer er eigi kunnugt um, að slíkur skaði, sem á jörðunum í Rangárvallasýslu, hafi orðið annarstaðar á landinu, eða ekki hafa heyrzt neinar raddir um það. Væri svo, þá finnst mjer mjög vel við eiga, að slíkt mat til dýrleika sem þetta nái lengra en til jarðanna í Rangárvallasýslu einna. En jeg ímynda mjer, satt að segja, að fleiri en Rangæingum hefði dottið í hug að biðja um það, ef skaðar á jörðum hefðu orðið eins miklir annarstaðar og þar. En finni h. d. ástæðu til að láta frv. ná lengra, þá skal jeg fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því. Hann sagði og, að jeg hefði verið mótfallinn hinu litla frv. sínu í hitt eð fyrra; en þá voru miklu betri vonir um, að endurbót jarðamatsins fengi skjótt framgang en nú. Því það er kunnugt, að eptir alþingi 1881 kom fyrirskipun frá lh. að undirbúa skýrslur eptir formi, sem hann lagði fyrir til að byggja á endurskoðunina. Og skildi jeg og víst fleiri þetta svo, sem leggja ætti málið fyrir þetta þing. Nú er komið í ljós, að þetta mál kemur eigi fyrir þingið í sumar, þar sem skýrslurnar eru eigi komnar úr nærri öllum sýslum landsins. Það er orðin hálfgjörð vonleysa að þetta aðaljarðamatsmál komizt áleiðis á næstu árunum. Og þó svo væri nú, að það kæmist í kring eptir 5—10 ár, þá sje jeg ekki ástæðu til að bíða með mitt frv. eptir því, eða eiga það á óvissu. Jeg get heldur ekki sjeð, að þetta frv. komi í nokkurn bága við almennt jarðamat. Ástæður þær, sem h. 3. kgk. þm. (J. P.) færði fyrir sínu frv. þóttu mjer lítilvægari en þær, sem liggja til grundvallar fyrir þessu. Áður en jeg taki það ráð, að láta þetta frv. ná til annara hjeraða, vil jeg fyrst heyra, hvað aðrir h. þm. d. segja um það atriði.

Stefán Eiríksson: Jeg er að vísu á sama máli og hinn h. 3. kgk. þm. (J. P.). Það er auðvitað, að verið getur, að þetta frv. verði tilefni til þess, að umkvartanir komi frá fleirum sýslum í þessa átt. En enn sem komið er eru ekki umkvartanir komnar frá fleirum. Og þó veit jeg, að víða er þörf á nýju mati í Skaptafellssýslunum; þar hafa jarðir orðið fyrir stórskemmdum bæði af sandfoki og af vatnagangi; í Mýrdalnum hefur t. a. m. Hafursá skemmt töluvert nokkrar jarðir, í Meðallandinu er sandfokið búið að skemma margar jarðir og Nesjahreppur í Austur-Skaptafellssýslu liggur undir áföllum af vatnagangi og sandfoki úr Hornafjarðarfljótinu, svo fullkomin þörf væri að meta að nýju margar jarðir í Austur- og Vestur-Skaptafells sýslum; en það er máske ekki eins brýn þörf til þess og í Rangárvallasýslu, því skemmdirnar eru þar á Rangárvöllum stórkostlegar. Um eyðileggingu þá hefur mátt lesa í blöðunum, og nú liggja skýrslur á lestrarsalnum, sem sanna það sama. Jeg gef þess vegna atkvæði mitt með þessu frv.; reiði því vel af, þá koma tímar og þá koma ráð fyrir aðrar sýslur landsins, að fá nýtt mat á sínum skemmdu jörðum.

Benidikt Kristjánsson: Það er eitt atriði, sem jeg vildi sjerstaklega leiða athygli h. þd. að. I 3. gr. er svo ákveðið, að sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, þá geti hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið. Jeg veit ei hvað öðrum h. þm.

finnst um þetta atriði, en mjer fyrir mitt leyti hefði þótt eðlilegast, að hafa yfirmatsmenn, ef hlutaðeigendur yrðu óánægðir með matið. Jeg legg ekki neina sjerlega áherzlu á þetta, en jeg veit ekki til, að sýslunefndin hafi nokkra samkynja sýslun eða verkahring. En lítist mönnum að breyta þessu, þá er enn tími til þess við 3. umr. Jeg vil gjarnan heyra álit h. lögfræðinga hjer í d. um þetta atriði.

Sighvatur Árnason: Það væri bezt að einhver lögfróður þm. skýrði þetta atriði, en af því að enginn þeirra stendur upp, skal jeg leyfa mjer að láta mína skoðun í ljósi. Jeg hef áður hugsað um þetta efni, og á hjeraðsfundi var það rætt, hvort hafa skyldi tvöfalt mat eða einfalt, og niðurstaðan varð sú, að naumlega tæki því að hafa yfirmat, heldur láta sýslunefndina skera úr, ef menn yrðu óánægðir með eitthvert mat, og á niðurlag 3. gr. „gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa" að benda til þess, að hún geti sent einhverja úr sínum flokki til að skoða jörðina, sem greinir á um, og gefa álit um hana til þess að hafa eitthvað víst að byggja á, ef henni þykir þess þurfa með. En hvort þetta er formlegt, skal jeg ekki dæma um, en nægilegt mun það þó til þess að fá nokkurn veginn vissu fyrir sanngjörnum úrslitum á matinu. H. þm. Ask. vildi, að því er mjer skildist, láta þetta mat ná til alls landsins. Það er viðurkennt, að jarðirnar í Rangárvallasýslu eru hæst metnar af öllum sýslum landsins, og finnst mjer því fremur ástæða til að taka þetta frv. til greina. Frá Rangæingum einum hafa komið bænarskrár til þingsins þing af þingi um að hreyfa við jarðamatinu og fá endurskoðun, en hvergi annarstaðar frá öllum hinum sýslum landsins og sumstaðar heldur verið andæft á móti endurskoðuninni. Ef nauðsynlegt skyldi virðast að taka heldur yfirmatsnefnd, þá skal jeg taka þeirri br. þakksamlega, ef formgalli þætti vera á því, að hafa sýslunefndina, en jeg áleit nú þá aðferðina nægja.

Magnús Stephensen: Jeg álít ekkert á móti því, að skjóta máli undir úrskurð sýslunefndarinnar; þó að sýslunefndir nú sem stendur hafi enga slíka skyldu á herðum, þá fá þær skyldu til þessa, ef frv. þetta verður að lögum. Auk þess er að öðru leyti engin ástæða til að efast um, að sýslunefndin hafi þá hæfilegleika og þann kunnugleika, sem yfirmatsnefnd á að hafa. Sjerstaklega verður ei sjeð frá þingsins hálfu, að nokkuð sje þessu til fyrirstöðu, því að á seinasta þingi, þegar jarðamatsmálið í heild sinni var hjer til umræðu, var gjört ráð fyrir sýslunefndunum sem matsnefndunum innan sýslu. Þess vegna mun engin ástæða vera til að breyta þessu í frv.

Atkvgr.: Brt. v. 1. gr. sþ. með 9 atkv.; 1. gr. þannig breytt sþ. m. 10 atkv.; vitll. v. 1. gr. sþ. með 10 atkv.; 1. gr. í heild sinni sþ. m. 10 atkv.; 2. gr. sþ. m. 10 atkv.; vtill. v. 3. gr. sþ. m. 10 atkv.; 2. gr. í heild sinni sþ. m. 10 atkv.; 3. gr. sþ. m. 10 atkv.; 4. gr. sþ. m. 9 atkv.; brtill. v. 5. gr. sþ. m. 10 atkv.; 5. og 6. gr. þar við fallnar; brtill. v. 7. gr. (nú 6. gr.) sþ. m. 9 atkv.; brtill.: 7. gr. (ný gr.) sþ. m. 10 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. m. 10 atkv.

Frv. til laga um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur (frá neðri deild, C 179); 1. umr.

Magnús Stephensen: Af því að jeg og h. 2. þm. Ef. (E. Á.) eigum þátt í frv. þessu, þó það hafi verið borið upp í n. d., skal jeg leyfa mjer að biðja h. d. að taka því eins vel og n.d. hefur gjört. Frv. fer fram á, að lán það, sem eptir tilsk. 4. marz 1871 var tekið til fangelsabygginga, endurborgist ei lengur nje vaxtist af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur. Það stóð nokkuð sjerstaklega á þessu láni, því sjóðir þessir báðu ekki um það, heldur var þeim skipað með lagaboði að taka það. Orsökin til þess, að þetta var lagt á jafnaðarsjóðina, var sú, að þá var allur dómgæzlu- og sakamálakostnaður greiddur úr jafnaðarsjóðum amtanna og bæjarsjóði Reykjavíkur. Eins og kunnugt er, er sú breyting komin á þetta fyrirkomulag, að þessi gjöld nú eru greidd úr landssjóði. En það er eigi samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi eða sanngjarnt, að þessir sveitarsjóðir haldi áfram að greiða vexti og

af borganir af þessum lánum, þar sem jafnvel viðhald fangelsanna er nú greitt úr landssjóði. Og þessi kostnaður er líka tilfinnanlegur einkum vesturamtinu og norður- og austuramtinu. Á frv. til fjárlaga fyrir árin 1884—1885 má sjá, að lánin til þessara amta eru 3—4 sinnum hærri en til suðuramtsins og Reykjavíkur. Í vesturamtinu er þetta gjald sjerstaklega þungbært, þar sem það seinasta árið nam 26 aurum af hverju lausafjárhundraði, en næsta ár mun það sökum peningsfækkunarinnar nema 32 aurum af hverju lausafjárhundraði, og er það svo tilfinnanlegt gjald, að menn fá naumlega risið undir því. Þegar h. d. íhugar þetta allt, vona jeg til, að hún sjái, að nauðsyn ber til að ljetta þessu gjaldi af, og að hún því samþykki frv. eins og n. d.

Frv. vísað til 2. umr. í e. h.

Átjándi fundur, laugardag 21. júlí. Allir á fundi.

Frv. til l. um breyting á 7. gr. í lögum 14. des. 1877 um tekjuskatt (C 180); 1. umr.

Jón Pjetursson (flm.): Jeg vona jeg þurfi ekki að tala mikið með þessu frv., því þegar mál þetta var fyrir þ. 1879 var það sþ. hjer í d. með 9 atkv. Í n. d. komst það ekki í gegn; þó vantaði eigi mikið til, þar sem það var fellt með 10 atkv. á móti 10, en það er athugavert, að einn þm. var fjarverandi, sem sjálfsagt mundi hafa verið með því. Jeg vil ekki tilgreina nafn þessa þm. Það má sjá af alþt. fyrir 1879, hver það var. En það er óhætt að fullyrða, að hann var málinu meðmæltur. Enginn vafi mun heldur á því, að stj. muni staðfesta þetta frv. sem lög, ef það kemst í gegn á þ., enda mun lh., sem nú er, leggja það til, því hann var sjálfur flm. frv. á þ. 1879. Jeg vona líka, að allir sjái, hvað ósanngjörn lögin um þetta efni eru. Það er ósanngirni og ekkert annað, að því meira, sem stj. skipar embættismanninum að borga í ekkjusjóðinn, því meira er tekið frá honum til að borga aptur í lsj. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en treysti því, að hin h. þd. líti eins sanngjarnlega á þetta mál nú eins og 1879.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Lfrv. um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum (C 159); 3. umr.

Atkvgr.: Málið orðalaust sþ. í e. h. Verður það afgreitt til lh. sem *lög* frá alþingi.

Frv. til l. um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað (C 170); 2. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef að sönnu leyft mjer að koma með brt. við þetta frv., en síðan hún var prentuð, hef jeg kynnt mjer málið betur, og talað um það við þm. Ísfirðinga, og þannig komizt að því, að brt. er óþörf. Jeg lýsi því þess vegna yfir, að jeg tek brt. aptur.

Atkvgr.: 1. til 32. gr. frv. sþ. hver um sig í e. h. — Málinu sömul. vísað til 3. umr. í e. h.

Nítjándi fundur, mánudag 23. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland (frá neðri deild, C 179); 1. umr.

Jón Pjetursson: Jeg er þessu frv. með öllu samþykkur, að eins skal jeg geta þess, að jeg held, að orðin í 1. gr. „fiskiveiðar í landhelgi skulu að eins vera heimilar dönskum þegnum“, geti herfilega misskilizt; því *hvers* þegnar eiga þeir að vera, sem frv. vill heimila fiskiveiðar í landhelgi hjer við land? Sjálfsagt Danakonungs; en hverjir eru þegnar Danakonungs? Það eru núna vjer Íslendingar og Danir og, meðan hertogadæmin lágu undir Danakonung, þeir er þar bjuggu; nú heimilar frv. eptir orðunum veiðirjettinn að eins hinum dönsku þegnum konungs vors, en útilokar oss Íslendinga frá honum; en þetta getur aldrei hafa verið meining frv. En allur misskilningur í þessu efni hverfur, ef fyrir orðin „dönskum þegnum“ er sett „þegnum Danakonungs“ og þessu líkt verður seinna í greininni að laga orðin „danskra þegna“.

Jeg sagðist vera frv. þessu alveg samþykkur, og það er jeg af því, að jeg álít, að utanríkismenn, sem ekki eru hjer

á landi búsettir, hafi engan rjett til að eignast hjer á landi nokkra þúfu eða fasteign eða auðæfi í fasteignum, nje önnur slík rjettindi, en að losa um þetta, er frv. fer fram á, álít jeg sem sagt gott fyrir landið; vjer erum fátækir og getum litlu til leiðar komið, þar sem peninga þarf til, og að koma því í fjelag, hvað fiskiveiðar snertir kringum landið á hafskipum, við utanríkismenn, álít jeg heppilegt. Væri svo þar á móti að útlendir menn, er sætu í öðru ríki, mættu kaupa hjer jarðir og hafa afnot af þeim, þá væri það skrítið að banna slíkum mönnum að fiska í landhelgi, en leyfa þeim þó að kaupa veiði í laxám, námur, fasteignir og önnur mestu hlunnindi landsins. Þetta væri hin mesta ósamkvæmni í lögunum. Í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp það til landbúnaðarlaga, er hún 1879 lagði fyrir alþingi, segir að vísu stjórnin, ef mig minnir rjett, að það, að meina útlendingum að eignast fasteign hjer á landi, stríddi á móti reglum þeim, er ávallt hefðu gilt bæði í íslenzkum og dönskum lögum; en jeg verð að halda, að þetta sje ekki rjett skoðun. Þótt nú svo kunni að hafa verið einlægt í Danmörku — er jeg þó efa —, að þegar menn fóru þaðan burtu, og settust að í útlöndum, þá hafi þeir eigi fyrir það misst rjettinn til eigna sinna þar í landi, og að menn búsettir í útlöndum hafi mátt eignast þar svo mikið jarðagóss eða part af Danmörku, sem þeir vildu, þá mun þó mega tína til nokkur dæmi upp á það úr sögunum, að hið gagnstæða hafi átt sjer stað í fyrndinni í Noregi, og að þar hafi verið sú skoðun, að konungarnir þar hafi mátt slá eign sinni á það jarðagóss, er aðrir áttu þar en þegnar hans. Þannig var það með landnámsmennina, að þegar þeir fóru frá Noregi til að nema hjer land og setjast hjer að, seldu þeir óðöl sín, til þess að konungur eigi skyldi kasta eign sinni á þau og þeir missa þau fyrir ekki neitt. En hvað sem um allt þetta er, eða ekki, þá hefur einlægt sú skoðun verið drottnandi meðal Islendinga, og sem einlægt hefur komið fram í löggjöfinni, að utanríkismenn eða útlendingar ekki mættu eignast hjer jarðagóss, nema þeir settust hjer að. Þannig var boðið í Kristinrjetti og Jónsbók, að þegar Íslendingar færu til útlanda, skyldu þeir setja umboðsmenn yfir eignir sínar hjer og til þessara umboðsmanna áttu menn að halda sjer, ef eigendurnir voru eigi 3 vetur burtu. En væru þeir 3 vetur eða lengur burtu, þá skyldu menn eigi lengur halda sjer til umboðsmannanna, heldur til erfingjanna. En kæmi sá, er utan fór, út hingað aptur, þá tók hann aptur við eignum sínum. Getur það nú hafa verið meining Kristnarjettar og Jónsbókarinnar, þrátt fyrir þessar ákvarðanir, að útlendingar, er aldrei kæmu hingað, mættu eiga eða eignast hjer jarðagóss? Jeg held af og frá.

Þessu samkvæmt var það, að höfuðsmennirnir hjer á landi álitu sjer skylt að meina útlendum mönnum, er búsettir voru erlendis, að eignast hjer nokkurn skika lands, og í erindisbrjefi Páls Hvidtfeldts er honum boðið af konungi, meðal annars, að sjá um það, að kaupmenn — þeir voru þá allir útlenzkir — eigi keyptu eða eignuðust þvert á móti íslenzkum lögum jarðir hjer á landi. Þegar Benidikt sýslumaður Beck deyr, gefur sýslumaður Jens Spendrúp þá skýrslu um bú hans, að það hrökkvi ekki nema fyrir litlum hluta skulda hans til kaupmanna; Benidikt átti jarðagóss, og það gekk ekki til lúkningar skuldanna, heldur fengu erfingjar hans það. Hinn mikli lagamaður, Sveinn lögmaður Sölvason, segir, að útlendingar hafi sama rjett hjer á landi sem Íslendingar, nema að þeir megi ekki eignast jarðagóss. Þetta sama sýnir enn fremur tilsk. 16. nóv. 1786, um forrjettindi kaupstaða hjer á landi; því meðal hinna mörgu forrjettinda, svo sem ótakmörkuðu trúarbragðafrels, var utanríkismönnum gefinn þar rjettur til að mega kaupa jarðir hjer á landi, ef þeir vildu koma hingað og setjast hjer að; en til hvers hefði verið að gefa þeim þennan rjett, ef lög annars hefðu heimilað þeim hann án þess þeir settust hjer að? Jeg er þannig sannfærður um, að eptir hinum gildandi lögum hjer á landi hafa útlendingar eða utanríkismenn, sem ekki eru hjer búfastir, engan rjett til að eignazt hjer fasteign og því gef jeg frumvarpinu atkvæði mitt.

Málinu síðan vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Frv. til laga um, að eptirstöðvar af byggingakostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur (C 179); 2. umr.

Málinu orðalaust vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rvl.s. (C 158); 3. umr.

Sighvatur Árnason (flm.): Af því mál þetta hefur fengið svo góðar undirtektir hingað til hjer í deildinni, álít jeg ekki þörf að ræða það nú. En eptir því sem undirtektirnar undir málið hafa verið hingað til, treysti jeg því og vona, að hin h. þd. sþ. það nú á þessu síðasta stigi þess. Vitaskuld er þetta einungis „frágangur" e. d. á því, og jeg býst líka við að n. d. muni leiða það fram á blóðvöllinn.

Málið sþ. með 10 atkv. og afgreitt til n. d.

Tuttugasti fundur, þriðjudag 24. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. okt. til 15. apríl (C 157); 3. umr.

Einar Ásmundsson: Við flm. (E. Á. og Á. E.) höfum leyft okkur að bera upp brt. við frv. þetta, eins og það var sþ. við 2. umr. Ástæðan til þess, að við höfum gjört það, eru bendingar nokkurra h. þm. hjer í d. í þá stefnu, að ákvarðanir 1. gr. um svæðið, er lögin skyldu ná yfir, væru ekki sem ljósastar. Var það einkum hinn h. varaforseti (Á. Th.), er gaf bendingar í þessa átt. Við höfum nú reynt að bæta úr þessu og tekið fullkomlega ljóst fram takmörkin bæði að vestan og austan. Hinn h. varaforseti (Á. Th.) tók að vísu fram, að sjer þætti takmörkin sett heldur vestarlega, og áleit rjettast að þau yrði sett milli Ísafjarðar og Strandas. eða við Geirólfsgnúp á Ströndum. En á þetta gátum við flm. (E. Á. og Á. E.) þó eigi fallizt. Sjerstaklega þó hinn h. þm. Str., sem hefur dvalið mikinn hluta æfi sinnar í Str., og mikinn hluta æfi sinnar verið við hákarlaveiðar. Hann álítur, að lög þessi komi eigi Strandamönnum að neinu gagni, ef Geirólfsgnúpur verður látinn ráða takmörkum að vestan, og heldur eigi þótt það væri „Hornbjarg", sem þó er vestar, og sem jeg hefði, ef til vill, getað fallizt á, sem vesturtakmörkin. En jeg skal játa, að jeg er engan veginn svo kunnugur þar vestra sem hinn h. þm. Str. (Á. E.). Svo skal jeg leyfa mjer að drepa enn á eitt atriði. Hinn h. varaforseti (Á. Th.) áleit æskilegt, að tiltekin væri einhver lína að utanverðu. Hann vill, að því er mjer skilst, banna að skera niður hákarl nálægt landi, en ekki sjerlega langt frá landi. En sízt af öllu mundi sú ákvörðun duga. Því um það ber öllum saman, sem við hákarlaveiði hafa átt, og nokkuð þekkja til hennar, að því háskalegra er að skera niður, sem það er gjört fjær landi. Sje skorið niður langt frá landi, er ekki hugsandi til að veiða hákarl um langan tíma á eptir á grynnri miðum, en heldur nokkuð framan við það svæði, lengra til hafs. Hinn h. varaforseti, sem hefur skrifað svo ágætlega um lax- og síldarveiði, hefur trauðlega eins kynnt sjer til hlítar hákarlaveiðina; en að henni kveður þó nú orðið ekki svo lítið hjer við land. Jeg vona, að hinn h. varaforseti (Á. Th.) skilji og fallist á, að við flm. höfum haldið við þá stefnu, sem við frá upphafi höfum álitið skynsamlegasta, eins og vjer höfum þakklátlega tekið bendingar hans til greina um takmörkin að austan og vestan. Þar eð svo margt og mikið hefur verið rætt um þetta mál að undanförnu, finn jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í það. Eins og hin h. þd. hingað til hefur tekið málinu vel, eins vona jeg hún sþ. það nú við þessa 3. og síðustu umr. hjer í d.

Árni Thorsteinson: Hinn h. þm. Ef. (E. Á.) drap á, að brt. væri sjerstaklega komin fram vegna bendinga frá minni hendi við 2. umr. málsins. En jeg verð að taka fram, að samt hafa hinir h. flm. (E. Á. og Á. E.) eigi að öllu leyti getað tekið bendingar mínar til greina. Jeg tók það fram, að æskilegt væri, að línan væri til tekin eigi mjög langt frá landi, og virtist mjer hinum h. flm. mætti vera hægt að láta að minni tillögu í þessu efni. En þetta hefur nú ekki getað látið sig gjöra. Takmörkin eru nú látin vera framlenging hádegislínunnar til norðurheims-

skautsins báðum megin frá vestur- og austurtakmörkum Straumness og Langaness. Jeg hefi nú ekki haft tækifæri til að mæla stærð þessa svæðis, en ætla það muni vera fram undir 350 mílur á lengd til heimskautsins og um 70 mílur á breidd að sunnan frá austri til vesturs. En því verð jeg enn að halda föstu, að jeg álít, að tilgangur frv. hefði náðst, þó takmörkin hefðu verið sett talsvert þrengra, en gjört hefur verið, enda fæ jeg ekki betur sjeð, en að þau sjeu sett alveg út í bláinn, þar sem norðurtakmörkin eru alveg óákveðin og ná yfir óþekkt svæði. Þegar jeg tók fram þessar skoðanir mínar við 2. umr., sagði hinn h. þm. Str. (Á. E.), að jeg hefði flaskað á málinu sökum ókunnugleika. Jeg játa, að ókunnugleiki minn, ef til vill, hefur villt mig, eins og verða vill í því hjeraði, sem maður er ekki kosinn fyrir og þar sem maður þekkir ekki þjóðarviljann frá almennum fundum. Á búnaðarskýrslunum má sjá, að árið 1879 var ekkert þilskip í Strs., í Húnavs. heldur ekkert, í Skagafjs. 1, Eyjafjs. 16 og Þingeyjars. 6 þilskip. Það er því ekki hægt fyrir ókunnuga að sjá, að þessi lög sjeu nauðsynleg fyrir Skagafjs., þó þar kunni að vera svo sem eitt þilskip, og heldur ekki fyrir Strandas., þar sem annaðhvort er eitt eða ekkert— þar var nefnil. 1 skip árið 1877 til 78 —og því síður fyrir Húnav.s., þar sem ekkert þilskip er. Þar í móti er öðru máli að gegna með Eyjafjarðars. og Þingeyjars.; þar sem skipin eru svo mörg, geta þessi lög verið áríðandi. Þilskip úr þessum sýslum veiða sjálfsagt á svæðinu alveg yfir að Langanesi, en á mjög mikilli víðáttu. Það má því vera hægt að sjá, að maður getur auðveldega flaskað í öðru eins máli og þessu, og hinn h. þm. Str. (Á. E.) hefur upplýst mig um, að maður megi vara sig á að dæma eptir því, sem fyrir liggur.—Til hákarlaveiða mun í Efjs. vera notaðir 4 teinæringar, í Þingeyjars. 1, í Skagafjs. 1, Húnavatnss. 3, en í Str. 19 10, 12 og 8 manna för. Þar eru flest opin skip, en eigi virðist nein frágangssök, að gjöra samþykktir um, að þau megi ei skera niður hákarl á vissu svæði. Þessar aths. hefi jeg leyft mjer að gjöra til þess að sýna, að jeg ímynda mjer ekki, að nein sjerleg áherzla geti legið á þessu máli fyrir almenning. Engu að síður ætla jeg að gefa málinu atkvæði mitt, svo það geti sýnt sig, hvort það verði til góðs fyrir þessa veiði, og að fyrirstaða af minni hendi ekki varni því framgöngu.

Ásgeir Einarsson: Jeg þarf nú reyndar ekki að standa upp, fyrst svo er, að hinn h. varaforseti (Á. Th.) ætlar að gefa málinu atkv. sitt. Þó skal jeg benda á fáein atriði í ræðu hins h. varaforseta (Á. Th.), sem lýsa ókunnugleika hans. Jeg skal þá fyrst taka það fram, að jeg efast um, að vegalengdin frá Straumnesi til Langaness, sje svo löng, sem hinn h. varafors. (Á. Th.) sagði, nefl. 350 mílur *(Á. Th.:* það eru um 350 mílur norður að heimskauti). Þó það svo væru 1000 mílur, þá er það sama, úr því hákarlaveiði er stunduð á þessu svæði, innan þessara takmarka. Jeg skal líka taka það fram, að þó vesturtakmörkin væru sett við Hornbjarg, þá væri jeg engan veginn ánægður með það. Því ef þilskipin að vestan skæri niður rjett fyrir vestan Hornbjarg eða línuna þaðan í norður, þá væri það til stórskemmda fyrir veiðina á Húnaflóa. Hinn h. varaforseti áleit að þessara laga þyrfti ekki við vegna opnu skipanna. Jú, það er þó vissulega svo, því einmitt það, að þilskipin geta skorið niður, er tjón og spilling fyrir veiðina á opnum skipum. Það datt engum í hug í Stranda- nje Húnavatnssýslum, að svo yfirgripsmikið frv. mundi koma fram; en því fegnari verða Str.menn þegar þeir sjá, að menn vildu láta niðurskurðarbannið ná til þilskipanna, og það einmitt vegna opnu skipanna, sem þeir hafa flest. Eins og jeg hef áður tekið fram, þá fann jeg heppnasta og bezta hákarlaformanninn úr Strs. á Skagaströnd skömmu áður en jeg fór til þings, og var hann mjög á því, að þingið gæfi út lög, sem þau, er þetta frv. fer fram á. Það er sannfæring mín, að þetta mál miði til góðs fyrir þennan atvinnuveg, hákarlaveiðina fyrir norðurströndum landsins, og því óska jeg og vona að hinir h. þdm. sþ. nú frv.

Einar Ásmundsson: Jeg ætlaði mjer ekki að tala meira í þessu máli, en vil þó lýsa yfir því, að ef hinum h. varaforseta er svo annt um, að minnka dálítið þetta þríhyrnda svæði, sem brt. ákveður, og vill skilja eptir dálítið horn út við

heimskautið, þá skal jeg ekki vera neitt á móti því. Jeg skal gjarnan mæla með því, að frv. verði látið bíða, svo hinum h. varaforseta (Á. Th.) gefist tími til að koma með brt. í þessa átt, og sþ. hana, allt hvað hún gengur ekki of nærri landi. Því jeg held að við Íslendingar notum ekki í bráðina næsta svæðið í kringum heimskautið til hákarlaveiða; náttúran setur venjulega takmörk norðan við veiðisvæðið alllangt frá heimskautinu á tímabilinu frá 15. okt. til 15. apríl.

Atkvgr.: Brt. flm. (Ásg. Ein. og E. Ásm.) og þm. Np. (B. Kr.; C 199) sþ. í e.h.

Frv. þannig breytt sþ. í e.h. og afgreitt til n. d.

Frv. til l. um strandgæzlu (C 157); 3. umr.

Magnús Stephensen: Jeg ber eigi á móti því, að þetta frv. geti orðið gagnlegt, og að strandgæzlumenn geti gjört talsvert gagn. En jeg skal taka það fram, að jeg álít varúðarvert, að fjölga þess konar sýslunarmönnum, sem hafa talsverðar skyldur að rækja, en engin, eða svo að segja engin, laun. Því jeg álít það engin laun, þó strandgæzlumenn eigi að hafa helming nokkurra sekta þeirra, sem renna í sveitasjóð, og þó hinir árvökrustu fengi kannske einhverja litla þóknun að auk úr sýslusjóði. Jeg er hræddur um, að landsmönnum fari að leiðast það ómak, sem þeim er gjört með því að stofna þessi skylduverk, sem engin þóknun er veitt fyrir, og þess vegna hirði ekki um að rækja þau sem bezt. Jeg held menn kveini nóg yfir því, að þurfa að vera 6 ár í hreppsn. og 6 ár í hreppstjórn, og mun þetta kvein ekki minnka þegar þessi skylduverk bætast við; enda má öllum ofbjóða. Hjer á landi er þegar fyrir mikið af slíkum ólaunuðum sýslunum, þar sem eru um 1000 hreppsnefndarmenn, 200 hreppstjórar, hátt á annað hundrað sýslunefndarmenn, auk forlíkunarmanna, stefnuvotta o. s. frv. Þannig munu þá vera fáir bændur í hverju sveitarfjelagi, sem ekki hafa einhverja opinbera sýslun á hendi fyrir, og er hægt að sjá, að menn tefjast ekki lítið við þetta frá bústörfum sínum og annari nauðsynlegri vinnu. Jeg álít nokkuð ísjárvert að gefa þessi lög. Eptir frv. er svo að sjá, sem strandgæzlumaðurinn eigi að vera nokkurs konar varahreppstjóri, því eptir 1. gr. eiga hreppstjórar ásamt sýslumönnum að hafa á hendi umsjón allrar strandgæzlu. Strandgæzlum. verður því eigi annað en vicarius hreppstjórans. Jeg verð að ætla að hreppstjórum sje eigi ofætlun að hafa strandgæzluna á hendi með öðrum störfum sínum, einkum þar sem þeir hafa fengið nokkur laun fyrir starfa sinn. Jeg er því á þeirri skoðun, að óþarfi sje að setja sjerstaka menn til strandgæzlu, en að sýslumenn og hreppstjórar hafi hana á hendi samkvæmt 1. gr. frv., sem í því tilliti er nægileg, en þó óþörf, þar sem lög eru til um þetta verk, og því frv. allt óþarft.

Einar Ásmundsson: Eins og við var að búast voru ástæður hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) fyrir mótbárum hans gegn frv. á góðum rökum byggðar að mörgu leyti. En það er ein regla í þjóðfjelaginu og þjóðfjelögunum, sem hinn h. þm. (M. St.) tók ekki nægilegt tillit til. Það er sú regla, að þar sem lítið stjórnfrelsi er, þar eru færri menn sem starfa fyrir fjelagið, en því frjálsari sem stjórnarfyrirkomulagið er, því fleiri taka þátt í alþjóðlegum störfum. Í fornöld á lýðveldisárum Íslands var það fjöldi manna, sem starfaði að opinberum málum. Þannig var alþing hið forna ólíkt því, sem við nú sitjum á. Það var talsvert fjölmennara, þar sem menn þá komu saman svo hundruðum eða jafnvel þúsundum skipti. Þá störfuðu og talsvert fleiri að dómsmálum og hjeraðsstjórn, en nú. Svo er og í hverju því landi, þar sem stjórnarfyrirkomulagið er frjálst. Fyrir 30—40 árum voru ekki eins margir starfsmenn þjóðarinnar eins og nú, enda mundi það þá hafa þótt óþolandi byrði, að vera jafnvel sóknarnefndarmaður eða safnaðarfulltrúi, hvað þá meira. Nú er öðru máli að gegna þegar frelsið er fengið og farið er að nota það; með því myndast störf, sem fleiri og fleiri þurfa að taka þátt í. Jeg álít það líka mikið gott, að slíkir starfsmenn sjeu sem flestir, því það getur verið meðal til að vekja menn af hugsunarleysi og svefni, og til að halda málefnum þjóðarinnar í rjettu lagi. Jeg veit það vel, að sýslumenn og hreppstjórar mundu duga til strandgæzlu í einstökum hjeruðum landsins, t. a. m. í Skaptafellss., Rangárvallas. og, ef til vill, í Árness. En þó þessir menn kunni að nægja til strandgæzlu á minni hluta land-

sins, þá er ofurlítil fyrirhöfn að setja strandgæzlumenn og þá líka lítil fyrirhöfn fyrir sjálfa þá. Þó getur það verið, að strandgæzlumanna þurfi við á þessu svæði, og getur hugsast, að þeir geti á ýmsum stöðum og ýmsum tímum fengið nóg að starfa. Sýslum. hafa vissulega nóg að hugsa og starfa og sömul. hreppstjórar, fyrir utan það, að hvorirtveggja geta búið langt frá sjó, en við sjó ættu strandgæzlumenn helzt að búa. Í sumum hjeruðum yrði hreppstjórum þetta starf langt of erfitt með öðrum störfum sínum, t. a. m. þar sem mikið stóð er útlendra fiskimanna á sumrum, því það er aðgætandi, að þarf ekki þá eina til, sem veiða í landhelgi. Á sumum fjörðum er opt sægur af útlendingum, sem ekki stunda fiskiveiðar innan landhelgi, og sem vissulega þarf að gefa auga. Nú hefur hin h. þd. fyrir einu augnabliki sþ. frv. um bann gegn niðurskurði á hákarli, en það er ekki til neins að gefa slík lög, nema nákvæmt eptirlit sje haft með því, að þeim verði hlýtt. Að gefa lög, sem svo enginn lítur eptir að sje hlýtt, er að freista manna til að troða lögin yfir höfuð undir fótum, og er það siðum spillandi í landinu. Þegar á allt þetta er litið, held jeg að þeir ókostir við frv., að það sje of umsvifamikill starfi, sem það leggur mönnum á herðar, sjeu litlir í samanburði við það gagn, sem lög þessi mundu geta gjört á einstöku stöðum, og fleirum og fleirum eptir því sem tímar líða fram, þó þau sumstaðar að svo komnu kunni að verða hvorki til ills nje góðs.

Stefán Eiríksson: Við 2. umr. þessa máls skaut jeg því til flm., hvort þeir vildu eigi koma fram með brt. um að strandgæzlumennirnir fengju meiri laun. En h. flm. hefur eigi litizt það, því engin brtill. hefur komið frá þeim í þessa átt. Eigi að síður ætla jeg þó að gefa atkv. mitt með lögunum, því þau snerta ekki kjördæmi mitt, en þau kunna að eiga við á því svæði sem þau gilda fyrir. Það er auðvitað alveg rjett sem h. 4. kgk. þm. tók fram, að launin eru svo sem engin, sem þessum strandgæzlumönnum eru ætluð, og þó eru þeim að hinu leytinu ætluð mikil störf eptir 5. gr. frv. Mjer er ekki ljóst, og jeg skil satt að segja ekki í úrskurðarvaldi því, sem hreppstjórunum er fengið í hendur með 5. gr., því þar er hreppstjórunum ætlað að vera lögreglustjórar í þessum strandgæzlumálum. En það hygg jeg alveg rjett, sem h. 2. þm. Ef. (E. Á.) tók fram, að nauðsynlegt er að samþykkja þetta frv., vegna frv. þess um að banna niðurskurð á hákarli, sem h. þd. er nýbúin að samþykkja. Í 2. gr. frv. er gjört ráð fyrir að 2—3 strandgæzlumenn sjeu í sumum hreppum og má vera, að það verði ljettbærara þannig en ef að eins einn strandgæzlumaður væri í hverjum hrepp, því eðlilegt er, að þetta verði því hægra, því fleiri sem eru. En hræddur er jeg um, að þessir strandgæzlumenn vilji losast frá þessu starfi að minnsta kosti eptir 3 árin, og að mjög fáir verði fúsir til að ganga í þessa þjónustu.

Sighvatur Árnason: Jeg get vel samþýðzt ýmsum mótmælum þeim, sem komið hafa fram móti frv. þessu, sjer í lagi þeim, sem h. 4. kgk. þm. tók fram, því það er hverju orði sannara, að það eru bæði mörg og margbrotin störf, sem hlaðast á menn í sveitafjelögunum, vanalega á sömu mennina, svo það má lengi ágæða að vera að bæta þar ofan á slíku og þvílíku sem þessu, sem frv. fer fram á, borgunarlaust. Þess konar fjelagsstörf hvert ofan á annað, eru, sem vonlegt er, orðin æði óvinsæl, því vitaskuld er, að hver einn á ráð á sjálfum sjer og sínum tíma, og margur er sá, sem ekki má, svo vel fari, missa sig frá heimili sínu til slíkra starfa, og því síður án borgunar. Jeg vil nú ekki auka aðfinningarnar, en að eins geta þess, að frv. er meinlaust og gagnslaust fyrir mörg hjeruð hjer sunnanlands, t. d. frá Þjórsá allt austur að Papós, og verður það því á þessu svæði, þó það verði lög, ekki nema á pappírnum. En viðvíkjandi því, að strandgæzlan nái til hafskipa úti fyrir, þá ímynda jeg mjer, að strandgæzlumennirnir hafi þar lítið að segja. Jeg fyrir mitt leyti get nú eigi sjeð, að strandgæzlumennirnir kosti svo miklu til strandgæzlunnar sem þarf til að gæta þess sem með þarf viðvíkjandi útlendum hafskipum á rúmsjó, þar sem borgunin er engin í aðra hönd. Í 6. gr. er reyndar gjört ráð fyrir, að árvakur strandgæzlumaður geti fengið þóknun af sýslusjóði, en sú ákvörðun finnst mjer mjög óákveðin og held jeg að lítið sje að reiða sig á hana. Þessi strandgæzla mun að vísu hafa tals-

verða þýðingu á mörgum stöðum og þess vegna greiði jeg atkv. með frv., en eigi mun jeg koma með brtill. viðvíkjandi borguninni, af því að frv. snertir lítið eða ekkert mitt kjördæmi eptir afstöðu þess.

Einar Ásmundsson: H. þm. hafa talað góðgjarnlega um frv. og er jeg þeim þakklátur fyrir athugasemdir þeirra, þó þær komi nokkuð seint, þar sem þetta er síðasta umr. málsins og enginn hefur hjer í deildinni fyr tekið til máls. Mjer finnst, að h. 4. kgk. þm. (M. St.) og h. þm. Ask. (St. E.) sjeu eigi alveg á sama máli. H. 4. kgk. þm. (M. St.) álítur strandgæzlu óþarfa, þar sem hreppstjórar geti hæglega annazt hana, en þm. Ask. (St. E.) álítur aptur störfin mjög mikil, en launin eigi nægileg. Jeg er hræddur um, að báðir h. þm. skoði málið nokkuð einstaklega hvor frá sinni hlið. Jeg held að hið rjetta verði þar mitt á milli. Á sumum stöðum munu strandgæzlumennirnir hafa nóg að vinna og þá einnig nokkra þóknun fyrir störf sín, annarstaðar aptur lítið eða ekkert að gjöra, og vinna þá heldur ekki til launa. Í frv. því um að banna niðurskurð á hákarli, sem h. þd. samþykkti fyrir skemmstu, var gjört ráð fyrir, að strandgæzlumennirnir fengju borgun fyrir ferðir sínar, eins og hreppstjórar eða stefnuvottar. Ef nú fleiri lög kæmu út framvegis, sem legðu strandgæzlumönnunum eitthvert starf á herðar, þá tel jeg sjálfsagt, að þeim verði þar ákveðin borgun fyrir slíkt. En um hitt getur ekki verið að tala, að ákveða þeim í þetta skipti mikil laun. Í þessu frv. er þeim ætlaður helmingur allra sekta, og mun það koma þeim til að vanda verk sitt og að koma upp lagabrotum. Geri þeir það, þá fá þeir laun og eru þá eins og aðrir góðir verkmenn „verðir launanna“. Jeg ímynda mjer, að frv., þó lítið sje, sje eigi fjarri lagi og jeg ætla, að það verði minnkunarlaust, þó þd. samþykki það og afgreiði það til n. d.

Frv. sþ. m. 7:4 og gat forseti þess að það yrði afgreitt til n. d.

Frv. til laga um bæjarstjórn á Ísafirði (C 170); 3. umr.

Frv. sþ. orðalaust í e. h. og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um friðun hvala (C 193); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Á almennum hjeraðsfundi Eyfirðinga á Akureyri skömmu áður en jeg lagði á stað suður hingað til þings, kom meðal annars til umræðu, að nauðsynlegt væri að friða hvali fyrir skotum útlendra hvalveiðamanna. Norðmenn eru á þeirri skoðun, að hvalir sjeu nauðsynlegir til þess að reka síld upp á grunn, þar sem hægt er að veiða hana með síldarnótum. Þetta er trú Norðmanna og hún mun vera byggð á rökum; segja þeir að síldarveiðar hafi verið skemmdar við Norveg með of miklum hvaladrápum. Það er nú eigi hætt við því, að vjer Íslendingar skemmum hjá oss sjálfir síldarveiðina með hvaladrápi. En nú er auðugur Norðmaður einn kominn til Ísafjarðar og seztur þar að, að nafninu til, eins og fleiri landar hans hjer. Hann mun hafa fengið sjer húsnæði þar og ætla sjer að halda úti skipum með allmiklum vígvjelum til hvalaveiða. Þetta álíta nú landar hans, sem eru við síldarveiðar fyrir norðan, mjög háskalegt fyrir síldarveiðarnar hjer við land. Það var því ósk allra, sem hlut eiga að máli við síldarveiðarnar við Eyjafjörð, að alþingi tæki málið að sjer og stemmdi stigu fyrir hvaladrápin með lagaboði. Jeg er eigi síldarveiðamaður, og get því eigi sagt, hvort þessi skoðun, að hvaladrápið sje síldarveiðunum skaðlegt, sje á rökum byggð eður ekki, en víst er um það, að þessi skoðun er almenn hjá síldarveiðamönnum, og þeir eru fáir sem mæla móti henni. Í fyrra var lítið um síld á Eyjafirði, en Norðmenn sögðu þó, að úti í miðjum firðinum væri eigi svo lítið um síld, en hún færi eigi svo nálægt landi, eigi svo grunnt, að hægt væri að kasta nótum fyrir hana, því í miðjum firðinum er 60—70 faðma dýpi, en svo djúpar nætur hafa þeir eigi. Ef hvalir hefðu þá verið í firðinum, mundi síldin hafa styggzt lengra upp undir landið og veiðin hefði, ef til vill, eigi orðið svo lítil, þó hún væntanlega eigi hefði orðið svo mikil sem sumarið áður. Það var því almennt álitið, að skortur á hvölum hefði verið veiðinni til skaða í fyrra sumar, en skorturinn kom af því, að svo mikill fjöldi þeirra drapst í ísnum í fyrra vor; á einum bæ í Miðfirði rak þá, sem kunnugt er, um 30

—40 hvali og víða annarstaðar rak þá á land, en fleiri munu þeir þó hafa verið. er drápust svo að öllum var ókunnugt um.— Þó eigi sje það tekið fram í frv.— en þar verður það eigi tekið fram — þá er þetta frv. einkum samið í þeim tilgangi, að hindra útlendinga frá að spilla síldarveiðunum með stórkostlegu hvaladrápi hjer við land. Sjálfir erum vjer engir ákafir hvalaveiðamenn, svo frv. er engin þörf vor vegna, en vegna útlendinga er nauðsyn á að þetta frv. verði að lögum. Vjer höfum orðið að friða fugla og hreindýr vegna útlendinga engu síður en vegna sjálfra vor. Eins er um hvalina; vjer þurfum að friða þá fyrir útlendingum en eigi fyrir sjálfum oss. Hnísur og höfrunga höfum vjer helzt mannskap til að skjóta, og þeir eru þess vegna undanteknir friðuninni í frv. þessu. Til skýringar málinu hef jeg leyft mjer að taka þetta fram, og vona nú að h. þd. íhugi málið og felli það eigi frá umræðu.

Stefán Eiríksson: H. flm. hefur nú leitazt við að skýra málið, en allt um það er jeg í vafa um, að gjöra eigi frv. þetta að lögum. Vjer þurfum engra slíkra laga með, því sjálfir veiðum vjer enga hvali, en verði þetta frv. að lögum, þá er loku skotið fyrir það, að vjer getum haft gagn af hvalaveiðum og fjelagskap við útlendinga til hvalaveiða. Í fornöld sjáum vjer af sögunum að hvalir hafa verið veiddir, því í Jónsbók er talað um skothvali, ef jeg man rjett. Það getur nú verið, að hvalir reki síld undan sjer, en þeir geta allt eins fælt síldarvöðurnar til hafs, eins og inn á firði og víkur, og þó þessi hugmynd sje hjá Norðmönnum að síldin hlaupi inn í víkur, firði og voga undan hvölum, þá mun þetta vera ósannað og óprófað til hlítar. Eitt gæti hlotizt gott af hvalaveiði útlendinga hjer við land, og það er að vjer Íslendingar mundum geta fengið hval með góðu verði, og stundum fyrir ekki neitt, eins og t. d. þegar Hammer var hjer á hvalaveiðum, þá rak opt hálfa og heila hvalina, og höfðu margir gott af því. Jeg er því eins og jeg hef tekið fram, mikið í vafa um, hvort lög í þessa stefnu eigi hjer við yfir land allt í þá átt, að eigi megi skjóta neina hvali um sumartímann, og þannig svipta rekaeigendur þeim hlunnindum, sem þeir kynnu að hafa af því að fá skothvali, sem opt gæti að borið.

Sighvatur Árnason: Jeg get eigi verið á sama máli og h. sessunautur minn, þm. Ask. (St. E.). Mjer þykir lítil von um, að Íslendingar hafi mikið gagn af hvalaveiðum með skotum. Frv. þetta sýnist einungis stefna í þá átt, að hlynna að síldarveiðinni og fyrirbyggja skemmdir á þeirri veiði, af hálfu útlendinga. Og þessi aðhlynning að síldarveiðinni get jeg ekki betur sjeð en sje nauðsynleg. Og að hinu leytinu sýnist mjer að alls enginn stuggur þurfi að standa af missi hvalaveiðinnar fyrir þessa skuld.

Árni Thorsteinson: Jeg skil frv. svo, sem það gangi í þá átt, að útiloka útlendinga frá að veiða hjer í landhelgi, því eigi er hægt fyrir oss að útiloka þá frá að veiða hvali fyrir utan landhelgi. Það er annars einkennilegt, fyrir mörg af frv. þeim, sem hjer koma fram, hin mikla víðátta sem þau ná yfir. Mjer hefði þannig nú þótt eðlilegast, að frv., hefði verið nokkuð meira takmarkað og helzt eigi náð nema til sjálfra síldarfjarðanna. Jeg skal leyfa mjer að skýra h. þd. frá fyrirkomulaginu í Noregi í stuttu máli. Þar eru hvalir friðaðir á síldarvógunum og síldarfjörðunum meðan á síldarveiðinni stendur. Þetta held jeg gæti vel átt við hjer hjá oss. Í Finnmörku eru hvalir að auki friðaðir frá 1. jan. til 31. maí fyrir utan strendur og mun það gjört vegna loðnuhlaupsins að landinu, um það leyti, og sambands þess við þorskgöngurnar. Jeg er þessu frv. eigi mótfallinn, en miklu heldur kýs jeg að svæðið væri þrengra en í frumvarpinu og næði að eins til síldarfjarðanna, og eins að friðunin á hvölunum gilti að eins um þann tíma sem síldarveiðin er stunduð á hverjum stað. Að endingu skal jeg geta þess að einnig eru lög um friðun hvala í Svíþjóð, en þau eru mjer að svo komnu eigi svo kunn, að jeg geti skýrt h. þd. frá fyrirkomulaginu þar, en jeg mun ef til vill gjöra það síðar.

Málinu vísað til 2. umr. m. 9 atkv.

Tuttugasti og fyrsti fundur, miðvikudag 25. júlí. Allir á fundi.

Frv. til laga um br. á 7. gr. í lögum 14. des. 1877 um tekjuskatt (C 180); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Frv. þetta getur ekki heitið nýmæli hjer á þinginu. Það kom fram á þinginu 1879, að jeg held öldungis eins orðað og nú, og þá komst það í gegnum þessa deild, en í n. d. var það fellt alveg umræðulaust með 10 atkv. gegn 10. Á alþingi 1881 var málið einnig borið upp hjer í deildinni og voru þá gjörðar við það nokkrar breytingar, en samt fjell það á endanum með 3:7. Á sama þingi var það einnig borið upp í n. d. og kom til umræðu, en fjell með 8 atkv. gegn 12. Yfir höfuð geta menn sagt, að þetta frv. hafi eigi fengið góðan byr hjer á þinginu. Jeg skal játa, að frv. hefur við nokkur rök að styðjast, þegar það er tekið út af fyrir sig, eða sem eitt atriði í skattalögunum, en jeg held að skattalögin hafi fleiri agnúa en þennan litla agnúa, og þess vegna er jeg fremur mótfallinn frv. Svo jeg nefni eitt dæmi um agnúana á skattalögunum, þá er skattstiginn harla ólíkur með tilliti til tekjuskattsins og eignarskattsins. Jeg vildi að h. 3. kgk. þm. gæfi mjer upplýsingar um, á hverju þessi mikli mismunur er byggður. Fyrsta stig með tilliti til eignarskattsins eru 50 kr. og svo áfram 25 kr. hvert stig, en skatturinn er 1 kr. af hverju stigi. Aptur á móti er fyrsta stig með tilliti til tekjuskattsins 1000 kr. og svo áfram 100 kr. hvert stgi, en skatturinn er 1 kr. af hverju stigi. Meðan þetta og fleira liggur kyrrt í skattalögunum, þá finnst mjer að slíkt smáatriði, sem þetta frv., geti einnig vel beðið. En af því að jeg finn að margt mælir með þessu máli út af fyrir sig, vil jeg leggja það til við h. flm. að hann taki frv. aptur, því jeg er hræddur um, að frv. fari sömu för og áður.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla eigi að fara mörgum orðum um frv., það er hvort sem er nóg rætt áður hjer á þinginu. Jeg er að vísu að sumu leyti samþykkur flm. h. 3. kgk. þm. um það, að eðlilegast sje að draga frá launum þeim sem reiknuð eru til tekjuskatts það, sem embættismaður greiðir, samkvæmt fyrirmælum opins brjefs 31. maí 1855 til að útvega konu sinni fjárstyrk eptir sinn dag. En eptir tekjuskattslögum 14. desember 1877 finnst mjer að þetta gjald sje eigi svo tilfinnanlegt, að það sje þungbært á hverjum einstökum gjaldanda, en aptur á móti geta tekjur lsj. rýrnað, ef þetta ekkjusjóðsgjald allra embættismanna hyrfi sem tekjugrein úr fjárlögunum. Þess vegna get jeg ekki verið samþykkur frv. Jeg vil áður jeg sezt niður, biðja h. flm. að upplýsa mig um, hve mikla rýrnun tekjur lsj. bíða, sem í fjárlögunum núna eru reiknaðar til 14,000, ef þetta frv. nær lagagildi. Sýni hann mjer og sanni ljóslega, að tekjuskatturinn rýrni ei mikið við það, að þetta gjald sje reiknað frá honum, þá get jeg, ef til vill, greitt atkv. með frv.

Jón Pjetursson: H. 1. þm. Rvl. (S. Á.) sagði, að þetta frv. hefði eigi fengið góðan byr fyr á þinginu, og skoraði þá jafnvel á mig sem flm. að taka frv. aptur. Jeg efast alls ekki um, að ef frv. hans um að setja niður dýrleikann á nokkrum jörðum í Rangárvallasýslu yrði fellt, þá mundi h. 1. þm. Rvl. aldrei gjöra tilraun til að koma aptur með frv. í þá stefnu. Mjer finnst sumsje þm. tala eins og hann álíti sjálfsagt, að ef þingið gjörir rangt einu sinni, þá eigi það allt af að halda því áfram. Sami þm. hefur nú komið með „frv. til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta". Það væri gaman að spyrja flm. að, hvort hann vildi taka það aptur, áður en það kemur á dagskrá. Slík orð ættu aldrei að heyrast á þingi, að eitt sje rjett í sjálfu sjer, en þó megi menn ekki bera það fram, því ef eitthvað er rjett í sjálfu sjer, þá er rangt að vera á móti því af þeirri ástæðu, að það muni eigi ná fram að ganga á þinginu. H. þm. sagði, að frv. hefði við rök að styðjast, en fleiri agnúar væru á skattalögum en þessi og talaði um mismun skattstigans af eignarskatti og tekjuskatti; en eignarskatturinn kemur ekkert þessu máli við. 1. þm. Rvl. (S. Á.) og þm. Ask. (St. E.) töldu gjaldið líka eigi tilfinnanlegt fyrir hina einstöku gjaldendur, en missir þess mundi aptur á móti verða tilfinnanlegur fyrir lsj. Það er auðvitað að tekjur lsj. rýrna dálítið, en jeg get fullvissað h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) um það, að tekjur lsj. rýrna meira við það, að mat jarðanna í Rangárvallasýslu verði sett niður. Þegar þm. leggur á móti frv. mínu, þá er hann sjálfum sjer ósamkvæm-

ur, þar sem hann vill fá nýtt mat á jarðirnar í Rangárvallasýslu, sem mundi verða til rýrnunar fyrir tekjur lsj. Ef skattur er ósanngjarn, þá á að taka hann burtu, eða laga hann svo hann verði sanngjarn, og rýrni lsj. við þetta um of, þá á að finna annan skatt, sem er sanngjarnari. Jeg vona, að þó að þessir tveir h. þm. sjeu á móti frv., muni hinir aðrir h. þm. deildarinnar vera með því.

Sighvatur Árnason: Mjer þótti h. 3. kgk. þm. verða það á, að leggja of mikla áherzlu á annað atriðið, sem jeg tók fram. Jeg tók hitt líka fram, að smáatriðum úr stórmálum hefur verið hrundið, af því eigi hefur þótt eiga við, að taka lítið atriði út úr stórmálinu. Skattamálið þarf lögunar við í heild sinni og það er eitt af stærstu atriðum löggjafar vorrar. Jeg skil ekki hvernig h. 3. kgk. getur sagt, að það sem jeg tók fram um eignarskattinn og tekjuskattinn komi ekki málinu við; það er þó sannarlega viðvíkjandi skattalöggjöfinni eins og þetta litla frv. hans. En jeg skal eigi þrátta við hinn 3. kgk. um það, en frv. get jeg eigi aðhyllzt, af því mjer finnast nægar ástæður móti því, nefnil. að fara ekki að hreifa við þeirri löggjöf fyrir slíka smámuni sem þetta frv. er. Einn aðalgalli finnst mjer og á skattalögunum samanbornum við launalögin, og hann er sá, að leggja skatt á embættislaunin; það er að sínu leyti eins og menn taki úr einum peningapokanum og láti í hinn. Eðlilegast væri að minni hyggju að hafa launin að því skapi minni, og leggja ekki skatt á þau til landssjóðsins.

Benidikt Kristjánsson: Það hefur verið minnzt á, að þessu máli hefur verið hreift tvisvar hjer á þinginu. Í annað skiptið var jeg annar flm. Þrátt fyrir allar umræður um málið er sannfæring mín enn hin sama, þó komið hafi fram ýmsar skoðanir gagnstæðar frv.; þeir sem mælt hafa móti, hafa að vísu viðurkennt, að málið hefði rök við að styðjast; þeir hafa viðurkennt, að óeðlilegt sje, að embættismenn svari skatti af þeim hluta launanna, sem gengur til þess að sjá ekkjum þeirra borgið eptir sinn dag. Öðru máli væri að gegna ef það væri víst, að ekkjurnar bæru þetta gjald upp; það getur að vísu verið stundum, en stundum á það sjer ekki stað. Ef það væri ætíð víst, að ekkjurnar nytu þess, þá væri ástæðulaust, að draga þetta gjald frá embættislaununum. Þessu gjaldi er öðruvísi varið en fríviljugu gjaldi í lífsábyrgðarsjóð. Þetta gjald er lögboðið og ófrívilj ugt. Þó skattalögin sjeu ósanngjörn í ýmsum greinum, þá getur það með engu móti verið á móti frv., heldur einmitt ætti það að vera hvöt til að leiðrjetta hinar ýmsu ósanngjörnu greinar skattalaganna sem fyrst, og þetta frv. gæti vel verið byrjunin. Jeg skal fúslega játa það, að margar ákvarðanir eru í skattalögunum, sem ei eru á góðum rökum byggðar. H. 1. þm. Rvl. talaði um tvo peningapoka. Mjer finnst, að hjer standi svo á, að stjórnin borgi úr öðrum pokanum embættislaunin, en tíni svo aptur í hinn gjaldið, sem frv. vill af nema. Að endingu skal jeg geta þess, að jeg greiði atkv. með frv.

Frv. sþ. og málinu vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um eptirlaun prestsekkna (C 198); ein umr.

Benidikt Kristjánsson: Br. sú, sem n. d. hefur gjört á frv. þessu, er í því fólgin, að prestar á brauðum, sem metin eru 1200—1000 kr., skuli eigi greiða ekkjunum í brauðunum eptirlaunin. Þessi br. er eigi í því fólgin að breyta rjettarástandi prestsekknanna, heldur í því að hlynna að prestum á þessum brauðum. Þetta getur verið vel meint, og jeg ímynda mjer, að prestar taki því þakksamlega, en þá álít jeg, að fremur beri að hlynna að brauðunum, sem eru fyrir neðan 1000 kr. en þeim sem þar eru fyrir ofan. En eigi skal jeg gjöra þetta atriði að kappsmáli, þótt jeg geti eigi heldur sjeð, að það komi í nokkurn bága við eptirlaun uppgjafapresta, þó haldið væri fast við 1000 kr. brauðin, að því er kemur til eptirlauna prestsekkna. En sem sagt gjöri jeg ekki þetta atriði að kappsmáli.

Stefán Eiríksson: Jeg var þessu frv. meðmæltur þegar það lá fyrir þessari deild og jeg er það enn. N. d. hefur gjört þá br. á frv., að hún hefur bundið það skilyrði, að eptirlaunin skulu greidd af brauðum, sem eru 1200 kr. í stað 1000 kr. brauða. Þetta getur, ef til vill, verið eðlilegt, og eiginlega hefur n. d. bætt frv. með tilliti til prestanna og prests-

ekkna, og get jeg eigi sjeð, að hægt sje að hafa neitt á móti frv. eins og það nú er orðað.

Skúli Þorvarðarson: Jeg á ekki gott með að fallast á þær br., sem n. d. hefur gjört við frv. það, sem hjer var sþ. og sent henni. Með þessari br. er lsj. gjört að skyldu að greiða eptirlaun til prestsekkna í brauðum sem eru fyrir neðan 1200kr.; því brauð, sem metin eru frá 1000—1200 kr., munu vera um 35 að tölu eptir hinu nýja brauðamati. Eptir þessu mun það ekki verða svo lítið gjald, sem lsj. kemur til að greiða árlega til prestsekkna, þeirra sem í þessum brauðum kunna að vera. Enn fremur verð jeg að segja það, að jeg fyrir mitt leyti áleit frv. eins og það var sþ. hjer í d. og fór til n. d., vera svo mikla rjettarbót fyrir ekkjur presta, og presta í tekjulitlum brauðum, að vel væri við það unandi, eins og það var, án þess að þyrfti að auka enn meiri útgjöldum á lsj.; jeg held að þegar fram líða stundir, og allir þeir embættismenn, sem skipaðir hafa verið til nýstofnaðra embætta um næstliðin 10 til 15 ár, nefnil. læknar, skólakennarar og fl., fara að kalla til eptirlauna í landssjóð, að útgjöldin í þessu tilliti verði þá orðin ærið tilfinnanleg. Þess vegna álít jeg ísjárvert að leggja meira til þessara eptirlauna, en gjört var í frv. þessarar d. Þessi hækkun er nú kannske ekki svo mikil að ástæða sje til að vera móti þessu frv., en það er í öllu falli ekki óþarft að minna á, að varlegra sje, að þyngja ekki um of á gjöldum landssjóðs.

Sighvatur Árnason: Þegar jeg ber saman laun embættismanna hjer á landi í það heila tekið, bæði presta og annara, þá finnst mjer jafnan ærinn mismunur á launum presta og annara embættismanna, og þegar jeg aptur lít á þetta frv. og br. þær, sem á því hafa orðið í n. d., þá lýtur allt að því, að hlynna að prestum á hinum tekjuminnstu brauðum. Þar eð mjer nú virðist öll sanngirni mæla með því, að hlynna nokkuð að þessum embættismönnum, sem bæði eru langminnst launaðir og í rauninni of lítið launaðir, þá verð jeg að gefa frv. eins og það nú er atkv. mitt. Jeg skal hins vegar játa, að hinn h. 2. þm. Rvl. (Sk. Þorv.) hefur rjett að mæla í því, að menn megi eigi um of horfa í þau útgjöld, sem byggð eru á sanngirni, eins og hjer er vissulega um að ræða. Hinn h. þm. (Sk. Þorv.) kvaðst ætla, að brauð, sem gjalda ætti eptirlaun fyrir, mundu vera um 35 að tölu. En jeg skal minna hinn h. þm. á það, að þó brauð á þessu stigi kunni að vera nokkuð mörg, þá má gjöra æfinlega ráð fyrir að ekki verði ekkjur í hverju þessu brauði.

Ásgeir Einarsson: Jeg hjelt jeg mundi ekki þurfa að tala framar í þessu máli. Mjer finnst sannarlega engin ástæða til að e. d. gleypi við öllu, sem n. d. sendir henni aptur, þó hún aldrei nema hafi gjört litlar breytingar við það. Það er samt engan veginn svo, að jeg vilji kveikja óánægju milli deildanna, en jeg vil ekki að önnur sýni gunguskap gagnvart hinni. Jeg sje ekki að n. d. geti hafa haft neinar sjerlegar ástæður til að breyta frv. hjeðan. Það var víst fullgóð rjettarbót, en það sannast hjer, að „mikið vill meira“. Hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) hjelt, að útgjöld lsj. mundu ekki aukast mjög við þessa br. n. d. En hvað aukast þau mikið? Hvar er reikningur hins h. þm. yfir þessi laun? Sýni hann mjer hann! Má jeg enn fremur spyrja: á þessi austur úr lsj. að ganga í það óendanlega? Halda menn kannske að þessi brunnur verði aldrei ausinn? Það lítur helzt út fyrir það, eptir því sem ráða má af ræðu þessa h. þm. (S. Á.) og fl. þm., og enn fremur af bænarollunni til fjárlaganefndarinnar, sem er svo löng, að víst má vefja alla 7 nefndarmennina í henni. Jeg skal hins vegar taka það fram, að jeg er sþ. hinum h. þm. Nþ. (B. Kr.) um, að það er þessi jöfnuður, sem þetta frv. hefði átt að koma á. Mjer finnst engin sanngirni í því, að ekkjur eptir presta, sem verið hafa á lakari brauðum, skuli hafa svo miklu minni eptirlaun en hinar, sem hafa átt menn á betri brauðum, eða yfir höfuð að láta ekkjurnar gjalda þess, að menn þeirra hafa átt minni veraldargæðum að fagna. En eins og jeg hefi áður tekið fram, mun ef til vil ekki svo hægt að breyta þessu vegna gildandi laga þannig, að dregið væri nokkuð frá þeim, sem góð eptirlaun hafa til að jafna hin minni. Því eins og vant er, má enginn missa neins í af tekjum sínum við ný lög. Yfir höfuð sje jeg enga ástæðu til þess, að þessi d. breyti hinni fyrri skoðun sinni,

sem lýsir sjer í frv. því um eptirlaun prestsekkna, er sþ. var í þessari d. á dögunum og sent n. d. Mjer fyrir mitt leyti dettur að minnsta kosti ekki í hug, að sþ. þessa br. hinnar h. n. d.

Sighvatur Árnason: Hinn h. þm. Str. (Ásg. Ein.) skoraði á mig til reikningsskapar um þau útgjöld, sem þetta frv. hefði í för með sjer fyrir lsj., og jeg verð því víst að gjöra honum þennan reikningsskap, en hann verður að fyrirgefa þó sá reikningur verði án talna. Í stuttu máli: Mitt brjóst býður svo, að þegar sannfæring *mín* segir mjer, að ein stjett embættismanna eða nokkrir þeirra sje of illa launaðir ekki einasta í samanburði við aðra, heldur í raun og veru, þá eigi að hlynna að þessari stjett, eða þeim mönnum, og í því tilliti ekki horfa í nokkrar krónur, úr lsj. Að endingu skal jeg geta þess, að ef hinn h. þm. Str. (Ásg. Ein.) vildi koma með ust. um að færa niður hæstu brauðin, laga þau til og jafna þau, og leggja afdragið annaðhvort til til lsj. eða hinum lakari brauðum til uppbótar, þá mundi jeg ekki verða á móti þeirri ust.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 8 atkv. og verður sent lh. sem *lög frá alþingi*.

Frv. til l. um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur (C 179); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. í e. h., og verður sent lh. sem *lög frá alþingi*.

Frv. til l. um að afnema gjöld af fasteignarsölum til lsj. (C 193); 1. umr.

Magnús Stephensen: Jeg verð að vera frv. þessu mjög mótfallinn, þó það hafi verið sþ. í n. d. með talsverðum atkvæðamun og sent hingað til d. Til þess, að gjöra br. á lögum yfir höfuð og sjerstaklega skattalögum, þarf það að hafa komið í ljós, að br. sje nauðsynleg. Nauðsynleg er br. þá, er gjaldið eða skatturinn hefur vakið almenna óánægju; en óánægjan er fyrst vön að koma í ljós frá gjaldþegnunum sjálfum. En jeg veit ekki til, að nein óánægja hafi komið í ljós út af þessu gjaldi, enda get jeg ekki annað sjeð, en að gjald þetta sje í alla staði sanngjarnt og rjett. Þetta gjald á sjer líka stað í hverju landi, sem jeg þekki til, og eigi nóg með það, heldur er líka í flestum löndum tekið gjald fyrir stimplaðan pappír undir kaupbrjefin, þá er fasteignir eru seldar. Samkvæmt tilsk. 8. febr. 1810 er $^1/_2$ % gjald af andvirði fasteigna tekið af mönnum, er þær kaupa, og jeg veit ekki hvenær mönnum ætti að vera minna tilfinnanlegt að greiða slíkt gjald, en einmitt þegar menn kaupa jarðir, því það eru venjulega efnamenn, sem ráðast í það, og þá munar varla um svo lítið. Tilefni til þess, að mál þetta var borið upp í n. d., mun hafa verið það, að menn álitu, að lsj. munaði svo lítið um þetta gjald, enda er það nú í fjárlögunum eigi talið nema 600 kr. En sum ár getur þetta gjald orðið miklu hærra, og munað lsj. ekki svo lítið. Þannig er það í ár af einni fasteign, sem seld hefur verið, 2700 kr. Krísivíkurnámar hafa verið seldir á Englandi fyrir 30,000 Lst.; $^1/_2$ % af þessari upphæð nemur 2700 kr., sem þannig hafa runnið inn í lsj. frá Englandi. Þetta getur komið fyrir optar. Jeg sje því enga ástæðu til, að lsj. kasti frá sjer gjaldi, sem er jafnhægt að innheimta og kemur niður á svo rjettan stað sem þetta.

Benidikt Kristjánsson: Jeg stend upp af því jeg sje að enginn ætlar að verða til að mæla þessu frv. bót. Jeg álít að nema ætti úr lögum hvert það gjald, sem í sjálfu sjer er óeðlilegt og ekki byggt á neinni rjettlætisundirstöðu. Svo álít jeg þetta gjald og mörg önnur aukagjöld t. a. m. erfðafjárgjaldið o. fl. Jeg fæ eigi sjeð á hvaða rjettlætisgrundvelli þau eru byggð, eða hvernig löggjafinn getur haft rjett til að leggja gjald á það, að fá eitthvað að gjöf, erfðum eða með kaupum. Það er um þetta gjald eins og mörg smágjöld frá fyrri tímum, sem lögð hafa verið á menn til að kría út smáupphæðir til ríkissjóðs með ýmsu móti. Jeg skal gjarnan kannast við það, að ekki er fremur ástæða til að af nema þetta gjald en mörg önnur jafnóeðlileg gjöld. En eins og áður hefur verið tekið fram hjer í d. er ekkert á móti því að byrja fyrst á einhverju einstöku þeirra. Jeg held annars, að enginn geti fullhermt, hvað lítið kaupendur muni um að greiða þetta gjald af andvirði hinnar keyptu fasteignar. Jeg held hins vegar, að

mörgum kæmi þetta aukagjald ekki sem bezt, þó ekki sje nema $^1/_2$% af andvirðinu. Jeg skal og játa það, að engin beinlínis óánægja hefur komið í ljós út af þessu gjaldi, en óbeinlínis óánægja hefur þó sýnt sig. *(M. St.:* hvernig það?). Hún hefur komið í ljós í því, að margir skirrast við, að láta þinglýsa kaupunum, sem getur valdið rjettar-óvissu og haft mjög illar afleiðingar fyrir þriðja mann.

Magnús Stephensen: Jeg hef fyr heyrt það tekið fram sem sönnun fyrir því, að gjöld af fasteignasölum vekti óánægju, að kaupbrjefin væri opt ekki þinglesin. En má jeg spyrja hinn h. þm. Np. (B. Kr.), hvers vegna þeir, sem fá jarðir að erfðum eða við giptingu, ekki þinglýsa heimild sinni? Ekki hafa erfingjar frest með $^1/_2$% gjaldið, þangað til þeir láta þinglýsa heimild sinni, og menn vita þó, að það er almennt, að þeir láta ekki þinglýsa, þó þeir fái fasteignir að erfðum. Nei, það, að menn þinglýsa eigi opt og tíðum slíkum skjölum, er sumpart sprottið af því, að menn vilja losast við þinglestursgjaldið, og sumpart af trassaskap. En þar sem hinn h. þm. (B. Kr.) forsvaraði það, að af nema ýms gjöld til lsj., með því, að ekki ætti að vera að kría út af mönnum ýms smágjöld til lsj., eins og hann komst að orði, þá get jeg vel skilið, að hann helzt vilji upphefja alla skatta, og skyldi jeg ekki vera á móti því, ef hann um leið gæti bent mjer á, hvernig bæta ætti lsj. upp aptur það, sem hann missti; en jeg álít, að meðan nokkurt skattgjald er borgað til lsj., þá sje þetta eitt hið sanngjarnasta. Jeg veit heldur ekki betur, en að það sjeu beinlínis gjöldin, sem menn eru mest á móti, t. a. m. ábúðarskatturinn og lausafjárskatturinn, en alls ekki óbeinlínis gjöldin. Þess vegna eru menn líka ætíð að berjast fyrir því, að fækka beinlínis gjöldunum; en setja óbeinlínis gjöld í staðinn. Að öðru leyti get jeg ekki sjeð, að það sje ósanngjarnt, að lsj.—ekki stj., eins og hinn h. þm. Np. (B. Kr.) komst að orði—taki gjöld af fasteignasölum, því í raun rjettri má segja, að landið eða þjóðfjelagið eigi alla fasteign í landinu, en að eignarrjettur einstakra manna til jarða sje að eins rjettur, sem þeim er veittur að ljeni af hinum eiginlega eiganda eða ljensherra, og þá er sanngjarnt, að þjóðfjelagið sem ljensherra taki dálítið gjald til sín af fasteignunum, þegar þær skipta um eigendur. Hvað erfðafjárgjaldið snertir, þá skal jeg leyfa mjer að taka það fram, þó það komi eiginlega ekki málinu við, að jeg álít það á bezta grundvelli byggt. Í öllum löndum eru menn að hækka þetta gjald, og jeg skal bæta því við, að sumstaðar vilja menn jafnvel ekki viðurkenna erfðarjett manna til eptirlátinna eigna, en vilja að ríkissjóður taki eignir hinna dánu til sín.

Atkvgr.: Frv. fellt m. 6 atkv. móti 4.

Tuttugasti og annar fundur, fimmtudag 26. júlí. Allir á fundi.

Frv. til l. um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland (C 179); 2. umr.

Árni Thorsteinson: Jeg skal leyfa mjer í stuttu máli að gjöra grein fyrir bratkv. því, sem frá minni hendi er fram komið við frv. þetta (C203). Þegar jeg athuga 1. gr. þess frv., sem hjer liggur fyrir, þá inniheldur hún *tvær* ákvarðinar. Fyrri ákvörðunin er sú, að fiskiveiðar í landhelgi skulu að eins heimilaðar dönskum þegnum; hin er sú, að að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög skulu hafa rjett til að fiska á opnum bátum í landhelgi. Þetta virðist mjer í raun og veru ekki geta samrýmzt því, sem vjer mættum óska og hefðum rjett til að óska. Jafnvel stj. hefur ekki farið lengra en svo í frv. sínu, að heimila dönskum þegnum *einum* fiskiveiðar í landhelgi hjer við land, „eins og hingað til“, og sem þá í rauninni er engin nýmæli, ef eldri lög veita dönskum þegnum þessa heimild. Þess vegna er jeg á móti því, að þetta eða orðið hingað til skuli hafa fallið út úr 1. gr. við meðferð málsins í neðri deild, en jeg tel aptur á hinn bóginn að ákvörðunin um heimild danskra þegna að fiska í landhelgi vorri sje í þessum lögum alveg óþörf. Ef það sýndi sig, að allir danskir þegnar hafa rjett til að fiska í landhelgi, þá þyrfti ekki þessa ákvörðun í frv. Sjeu gildandi lög fyrir því, eins og stjórnarfrv. með orðinu „hingað til“ bendir á, þá yrðu þessi lög óþörf. En jeg er í vafa um,

hvort svo er. N. d. virðist líka hafa verið þeirrar skoðunar, úr því hún hefur innleitt þá ákvörðun, að að eins búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög hafi rjett til að fiska á opnum bátum í landhelgi. En þetta er ekkert nýtt, engin nýmæli, þar sem lög um þetta hafa verið í gildi hinar síðustu aldir. Tilsk. 13. júní 1787, 3. kapituli, virðist vera höfð hjer fyrir augum. Þar segir svo: Fiskifang á bátum má sem höfuðbjargræðisvegur drífast af öllum og sjerhverjum búsitjandi á Íslandi, embættismönnum ekki undanskildum, — verzlunarmenn eru nefndir í 2. kap. 3. gr. Í sömu tilsk. 2. kap. 6. gr. stendur, að hlunnindi sjeu „veitt innbúum landsins og þeim, er búsetja sig hjer, sem leggja mikið í fiskiveiðar". Mál þetta hefur þannig sögulegan uppruna. Það er frá þeim tímum þegar verzlunin var bundin við verzlunarfjelög frá Danmörku eða við einstaka eigendur hennar, sem verzluðu upp á eigin spítur, þar á meðal stjórnin sjálf að síðustu. Þurftu kaupmenn þá að verja sig á tvo vegu. Í fyrsta lagi móti því, að nokkurt útlent skip kæmi til fiskiveiða kring um landið, og í öðru lagi móti því, að landsmenn færi á innlendum skipum til fiskiveiða á þá staði, er þeir gæti komizt í lag við útlenda fiskimenn til verzlunar. Í hvert skipti sem einstakir menn vildu halda skipum úti til fiskiveiða, urðu menn að fá til þess sjerstakt leyfi. 1686 var Heidemann veitt slíkt leyfi í 3 ár. Seint á 18. öld voru þeir fleiri, sem urðu að sækja um slíkt leyfi til stj., t. a. m. Thodal og Ólafur Stephensen, er keyptu skip saman og mættu miklum andróðri. Vjer skulum nú líta lítið eitt til baka í tímanum og sjá ástandið þá. Í tilsk. 1. apríl 1776, 2. gr. stendur svo: „Fiskirlið í sjón-„um og við sjávarströndina allt í kringum „landið er þeim, sem verzla þar og inn-„byggjurunum alleina ætlað, svo er og „öllum öðrum, hvort heldur þeir eru fram-„andi, eða þeir af vorum undirsátum, sem „hafa leyfi, bannað að brúka doggerí eða „fiskirí kringum sjávarströndina á land-„inu, og þar verka þeirra fiskiafla". Jeg ímynda mjer nú, að þó mál þetta sje sögulega grundvallað, þá sje ekki gengið of hart að, þó niðurlagið nemist burtu, þar sem það er nú í enda greinarinnar, og sje hafið upp í fyrsta sess eða byrjun greinarinnar. Það kann nú að vera að mönnum þyki hæpið að færa einungis sögulegar ástæður fyrir þessu máli. Vjer skulum þá og skoða nýrri löggjöf, þar á meðal stöðulögin af 2. jan. 1871. Í 1. gr. segir: „Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með *sjerstökum landsr*jettindum". Jeg ímynda mjer nú, að rjettindi vor til að nota sjóinn nái svo langt sem landhelgi nær, eða að svæði það, sem liggur fyrir innan landhelgi sje sjerstaklega ætlað Íslendingum, en ekki öðrum. Því eins og landið sjálft er ætlað Íslendingum einum til afnota, eins hlýtur líka svæðið fyrir innan landhelgi að vera ætlað þeim einum. Eptir 3. gr. stöðulaganna eru hin sjerstaklegu málefni Íslands: landbúnaðurinn, fiskiveiðarnar og verzlunin. Löggjöf Íslendinga er því ætlað að kveða á um framkvæmdir fiskiveiðanna eins og annara atvinnuvega. Þó einhver kynni að segja annað í þessu máli, þá stendur það þó óhaggað, að fyrst sjávaraflinn er sá atvinnuvegur, sem sjerstaklega heyrir Íslandi til og undir löggefandi vald vort, þá hlýtur rjettur vor til að sækja hann að ná ótakmarkað yfir þetta svæði. Svona er nú mál þetta lagað, og sje jeg því enga ástæðu til, að fara nákvæmar út í að ákveða nú með þessum lögum, að fiskiveiðar í landhelgi skuli heimilar dönskum þegnum, því þá er farið lengra fram en stj. gjörir í sínu frv., sem segir: „Fiskiveiðar í landhelgi skulu að eins vera heimilar dönskum þegnum", og þá er og lengra farið út í málið en þarf af vorri hálfu, er mjer að minnsta kosti virðist það liggja næst að Íslendingar hafi einir rjett til fiskiveiða innan landhelgi sinnar, en sem Íslendinga tel jeg þá alla sem hjer í landi eru búsettir. Það getur verið, að þessi ákv. frv. geti staðist, ef samþegnar vorir í Danmörku koma þangað, sem fiskiveiðar eru lítið stundaðar af Íslendingum sjálfum. En við öllu má ráð gjöra; við skulum setja, að komi um 100 skip dönsk, sem ekki eiga heima á Íslandi, inn á Faxaflóa um vertíðina, þegar vel aflast, og veiðin er stunduð með fullu fjöri af Hafnfirðingum, Seltjerningum og Akurnesingum o. s. frv. Skipin skyldu menn hugsa sjer að lægju við stjóra, sum í Keflavík, sum í Njarðvík Vogum, Hafnarfirði, Krossavík o. s. fr. og fiskuðu þaðan með netum og fiskilóðum. Jeg

held það yrði gjörsamlega til þess, að taka brauðið frá landsmönnum. Mjer liggur við að segja, að sjerhvers lands löggjöf mundi þvergirða fyrir, að aðrir en þeir, sem búsettir eru á staðnum, reki atvinnuveginn óbundið, en mundi sjá um að borgarar landsins geti á einn veg haft markaðan frjálsan aðgang til að geta rekið atvinnuveginn, en svo takmarkaðan og reglubundinn á hinn veginn, að eigi verði öðrum til skaða, og að atvinnuvegurinn sjálfur verði sem mestur. Þykist jeg svo hafa rjettlætt það, sem jeg fer fram á, að að eins búsettum mönnum á Íslandi og innlendum hlutafjelögum verði heimilt að fiska með opnum bátum í landhelgi. Jeg hef leyft mjer að stinga upp á einni smábreytingu, nefnil. að setja „með“ opnum bátum í stað „á“ opnum bátum. Hef jeg gjört þessa br. vegna þess, að „á“ bendir til aflans, sem dreginn er á bátunum sjálfum, en „með“ bendir til sjerhvers báts, sem hafður er sem verkfæri við veiðarnar. Önnur ust. er miklu verulegri og meira áríðandi, þar sem jeg í stað orðsins „fiskiveiðar“ í 1. gr. að eins vil setja „síldarveiðar“. Spursmálið er, hvort leyfa eigi útlendingum að fiska hjer við land. Jeg efast um, hvort það er yfir höfuð rjett. Jeg efast að minnsta kosti um, hvort það sje rjett, að gefa útlendingum rjett til að stunda hjer t. a. m. þorskveiðar og laxveiði, sem við höfum eins mikla þekkingu á að stunda eins og þeir. Jeg fyrir mitt leyti verð að vera á móti því, að þetta sje rjett. Við höfum ekkert gagn af því. Alla aðferð við þessa veiði kunnum við, ef til vill, betur en þeir. Útlendingar hafa veiðarfæri, sem ekki eru eins hentug eins og vor eigin og jafnvel skaðleg. Jeg nefndi laxveiðina. Útlendingar ættu þá að hafa leyfi til að veiða laxinn á hvern helzt hátt, er þeir vildu, því engar ákvarðanir eru til, er takmarka veiðiaðferðina. Þeir geta þá viðhaft þá aðferð, sem veitir þeim á svipstundu mikinn afla, en sem aptur miðar til að gjöreyða laxveiðinni um lengri tíma, og þetta yrði nú þakklætið. Í Noregi eru lög, sem banna að leggja nót, sem byrgir lax inni, svo sem Kilenot, Husnot o. s. frv. fyrir lax nema fáeina daga í viku; jeg þekki marga laxveiðastaði hjer, sem hægt væri að gjöreyða með sumri veiði aðferð, og það áður en farið væri að hreyfa því, að girða fyrir það með lögum. Jeg vil hreinskilnislega játa, að jeg fyrir mitt leyti vil helzt ekki gefa neinni útlendri þjóð leyfi til nokkurrar veiði í landhelgi hjer við land; þó ætla jeg ekki að vera á móti þessu leyfi nú, hvað síldarveiðarnar snertir, og er það neyðarúrræði. Væru allir sem jeg, þá vildi jeg helzt ganga lengra og banna útlendingum alla veiði í landhelgi við Ísland, nema ef vera skyldi um einhvern tiltekinn tíma og hann stuttan á meðan vjer erum að afla oss kunnáttu, reynzlu og fanga til síldarveiðanna. En, sem sagt, jeg vil ekki ganga lengra nú, en jeg hefi gjört. Við 3. gr. hef jeg leyft mjer að gjöra þá br., sem færir sektirnar niður um helming. Hef jeg gjört það til að koma meiri samræmi á milli þessara laga og annara eldri fiskiveiðalaga, svo sem tilsk. 12. febr. 1872, sem ákveður, að ef útlendir menn við hafi nokkra fiskiveiði fyrir ströndum landsins, innan landhelgi, skuli þeir sektaðir: 10 — 200 rd. En þó skal jeg geta þess, að jeg legg enga áherzlu á þessa br. Jeg vona svo að hin h. d. fallist á bratkv. mín, og að niðurlag 1. gr. verði fært upp sem byrjun 1. gr.; en upphaf 1. gr. frv. fellt burt. Skal jeg svo ekki að svo komnu fara fleirum orðum um þetta bratkv. nje um málið yfir höfuð.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get ekki sjeð, að bratkv. komist að við þessa umræðu; jeg er eigi á móti því í sjálfu sjer að efninu til, en forminu hef jeg á móti. Jeg get ekki betur sjeð, en að h. ustm. ætlist til að tvær málsgreinir falli burtu, en til þess er engin ráðstöfun gjörð. Mjer finnst því betur eiga við, að atkvgr. væri sleppt í þetta skipti og bratkv. komi svo í reglulegu formi við 3. umr. Það getur verið, að það sje á góðum rökum byggt, að br. fari lengra en frv., en í vafa er jeg þó um, hvort tiltækilegt sje að fara svo langt. Viðvíkjandi br. við 3. gr., þá sje jeg ekki ástæðu til að lækka sektirnar, enda lagði heldur ekki ustm. áherzlu á þá br.

Stefán Eiríksson: Jeg stend upp af því að jeg og tveir aðrir þm. eigum dálítið bratkv. við frv. (C 201); það er orðabreyting sem eigi gjörir mikið til en er þó viðkunnanlegra. En ef nú bratkv. h. varaforseta (Á. Th.) verður samþykkt,

kemur þessi orðabreyting, sem vjer stingum upp á, eigi til greina nema á síðari staðnum. Eptir því sem h. varaforseta fórust orð, þá miðar bratkv. hans óneitanlega í þá átt að hlynna að rjetti þeim, sem vjer höfum haft til fiskiveiða gagnvart útlendingum í landhelgi. Að því leyti er snertir br. undir 1. tl. við 1. gr., þá get jeg eigi neitað því, að jeg kann betur við „á opnum bátum", því að „á opnum bátum" er almennt sagt, en þetta getur nú að líkindum eigi misskilizt. Á því, að niðurlagið er sett í stað hyrjunar 1. gr., sjest, að fyrri hluti 1. gr. á að falla burtu, svo jeg get ekki skilið, að það geti valdið nokkrum misskilningi, en verið getur að það sje ekki formlegt eða skýrt í breytingaratkvæðinu, jeg skal ekkert um það segja. Verið getur og, að betra sje, að „síldarveiðar" komi í staðinn fyrir „fiskiveiðar", þó var síldin talin undir fisktegundum þegar þýdd voru spítalalögin sælu. Jeg fellst á að orðið „þessar" falli burtu, en jeg er í vafa um, hvort rjett muni að færa sektirnar niður, og er helzt á móti því, að af því að jeg er hræddur um, að útlendingar horfi *lítið í* að brjóta lögin, ef mikill ávinningur af veiði er í aðra hönd, ef sektirnar eru lágar.

Sighvatur Árnason: Jeg er yfir höfuð meðmæltur bratkv. h. varaforseta, en vil einungis vekja athygli á einu viðvíkjandi frv. og bratkv., að þar sem tekið er fram „á opnum bátum", þá er eins og meint sje að þilskipum sje eigi leyft að veiða í landhelgi, þó innlend sjeu, og kynni jeg betur við að hjer væri eigi tekið fram, að veiðin væri bundin við opin skip. Jeg að vísu veit að hjer er ekki átt við nema bátaveiði og innlend þilskip hafa eptir sem áður sinn rjett til að fiska í landhelgi samkv. landslögunum. Að öðru leyti skal jeg ekki fara lengra út í þetta mál. En viðvíkjandi sektunum skal jeg þó geta þess, að þegar um arðmikla veiði er að ræða, þá er ekki víst, að útlendingar horfi í litlar sektir á móts við þann mikla ágóða, sem þeir hafa af veiðinni, og mun jeg því greiða atkv. móti því að sektirnar verði færðar niður.

Árni Thorsteinson: Það er alveg á valdi h. forseta og h. d. hvort gengið er til atkv. um bratkv. mín nú eða eigi fyr en síðar. En mjer virðist, að hjer geti enginn misskilningur átt sjer stað. Þar sem bratkv. við 1. gr. tl. 1. byrjar með því sem 1. gr. frv. endar á, þá liggur í augum uppi að fyrir hlutinn á að falla burtu aptur að orðunum „ef meir en helmingur o. s. frv.", sem með berum orðum er tekið fram í bratkv. að eigi að standa óbreytt. Enda getur engum dulizt, að ef 1. tl. bratkv. við 1. gr. er samþykktur, þá er ekkert pláss fyrir byrjun 1. gr. frv. Sjerhver atkvgr. hefur margar atleiðingar í för með sjer, sem opt og það einnig hjer er oflangt að telja upp, en sjálfsagt er að jeg í þessu efni hef gengið út frá því sem vissu, að þm. hefðu sömu skyldu sem aðrir menn til að brúka skynsemina til rjettrar yfirvegunar. Þegar h. þm. gjöra það, get jeg ekki skilið að eigi flóknara mál en þetta yfirstígi skilning þeirra.

Jón Pjetursson. Jeg get vel fallizt á bratkv. h. varaforseta við 1. gr. og verði það samþykkt, þá fellur bratkv. vor þriggja burtu á fyrri staðnum, en á síðari staðnum finnst mjer að það þurfi að vera. Vil jeg því leyfa mjer að biðja h. forseti um að láta ganga til atkv. um það, þegar búið er að greiða atkv. um bratkv. h. varaforseta við 1. gr. Værum vjer Íslendingar „danskir þegnar", þá værum vjer annaðhvort þegnar Dana eða Danir, en vjer erum hvorugt; aptur á móti erum vjer þegnar Danakonnngs.

Atkvgr.: Bratkv. varaforseta (Á. Th.; C 203) við 1. gr. 1. tl. sþ. í e. h., 2. tl. sþ. m. 8 atkv., 3. tl. þar með sþ. *Bratkv.* Jóns Pjeturssonar, St. Eiríkssonar og Sigurðar Melsteð (C201) sþ. m. 10 atkv. Bratkv. varaforseta v. 3. gr. fellt í e. h. Fyrsta gr. þannig löguð sþ. í e. h., 2. gr. sþ. í e. h., 3. gr. sþ. í e. h.

Frv. vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um friðun hvala (C 193); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. með 6 atkv. gegn 4; 2. gr. sþ. m. 6 atkv.; 3. gr. felld m. 6 : 5; 4. gr. sþ. m. 6 atkv.; 5. gr. sþ. m. 6 atkv.; 6. gr. var felld með 5 atkv. gegn 5, var þá beðið um nafnakall.

já sögðu	*nei* sögðu:
Ásgeir Einarsson	Magnús Stephensen

Benid. Kristjánsson Sigurður Melsteð
Einar Ásmundsson Árni Thorsteinson
Jón Pjetursson Bergur Thorberg
Sighvatur Árnason Stefán Eiríksson,
Skúli Þorvarðarson

og var 6. gr. þannig sþ. m. 6:5.

Málinu vísað til 3. umr. m. 6 atkv.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 (frá neðri d. C 38); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vís. til 2. umr. í e. h.

Ust. forseta að um tillögu til þgsál. um *ávarp til konungs* skyldi hafa 2 umr., kjósa 3 manna nefnd í hinni fyrri og gjöra út um ávarpið í hinni síðari, var samþ.

Tuttugasti og þriðji fundur, föstudag 27. júlímán. Allir á fundi.

Frv. til laga, er breyta tilsk. 5. sept. 1794 (C 204); ein umr.

Jón Pjetursson: Nefnd sú er kosin var í þessari deild til að íhuga málið, hefur nú skoðað málið eptir að það er komið frá n. d. og fellst nefndin alveg á það form, sem n. d. hefur sþ. frv. í.

Frv. sþ. í e. h., og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til lh. sem *lög frá alþ.*

Frv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (C 11); framhald 1. umr.

Árni Thorsteinson (*frsm.*): Eptir að nefndin hefur svo vandlega sem kostur var á íhugað þetta mál, liggur nú hjer fyrir h. þd. nefndarálitið (C 205). Á því má sjá, að nefndinni hefur ei þótt ráðlegt að fallast á 1.—5. og 8.—12. kap. frv., en leggur aptur á móti til, að samþykktir verði 6. og 7. kap. með ýmsum br. og sjerstakri fyrirsögn. En af því að þetta er 1. umr. málsins og ei hægt að tala greinilega um starf nefndarinnar, eða færa sönnur á mál hennar, nema farið sje út í hinar einstöku greinir, þá skal jeg eigi fara fleirum orðum um málið að sinni, en leyfi mjer að eins að skírskota til nefndarálitsins og mæli fram með því, að h. þd. láti málið ganga til 2. umr.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla mjer nú eigi að tala langt mál í þetta sinn, enda er stuttur tími síðan oss þingdeildarmönnum barst nefndarálitið í hendur, en af því að jeg er á nokkuð öðru máli en h. n. þá stóð jeg upp, til þess að láta mína skoðun í ljósi. Þessi nefnd hefur verið skipuð beztu og vitrustu mönnum deildarinnar, en hún hefur eigi farið svo yfir frv. sem jeg bjóst við, heldur farið yfir það, sem maður segir á skemmsta vaðinu, hún hefur að eins tekið fyrir 6. og 7. kap. sem hún vill láta verða að lögum, hina kapítulanna alla vill hún fella. Málið hefur áður verið rætt á 2 þingum, 1879 og 1881, en þrátt fyrir það er ekkert útlit fyrir að það verði fullrætt á þessu þingi, og málið verður að líkindum þjóðinni dýrt um það lýkur. Jeg get eigi annað en látið í ljósi, að mjer hefði þótt betra að nefndin hefði tekið meira fyrir af frv. en hún hefur gjört. Jeg skal taka t. d. 5. kap.; þær ákvarðanir sem þar eru eiga víða vel við og víða er mikil þörf á að hafa fastar ákvarðanir að halda sjer til viðvíkjandi landsrjettindum. Það mun verða þýðingarlaust, þó jeg komi með bratkv. um það að bæta 5. kap. við, en jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því að málinu sje aptur vísað til nefndarinnar til þess að hún taki fyrir 5. kap. líka, því sjálfsagt er það, að hún hefur nógan tíma, ef hún einungis hefur nógan vilja *(Magnús Stephensen:* Vjer erum búnir að taka fyrir 5. kap.). Já að vísu, en einungis til að fella hann.

Árni Thorsteinson: Jeg verð að lýsa það alveg ranga ætlun, sem þm. Ask. (St. E.) kom fram með, að nefndin hafi ei tekið fyrir allt frv., og við 2. umr. mun sjást, hvort n. hafi farið yfir það á „skemmsta vaði". Jeg get fullvissað h. þd. um, að n. hefur rækilega farið yfir allt frv.

Benedikt Kristjánsson: Jeg kann nefndinni mínar beztu þakkir fyrir starf hennar, þar sem hún hefur tekið þann hlutann fyrir, sem mest var þörf á að fá lög um, en varast að takast meira í fang en hún og þingið gat valdið að þessu sinni. Frv. í heild sinni er svo mikið og vandasamt verk, að jeg efast um, að hægt hefði verið að búast við af nefndinni og

þinginu, að allt það starf yrði vel og heppilega af hendi leyst á svo stuttum tíma, sem til þess getur orðið varið. Aðalatriðið er ekki að takast mikið í fang, heldur að gjöra vel það sem gjört er.

Sighvatur Árnason: Jeg skal svara því fáeinum orðum, sem h. þm. Ask. (St. E.) sagði. Það sjer hver maður, sem vill setja sig inn í málið, að það er eigi auðvelt að gjöra jafnmikið vandamál og umfangsmikið allt úr garði í eitt skipti, þó það hafi verið á 2 þingum áður. þarf það sannarlega enn þá mikilla umbóta við. Það mun verða affarasælla fyrir land og lýð að verja enn nokkrum krónum til þessa máls, heldur en að flaustra því af. Það munu flestir verða á sama máli um það, að betra er að kaupa dýrt góðan hlut en þann hlut, sem illa er af hendi leystur þó ódýrari sje. Jeg vitna það með h. frsm., að nefndin hefur rækilega yfirfarið og yfirvegað allt frv. og einmitt af því hún hefur gjört það, sá hún sjer eigi fært tímans vegna, að taka fyrir allt það, sem henni þótti þurfa umbóta við. Jeg fyrir mitt leyti hefði óskað, ef kostur hefði verið á, að einum eða tveimur kapítulum hefði verið bætt við, helzt 5. og 8. kap., en við nákvæmari yfirvegun sá jeg, að það yrði til að fyrirfara öllu málinu í þetta sinn, að taka of mikið fyrir, þar sem tíminn er svo naumur; jeg álít miklu betra að taka málið fyrir í köflum og vanda hvern kafla sem mest má verða. Hafa þeir sem finna að þessu, sett sjer fyrir sjónir, hvað af því gæti leitt, ef þessu máli væri hraðað af í flaustri? Hafa þeir gætt þess, hvaða rjettaróvissu það getur haft í för með sjer þegar ofan í kjölinn er skoðað, að af nema gömul lög í flokkum eins og n. d. hefur farið að í þessu máli, á meðan mönnum hlýtur að vera í augum uppi að það er á margan hátt ónógt, sem á að koma í staðinn. Það vantar mikið á, að frv. bæti ýmsa kafla í Jónsbókinni, og jeg fyrir mitt leyti er viss um að þetta frv. er ófullkomnara viðvíkjandi reka, heldur en rekabálkur í Jónsbókinni, sem er þó út af fyrir sig mjög nauðsynlegt að hafa greinileg og ítarleg lög um, og sama má segja um fleira sem til baka er. Það er mín og nefndarinnar skoðun, að þessi kafli sje sá, sem mest er þörf á að fá umbætur á, og til þess að ræða hann vel og ýtarlega veitir eigi af tímanum sem eptir er. Ef farið er að eins h. þm. Ask. (St. E.) stakk upp á, að bæta kap. við, þá verður það einungis til þess, að ekki verður neitt úr neinu, og menn fá því ekki framgengt, sem helzt er óskað eptir.

Stefán Eiríksson: Jeg var alls eigi að álasa nefndinni fyrir það, að hún hefði ei tekið fyrir allt frv., heldur fyrir það, að hafa ei tekið áríðandi kafla eins og t. d. 5. kap.; sá kaflinn er fullt eins áríðandi og kaflinn um ábúð og byggingu jarða, og jeg veit eigi betur en vjer höfum fyrirmæli um það í Jónsbók. Jeg álasaði nefndinni ekki um, að hún hefði ei leyst starfa sinn vel af hendi í þeim atriðum er hún hafði tekið málið fyrir til breytinga, en jeg veit ekki hvort hún hefði leyst hann ver af hendi, þó hún hefði tekið dálítið meira fyrir af frv. Það var fundið að hegningarlögunum, þá þau voru til umr. á þinginu, að þingið hefði flaustrað þeim af, en þau eru þó komin sem lög, og eptir þeim er dæmt, og nú veit jeg ekki til, að nokkur maður sje óánægður með þau, hvorki alþýða eða dómendur.

Ásgeir Einarsson: Það sannast á nefndarálitinu, að „sínum augum lítur hver á silfrið“, það hefur fengið bæði hrós og álas. Jeg er nú á máli h. þm. Ask. að erfitt sje að ræða einstaka kafla, sem teknir eru út úr frv. Það er auðvitað að það voru vitringar að speki, sem sátu í landbúnaðarnefndinni 1879, þar sem þeir strax hafa sjeð hið eina rjetta, því nefndin núna heldur enn dauðahaldi í nefndarálitið frá 1879, þó stj. vildi ekki samþykkja það. Það er eins og vitringarnir hafi ekkert nýtt sjeð síðan 1879, heldur einblína þeir á nefndarálitið 1879, eins og einhvert furðuverk vísdóms og speki. „Hver veit bezt hvar skórinn kreppir, sem hann hefur á fætinum“. Þm. Ask. sjer mest eptir 5. kap., og það er einmitt hann sem við þurfum mest með, en jeg get ekki betur sjeð en að hægra og betra hefði verið af nefndinni að taka fyrir allt frv. Jeg vil nú helzt óska að þetta nefndarálit komizt sem fyrst ofan í n. d. og ætla jeg eigi að þessu sinni að taka til máls í þessu máli framar.

Málinu vís. til 2. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um sjerstakt kirkjuþing (C 159); frh. 1. umr.

Benidikt Kristjánsson (frsm): Eins og h. d. getur sjeð af nefndarálitinu (C 219), hefur nefndin klofizt í tvennt; minni hlutinn getur ei álitið brýna nauðsyn bera til gagngjörðra br. á skipulagi því, sem nú er á yfirstjórn kirkjunnar og fjemálum hennar, en meiri hlutinn hefur gjört talsverða br. á frv. að forminu til, en aðalatriðið er hið sama. Nefndin hefur nefnilega búið til nýtt frv. í stað hins upphaflega; en áður en jeg fer lengra út í þetta mál, skal jeg skjóta því til hins h. forseta, hvort ræða megi nú þegar þetta nýja frv., þar sem á dagskránni stendur „framhald 1. umræðu um frv. til laga um sjerstakt kirkjuþing". Jeg skal til upplýsingar geta þess, að jeg sem flutningsmaður tek það frv. aptur.

Forseti skaut því til þd., hvort nú þegar skyldi gengið til 1. umr. um hið nýja frv. og var það sþ. í e. h.

Frv. til l. um skipun nefndar til að ræða kirkjumál, (C 219); 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra fáeinar aths. við hið nýja frv. Það er að hinu ytra formi töluverð br. frá hinu upprunalega frv., en aðalstefnan er þó hin sama. Br. liggur í því, að nefndin hugði, að sama augnamiði sem hið upphaflega frv. hafði, mætti ná með færri mönnum og minna fje en til var tekið í hinu upprunalega frv.; þess vegna höfum vjer stungið upp á 7 manna nefnd í stað kirkjuþings og mun nefnd sú eigi kosta lsj. nema einn þriðjung af því, sem kirkjuþing mundi kosta hann. Jeg vonast til að allir viðurkenni að rjett sje að spara, þegar það er hægt, án þess að sjeð verði, að málið sjálft hljóti nokkurn verulegan skaða við það. Útgjöld lsj. vaxa ár frá ári, vegna þess að þarfirnar verða æ meiri og meiri til þess að verja fje úr lsj., en að hinu leytinu má sjálfsagt búast við, að tekjur lsj. verði minni um stund en verið hefur undanfarin ár. Þetta vona jeg að allir sjái að sje full ástæða til að vera sem sparsamastur með fje lsj. Af því nú að þetta frv. fer í sömu stefnu sem hið upprunalega frv. ætla jeg að umræðurnar við 1. umr. þess eigi hjer heima við frv. það sem liggur fyrir h. d. í dag og þess vegna álít jeg ekki þörf á að taka aptur fram ástæður þær, sem jeg kom með við 1. umr. frv. um kirkjuþingið. Jeg skal að eins geta þess, að við umræðu málsins um kosningu presta fjellu orð sem mjer þóttu spá góðu fyrir þetta mál; orðin voru þau, að „bezt væri að þetta mál (kosning presta) biði þess að gagngjörð breyting yrði gjörð á yfirstjórn kirkjunnar og fjármálum hennar". Jeg ímynda mjer nú að ýmsir kunni að spyrja: Hvers vegna á þessi kirkjumálsnefnd að vera skipuð öðruvísi en aðrar nefndir, sem settar hafa verið milli þinga til þess að íhuga mikilsverð mál? Þó þessi spurning ei hafi verið borin upp fyrir mjer enn, skal jeg þó nú þegar svara henni. Allar nefndir þær, er settar hafa verið milli þinga, hafa, að einni undantekinni, sem fór með mál, er stóð nokkuð nálægt þessu máli — en var þó í rauninni heldur þjóðlegs en kirkjulegs efnis — þær hafa allar, segi jeg, verið skipaðar til að ræða og íhuga mál er einungis snerta borgaralegt fjelag og menn vissu, að fulltrúar hins borgaralega fjelags áttu síðar að fjalla um þau mál. Jeg endurtek það: alþingi er fulltrúi hins borgaralega fjelags, en hjer er um kirkjulegt safnaðarmál að ræða. Jeg get með engu móti álitið, að alþingi, eptir kosningum þeim sem við eru hafðar til alþingis og eptir köllun þeirri, sem alþingi hefur eptir eðli sínu, geti haft nokkra sjerlega köllun til þess, að ræða kirkjuleg mál. Jeg hygg, að engir kjósendur hafi haft það vakandi fyrir sjer, er þeir voru að kjósa alþingismenn, að þeir kysu fulltrúa til þess að ræða kirkjuleg málefni. Í þjóðkirkjunni situr hið veraldlega í fyrirrúmi, að því er mjer virðist; kirkjan er stofnun í þjóðfjelaginu, sem er látin sæta sömu meðferð í málum sínum sem þjóðfjelagið, nema hvað minna er um hana hirt. Til þess að söfnuðurinn geti látið í ljósi vilja sinn og atkvæði í þessu máli, er eigi hægt að koma því öðruvísi við, en með því að þeir kjósi mennina í nefndina. Af því að þetta er 1. umr. og engar mótbárur eru enn komnar fram gegn þessu nýja frv., skal jeg eigi fjölyrða meir um málið að þessu sinni.

Ásgeir Einarsson: Jeg stend upp í þetta sinn, af því jeg sje að enginn annar ætlar að taka til máls. H. h. frsm. (B. K.) sagði, að þetta frv. gengi í sömu stefnu og hitt um kirkjuþingið. Það mun

eiga að vera svo, en jeg get ekki betur sjeð, en að nefndinni hafi tekizt að draga svo úr því, að ekkert sje eptir nema svo að segja frækornið. Jeg skal leyfa mjer að gjöra eina athugasemd við orð hans. Hann sagði að alþingi hefði ekki köllun til að ræða kirkjumál. Mjer er nú kann ske ekki eins ljóst og hinum háæruverðuga frsm. hvað kirkjumál er, en það verð jeg að segja, að jeg hef allt til þessa álitið, að annað eins mál og kosning presta væri kirkjumál, en hinn háæruverðugi frsm. hefur sjálfur verið uppástungumaður þess máls hjer í deildinni, og þá líklega ekki álitið að það lægi alveg fyrir utan köllun þingsins að fjalla um það mál. Annars held jeg, að það sje nokkuð snemmt, sem þetta nýja frv. fram á, að gjöra ust. um fjemál kirkjunnar. Jeg veit ekki betur en það sje orðið daglegt brauð hjer á einu þinginu eptir annað, að tala fram og aptur um viðbætur og uppbætur á prestaköllum; og það er eins og aldrei ætli að verða þrot og endir á því, að þingmennirnir hver í kapp við annan sjeu að kría út úr lsj. uppbætur á einu brauðinu eptir annað í kjördæmum sínum. Mjer fyrir mitt leyti getur nú ekki sýnzt þetta vottur þess, að söfnuðirnir sjeu færir um að annast sjálfir fjemál kirkjunnar. Jeg get heldur ekki sjeð, að það sje víst, að þessari tilvonandi kirkjumálanefnd muni takast mikið betur sitt starf en brauðanefndinni, sem skipuð var hjer í Reykjavík fyrir nokkrum árum og vjer vitum allir að mikill tími hefur gengið til þess á hverju þingi að káka við verk hennar og gjöra á því breytingar og endurbætur, sem helzt lítur út fyrir að aldrei ætli að taka enda og daglega þurfi að grauta í og endurskoða. Jeg get aldrei látið mjer skiljast það, að kirkjumálin komi ei þinginu við, meðan kirkjan er þjóðkirkja og fær hvern eyri úr lsj. En hvað sem öllu þessu líður, þá get jeg ekki sjeð að hægt sje að finna betra banaverkfæri á frv. um kosningu presta, en þetta frv. til l. um skipun n. til að ræða kirkjumál, sem einmitt flm. frv. um kosningu presta er frsm. í (B. Kr.). Allri þjóðinni er svo mjög annt um að prestakosningamálið fái fram að ganga hjá stj., en hún, sem beitir öllum vopnum, jafnt fáguðum sem ryðguðum, til að neita um staðfestingu þess, mun í þessu máli, kirkjunefndarmálinu, fá hið öflugasta vopn í hendur móti prestakosningunni. Þetta ætti frsm. (B. Kr.) að geta látið sjer skiljast, einmitt af ástæðunum í ráðgjafabrjefinu góða. Mjer gjörir illt að hann getur ekki skilið það, því jeg veit hann vill ekki verða því að bana. Fyrir utan þetta vil jeg nú líta á þetta mál frá sjónarmiði þjóðarinnar sjálfrar. Er hún fær um að takast þetta mál á hendur? Frsm. (B. Kr.) ætlar eflaust að svo sje, þar sem hann vill flýta þessu svo mjög og láta n. koma saman næsta sumar, og þá sjálfsagt tillögur hennar í frumvarpsformi fyrir næsta þing. Hinn h. frsm. ætlar sjer mikla framkvæmd á stuttum tíma. Jeg er hræddur um hann ætli þjóðinni of mikið. Hann horfir víst of fast á söfnuðina kringum sig, því það er almennt talað, að Þingeyingar sjeu einna bezt að sjer allra landsmanna. En jeg vil líta eins á hina veiku sem hina sterku, eins á hina minnst menntuðu sem hina bezt menntuðu. Þegar kenna á barni að ganga, dugir ekki að fara hart með það í fyrstu eða sleppa því strax og skipa því að ganga jafnvel lítinn spotta einn, því fæturnir eru of veikir til þess. Barnið dettur og í stað þess að auka barninu liðleik og þrótt, veikja menn og skaða fætur þess. Sem sagt, stj. hefur nú sem stendur miklu minni ástæðu til að synja frv. um kosningu presta staðfestingar, því nú hefur n. d. sþ. það með talsverðum atkvæðamun, 15 á móti 3, að því er mjer hefur verið sagt. Þannig hefur stj. nú ekki framar vopn í hinum sáralitla atkvæðamun, sem var á síðasta þingi við atkvæðagreiðsluna. Stj. hetur þá misst þá ástæðuna, sem jeg jafnan hefi talið einna sterkasta. Þess vegna sárnar mjer, að hinn h. frsm. (B. Kr.), sem annars vill málinu svo vel, skuli vilja fá henni annað vopn í hendur, jafnbeitt ef ekki beittara því, er hún hefur misst. Vilji hins h. frsm. er sterkur og áhugi hans brennandi á öllum framfaramálum þjóðarinnar, og þykir mjer illt að jeg get ekki að svo stöddu fylgt honum í þessu máli hans. Þykir mjer þetta því ver farið sem okkur sjaldan ber mikið á milli. — Í því trausti, að hinn h. frsm. fylgi nú ekki lengur fram þessu máli nú á þinginu, lýk jeg máli mínu um þetta mál.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að

gjöra þá hreinskilnislegu játningu fyrir hinni h. þd., að jeg gat ekki fylgt sem bezt ræðu hins h. þm. Str. (Ásg. Ein.) eða skilið hvað það var, sem hann eiginlega var að tala um. Þó held jeg, að jeg hafi að miklu leyti skilið aðalmótbáru hans gegn þessu frv. Það leyndi sjer ekki, að honum, eins og áður, var mjög annt um prestakosningamálið, og að hann hefur tekið við það svo miklu ástfóstri, að hann er á glóðum, af því hann heldur að þetta mál muni spilla fyrir staðfesting þess. Meining þm. er hin bezta. Jeg skal þakklátlega viðurkenna það og virða hann fyrir það, enda sje það fjarri mjer að lá honum, þó hann sje hræddur um, að eitt eða annað geti fram komið, er staðið geti þessu máli hans í vegi, þegar til stj. kemur. En hins vegar fæ jeg eigi sjeð, að þetta mál, sem nú er um að ræða, geti á nokkurn hátt orðið prestakosningarmáli hans að tjóni. Þær ástæður voru tilfærðar helztar móti prestakosningamálinu af hálfu stj., að það færi fram á svo mikilvægar br. á kirkjuskipunarmálinu, að ekki væri í mál takandi að kgr staðfesti það, þar sem líka með því væri slitinn einn liður út úr heildinni, aðalmálinu. Að jeg geti ekki fallizt á þessar ástæður, hefi jeg þegar áður tekið fram, en þær sýna engan veginn að þetta frv. geti orðið málinu um kosningu presta til fyrirstöðu eða hnekkis. Hinn h. þm. (Ásg. Ein.) ber það fram móti þessu máli, að það sje of snemma borið upp og af ákvæðum 1. gr. frv. ræður hann, að verkefni nefndarinnar verið afar-mikið, svo það muni eiga að gjöra öll ósköp á stuttum tíma. Jeg skal leyfa mjer að benda hinum h. þm. á, að hann mun ekki hafa gætt að því lögmáli, sem jafnan er ríkjandi í mannlegu fjelagi, að allar stórfelldar br. eiga alstaðar og í hverju sem er mjög erfitt uppdráttar og fyrst eptir langan tíma verður þessu framgengt. Þetta mál, sem hjer ræðir um, hljóta víst allir að játa að heyri undir þessi mál, og því sje sjálfsagt að byrja að hreyfa því sem allra fyrst. Móti þessu virtist mjer hinn h. þm. færa það eitt, að söfnuðirnir væru eigi enn orðnir færir um að hugsa um þetta mál eða væru ekki enn orðnir svo upplýstir, að þeim væri treystandi til að hafa neina skynsama meiningu um það. Hann var svo góðgjarn, að benda til safnaðanna í kring um mig sem til þeirra, er hefðu almennt orð á sjer fyrir menntun, og varaði mig við að skoða aðra söfnuði sem söfnuðina í Þingeyjars. En jeg vil leyfa mjer, að benda þm. á mismun þess að vera menntaður og að vera kristinn, að lifa fyrir þjóðfjelagið og kristindóminn. Hinn menntaðasti maður getur verið án allrar trúar og fyrir utan allan kristindóm. Hann getur lifað fyrir menntir sínar og borgaralegt fjelag, en eigi fyrir söfnuðinn eða fyrir frelsi sálar sinnar í kristilegum skilningi. Jeg skal benda hinum h. þm. á, að það er mín skoðun, byggð á nokkurri reynslu, að kristilegt líf getur lifað og verið fjörugt eins hjá hinum fáfróða í veraldlegum efnum, sem hinum, er menntaðastir kallast. En, sem sagt, jeg játa það fúslega, að hinn h. þm. hefur komið með mótbárur sínar í hinni beztu meiningu. Þessi góða meining hans lýsir sjer strax í því, að hann vill fyrirbyggja að þetta mál komi í bága við mál það, sem rætt hefur verið og útkljáð hjer í d. um kosningu presta. En það er misskilningur hjá þm., að eigi sje tími til kominn að hreyfa þessu máli. Því það er þó vissulega kominn tími til þess, svo framarlega sem það er farið að koma í ljós, að endurskoðun og endurbót á kirkjuskipunarfyrirkomulaginu sje nauðsynleg. En að hinn h. þm. álítur að svo sje, er þegar orðið augljóst, því annars mundi hann eigi hafi gjörzt svo góður, talsmaður prestakosningarmálsins. Það er líka auðvitað, að undir eins og málið er komið á dagskrá þ., undir eins er það líka komið á dagskrá safnaða landsins. En þá fyrst fara söfnuðirnir fyrir alvöru að hugsa um þetta mál, þegar þ. og stj. hefur gjört þessar ráðstafanir til að kjósa menn til að íhuga endurbætur á kirkjumálum vorum. Það, sem hinum h. þm. finnst torskilið í þessu máli, mun sprottið af því, að hann hefur ekki gjört sjer ljósan gang þess. En það er auðvitað og auðskilið, að þó þessi lög komizt á, þá er hin nýja kirkjuskipun allt fyrir það engan veginn leidd í lög. Fjármál kirkjunnar og öll stjórn safnaðarmála er eigi fyrir það strax komin í hendur safnaðanna sjálfra.

Sigurður Melsteð: Jeg skal ekki fara neitt út í hina kirkjulegu hlið þessa

máls, en að eins vekja athygli manna að hinni ytri hlið þess eða hvað þetta mál hefur í för með sjer í peningalegu tilliti. Jeg er hræddur um þegar til lsj. kemur, þá muni ávextirnir af gjörðum þessarar fyrirhuguðu nefndar eigi samsvara þeim fjárkostnaði fyrir lsj., sem nefndarsetningin hefur í för með sjer. Þessi n. fengi víst mikið verkefni, þó frv. nefni eigi hin einstöku atriði, er hún á að taka til íhugunar, heldur tilgreini það að eins í almennum orðum. Frv. segir, að n. eigi að ræða og gjöra ust. um aðra skipun á yfirstjórn þjóðkirkjunnar og fjemálum hennar. Þetta eru vissulega kjarnmikil orð, og getur ekki hjá því farið að ætlunarverk n. verði mikið. Þess vegna mun n. eigi fá lokið störfum sínum á stuttum tíma. Jeg get ímyndað mjer að eigi veitti af hálfu ári, eða að minnsta kosti 3 mánuðum til þessa starfa, ef nokkuð verulegt á að verða af hendi leyst. En þó nú n. tækist að leysa þetta verk, að hennar áliti, vel af hendi, þá yrði hún þó að senda tillögur sínar til lsj. Nú er ekki sagt, að stj. lítist að semja neitt frv. út úr till. n. til að senda þ. til meðferðar,— en undir þingið yrði að bera málið, því það heyrir því til að semja lög um þetta efni sem annað, er snertir land vort. Hverjir verða þá ávextirnir af þessari n.? Engir aðrir en ærinn kostnaður fyrir lsj. Fyrir hjer um bil 15 árum síðan var í Danmörku skipuð kgl. n. til að íhuga kirkjumál Dana. N. þessi var skipuð hinum beztu mönnum þjóðarinnar, 2 biskupum og öðrum beztu sonum landsins. Hún vann verk sitt með alúð og vandaði það sem sem bezt. Tillögur þessarar n. voru síðan sendar stj., en hún lagði þær á hylluna til eilífrar hvíldar. Ef sama yrði nú niðurstaðan með till. þessarar n., sem hjer ræðir um, þá væri illa farið. Því þó kostnaðurinn við þessa n. yrði miklu minni, en við heilt kirkjuþing, þá yrði kostnaðurinn þó, ef n. starfaði í hálft ár, um 7500 kr. í fæðispeninga handa nefndarmönnum, fyrir utan allan ferðakostnað, og þó n. væri ekki saman nema 3 mánuði, yrði kostnaðurinn um 3700 kr. auk ferðakostnaðar. Þetta eru talsverðir peningar fyrir lsj., sem ekki er byrgari en vor er. Það væri ekki gott að missa þetta fje, ef ekkert kæmi út af því landinu til góðs.

Benedikt Kristjánsson: Jeg skal taka það fram, að áður en menn hugsa um kostnaðinn við þessa n., þá virðist eiga að hugsa um hvort ætlunarverk hennar sje nauðsynlegt. Ef það er nauðsynlegt, þá álít jeg ekki rjett að horfa í nokkurn kostnað eða áhorfsmál að leggja fje til. Hinn h. 6. kgk. þm. (S. M.) tók dæmi af kirkjunefnd, sem skipuð hefði verið í Danmörku, og setti þetta dæmi þd. til viðvörunar. Hann gat þess, að n. þessi hefði verið skipuð hinum beztu sonum landsins, og er jeg ekki sá, er geti borið á móti því. En jeg vildi spyrja: Hver kvaddi þessa menn í n.? Var það rödd frá söfnuðunum í Danmörku eða var hún sett að konungsboði? Jeg gjöri ráð fyrir, að hinn h. þm. (S. M.) hafi lesið gjörðir þessar n., því þær hafa borizt hingað til landsins, og eru all-almennt kunnar. En treystir hann sjer þá til að fullyrða, að sökin hafi legið hjá stj., en eigi nefndarmönnum sjálfum, að ekkert varð úr endurbótum á kirkjumálum Dana, fyrir tillögur nefndarinnar. Jeg fyrir mitt leyti skal leiða hjá mjer, að bera stj. einni á brýn hirðuleysi og afskiptaleysi hennar í þessu máli.—Aðalatriðið hjer er það, hvort nauðsyn eða þörf sje á, að ræða og íhuga ástand kirkjumálanna undir alþ. Jeg held það sje ekki of sagt, að annaðhvort gjöra menn of lítið úr rjetti og þýðingu safnaðanna í landinu eða menn álíta ástand kirkjumálanna á góðum vegi, ef ekki er tilvinnandi vegna nokkurs fjárkostnaðar að setja þessa n. Það hafa áður verið skipaðar slíkar n. milli þinga til að ræða um einstök horgaraleg mál, og þá eigi verið horft í kostnað til þeirra, því skyldu menn þá eigi vilja kosta upp á nefnd til að ræða og íhuga þetta aðalmál, kirkjumálefni landsins í heild sinni. N. á að ræða um fyrirkomulag á yfirstjórn kirkjunnar, og íhuga hvort ekki sje ástæða til að aðgreina fjárhag kirkjunnar frá lsj. Þar sem um svona almennt mál er að ræða, get jeg ekki sjeð, að verkefni n. sje svo mikið og margbreytt, að hún þurfi missiri eða lengri tíma til að starfa að því. Jeg held einn mánuður verði full-langur tími til þess, ekki sízt ef kosningin í n. tekst vel og heppilega. Það þarf ekki að búast við, að kosnir sjeu þeir menn, sem eru alveg óviðbúnir málinu. Þótt nú svo kynni að fara, að einhverjar ytri misfellur yrðu á gjörðum

n., þá gæti það aldrei orðinu málinu svo skaðlegt; því n. er ekki ætlað að gjöra neinar endilegar ályktanir í málinu.

Sighvatur Árnason: Það hafa nú tveir h. þm. (Á. E. og S. Melsteð) talað á móti þessu máli. Hinn h. 6. kgk. þm. (S. Melst.) var því mótmæltur helzt vegna þess kostnaðar, sem það hefði í för með sjer. Þetta er frá mínu sjónarmiði alls ekki nægileg mótbára. Því kirkjuskipunarmálið er sannarlega þess vert að það sje tekið til íhugunar, og, ef það reynist í ólagi, þá ætti ekki að horfa í einar 3000—4000 kr. til að ræða till. til að koma því í lag og umbæta það. Jeg ímynda mjer líka, að ef hinn h. 6. kgk. þm. (S. Melst.) hefði tækifæri til þess fyrir öðrum önnum að yfirvega ástand kirkjunnar, þá mundi hann komast að þeirri niðurstöðu, að það væri gjörandi að leggja út í að yfirvega ástand hennar og fyrirkomulag kirkjumálefnanna. Fyrsta spursmálið í þessu máli er, eins og hinn h. framsm. (B. Kr.) rjettilega tók fram, hvort nauðsynlegt sje að yfirvega kirkjumálefni vor, eða ekki. Þeim, sem ekki þykir nein nauðsyn til þessa, þykir allur kostnaður í því tilliti óþarfur, en vjer hinir, sem álítum nauðsyn bera til þessa, og vonum, að gjörðir n. verði frækorn til betri kirkjuskipunarlaga, horfum ekki í nokkur þúsund króna kostnað í þessu skyni. Jeg álít þetta frv. bendi á hinn kostnaðarminnsta veg til að koma þessu mikilsvarðanda máli áleiðis enda ætti þessi n. að geta gjört líkt gagn og kirkjuþingið sem frumv. stingur upp á, ef heppilega verður í hana kosið. Því ekki er eins mikið komið undir fjöldanum í n. eins og hinu, að heppilega sje valið í hana Það verður aldrei ofsagt að kirkjumálefnin þurfa umbóta við. Jeg vil spyrja: getur nokkur kirkja þrifizt sönnum þrifum einungis með kaldri skrifstofustjórn? Getur nokkur kirkja þrifizt sínum sönnu þrifum með því að stjórn hennar horfi með berum augum á hirðuleysi, ólög og ósæmilegt framferði í kirkjunni, og með því að verða að bíða eptir lagalegum kærum til þess að fá slíku burtu kippt, sem þó ekki er æfinlega hægt að fá lagasönnun fyrir. Getur kirkjan þrifizt með þessu fyrirkomulagi? Jeg ímynda mjer að stjórn hennar eigi að vera öðruvísi háttað. Þeir, sem virða fyrir sjer ástand kirkjunnar, hljóta að sjá, að stjórn hennar er í mörgu ábótavant. Þm. Str. (Á. Ein.) þykir þjóðin eigi því vaxin að upplýsingunni til, að gefa sig við þessu máli, en vill bíða eptir framförum hennar og menning. Þessi mótbára þm. kemur mjer fjarskalega undarlega fyrir sjónir, þar sem hann sjálfur fyrir fast að 40 árum var eindreginn á því að þjóðin taki verulegann þátt í stjórn sinna borgaralegu mála. En í dag þykir honum söfnuðirnir eigi færir um að hreyfa kirkjumálefnum sínum eða eiga nokkurn þátt í stjórn þeirra. Ef svo er ástatt á landi voru, er hætt við að slíkt eigi rót sína í ástandi kirkjunnar, sem svo hefur dregið niður kirkjulegan áhuga og dug manna. Jeg mótmæli því algjörlega fyrir mig og mitt kjördæmi, að oss sje ekki treystandi til að eiga meiri þátt í stjórn kirkjulegra málefna en hingað til; og frá pólitisku sjónarmiði verð jeg að álíta þessa skoðun þingm. í öfugu horfi.

Ásgeir Einarsson: Hinn h. frsm. (B. Kr.) sagði, að það hefði verið helzta ástæða ráðgjafabrjefsins góða, sem einhvern tíma hefur verið minnzt á fyr hjer í d. bæði af mjer og öðrum, að prestakosningamálið væri slitið út úr heildinni, aðalkirkjumálinu. En allt bendir að því sama, sem jeg sagði áðan, að ef bíða hefði átt þar til kirkjuþingið kæmist á, og jeg hefði þá vitað að þetta mál yrði sþ., þá hefði jeg sjálfsagt tekið frv. mitt um kosningu presta aptur. En með þessu máli, sem jeg veit að verður opinber tálmun fyrir prestakosningamálinu, get jeg ekki fengið af mjer að greiða atkv. mitt. Þar sem hinn h. frsm. (B. Kr.) komst út í mismuninn á menntun og kristindómi, skal jeg leiða hjá mjer að tala móti þeim samanburði. Hann talaði um, að þetta frv. miðaði til að koma lífi í söfnuðina, eða þjóðina; en jeg vil, að lífið kvikni í þjóðinni sjálfri frá henni, en ekki utan að, hvorki frá stj. nje annarstaðar að. Prestakosningamálið, sem jeg hefi barizt, berst og mun berjast fyrir meðan jeg má, er mál, sem þjóðin sjálf hefur vakið. Það er þó helzt tíminn, sem okkur ber á milli, hinum h. frsm. (B. Kr.) og mjer. Jeg játa það, að það er margt í kirkjumálum vorum, sem þarf að laga, en jeg álít ekki tíma til kominn að taka allt málið fyrir í heild sinni, heldur vil jeg taka það smátt

og smátt fyrir. Það hefur sannazt, að ekki er svo hollt að taka stórmálin fyrir í einni heild. Vjer munum allir eptir brauðaskipunarmálinu. Það var lengi og ýtarlega rætt hjer á þinginu, og loks sþ. af þinginu og útgefið sem lög frá stj., en enn í dag er óánægjan hin sama um brauðaskipunina sem áður. Eilífar br. og eilífar ákvarðanir koma fram um, hve óheppileg þau lög sjeu, og aldrei kemst neitt lag á það mál fyrri en allir þeir prestar eru dauðir, sem þá voru í embættum, er lögin komu út. Jeg er sannfærður um, að engin nefnd kemur þessu máli á stuttum tíma í viðunanlegt horf. N. á að koma saman næsta ár, og þá eiga allar skýrslur og skjöl víðsvegar af landinu, sem þurfa til að undirbúa málið, að vera komnar hingað suður til Rvíkur. Þá segi jeg, að eitthvað verði að ganga greiðara en hingað til með útvegun og sending opinberra skjala. Það er alls ekki svo, að jeg álíti ekki nauðsynlegt að íhuga kirkjumálefni vor; jeg hefi opt áður haft tækifæri til að benda á þessa nauðsyn, en jeg vil vara menn við að rasa fyrir ráð fram í þessu sem öðru. Um kostnaðinn ætla jeg ekkert að tala; hann blæðir mjer ekki í augum. En að hrapa að málinu, það er það, sem jeg vil fyrst og síðast vara menn við. Þar á móti vil jeg ráða hinni h. þd. til að fara ekki lengra að sinni, en sjá fyrst, hvernig þessum eina lið málsins, prestakosningamálinu, reiðir af.

Stefán Eiríksson: Hinn h. þm. Str. (Á. E.) hefur, að minni ætlun, misskilið málið. Hann var allt af að tala um, að málið kæmi frá stj., en það kemur ein mitt frá þjóðinni sjálfri og fer á eptir til stjórnarinnar, og verður svo af henni lagt fyrir alþ., ef henni svo sýnist. Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá er nógur tími að tala um hann seinna, ef eitthvað verður úr þessu frv. með n. samsetningu.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. m. 6 atkv.

Tuttugasti og fjórði fundur, laugardag 28. júlí. Allir á fundi.

Frv. til l. um breyting á 7. gr. í lögum 14. des. 1877 um tekjuskatt (C 180); 3. umræða.

Jón Pjetursson (flm.): Jeg álít enga þörf að fara neinum orðum um mál þetta nú, þar eð það hefur fengið svo góðan byr bæði við 1. og 2. umræðu, enda er málið sanngjarnt í sjálfu sjer.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 7 atkv. og sent til n. d.

Frv. til l. um friðun hvala (C 233); 3. umr.

Einar Ásmundsson (flm.): Jeg mun hafa getið þess við 1. umr. þessa máls, að það væri tilgangur þess, að hlynna að síldarveiðunum, sem lítur út fyrir að muni verða einhver arðsamasta veiði hjer við land; jeg mun og hafa getið þess, að mál þetta væri borið hjer upp eptir ósk bæði íslenzkra og norskra síldarveiðamanna við Eyjafjörð. Það er ekki vegna hvalanna sjálfra, að menn vilja að hvalir sjeu friðaðir; en fullkomin reynsla þykir þegar fengin fyrir því, að síld gangi því að eins svo langt upp að landi, að hún verði veidd í nót, að hvalir gangi inn á firðina til að reka hana nógu grunnt, svo nótum verði kastað fyrir hana. Í fyrra var, að sögn, ekki svo lítið af síld á Eyjafirði, en lítið veiddist þó af henni, af því hún gekk ekki nógu grunnt; kom það aptur af því, sögðu menn, að eigi voru hvalir á firðinum, vegna þess svo mikill fjöldi þeirra drapst veturinn á undan. Aptur var árið í hitt eð fyrra bezta síldarár, og þá voru líka hvalir á firðinum. Það vill svo vel til, að hjer er nú staddur einn af merkustu bændum úr Eyjafirði, sem býr þar hjá, er síldarveiðin var allra mest í hitt eð fyrra, og hefur hann sagt mjer, að þá hafi síldin öll flúið undan þeim mörgu hvölum, er á firðinum voru, upp undir landsteina svo grunnt, að hún varð hæglega veidd. En svo bar til, að maður einn þar í grenndinni skaut á einn hvalinn, og vann hann; við það firrtust hinir og fóru burt, og brá þá svo við, að nokkra daga á eptir varð alveg síldarlaust, þar sem gjörlegt var að veiða hana í nótum. Þetta dæmi er vissulega merkilegt og fróðlegt að geta þess hjer, því jeg get búizt við, að margir þdm. sjeu þessu efni ekki nógu kunnugir. Þess utan má geta þess, að öll skot á hvað sem er, eru mjög fælandi fyrir síldina, og jeg veit ekki betur, en að í Noregi sjeu öll skot bönnuð, þar sem síld er veidd. Norðmenn við Eyja-

fjörð sögðu líka, að ef einhver hefði skotið hval í Noregi, þegar líkt hefði staðið á og jeg gat um áðan, þá hefði sá hinn sami orðið fyrir mjög þungri sekt eptir þeim lögum, sem þar gilda. Jeg hef því þá von. að hin h. d. fallizt á frv., sem jeg er sannfærður um að horfir til hagsbóta fyrir landið. Við 2. umr. felldi d. eina gr. úr frv., og held jeg að það hafi einmitt orðið því til bóta, þar sem hvalurinn er betur friðaður eptir en áður. Skyldi það koma fyrir, að hvalur yrði inni í síldarnót, og eigi sæist ráð til að drepa hann þar—því það verður sjálfsagt að gjöra. ef öll veiðin á ekki að tapast—með lagvopnum eða skutlum, þá verða hlutaðeigendur sjálfir að sjá, hvort þeir vilja baka sjer einhverjar sektir með því að skjóta hann eða láta það ógjört eptir atvikum. Því held jeg að gr. megi missa sig úr frv. Aptur kynni það að vera lakara að banna að skjóta hvali í ísvökum. En það ber víst sjaldan við að hvalir hittist í ísvökum fyrir suður- og austurlandi, en á norðurlandi er þetta ekki svo sjaldgæft í marz, apríl og jafnvel í maí og júní. Það kann nú að vera, að það gjöri heldur ekki mikið, þó einnig sje bannað að skjóta þá þar, því, ef til vill, er ekki svo erfitt að skutla hvali í ísvökum eða vinna þá með öðrum lagvopnum. Skal jeg svo að eins leyfa mjer að mæla með því, að frv., eins og það nú er orðið, verði sþ. af hinni h. þd.

Stefán Eiríksson: Jeg stend upp einungis til þess, að gjöra grein fyrir, hvers vegna jeg greiddi atkv. á móti þessu frv. við 2. umr. Það var í fyrsta lagi af því, að vjer eigum hjer opt við hungursneyð að stríða, og verðum því að nota hvað eina, sem til manneldis gefst. Nú hefur hvalur opt komið í góðar þarfir á slíkum neyðarárum, og því álít jeg gott, að af honum væri skotið sem mest, með því líka, að það er ósannað, að hvalir hjálpi til að auka síldarveiðina yfir höfuð, en það eru líka allfáir, sem hafa gott af henni, en hvalurinn getur þá aptur orðið til mikils gagns í öðru tilliti. Í öðru lagi var jeg á móti frv. af því, að jeg áleit og álít þessi lög þýðingarlaus. Þau geta í mesta lagi haft þýðingu innan landhelgi, en fyrir utan landhelgi er friðunin þýðingarlaus, því þar geta innlendir og útlendir skotið hvali á hverjum tíma árs sem þeir vilja, þrátt fyrir það. þó þetta frv. verði að lögum, sem jeg vona að ekki verði. Í þriðja lagi er það á móti þessari friðun, að hvalurinn er versti vargur til að jeta síld. Jeg hefi margra ára reynslu fyrir mjer í þessu tilliti. Síðan jeg fluttist að Árnanesi um 1840 hefur opt komið hvalur inn um Hornafjarðarós og strandað þar á eyrunum í firðinum og verið síðan drepinn. Þegar hvalir þessir hafa verið skornir upp, hefur maginn verið fullur af síld, en ekki af öðrum fiski, þó hann sje þar opt nógur fyrir ströndum fram. Þar sem það er nú víst, að hvalir jeta töluvert af síld, þá held jeg ekki sje skaði, þó þeir verði skotnir. Jeg get því ekki sjeð, að frv. sje í neinu til hagsbóta fyrir Íslendinga, eins og hinn h. flm. (E. Á.) komst að orði, og get jeg því ekki nú fremur en áður gefið því atkv. mitt.

Einar Ásmundsson (flm.): Jeg gjöri ráð fyrir, að jeg geti ekki hæglega sannfært hinn h. þm. Ask. (St. Eir.) fremur nú en hingað til. Jeg skal ekki neita því, sem hann sagði fyrst, að hagur geti verið að hvalveiði, en sá hagur verður of dýrkeyptur, ef hvalaveiði gjörir margfaldan skaða á annari arðsamri veiði, síldarveiðinni. Þm. sagði í öðru lagi, að lög þessi yrði þýðingarlítil eða þýðingarlaus, af því þau gæti ekki friðað hvalinn nema í landhelgi. Hvaða fiskiveiðalög ná yfir svæðið fyrir utan landhelgi? Vjer sitjum ekki hjer á þingi til að gefa lög fyrir það, sem er fyrir utan vora eign. En eins og vjer eigum að hugsa um landið sjálft, eins eigum vjer og að hugsa um þetta sjáfarbelti, sem nefnt er landhelgi, en er þó nokkuð á huldu og óákveðið hvað langt nær út frá landi. Mig minnir landhelgi sje í eldri lögum talin að ná 4 danskar mílur út frá landi. Aptur hefi jeg heyrt aðra segja að hún næði eigi nærri svo langt. Aðrar þjóðir kannast eigi við að hún nái lengra en fallbyssa dregur, en þetta er mjög óákveðin vegalengd, því fallbyssur draga mislangt. og nú á tímum miklu lengra en áður, því allt af er verið að bæta þær. Jafnvel innan margra fjarða yrði ekki talin fullkomin landhelgi eptir þeirri reglu. Seinasta og mesta ástæða þm. Ask. (St. E.) móti frv. var sú, að hvalirnir æti síld; en þeir eru nú ekki nýteknir upp á því. Það hafa þeir gjört

frá alda öðli, og þó ekki tekizt að jeta síldina upp. En einmitt af því, að hvalirnir jeta síldina, er hún hrædd við þá, og flýr undan þeim til lands. Ef hvalurinn æti ekki síldina, hefði jeg heldur ekki kært mig um að friða hann vegna síldarveiðarinnar.

Hinn h. þm. virðist vera orðinn nokkurn veginn á sama máli og jeg í þessu efni, þar sem hann hefur sýnt fram á, að síldin hlyti að hræðast hvalinn og fara undan honum, en það er einmitt það sem vjer viljum nota hvalinn til: að reka hana að landi. Jeg vona því að þm. verði nú með að sþ. frv., svo það geti orðið afgreitt til n. d.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 6 atkv., og kvað forseti það mundu verða afgreitt til n. d.

Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland (C 232); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Við 2. umr. þessa máls hreifði jeg því, að jeg hefði athugasemdir að gjöra við frv.; datt mjer þá í hug að koma fram með bratkv. við þessa 3. umr. En af því að jeg hef ei getað komið því við, annara anna vegna, að gjöra þessi bratkv., þá eru þau enn eigi fram komin. Samt skal jeg leyfa mjer með fáum orðum að skýra h. þd. frá hverjar þessar athugasemdir eru, sem jeg hef haft í hug að gjöra við frv. Í fyrsta lagi er það, að í 1. gr. er talað um veiði á „opnum bátum"; jeg get vel ímyndað mjer, að menn í fljótu bragði hugsi að veiðin sje ekki leyfð öðrum en „opnum skipum" eða sjerstaklega þeim, þó í landhelgi sje, en jeg ímynda mjer að það sje tilgangurinn með frv. þessu, að taka fram að einungis „búsettir menn á Íslandi og innlend hlutafjelög" hefðu heimild til að fiska í landhelgi á opnum bátum frá þilskipum, en þetta hefði þurft að taka greinilega og ljóslega fram í frv. Í öðru lagi hefði jeg einnig kosið, að betur hefði verið tekið fram hvað meint er með orðunum „hjer á landi eru heimilisfastir" í enda 1. gr. Þetta hefði jeg viljað, að öðruvísi hefði verið orðað og ekki svona lauslega fram sett. Það getur þó t. d. ekki verið meiningin, að sá maður sje heimilisfastur hjer, sem einungis býr hjer skamma stund, svo sem einn mánuð, eða því um líkt. En af því þetta er á seinasta stigi málsins, skal jeg ekki fjölyrða um þetta, er ætla mjer að greiða atkv. með frv.

Frv. sþ. í e. h. og gat forseti þess, að frv. yrði afhent forseta n. d.

Frv. til laga um br. á 1. gr. 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 (C 38); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta (C 219); 1. umr.

Sighvatur Árnason (flm.): Á almennum fundi í Rangárvallasýslu í júnímánuði kom til umræðu málið um kosningu presta, sem nýlega hefur verið rætt hjer í deildinni; menn töluðu um hver afdrif það fjekk hjá rg., og sýndust mönnum ástæður rg. fyrir að synja því staðfestingar helzt til ljettvægar, og að slík synjun væri nokkuð nærgöngul. Þar var líka talað um að fitja upp annað mál, og er það þetta mál, sem nú liggur fyrir h. d. Var talað um á fundinum að búa það svo úr garði, að það gæti gengið sína götu án þess að koma í bága við málið um kosningu presta, gæti staðið sem lög samhliða prestakosningunum og gæti staðið sem lög, þó frv. um kosningar presta fengi enn eigi framgang. Jeg og við báðir þm. Rvl. höfum nú leitazt við að búa þetta frv. út í þessa stefnu, að það komi ei í nokkurn bága við frv. um kosningu presta. Það er mitt álit og kjósenda minna, að þetta frv. okkar geti komið að góðu gagni. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvernig gengur, þó mönnum finnist ástæða til að ákæra presta sína, enda er líka vitaskuld að ekki tjáir að ákæra presta sína, nema þeir hafi gjört eitthvað svo vítavert í embættisfærslu, að það varði lög. Það er eðlilegt, að þeir, sem þiggja þjónustu prestanna, hafi atkvæði til að hrinda þeim af sjer, ef þeir álíta þá ónóga eða óreglusama. Það getur verið margt í fari prestsins, þótt það sæti eigi lagahegningu, sem er ósæmilegt, sem er svo lagað, að hann stendur eigi svo í stöðu sinni sem vera ber. Jeg er viss um að Íslendingar eru eigi svo gefnir fyrir klaganir og kærur, að þeir mundu misbrúka frv. þetta, þó það yrði að lög-

um. Eptir þessu frv. hafa líka prestarnir rjett til að fá annað brauð, eptir að einn söfnuður hefur hrundið þeim burtu, og vona jeg að menn sjái, hve frjálslegt frv. er í þessu efni. En verði einhverjum presti hrundið burtu á öðrum stað, þá mun naumast tiltækilegt að hafa hann framar fyrir prest, því þá má telja, að fullreynt sje. Að endingu skal jeg geta þess, að yrði þetta frv. að lögum, hlyti það að verða mesta hvöt fyrir prestana, að vanda sem bezt stöðu sína og framferði sitt, og vona jeg til að lyktum, að h. þd. vísi þessu frv. til 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg var að vísu málinu mótfallinn, þegar 1. þm. Rvl. kom fram með ust. í þessa átt við umr. um prestakosningarnar. En öðru máli er að skipta þegar málið er borið fram sem sjerstakt frv., og jeg álít að það geti staðið í nánu sambandi við prestakosningarnar. Aðalástæðan fyrir því, að söfnuðirnir fengju sjálfir að kjósa presta sína var sú, að með því móti fengju söfnuðirnir eigi óhæfa presta, þ. e. a. s. presta, sem þeir eigi vildu. Því að það sem gjörir presta óhæfa í einum söfnuði þarf eigi ætlið að vera svo vaxið, að lög nái þar til, og þeir verði dæmdir frá embætti eða afsettir af konungi. Þannig er jeg ekki á móti þessu máli í aðalefninu, en jeg get ímyndað mjer, að æskilegt væri, að ýmsum ákvörðunum í því væri breytt nokkuð. Málið er þýðingarmikið, og ef til vill enn eigi komið í sem bezt form í frv. þessu, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á að málinu sje vísað til 2. umr. og því næst kosin í það 3 manna nefnd, til þess ýtarlega að íhuga málið. Jeg veit reyndar að nefndir eru opt kosnar við 1. umr. og 1. umr. svo frestað. En jeg get ekki sjeð neitt á móti því, að nefnd sje sett við lok 1. umr.; það yrði til þess að flýta fyrir málinu, en nú fer að líða á seinni hluta þingtimans og málin fjölga óðum.

Sighvatur Árnason: Jeg er alls eigi á móti því, að n. sje skipuð í málið, því „fátt er of vandlega hugað". Og úr því h. þm. Nþ. er málinu meðmæltur, þá skal jeg gjöra honum það til geðs, að greiða atkv. með því, að n. sje sett í málið og einnig með því að 1. umr. sje eigi frestað fyrir þá sök, heldur sje n. kosin við lok fyrstu umræðu.

Apt. 1883 A.

Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Þriggja manna nefnd sþ. með 6 atkv.

Fyrir kosningu urðu: Sighvatur Árnason m. 9 atkv., Benidikt Kristjánsson m. 6, Skúli Þorvarðarson m. 5.

Tuttugasti og fimmti fundur, mánudag 30. júlímánaðar. Allir á fundi.

Frv. til laga um landsbanka á Íslandi (C 166); frh. 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Eins og h. deild getur sjeð á nefndarálitinu (C 225) hefur n. litlar br. gjört á frv. Frv. er í aðalatriðinu óbreytt og br. n. ekki verulegar. Jeg skal að eins leyfa mjer að drepa stuttlega á málið í heild sinni. Á alþingi 1881 voru tvö mál til umræðu í þessa stefnu, um landsbanka og lánsfjelagsstofnun. Og má svo að orði kveða, sem þingið þá skiptist í tvo flokka; annar var með bankanum en hinn með lánsfjelagsstofnuninni. Jeg tek þetta fram til þess, að sýna að sú viðurkenning var ríkjandi meðal þm., að full nauðsyn væri á því, að eitthvað yrði gjört til þess að efla og auka peningaveltuna í landinu, svo meira fje fengist til starfa og framkvæmda, en nú er kostur á. Þótt nú n. sú, er h. d. skipaði í þetta mál, hafi klofizt, er þó bæði meiri og minni hluti n. á sama máli og þingið 1881 í því, að full þörf sje á, að þingið reyni að bæta úr þessum vankvæðum landsins. Í þetta skipti hefur nú ekkert frv. komið fram um lánsstofnun og get jeg því eigi betur sjeð, en að þingið verði að fallast á frv. um banka, ef það á annað borð ætlar sjer að gjöra nokkuð í þetta sinn til þess að bæta úr peningaeklunni og skortinum á peningaveltu. Það kynni að verða ágreiningur um það, hvort betra sje landsbanki eða banki, sem einstakir menn stofnuðu. En jeg held, að sú skoðun sje almenn, að ekki sje hugsandi til, að einstakir menn hjer á landi stofni banka með hlutabrjefum, heldur verði enginn annar vegur til að stofna banka en sá, að stofna landsbanka af viðlagasjóðnum. Það er líka alkunnugt að viðlagasjóðurinn hefur nægilegt fje til þess; 1881 voru um 700,000 kr. fyrirliggjandi og síðan mun

nokkuð hafa sparazt í viðbót; því á landsreikningunum má sjá, að tekjurnar hafa orðið meiri en útgjöldin, eða með öðrum afgangur orðið af fje landsins, sem svo hefur lagzt til viðlagasjóðsins. Nú skal jeg í stuttu máli leyfa mjer að taka fram það gagn, sem banki getur gjört og setja það í samband við ætlunarverk bankans sem seðlabanka, útlánsbánka og lántöku- eða geymslubanka. Að bankinn gefi út seðla er mikilsvert og þýðingarmikið bæði til þess að geta gefið meira fje út, og þess vegna þarf ekki að taka mjög háa vexti, og til þess að koma meiri peningum í veltu en ella. Eptir frv. má bankinn gefa út seðla, er nema jafnmiklu sem stofnfje hans; en að hinu leytinu skal bankinn jafnan hafa svo mikið fje fyrirliggjandi í slegnum gullpeningum og silfurpeningum, er svarar $^2/_5$ af verði seðla þeirra, sem eru í veltu manna á milli, til að leysa þá til sín, þá er eigendur seðlanna óska. Eptir þessu verður rentan af stofnfje bankans, þegar allir seðlar eru gefnir út, í hlutfalli við rentuna af stofnfjenu einu eins og $1^3/_5$:1. Nú er gjört ráð fyrir að stofnfje bankans sje 500,000 kr. og verða þá seðlarnir einnig 500,000 kr., og ef nú vextirnirnir eru 4%, þá hefur bankinn 12000 kr. í rentu fram yfir vextina af stofnfje sínu einu. Bankinn þarf líka þessa með, til þess að geta lagt fje út til launa o. s. frv. Ef nú bankinn brúkar nokkuð af þessu til húss, þá er fjenu ei eytt, því húsið stendur sem fjemæt eign. Einn kost skal jeg enn nefna, fyrir utan aukna vexti og peningaveltu, sem fylgir seðlunum, og hann er sá, að ef gull eða silfur-peningar týnast í sjó eða glatast á annan hátt, þá er það fje tapað bæði fyrir þann sem átti og landið, en aptur á móti ef seðlapeningar farast á þann hátt, þá eru þeir reyndar tapaðir þeim, er átti, en landinu eru þeir ekki tapaðir, því bankinn hefur í raun og veru grætt þá. Þegar nú litið er á bankann sem útlánsstofnun, þá mun enginn geta neitað því, að hann styður framkvæmdarsemi og eykur starfsemi, sem getur orðið mjög arðberandi. Tökum til dæmis að menn tækju lán og verðu því til jarðabóta, þá geta þær gefið af sjer 100 % á ári og það jafnvel á 1. ári. Þannig vona jeg að öllum sje ljóst, að bankinn eykur auðsæld í landinu. Þegar nú að endingu bankinn er skoðaður sem lántöku- eða geymslustofnun, þá kemur hann í veg fyrir marga óþarfa eyðslu og fyrirbyggir það, að menn láti fje sitt liggja ávaxtalaust. Þetta sýna sparisjóðirnir ljósast. Síðan þeir komust á fót hafa menn heldur látið peninga sína þar á vöxtu en eytt þeim í einhvern óþarfann. En jeg skal eigi orðlengja þetta meir að svo komnu.

Málinu vísað til 2. umr. með 8 atkv.

Frv. til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða (frá neðri d., C 230); 1. umr.

Magnús Stephensen: Jeg skal einungis leyfa mjer að benda h. þm. á og biðja þá að lesa ræðu eptir h. 2. þm. Ef. (E. Á.), sem stendur í alþingistíðindunum 1881 II. bindi bls. 436. Þar er ljóslega sýnt fram á annmarka þá, sem eru á löggildingu fjölda verzlunarstaða, bæði með tilliti til útbreiðslu skaðlegra sjúkdóma og tollsvika. Jeg skal einnig leyfa mjer að bæta því við, að eptir lögum 7. nóv. 1879 hafa kaupmenn þeir, er reka fasta verzlun hjer á landi, leyfi til að sigla upp á hvaða vík og vog eða fjörð, sem þeir vilja, án alls tímatakmarks, og þar með get jeg ekki betur sjeð en sje bætt úr öllum vandkvæðum í þessa stefnu. Þegar það frv. lá fyrir þinginu, var einnig tekið fram, að yrði það frv. að lögum, mundi þingið framvegis sleppa hjá því að ræða um löggildingu nýrra verzlunarstaða. En þó óskiljanlegt sje, þá hefur nú aldrei verra verið en síðan. Og þó takmarka lög 7. nóv. 1879 verzlun á ólöggiltum stöðum að eins að því leyti, að brennivín og aðra áfenga drykki má eigi selja þar. Það sem því vinnst við löggildingu nýrra verzlunarstaða er að eins sala á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og það að geta alltaf allan veturinn verið að fara smátt og smátt í kaupstaðinn, sem allir vita, hversu affarasælt er. En eins og jeg áður sagði, vil jeg sjerstaklega leiða athygli hinna h. þm. að ræðu hins h. 2. þm. Ef. (E. Á.) á alþingi 1881 um þetta efni.

Stefán Eiríksson: Jeg er að nokkru leyti á sama máli og h. 4. kgk. þm. (M. St.), og mjer þykir mikið í ráðizt að fara nú að löggilda 10 verzlunarstaði. Með lögum 7. nóv. 1879 er búsettum kaup-

mönnum hjer leyft að verzla á hvaða vík og vogi, sem þeir vilja og getur verið mikið hagræði að því. En það er ekki sagt, að þeir sem skipin eiga, vilji láta þau fara á hvern vog og vík, sem vera skal, eða geti fengið þau assúreruð þangað, nema löggiltir kaupstaðir sjeu þar. Þetta hef jeg heyrt, og ætla jeg að það muni satt vera. Mörgum af þessum stöðum, sem hjer er farið fram á að fá löggilta verzlunarstaði á, er jeg nú ókunnugur. Viðvíkjandi Selnesbót við Þverhamar, þá mun Gránufjelagið hafa verzlað þar síðan lögin 7. nóv. 1879 náðu gildi, og jeg hef heyrt að þar sje góð höfn. Við Lagarfljótsós gæti orðið óumræðilegt hagræði að fá löggiltan verzlunarstað bæði fyrir Norður- og Suður-Múlasýslu, og með tímanum gæti það ef til vill orðið einhver stærsti verzlunarstaður landsins, því mikill hluti verzlunarmanna þeirra, sem nú verzla á Vopnafirði, Eskifirði og Seyðisfirði, mundu heldur hallast að þessu nýja kauptúni, ef það kæmist á. Jeg veit nú ekki með vissu, hvort Lagarfljótsós er nógu djúpur, en talað hef jeg við mann þaðan að austan, sem sagði, að dýptin hefði verið mæld og væri ósinn vel skipgengur. Þar get jeg ekki betur sjeð en sje full ástæða til að löggilda verzlunarstað, ef nokkur von er um, að það fái framgang.

Benidikt Kristjánsson: Jeg verð að álíta, að hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) ætlizt til of mikils af þd., er hann vill, að hún láti nú sannfærast af ræðu hins h. 2. þm. Ef. (E. Á.), er hann hjelt móti þessu máli á þ. 1881, þar sem þd. þá ekki gat sannfærzt af henni, því jeg veit ekki betur, en að málið fengi framgang í hitt eð fyrra og sje orðið að lögum að því er snertir þá verzlunarstaði, sem þá var um að ræða. Það kemur mjer sannarlega óskiljanlega fyrir sjónir, að sá þm. sem víst er manna kunnugastur í Skaptafellssýslum, skyldi ekki vita, eða að minnsta kosti tala svo, sem hann ekki viti, hvílíka leið Skaptfellingar verða að fara til að sækja nauðsynjar sínar í kaupstað, og hve kostnaðarsamar allar kaupstaðferðir eru þar. Jeg get ekki skilið, hvernig sá þm., sem er jafnkunnugur þessum erfiðu og kostnaðarsömu kaupstaðarferðum landveg, getur verið mótfallinn þessu máli, sem einmitt miðar til þess, að ljetta af mönnum þessum erfiðleikum og spara þeim fje. Að lög 7. nóv. 1879 heimili búsettum kaupmönnum hjer á landi, að flytja vörur og verzla með þær á hverri vík og vog, er að vísu rjett og satt. Og ef þessir kaupmenn væri virkilega búsettir hjer og eyddu gróða sínum hjer á landi, þá væri sanngjarnt að veita þeim þessi rjettindi fram yfir lausakaupmenn. En eins og nú stendur, er verzlunin ekki svo, að vjer höfum ástæðu til að veita þeim slík rjettindi fram yfir lausakaupmenn eða kosið að vera án þeirra. Þeir eru nauðsynlegir til þess, að landsmenn þurfi ekki að sæta einokun föstu kaupmannanna. Jeg verð að biðja hina h. þm., að gæta að því, að það eru ekki alstaðar eins margir kaupmenn að tiltölu eins og í Rvík eða jafnmikil verzlunarkeppni eins og þar. Það er ólíku saman að jafna smákaupstöðunum annarstaðar á landinu og Rvíkurkaupstað. Af því jeg get ekki eiginlega skoðað föstu kaupmennina sem landsins börn nje búsetta hjer á landi, þá vil jeg ekki slá hendinni á móti því, að lausakaupmenn neyði þá til að gefa landsmönnum betri kjör. Auk þessa er svo, að þó fastakaupmenn, eins og nú á sjer stað, hafi leyfi til að sigla á allar hafnir og víkur, þá láta þeir það vera, þangað til lausakaupmenn leggja á vaðið, þá fara þeir á eptir. Því meðan fastakaupmenn einir hafa heimildina til að sigla á hinar löggiltu víkur, segja þeir sem svo: „Skiptavinir mínir eru ekki of góðir til að sækja vöruna til mín á drógum sínum“. Meðan verzlunin er í því horfi, sem hún er nú, sje jeg ekki annað rjettara, en að láta allar hafnir opnar jafnt lausakaupmönnum sem fastakaupmönnum. Í tilliti til sóttvarna sje jeg enga hættu, þó þetta frv. yrði að lögum, því það eru lög fyrir því, að skip, sem hafa sóttveika menn innanborðs, mega ekki fara inn á hverja höfn, er þeir vilja, heldur verða fyrst að fara inn á vissar tilteknar hafnir.

Magnús Stephensen: Jeg skal að eins leyfa mjer að benda hinum h. þm. Ask. (St. E.) á, að það er víst ekki almenn regla, að skip fáist ekki assúreruð nema á hinar löggiltu hafnir. Að minnsta kosti er svo, að kaupmenn hjer í Rvík senda skip sín á sumrin suður á Voga, Njarðvík, Strönd o. s. frv., og fá þau tryggð fyrir voða á þeim ferðum. Það getur

reyndar verið, að sumstaðar á landinu sjeu þær víkur,. að menn kynoki sjer við, að taka þau skip, er þangað ættu að fara, í „assúrance“, en undir eins og þörfin til að flytja vörur á slíka höfn væri orðin augljós, mætti búast við, að kaupmenn mundu útvega sjer þær upplýsingar, sem ábyrgðarfjelögin heimta til að tryggja skip, er sigldu þangað.

Árni Thorsteinson: Það er alveg rjett sem hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) sagði, að skip, sem kaupmenn hjer í Rvík senda á nærliggjandi víkur og voga, eru assúreruð. En það er ein aths., sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra út af ræðu hins h. þm. Nþ. (B. Kr.). Hann talaði um, hve mikinn kostnað það hefði í för með sjer fyrir bændur að verða að ferðast langan og ógreiðfæran veg í kaupstaði. Jeg er honum líka alveg samdóma um það, að þessi kostnaður sje mjög mikill, já, ef til vill, ókleyfur fyrir marga bændur, og meiri en menn gjöra sjer almennt í hugarlund. Á móti þessu ber jeg alls ekki. En það er um leið önnur ástæða, sem er á móti löggildingu margra smákaupstaða og vegur upp á móti hinum. Því þegar þeir smákaupstaðirnir eru margir, þá útiloka þeir einmitt alla verzlunarkeppni, og verða ekki til annars, en að styðja einokunina, sem einmitt er mest og nærri eingöngu eptir sem orðið er í smákaupstöðum. Þess vegna hefur hinn h. þm. Nþ. (B. Kr.) rjett að mæla, er hann segir, að lítil verzlunarkeppni sje í smákaupstöðunum. Jeg verð því að álíta það varlega gjörandi, þó að kaupstaðarferðir styttust nokkuð að fjölga um of smákaupstöðum, sem skemma prísana, eins og menn segja, eða útiloka verzlunarkeppnina. Engu að síður ætla jeg nú að vera með því, að frv. gangi til 2. umr., en þá vona jeg, að hverjum gefist kostur á, að greiða atkv. um hvern verzlunarstað út af fyrir sig með eða móti.

Atkv.gr.: Vísað til 2. umr. m. 7 atkv.

Frv. til l. um horfelli á skepnum (C 231); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Eins og kunnugt er, er frv. þetta nú orðið minna á pappírnum en það kom fyrst fyrir augu manna hjer á þ. Enda hefur það sár-litla þýðingu, eins og það nú er orðið. Jeg álít því, að annaðhvort verði að gjöra því betri skil hjer í d., eða þá fella það. En hvort frv. getur tekið þeim umbótum, sem jeg hugsa mjer, án nefndar, er jeg ekki viss um, og því leyfi jeg mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd að 1. umr. lokinni.

Atkvgr.: Vegna óljósrar atkvgr. um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umr., var viðhaft nafnakall. *Já* sögðu: Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð, Ásgeir Einarsson, Einar Ásmundsson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson. *Nei* sögðu: Árni Thorsteinson, Benidikt Kristjánsson, Jón Pjetursson, Stefán Eiríksson. Málinu þannig vísað til 2. umr. m. 6 atkv. á móti 4.

Nefnd í málinu felld með 8 atkv. á móti 2.

Frv. til l. um kosningu presta (C 231); ein umr.

Ásgeir Einarsson (flm.): Það var rætt svo mikið um þetta mál á dögunum hjer í d., að jeg álít enga þörf að fara mörgum orðum um það nú. Eins og sjá má, hefur það nú rætzt, sem jeg sagði á dögunum, að „sá lifir lengst, sem með orðum er veginn“, því nú hefur n. d. sþ. frv., að því er mjer hefur sagt verið, með 15 atkv. á móti 3. Þessi afdrif þess í n. d. ímynda jeg mjer muni hvetja menn til samlyndis hjer í d., svo þeir haldi nú áfram að vera málinu meðmæltir. Með br., sem orðið hefur á 8. gr. og viðbótina við 9. gr. er jeg fullt eins vel ánægður eins og jeg var áður með frv., eins og það var sþ. hjer. Mjer var það líka alltaf móti skapi, að biskup hefði ótakmarkað synjunarvald, en jeg hjelt hins vegar, að ráðherranum mundi ekki þykja þetta lakara, því „hvað elskar sjer líkt“. Eptir því sem frv. er nú orðið, að því er þessa ákvörðun snertir, þá mun það vera farið að nálgast skoðun hins h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) að því er jeg frekast skildi orð hans á dögunum. Það, sem vakti fyrir mjer, var það, að biskup mundi aldrei synja um staðfesting á kosning prests, nema hann hefði gildar ástæður til þess. Með því að taka tillit til bendinga biskups, hefði þá svo getað farið, að sóknarmenn hefðu breytt skoðun sinni. Þá hefur n. d. enn fremur bætt við á-

kvörðun um það, hvernig veita skyldi prestinum lausn frá embætti sínu, svo ekki getur það staðið lengur í vegi fyrir málinu. Jeg held frv. sje nú komið í það horf, að ekki sje vel hægt að breyta því til batnaðar nú hjer í þd.

Stefán Eiríksson: Jeg stend upp einungis til að geta þess, að orðið „hans“ (í 7. gr.), sem hinn h. þm. NÞ. (B. Kr.) gat um á dögunum, að hefði slæðzt inn í frv., og ætti því að falla burtu, er í frv. enn. Jeg hugsa nú reyndar, að það megi kippa þessu orði úr enn, án þess það geti heitið nein br. á frv., sem gjörir það að verkum, að málið þurfi að ganga til n. d. aptur. Að öðru leyti skal jeg að eins geta þess, að jeg sem einn af flm. frv. felli mig vel við þær br., sem n. d. hefur gjört við það.

Magnús Stephensen: Jeg ætla að eins að láta þd. í ljósi, að jeg er eins mótmæltur þessu frv. nú, eptir þær umbætur og endurskoðun, sem það hefir fengið í n. d., eins og jeg var áður. Þó skal jeg ekki nú taka upp aptur þær ástæður, sem jeg tók fram móti málinu, þegar það var rætt hjer í deildinni í hitt eð fyrra, því það yrði ekki nema til málalengingar. En viðvíkjandi umbótum n. d. á frv. skal jeg taka það fram, að br. hennar á 8. gr. (9. gr. frv.) er ekki nema hálfverk, þar sem synjunarvald biskups er takmarkað að eins þá, er um prest þann er að ræða, er áður hefir verið prestur í þjóðkirkjunni, og söfnuðurinn kýs. Ef þar í móti einhver óvígður kandídat er kosinn, hefur biskup, eins og áður, vald til að synja um staðfesting á kosningu hans í það óendanlega. — Sömu gallar eru enn á frv. sem áður hafa verið teknir hjer fram, að engar ákvarðanir eru settar um hvernig að skuli fara, ef ekki er nema *einn* umsækjandi. Sömu gallar eru enn á 4. gr. sem áður, þar sem gjört er ráð fyrir, að prófastur fái umsóknarbrjef frá mönnum, sem ekki hafa sókt til biskups, og sem biskup því ekki hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt um. Loks vil jeg sjerstaklega leiða athygli hinnar h. þd. að 10. gr., sem er mjög hæpið, hvort getur samrýmzt við stjórnarskrána.

Ásgeir Einarsson: Jeg þarf ekki að svara þessum mótbárum. Ætli það gjöri svo mikið til þó biskup bendi ekki á, hvern ekki sje tiltækilegt að kjósa? Ætli hann geti ekki líka týnt brjefunum? Þessar mótbárur munu ekki hafa áhrif á þd. Jeg ætla því ekki að svara þeim.

Atkvgr.: Við atkvgr. um frv. var viðhaft nafnakall. *Já* sögðu: Ásgeir Einarsson, Benid. Kristjánsson, Einar Ásmundsson, Jón Pjetursson, Sighv. Árnason, Skúli Þorvarðarson, Stefán Eiríksson. *Nei* sögðu: Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð, Árni Thorsteinson.

Var frv. þannig sþ. m. 7 atkv. á móti 3, og sent lh. sem *lög frá alþingi*.

Tuttugasti og sjötti fundur, þriðjudag 31. júlí. Allir á fundi.

Frv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (C 11); 2. umr.

Árni Thorsteinson (frsm.): Þó mjer hafi verið falin framsaga í þessu máli, þá verð jeg að viðurkenna veikan mátt minn til að leysa hana af hendi sem skyldi, enda hefi jeg átt lítinn kost á, að kynna mjer búnaðarmálefni landsins og eldri lagaákvarðanir, er að henni lúta. En sú niðurstaða, sem d. í þetta skipti vill komast að, er svo stórkostleg, að jeg vil sýna lit á, að gjöra grein fyrir tillögum nefndarinnar, svo sem beztur endi komist á málið, og annað ekki komi til að standa í frv. en það, sem verðskuldar að standa þar og einhver rjettarbót er í. Því það er ekki til neins að vera að reyna að gjöra rjettarbót, sem engin endurbót kynni að finnast að vera, þegar reynslan leggur dóm sinn á málið. Jeg vona hinir h. þdm. taki viljann fyrir verkið, þegar jeg nú fer að leitast við að skýra ástæðurnar fyrir breytingum n. á frv. stj., sem oss nefndarmönnum fannst brýn og óumflýjanleg þörf að gjöra. Fremur öllu skal jeg taka það fram, að jeg vil, að því er mjer er mögulegt, tala í nafni nefndarinnar; en þessu máli er svo varið, að það er varla nokkrum fært að tala um það svo öllum líki eða að það geti fallið saman við skoðanir hvers einstaks. Þess vegna vona jeg hinir h. meðnefndarmenn mínir virði mjer til vorkunnar, ef jeg í einstökum atriðum kynni vísvitandi að taka skoðanir fram, sem þeir eigi með öllu geta fallizt á.

Jeg skal þá fyrst víkja að þeim köfl-

um frv., sem n. eigi hefur getað fallizt á. Þó skal jeg geta þess, að eigi mun á þetta vikið nema lauslega, þar eð ekki er annars kostur. N. getur ekki fallizt á, að hagkvæmt sje að leiða í lög 1. kap. frv. n. d. 1881 um skipting á jarðeignum, þar sem þetta jafnvel hljóti að hafa mjög litla rjettarþýðingu, og fellst því alveg á ástæður stjórnarinnar fyrir því að þessum kafla sje sleppt. Að því er snertir I. kap. frv. stj., um „almenn landrjettindi", þá inniheldur 1. gr. hans engin sjerleg nýmæli, nje heldur er hún vel samin, hvorki í heild sinni nje í samanburði við ákvarðanir Jónsbókar, t. a. m. landabrigðabálk 6. kap., landsleigubálk 16. kap. 24. kap., 57. kap., 58. kap. (rjettarbót), rekabálk 1. kap. eða jafnvel þjófabálk 14. kap., sbr. við nýrri lagasetningar: „ef maður finnur fje í jörðu manns, hafi sá $^1/_3$ er finnur, landeigandi tvo hluti". — Í 2. gr. virðist mjög vafasöm sú ákvörðun, að landamerki skuli vera í miðri á, þegar hún er *minnst*, í stað þess, að 56. kap. landsleigub. kveður svo á, að þau skuli ná út í hálfa á, ef fiskar eru í, sbr. 6. k. um merkjagöngu, þar sem firðir deila eða ár. Ákvörðunin getur heldur ekki staðizt við þau ákvæði, sem eru um skiptingu á ám og vötnum bæði eptir lögbókinni og því sem viðgengst. Þessi gr. hefði þurft alveg að ummyndast, því að þess eru ekki fá dæmi hjer á landi, að vötnum og ám er skipt og ákvörðunin getur því ekki borið sig sem almenn regla; enda er í 2. gr. talað um, að árfarvegur í miðju skilji lönd manna og eptir 6. gr. skulu landamerki ráða veiði, en í 7. gr. er rætt um firði, víkur eða sund. Allt þetta verður mjög ósamstætt og eigi laust við tvítekningar, ef saman er borið.

Í 3. gr. er sömuleiðis mjög vafasöm ákvörðun, sem segir, að ef tvær jarðir eða fleiri liggi að stöðuvatni, þá eigi hver þeirra svo langt út frá landi sínu hólma eða sker, að land annarar eigi sje nær. Þá er nú tekið er tillit til þess, að land liggur út í vötn með töngum og krókum, þá mun opt verða erfitt að finna þessi takmörk, enda er slík merkjasetning næsta óeðlileg og tæplega fært fyrir eigendurna, að þekkja deili á henni eða fljótt að átta sig á mörkunum í hvort einstakt skipti og það enda þótt vatnið væri mælt upp með miklum kostnaði. Það kann að vera einstaka vatn, sem er svo lagað — t. a. m. ferhyrnt — að skipting geti fram farið eptir þessari reglu, en það mun þó mjög sjaldgæft. Sem dæmi þess, hvar slík landamerki eru ófær, má telja Mývatn. Jeg veit ekki hvort hinir h. þdm., sem þar eru kunnugir, sjá nokkurn veg til þess að þessari ákvörðun verði framfylgt í nokkru lagi að því er það vatn snertir. Það hagar enn fremur svo allvíða til í stöðuvötnum, að fiskiveiði er ekki nema í stöku stöðum í þeim, eða lögnum, og eru þessar lagnir optast takmörkuð svæði, sem heyra annaðhvort undir sjerstaka jörð eða fleiri jarðir til samans. Hitt annað af vötnunum er optast arðlaus eign. Það er hvorttveggja, að þessi gr. er komin í frv. n. d. án þess að ástæður hafi verið tilfærðar, enda virðist og við nákvæma athugun verða ljóst, að gr., þó hún takmarkist nokkuð við ákvörðun 1. gr. um að það, sem er innan landamerkja skuli fylgjast með nema það sje með lögum frá komið, ekki geti haft aðra afleiðingu en að gjöra hingað til viðurkenndan eignar- eða afnotarjett margra manna að lítt viðráðanlegu og óþörfu þrætuefni. — 4. til 5. gr. inniheldur engin sjerstök nýmæli og virðast aths. í ástæðunum fyrir stj.frv. að vera alveg rjettar, en leiða til þess, að engin ástæða sje til að halda þeim til afnáms á ákvörðunum Jónsbókar og tilsk. 20. júní 1849. — Sama má segja um 6. og 7. gr.

8. gr. Í frv. frá 1879 var svo ákveðið, að enginn jarðeigandi mætti aðskilja veiðirjettinn og lóðina, en hann skyldi fylgja leigulandi. Á þessu voru þó nokkrar misfellur, þar sem 55. gr. sama frv. kvað svo á, að hlunnindi jarða mætti frá skilja með samningi, en í 10. gr. var ákveðið að landeigandi ætti varpið, og stendur það nú óbreytt í 9. gr. enn sem komið er. Eptir Jónsbók er leyft að aðskilja öll hlunnindi jarða undan leigumála, og gilda þau lög enn, þar sem að eins er gjörð breyting á þessu með tilsk. 20. júní 1849, 1. gr. að því er snertir dýra- og fuglaveiði. Það var því eðlilegt, að n. d. alþ. eigi gat fallizt á þessa ákvörðun, því það er ekki nægilegt til þess að lögleiða hana um meira eða allt, þó hún sje sett í lög með tilsk. 20. júní 1849 einungis um *dýr og fugla;* og að hún þyki hentug og eiga vel við á Íslandi, eins og

nú er borið fram sem ástæða, er næsta þýðingarlítið gagnvart því að það takmarkar frelsi eiganda að ráða eign sinni og gjöra sjer hana sem arðmesta, eða opt og tíðum arðmeiri, en hún yrði í höndum leiguliða, sem opt getur átt sjer stað með síldar- og laxveiði.

9. og 10. gr. frv. eru óþarfar. Hjer kemur nefnil. enn fram nauðsynjalaus tvítekning á 1. gr. frv., að landeigandi eigi varpið, og svo er ákveðið, að landeigandi „*geti*“ látið friðlýsa eggveri sínu á manntalsþingi, en 10. gr. inniheldur samt ekki tvítekningu á 1. gr. að landeigandi eigi selalátur og selalagnir, en þar á móti að hann „*skuli*“ friðlýsa þeim sem eggverum. Í tilsk. 20. júní 1849, 9. og 15. gr. var svo ákveðið, að sýslumaður skyldi ótilkvaddur friðlýsa varplöndum, látrum og lögnum á manntalsþingum ár hvert, og var svo gjört til þess að friðhelgi þeirra yrði því meiri og kunnugri öllum, en afbrot voru gjörð að opinberum lögreglumálum. Nú er það bersýnilegt, að eignarrjetturinn afnemst ekki þó að eigandi eigi friðlýsi varplandi sínu eða lögn á hverju ári, og á hinn bóginn staðfestist og ekki eignarrjetturinn við þessa ákv. í neinu verulegu.

Ákvarðanir þessar virðast vera óþarfar, sem og afnám 1.—4. gr. og 9., 10. og 15. gr. í tilsk. 20. júní 1849.

11.—15. gr. Þegar bornar eru saman ákvarðanirnar í 11.—15. gr. frv. við rekabálk Jónsbókar og þau lög, er honum hafa breytt í ýmsum atriðum, má fljótt ganga úr skugga um, að þær eru alveg ónógar, þar sem að einungis helztu ákvarðanirnar eru teknar í frv., en fjölda sleppt og það mjög verulegum ákv., og ekki gjört ráð fyrir ýmsum atriðum, er opt kunna að koma fyrir.

Ef „við“ rekur á fjöru manns „getur“ hann helgað hann með viðarmarki sínu eptir því sem frumvarpið segir. Um afleiðinguna af því að rekinn er markaður, er ekki tekið fram, þó að það megi virðast að vera meiningin með orðinu „helga“, að hið rekna, þó að það taki út og reki á annars land, sje hans eign. Þar er ekki nefnt hið annað nauðsynlega skilyrði, að viðurinn á að hafa rekið eða komið á fjöru þar er festa má reka á, sbr. rekabálk Jónsb. 1. kap.: „Rjett er honum að vaða til og marka viðinn ef hann kemur ei úr flæðarmáli“ „ef það er við þá fjöru hans, er festa má reka á“; eigi er heldur gjört ráð fyrir, ef við rekur ofan ósa, sbr. niðurlag 1. kap. rekabálks; á slíkan við má eptir frv. kasta eign sinni með viðarmarki.

Það er ákveðið, að rjett sje að einn eigi reka, en annar land, ef svo hefur verið um samið, eins og slíkur samningur sje í nokkru frábrugðinn því, sem stendur í 1. gr., að rekarjettur fylgi landi nema með lögum sje frá kominn, enda segir strax á eptir í gr.: „nú hefur maður eignazt reka á annars landi að lögum“. Allt þetta er ónákvæmlega orðað. Landeigandi á þá að eiga álnarlöng kefli og smærri. Þess skal getið, að þessi ákvörðun er ekki heppileg. Hún er sönn að því einu, að í venjunni hefur eptir ákvæðum Jónsbókar rekabálks 2. k. 7 og landsleigub. 7. k. myndazt þessi sundurgreining: álnar- eða álnarlöng kefli og smærri, en þar hefur aptur greint mjög á, hvað telja skuli álnarkefli eða ei, og er um það mjög mismunandi skilningur á ýmsum stöðum og hjá ýmsum mönnum, sem hjer yrði of langt að rekja, þar þessa er hjer getið af því, að í rekab., 2. kap. eru nefnd „álnarlöng“ kefli, en í landsleigub. 7. kap. „álnarkefli og smærri“, en það þyrfti nákvæmlega að rannsaka hvort og að hve miklu leyti á hverjum einstökum stað hefur myndazt sjerstök þýðing af orðinu: „álnarkefli“, en það er því varasamara að gjöra ákvörðun í þessu atriði, sem reki er mjög opt aðskilinn frá jörðu frá ómunatíð, og án þess að sjeð verði með hvaða kostum.

Orðið „álnarkefli“ hefur verið skilið eptir því sem jeg hefi spurt til: 1, kefli, sem er virði einnar álnar. eða 2 fiskar, 2, kefli, sem er alin frá yzta enda til enda, 3, kefli sem er alin á lengd að fráskildri rót eða stofni (o: mjókkar til endanna) eða alin á lengd þar sem keflið eða spítan hefur fulla digurð; 4, álnarkefli og smærri hafa og sumstaðar verið köllud, þegar ei hafa veri lengri en 3 álnir eða jafnvel 5 áln., af því að reki, sem er að eins alin á lengd, er lítils virði. Þessari síðustu skoðun halda sem optast landeigendur og leiguliðar fram, en rekaeigendur hinum fyrstu. Og á móti því verður ekki borið, að álnarkefli að virðingu eða álnarlöng kefli eru lítils virði, og borga ekki rekahirð-

ingarmanni kostnað sinn við umsjón með reka, en hann er opt mikill, sbr. landsl.b. 7. kap., rekabálk 3. kapítula, og við þessa skyldu hans hlýtur að standa eins og áður, ef nokkurrar sanngirni er gætt; en hann er þó, ef til vill, laus við þessa skyldu nema móti sjerstakri borgun, sbr. 117. gr. frv., er nemur burt eldri ákvarðanir, og 54. gr. frv.

11. gr. ákvarðar, að rekamaður eigi hvali þá, er þar rekur upp án þess menn valdi, landeigandi fugla, fiska og þar að auki hlut í hvölum, sem eru reknir í land eða fluttir. Þetta mun eiga að vera rjett eptir Jónsbókar rekabálki 2. kap., en því er gleymt í gr., að þar þarf við nákvæmari tilgreiningar. „Hvalur" eða „fiskur" er of ótiltekið. Eptir Jónsbókar 2. kap., sbr. landsl.b. 7. kap. (5) á landeigandi þar að auki alla fugla og rostunga, seli alla, svo og ef maður drepur þar sel. En svo kemur sú ákvörðun í Jónsbók, sem sleppt er í frv., og sem hlýtur að gilda enn; það er sú ákv., að „hann (landeigandi) á „þær hnísur allar ok háskerðinga, ok „fiska alla, nema þar reki fleiri í senn á „land en 5, þá á rekamaðr". Þessi ákv. er mjög áríðandi og verður sjálfsagt ranglega upphafin með 117. gr. frv. Um 12. gr. skal jeg ekki fjölyrða. Hana má til færa sem dæmi þess, hversu ónákvæmlega er að því farið, að þrengja saman rekabálks 11. kap. og landsleigub. 7. kap. í 7 línur, og hversu rangt það er að af nema þessar ákv. í 117. gr., enda kemst og mótsögn á, þar eð 54. gr. beinlínis sýnir með orðunum: „eptir sem lög ákveða", að Jónsbókarákvarðanir eptir frv. eiga að standa enn eptir óhaggaðar um þessi efni, þrátt fyrir mótsögn þá, sem felst í 117. gr.

13., 14. og 15. gr. frv. er varið á sama hátt, svo að ekki verður sagt, að heppnazt hafi að koma þar í eina heild öllu því, sem ákveðið er í þeim gr. úr Jónsb., er úr gildi eru numdar með 117. gr. frv., án þess að neitt annað hafi verið tekið í frv. en aðalákvarðanirnir. Þannig skulu til færð einstök dæmi, svo sem að engin ákvörðun er ýtar gjörð en í Jónsbók um þingborið (nú þinglýst) mark skotmanns. Ákvörðunin um „finnanda spik" er úr lögum numin með 117. gr., enn fremur allar afleiðingar af því að skoti eða festum á hval ekki hafi verið lýst að rjettu. Um skurðarhlut, er hvílir á rekaeiganda sem skylda, ef hann ei sker sjálfur allan hval. Það virðist mega valda efasemd hvað „allt dautt" þýði. Sje það skoðað um dýr eða fiska, þá kemst ei að ákvörðunin í rekabálki 2. kap.: „ef viður flýtur í netlögum" o. s. frv., „en ef utar er viður í fiskhelgi" o. s. frv. Orðið „dautt" mun því eiga einnig að skiljast um við, ef að rjettur sá, sem stofnaðist eptir eldri lögum, á að standa óhaggaður.

Þessar fáu athugasemdir læt jeg mjer nægja að gjöra við I. kap. frv. Jeg hefi tilfært þær sem dæmi, er sýna, að efnisinnihald þessa kapítula er svo óljóst og ófullnægjandi í ýmsum greinum, að það er er ekki mögulegt á þeim stutta tíma, sem nefndin hefur til umráða, að koma öllu efni málsins saman í eina heild. Athugasemdirnar innibinda og sönnun fyrir því, að það er óvinnandi verk fyrir innanþingsnefnd að semja allan þennan kafla á ný og ganga svo frá honum, að full vissa sje fyrir því, að verkið sje vel af hendi leyst, og það er í því efni ekki nægilegt að fara eptir því, hvort uppástungur geti náð meiri hluta atkv. á þingi eða samþykki stjórnarinnar, heldur verður miklu fremur að gæta þess dóms, sem vænta má að lögin fái, þegar farið er að fram fylgja þeim, og eptir þeim skal fara í verklegri framkvæmd.

Þá skal jeg snúa mjer að II. kap., sem er um sameiginleg rjettindi jarða. Í kap. þessum er gjört ráð fyrir að eins þremur sameignarefnum, til *vatnsveitinga*, til *veiða* og *reka*.

17. gr. virðist ónákvæm. Þar sem að einungis er tekið svo lítið af vatni, að það í engu verulegu breyti vatnsmegninu, virðist sem að ábúandi jarða megi gjöra það að ósekju, en rýri hann vatnsmegnið að verulegu eða færi ána úr farvegi sínum, virðist að lögin þurfi að gjöra um það ákvæði. Hvað er nú meint með að veita á úr farvegi sínum? Það er eitt af því sem vantar að taka skýrt fram. Nái hann ekki samþykki granna sinna, er hlut eiga að máli, að veita ánni eða læknum, má hann beiðast þess (væntanlega af sýslunmanni), sbr. 18. gr. frv. 1879, því í frv. er þetta nú ekki nefnt, að óvilhallir menn sjeu kvaddir til að rannsaka málið og kveða á um vatnsveitinguna, hvernig hún megi fara fram af hans

hendi. Ákvæði hinna tilkvöddu óvilhöllu manna á að hafa það gildi, að sá, sem vatni vill veita, má gjöra það, og þannig verður þá úr ákvæðum þeirra eins konar óáfrýanlegur dómur, því gr. tekur það fram ljóst og skýrt, að ef að sá, er veitir á, gjörir það öðruvísi en hinir tilkvöddu óvilhöllu menn hafa kveðið á um, skuli hann greiða skaðabætur eptir óvilhallra manna mati.

Af ástæðunum fyrir frv. stj. 1879 má sjá, að gr. er þannig samin af hendi hennar, en allt um það virðist, að næst hefði mátt liggja, að láta spursmál um vatnsveitingar greiðast með vanalegum rjettarfarsreglum, en ekki með þessu óhentuga fyrirkomulagi, sem ekki heldur getur orðið til þess að útiloka rjettarþrætur.

18. gr. er mjög lagleg á pappírnum; hún er ekki nema rúm lína, en mjög efasamt, hvort hún getur staðizt. Það, sem gr. fer fram á, er þegar ákveðið áður. Í 2. gr. frv. var sú ákv., að þegar að á skilur lönd manna, þá sje landamerki í miðjum árfarveg, þegar áin er minnst, og vísa jeg til þess, er jeg áður hef sagt um þá gr. sem og 3. og 7. gr.

Ákvörðun sú, er hjer ræðir um, er óhafandi og ranglát, ef önnur landamerki hafa viðgengizt að fornu eða eptir samningi. Hún miðar og til þess, að ónýta alla veiði, þegar svo stendur á, að ekki verður veitt í hálfri ánni, og er það allvíða, eða hún er svo lítil, að henni ekki verður þannig skipt.

Auk þess er ákvörðun þessi beint móti landslögum, 56. kap. landsleigub. Jónsb., er segir: „ef á eða bekkr rennr í milli bæja manna, og eru fiskar í, þá eiga hálfa hvárir“ o. s. frv.

„Hvervetna þar, sem menn eiga fiskiá saman, þá skal hverr þeirra veiða sem vill meðan ánni er óskipt. ok draga voðir at hváru landi sem hann vill“.

„En ef nokkurr þykist mishaldinn af vera ánni, þá beiði sá skiptis á, ok skipti 6 grannar þeirra ánni. Þeir skulu skipta vikum eðr smærrum“.

„Hverr maður á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu, ok á svá sem at fornu hefr verit, nema með lögum sje frá komit“.

„Engi skal öðrum veiðistöð banna fyrir sínu landi ok engi annars veiðistöð spilla“.

„Engi skal fyrir öðrum veiði spilla eðr banna þá sem hann hefr at fornu haft“.

Gegn þessum grundvelli, er lögin hafa lagt, og sem hefur komið veiðirjetti jarðeignanna í fast horf og eignarheimildum, eru komin nýmæli 18. gr., er kollvarpa öllum þessum meginreglum með því að ákveða:

„Nú eiga fleiri menn á saman, þá má hver þeirra veiða fyrir sínu landi út í miðjan árfarveg, þegar á er sem minnst“.

Greinin er komin í frv. af hendi stj. með þessu niðurlagi í ástæðum frv.:

„Til þess að komast hjá öllum vankvæðum, þarf ekki annað, en að setja þá óbrotnu og eðlilegu reglu, að ef fleiri menn eiga á saman þá megi hver þeirra veiða fyrir sínu landi út í miðjan árfarveg“. Þetta má sjá í stj.frv. 1879, bls. 32.

Hvað 19. gr. snertir, þá er það einkennilegt við hana, að upp í ákvarðanir hennar er tekin ákvæði úr lögum, sem samin eru í okkar minni, viðaukalögum 11. maí 1876, og þó bæði stytt og ýmsu sleppt. Hverjar ástæður hafi verið til þessa verður ekki sjeð. Svo mikill verkhraði hefur verið sýndur við þessa gr., að ekki er gjörð nein tilvísan til þessa lagaboðs, en einungis tekið fram: „Að öðru leyti (þ: en því, sem hjer er ákveðið) fer um veiðar í ám eptir því, sem ákveðið er í sjerstökum lögum“.

Í 19. gr. er að eins rætt um á, en ekki stöðuvötn. ósa, víkur o. s. frv.

Ef nú það sýndi sig, að 19. gr. kæmi með einhver nýmæli t. a. m. á móti lögum 11. maí 1876, eða staðfesti einhvern lagalegan skilning á lögum þessum, sem áður hefur legið fjær, en nú lægi nær, yrði lagagjörð þessi ískyggileg, og hvernig sem á mál þetta er litið, þá er hún óþörf.

Þegar litið er á allan þennan kafla í heild sinni, og að eins er gjört ráð fyrir 3 sameignaratriðum, til *vatnsveitinga*, *veiði* í ám, en ekki í öðrum vötnum, og *reka*, þá er auðsætt, að ýmsu er sleppt, t. a. m. ef fleiri jarðir eiga skóg saman, engi, torfristu, mótak, meltak, afrjetti o. s. frv. En það tæki oflangan tíma að skýra frá þessum atriðum. Jeg vona menn sjái, að jeg hefi sannað, að kafli þessi er óaðgengilegur og að ekki er hægt að semja hann

á ný í innanþingsnefnd. Í því tilliti verð jeg að segja það sama um þennan kapítula sem um hinn 1.

III. kap. um lögkvaðir á jörðum gefur og ástæður til ýmsra athugasemda, sem leiða til sömu niðurstöðu.

Jeg skal þá fyrst benda til 50. gr. í stjórnarskrá vorri. Eptir henni má engan skylda til að láta af hendi eign sína nema almennings þörf krefji, og þarf til þess lagaboð og það sjerstakt í hvert skipti eptir atvikum.

Út af þessu þarf að rannsaka, þá er um þetta frumvarp er að ræða, að hve miklu leyti kvöð þessi eptir eldri lögum, áður en stjórnarskráin var gefin út, hafi hvílt á landeigendum; en hún er næsta mikil eptir frumvarpinu, svo sem að leggja til lóð, torf og grjót, allt *endurgjaldslaust*, nema þegar fjárhalli gjörist á túni, engi eða í sjerstöku tilfelli skógi.

Það lítur svo út sem þeir, er halda þessari ust. fram, álíti það svo alveg sannað og víst, að land sem ekki er tún, engi eða í vissum tilfellum skógur, hvorki hafi nú eða meðan hin áformuðu lög gilda ókomna tíma *nokkurt það verð*, sem rjettlæti endurgjald til jarðeiganda, og úr þessu bætir ekki ákvæðið, „þar sem þeim er meinað“, þar eð það miðar sig alveg við nútíð en ekki framtíð. Það er nú ákveðið að jarðeigendur skuli leggja lóð til undir kirkjur endurgjaldslaust. Kirkjur hafa eptir eðli sínu optast verið byggðar annaðhvort á ljensjörðum eða eignum einstakra manna, er þá hafa verið „prívat“ kirkjueigendur, og þá hefur þessi eigandi haft viss rjettindi aptur á móti yfir tekjum kirkjunnar, og aptur skyldur á móti. Eptir skoðun manna á þeim tíma, sem kristni hefur verið hjer á landi, hefur það verið vanalegt, í þeim fáu tilfellum, sem kirkja hefur verið sett á „prívat“ eign, að jarðeiganda hefur þótt sómi, ef ekki yfirgnæfandi hvöt til þess, að leggja til lóð undir kirkjuna, og efni, sem skaðlaust var fyrir hendi, endurgjaldslaust. Enda munu til vera biskupsúrskurðir, dags. 9. jan. 1788 og 19. marz 1832, sem staðfest hafa þessa venju, með því að ákveða, að þó kirkja eigi ekkert í heimalandi, skuli samt byggingarefni það, er á jörðu fæst, leggjast af jarðeiganda. En þetta eru nú ekki lög, og að örlyndi jarðeiganda, sem í fljótu bragði kynni að sýnast hafa stofnað venju eða eins konar venju, og sem alloptast var samfara því, að þeir urðu aðnjótandi tekna kirkjunnar, skuli nú rjettlæta, að gengið sje fram hjá 50. gr. stjórnarskrárinnar og friðhelgi eignarrjettarins, virðist að vera þess eðlis, að varfærni þurfi við að hafa, og það enda þótt að meiri hluti n. 1875 og stjórnin með því að leiða atriði þetta hjá sjer í ástæðum fyrir frv. 1879, hafi verið á öðru máli. Jeg skal geta þess, að jeg veit ekki rjettar en að fyrir eina kirkju (í Stykkishólmi) sje goldið lóðargjald af tekjum hennar, og má sjá af því, að spursmál þetta getur komið fyrir. Nú er spursmál hvort jarðeigandi eigi ekki líka að leggja til lóð undir kirkjugarð, sem þó er talsvert svæði. Menn vita, að kirkjunni fylgir vanalega kirkjugarður, sem kirkjan sjálf gjörir sjer arðsaman með legkaupsgjaldi. Þó nú ekki sje nefndur kirkjugarður í 21. gr., mun það þó leiða af sjálfu sjer eptir ákvæðum gr., að jarðeigandi skuli einnig leggja til lóð undir hann.

Jeg skal enn fremur taka það fram, að orðið „sveitafjelag“ í gr. á mjög illa við, þar sem um kirkjur, sæluhús og fjárrjettir er að ræða. Jeg veit ekki hvað sveitafjelagið eitt hefur að sýsla með slíkt: nema það eigi t. a. m. kirkjuna eða þá eitt ár sæluhús eða fjárrjett. Hvort sjerstakar lagasetningar sjeu til er skyldi landeiganda til að leggja til lóð undir sæluhús og þinghús, hefur ekki verið tími til að rannsaka, en um fjárrjettir er ákveðið í landsleigubálki 49. kap. og rjettarbóndanum ákveðin viss hlunnindi. Þenna rjett missir hann eptir 117. gr. Grein þessi nær og yfir landsleigubálks 45. kap. um brúargjörð og ferjur, svo að ekkert stendur eptir annað en tilskipun 15. marz 1861 um brýr yfir litla læki og ár.

Það virðist vera ástæða til að halda sjer við stjórnarskrána og taka ekki af eignir manna nema með lögum í hvert skipti. Hjer þar á móti er gefin *almenn heimild* til þess að tekið sje af eign manna að þeim fornspurðum, og það með engum öðrum rjetti en sjálfræði þeirra er heimta. Þetta miðar til þess að svipta menn frjálsum eignarráðum.

22. og 23. gr. má enn fremur tilfæra sem dæmi um þann ófullnægjandi samning á frv. sem kemur svo opt fyrir.

Eptir 22. gr. er landeigandi skyldur að leggja til land undir vegi og efni í þá. Hjer vantar viðbótina, „sem í því landi fæst“. Orðin eru beint áfram á þá leið, að jarðeigandi sje skyldur að leggja til efni í veg. og þá einnig það, sem þyrfti við annarsstaðar frá. Sjeu orðin „vegur lagður yfir engjar eða skóg eða svo nærri (ɔ: þeim) að það valdi skemmdum skal bæta það“ borin saman við tilsk. 15. marz 1861 gr. 7. og 8., þá er þar tilnefnt tún, umgirt graslendi, engjar; það hefði alls ekki sakað, þó að nær hefði verið gengið tilsk. en gjört hefur verið. Jeg held því. að þessi gr. sje alveg óþörf. Á sama hátt fer um 23. gr. Þar er „hverjum manni“ gefinn rjettur til að lenda skipi þar, sem eigi eru varplönd eða selalátur. Það er þó víst ekki meiningin, að öðrum en „ferðamönnum“ sje veittur þessi rjettur? Þar sem ekki eru friðlýst varplönd, virðist áherzlan liggja á, hvort lent sje um varptímann, þegar öll umferð er skaðleg. Það sakar í sjálfu sjer lítið, þó þar sje lent stöku sinnum fyrir utan varptímann t. a. m. á vetrum—sbr. frv. meiri hl. 1876, 71. gr.—

Við 24. gr. skal athugað, að þar er á ný brotið aptur frelsi manna. Þeim, sem verður fyrir ágangi, er „heimilt“ að að fara til sýslunefndar, og sýslunefnd tiltekur þá hæfilegt hagagjald, sem ferðamaður er skyldur að lúka, en landeigandi að þiggja, og svo fær sýslun. þess utan óbundið vald til að ákveða, hvernig það skuli greiða. Að hverju hin síðasta ákvörðun eða jafnvel allt þetta miðar, er óljóst. Þessi ákvörðun tekur ekki stórum fram Jónsb. landsleigub. 24. kap., sem segir: „Mönnum er rjett að æja eykjum sínum á sumar í annars manns landi, þar sem eigi hefr áðr slegit verit“ og llb. 37. kap.: „Eigi skulu þingmenn heldr en aðrir menn æja í engjum bænda“ o. s. frv..

Þegar athugað er innihald þessa kafla yfir höfuð, sýnir það sig, að hjer er ekki orðið nema um fáeinar lögkvaðir að ræða, og að hjer finnst ekkert, sem tekur fram eldri ákvörðunum, nje heldur er þessu efni komið saman í æskilega heild.

Við IV. og V. kap. mætti margt athuga, ef tími leyfði. 25. gr. er alveg óþörf, því þar kemur ekki fram nein ný lagasetning, heldur það, sem hver maður hlýtur að vita.

Í 26. og 27. gr. er minnzt á engjaítak, og þar hefur menn greint á til hvers tíma að beita megi. Meiri hl. n. 1876: þangað til 6 vikur eru af sumri, og n. d. 1881: þangað til 3 vikur eru af. Jónsb. llb. ákveður 6 vikur af. Talsverður efi má vera, hvað rjett sje í þessu efni eptir ýmsum atvikum, sem kunna að vera, eptir því sem til hagar á hverjum stað. I 28. gr. er minnst á skógarítak, og í 29. gr. á öll önnur ítök, og svo endar kap. allur með úrskurði eptir *óvilhallra* manna mati, eins og ákveðið er í 17. gr., og hef jeg þegar áður minnzt nokkuð á þessa spónnýju ákvörðun. Kaflinn um brot móti landrjettindum snertir að mjög miklu leyti þau atriði, sem almenn lagasetning er um í hinum almennu hegningarlögum, eða fellur undir sjerstakar lögregluákvarðanir, eptir atvikum þeim, sem eru á stað hverjum, og virðist því í raun og veru ekki eiga heima á þessum stað, að því er snertir hegningarákvarðanir til sekta fyrir eignarspjöll. Þó verður ekki móti því borið, að mjög æskilegt væri, að ákvörðunum út af ólöglegri beit, innsetningu fjár, útlausn þess o. s. frv. væri safnað í eina heild, og um það gefin ljósari og skýrari lög en í hinum mörgu ákvörðunum í Jónsb., sem í þessum atriðum er ekki ætíð mjög ljós. Ákvarðanir frv. eru alveg ónógar, og ekki hægt að fylla þær út og auka.

Um VI. og VII. kap. leyfi jeg mjer að vísa til nefndarál.

VIII. kap., sem er um afrjettir, fjallskil, fjármörk, melrakkaveiðar o. fl. inniheldur mjög margar ákvarðanir, sem eru vafasamar og ónákvæmlega orðaðar, og það mun varla verða sagt að um þessi efni hafi tekizt að semja frv. til almennra laga, sem sje fullnægjandi, en hitt mun mega fullyrða, að tæplega mun vera unnt að ganga svo frá þessum kafla, að hann eigi alstaðar við eptir því, sem til hagar hjer á landi og það mjög mismunandi á ýmsum stöðum.

IX. kap. „um nýbýli“ hefur nú að nýju verið settur inn í stj.frv. eptir að n. d. alþ. 1881 hafði numið hann burt og einungis látið standa eptir hina meinlausu en þarflitlu 104. gr.: að stofnun nýbýla skyldi komin undir samningum og nýbýlið skoðað sem hjáleiga.

Þess skal að eins getið, að öll ástæða

er til þess að fallast á, að kaflanum um nýbýli sje sleppt, af þeim hinum sömu ástæðum, sem n. d. hafði til þess.

Í X. kap. felast ýmsar ákvarðanir, sem miður eru vel til fallnar og ekki sízt 104. gr., sem er næsta ónóg, og heldur ekki veitir nægatryggingu, t. a. m. að „*atkvæðafjöldi*“ skuli ráða, ef fleiri en tveir eiga jörð, en ef tveir eiga, sá er meira á í jörðinni, og ef þeir eiga jafnt eiga „*óvilhallir menn*“ að kveða á um, hver skuli hafa byggingarráðin.

Hinar almennu grundvallarreglur, sem gilda um sameign, mundu verða affarasælli, ef að þeim væri beitt í þessu efni.

106. gr. er ónákvæmlega orðuð, því þar er ekki tiltekið að dýrleikanum öllum skuli og skipta. 107. og 108. gr. ræðir um: þegar jörð eða jarpartur er lagður niður undir aðra jörð. Eptir 41. gr. frv., má sami maður búa á tveimur jörðum eða fleirum, og þarf ekki að halda jarðarhúsum á þeim fremur en hann vill. Til þessa þarf hann ekki samþykkis sýslunefndar, en eptir 107. og 108. gr. má hann ekki leggja eina jörð til annarar, nema sýslunefnd mæli með því og lh. samþykki það. Að ein jörð sje lögð undir aðra til ábúðar eða tvær jarðir sameinaðar sem heild mun alloptast falla svo saman, að ekki sje ráðlegt að veita fullkomið frelsi til ábúðar á fleiri jörðum, en áskilja þvert á móti meðmæli sýslun. og samþykkt landshöfðingja í hinu tilfellinu, því það verður þýðingarlítið úr því hin reglan eptir 41. gr. verður notuð sem optast.

Jeg hefi áður hreift því, að 117. gr. er mjög háskaleg eins og frv. nú er, og með þessum athugasemdum vil jeg hafa reynt að sanna, að það ekki getur staðizt að nema úr lögum það, sem fram á er farið, og allrasízt þær ákvarðanir, sem felast í Jónsbók. Og þó eru þessar aths. ekki svo ýtarlegar sem skyldi eða svo nákvæmar, að á þeim verði byggt, ef til vill, í hverju sjerstöku atriði. Það má ganga að því vísu að mjer hafi skjátlazt í nokkru í þessu máli, enda er það of umfangsmikið til þess, að einstakur maður eða jafnvel nefnd, sem hvorutveggi hafa lítinn tíma eða föng, geti ráðið við það. En þó að mjer hafi skjátlazt, þá má mörgu bæta við, ekki sízt ef frv. er skoðað sem heild og hin einstöku atriði borin saman, eða alls þess marga gætt, sem í frv. hefði átt að standa og ekki finnst þar. Það hlýtur að standa óhaggað, að engin ástæða er til þess, að gjöra sjer lengur og það aptur og aptur í hugarlund, að hjer liggi fyrir systematiskt frv., sem bæti úr öllum þörfum og geti miðað til framfara landsins. Að semja slíkt frv., er enginn hægðarleikur, og sú nefnd, sem nú hefur verið sett, hefði gjört sitt ýtrasta til þess, ef hún sjálf hefði fundið nokkurn mögulegleika til þess, að nema burt það, sem er rangt í frv., leiðrjetta það, sem þurfti og fylla út hinar mörgu eyður, sem sýna sig ávallt meiri og meiri, því optar sem frv. er skoðað, og þó sýnist sem menn ekki hefðu mátt við þessu búast, þar sem svo margir ágætir menn hafa að því starfað, og lagt til þess alla alúð, áhuga og lærdóm.

Hinn harði dómur, sem lagður hefur verið á þetta frv., miðar alls ekki til þess í neinu að rýra verk þessara manna eða viðleitni stj. að fá máli þessu sem fljótast lokið, heldur til þess að hvetja menn til varúðar, þegar gengið er að eins áríðandi lagasetningu og þessi er, og þar með líka til að færa sönnur á, að landbúnaðarlög vor eru að aðaleinkenni sínu mjög einföld, þar sem að fullt samningsfrelsi ræður öllu og hlýtur að ráða, en aptur mjög margbrotin, þegar á að fara að gefa reglur eða ákveða, hvernig að skuli fara um reglulegt samningsefni, þegar ekki hefur verið um það samið. Svarið er stutt: eins og vanalega viðgengst í samningum, en alveg ónógt, þar eð ekki er hægt að fá fullvissu um, hvað sje hið vanalega, hverja festu það, sem er að verða vanalegt, hefur fengið, og svo verður ætíð að hafa í huganum, að vaninn einnig myndast misjafnlega eptir stöðum og öðrum atvikum. Allar þær tilraunir, sem gerðar hafa verið svo opt, og það af lögfróðustu mönnum landsins, að skrásetja landbúnaðarlög, sanna að það hefur farizt fyrir af þeirri ástæðu, sem ekki verður gefin þeim að sök, og sem er, að það mun vera óvinnandi verk á fullnægjandi hátt að safna öllum landbúnaðarlögum vorum í systematiska heild, sem gæti orðið óbreytt lög til langframa.

Við öll hin vafasömu spursmál í frv. er enn eitt, sem er til fyrirstöðu, og það er, að enn sem komið er, hafa þeir, er vilja nota Jónsbók, ekki verið svo heppn-

ir, að hún hafi verið gefin út í svo áreiðanlegum texta, sem unnt má vera eptir þeim mörgu og misjöfnu handritum, sem til eru, en sem ekki hafa enn öll verið borin saman. En þó jeg játi, að margt sje nú úrelt í Jónsbók og hún ekki til í góðum texta, þá verð jeg hins vegar að segja, að í henni eru þau gullkorn, og það mörg, sem ekki má fleygja burtu, þó menn sjálfir þykist hafa fundið heppilegri ákvarðanir.

Með þessum orðum sýnist mjer, sem jeg af veikum vætti hafi gjört grein fyrir áliti nefndarinnar, og rjettlætt skoðun hennar í málinu. Vona jeg að meðnefndarmenn mínir leiðrjetti, hafi jeg í einhverju skýrt skakkt frá, eða látið einhvers ógetið, er þeir vildu hafa tekið fram. Um breytingar þær á frumvarpinu, sem nefndin hefur gjört við 6. og 7. kap., læt jeg mjer nægja að vísa til nefndarálitsins, því þar eru til færðar helztu ástæður fyrir breytingunum.

Jón Pjetursson: Jeg verð í öllu verulegu að halda mjer til frumvarps þess til landbúnaðarlaga, sem jeg hef samið, bæði hvað niðurskipun efnisins og efnið sjálft snertir; jeg hef ekkert það enn sjeð, er með nokkrum rökum hrindi nokkru af því, sem þar stendur, en frumvarp það liggur nú ekki fyrir. Eins og h. frsm. sýndi fram á, er stjórnarfrv. mjög ósamanhangandi og jafnvel fyrirsagnirnar sýna, eins og t. d. fyrirsögnin: „ýmislegt um búnaðarmálefni“, að það er eigi ætlazt til að það sje samanhangandi heild. N. áleit að ekki væri til neins að taka fyrir allt frv., en tók fyrir 2 kap. og gerði við þá athugasemdir og verð jeg að álíta, að verði þessir 2 kap. að lögum með br. þeim, sem n. hefur stungið upp á, þá sje virkileg rjettarbót unnin, enda er þessi kaflinn samanhangandi heild, sem öll lýtur að rjettarsambandinu milli landsdrottins og leiguliða.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla nú alls ekki að tala langt mál. Jeg hef, eins og deildinni er kunnugt, komið fram með brtill. í þá átt, að bæta V. kap. aptan við frv. nefndarinnar, og það getur verið, að það eigi ekki við í raun og veru; frsm. hefur haft á móti því og fært ástæður fyrir, að það sje eigi nauðsynlegt vegna Jónsbókar. En þrátt fyrir allt þetta hefur mjer nú þótt nauðsyn til bera að koma fram með brtill. í þessa átt, að bæta V. kap. við, og er það byggt á kunnugleika mínum á því, hvernig til hagar í ýmsum hjeruðum. Mjer þykja líka ákvarðanirnar í V. kap. 35. og 36. gr. góðar, því að víða gengst það við, að fje og gripir eru teknir og settir inn og og útlausnargjaldið sett af handahófi og eigi farið eptir Jónsb. Enda eru ákvarðanir hennar um þetta efni ekki eins skýrar og þær, sem finna má í þeim gr., sem jeg minntist á, og þar til er Jónsb. langt frá í allra höndum. Jeg vildi því helzt að V. kap. hefði komizt með inn í frv. nefndarinnar, og þar sem n. var svo ágætlega skipuð beztu mönnum deildarinnar, þá ímynda jeg mjer, að það hefði ekki tekið svo fjarskalega langan tíma að ræða þennan kaflann líka, og þá af nefndinni að laga hann milli 2. og 3. umr., ef hún finndi ástæðu til þess. En ef gengið verður til atkv. um hverja einstaka gr. frv., þá verður að líkindum hver einstök gr. í V. kap. felld áður en brtill. mín um að bæta V. kap. við kemur til atkv. og þess vegna skal jeg leyfa mjer að biðja h. forseta um, að láta ganga til atkv. um brtill. mína 1. tl. áður en hinar einstöku greinir frv. eru bornar undir atkv.

Forseti: Það, sem þm. fer fram á, getur ekki orðið gjört.

Stefán Eiríksson: Jeg verð þá að sætta mig við úrskurð forseta um uppástungu mína, og ætla því að minnast á brtill. mína við 33. gr. nefndarfrv. og vona jeg að h. n. og d. taki henni vel. Það hefur við gengizt í mínu hjeraði, að ákveðið væri í byggingarbrjefinu, af hverjum húsum svara skyldi álagi; þar er eigi almennt venja að taka út túngarða eða fjárrjettir, og því álít jeg óþarft að setja það í lög, að taka út mannvirki á jörðum, nema þau, sem tiltekin eru í byggingarbrjefum, og að því lýtur brtill. mín og gjörir 33. gr. skýrari. Að öðru leyti fellst jeg fyrir mitt leyti á br. n. við þessa 2 kap. Þó skal jeg gjöra þá athugasemd, að mjer þykir 9. gr. frv. (49. gr. stj.frv.) nokkuð nærgöngul eignarrjettinum og það er eigi laust við, að hún beinlínis skerði eignarrjettinn samkvæmt 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Árni Thorsteinson (frsm.): Mjer er ekkert kærara, en að h. þm. Ask. komi fram með bratkv. um, að V. kap. sje bætt við,

en þá vil jeg leyfa mjer að ráða honum sjerstaklega til að hafa hliðsjón af 31.-34. kap. í landsleigubálki. Ímynda jeg mjer að n. öllu heldur aðhyllist kaflann, ef fremur væri farið eptir Jónsbók en frv. Viðvíkjandi brtill. hans við 33. gr. í nfrv., þá lízt mjer viðurhlutamikið að aðhyllast brtill. hans, því eptir henni verður ekki hægt að styðjast við neitt, ef ekkert byggingarbrjef er til, og þó byggingarbrjef sje til og það vel úr garði gjört, þá er stærð húsa og ásigkomulag þeirra eigi svo nákvæmlega til tekið þar sem í úttektarbókinni. Jeg skal leyfa mjer að mæla fastlega fram með því, að þessi ákvörðun sje látin standa eins og hún er í nefndarálitinu.

Ásgeir Einarsson: Við 1. umr. gjörði jeg ráð fyrir að tala ekki mikið í þessu máli, enda ætla jeg nú heldur ekki að vera langorður í þetta sinn. H. frsm. hjelt og langa og snjalla ræðu og gaf margar og miklar upplýsingar, en þrátt fyrir það allt, bendir allt á það, að þetta frv. komizt ekki í gegn á þessu þingi. Frv. verður nú bráðum sent hjeðan til n. d. og þá þykir mjer nú sennilegt að henni þyki nú frv. sitt 1881 betra ekki síður en e. d. frv. sem hún bjó til 1879, og þegar svo n. d. leggur sitt gamla frv. til grundvallar, en e. d. heldur fast við sitt, þá mun nú fara að sjást, hvað verður úr samkomulaginu, og næst mjer er að halda að úr öllu þessu verði sá grautur, sem að minnsta kosti aldrei verður fullsoðinn á þessu þingi. Ef jeg nú lít á sumar einstakar greinir í frv., þá er jeg öldungis samdóma h. frsm. um það, að 8. gr. sje óheppileg. Jeg get frætt h. frsm. um það hvernig á því stendur, að greinin var samin svona. Jeg var þá á þingi og þá stóð svo á, að hæst gengu selaskotin, og þótti mönnum þá eina ráðið til þess að friða veiðina, að láta veiðirjettinn fylgja jörðinni, þannig að eigi væri hægt að skilja hann frá henni; þótti mönnum sennilegt, að þá mundi leiguliðinn hafa betur eptirlit og gát á en landsdrottinn, sem vel gæti búið langt í burtu. Þessa gr. hefur nú stj. tekið upp aptur, þó það sje takmörkun á eignarrjettinum og þannig á móti stjórnarskránni. Um álnarkefli hefur orðið mikil þræta. Ýmsir rekaeigendur hafa beitt þessu svo, að láta ábúandann vera skyldan til að velta upp stóra rekanum fyrir smákeflin. Sumir hafa skilið álnarkefli svo, sem með því væri meint þau kefli er væru álnarvirði. En sá skilningur mun ekki rjettur og mun vera að kenna ókunnugleika. Álnarkefli mun víst eiga að þýða álnarlöng kefli að því er jeg ætla. 19. gr. mun koma í bága við veiðilögin, en ef farið hefði verið yfir allt frv. hefði verið hægt að leiðrjetta það. Viðvíkjandi V. kap. þá er jeg alveg á máli h. þm. Ask. og jeg skal lýsa því hjer yfir, að það er sá kafli frv. sem jeg hefði langhelzt kosið að orðið hefði að lögum. Jeg hef einusinni talað við einn þann bezta lögfræðing, um innisetu búpenings, og vísaði hann til Jónsbókar og spurði um löggirðingar. N. var svo prýðilega mönnum skipuð, að jeg get ekki betur sjeð, en að hún hefði vel getað tekið fyrir stærri kafla úr frv. en hún hefur gjört; jeg hef ekkert á móti því, að þessi kafli, sem hún nú hefur tekið fyrir um bygging, ábúð og afnot jarða, væri sjer, en jeg held satt að segja, að menn græði lítið á þessum kafla, og það verð jeg að segja, að jeg álít alveg rangt að eyða tímanum til hins minna nauðsynlega en sleppa hinu meira nauðsynlega. En jeg skal eigi eyða fleiri orðum um málið í þetta sinn; jeg ímynda mjer hvort sem er, að það eigi fyrir þessu frv. að liggja að bera beinin í neðri deildinni.

Atkvgr: 1.—3. gr. felld hver um sig með 9 atkv.; 4.—7. gr. felld hver um sig m. 8 atkv.; 8. gr. felld m. 9; 9.—29. gr. hver um sig felld m. 8 atkv.; 30.—40. gr. felld hver um sig m. 8:2; að 41. gr., svo orðuð sem í n.ál. (C 210) verði 1. gr. sþ. í e. h.; 42.—48. gr. frv. (2.—8. gr.) með br. n. sþ. hver um sig í e. h.; 49. gr. (9. gr.) m. br. n. sþ. með 9 atkv.; 50.—55. gr. (10.—15. gr.) m. br. n. sþ. hver um sig í e. h.; 56. gr. (16. gr.) sþ. m. 8; 57.—77. gr. (17.—33. gr.) m. br. n. sþ. hver um sig í e. h.; brtill. Stefáns Eiríkssonar við 33. gr. n.frv. felld m. 6:1; br. n. v. 78. gr. (34. gr.) *a* sþ. m. 9, *b* sþ. í e. h.; að 79.—117. gr. frv. falli burtu sþ. í e. h.; fyrirsögn n.frv. sþ. í e. h.; brtill. St. E. tl. 1., 2., 3. og 5. tekin aptur.

Mál. vís. til 3. umr. með 9 atkv.

Frumvarp til laga um skipun nefndar til að ræða kirkjumál (C 219); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal nú eigi taka upp ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir frv. þessu og eigi heldur ítreka mótmæli þau, sem komið hafa fram gegn því, að því leyti, sem þeim hefur verið svarað. Það er venja skynsamra foreldra, að leita atkvæðis barnsins, þegar að því er komið, að lífsferill þess eigi að taka stefnu í vissa átt, og þetta gjöra foreldrarnir jafnvel áður en barnið er myndugt; það er ekki þar með sagt, að foreldrarnir fari ætíð eptir vilja barnsins; en hitt vilja allir skynsamir foreldrar: vita vilja barnsins. Hjer er eins ástatt með söfnuðina. Hjer í þessu frv. er ekki farið fram á annað, en að söfnuðirnir fái að láta í ljósi vilja sinn og álit, áður en nokkur br. sje gjörð á skipun kirkjulegra mála. Það er full ástæða til að líkja söfnuðinum hjer á landi við börn, þótt ómagaaldur hans sje orðinn langur; nú eru 333 ár liðin síðan hinn síðasti katólski biskup var yfirstiginn. Þessum athugasemdum beini jeg að h. þm. Str. (Á. E.). Hann talaði um, að ei mætti fara hart að börnunum. Svona náttúrlegri og föðurlegri tilfinningasemi átti jeg ætíð von á frá honum, og jeg hefði látið mjer samlíkingu hans, um gang barnanna, vel líka, ef hann einungis hefði látið hana sýna það, sem hún gat sýnt, en ekki leitazt við, að þröngva henni til að sýna það, sem hún með engu móti gat sýnt, nl. að söfnuðirnir væru í því bernskuástandi, að þeir gætu engin afskipti haft af sínum eigin málum. Setjum nú svo, að þetta sje þannig, þá mun öllum skiljast, að slíkt þarf sannarlega br. við; en hvernig verður þeirri br. til vegar komið? Einungis á þann hátt, að fara með söfnuðinn eins og barnið, sem kennt er að ganga. Barnið lærir aldrei að ganga, ef það aldrei er látið sleppa sjer. Söfnuðinum lærist aldrei að vera sannur og rjettur söfnuður í postullegri merkingu orðsins, ef honum alltaf er haldið föstum í klafa ríkisins, í ómyndugrabandi þjóðkirkjunnar. Gjörum ráð fyrir, að söfnuðurinn sje í ómyndugra ástandi; jeg verð að lýsa því yfir, að á því verður *aldrei* ráðin bót nema með því, að söfnuðurinn fái að reyna krapta sína, fái að læra að beita þeim. Þó sumt hvað kunni að fara í handaskoli fyrst um sinn, þá lærir söfnuðurinn smátt og smátt að ganga á sínum eigin fótum, og þar hlýtur að koma, að hann verði fullfær og fullmyndugur, en einungis á þann hátt, að hann fái að reyna sjálfur sína krapta. Barnið, sem lærir að ganga, hrasar opt og dettur í fyrstu eptir að það er farið að sleppa sjer; en þar kemur, að það verður fullfært að ganga eitt. Jeg held annars að mótbárur h. þm. Str. sjeu byggðar á nokkrum misskilningi. Hjer er ei farið fram á, að söfnuðurinn setji sjer lög, heldur segi álit sitt um málið, áður en lög eru skipuð um það. Hjer á að spyrja söfnuðinn, eins og þegar foreldrarnir t. d. spyrja börn sín, hvort þau vilji heldur nema í skóla eða verða bóndi. Hvort heldur barnið kýs, þá geta þó foreldrarnir eins beitt sínum ráðum eptir sem áður. Svo er einnig hjer. Alþingi á að fjalla um starf þessarar nefndar, og jeg vona til, að menn treysti því til að skammta í hófi, og jafnvel þó því mistakizt, þá er rg. eptir. Hann mun varla ráða kg. til að staðfesta neitt glapræði í þessu máli. Annar misskilningur kom og fram hjá sama þm.; hann hjelt að þessi n. ætti að fjalla um margvísleg og margbrotin útgjöld og tekjur kirkjunnar hjer á landi. En það sjer hver heilvita maður, að það er alls ekki tilgangurinn, heldur á n. blátt áfram að gefa ráð um, hvort tiltækilegt sje eða ekki, að fjárhagur kirkjunnar sje að skilinn frá lsj. eða ekki. Enn hefur og misskilningur komið fram hjá h. 6. kgk. þm. (S. M.). Hann áleit, að þessi n. hlyti að valda miklum kostnaði og ærnum útgjöldum fyrir lsj., ef jeg man rjett, um 3000—4000 kr., og að árangurinn af starfi þessarar n. mundi ekki svara kostnaðinum eða standa í rjettu hlutfalli við hann. Jeg skal nú engu spá um framkvæmdir þessarar n. og árangurinn af þeim, sem munu eiga langt í land, þó ust. komi á pappírnum frá n. um ýmsar framkvæmdir í þessu máli. En um það get jeg fullvissað h. 6. kgk. (S. M.), að hann hefur reiknað skakkt kostnaðinn, eða honum hefur þótt verkefni þessarar n. svo margbrotið og umfangsmikið, að kostnaðurinn við hana hefur tvöfaldazt. N. þarf í lengsta lagi 4 vikur til starfa síns, og í mesta lagi 2 vikur að jafnaði fyrir hvern nefndarmann til ferðarinnar, og þannig verða það einungis 6 vikur, sem dagpeningar eiga að greiðast fyrir, sjeu nú dag-

peningarnir reiknaðir 6. kr., þá verður þó þetta eigi nema 1764 kr., sem ganga til nefndarfundarins. En líklega mun 1 vika nógur tími til ferðarinnar að jafnaði fyrir hvern nefndarmann, því sumir munu að líkindum eiga mjög skammt, þó sumir kynnu að eiga nokkuð langt, og þá yrði kostnaðurinn ei nema 1470 kr. Jeg get ei ætlað, að þingið sjái minnstu ástæðu til að draga sig tilbaka vegna fjárreiðunnar, ef því á annað borð sýnist málið mikilsvert og þýðingarmikið. Og jeg hef það traust til h. þd. að hún líti svo á þetta mál, sem það sje mikilsvarðandi fyrir kirkjulíf hjer á landi og framtíð safnaðarins, og felli eigi málið að þeim ástæðum að fje, sem með engu móti getur mikið heitið, verði að ganga til þess; það er sannfæring mín að h. þd. láti nú málið ganga til 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg held nú, að þegar öllu er á botninn hvolft, þá verði minna á milli mín og h.þm. N.Þ. (B. K.) en sýnist. Hann segir, að söfnuðirnir eigi að fá að láta í ljósi vilja sinn, áður br. sjeu gjörðar; þetta vil jeg líka. En hvar er vissan fyrir því, að það sje orðinn almennur vilji að þessu máli sje hreift? Jeg hef hvergi sjeð getið um raddir í þá átt og sjálfur hef jeg aldrei heyrt þær. Það er satt að margar raddir heyrast um kosningu presta, það skal jeg fúslega játa, en um kirkjuþing eða kirkjunefnd muh hvergi vera talað eða óskað eptir nemaef það skyldi vera í kjördæmi h. þm. Nþ. (B. K.); þegar þar að kemur að menn fara að hreifa slíku, þá sýnist mjer liggja næst að hjeraðsfundirnir sendi byskupi tillögur sínar í þeim efnum, og hann geti þá dæmt um, hvort eða að hve miklu leyti þær væru á skynsamlegum rökum byggðar. Jeg tel það engan skaða, þó þetta mál dragist enn nokkura stund, því „flas er sjaldan til fagnaðar", segir málshátturinn, og í þessu get jeg ekki betur sjeð, en flas sje hið skaðlegasta. Og jeg sný aldrei aptur með það, að það er að hrapa að málinu að fara nú að setja nefnd og grauta í því fram og aptur, því að sannleikurinn er, að menn út um land eru enn ekki vaknaðir til að hreifa þessu máli. Jeg vona til að öllum sjeu ljósar ástæður þær, sem jeg hef tekið fram; fyrir mig hafa þær það gildi, að jeg get með engu móti greitt atkv. með frv.

Jón Pjetursson: Jeg get ekki betur sjeð, en nóg væri, að söfnuðirnir skrifuðu biskupi, ef þeir æsktu br. á því fyrirkomulagi sem er, og gæti svo biskup lagt þessar tillögur safnaðanna fyrir synodus; það sparar mikið fje.

Benidikt Kristjánsson: Áður en jeg tek gilt að það nægi, vil jeg að mjer sje bent á eitthvert mikilsvarðandi mál, kirkjustjórninni til bóta, sem komið hefur frá synodus.

Atkvgr.: 1. gr. felld með 5 atkv. móti 5; 2. gr. f. m. 5:5; 3. gr. f. m. 5:5; 4. gr. felld með 5:5.

Málið þannig *fellt* frá 3. umr.

Frv. til laga um br. á 1. gr. 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 (C 38); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. í e. h., og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Till. til þgsál. um ávarp til konungs (C 200); fyrri umr.

Sighvatur Árnason: Á almennum sýslufundi í kjördæmi mínu var þm. kjördæmisins falið það á hendur, að bera fram á þingi, að alþingi vottaði þakklæti Íslendinga á þann hátt, sem því sýndist við eiga, til Dana og annara útlendra þjóða fyrir hinar miklu og stórkostlegu gjafir, er komið hafa hjer á landi að miklu gagni til þess að fyrirbyggja hungursneyð. Jeg skal eigi fjölyrða um þetta mál, en leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna n. verði sett til þess að íhuga till. okkar og gjöra uppástungur eða semja ávarp eptir því sem n. þætti eiga við, og sömuleiðis, að þessari fyrri umr. verði frestað.

Magnús Stephensen: Jeg get eigi betur skilið, en að óþarfi sje, að setja n. í þetta mál, því að ef h. þd. er mikið áfram um ávarp, þá getur hún tekið ávarp n. d. og haft það sem fyrirmynd fyrir sínu ávarpi, því bezt færi á, að ávörpin væru samhljóða; en jeg verð að álíta, að ávarpið sje allsendis óþarft.

Sighvatur Árnason: Jeg vil halda því fram, að þessi deild einnig sendi ávarp, en ef h. þd. lízt vel á ávarp n. d., sýnist mjer ekkert á móti því, að hún

taki það til fyrirmyndar. Það get jeg vel fellt mig við, en jeg sje enga ástæðu til að taka aptur ust. okkar um, að þessi þd. sendi sjerstakt þakklætisávarp fyrir hönd þjóðarinnar.

Forseti: Það mundi bezt eiga við, að þessi þd. hagnýtti sjer ávarp n. d. og samþykkti það einnig sem ávarp frá sjer, þannig, að einungis í forminu yrðu tvö ávörp, sitt frá hvorri þd., en bæði væru eins orðuð. Vona jeg að h. flm. falli frá því, að frestað sje fyrri umræðunni.

Sighvatur Árnason: Jeg skal gjarnan falla frá því, að fyrri umræðunni sje frestað, en held því fóstu, að n. sje kosin.

Forseti: Jeg vona þá, að enginn sje á móti því, að 3 manna n. sje kosin í þessu máli.

Magnús Stephensen: Jú, jeg er á móti því, að n. sje sett.

Var því næst gengið til atkv. um, hvort n. skyldi sett, og var það fellt með 5 atkvæðum gegn 5, og var till. til þgsál. þar með *fallin.*

Tuttugasti og sjöundi fundur, miðvikudag 1. ágúst. Allir á fundi, nema Árni Thorsteinson, sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Frv. til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 166); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson (frsm.): Frv. þetta er nú komið þetta áleiðis, án þess að br. hafi verið bornar upp við það, nema br. n. (C 225), en þær eru mjög litlar bæði að fyrirferð og efni, enda munu menn segja að frv. sje stuttort og hafi eigi margar ákvarðanir. Nú áleit n., að í frv. skyldi að eins það tekið fram, er nauðsynlegt væri í lögum, en aðrar ákvarðanir skyldu bíða þess, að reglugjörð yrði samin fyrir stofnun þessa, ef hún kæmist á fót. Fyrsta br. sem n. hefur stungið upp á á frv., er, að komi „minnst 100 kr." í 3. gr. í stað „200 kr.", og er það einungis gjört til þess að gjöra mönnum sem hægast fyrir að verða hlutabrjefseigendur. Önnur br. n. er sú, að seðlar skuli ei einungis vera 5 kr. og 50 kr. seðlar, heldur einnig 10 kr. seðlar, og er stungið upp á þeirri br. af þeim ástæðum, að almenn reynsla er fyrir því, að stærri seðlarnir streyma langt um heldur inn til bankans til innlausnar en hinir smærri, en 10 kr. seðla má telja með hinum smærri, og auk þess verða seðlarnir því hægari í viðskiptum manna á milli sem þeir smærri eru fleiri og greiða betur fyrir viðskiptunum. Við 6. gr. hefur n. einungis stungið upp á orðabreytingu „lögboðin gjöld" í staðinn fyrir gjöld til lsj., og gjörði n. það til þess að gefa orðunum rýmri þýðingu. Við 8. gr. er stungið upp á þeirri br. einni, að ein setning flytjist nokkuð til og þótti n. sem betur færi á því málsins vegna. Við 11. gr. er stungið upp á nokkrum br., sem allar miða að því, að gefa lsj. rýmri hendur við stofnun bankans; svo er og stungið upp á, að sleppa nokkrum ákvörðunum úr og er það gjört vegna þess, að slíkar ákvarðanir þóttu fremur eiga heima í reglugjörð en lögum. Við 12. gr. hefur n. stungið upp á því, að hækka 10000 kr. upp í 15000 kr., til þess að koma bankanum á stofn. N. gat ei fyllilega sjeð hve mikið fje mundi þurfa, en hún sá það, að allmikið mundi þurfa, einkum ef strax þyrfti að byggja hús fyrir bankann. N. leizt heppilegra að veita stj. strax heimild til að verja meir en 100000kr. til stofnunarinnar, en að hinu leytinu þarf hún engan veginn að brúka meira fje en nauðsynlegt er. Jeg man ei eptir að nokkrar mótbárur sjeu enn komnar fram eða brust.; það eru einungis athugasemdir minni hlutans; en þær eru svo vaxnar, að þær ekki í neinu verulegu eru gagnstæðar meiri hlutanum; það skyldi þá vera það, að hann áliti ei ráðlegt að stofna banka af fje landsins, með því að það væri eigi ætlunarverk lsj., en viðurkennir jafnframt nauðsyn á slíkri stofnun hjer á landi. En má jeg spyrja: er það eigi ætlunarverk lsj., að koma á fót þeim stofnunum, sem nauðsynlegar eru fyrir þrif og auðsæld landsmanna? Ef svo er, þá verður það hrein og bein skylda lsj. að koma bankastofnun hjer á landi á fót, því þessi stofnun, sem allir játa og verða að játa að sje nauðsynleg oss, kemst annars ekki á, þar sem það hefur verið tekið fram, að engin von sje til, að prívat-banki komizt hjer á fyrst um sinn, og þá er enginn annar kostur fyrir hendi, en að stofna banka með lsj. eða af hans fje. Þessa er þörf og þetta er nauðsyn, og þá er það

skylda lstj. að taka tillit til hennar og það því fremur sem þetta fje, viðlagasjóðurinn, er á rentum þúsundum saman erlendis, en landsins börn, sem eiga þetta fje, vantar fje til nauðsynlegra framkvæmda og til eflingar ýmsum fyrirtækjum.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa, að slík stofnun muni mjög nauðsynleg. En eins og h. frsm. tók fram, er prívatbanki viðurkenndur af bankafróðum mönnum að vera betri og hagfelldari en landsbanki, en jeg skal að hinu leytinu viðurkenna, að eigi er fyrirsjáanlegt, að prívat-banki komist hjer á fót fyrst um sinn, því hjer á landi eru lítil prívat-efni til þess að koma svo stóru fjárfyrirtæki á stofn. Þannig neyðumst vjer þá til að taka lakari kostinn og brúka fje viðlagasjóðsins; þá er það auðvitað, að sú upphæð, sem til bankans gengur, stendur föst og verður ekki brúkuð til annars, eða tekin til annara fyrirtækja, þó þarfleg eða nauðsynleg sjeu. Jeg býst nú við, að menn kunni að svara, að bankinn gjöri mjög mikið gagn og hans vöxtur og viðgangur komi þar í staðinn. Jeg fyrir mitt leyti er nú hræddur um, að gagnið verði ei svo mikið, sem ef því fje, sem til bankans skal varið, væri varið til ýmsra þarflegra og nauðsynlegra fyrirtækja. Jeg hreifi þessu til þess, að h. flm. fái ástæðu til að lýsa enn betur gagni bankans, svo jeg geti sannfærzt um, að betra sje að verja fjenu til hans heldur en á annan hátt. En eitt er jeg hræddur um, og það er, að seðlarnir lendi eingöngu í landinu sjálfu, en peningarnir fari úr landinu meðan seðlarnir gilda ei nema hjer á landi. Bankinn neyðist til að leysa inn seðlana, og þá getur vel farið svo, að peningaþröng verði í landinu, en landsmenn sitja eptir með seðlana, þar sem peningarnir einir verða gjaldgengir til annara landa. Því það er alkunnugt, að peningastraumurinn gengur hjer á landi gegnum kaupmanninn út yfir hafið. Jeg skal nú eigi tala meira að þessu sinni, en vona að einhver af h. nefndarmönnum svari þessum athugasemdum *mínum*.

Benidikt Kristjánsson: H. 1. þm. Rvl. tók fram 2 atriði, sem reyndar eigi voru beinlínis móti bankastofnun, en ganga þó í þá átt að rýra traustið og álitið á landsbanka. Fyrst var það, að viðlagasjóðurinn eða 500000 kr. af honum yrðu með því fyrirkomulagi settar fastar; hann játar, að það geti orðið til mikils gagns að lán fáist úr bankanum, en hugsar sjer þó einhverja enn betri og haganlegri meðferð á viðlagasjóðnum, ef hann væri laus og hvergi settur fastur. Jeg get nú eigi betur sjeð, en að í þessu efni geti bankastjórnin brúkað eða hagnýtt peningana eins vel og landsstjórnin. Með bankafyrirkomulaginu yxi fjeð, útlánsfjeð gæti verið móti fjárstofninum eins og $1^3/_5$: 1. Annars verð jeg að játa, að mjer er ekki ljóst, hver þau fyrirtæki skyldu vera, sem gætu stuðzt með lánum úr viðlagasjóðnum eða landssjóð en ekki með lánum úr bankanum. Það má gjöra ráð fyrir mörgum fyrirtækjum; jeg skal taka til dæmis þýðingarmiklar jarðabætur, brúagjörðir og margt fleira, sem búast má við að vel muni borga sig; en viðvíkjandi öllum slíkum fyrirtækjum, þá efast jeg ekki um, að bankastjórnin spari eigi að lána fje til þess, náttúrlega gegn sanngjarnri tryggingu; jeg ímynda mjer líka að lsj. krefðist einnig tryggingar, ef úr honum væri lánað, þó til nytsamlegra fyrirtækja væri, því ekki get jeg skilið að lsj. sjái sjer fært að svo komnu að *gefa* fje til jarðabóta eða brúagjörða. Þannig vona jeg nú að mönnum sje ljóst, að fyrra atriði h. 1. þm. Rvl. getur eig. skoðast sem ástæða móti bankanum.— Annað atriðið, sem hann kom með, var það, að peningar streymdu út úr landinu með seðilbankafyrirkomulaginu, vegna þess að seðlarnir yrðu eigi teknir gildir utanlands. Það mun sjálfsagt rjett, að lög geta eigi gefið seðlunum gildi erlendis, en frjáls viðskipti geta það og það er hægt að hugsa sjer að viðskipti geti orðið svo vaxin, að seðlarnir hljóti gildi hjá ýmsum útlendum mönnum. Setjum svo, að Íslendingar panti vörur frá útlöndum, t. d. hjá Englendingum þeim, sem koma hingað til hestakaupa, ætli þeir tækju eigi íslenzka seðla gilda? Það mundu þeir sjálfsagt gjöra t. d. Slimon; hann gæti borgað hestana aptur með íslenzkum seðlum. Jeg skal enn einu sinni taka það fram, að með seðilbankafyrirkomulaginu eykst fjeð til útlánsins mjög, og við það hlýtur einnig að aukast fjárkraptur til nauðsynlegra framkvæmda og gagnlegra fyrirtækja. Jeg skal enn taka til dæmis jarðabæturnar; yrðu þær al-

mennar og gjörðar að gagni, þá hlyti vörumagnið, landvörumagnið, að aukast í landinu og við það sparaðist einmitt mikið fje í peningum, sem nú gengur gegnum kaupmannninn út yfir hafið. Þannig gætu seðlarnir orðið til þess að halda peningum í landinu, því að enginn sendir peninga burtu í sekkjum til nauðsynjakaupa, sem hefur sjálfur nógar vörur til að kaupa þarfir sínar fyrir. Bankinn getur verið til mikillar auðsældar í landinu og jeg vona að öllum sje ljóst, að það er fullkomin trygging fyrir því, að peningar flytjist að minnsta kosti ekki meir en verið hefur út úr landinu.

Stefán Eiríksson: Jeg skal fúslega játa það, að jeg ber minna skynbragð á þetta mál en skyldi, en jeg ætla samt að gefa atkvæði með frv., þar sem hinir glöggskyggnari menn deildarinnar hafa fjallað um það. H. frsm. tók fram, að bankinn yrði til þess að auka og efla auðsæld í landinu. En dálítill hanki gæti nú ef til vill verið á auðsældinni, því eitthvað mundi bankastjórinn kosta og svo ef byggja þyrfti nýtt hús fyrir bankann, hús kosta þó ekki svo lítið hjer í Reykjavík. Samt sem áður held jeg nú að bankinn ætti að geta borið sig með þessum kostnaði. Með því bæði meiri og minni hluta nefndarinnar hefur komið saman um það, að banki sje nauðsynlegur, þá ímynda jeg mjer þess vegna, að bankinn muni gjöra gagn, og þar þetta er áhugamál þingsins, þá ætla jeg ekki með atkvæði mínu að stuðla til þess að málið nái ekki fram að ganga, ef það gæti orðið landi og lýð til framfara

Einar Ásmundsson: Það er búið að svara mótbárum þeim, sem fram hafa komið, ef jeg á að kalla atriði þau, sem h. 1. þm. Rvl. tók fram, svo. Hann var hræddur um, að með því að setja peninga viðlagasjóðsins í banka, mundu þeir festast. Jeg get engan veginn verið honum sammála í þessu, þó við optast sjeum samdóma um þingmál. Við það að peningunum er varið til bankastofnunar verð jeg einmitt að álíta, að peningarnir verði lausari fyrir og handhægri fyrir fólk að brúka þá. Nú sendum vjer peninga vora til Danmerkur og kaupum þar fyrir þá dönsk ríkisskuldabrjef; þannig lánum vjer í raun rjettri Dönum þetta fje og þó er hjer fjöldi manna sem bráðliggur á fje til nytsamlegra og gagnlegra fyrirtækja. Þó jeg elski Danastjórn, sem jeg nú sjálfsagt gjöri ekki svo lítið, þá veit jeg að þetta fje dregur Dani svo sem ekki neitt, en það dregur meira menn hjer, að fá þessa peninga lánaða. Það má nú reyndar segja, að fje megi fá beinlínis eins vel úr viðlagasjóðnum. (*Magnús Stephensen*: Jú, það fæst og hefur fengizt). En það er þó ekki alveg rjett. Það eru ekki svo lítil vankvæði á lánum úr viðlagasjóði; lh. verður þá að vera bankastjóri og það er ekki lítil fyrirhöfn, ef mörg veð er að annast. Lh. hefur mörg önnur vandasöm störf á hendi, og jeg ímynda mjer, að hann megi ekki missa mikinn tíma frá þeim störfum sínum til að standa fyrir peningaverzlun. Jeg verð stórlega að efa það, að lh. geti misst tíma til þess að annast útlán úr viðlagasj. Jeg ímynda mjer, að öllum hljóti að virðast það heppilegra, að leggja fje viðlsj. í banka með sjerstökum bankastjóra. Peningarnir festast ekki eða hverfa við það, eins og mjer skildist að h. 1. þm. Rvl. ætlaði. Landið fer þá með fje sitt sem maður, er tekur peninga sína úr kistli, sem svo er stirðlega læstur, að hann á örðugt með að ná upp úr honum peningum, þó honum liggi mikið á, og flytur þá yfir í annan kistil, sem hægt og auðvelt er að ljúka upp. En eitt tók h. 1. þm. Rvl. fram, sem ef til vill var á beztum rökum byggt, og það var, að örðugra mundi að fá fje úr bankanum en úr lsj. til *ýmsra* fyrirtækja. Það mun rjett; jeg get vel hugsað mjer að örðugra mundi t. d.. um hallærislán úr bankanum en úr lsj. Það eru sum hjeruð sem alltaf segjast eiga við hallæri að búa og alltaf þurfa á hallærislánum að halda til þess að afstýra yfirvofandi neyð, hversu skært sólskin og hversu fjörgandi dögg sem drottinn lætur falla yfir landið. Jeg skal fúslega viðurkenna að það mundi erfiðara, að fá þess konar lán úr bankanum en úr viðlsj., því undir slíkum hallærislánabeiðslum felst optast nær von um uppgjöf síðar meir á láninu. Þeir sem vilja verja viðlsj. til þessara fyrirtækja, munu hafa minni von um að fá slíku framgengt, ef banki er stofnaður af viðlsj.; því alþingi, sem optast mun reynast miskunnsamt við hallærishjeröðin, hefði að líkindum minni hönd yfir bankanum en yfir viðlsj. Jeg álít nú satt að segja enga nauðsyn vera

á þessum stórkostlegu hallærislánum. Það sem haft hefur verið móti frv.. hefur ei farið í þá átt, að fyrirtækið væri ei nauðsynlegt, heldur munu þeir, sem hreift hafa atriðum gegn frv., vera þeirrar skoðunar, að bankastofnunin hjer á landi ætti að vera öðruvísi. Við þá menn, sem af þessum ástæðum eru á móti bankastofnun, eins og vjer flutningsmenn þessa máls hugsum oss hana, er jeg ekki hræddur; en jeg er hræddur við hallærisbænarskrár og hallærisnefndir, að þær geti hæglega eyðilagt þetta fyrirtæki, stofnun bankans, er jeg álít þó einhverja mestu nauðsyn fyrir landið. Jeg vil samt vona, að hallæriskveinið verði ekki þröskuldur á leið málsins og að h. 1. þm. Rvl. af þeim sökum greiði ekki atkv. móti frv.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa með hinum h. frsm. (B. Kr.), að greiðara verður að fá lán úr bankanum en úr viðlagasjóði, og það er einmitt það, sem mest og helzt gjörir, að jeg er þessu máli meðmæltur og gef atkv. með frv. En þar sem jeg sagði að stofnfje bankans yrði fastara en það nú er í viðlagasjóði, þá hafði jeg í huga, að það væri ekki unnt að fá það til stórvaxinna fyrirtækja án þess að borga vexti af því. Þar í móti hafði jeg hvorki í huga hallærislán eða hallærisgjafir. Mjer datt þetta alls ekki í hug, þó þm. Ef. (E. Ásm.) bendi að mjer heilmiklum kapítula í þá átt, að jeg mundi mest kvíða fyrir að fje fengizt ekki eins greitt til þessa eins og ef það lægi kyrrt í viðlagasjóði, en væri ekki tekið til að stofna bankann. Jeg hefi ekki vílað meira en aðrir í þetta sinn. Jeg hafði í huga stórkostlegt lán eða styrk leigulaust t. a. m. til brúa og vegagjörða yfir ár eða stóra kafla af landinu, sem einstök hjeruð eða einstakir menn ekki væri færir um að kosta. Menn kunna að svara, að efla eigi og auka vegabótasjóðina, svo þeir geti staðizt þennan kostnað, en það er „hægra að segja en að gjöra", að fá slíkt fje með þeim sköttum og skyldum, sem á mönnum hvíla. Jeg tek þetta að eins sem dæmi upp á það, sem jeg meinti áðan. Sem sagt, jeg játa það fúslega, að miklu greiðara muni verða að fá lán úr bankanum en viðlagasjóði, og það er líka einn aðalkosturinn við bankann. Hins vegar skal jeg taka það fram, að jeg gat ekki vel sannfærzt af orðum frsm. (B. Kr.), að peningarnir færi ekki fremur út úr landinu en inn í það. Og ef sá ótti rættist, sem jeg hef fyrir þessu, þá yrði óhægra með alla borgun innanlands, því seðlarnir eru ekki eins handhægir í smáviðskiptum manna í milli sem peningar. Samt skal jeg ekkert þrátta um þetta, því jeg vil með engu móti spilla fyrir málinu.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. m. 7 atkv.; 2. gr. sþ. m. 6 atkv.; br. n. við 3. gr. (C 225) sþ. m. 7 atkv.; 3. gr. þannig breytt sþ. m. 7 atkv.; br. n. við 4. gr. sþ. m. 7 atkv.; 4. gr. þannig breytt sþ. m. 7 atkv.; 5. gr. sþ. m. 7 atkv.; br. n. við 6. gr. sþ. m. 7 atkv.; 6. gr. þannig br. sþ. m. 7 atkv.; 7. gr. sþ. m. 7 atkv.; br. n. við 8. gr. sþ. m. 7 atkv.; 8. gr. þannig br. sþ. m. 7 atkv.; 9. gr. sþ. m. 7 atkv.; 10 gr. sþ. m. 7 atkv.; br. n. við 11. gr. tl. 5. sþ. m. 7 atkv.; br. n. við s. gr. tl. 6. sþ. 7 atkv.; br. n. við s. gr. 7. tl. sþ. m. 7 atkv.; 11. gr. þannig breytt sþ. m. 7 atkv.; br. n. við 12. gr. sþ. m. 7 atkv.; 12. gr. frv. þar við fallin. Fyrirsögn frv. sþ. m. 7 atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 7 atkv.

Frv. til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða (C 230); 2. umr.

Atkvgr.: Liðurinn a sþ. m. 6 atkv.; b., sþ. m. 6 atkv.; c., sþ. m. 5 atkv.; d., sþ. m. 5 atkv.; e., sþ. m. 7 atkv.; f., sþ. m. 5 atkv.; g., sþ. m. 5 atkv.; h., sþ. m. 5 atkv.; i., sþ. m. 6 atkv.; k., sþ. m. 6 atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 6 atkv.

Frv. til l. um horfelli á skepnum (C 231); 2. umr.

Einar Ásmundsson: Þó jeg hafi ekki neina stóra von um, að lög um þett efni geti orðið að mjög verulegum notum, þá álít jeg þó, að þau fari í rjetta stefnu og geti í öllu falli ekki orðið til óhagræðis. Það má með sanni kallast slæmt ásigkomulag á voru landi, að menn skuli ekki hugsa um að hirða skepnur sínar svo vel, að menn geti haft þeirra full not, en láta þær þar í móti falla úr hor. Við þetta líða bæði einstakir menn og landið allt hinn mesta baga. Jeg því vil held-

ur styðja að því, að lög um þetta efni nái fram að ganga, en álít að þau geti orðið betur úr garði gjörð með þeim br., sem jeg hefi leyft mjer að gjöra við frv. Í frv. n. d. er ekki gjört ráð fyrir, að neitt sje sekta vert í meðferð á skepnum, nema horfellir, þ. e. að menn kvelja lífið fullkomlega úr skepnunum; en jeg hefi stungið upp á að taka inn orð, sem lúta að því, að það sje líka sekta vert, ef fjenaður verður horaður, þó lífið hangi í honum. Í frv. n. d. eins og það er til vor komið, er 3. gr., að minni ætlun, óþörf, þar sem 299. gr. hegningarlaganna ákveður sektir fyrir grimmdarfulla meðferð á skepnum. Þessi lög þarf ekki að skerpa með nýjum lögum, því þau eru nú í fullu gildi. Hjer þarf að eins að semja lög um það, sem hegningarlögin ekki ná yfir. Í þessa stefnu hefi jeg reynt til að víkja frv. með brt. minni, af því jeg álít það til bóta. Það er sannarlega mikið mein meðal vor bænda, hvað illa vjer förum margir hverjir með skepnur vorar, og jeg er hræddur um að það muni víða eiga sjer stað, að menn hafi ekki gát sjer í lagi á einu atriði. Það er sá siður, að láta skepnurnar ganga eða plampa sem menn segja, fram eptir vetrinum hjúkrunarlausar, þangað til þær eru farnar að leggja af. Þetta á að vera gjört til að spara fóður, en verður þó einungis til skaða. Menn spara fóðrið, en einmitt með því spilla menn skepnunum og gjöra sjer margfalt meiri skaða og eyða margfallt meiri en fóðursparnaðurinn nemur, því sparnaður getur opt líka orðið eyðslusemi. Sú skepna, sem er í góðum holdum, er miklu meira virði, en sú, sem er mögur. Þegar skepnan er farin að leggja af, þarf miklu meira fóður til að halda þeirri skepnu við, heldur en annari sem ekki hefur verið látin verða mögur, því meltingarkraptur skepnunnar minnkar að því skapi sem hún leggur meira af. Henni verður ekki gagn að því, að jeta það fóður, sem hún ekki getur melt. Allir hugsandi bændur sjá þetta og álíta þessa óskynsömu meðferð á skepnum hið mesta mein búskaparins. Jeg ætla mjer ekki að fara að halda neinn búfræðislegan fyrirlestur fyrir hinni h. þd., en hefi þó álitið nauðsynlegt að minna á þetta atriði. Því jeg er hræddur um, að það, að menn hjúkra ekki skepnum sínum nógu snemma á haustin eða vetrinum, heldur láta þær fyrst verða magrar, sje til mikils hnekkis og ef til vill hin helzta orsök til hallæris í landinu. Það er ekki svo, að árferðið hafi verið verra í mörgum þeim hjeruðum, sem fellirinn varð í fyrra, en víða annarstaðar, þar sem menn björguðust af með skepnur sínar. En jeg er hræddur um, að þessi illi siður, sem jeg gat um áðan, brenni fremur við í þessum fellishjeruðum, en öðrum. Það viðraði alstaðar illa, en þó var það fyrst verið, sem varð fremur venju hart, og skepnur, sem eru í illu standi, þola eigi slíkt, þó skepnur, sem eru í góðu standi, þoli það. Jeg held, að þetta atriði sje mjög hugleiðingarvert, og að lög þessi, þó þau gjöri ekki annað gagn, muni þó vekja menn til umhugsunar um þetta og ýmislegt, sem stendur í sambandi við það.

Sighvatur Árnason: Jeg skal játa það með hinum h. þm. Ef. (E. Á.), að ekki er þægilegt að búa til lög um þetta efni. Slík tilfelli, sem hjer ræðir um, eru meira komin undir áliti manna, en að þau geti vel ákvarðast af löggjafarvaldinu. Jeg er þó á því, að fremur eigi að bjarga þessum greinum til laga, en að fella þær, og hvað br. snertir, sem fram eru komnar, þá álít jeg þær fremur til bóta. Þegar jeg varð var við, að hinn h. þm. Ef. (E. Á.) ætlaði að taka sjer br. við þessa umræðu, þá vonaðist jeg eptir einu atriði, sem hann hefur ekki tekið inn í breytingar sínar. Til þess að koma því að, þarf ekki nema eitt eða tvö orð, og ætla jeg það mundi til bóta. Í 1. gr. frv. er hreppstjórum og hreppsn. gjört að skyldu að „hvetja“ menn til góðrar meðferðar á skepnum sínum. Þessi skylda liggur nú reyndar í sveitarstjórnarlögunum, en er að líkindum gott að hún sje líka brýnd fyrir mönnum hjer. En það hefur sýnt sig, að það dugar ekki nóg, að halda fyrirlestur fyrir mönnum um þetta á mannfundum eða annarstaðar. Því vil jeg bæta inn í lögin, að hreppstjórum og hreppsn. sje gjört að skyldu, að hafa líka „eptirlit“ með heyjaásetningu og fjenaðarhirðingu yfir höfuð. Hreppstj. og hreppsn. ættu að líta eptir hjá þeim, sem eru þekktir að því að setja venjulega illa á

sig eða yfir höfuð fara illa með skepnur sínar. Jeg þekki það, að orðin ein duga ekki í þessum sökum. Þess vegna vil jeg að á undan orðinu „hvetja“ í 1. gr. frv. bæta inn „hafa eptirlit“. Ef hinum h. þdm. þykir þessi viðbót vera málinu til stuðnings og bóta, þá vil jeg koma með br. í þessa átt til 3. umr. Það sem þm. Ef. (E. Á.) tók fram viðvíkjandi aðferð manna við gjafirnar, þá skal jeg játa það með honum, að það getur gjört mikið til, hvað seint menn taka skepnur sínar inn á gjöf. En þar á mót skal jeg ekki með sama þm. fara neitt út í mannjöfnuð eða hjeraðajöfnuð viðvíkjandi fellinum. Mjer er ekki nógu kunnugt, hvernig gengur til í hverju hjeraði til þess, að geta upp kveðið nokkurn dóm um það. Ef hinn h. þm. hefur beint því að suðurlandi, að fellirinn hafi orðið þar vegna illrar með ferðar, þá skal jeg leyfa mjer að benda honum á, að vjer hjer sunnanlands munum hafa átt við lakari kjör að búa í þetta skipti, er fellirinn átti sjer stað, en Norðurland. Þegar vetur er ekki aftaks harður, þá er Norðurland betur statt, því það eru rigningar og slapaveður sem gjörir svo mikið tjón öllum peningi á Suðurlandi, sem var svo framúrskarandi þennan áminnzta fellisvetur, að menn hafa ekki vitað dæmi til slíks; en þess konar er ekki nærri eins hættulegt á Norðurlandi. Þetta má þm. til að játa. Hvað fjehirðingar snertir yfir höfuð, þá dettur mjer ekki í hug að neita því, að þeim er í mörgu ábótavant hjer á suðurlandi, og sje því nauðsynlegt að hvetja menn til umbóta á þeim þrátt fyrir það þó mönnum hafi talsvert farið fram í þessu tilliti hjer á suðurlandi nú hin síðustu 10 ár.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal lýsa yfir því, að jeg er þessu máli heldur meðmæltur. Jeg þykist þekkja svo til meðferðar á skepnum hjer á Suðurlandi, að jeg veit mönnum hjer er mjög ábótavant í þessu tilliti. Jeg get því ekki álitið annað, en að mesta nauðsyn sje til að brýna fyrir mönnum að bæta sig í þessu tilliti. 1. gr.. frv. gjörir hreppstj. og hreppsn. að skyldu að hvetja menn til umbóta í þessu, og eru þeir vel valdir til þess, því til hreppstj. og í hreppsn. eru optast valdir velmetnir og dugandi menn. En jeg felli mig vel við, að því sje bætt inn í frv., að þeir jafnframt skuli hafa „eptirlit“ með meðferð manna á skepnum sínum, því orðið „hvetja“ er of lint, og eptirlitið er alveg nauðsynlegt. Ef það tekst að koma mönnum til betri meðhöndlunar á skepnum sínum, efast jeg ekki um, að það muni verða til mikilla hagsbóta fyrir hvern einstakan mann, og sveitarfjelagið og þjóðfjelagið allt yfir höfuð. Jeg skal líka taka það fram, að jeg felli mig betur við frv., ef br. hins h. þm. Ef. (E. Á.) verða teknar inn í það. Því jeg vil, að þeir, sem kvelja skepnur sínar rjett því nær til dauða, fái viðvörun og hæfilega sekt til sveitarsjóðs. Þessi ákvörðun 3. gr. um sektir samkvæmt 299. gr. hegningarlaganna má að mínu áliti falla burtu sem óþörf. Jeg hefi svo engu hjer við að bæta, en verð sem sagt, með í því, að samþykkja frv.

Stefán Eiríksson: Það er nú búið að ræða þetta mál nokkuð mikið, svo jeg þarf ekki að vera langorður. Það gæti, ef til vildi, verið allgott eða að minnsta kosti skaðlaust, ef lög um þetta efni kæmust fram og vörnuðu mönnum að fella skepnur sínar úr hor. En hins vegar getur mjer ekki dulizt, að þau geta ekki átt alstaðar við. Það vita allir, að sumstaðar er svo lítið um fóður fyrir fjenað, að hann verður að ganga úti og það jafnvel allt heila árið. Jeg vil taka til dæmis Fljótshverfi í Vestur-Skaptafellssýslu. Ef menn þar ættu ekki að setja á nema það fje, sem þeir eiga fóður fyrir, þá yrði það ekki nema sárfáar kindur. Bóndinn á Núpsstað í Fljótshverfi hefur opt átt 600—700 fjár, en aptur er ekki heyskapur á Núpsstað fyrir fleiri en svo sem 40 kindur, 2 hesta og 2 kýr. Bóndinn verður því að láta hitt allt ganga úti, því varla mun tiltök að banna honum að eiga fleira fje, en hann hefur hey fyrir. Það verð jeg að segja, að mjer þætti ísjárvert að hegna honum fyrir það, og það mundi engin valdstjórn gjöra þó hann missti kindur sínar. En ef lög þessi komast út, þá getur það að eins verið aðhald fyrir menn til að fara betur með skepnur sínar hjer eptir en hingað til. Hinn h. þm. Ef. (E. Á.) sagði, að fjenaðurinn mundi hafa fallið í fyrra vor fyrir illa hirðingu. Það getur verið þetta hafi svo verið sumstaðar. En jeg mótmæli því, að það hafi verið alstaðar. Í Austursk. voru

menn búnir að taka fjenað sinn á gjöf um jólaföstu, og höfðu hann inni til summála og var þá fjenaður allur í bærilegu standi. En með sumri datt hríðin á, 26. apríl, svo ekki var einu sinni fært út úr húsum 8—10 dægur fyrir byl og snjódyngjum. Það er nú vitaskuld, að hefðu menn þá átt hey, þá hefði ekki fallið eins mikið og fjell. En hey var hvergi að fá og heyin sárlítil eptir sumarið 1881, og því var það, að menn komust í heyþrot veturinn 1882, enda var hann hinn óblíðasti í Skaptafellssýslu.

Jeg skil ekki að nokkrum manni hefði þá orðið hegnt fyrir illa meðferð á skepnum þeim, sem fjellu, og jeg veit heldur ekki til, að neinum hafi þá verið hegnt eptir hegningarlögunum. Það er sjálfsagt, að það væri æskilegt, að eptirlit væri haft með mönnum um meðferð á skepnum; en jeg er hræddur um, að það yrði lítið og lint eptirlit, sem menn gæti haft á þessu. Ef frv. þetta verður sþ., þá álít jeg br. þm. Ef. (E. Ásm.) til bóta.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætla ekki að ræða um frv. sjálft, en af því einn h. þm. (E. Ásm.) hefur kennt heyleysi og hirðuleysi síðasta fellirinn, þá skal jeg gefa þá upplýsingu, að í Dalasýslu, þar sem einna mest fjell, voru skepnur prýðilega útlítandi og í góðum holdum. En af einum bæ þar voru reknir 70 sauðir á ýmsum aldri á fjall, og af því þá datt á voðabylur, þá drapst allt þetta fje, og svona fór víðar í Dalasýslu, og svona hefði líka farið í Húnavatnssýslu, hefði ekki verið veður þar betra. Þó margt hafi fallið af fjenaði í fyrra vor, þá fjell það ekki allt af hor, heldur, eins og jeg hefi sýnt, af slysum líka.

Atkvgr.: Brt. þm. Ef. (E. Ásm. C 242) við 1. gr. sþ. m. 7 atkv.; 1. gr. þannig breytt sþ. m. 7 atkv. Brt. sama þm. við 2. gr. sþ. með 7 atkv.; 2. gr. frv. þar við fallin. Brt. sama þm. við 3. gr. sþ. með 8 atkv.; 3. gr. frv. þar við fallin. 4. gr. frv. sþ. m. 5 atkv. Málinu vísað til 3. umr. m. 7 atkv.

Tuttugasti og áttundi fundur, fimmtudag 2. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (C 241); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Hin h. n. d. hefur gjört talsverðar br. við frv. stj. til fjáraukalaga, er hún lagði fyrir þ. N. d. hefur þannig fellt úr frv. nokkrar gr. og líka breytt 6. gr. sem nú er orðin 5. gr. Jeg ætla mjer ekki á þessu stigi málsins að fara út í einstakar greinar, en þó leyfa mjer að hreifa því, að br. við 5. gr. eru mjög íhugunarverðar. Auk þess skal jeg geta þess, að jeg sakna hjer eins atriðis. Þó skal jeg geta þess, að það atriði var ekki að finna í frv. stj., en jeg tel mjög líklegt, að það hafi verið lagt fyrir fjárlaganefndina í sjerstakri bænarskrá. Af því nú bæði br. n. d. og þetta atriði, sem jeg nú lauslega drap á, þarf góðrar og nákvæmrar yfirvegunar, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á, að sett verði þriggja manna nefnd í málinu, að þessari 1. umr. lokinni, því jeg álít þess ekki þörf, að henni verði frestað.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2 umr. í e. h. Nefndarkosning felld með 7 atkv. á móti 3.

Tuttugasti og níundi fundur, föstudag 3. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til l. um horfelli á skepnum (C 274); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Vtill. mín (C 275) er ekki stór, en samt álít jeg að frv. gjöri sveitastjórnarlögunum litla gildingu nema br. verði tekin til greina. Jeg vona, að menn hafi sjeð, að hún á vel við, og skal því ekki að óþörfu fara fleiri orðum um hana, en að eins vona og óska að henni verði tekið vel.

Jón Pjetursson: Jeg ætla að þetta frv. ætti ekki að koma út sem lög. 1. og 3. gr. þess eru að minnsta kosti alveg óþarfar. Í 2. gr. liggur eiginlega allt, sem fram á að koma með þessu máli. Hún ákveður, að þegar maður lætur fjenað sinn verða horaðan eða horfellir hann fyrir illa meðferð, þá skuli hann sektum sæta eptir þessum lögum, nema brotið heyri undir hin almennu hegningarlög. En, sem sagt, 1. og 3. gr. eru alveg ónauðsynlegar báðar. 1. gr. miðar einungis til að vara menn við að drýgja þá

yfirsjón, sem hjer ræðir um og skylda hið opinbera til að halda mönnum vakandi í þessu efni, og 3. gr. skyldar sýslumenn til að grennslast eptir, hvort þessum lögum sje hlýtt. Má jeg nú spyrja, hvers vegna er þá ekki í 1. gr. ákveðið, að hið opinbera skuli vara menn við öðrum verri glæpum en þessu, og hvers vegna er ekki í 3. gr. sýslum. gjört að skyldu að grennslast eptir öðrum verri glæpum? Jeg get ekki skilið, hvernig þessi yfirsjón verður metin meiri, en verstu glæpir. 2. gr. er, sem sagt, nóg. Þar eru sektir við því lagðar, ef mönnum verður á í þessu tilliti, og yfirsjónin annars ekki heyrir undir almenn hegningarlög. Í 1. gr. er hreppstjórum og hreppsnefndum boðið að hvetja hreppsbúa sína til góðrar meðferðar á skepnum sínum. En það er aðgætandi, að þessir menn geta, ef til vill, verið ekki betri en aðrir. Þeir horfella kannske alveg eins og aðrir, og setja kannske jafn óskynsamlega á og aðrir, sem þeir eiga að „hvetja“ og hafa eptirlit með í þessu tilliti. Svo það er nokkuð skrítið, að þessir menn skuli eiga að hafa slíkt á hendi. Sama má segja um sýslumennina, sem eptir 3. gr. eiga að grennslast eptir því, hvort menn hegði sjer eptir þessum lögum. Sýslumaður getur sjálfur misst skepnur sínar úr hor; jeg held það sjeu dæmi til þess. Því er jeg hræddur um, að hans eptirgrennslan kunni opt að verða lin.

En hvað nú snertir efni 2. gr., þá get jeg heldur ekki sjeð, að það sje sniðið eptir því, sem hjer hagar til. Jeg held að það fjelli margar jarðir, já jafnvel heilar sveitir í auðn, ef menn ekki mættu setja meira á, en menn hafa hey fyrir, hvorki af sauðfje, kúm nje hestum. Ef bændur ekki mega eiga fleiri skepnur, en svo, þá veit jeg ekki hvernig margir hverjir ættu að komast af. Jeg sje ekki að slíkt yrði til annars, en að leggja margar jarðir í eyði. Eins og menn vita, þá er víða svo, að þó jarðir gefi ekki af sjer mikil heyföng, þá er þar aptur útigangur svo góður, að hann jafnast á við góða gjöf. Það munu líka mörg dæmi þess, að menn, sem hafa misst skepnur sínar á vorin, hafa verið hinar mestu bjargvættir í sinni sveit, en það má ljóst vera, að ef þeir ekki hefðu sett svo mikið á, og ekki haft svo mikinn fjenað, þá hefðu þeir ekki getað leitt eins mikið gott af sjer. Þá er líka með þessum lögum bannað að láta tjenað sinn verða horaðan. Hverjir eiga nú að dæma um það, hvort hann sje svo horaður að við lög nemi? Hverjir eiga að dæma um, hvort hann verður horaður fyrir illa meðferð, eða af öðrum sökum? Það vita menn þó að það getur verið meinsemd í skepnunni, sem gjörir það að verkum, að hún þrífist ekki. Jeg held það verði opt bágt að sjá, hver orsökin er. Mjer er það að vísu kunnugt, að það er í mörgum sveitum ill hirðing á skepnum; en það verður líka að gæta að, af hverju þessi illa hirðing kemur. Þegar jeg var í Borgarfjarðarsýslu, þá vissi jeg að skepnur voru þar víða illa hirtar. En það kom mikið til af því, að flestir karlmenn fóru til sjávar á vertíðinni, svo víða var ekki nema kvennfólk eptir heima til að hirða skepnurnar. Má þá geta nærri, hvernig hirðingin er, þar sem kvennfólk þess utan hefur margs annars að gæta, og opt eru ill veður, sem banna því út til að gjöra skepnum til góða. Bóndinn og aðrir karlmenn urðu að fara til sjávar til að afla fisks. Jeg get því ekki betur sjeð, en að það sje hart að hegna húsbóndanum fyrir það, þó vinnufólkið heima gjöri skepnurnar horaðar. Jeg held þannig að lítil bót verði að þessum lögum, og lítið hirt um, hvort þeim verður fylgt eða ekki.

Benidikt Kristjánsson: Þegar mál þetta var til 1. umr., þá var jeg að vísu á móti því, að það gengi til 2. umr. En síðan hafa komið fram breytingar, sem heldur skerptu ákvarðanir frv. og því greiddi jeg atkvæði með frv. til 3. umr. Það er að vísu vansjeð, hvort nokkuð verulegt á vinnst með þessum lögum, og jeg skal líka játa, að mjer finnst óviðfeldið að þurfa að gefa lög um það efni, sem hjer ræðir um; en samt álít jeg nauðsynlegt að gjöra eitthvað til þess að laga hugsunarhátt manna með tilliti til meðferðar á skepnum. Frv. með þeim br., sem það hefur fengið og ef til vill mun fá, getur þó að minni hyggju haft nokkurn hag í för með sjer fyrir landsmenn. Af því að tilfinningar landsmanna eru ekki nógu ljósar fyrir því, að það sje lagabrot að kvelja lífið úr skepnum sínum, já, hafa jafnvel ekki tilfinningu fyrir því að þetta sje synd og svívirðing, þá

er það hin mesta nauðsyn að löggjöfin leitist við að benda hugsunarháttum manna í rjettari stefnu í þessu tilliti, fyrir utan það, hvaða velferðarmál það hlyti að verða fyrir land allt, ef landsmenn yrðu laðaðir til að fara vel með skepnur sínar. Jeg get ekki skilið að það sje nein ástæða til að afsaka sunnlendinga, þegar þeir hirða illa skepnur sínar, með því, að þeir fari til sjávar. Þetta er alls engin afsökun. Kvennfólkið, sem heima er, hefur svo miklum störfum að gegna á heimilunum, að bændur mega vita það, að það eitt getur ekki hirt skepnurnar um vetrartímann svo í nokkru lagi sje. Enda er það alls ekki forsvaranlegt, að láta skepnur sínar falla fyrir hirðuleysi og illa meðferð til að leita annars atvinnuvegs. Skepnurnar hafa tilfinningu fyrir því, hvort þeim líður vel eða illa. Það hlýtur því að vera heilög skylda manna, að láta þeim skepnum, sem þeir hafa umráð yfir, líða vel. Það hefur verið tekið fram, að bændur gætu ómögulega borið sig, eða komizt af, nema þeir settu meira fje á fyrst á haustin, en sem svarar því heyi, sem jörðin gefur af sjer. Viðvíkjandi þessu skal jeg leyfa mjer að gjöra eina aths. Þar sem er góð útbeit, þar virðist hægt, að safna heyforða. Þar sem lítið sem ekkert þarf að gefa flesta vetur, þar ætti að vera hægt að safna forða. Enda er þar mest nauðsyn að hafa heyforða, ef útigangur skyldi bregðast af vetrarhörku eða öðrum völdum náttúrunnar. Jeg held að allar jarðir, eða að minnsta kosti flestar sjeu svo, að þær blessa bóndann svo bezt, að bóndinn ætíð sje tryggur fyrir horfelli, og þurfi ekki að kvelja lífið úr skepnum sínum vegna heyskorts. Þó jeg hafi ekki mikla von um, að lög um þetta efni verði að verulegum notum, og að þeim verði rækilega beitt, þá vona jeg þó að þau verði til þess, að benda hugsunarhætti manna í aðra stefnu, en hann nú fer með tilliti til meðferðar á skepnum. Því þó það sje auðvitað, að margir bændur hugsa og breyta skynsamlega í þessu tilliti, þá eru þeir þó fleiri, sem hugsa óskynsamlega í þessu efni, og enn fleiri, sem breyta óskynsamlega.

Atkv.gr.: Vtill. þriggja þm. við 1. gr. (C 275) sþ. m. 8 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 7 atkv., og sent aptur n. d.

Frv. til laga um br. á l. um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. október 1875 (frá neðri d., C 273); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki á þessu stigi málsins fara út í hinar sjerstöku gr. þessa frv. En jeg skal þó leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi þessu máli, að mjer finnst margt fleira athugavert í því, en hjer liggur fyrir. Sömuleiðis álít jeg það, sem hjer stendur í frv., talsvert athugavert, og ekki sízt, þegar jeg ber þessar töluupphæðir saman við embættin sjálf. Jeg þekki kannske ekki að vísu nógu vel þau stöðulög, eða hvað jeg á að kalla það, sem þetta er miðað við, þ. e. tölurnar í samanburði við embættin, en að minni ætlun er þessu ekki vel niður skipað. Bæði af þessu og svo hinu, að hjer þarf fleira að koma til skoðunar, þá leyfi jeg mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd, en þó mætti fyrst ljúka við þessa umr.

Magnús Stephensen: Jeg sting upp á því, að 1. umr. verði frestað, ef n. verður sett.

Atkvgr.: Þriggja manna nefnd sþ. með 6 atkv., og 1. umr. frestað. Í n. kosnir: Magnús Stephensen m. 6 atkv., Einar Ásmundsson m. 5, og Sighvatur Árnason m. 4.

Lfrv. til br. á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Rvík (frá neðri d., C 273); 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til nefndar þeirrar, er nú var kosin.

Atkvgr.: Að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um laun ísl. embm. var fellt m. 5 atkv. móti 5. Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til l. um löggildingu nýrra verzlunarstaða (C 230); 3. umr.

Ásgeir Einarsson: Það er ekki nema um tvennt að gjöra, að því er snertir þetta mál, annaðhvort að sþ. það, eins og það nú er orðið, þó það megi heita stórkostlegt fyrirtæki að löggilda alla þessa staði til verzlunar, eða þá hitt, að setja nú nefnd í því á þessu stigi, því menn munu ekki svo kunnugir öllum

þessum stöðum, að þeir í fljótu bragði geti síað þá úr, sem tiltækilegast væri að löggilda sem verzlunarstaði. Það er sjálfsagt, að ef þdm. eru einráðnir í því að sþ. allt frv. nú, þá þarf ekki n., en jeg skil varla, að svo geti verið, og verð því fremur að ráða þd. til að kjósa n.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að styðja ust. hins h. þm. Str. (Á. Ein.) um að n. verði nú skipuð í málinu. Hjer ræðir nú um löggildingu svo margra verzlunarstaða, að aldrei hefur komið til tals að löggilda svo marga verzlunarstaði í einu. Þar sem það hefur þótt ísjárvert að sleppa alveg taumhaldinu af löggildingu verzlunarstaða með því að gefa það með öllu frjálst að stofna verzlunarstaði hvar sem vera skal, þá verður sjálfsagt að gæta vandlega að þeim ástæðum, sem eru til þess að löggilda þá staði, sem um er að ræða í hvert skipti. Það getur verið ástæða til að löggilda suma, þó engin ástæða sje til að löggilda aðra. En þessar ástæður verða ekki íhugaðar nákvæmlega nema með því að skipa nefnd í málið.

Stefán Eiríksson: Mjer þótti nú nokkuð vera búið að ræða þetta mál við fyrri umræður þess, og jeg sje ekki nauðsyn til þess að setja nú á þessu stigi málsins nefnd. Jeg er nú að vísu ekki kunnugur öllum þessum stöðum, sem stungið er upp á að löggilda sem verzlunarstaði, en málið er komið frá n. d., þar sem sitja menn úr flestum hjeruðum landsins, sem hljóta að vera kunnugir öllum þessum stöðum. Menn hafa mælt á móti þessu frumvarpi af þeirri ástæðu, að það yrði einungis til einokunar að fjölga smákaupstöðum. En jeg er öldungis ekki á þeirri skoðun, það gjörir einmitt verzlunarkeppni og bætir þannig verzlunina, að sem þjettust sjeu kauptúnin, og á jafnstrjálbyggðu landi og Ísland er, gjörir það innbúunum ómetanlegan hag í öllum aðflutningum. Á Stokkseyri t. d. sýnist nú reyndar ekki vera full ástæða til að löggilda verzlunarstað, en þó getur verið að það reynist rjett. Síðan verzlanirnar urðu 2 á Eyrarbakka er miklu betur látið af verzluninni þar en áður var, og það getur einnig verið, að menn yrðu enn ánægðari ef 3. verzlunin bættist við, enda eru víða á landinu 3 verzlanir saman, þar sem minni landvara er en á Eyrarbakka.

Benidikt Kristjánsson: Það hefur verið talað um, að löggilding verzlunarstaða ætlaði nú að ganga úr hófi, og nú væri stungið upp á að löggilda fleiri verzlunarstaði en nokkru sinni hefur verið dæmi til í einu. Ef jeg nú ætti að reyna til að gjöra mjer grein fyrir af hverju þetta er runnið, þá mundi jeg finna, að ástæðan sje sú, að straumur þjóðviljans gengur í þá átt að losa sem mest um böndin á öll, sem eru á verzluninni, og þá á böndum þeim, sem eru á uppsiglingum á firði og víkur á landinu nú sem stendur, svo að lausakaupmönnum sje greiddur vegur inn á víkur og voga landsins jafnt sem fastakaupmönnum. Það sem einkum hefur verið haft á móti löggildingu verzlunarstaða er það, að hún mundi verða til þess að verzlunarkeppnin minnkaði. Jeg held, að reynslan hafi sýnt, að þar sem er að eins einn kaupmaður, geti verið verzlunarkeppni, en þó á annan hátt, en þar sem þeir eru margir í einum kaupstað. Kaupmenn reyna til að laða að sjer verzlunarmenn nágrannakaupmannsins og keppa við lausakaupmenn, sem kæmu. Það munu líka dæmi þess, að þar sem fleiri kaupmenn eru, þá geta þeir verið ógn samlyndir, og komið sjer saman um verð bæði á útlendri og innlendri vöru. Svo verzlunarkeppni getur líka horfið þar sem margir kaupmenn eru á sama kaupstað . . . .

Forseti: Jeg verð að biðja hinn h. þm. (B. K.) að stytta ræðu sína sem mest, því samkvæmt 9. gr. þingskapanna á að setja nefnd þá sem stungið hefur verið upp á strax, og fresta umræðunni.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal þá slá botninn í ræðu mína, ef hinn h. forseti óskar þess. Vera má að jeg fái þegar síðar tækifæri til að halda henni áfram, ef það verður ekki niðurstaðan að kjósa nefnd.

Atkvgr.: Þriggja manna n. sþ. m. 7 atkv., og í hana kosnir:

Árni Thorsteinson m. 5 atkv., Benidikt Kristjánsson m. 5 atkv. og Skúli Þorvarðarson m. 4 atkv. eptir hlutkesti, þar sem þeir Einar Ásmundsson og Ásgeir Einarsson höfðu einnig hlotið 4 atkv.

Þrítugasti fundur, laugardag 4. dag ágústmán. Allir á fundi.

Frv. til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 276); 3. umr.

Landshöfðingi: Engar br. eru fram komnar við frv. þetta og þannig er ekki annað fyrir höndum, en annaðhvort að samþykkja það eða fella. Af því að jeg hef ekki áður haft tækifæri til að vera við umræður hinnar h. d. um þetta mál, skal jeg leyfa mjer í fáum orðum að skýra þd. frá minni skoðun. Tilgangurinn er góður, sá, að koma á bankastofnun hjer á landi, því það er viðurkennt, að nauðsyn sje á einhverri slíkri stofnun hjer. En hjer við er mjög athugavert, að eptir því sem menn hafa hugsað sjer banka þann, sem þetta frv. fer fram á, þá á lsj. að láta af hendi við hann $^1/_2$ miljón króna af viðlagasjóði. Sú ástæða ein er næg móti þessu frv.; lsj. eða viðlagasj. hefur ekki ráð á því, að gefa burtu 500,000 kr. til þessa fyrirtækis, hversu nytsamlegt sem það kann að reynast; þó betur stæði hagur landsmanna og fjármál landsins, þá væri svo stórkostleg gjöf mjög umhugsunarverð og varla takandi í mál, en eins og nú stendur, er slíkt með öllu ótiltækilegt. Jeg get reyndar skilið, að frv. er komið hjer fram af því að hin h. d. hefur enn eigi haft til meðferðar fjárlögin fyrir næsta fjárhagstímabil, sem nú liggja fyrir n. d.; nefndarálitið í því máli kemst að þeirri niðurstöðu, að tekjur landsins gjöra ekki betur en hrökkva fyrir útgjöldunum. Þegar svo stendur fjárhagur landsins, þá er því ísjárverðara að taka viðlagasj. eða mikinn hluta hans og gefa til stofnunar, sem lsj. er að mestu leyti óviðkomandi. Jeg hef látið þessar almennu athugasemdir í ljósi, til þess að sýna það álit mitt, að mjer getur eigi fundizt hægt eða tiltækilegt, að koma banka á fót með þessu fyrirkomulagi að svo komnu. Banki hjer á landi yrði að vera stofnun, sem bæri sig sjálf með tillögum einstakra manna. Að vísu hlýt jeg að efast um, að slíkur prívatbanki geti komist hjer á eins og nú stendur, en fáist eigi banki á þann hátt, þá getur það eigi orðið á annan hátt.

Benidikt Kristjánsson: Frv. hefur nú til þessa vegnað vel og jeg get eigi betur sjeð en því vegni vel enn. Að vísu hefur hæstv. lh. komið fram með mótbárur gegn þessari bankastofnun, sem frv. fer fram á. Hann hefur sem aðrir, er hreift hafa mótmælum gegn frv., farið fram á það, að bankastofnun hjer ætti að komast á fót af tillögum einstakra manna, en játað þó eins og aðrir að þess væri engin von, eptir því sem á stæði hjer, að slík stofnun kæmist á fót; það eru allir samdóma um það, að hjer sje engin von um að prívatbanki geti komist á fót. Jeg held nú, að sú skoðun, sem hæstv. lh. kom fram með viðvíkjandi fje því, er gengi úr viðlagasjóði til þessa fyrirhugaða banka, sje ei alls kostar rjett. Mjer heyrðist hann tala um að lsj. gæfi bankanum þessar 500,000 kr. *(Landshöfðingi:* Já). Ef lsj. gefur nokkrum þessa upphæð, þá gefur hann hana sjálfum sjer, því stofnunin verður lsj. stofnun, ekkert annað en nýtt fyrirkomulag á meðferð viðlagasjóðsins, en eigandinn verður náttúrlega hinn sami, lsj., eða rjettara sagt landið eða þjóðin. Hæstv. lh. sagði einnig, að niðurstaðan í fjárlagamálinu fyrir næsta fjárhagstímabil væri sú, að tekjurnar gjörðu lítið betur en standast á við útgjöldin. Þetta kalla jeg ekkert voðalegt ástand; þegar tekjurnar í slíku árferði bera útgjöldin, þá er sannarlega engin ástæða til að tala um bágborið fjárhagsástand landsins, og lsj. á fyrirliggjandi ei að eins þessar 500,000 kr., heldur og meira. Þessi $^1/_2$ miljón verður þannig eins og jeg hef reynt til að sýna, æfinleg eign landsins eða þjóðarinnar, og hið eina eyðslufje, sem lsj. leggur til þessarar fyrirhuguðu bankastofnunar, eru þessar 15000 kr., sem talað er um í 12. gr. En þar er líka gjört ráð fyrir, að þessar 15000 kr. endurborgist með 1000 kr. og 4% leigu á ári, þannig að allt er endurborgað á 15 ára fresti. Jeg get ekki betur sjeð, en að þetta bankafyrirkomulag, sem frv. þetta fer fram á, geti verið lsj. alveg skaðlaust, og jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð þau útgjöld eða gjafir, að nauðsynlegt sje að hafa stórfje viðbúið liggjandi í viðlagasjóðnum. Þurfi menn á lánum að halda, þá mun verða eins hægt, meir að segja öllu hægra, að leita þeirra í bankanum, sem í lsj. eða viðlagasjóði. Það er auðvitað, að innstæðufje bankans er að því leyti fast og bundið, að það er ekkert

eyðslufje, sem má gefa burtu, en nú er viðlagasjóðurinn kann ske svo laus, að hægt er, ef mönnum þykir þess þurfa, að gefa hann allan burtu; það getur verið að sumum þyki ráðlegt, að halda þeim dyrum opnum, en jeg fyrir mitt leyti verð að treysta því, að til þess komi aldrei og engin þörf sje á, að halda þeim dyrum opnum. Menn segja, að afleiðingar hallærisins sjeu ei úti, en menn verða þó að játa, að árferðið er breytt til batnaðar og skepnustofninn er ei svo fallinn, að menn rjetti ei fljótt við, ef gott árferði helzt. Auk þess lifir mikill hluti Íslendinga af sjónum, og þar verða engin eptirköst af hallærinu, því að fiskurinn er höfuðstóll sjávarbóndans. Það er auðvitað, að eptirköstin verða töluverð til landsins, en eigi svo að ástæða sje til að gefa stórfje úr lsj., og þó menn þurfi lána við, þá verður hægt að fá þau í bankanum. Jeg ber reyndar eigi það traust til orða minna, að þau snúi hjörtum manna, en jeg ber það traust til h. þd., að hún sjái, hver nauðsyn er á, að þetta mál fái framgang og láti það nú eigi farast fyrir í þetta sinn.

Einar Ásmundsson: H. frsm. hefur svarað mótbárum hæstv. lh. og voru það þó einkum þær, sem jeg vildi svara fáeinum orðum. Lh. áleit lsj. of fátækan til þess að gefa bankastofnun $^1/_2$ miljón. Jeg get ómögulega verið á þeirri skoðun, að þetta sje gjöf. Hverjum gefur viðlagasjóðurinn $^1/_2$ miljón kr.? Sjálfum sjer; því, hver á viðlagasjóðinn? Landið, þjóðin. Hver á landsbankann? Landið, þjóðin. Það er alveg eins og þjóðin taki þessa peninga úr vinstri hendinni og láti í þá hægri eða úr hægri hendinni og láti í þá vinstri, því að þjóðin sjálf á bankann öldungis eins og hún á viðlagasjóðinn; þess vegna getur hjer með engu móti verið um nokkra gjöf að tala. Eða hver verður erfingi bankans, ef hann skyldi lýða undir lok? *(Magnús Stephensen:* Kredítórarnir). Nei, landið, þjóðin. Jeg verð að játa, að minn skilningur getur með engu móti gripið þessa mótbáru hæstv. lh. og jeg get eigi skilið hvernig hann gat komið fram með slíkt. Hæstv. lh. fórust og svo orð, sem n. d., af því hún nú sem stendur hefur fjárlögin til meðferðar, þekkti betur fjárhag landsins nú, en vjer í þessari d. (*Landshöfðingi:* Já, enn sem komið er). Þá held jeg að 3. deildin þekki eða ætti að þekkja fjárhag landsins bezt, og það er stj.; hún telur afganginn eigi svo lítinn, og get jeg því eigi sjeð, að fjárhagur landsins standi illa, og jeg get ekki kannast við, að n. d. sje í raun rjettri kunnugri fjármálum landsins en e. d. Það getur vel verið að n. d. komi fram með tillögur um að brúka allan afganginn, sem stj. hefur gjört ráð fyrir að yrði á næsta fjárhagstímabili, eða kannske n. d. vilji eyða öllum viðlagasjóðnum og skipta honum upp milli hjeraða og fyrirtækja, en til slíks get jeg ekkert tillit tekið að svo komnu. Fjárhagur landssjóðsins stendur mikið vel, ef til vill eigi fullt eins vel og að undanförnu, en þó allt að því óþarflega vel; því þess ber að gæta, að öllum framfaraþjóðum í heimi þykir það ráð hið óhyggilegasta að spara sí og æ fje í sjóð, og þannig draga fje frá nytsömum fyrirtækjum, sem hægt væri að koma til vegar, væri þess fjár neytt, sem í sjóð er lagt. En jeg skal nú játa, að hjá oss stendur nokkuð öðruvísi á, og jeg er eigi mótfallinn því, að nokkuð sje lagt fyrir, en það má ekki vera eilíf og endalaus stefna fjárstjórnar þessa lands að leggja peninga í sjóð, þegar nauðsyn ber til að verja þeim til fyrirtækja, sem miða til stórkostlegra framfara fyrir land og lýð. Jeg fyrir mitt leyti kýs langt um heldur að fje sje varið til brúagjörða yfir Þjórsá og Ölfusá heldur en það sje lánað út í góðum árum til að bæta úr ímynduðu hallæri. Jeg tek Guð og alla h. þingdeildarmenn til vitnis um að árferðið nú er gott þetta yfirstandanda ár, og árferðið var tæplega eins slæmt hörðu árin að undanförnu eins og af var látið af sumum hverjum. Jeg veit, að hjer í d. er enginn sem vílar um skör fram; hjer held jeg að allir líti hlutdrægnislaust á þetta hallærismál. Þegar öllu er á botninn hvolft, þá sje jeg ekkert frá efnalegri hlið landsins því til fyrirstöðu, að bankinn komist á fót með þeirri tilhögun, sem farið er fram á í frv. þessu, þ. e. a. s. með því að taka $^1/_2$ miljón kr. úr viðlagasjóðnum og leggja í banka. Á þann hátt fer þjóðin ei öðruvísi að en maður, sem flytur peninga sína úr einum vasanum í annan. Það er ekki svo sem peningarnir hverfi eða verði að engu; nei, það er óhætt um það, þeir verða ekki grafnir í

jörðu og þeir geta orðið notaðir jafnt eptir sem áður. Hæstv. lh. var hjer eigi viðstaddur 2. umr. og ljet jeg þá í ljós, að mjer þætti það leitt. Þá sagði jeg, að jeg áliti það hjer um bil hið sama að lána úr bankanum sem úr viðlagasjóðnum. En ef lánað væri beinlínis úr viðlagasjóðnum, þá yrði lh. að vera nokkurs konar bankastjóri. en jafnframt ljet jeg einnig í ljósi, að lh. hefði önnur mikil og vandasöm störf að annast, og mundi hann því tæplega hafa tíma til að annast útlánsstörf þessi svo, sem þyrfti. Því ef lánin eiga að koma þjóðinni að fullum notum, þá þurfa þau innan um að vera mörg, smá og tíð. Jeg hjelt að lh. hefði eigi vegna annara áríðandi starfa tíma til að annast fjölda lána og sjá um fjölda veða. Þess vegna verð jeg að álíta að heppilegast sje, að fje úr viðlagasjóðnum verði lagt í sjerstaka bankastofnun með sjerstökum bankastjóra, í stað þess, sem lh. hefur hingað til orðið að annast útlán úr viðlagasjóðnum. Nú hef jeg sagt mína hreinskilnu trúarjátningu í þessu bankamáli; vera má að annað sje rjettara, en þessi hefur verið mín skoðun og er enn. Jeg skal verða allra manna fúsastur að fallast á, ef einhver sýnir mjer að annað sje betra og rjettara, með rökum, sem mjer geta skilizt. Viljann til að sannfærast hef jeg, en ekkert, sem enn hefur komið fram móti þessari bankastofnun hefur getað raskað skoðun minni, sem jeg nú hef skýrt h. þd. frá.

Landshöfðingi: Mjer hefur aldrei komið til hugar að gjöra lítið úr eða rýra þekkingu h. þd. eða h. 2. þm. Ef. (E. Á.) á fjárhag landsins. En nú sem stendur eru meiri líkindi til að n. d. sje kunnugra um fjárhag landsins fyrir næsta fjárhagstímabil, þar sem hún einmitt þessa daga hefur til meðferðar frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884—85, en þetta mál er enn eigi komið fyrir þessa deild. Þegar h. þd. er búin að fá þau til meðferðar og kynna sjer þau, þá efast jeg engan veginn um, að hún muni sýna ljósa og góða þekkingu á öllu því, er að þeim lýtur. H. 2. þm. Ef. (E. Á.) gat þess, að eptir fjárlagafrv. stj. verður talsverður afgangur á þessu fjárhagstímabili. Það er alveg rjett, en eptir tillögum fjárlagan. n. d. verður afgangurinn næsta lítill, sökum ýmsra þarfa, er henni þótti nauðsyn að ætla fje til á fjárhagstímabilinu. Mjer fannst annars h. þm. líta heldur glæsilega á fjárhagsástand landsins og gjöra fremur lítið úr eptirköstunum eptir harðærið og of lítið úr peningsfækkuninni; sumstaðar hefur þó búpening fækkað um þriðjung og á sumum stöðum hefur jafnvel allt að helmingi fallið. Ef menn nú áður áttu fullnóg með að komast af, þá verður að öllum líkindum eitthvað erfitt eptir slíkt tjón. H. þm. sagði, að lsj. missti ei fjeð, eða að landið eða þjóðin tapaði því ekki, þó það væri lagt í bankann og líkti hann því við það, að maður færði peninga úr einum vasanum yfir í hinn. Jeg get nú með engu móti verið á þessari skoðun h. þm. að telja bankann eins og nokkurs konar part af lsj.; jeg verð að álíta bankann fullkomlega aðskilinn frá lsj. Eða er h. þm. þeirrar skoðunar, að lsj. eigi að bera abyrgð á bankanum og viðskiptum hans, sem hlýtur að vera sjálfsagt, svo framarlega sem bankinn er hluti at lsj.? Það væri ekki árennilegt fyrir lsj., að takast slíka ábyrgð á hendur. Ef bankinn yrði gjaldþrota, þá yrði lsj. að borga skuldir hans. Slíkt er ekki óalgengt með bankastofnanir, þó á góðum grundvelli sjeu byggðar, að viðskipti þeirra fara svo, að niðurstaðan verður mjög bágborin og stundum verða bankarnir gjaldþrota, svo þeir verða að hætta. Jeg vona nú og óska jafnframt, að eigi færi svo, ef banki kæmist hjer á fót, en því verður eigi neitað, að það er ætíð áhætta, mikil áhætta, að leggja fje í bankastofnanir, sem ekki eru því betur tryggðar. Þó nú landið hefði gott af þessari stofnun, ef allt gengi vel, þá get jeg ekki betur sjeð, en að lsj. láti burtu og eigi ekki lengur þessa upphæð, sem leggja skal í bankann eptir frv. Mjer getur með engu móti skilizt, að það, að flytja viðlagasjóðinn eða mestan hluta hans yfir í banka, sje sama sem að taka peninga úr einum vasa og láta í hinn. Jeg skil þetta svo, sem hálf miljón sje tekin burtu úr viðlagasj. eða lsj. og lsj. verði hálfri miljón fátækari eptir. Ef vel gengur, þá auðgast landið við bankastofnunina, en ef illa gengur, þá fer allt öðruvísi.

Magnús Stephensen: Mjer finnst sem hinir h. flm. bankamálsins hjer í d. hafi einungis haft fyrir augum velmegun og velgengni bankans, en tekið minna tillit

til hags lsj. eða viðlagasjóðsins. Í frv. er stungið upp á að $^1/_2$ milljón úr viðlagasjóðnum sje lögð í þennan fyrirhugaða landsbanka; þegar um svo stóra upphæð sem þessa $^5/_7$ hluta viðlagasjóðsins, er að ræða, þá er sannarlega full þörf á að fara varlega. Hæstv. lh. sagði að þessi upphæð væri beinlínis tekin úr lsj. og gefin bankanum. Þetta get jeg ekki betur sjeð en sje fullkomlega rjett. H. þm. kunna kannske að hafa hugsað sjer, að þetta skyldi ekki vera gjöf, en það er hvergi tekið fram í frv. og þeim hefur þá að minnsta kosti ekki tekist að koma þeirri hugsun á pappírinn. Í 2. gr. frv. er talað um að „til stofnunar bankans skuli varið 500,000 kr. af viðlagasjóði landsins", en hvergi er talað um að þetta sje *lán* eða að borga skuli þennan höfuðstól aptur til lsj. eða gjalda rentur af honum. Aptur á móti er í 12. gr. tekið fram að þessar 15000 kr. sem verja skal til þess að koma bankanum á stofn sje lán, sem skuli endurborgast með 1000 kr. á ári og 4% í vexti; litla upphæðin, 15000 kr., á að ávaxtast og endurborgast af bankanum, en stóra upphæðin verður hans skilyrðislaus eign eptir frumvarpinu. Sumir h. þm. hafa tekið fram, að bankinn sje eign lsj., en þess er hvergi getið í frv., nema í fyrirsögninni stendur „landsbanki", en engin stofnun verður eign lsj. fyrir því þó „lands" sje bætt framar við nafnið. Eptir því sem farið er fram á í frv. þessu, á þessi banki að vera stofnun alveg útaf fyrir sig, öldungis óháð lstj., nema bankinn er skyldugur til að gefa út yfirlit yfir efnahag sinn fjórum sinnum á ári, og það er ekki á frv. að sjá að þetta skuli gjört vegna lsj., heldur liggur beinast við að ætla að þetta sje gjört vegna hluteigendanna. Eptir frv. 1881 átti þó lsj. að fá hlutabrjef fyrir tillagi sínu; en eptir þessu frv. á lsj. ekkert að fá. Jeg skal leyfa mjer að nefna eitt dæmi, þjóðbankann í Danmörku; jeg veit ekki betur en að landið eða þjóðin eigi hann. *(E. Á.*: Hlutamenn, einstakir menn). Hjer í þessu frv. er líka talað um hlutamenn, í 3. gr. er sagt: „Stofnfje bankans má auka með samlagshlutum einstakra manna", og í 11. gr. er gjört ráð fyrir, að þessir hluteigendur hafi atkvæðisrjett, en aptur á móti er hvergi talað um að lsj. hafi nokkurt atkvæði; allur hans rjettur er sá að fá að leggja $^1/_2$ miljón í þessa stofnun. Ef þessi hugsun, sem mun hafa vakað fyrir h. þm., að lsj. ætti bankann, hefði verið tekin ljósar fram, hefði frv. þó orðið aðgengilegra en það er. H. þm. hafa mikið talað um að auka peninga í landinu; en það er miklu auðveldara á annan hátt en þennan. Það má t. d. gefa lsj. heimild til að gefa út $^1/_2$ miljón í seðlum; þá hefur lsj. $^1/_2$ miljón meira fje yfir að ráða en nú. Jeg skal enn leyfa mjer í fáum orðum að taka fram ástand viðlagasjóðsins. Viðlagasjóðurinn á nú 731,196 kr. 69 a.; þar af 307,800 kr. í kgl. ríkisskuldabrjefum, 167,936 kr. 69 a. í skuldabrjefum, sem goldið er upp í, og 265,460 kr. í skuldabrjefum sem segja má upp. Nú á þessi fyrirhugaði banki að fá 250,000 kr. í kgl. ríkisskuldabrjefum, og verða þá eptir 57,800 kr. af eignum viðlagasjóðsins í ríkisskuldabrjefum. Er þetta eigi nokkuð lítið fje að hafa fyrirliggjandi til allra fyrirtækja, sem upp á kunna að koma? N. d. talar um 80,000 kr. til brúargjörðar á Ölfusá. Hvernig á því að verða framgengt, ef nær því öll skuldabrjefin eru lögð yfir í bankann? Enn fremur hvíla á lsj. ýmsar eldri skuldbindingar, lán til búnaðarskóla, ekki að tala um harðærislánin, sem lsj. hefur lánað með vægum kjörum, 28 ára afborgunum, sem enginn banki mundi sjá sjer fært að gjöra, eins og líka hinn h. 2. þm. Ef. (E. A.) gjörir ráð fyrir, þar sem hann talaði um, að lána stuttan tíma til þess að peningaveltan yrði sem mest og tíðust. Af kgl. skuldabrjefunum átti að taka 250,000 kr., en hinar 250,000 kr. til bankans af veðskukuldabrjefum einstakra manna. Það mun eigi þykja góðir peningar handa bankanum að taka þá af fje því, sem lánað er út gegn 28 ára afborgunum, heldur verður að taka þessar 250,000 kr. af veðskuldabrjefunum upp á 265,460 kr., sem lánaðar eru gegn $^1/_2$ árs uppsagnarfresti. Bankinn getur eigi látið þessi skuldabrjef liggja kyr í hvelfingum sínum og peningahirzlum, heldur verður hann að fá peningana inn og koma þeim í veltu. En það mun koma sjer illa fyrir marga, sem lánað hafa úr viðlagasjóðnum og allt af staðið í skilum, að fá eigi að halda láninu lengur. Víst er um það, að slíkt mun gjöra mörgum manni út um landið mikið óhagræði og mjög efasamt, hvort

hægt er að ná svo miklu fje inn nema á margra ára fresti. Eins og frv. nú liggur fyrir, get jeg ekki betur sjeð en að það sje alveg óaðgengilegt, enda samsvarar það ekki því sem h. flm. hafa hugsað sjer með því, eptir því sem þeim sjálfum hafa farizt orð hjer á þinginu. Væri æskilegt, ef þeir vildu að frv. færi lengra, að þeir fengju leyfi til að taka það aptur og laga það betur samkvæmt hugsun þeirra.

Jón Pjetursson: Jeg skal nú játa að minn skilningur er sljóvur, en jeg verð að segja það, að jeg skil ekki ræður mótmælenda bankans; mjer finnst þeir ekki haldi fast við vissar ástæður móti bankanum, heldur hvarfli nokkuð fram og aptur og fari nokkuð út í aðra sálma. Afgangurinn á fjárlögunum kann að verða lítill, því neitar enginn, en það kemur ekkert þessu máli við. Hjer er einungis um það fje að ræða, sem viðlagasjóðurinn á nú. Jeg get enn fremur engan veginn annað sjeð, en að bankinn eigi að verða partur af viðlagasjóðnum. Af því að bankinn er settur á stofn með $^1/_2$ milljón úr viðlagasjóðnum, þá liggur það í augum uppi, að viðlagasjóðurinn á bankann. (*Magnús Stephensen:* Svo?) Jú, þangað til hluteigendur koma, á viðlagasjóðurinn einn bankann, og þegar hluteigendur koma, þá eiga þeir bankann í sameiningu við lsj. eða viðlagasjóð. Hvað er á móti því, að prívatmenn sjeu sameigendur með lsj.? Jeg hef heyrt það tekið fram hjer í deildinni, að úr því bankinn væri partur úr lsj., ætti lsj. að bera ábyrgð á honum. Slíkt nær engri átt. Þetta fje, sem í bankann er lagt, er viss upphæð, sem tekin er til hliðar sem sjerstakur stofn, sem á að bera sig sjálfur; að þessum sjerstaka stofn eiga hlutaðeigendur aðgang, en ekki að lsj. Í hitt eð fyrra bjó jeg til reikning, er ljóslega sýndi, að engin líkindi væru fyrir því, að bankinn yrði gjaldþrota. Munurinn frá því er sá, að nú er gjört ráð fyrir, að $^2/_5$ verði fastir fyrirliggjandi í bankanum, en þá að eins $^1/_3$ og stendur ágóðinn í rjettu hlutfalli við það. Jeg vísa til þess reiknings míns, og álít óþarfa, að taka hann hjer upp aptur; en það er víst, að bankinn fær $9^2/_3\,^0/_0$ í vexti af innstæðunni fyrsta árið. Annars get jeg ekki skilið, hvernig nokkur maður, sem þekkir ástandið hjer og peningaekluna, getur verið móti þessari bankastofnun. Það sjer hver heilvita maður, að gjaldeyririnn vex við seðlana, þegar þeir koma í gang. Kaupmenn eru þegar farnir að gefa út nokkurs konar seðla og borga þá svo í peningum eptir því sem seðlarnir hljóða upp á, þeim, er hafa þá handa á milli og óska þess; þetta sýnir meðal annars, að þeir þurfa seðlanna með. Allir sem taka þátt í því, hve aumkvunurlegt ástand landsins er í peningalegu tilliti, hljóta að finna til þess, að þessi bankastofnun er lífsnauðsyn.

Benidikt Kristjánsson: Jeg ætla mjer í fáum orðum að reyna til að svara hinum hæstv. lh. og h. 4. kgk. Viðvíkjandi ástandinu hjer á landi tók hæstv. lh. fram, að fjárstofninn hefði minnkað um $^1/_3$. (*Landshöfðingi:* Sumstaðar). Jeg skal ekki bera á móti því, en $^1/_3$ er það allra mesta, og þó peningur hafi minnkað um $^1/_3$, þá þarf eigi svo mikill halli að komast á ástandið hjer eða hag bænda yfir höfuð. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að peningur hjer á landi gjörir ekki nærri því eins mikið gagn og hann gæti gjört, ef vel væri með hann farið; 20 ær, sem vel er farið með, gjöra meira gagn, en 40 ær, sem illa er farið með. Nú lítur út fyrir, að almenningur geti orðið vel byrgur af heyjum og getur þá að því skapi gjört við skepnur sínar betur en áður, sem þær eru færri, og þá mun víða verða sú raunin á, að þessar fáu skepnur gjöra fullt eins mikið gagn og hinar mörgu áður. Jeg hef heyrt menn tala um ábyrgð fyrir bankanum. Hvaða ábyrgð höfum vjer frá Dönum fyrir viðlagasjóðnum? Jeg get ekki sjeð, að viðlagasjóðurinn sje í meiri voða í bankanum, en nú hjá Dönum. Það má ganga að því vísu, að landsstjórnin muni hafa eptirlit með bankanum og stjórn hans og velja reglusaman, skynsaman og ráðvandan bankastjóra, og það er víst óhætt að treysta því, að lh. gangi svo frá reglugjörðinni, að hættan verði eigi svo mikil með bankann, eða kann ske alls engin. H. 4. kgk. hafði nú harla margt út á þetta bankafyrirkomulag að setja; hann ljet í ljósi, að þessi $^1/_2$ milljón væri alveg töpuð viðlagasjóðnum; jú, sem viðlagasjóður; en lsj. á hana sem stofnfje bankans. Hann gat þess og, að þetta frv. væri þeim mun lakara frv. 1881, að

nú fengi lsj. engin hlutabrjef. Jeg get ekki svarað þessu öðru en því, að það er sannarlega gjört ráð fyrir að lsj. eigi þessar 500,000 kr. *(Magnús Stephensen:* Hvar?) Það liggur í hlutarins eðli þegar viðlagasjóðurinn leggur til $^1/_2$ milljón og frv. minnist hvorki á að það sje gjöf eða það eigi að borgast aptur, þá sjer hver heilvita maður að lsj. á þessa upphæð sem stofnfje bankans. Og meðan engir hluteigendur bætast við, þá á lsj. einn bankann og þá er lstj. atkv. eitt gilt gagnvart bankastjórninni. Menn hafa talað um að með bankastofnuninni sje tilgangurinn einungis sá, að auka peningaveltu í landinu. En við það rennur beinlínis fje í lsj., ef auðsældin vex í landinu, og ef stjórn bankans er góð, þá aukast og margfaldast eign bankans og við það eign lsj., þar sem lsj. á stofnfje bankans. H. 4. kgk. (M. St.) talaði um að þeir væru illa farnir, sem nú eru skuldunautar viðlagasjóðsins, ef bankinn kæmist á. Jeg veit ekki hvort það er svo kvíðvænlegt, því vel gæti verið þó bankinn þyrfti að segja sumum upp láninu, að hann gæti á annan hátt veitt sömu mönnum lán. Jeg get og vel ímyndað mjer, að margir, sem nú eru skuldugir viðlagasjóðnum, eigi hægt með að borga. Það er einungis undir þeim kringumstæðum, að bankinn þyrfti að innleysa mikið af seðlum, að hann þyrfti að segja upp eldri lánum. Jeg skal engu spá um það; en hver heilvita maður sjer, að þó þessi skuldabrjef einstakra manna liggi í bankanum, þá gefa þau þó fulla rentu, og af því þessi skuldabrjef liggja í bankanum, hefur bankinn rjett til að gefa seðla út sem nema sömu upphæð; einungis á hann alltaf að hafa $^2/_5$ seðlanna fyrirliggjandi í gulli og silfri. Jeg bjóst sjálfsagt við nokkrum mótmælum, hjer í deildinni áður lyki og jeg bjóst við þeim sterkari og hættulegri; bjóst kannske við, að þau mundu sannfæra mig um, að bankastofnun þessi væri einungis hugarburður. En jeg hef satt að segja eptir því sem enn er fram komið, enga ástæðu til að álíta stofnun þessa hugarburð minn og annara. Jeg er enn sannfærður um, að hún er vel framkvæmanleg með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í frv. þessu og um leið er slík stofnun hin þarfasta og hin lífsnauðsynlegasta fyrir velmegun og vellíðun þjóðarinnar.

Stefán Eiríksson: Í þessu máli hefur mikið verið talað bæði með og móti og stóð jeg því ekki upp í þeim tilgangi að halda langa ræðu, heldur einungis til þess að gjöra stutta athugasemd. Mjer er ekki ljóst hvað það átti að þýða, þegar h. 2. þm. Ef. (E. Á.) fór að halda hrókaræðu út af hallærinu, sem ekkert kemur við þessu máli. Hvað sem hver segir, þá verður því ekki neitað, að harðæri er á Íslandi, að minnsta kosti á suður- og vesturlandi, út af árferðinu í fyrra og næst undanfarinna ára. Það getur verið að allt sje betra norðanlands, þó jeg reyndar eigi skilji hvers vegna menn eru þar að leggja sjer hrossakjöt til munns og það á sumardegi, en saga um það hefur nýlega borizt hingað suður, eins og flestum mun kunnugt. Slík ummæli sem þessi hallærisræða h. 2. þm. Ef. (E. Á.) verð jeg að álíta með öllu sem ósönn og að þau greiði ekki fyrir bankastofnuninni, enda kemur slíkt bankamálinu ekkert við. Jeg veit ekki til, að viðlagasjóðurinn enn sem komið er hafi lagt nokkuð fram til að forða mönnum við hungursneyð. Jeg get því ekki annað haldið, en að það sje gott fyrirkomulag að leggja mikinn hluta hans í banka, svo menn geti fengið þar lán eptir þörfum sínum, því bankinn á þó að lána út allt stofnfje sitt samkvæmt 4. gr. frv. Slíkt getur ef til vill orðið að hinu mesta gagni. Jeg greiði þess vegna atkvæði með frv. þessu og vona að það nái fram að ganga, svo það geti sýnt sína heillaríku ávexti á sínum tíma.

Benidikt Kristjánsson: Jeg gleymdi einu atriði í ræðu h. 4. kgk. (M. St.). Hann stakk upp á, að tiltækilegt væri, að lsj. gæfi út seðla upp á $^1/_2$ miljón kr. Jeg sje nú ekki hvað unnið er við það; það hlýtur þó að útheimta sjerstakan mann til að annast útlánin. Jeg hygg að útlánin jafnvel nú valdi lh. töluverðum umsvifum fram yfir önnur áríðandi störf, sem hann hefur. En ef nú á að auka útlánsfjeð um $^1/_2$ miljón og gefa það út í seðlum, þá get jeg ekki betur skilið, en stofna þurfi nýtt embætti og þá sje jeg ekki, hvað unnið er við slíkt fyrirkomulag, sem í sjálfu sjer er mjög óviðkunnanlegt og óeðlilegt. Þá held jeg allir sjái, að betra er að leggja þessa upphæð í sjerstaka stofnun með sjerstakri stjórn,

og sú stofnun hlýtur að vera eign lsj., eins og viðlagasjóðurinn er eign lsj.

Skúli Þorvarðarson: Jeg ætla að eins að geta þess, að jeg get ómögulega gengið frá minni skoðun í þessu máli. Jeg get ekki betur sjeð enn, en að eina ráðið til þess að koma eðlilegri og nauðsynlegri peningaveltu á í landinu og bæta úr hinni afarmiklu peningaeklu, sje það, að stofna banka með 500,000 kr. úr viðlagasjóðnum. Því það er ekki til neins að tala um privatbanka hjer; hann getur ekki komizt á hjer á landi í fyrirsjáanlegri framtíð. Viðlagasjóðurinn gjörir hvorki að tapa nje gefa það, sem hann leggur í bankann, heldur á hann það í bankanum um aldur og æfi. Viðlagasjóðurinn hefur ekki hingað til, svo menn viti til, gefið stórfje, heldur virðist hann góður og gjafahægur; enda lítur út fyrir, að svo verði nú strax á þessu þingi, þótt um stórnauðsynleg fyrirtæki sje að ræða til almennra og heillavænlegra framfara. Jeg verð því að álíta, að almenningi muni þykja það vel ráðið, að brúka fje landsins til þeirrar stofnunar, sem hjer um ræðir, landsmönnum til hagsbóta og landinu til framfara, heldur en láta stórfje viðlagasjóðs bera margfaldan arð í öðrum löndum. Jeg get því ekki sjeð, þrátt fyrir hinar mörgu og ískyggilegu mótbárur, að nokkur ástæða sje til að fella frv., þó fjeð sje tekið úr viðlagasjóði til stofnunar banka.

Frv. sþ. með 7 atkv., og gat forseti þess, að frv. yrði afgreitt til forseta n. d.

Frv. til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta (C 219); 2. umr.

Sighvatur Árnason: N. vildi í alla staði lagfæra frv., svo sem framast var unnt, og gjöra það svo úr garði, að það yrði sem álitlegast fyrir deildina og sem aðgengilegast til þess að fá framgang yfir höfuð. (Nefndarálit C 275). Við 1. gr. höfum vjer helzt gjört orðabreytingar, og svo þá efnisbr., að oss þótti betur við eiga, að prófastur reyndi í fyrstu til að miðla málum, þar sem ágreiningur er, og vorum vjer allir nefndarmenn á eitt sáttir í því, enda gæti líka vel verið, að prófasti heppnaðist að koma friði og samlyndi á, ef miskliðin væri ekki því meiri. Við 2. gr. höfum vjer eiginlega enga br. gjört, nema að orðið „allir“ falli burtu, sem í raun og veru er óþarfa orð. Við síðari hlut 5. gr. höfum vjer að eins gjört orðabreyt. og við niðurlagið höfum við sett viðauka, sem vjer ímyndum oss að muni gjöra frv. aðgengilegra og samvaxnara öðrum lögum. 7. gr. kom oss saman um að orða nokkuð öðruvísi en gjört er í frv., og vonum vjer að sú br. sje einnig til þess að gjöra frv. aðgengilegra og sem mildast gagnvart þeim presti, sem væri afsagður eptir lögum þessum. Jeg skal þá eigi að sinni fara fleiri orðum um málið, en einungis bæta því við, að þó jeg hafi verið flm. þessa máls hjer á þingi, þá er það alls eigi af þeirri orsök, að prestarnir í mínu kjördæmi hafi gefið tilefni til þessa máls; því þeir eru þvert í móti allir heiðvirðir og samvizkusamir menn. En jeg hef borið málið hjer fram, af því að því var hreift á almennum sýslufundi í kjördæmi mínu í sambandi við prestakosningamálið 1881, og varð sú niðurstaða á fundinum, að halda málinu fram á þennan hátt og þingmönnum kjördæmisins falið það á hendur, eins og sjá má af sýslufundargjörðunum, og þá áleit jeg það skyldu mína að bera það fram hjer á þinginu.

Landshöfðingi: Jeg verð að láta það í ljósi, að mjer þykir sú grundvallarregla nokkuð athugaverð, sem þetta frv. sýnist byggt á. Eptir frv. geta söfnuðirnir eða meiri hluti þeirra afsagt presta sína. Eptir núgildandi lögum eru brauðin, eins og kunnugt er, veitt af kgi eða lh. og einungis konungi beinlínis eða óbeinlínis eða dómstólarnir geta afsett þá, en hjer kemur fram sú grundvallarregla, að söfnuðirnir geti afsett presta sína. Þetta held jeg sje gagnstætt grundvallarreglunni í 4. gr. stjórnarskrárinnar. Þó ekki væri nema þetta atriði eitt, þá ætti það að vera nóg til þess, að slíkt frv. væri dauðadæmt. Jeg vona, að menn athugi þessa mótbáru vandlega og að þær hugleiðingar, sem þar af leiða, komi mönnum á þá niðurstöðu, að þetta frv., sem á að losa menn við óhæfa presta, sje með öllu óhæft til að samþykkjast af þinginu og staðfestast af konungi.

Sigurður Melsteð: Hinn hæstv. lh. hefur nú tekið fram þau aðalatrið, sem jeg ætlaði mjer að benda á móti þessu máli. Jeg skal samt leyfa mjer að fara

nokkrum orðum um málið. Fyrst skal jeg játa, að hin h. n. hefur að nokkru viljað mýkja hið ómjúka frv. í einu atriði. Hún hefur stungið upp á því, að prófastur fyrst skyldi reyna málamiðlun milli prestsins og safnaðarins, ef þeir yrðu ósáttir. Þannig hefur það þó vakað fyrir n., að prófasturinn eptir stöðu sinni ætti að miðla málum milli prests og safnaða og hafa eptirlit með að sambandið milli þeirra ekki raskaðist. Þó er það hvergi tekið fram, hvort reyna skuli málamiðlun að eins í eitt sinn, og ef þá ekki hefur tekizt að koma sættum á, skuli *strax* ganga til atkvæða um, hvort presturinn skuli halda áfram að þjóna eða ekki, eða hvort fyrst skuli sjá, ef sökin reynist að vera hjá prestinum, hvort hann ekki bætir ráð sitt eptir gefna áminningu af prófastinum. Það hefur ætíð verið grundvallarregla í kristilegri kirkju, að útskúfa ekki manninum, þó hann hrasi, strax í stað. Sama rjett virðist presturinn ætti að eiga, að beðið sje eptir því, að hann sýni ávöxt af áminningunni. Eptir frv. á strax að útskúfa þeim presti, sem söfnuðurinn þykist hafa eitthvað upp á að klaga, þó presturinn fyrir milligöngu prófasts kannist ekki við, að hann hafi í neinu verulega brotið. Jeg skal nú ekki dvelja lengur við það, hvort hjer sje nokkur sanngirni, og ekki heldur við það, hvaða áhrif það hefur á sambandið milli prests og safnaðar, þegar fáum mönnum er gefinn rjettur til að rísa upp á móti prestinum fyrir hvað eina. Einstakir ofstopar geta af einhverjum sjerstaklegum ástæðum orðið óvinveittir prestinum, og dregið aðra með sjer. Það er misjafn sauður í mörgu fje, og forustusauðirnir eru ei ætíð hinir beztu í hjörðinni. 5. gr. inniheldur eptir br. nefndarinnar jafnvel harðari kosti, en frv.greinin óbreytt. Eptir 5. gr. frv. þarf tvo þriðju hluta allra atkvæðabærra manna í prestakallinu til að fella prestinn, en eptir br. n. miklu færri, þ. e. tvo þriðju hluti „þeirra, er atkvæði hafa greitt", en fundur er lögmætur ef tveir þriðju hlutir safnaðar mæta. Nú geta mætt tveir þriðju hlutar; en eptir br. n. er presturinn löglega frá dæmdur, ef tveir þriðju þeirra greiða atkv. með því. Nál. er því harðara í þessu verulega atriði en sjálft frv. Þá skal jeg taka það fram, að eitt er mjer óljóst hjer í frv.; en jeg veit að hinn h. frsm. (Sighv. Árn.) muni geta skýrt það fyrir mjer. Í frv. er það tekið fram, að prófasturinn skuli stefna til fundarins, er gjörir út um prestinn, og í nál. er því bætt við, að prófastur skuli miðla málum milli prests og safnaðar. Nú vildi jeg spyrja, hvernig á að fara að, ef prófasturinn sem prestur verður ósáttur við sinn söfnuð? Þetta getur að borið, því prófasturinn er ekki að eins prófastur í prófastsdæminu yfir höfuð, heldur og prestur í einhverjum söfnuði þess, og prófastar eru breyskir eins og aðrir menn. Hvernig á þá að fara að, segi jeg? Á hann þá að kalla saman þann fund, sem á að gjöra út um, hvort hann sjálfur sje hæfur til að vera prestur í sínum söfnuði? Hver á að miðla málum milli hans sem prests og safnaðarins? Þetta verður hinn h. frsm. (S. Á.) að skýra fyrir mjer. Jeg get ekki greitt úr því. Loks skal jeg minna á, að þetta frv. getur með engu móti samþýðzt því frv. um „kosningu presta", sem nýlega var afgreitt frá þinginu. Þar var ákveðið, að valdið til að veita prestum lausn og víkja þeim frá embætti væri hjá konungi. Hjer sje jeg ekki betur en að þetta vald sje fengið söfnuðunum í hendur. Verði þetta frv. sþ., þá sje jeg ekki betur, en að þingið gefi út lög, sem eru í mótsögn hvor við önnur. En um það munu allir hinir h. þdm. vera mjer samdóma, að lög frá þ. ættu að vera sem bezt vönduð.

Jón Pjetursson: Mjer er ómögulegt að skilja, að það geti orðið til góðs, ef lög þessi ná fram að ganga. Þvert á móti gæti jeg trúað því, að enginn maður vildi þá gefa sig til að verða prestur, þegar hann getur átt það á hættu að verða afsettur af söfnuði sínum, þegar minnst varir, máske fyrir litlar eða engar sakir. Það þyrfti ef til vill, ekki meira, en að presturinn prjedikaði hart og vandaði stranglega um við söfnuðinn, til þess að einhverjir stórbokkar í söfnuðinum risu upp á móti prestinum, því þeim mundi víða hægt að fá $^2/_5$ hluta safnaðarins með sjer. Frv. hljóðar eptir fyrirsögninni um óhæfa presta; en það þurfa alls ekki að vera óhæfir prestar, sem ráðizt verður á. Ef að eins $^3/_4$ safnaðarins vilja hafa prest sinn frá, þá þurfa þeir ekki að gjöra neina grein fyrir, hvort hann sje óhæfur til prest-

skapar eða ekki. Í 1. gr. er ákveðið, að prófastur skuli stefna til fundar, ef 1/4 safnaðarins kvartar undan presti sínum. Hann er þá sjálfsagt allt af skyldur að trúa því, að sá prestur sje óhæfur, er þeir kæra! Það er víst ekkert á móti því heldur, að mormónar eða annar þess konar lýður sje með í þessum fjórða hluta? Ef nú þessi fjórði partur safnaðarins, sem kærir prestinn, eru tómir mormónar, þá á prófastur víst engu síður að hlýða? Í 1. gr. er ekki talað um að þeir, sem gefa prófasti til kynna, að þeir álíti sig hafa óhæfan prest, þurfi að hafa óflekkað mannorð; nei, það mega vera þjófar og bófar, og hvaða illþýði sem vera vill, bara ef þeir gjalda til prests og kirkju. Jeg vona sterklega, að þetta mál fái ekki framgang, því sem lög yrði það ekki til annars en ills eins.

Sighvatur Árnason: Það er hvorttveggja, að jeg persónulega legg ekki neitt kapp á þetta mál, enda blæs ekki byrlega fyrir því. Hinn hæstv. lh. sagði, að þetta mál væri á móti stjórnarskránni. Þessi mótmæli hefi jeg ekki heyrt fyr, enda minntist hann ekki á þá grein stjórnarskrárinnar, er þessu væri gagnstæð. *(Landshöfðingi:* „4. gr.“). Þessari mótbáru skal jeg ekki svara frekara fyr en jeg hefi borið frv. saman við þessa gr. stjórnarskrárinnar. Þá skal jeg snúa mjer að ræðu hins h. 6. kgk. þm. (S. M.).— Það, sem hann tók fram, fæ jeg eigi sjeð, að sje nein ástæða móti þessu frv. Hann sagði, að slík lög sem þessi mundu verða til þess, að spilla samlífi prests og safnaða. Jeg held nú þvert á móti. Jeg er á þeirri skoðun, að öll lög, sem miða til að gjöra hverjum embættismanni sem er aðhald, svo hann ræki betur sitt embætti, verði öllu fremur til að viðhalda og glæða samlífið milli hans og þeirra, sem hann er yfir skipaður. Og ef þessi lög eru ekki til þess að gefa prestum þetta aðhald, þá veit jeg ekki hverja stefnu þingið hugsar sjer að fara til að geta fengið slíkt nauðsynlegt aðhald. Þá tók sami þm. það fram, að slíkt sem hjer er gjört ráð fyrir, gæti komið fyrir hjá prófastinum sjálfum sem presti. Það verður nú æfinlega fyrst að gjöra ráð fyrir því sem er, að til prófasts er vanalega tekinn helzti presturinn í prófastsdæminu, svo það mundi sjaldnast koma fyrir hjá honum. En á hinn bóginn skal jeg taka það fram, að ef mönnum sýndist þurfa að gjöra ráð fyrir þessu í lögunum, þá er enn tími til að bæta úr því.

Þá minntist hann á það, að lögin um kosningu presta og þessi lög, sem fyrirhuguð eru með þessu frv., mundu stríða hvor á móti öðrum. Jeg hefi aldrei skilið seinustu greinina í lögunum um kosningu presta öðruvísi en að hún stefndi að því, að láta það haldast sem hingað til hefur viðgengizt, að konungur veiti þeim lausn, sem biðja um hana fríviljuglega, en víki þeim frá, sem verða fyrir *lagalegum* ákærum. *(Sig. Melsteð:* Eru þetta þá ólöglegar ákærur?). Nei, en það eru lög, sem heimila söfnuðunum að losa sig við óhæfa presta, án þess að kæra þá fyrir afglöp í embættisfærslu. Jeg fæ því ekki sjeð, að þessi lög reki sig hver á önnur í þessu tilliti, og ekki á 7. gr. prestakosningarlaganna. Hinn h. 3. kgk. þm. (J. P.) sagði, að til þess að nokkrir í söfnuðinum kvörtuðu undan presti sínum þyrfti ekki annað en það, að presturinn prjedikaði hart. Þetta er ljettvæg mótbára. Það þarf varla að gjöra ráð fyrir, að prestur verði ákærður fyrir of harðar kenningar. Jeg held þvert á móti að sá orðrómur fari heldur af ræðum presta, að þær sjeu sljófar, en að þær sjeu of harðar. Jeg veit ekki betur, en að það ríki í hvers manns brjósti, að halda mest og bezt af ræðum meistara Jóns Vídalíns, og munu þó fáir prestar kenna jafnhart og hann, og óvíða harðari kenningar í húslestrabókum, en einmitt í hans. En það hefur viljað bregða meira allt öðru fyrir í ræðum sumra presta en hörku. Mjer er sama þó þau orð sjáist eptir mig í þingtíðindunum, að það mun miklu fremur bregða fyrir í ræðum sumra þeirra ýmsu, sem fremur veikir ýmsar setningar í trúarbrögðum vorum, heldur en því, að þeir segi um of til syndanna.

Þá vil jeg víkja að því, að hinn hæstv. lh. spáði því, að stj. mundi ekki staðfesta þetta frv. sem lög. Á líkan hátt hefur nú verið spáð áður fyrir ýmsum málum hjer á þingi, og hefur sú spá stundum rætzt og stundum ekki. Þó þessi spádómur aldrei nema kunni að rætast, þá kann jeg ekki við, fremur í þessu máli en öðrum, að hopa á hæl um skör fram að ástæðulausu fyr en í fulla hnefana. Jeg hefði helzt viljað, að öll þau kirkju-

mál, sem nú hafa komið fyrir þ., bæði prestakosningamálið, kirkjunefndarmálið og þetta mál, sem hjer ræðir um, yrðu afgreidd frá þ. sem lög, því þá hefði jeg miklu fremur góða von um, að eitthvað af þeim yrði gjört að lögum. En af því að það er ekki nema eitt, sem enn er víst að gengið hefur fram hjer á þ., þá verður það ljett í vöfunum til að snúa því frá eins og 1881.

Landshöfðingi: Sú spá mín, sem hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) minntist á, að frv. þetta mundi ekki ná staðfestingu kgs. sem lög, var byggð á því, að það gæti ekki samrýmzt við 4. gr. stjórnarskrárinnar. Ef nú þm. eptir að hafa lesið þessa gr. stjórnarskrárinnar, eins og hann lofaði að gjöra, og borið hana saman við frv., kemst að því, að frv. ekki sje samkvæmt henni, þá vona jeg, að honum finnist það eðlilegt, þó jeg spái eða lýsi því yfir, að frv. muni ekki geta náð kgl. staðfestingu.

Benidikt Kristjánsson: Eins og hinni h. þd. er kunnugt, var jeg ekki hvatamaður að því, að þetta mál kæmi hjer fram. En fyrir tilstilli þd. sjálfrar, með því hún kaus mig í n. til að íhuga það, hef jeg orðið við það riðinn. Sem nefndarmaður hef jeg reynt til að ráða bót á frv. eptir beztu þekkingu. En af ræðum manna heyri jeg, að það hefur jafnvel vesnað þrátt fyrir þessa tilraun mína. Jeg álít, að sannfæring mín sje eigi svo vaxin, að jeg þurfi að draga hana í hlje, þó hún geti ekki fallið öllum í geð. Mín sannfæring, sem er, er mjer gefin, og jeg blygðast mín eigi fyrir að láta hana í ljósi, hver sem í hlut á. Hinn hæstv. lh. hefur tekið það fram, að þetta frv. komi í bága við 4. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg held að því geti enginn neitað, að þetta frv. fer í sömu stefnu og frv. um kosningu presta, sem nýlega hefir verið samið og samþykkt af þ. (Ásg. Ein.: „nei"). Það er engin önnur grundvallarregla, sem þetta frv. er byggt á, en hitt, hvað sem þm. Str. (Ásg. Ein.) segir. Í 4. gr. stjórnarskrárinnar segir: „konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefur veitt hingað til. *Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði*". Einmitt vegna þessa eru lögin um kosningu presta ekki á móti stj.skr. Í gr. stendur enn fremur: „Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefur veitt það". Af þessu er auðsjeð, að ef það verður að lögum, að söfnuðir megi kjósa presta sína, þá mega þeir eins eptir þessu frv., ef það verður ur að lögum, losa sig við þá presta, sem þeir álíta óhæfa. Spursmálið getur þá einungis orðið um þá presta, sem konungur þegar hefur veitt embætti. Jeg get heldur ekki sjeð, að 4. gr. stj.skr. sje sett móti því, að prestar geti misst embætti án þess konungur taki það frá þeim. Þetta á sjer þó virkilega stað. Ætli eigi megi höfða mál á móti presti, svo hann missi kjól og kall, án þess kgr víki honum frá. Og getur dómarinn skorazt undan að dæma þann prest sem þannig er ákærður og verður sannur að sökum er varða embættismissi? Þetta hefur líka átt sjer stað. Prestar hafa gjört sig seka í brotum sem hafa gjört það, að þeir hafa ekki getað setið í embætti, þótt kgr hafi ekki vikið þeim frá. Það hefur sannarlega komið fyrir, að prestur hefur tapað embætti um stundarsakir að minnsta kosti, og það einmitt fyrir það brot, sem ekki er álitið svo sjerlega svívirðilegt eða saknæmt. Jeg held því, að ekki sje hægt að segja, að hjer sje farið móti stjórnarskr. Það verður því að tilfæra aðrar sterkari mótbárur móti frv., ef jeg á að geta sannfærzt. Jeg hugsa, að menn líti ekki rjett á stöðu prestsins, ef álíta á, að hann standi vel í henni eða sje hæfur að vera í henni, ef hann hefur meira en helming sóknarbarna sinna á móti sjer.

Þá skal jeg snúa mjer að ræðu hins h. 6. kgk. þm. (Sig. Melst.). Hann benti á, að það væri á móti anda kristindómsins, að útskúfa mönnum fyrir einstakt brot. Þetta er satt, og eins satt þó prestur eigi í hlut. En mjer verður varla gjört það skiljanlegt, að menn muni rísa upp á móti presti, þó hann gjörði sig sekan í einstöku broti. En færi svo að einn fjórði hluti safnaðar og þó mormónar væri með, sem þó vart munu eiga að teljast til lúthersks safnaðar—risi upp á móti presti fyrir eitthvert lítilvægt brot, þá ætla jeg að heppilegra væri að prófastur fengi að vita það, heldur fyr en seinna, svo hann gæti komið í veg fyrir, að einstakir menn spilltu fyrir prestinum og rægðu hann. Það er eigi gott, að slíkur orsakalítill krítur eða óánægja hjá einstökum mönn-

um dyljist lengi. Ef nú $^2/_3$ hlutar safnaðarins vilja losa sig við prestinn, þá ætla jeg að prófastur hljóti að taka slíkt til greina. (*Magnús Stephensen:* „Það þarf ekki $^2/_3$“). Hverjir eru það, sem ekki greiða atkvæði? Það eru þeir, sem hvorki eru heitir nje kaldir og hafa afsalað sjer rjetti sínum í söfnuðinum með því að koma ekki á fundinn. Í nál. er ráðið til að bæta inn í frv. nýrri ákvörðun um að atkvæði safnaðanna skuli borin undir biskup, sem getur synjað um að taka þau til greina. Þetta er ekki einungis rjett í hugmynd sinni, heldur eðlilegt, þar sem biskupinn er eins og fulltrúi þjóðkirkjunnar og hinir einstöku söfnuðir eiga að takmarka vilja sinn við hinn almenna safnaðarvilja, sem er falinn í atkvæði biskupsins. Hugmyndin er rjett. Þess vegna verð jeg að vona, að hinn h. 6. kgk. þm. (S. M.) álíti frv. í því tilliti bætt. Þar sem hann tók það fram, að prófasturinn væri ekki að eins prófastur, heldur og prestur, og gæti því ekki verið miðlunarmaður, og spurði hvernig að ætti að fara, ef prófasturinn yrði kærður sem prestur í sínum söfnuði, þá skulum vjer nú gjöra ráð fyrir, að prófastinn hendi þessi ógæfa. Má þá gjöra ráð fyrir, að söfnuðirnir vafalaust snúi sjer til biskups. Biskup sæi það ráð til, að setja einhvern prest í prófasts stað til þess að gegna köllun hans í þessu tilfelli. Þetta liggur beint við eptir fyrirkomulagi því, sem nú er. Í þessu tilliti munu því ákvarðanir frv. nægja, og ímynda jeg mjer, að enginn misskilningur muni af því geta risið. Þá get jeg heldur ekki sjeð, að þetta frv. geti komið í bága við lögin um kosningu presta. Er hjer nokkuð, sem ekki er byggt á sömu grundvallarreglu sem þau? Þá skal jeg að síðustu halda varnarræðu fyrir söfnuðina á móti sóknarræðu hins h. 3. kgk. (J. P.). Hann gjörði ráð fyrir, að sumir sóknarmenn mundu geta risið upp móti prestinum fyrir það, að hann væri vandlætingasamur í ræðum sínum. Jeg held ekkert dæmi sje til, sem sýni, að þetta hafi nokkurn tíma skeð. Setjum nú svo, að einhver prestur prjedikaði svo hart, að hann fyrir það missti embætti sitt. Þá þyrfti hann sannarlega ekki að blygðast sín; því þá yrði hann ekki skoðaður öðruvísi en sem píslarvottur fyrir kenningar sínar. Jeg held að sá prestur, sem prjedikaði í ströngum kristilegum anda, þyrfti ekki að kveinka sjer við það. þótt hann væri sviptur embætti sínu fyrir það eitt. Hann veit, að meistari hans hefur sagt, að þá, sem ekki meðtækju þá, skyldu þeir yfirgefa, og hrista duptið af fótum sjer.

Magnús Stephensen: Jeg vil spyrja hina h. n. að því, hvort þeir prestar, sem vikið verður frá á þennan hátt. og sem eptir fyrirsögn frv. eiga að vera óhæfir prestar, en eptir frv. sjálfu ekki þurfa að vera óhæfir prestar, hafi rjett til eptirlauna eða biðlauna. Enn fremur vil jeg spyrja, hvort n. hefur reiknað vel út þau brot, sem koma fyrir í frv., eða gætt að, hve mikinn hluta safnaðarins þarf til þess að afsetja prestinn. Það er ljóst, að eptir frv. í sambandi við nál. þarf minna en helming, þ. e. að eins $^4/_9$ hluta atkvæðisbærra sóknarmanna til að víkja prestinum frá. Ef þetta er nóg. er jeg hræddur um, að víkja megi mörgum presti frá fyrir litlar sakir. Jeg ætla ekki að segja, eins og hinn h. 3. kgk. (J. P.), að prestur geti bakað sjer óvild með því að kenna hart á stól, heldur utan stóls. Vandlætingasemi hans út af tíundarsvikum og við ógipt hjú, sem búa saman eins og hjón o. s. frv., gæti, að minni ætlun, hæglega orsakað, að hann fengi tæplega helming safnaðar á móti sjer. Hinn hæstv. lh. hefur tekið fram, að þessi máti að afsetja prestana væri ekki samkvæmur stjórnarskránni; en annar meiri lagamaður, hinn h. þm. Nþ., hefur sagt, að hann væri ekki á móti stj.skr., og skal jeg því ekki fara lengra út í það. Þá er það nokkuð skrítið, að biskup skuli eiga að hafa leyfi til að afsetja menn, sem kgr nýlega hefur veitt embætti. Þetta er nærri því enn óviðkunnanlegra, en þó söfnuðirnir einir hefðu þetta vald. En jeg vona, að ekkert af þessu komi til, heldur að frv. fái nú strax sín endalok.

Samkvæmt 33. gr. þingskapanna stakk forseti upp á því, að umræðurnar skyldu hætta, og var það sþ. m. 7 atkv.

Atkvgr.: Br. n. við 1. gr. (C 275) felld m. 6 atkv. á móti 5; 1. gr. frv. (C 219) felld m. 6 atkv. á móti 5; br. n. við 2. gr. sþ. m. 7 atkv.; 2. gr. þannig breytt felld m. 6 atkv. á móti 5; 3. gr. felld m

6 atkv. á móti 5; 4. gr. felld m. 6 atkv. á móti 5; br. n. við 5. gr. felld m. 6 atkv. á móti 5; viðbót n. við sömu gr. felld m. 6 atkv. á móti 4; 5. gr. felld m. 6 atkv. á móti 5; 6. gr. felld m. 6 atkv. á móti 5; 7. gr. n. felld m. 6 atkv. á móti 5; 7. gr. frv. felld m. 6 atkv. á móti 2. Fyrirsögn frv. felld m. 6 atkv. Var málið þannig fellt frá 3. umr.

Þrítugasti og fyrsti fundur, laugardag 4. ágúst. Allir á fundi.

Lfrv. um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi (frá n. d., C 284); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Það er án efa þd. í fersku minni, að stj. lagði fyrir þ. frv. til laga um br. á nokkrum brauðum, einkum í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Var frv. þetta rætt hjer í d. og sþ. með nokkrum br. og síðan sent hjeðan til n. d., sem felldi það allt eða því nær allt. Nú hefur hin h. n. d. gjört yfirbót með því að taka helztu gr., sem hún felldi, upp í nýtt frv., og laga það svo, að jeg skil ekki að nokkur geti haft á móti því, þar sem þessi nýja brauðaskipun ekki kostar lsj. einn eyri, en lögunin mjög nauðsynleg fyrir Eyjafjarðarprófastsdæmi, því á þingi 1879 var meðal annars ákveðið, að skipta Lögmannshlíðar sókn milli Möðruvalla og Akureyrarprestakalls, án þess ákveðið væri eða ákveðið yrði, að Lögmannshlíðarkirkja skyldi lögð niður. Bæði af þessu, og svo því, að brauðaskipunin eins og hún er nú í Eyjafirði, er alveg óaðgengileg, er það mjög nauðsynlegt, að þetta frumvarp verði sþ. af þd. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, sem jeg líka vona, að ekki þurfi langar umræður um.

Stefán Eiríksson: Jeg get nú ekki tekið undir með hinum h. þm. Ef. (E. Ásm.) í því, að n. d. hafi gjört yfirbót að því er þetta mál snertir, því hún hefur fellt frv. það, sem hjer var sþ. með flestum eða öllum atkvæðum. Að vísu var meira í því, en frv. stj., en mig furðar á, að úr því neðri deildin fór að prjóna upp nýtt frv., að hún skyldi þá ekki taka allt upp sem áður var í stjórnarfrv.; hún hefði sannarlega átt að taka líka Meðallandsþing og Þykkvabæjarklaustursbrauð. Fái þetta frv. hjer fram að ganga, þá finn jeg mig þess vegna knúðan til að bæta þessum brauðum í það, því jeg er öldungis viss um, að enginn sækir nokkurn tíma um Meðallandsþing og Þykkvabæjarklaustur í sameiningu.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til l. um að stofna slökkvilið á Ísafirði (C 275); 1. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til l. um breyting á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald (C 277); 1. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til l. um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 276); 1. umr.

Ásgeir Einarsson: Þó jeg, af því, sem fram hefur farið að undanförnu, haldi, að mönnum sje orðið þetta mál nokkuð kunnugt, þá skal jeg þó, af því sú nýja kenning kom fram á síðasta þingi, að selurinn eyði fiskinum á Breiðafirði, skýra frá því, sem jeg veit sannast í þessu efni. Jeg man til þess, að það var lengi mikil fiskiveiði í Dritvík. Margir teinæringar voru fluttir þaðan af hörðum fisk inn í Breiðafjarðareyjar. En þessar fiskiveiðar eyddust; en ekki var það selurinn, sem eyddi þeim. Faðir minn sál. hafði róið í Oddbjarnarskeri, sem er á Breiðafirði, og var þá mikið fiskirí undir þar. Þegar jeg var 14 vetra reri jeg úti í Bjarnareyjum og fjekk 300 tólfræð til hlutar; þá voru engin selaskot á Breiðafirði, og selveiði í blóma, en fiskurinn minnkaði eptir það. Á Steingrímsfirði var þá selaveiði á hverjum bæ norðan til við fjörðinn; þá var þar líka fiskiafli góður fram eptir aldri föður míns, þangað til eptir 30 ár; þá hvarf sá afli, og þó hjelzt selaveiðin. Það datt engum í hug, að landselurinn eyddi fiskiveiðunum, heldur vöðuselurinn, sem kom eptir veturnætur; en svo kom mikil fiskigengd á Steingrímsfjörð þegar selveiðin var í blóma, og hefur haldizt síðan, þó misjöfn eptir árferði. Þá skal jeg víkja

að því, hver orsökin var til opins brjefs 22. marz 1855. Veiðilögin 1849 vildu sumir þingmenn skyldu banna öll selaskot viku sjávar frá selalögnum og selalátrum, en þetta fjekkst ekki fram á þ., heldur einungis hálfa viku sjávar; þau voru því ekki Breiðfirðingum til neins gagns. Menn úr Stykkishólmi og víðar læddust inn undir eyjarnar, og skutu sel rjett við eyjarnar. Þetta var þeim víða hægt, þar eyjarnar voru langar, og strjálbyggðar, svo skotmenn gátu leynzt eyjabúum. Þá kom bænarskrá frá Breiðfirðingum til þ. og síra Ólafur í Flatey flutti hana fram á þinginu. Hún sýndi fram á, að það væri yfir 17,000 kr. virði, sem selveiðin gæfi af sjer á Breiðafirði; þá var Breiðfirðingum svo annt um, að selveiðin eyddist ekki. Sáu menn þá ekki annað ráð, en að gjöra svæðið svona langt og vítt. Svona kom málið inn á þ. Það hefur komið fyrir þ. á hverju ári síðan, og allt af verið fellt. Þetta er í fyrsta sinni, sem það hefur komizt svona langt. Þessar upplýsingar get jeg gefið, en ekki trúna á þær. Væri svo að selurinn eyðilegði fiskiríið, þá væri tiltök að eyða honum. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en fela það þd. Það er enginn hagur eða óhagur fyrir mig, hvort sem bannið verður upp hafið eða ekki; en jeg skoða svo stöðu mína sem þingm. að mjer ber að tala hjer sannleika, og bera hann fram, hver sem í hlut á.

Árni Thorsteinson: Það er vandi að svara hinum h. þm. Str. (Ásg. Ein.). Hann veit ætíð alla hluti betur en aðrir menn, og þykist nú sjá fyrir forlög Karthagóborgar hvað þetta mál snertir. En þessi lög sem nú á að nema burtu eru ekki eins fullkomin eins og þau ættu að vera; menn geta farið í kring um þau eins og þau eru. Frá því þau voru samin 1855, hefur þar næst engin sýnilegur ávöxtur orðið af þeim. Það hefur enn ekki komizt inn í rjettarmeðvitund manna, að þau væru á rökum byggð, því síður að þau væru nokkrum til verulegra hagsmuna; það má skoða selinn sem óvin mannkynsins. Hann jetur mikið og leggur sjer til munns sömu fæðu og menn, bæði lax, heilagfiski og síld o. s. frv. Jeg neita því ekki, að það sje sjálfsagt að friða sel þar sem látur eða lögn eru, og þau nokkuð langt út frá þeim. En fyrir utan þetta svæði ætti ekki einn fremur en annar að hafa rjett til að veiða selinn. Lög þessi hafa staðið síðan 1855 og aldrei borið neinn sýnilegan ávöxt. Þeir, sem eiga lögn út frá landi, hafa heldur ekki grætt á sel, og því fæ jeg ekki sjeð hvaða ástæða er til þess, að halda þessum lögum. Hinn h. þm. Str. (Ásg. Ein.) nefndi ýmsar veiðistöðvar þar sem fiskurinn hefði lagzt frá. Skömmu eptir aldamótin munu, að því er jeg má fullyrða, hafa verið talsverðar fiskiveiðar við Stykkishólm, þar sem ekki hefur aflazt neitt síðan á þessari öld. Þó veit jeg ekki, hvort það hefur verið selnum eða öðru að kenna. Það má svo vel vera þó að jeg geti ekki beinlínis sannað það með áþreifanlegum rökum, en jeg tel miklar líkur til þess. Jeg held ekki þurfi að skoða hann, þó slæmur sje og skaðlegur, sem eins konar erfðasynd, sem alstaðar komi í ljós, og eigi einungis spilli heldur og gjöreyði fiskum. En nú skal jeg víkja að öðru. Það hefur sýnt sig, þegar selurinn hefur verið friðaður, þá hefur honum fjölgað. En þegar selurinn hefur fjölgað, þá hefur líka fjölgað óvinum hans, háhyrnum og ýmsum óvættum, sem ofsækja selinn. Lagnirnar hafa þá eyðilagzt; þar sem selurinn hefur fjölgað, hefur hann orðið fyrir enn meiri ofsókn af óvinum sínum. Hvaða vit getur líka verið í því, að halda lagaboði, sem bannar landsmönnum að veiða sel, þar sem útlendingar mega það. Það hafa komið sterkar raddir fyrir því, að það væri einhver rjettarnauðsyn að láta þetta bann ná frá Bjargtöngum til Öndverðarness. Menn hafa framfært ýmislegt, t. a. m. að selveiðin hafi verið 17000 kr. virði, og jafnvel líkt henni við kúna í fjósinu og kindina í haganum. Vjer höfum nú sjeð árangurinn af þessari kúgun. Selaveiði er nú víst ekki 17000 kr. virði á Breiðafirði, en mikið minna. Jeg held það sje engin ástæða til að halda banninu vegna þess að menn hafa virt selveiðina áður svona hátt; hún mun nú ef að tillit er tekið til hins mikla kostnaðar, sem lagður er í nætur o. fl. vera svo, að hún hafi mjög lítinn hag í för með sjer. Jeg álít miklu fremur að þeir verðskuldi verðlaun, sem útrýma selnum vegna laxveiðinnar og annarar nytsamari veiðar. Selurinn jetur ekki lítið bæði af lax og

síld o. s. frv. Selaveiðin hefur verið sögð 17000 kr. virði. En getur þm. (Á. É.) reiknað hvers virði það hefur verið, sem t. a. m. um 4000 selir á Breiðafirði hafa jetið á ári af fiski, síld, og alls konar dýrum? Þó í Hvítá væru ekki nema rúmir 200 selir, þá ætu þeir meira af laxi á dag, en nokkru sinni hefur verið veitt viku eða jafnvel á heilum mánuði. Selurinn er matvandur, og spillir miklu af fæðu þeirri, er hann aflar sjer. Þannig jetur hann ekki nema rafabeltið af lúðunum. Jeg sje ekki hvaða ástæða er að banna að veiða þessa skepnu á þeim stöðum þar sem enginn hefur rjett til að heimta friðun á henni. Það yrði að vera einhver velferðarástæða fyrir þessu banni, ef það ætti að haldast; en það er svo langt frá, að þessa ástæðu sje að finna. Jeg verð því að mæla með því, að þetta mál gangi til 2. umr. og þetta ónáttúrlega bann verði af numið.

Ásgeir Einarsson: Hinn h. 5. kgk. þm. (Á. Th.) sagði, að það væri hægt að fara kring um þessi lög. Það var einmitt það, sem jeg var búinn að taka fram líka. En af hverju var það? Það var af því, að lögin voru of þröng, og svo hafa nú líka verið óduglegir lögreglustjórar í kring um Breiðafjörð einhverstaðar. Dæmi hafa víst verið til þess. Þá talaði hann um þessi ósköp, sem selurinn æti, bæði af laxi, síld, heilagfiski o s. frv. Já, það má vera einstök skepna, sem jetur meira en hún kostar sjálf!! Þá sagði hann, að lög þessi væri ekki komin inn í rjettarmeðvitund manna. Í þessu kann það eitt að vera satt, að þau sjeu ekki komin inn í rjettarmeðvitund skotmanna. Þá sagði hann, að yrði að gjöra greinarmun á hvort það væri vöðuselur eða láturselur, sem skotinn væri; en jeg held að það sje ekki gott að halda vörð á því. Þegar hann sagði, að selurinn drægi að sjer ýmsa illfiska, t. a. m. háhyrnur, þá gat jeg ekki annað, en farið að hlægja. Jeg veit ekki til að háhyrna sje neinn illfiskur, og yfir höfuð veit jeg ekki til, að illfiskur hafi nokkurn tíma grandað bát á Breiðafirði eða gjört þar neitt tjón. Þá skal jeg minnast á eitt, sem ætti að vera mikil hvöt til að halda þessu banni, og það er það, að æðarfuglinum, þessum mjög arðsama og dýrmæta fugli, yrði ekki óhætt fyrir skotmönnum, ef þeir mætti vaða inn undir eyjar, og skjóta þar eins og þá lysti, og styggja fuglinn, þó þeir gerðu ekki meira. Að svara þeirri spurningu,, hvað mikið selurinn jetur, er mjer ekki svo hægt að segja, því satt að segja hefi jeg aldrei haft tækifæri til að mæla það. Þó held jeg það sje ekki svo sjerlega mikið af fiski. Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá voru þessi lög neyðarúrræði, af því veiðilögunum, sem voru svo þröng, var ekki hlýtt. Ohlýðni við veiðilögin, sem var svo auðveld, gjörði það, að þessi lög, sem hjer ræðir um að nema úr gildi, urðu nauðsynleg. Þau hafa verið og verða nauðsynleg; þess vegna vil jeg ráða hinni h. þd. til að fella þau ekki úr gildi. Nú hefi jeg sagt d. það, sem jeg veit rjettast og sannast í þessu máli. Ef hinir aðrir þdm. vilja eyða bjargræðisútvegum manna endurgjaldslaust, þá er það á þeirra ábyrgð.

Stefán Eiríksson: Það hafa nú tveir h. þm. talað í þessu máli, og umræðurnar um það eru kann ske ekki úti enn hjer í þd., þó frv. sje ekki nema ein lína. Að vísu er jeg ekki kunnugur á Breiðafirði, en þar á móti þekki jeg vel til fyrir austan, þar sem selalagnir eru. Þar veit jeg að ekkert er eins eyðileggjandi fyrir lagnaselinn eins og skot. Landselurinn er mjög stygg skepna; hann fælist því mjög skot og báta umferð. Allt öðru máli er að gegna með útsel og vöðusel. Hann er miklu gæfari, og svo kemur hann ekki nema haust og vor. Þess vegna mundi það, ef til vill, ekki gjöra svo mikið, þó þetta lagaboð fjelli úr gildi, að því er snertir útselinn og vöðuselinn. Jeg held nú, að þó skotmenn fengi að drepa selinn, þá mundi þeim varla takast að eyða honum öllum, svo að enginn selur lifði eptir til að jeta eða styggja fiskinn á Breiðafirði. Heldur væri hugsandi að lagnir eyddi honum, þar sem þær opt eyða mestallri viðkomunni. Eptir að veiðilögin 1849 höfðu verið í gildi 5—6 ár, hafa þeir þótzt, sem lagnir áttu, ekki geta haft þær í friði fyrir skotmönnum, og var þá lagaboð það, sem hjer ræðir um, út gefið, einmitt af því, að þeir sem lagnaveiðina áttu, töldu sjer eign sína tapaða. Verð jeg því að álíta ísjárvert, að nema það nú úr gildi. Ætla jeg það geti leitt til þess, að mjög skerðist eignarrjettur manna, en það á löggjafinn alls

ekki að hvetja til. Þar sem lagnaveiði er í Hornafirðinum, þar má enginn skjóta sel, þar í grennd við, og ekki heldur á lengra sviði út frá lögnunum. Auk þessa er það skiljanlegt, að varp getur skemmzt ef selaskot verða leyfð. Fuglinn fælist eins og menn vita, skotin, og leggst frá varpeyjunum, og á Breiðafirði munu þó vera ekki svo fáar varpeyjar. Jeg held því að það væri ákjósanlegast, að deildin felldi þetta frv.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2 umr. m. 6 atkv.

Þrítugasti og annar fundur, mánudag 6. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 (C 269); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hefi leyft mjer að koma með litla brt. við frv. þetta. Er brt. þessi byggð á sömu ástæðum sem málið um jarðamat í Rangárvallasýslu, sem var fyrir þd. á dögunum, á þeim ástæðum, að ekki að eins seinasta árið, heldur tvö síðustu árin, sem síra Guðm. Jónsson þjónaði Stóruvallabrauði, var brauð þetta undir stórkostlegri eyðileggingu. Veturinn 1880—1881, hinn mikla gadda- og hörkuvetur, byrjaði fyrst fyrir alvöru eyðilegging þeirra sveita Land- og Rangárvalla. Þá hófst hinn mikli sandblástur og grasleysi sumarið eptir, og að afliðnum vetrinum 1881—1882 kom áfellið mikla, sem mönnum er kunnugt og mikið hefur verið um talað. Að öllu þessu hjágengnu gekk Landsveit svo í sjálfa sig, að ekki var fyrirsjáanlegt að hún gæti slórt, þó svo færi fyrir guðs og góðra manna hjálp, enda flúðu þá margir úr sveitinni og til annara hjeraða. Af öllu þessu leiddi mestu rýrnun á brauðinu. Presturinn missti ekki lítið af prestsmötunni, og Klofatorfan eyðilagðist alveg, en henni fylgdu kirkjukúgildi. Torfan eyddist svo, að þar stóð ekki steinn yfir steini. Mönnum þykir þessi lýsing: ef til vill, ekki trúleg. En ef menn kæmu á staðinn, þá mundi ókunnugum mönnum gefa á að líta að sjá bæði Rangárvelli og Landsveit. En Landsveit var að mestu eingöngu brauð síra Guðmundar. Jeg get því ekki annað álitið, en að það sje hin mesta sanngirni að taka þessa brt. til greina, og jeg veit ekki betur, en að hann hafi sjálfur sótt um styrk til lsj. vegna þessa halla. er hann hefur beðið, og vil jeg út af þessari ætlun minni skírskota til hins hæstv. lh., sem líklega hefur fengið bænarskrána, sem jeg jafnvel held að hafi farið fram á hærri tölur, en hjer er gjört. Jeg vona því að hin h. þd. taki þessa brt. til greina og láti hana fá framgang ásamt frv. sjálfu.

Landshöfðingi: Jeg hefði að vísu óskað, að minni breytingar hefðu orðið á frv. í n. d., en orðið hafa. En þó frv. hafi verið breytt, eru þessar br. þó þannig lagaðar, að jeg hef ekki fundið nægа ástæðu til að koma með bratkv. í þessari h. þd. til þess að færa frv. nær hinu upphaflega stjórnarfrv. Mjer þótti ekki br. n. d. svo mikilvægar, að jeg finndi nægа ástæðu til að tefja gang málsins hjer í d. með brt. En þar sem nú er fram komin ein brt. frá einum h. þm. hjer í d., þá skal jeg leyfa mjer að minnast á hana. Að efninu til get jeg alveg fallizt á þessa brt. og vil styðja hana, þ. e. að 200 kr. uppbót veitist hinum fyrverandi presti á Stóruvöllum fyrir seinasta þjónustuár hans. Brauðið hefur, eins og kunnugt er, orðið fyrir mörgum og miklum áföllum hin seinustu ár, meiri en nokkurt annað brauð í Rangárvallasýslu, ef til vill, á öllu landinu. Þess vegna álít jeg það maklegt, að veita prestinum, sem var í brauðinu, þessi miklu harðindaár, þessa litlu uppbót. Jeg vona líka, að þessi litla brt. verði málinu ekki til þeirra tálmana, að ísjárvert sje að fallast á hana.

Sighvatur Árnason: Fyrir mitt leyti get jeg verið hinum hæstv. lh. þakklátur fyrir undirtektir hans undir brt. mína. En af því jeg býst við, að ekki verði fleiri umr. um þetta mál hjer í þd., þá vil jeg bæta nokkrum orðum við tölu mína áðan. Jeg get hugsað mjer, að einhver hjer í d. þekki ekki efnahag þessa uppgjafaprests, eins og hann er. Áður en harðærið dundi á, var hann álitinn efnamaður. En hvað skeði? Í harðindaárunum beið hann óbætanlegt tjón og svo flæmdist hann frá Stóruvöllum í fyrra haust eptir að hann var búinn að missa mestallan fjenað sinn, sem hann var búinn að koma sjer upp og sem eigur hans stóðu mestallar í. Jeg tek þetta

fram, svo menn villist ekki á efnahag hans og álíti hann nú vel standandi. Hann ætlaði að vera til lengstra laga á Stóruvöllum, sem var álitin einhver bezta bújörð, en sem nú er orðin alveg óbyggileg. Flæmdist hann því frá henni næstliðið haust og er nú kominn á kothreysi þar í sveitinni, sjálfur heilsulaus og ófær um að standa straum af því, er hann þarf sjer og sínum til uppeldis.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn. Að eins vil jeg bera það, að hinn h. 1. þm. Rvl. hefur borið alveg sanna sögu í þessu máli, enda finn jeg mjer sem kunnugum skylt að votta það, að sá tekjumissir og eignamissir, sem nefndur prestur hefur orðið fyrir, gjörir það, að jeg verð að álíta það sjálfsagða nauðsyn, að hann fái þennan styrk úr lsj., sem breytingartillagan fer fram á, og sannarlega ekki má minni vera en 200 kr. Jeg treysti hinni h. þd. til að líta með sanngirni og rjettsýni á þetta mál og styðja það til farsællegrar framgöngu.

Einar Ásmundsson: Mjer fyrir mitt leyti virtist mega sþ. þetta frv., eins og það kom fra n. d., án br. hjer í d. Allt fyrir það er jeg alls ekkert á móti því, að þessi góði prestur, sem var á Stóruvöllum, geti fengið þennan styrk, sem brt. fer fram á eða 200 kr. Jeg veit ekki betur en að veitt sje í fjárlögum 4000 kr. handa fátækustu brauðum fyrir þetta ár, og í fyrra 4500 kr. Jeg get því ekki skilið annað, en að nokkuð sje eptir af þessu fje, svo þessi fátæki prestur geti fengið af því þessar 200 kr. Jeg álít því rjettast, að lh. væri falið að taka tillit sjerstaklega til þessa prests, eins og annara, sem þjóna fátækum brauðum. Jeg er ekki mikið gefinn fyrir að fylla bæði fjárlög og fjáraukalög með nöfnum einstakra manna, sem biðja um styrk eða uppbætur. Jeg hef því hugsað mjer að greiða atkvæði á móti brt. hins h. 1. þm. Rvl. (S. Á.), án þess jeg þó í nokkru tilliti sje á móti því, að presturinn á Stóruvöllum fái þennan styrk.

Landshöfðingi: Út af þeim orðum hins h. þm. Ef. (E. Ásm.), að þessum presti verði veittur þessi styrkur af fje því, sem ætlað er fátækum brauðum á árinu 1883, skal jeg upplýsa það, að það er þegar búið að veita allt þetta fje. Hann getur því ekki hjer eptir fengið neina nýja veitingu af því fje, sem veitt er í fjárlögunum í þessu skyni fyrir árið 1883.

Magnús Stephensen: Jeg er samdóma hinum h. þm. Ef. (E. Ásm.) um, að óheppilegt sje, að veita í fjárlögum upphæðir til einstakra manna, sem fæstum er ljóst að hve miklu leyti þeir eiga þær skilið eða ekki. Þess vegna er jeg mótfallinn þessari brt. 1. þm. Rvl. (Sighv. Árn.), þó jeg að öðru leyti geti vel unnt þessum manni þessa styrks. Þó vil jeg leita mjer upplýsinga hjá hinum hæstv. lh. um, hvort þessum presti ekki hafi verið veitt sjerstök uppbót af þessum sjerstöku ástæðum af fje því, sem fyrir árið 1883 er veitt í þessu skyni. Þessi maður er ekki lengur þjónandi prestur, heldur uppgjafaprestur. Hjer er því að tala um, að veita honum uppbót fyrir umliðinn tíma, sem jeg held að hann hafi fengið.

Landshöfðingi: Jeg skal svara hinum h. þm. (M. St.) því, að sjálfsagt hefur verið tekið tillit til þessara skemmda á brauðinu við útbýtingu styrksins til þess prests, er hjer ræðir um, en þessi styrkur hefur ekki getað orðið nægilegur. Að öðru leyti skal jeg á seinna stigi málsins gefa þm. nákvæmari upplýsingar í þessu efni.

Atkvgr.: 2. gr. frv. sþ. m. 9 atkv.; 3. gr. frv. sþ. í e. h.; 4. gr. sþ. m. 10 atkv.; brt. 1. þm. Rvl. (S. Á.) við 5. gr. (C 277) sþ. m. 6 atkv.; 5. gr. sþ. m. 8 atkv.; viðbót sama þm. við 5. gr. (C 277) sþ. m. 6 atkv.; 2. tl. 5. gr. sþ. m. 10 atkv.; 1. gr. frv. eins og hún var breytt orðin við þessa atkvgr. sþ. m. 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Lfrv. til br. á 2. og 3. gr. l. 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (C 273); 2. umr.

Stefán Eiríksson: Jeg hef leyft mjer að koma með lítið bratkv., sem jeg vona að hin h. þd. fallizt á, því jeg álít það miður heppilegt lagaform, sem verður á þessu frv. eptir því sem 3. gr. er orðuð, eins og n. d. hefur skilið við það. 2. gr. á að öðlast gildi 1. jan. 1884, en 1. gr. einhvern tíma á alveg óákveðnum tíma.

Jeg hef ekki sjeð slíkt lagaform myndað af þinginu síðan það fjekk löggjafarvald. Konungur á eptir þessu í raun og veru að sþ. lögin tvisvar. Jeg hefði helzt viljað óska, að frv. hefði komið í líkri stefnu með tilliti til 1. gr. eins og það var sþ. af báðum deildum þingsins 1881. Að vísu hef jeg ekki komið með br. í þá átt, en jeg vona að einhver þdm. komi með hana til 3. umr., og þá mun jeg gefa henni atkv. mitt. Það getur nú verið, að þetta sjeu ekki of há laun, sem frv. ákveður, og betra er, að þau sjeu sómasamleg til þess að góður maður fáist í embættið. Á þingi 1881 þótti 3600 kr. vera nægileg laun, og þó þau nú sjeu færð upp í 4000 kr., þá er það kannske nauðsynlegt, til að fá duglegan mann í embættið.

Landshöfðingi: Jeg get með engu móti fallizt á bratkv. hins h. þm. Ask. (St. Eir.). Ákvörðun sú, sem gjörð hefur verið í n. d. um það, hvenær lög þessi skuli öðlast gildi, er að vísu nokkuð óvanaleg, en hún er byggð á þeim ástæðum, sem teknar voru fram undir umræðunum í n. d., að komast hjá því, að raska þeirri grundvallarreglu, sem jafnan hefur verið fylgt, að skerða ekki þau laun, sem embættismanninum hafa verið veitt með embættinu. Afleiðingarnar af bratkv. þm. Ask. (St. Eir.), eptir því sem hann sjálfur mun leggja í það, yrðu þær, að laun landlæknisins yrðu færð niður frá 1. jan. 1884; því það mun víst vera meining þm., að lögin í heild sinni öðlist þá gildi, bæði launahækkun hins fasta kennara og launalækkun landlæknisins, en ekki, eins og hugsazt gæti, að þau skyldu öðlast þá gildi, ef landlæknisembættið losnaði frá 1. jan. 1884. Þetta mun ekki hafa verið meining þm., eins og það heldur ekki var meining manna í n. d., þegar frv. var þar í sama formi. Þar sem ákvörðun n. d. um það, hvenær lögin öðlast gildi, er öldungis ljós og samkvæm þeirri grundvallarreglu, sem fylgt hefur verið, þá átt jeg ekki rjett að fallast á bratkv. þm. Ask. (St. Eir.), heldur á frv. greinina.

Ásgeir Einarsson: Fyrst enginn ætlar að standa upp framar, þá held jeg samt jeg verði að gjöra það. Jeg hefi mikið hugsað um það atriði, sem hjer ræðir um. Sumum þykir hann býsna hálaunaður embættismaður. En hvernig, sem jeg hugsa um þetta mál, þá kemst eg allt af að þeirri niðurstöðu, að ekki sje eins nauðsynlegt, að nokkuð embætti sje vel skipað á Islandi eins og landlæknisembættið. Sá maður, sem nú gegnir þessu embætti, er að vísu lítt reyndur, en þó varð eg þess var á ferðum hans kringum landið, að hann ljet sjer annt um að ferð sín gæti orðið til gagns. Hann gegndi nákvæmlega sjúklingum, sem til hans leituðu, og tók tillit til umkvartana um hjeraðslækna. Líka varð eg þess áskynja, að hann hefur fast í huga, að vísitera apótek úti um landið og líta eptir hjeraðslæknunum. Þess ber að gæta, að það er nokkuð annað, að vera landlæknir nú, en áður á dögum. Nú eru um 20 læknar á landinu, en áður voru þeir ekki fleiri en 4. Að vísu hefur hann fullt endurgjald fyrir ferðir sínar, en heldur ekki meira, því lh. hefur vald til að setja ferðakostnaðinn niður ef honum þykir hann of hár. Þess má líka gæta, að það er ekkert sælgæti að rífa sig upp úr góðu heimili til að ferðast yfir hina ógreiðfæru vegi á Íslandi. Þegar eg hugsa um, hve hörmulega fór með útbreiðslu mislinganna í fyrra, þá getur mjer ekki annað en dottið í hug, hve nauðsynlegt það sje, að hafa dugandi mann í þessu embætti. Munurinn á nýtum og ónýtum landlækni verður ur ekki útreiknaður í krónutali. Jeg hef lagt mig mikið eptir skoðunum þessa manns og hefur mjer fallið hann vel í geð. Læknir er hann sagður góður og undarlega mikil aðsókn að honum. Það getur þó ekki verið sprottið af heimsku manna, þar sem svo *margir* aðrir *góðir* læknar *eru á staðnum*. Mjer er það að vísu ekkert kappsmál, að þessi maður fái að halda þeim launum, sem hann hefur. Jeg er ekkert meðmæltur hálaunamönnunum yfir höfuð. En jeg segi það, að þingið ætti ekki að spara um of, ef það fyrir sparnaðinn gæti átt það á hættu, að missa góðan lækni. Eptir því sem jeg hefi heyrt, missti landið góðan lækni í fyrra, af því honum buðust betri kjör í útlöndum. Jeg get ekki borið það til baka, að mjer þykir líf og heilsa betri en fáeinar krónur.

Stefán Eiríksson: Hæstv. lh. gat ekki fallizt á bratkv. mitt. Það getur verið, að sumum kunni eigi að þykja það eiga vel við, en jeg fyrir mitt leyti get nú ekki sjeð neitt á móti, að h. þd. sam-

þykki það, því að 4000 kr. eru ætíð sómasamleg laun og auk þess hefur landlæknirinn talsverðan praxis um bæinn. H. þm. Str. (Á. E.) tók fram, að landlæknirinn ætti að vísitera, en það, sem hann brúkar til þeirra ferða, fær hann endurgoldið, svo hann þarf ekki að eyða embættislaunum sínum til þess. Jeg verð því enn sem fyr að álíta, að bratkv. mitt sje á alveg rjettum rökum byggt og vona jeg því, hvað sem mótmælendur segja, að h. þd. samþykki bratkv., því eins og jeg hef tekið fram, er 3. gr. óhafandi eins og hún er.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um frv. og bratkv., en það verð jeg að segja, að mjer sýnast 4000 kr. vel viðunanleg laun með þeim praxis, sem landlæknirinn hefur. Jeg get eigi bundizt að geta þess, að mjer þykir 3. gr. frv. eins og hún hefur komið frá n. d. mjög óviðkunnanlega orðuð, að jeg ekki segi klaufalega; það er nærri því eins og kgr staðfesti nokkurn hluta frv. 1. jan. 1884, en hinn hlutann ekki fyr en einhverntíma eða aldrei. H. þm. Str. (Á. E.) ljet í ljósi, að hann vildi eigi vinna það til, að missa þennan mann úr embættinu, en jeg sje ekki fulla ástæðu til þess að vera hræddur um það, þó laun hans verði einum 800 kr. rýrari en hingað til hefur verið laun þessa embættis. Jeg get ekki annað en fallizt á bratkv. þm. Ask. (St. E.), því mjer finnst það skynsamlegt og rjett. 4000 kr. eru sómasamleg og vel viðunanleg embættislaun.

Landshöfðingi: Þó h. 2. þm. Rvl. (S. Á.) þyki 3. gr. eins og hún er komin frá n. d. ólaglega og óviðkunnanlega orðuð, þá vil jeg leyfa mjer að benda honum á, að hún er að efninu til í samræmi við grundvallarreglu þá, sem fylgt var þegar hin almennu launalög voru samþykkt, að ef laun embættisins voru hækkuð, fjekk embættismaðurinn strax hærri launin, og við þá ákvörðun í þeim lögum, að embættismaðurinn skyldi einskis missa í, þó laun embættisins væru minnkuð, svo lengi, sem hann sæti í embættinu. Þess vegna er það undarlegt, ef nú á að setja nýja reglu um landlækni, gagnstæða þeirri grundvallarreglu, sem fylgt hefur verið viðvíkjandi þeirri grundvallarreglu yfir höfuð.

Skúli Þorvarðarson: Launalögin kveða svo á, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, en jeg veit ei betur, en þeim landlækni, sem nú er, hafi verið veitt embættið með því skilyrði, að hann skyldi skyldur til að taka þeim br. á launum embættisins, sem gjörðar kynnu að verða með lögum.

Landshöfðingi: Þegar landlæknisembættið var veitt, stóð sjerstaklega á. Það var eigi búið að gjöra út um það, hvort lög þau frá þinginu 1881, er færðu landlæknislaunin niður í 3600 kr., skyldi ná kgl. staðfestingu eða ekki. Með tilliti til þessarar óvissu var svo landlæknisembættið veitt með þessum fyrirvara. En nú voru þessi lög um laun landlæknisembættisins *ekki* staðfest. Þar með var líka fyrirvarinn, að mínu áliti, fallinn burtu. Enginn maður, sem rjett lítur á málið, getur ætlað, að fyrirvarinn hafi átt við allar þær br., sem kynnu einhvern tíma að verða gjörðar á þessum launum, jafnvel að þau væru færð niður úr 3600 kr. Jeg verð því að leiða athygli h. þd. að því, að fyrirvari sá, sem hjer er um að ræða, getur ekki haft þá þýðingu, sem h. 2. þm. Rvl. vill gefa honum.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skil þetta mál svo, sem landlæknisembættið hafi verið veitt með þeim fyrirvara, að þessi landlæknir sem nú er, skyldi skyldur til að taka þeirri br., að launin yrðu færð niður í 3600 kr., ef lög þau, sem þá lágu fyrir stj., yrðu samþykkt. Nú vor þessi lög ekki samþykkt. Þess vegna verður spurningin hjer, hvort fyrirvarinn nái einnig til þessa frv., sem hjer liggur fyrir. Án þess að fara neitt út í að dæma um það, skal jeg einungis geta þess, að það getur með engu móti álitist hart aðgöngu að veita þeim embættismanni 4000 kr. að launum, sem gat búizt við 3600, eða 400 kr. meira en fyrirvari sá fór fram á, sem honum var veitt embættið með.

Jón Pjetursson: Úr því búið er að veita landlæknum embættið með 4800 kr. launum, þá er það hart að færa laun hans niður, og það er ekki dæmi til að laun nokkurs embættismanns hafi verið færð niður úr því sem þau voru, þegar hann fjekk embættið. Einmitt af því hann hefir haft þessi laun, mun hann hafa ætlað sjer að staðnæmast hjer, og hefur því haft ýmsan tilkostnað, sem getur orðið honum mjög erfiður, ef launin eru lækkuð. Það getur líka orðið orsök til þess, að hann

fari hjeðan burtu sem fvrst og þennan embættismann munu víst fæstir vilja missa. Jeg get því með engu móti fallizt á brathv. h. þm. Ask (St. E.).

Ásgeir Einarsson: H. 2. þm. Rvl. (Sk. Þ.) tók fram, að landlæknirinn hefði hagnað af praxis sínum. Það getur vel verið; en hjeraðslæknarnir hafa líka praxis, og þó eru þeir launaðir líka. Jeg get ekki sjeð, að praxis komi neitt þessu máli við, því landlæknirinn er launaður sem landlæknir og forstöðumaður læknaskólans án alls tillits til, hvort hann hefur nokkurn praxis eða engan. Hann ljet og í ljósi, að eigi væri víst að vjer misstum hann fyrir það, þó laun hans væru lækkuð um 800 kr. Það getur verið; en jeg verð þá að segja, að það sje óvíst líka, að vjer missum hann ekki. Og færi svo, þá gæti skeð, að margur iðraðist eptir, að þingið hefði sjeð í nokkrar krónur, og þannig verið orsök í, að landið hefði misst efni í nýtasta embættismann. Þm. þótti og 3. gr. klaufalega orðuð. Ef svo er, þá er honum innan handar að lagfæra það og orða greinina betur, úr því hann á annað borð í þessu efni er vandlátari en sá hæstv. lh.

Árni Thorsteinson: Fyrir mitt leyti sje jeg enga ástæðu til að fallast á bratkv. h. þm. Ask. (St. E.). Í sjálfu sjer er það mjög ósanngjarnt, að þessi embættismaður haldi ekki þeim tekjum, sem hann hefur haft frá því hann tók við embættinu, og skírskota jeg um það til þess, er aðrir hafa tekið fram við umræðurnar. Jeg skildi orð hæstv. lh. svo, sem litlar líkur mundu til, að frv. þetta næði kgl. staðfestingu, ef bratkv. þetta væri tekið til greina. Það er þá enn fremur enn ein ástæða til að halda frv. föstu í þeirri mynd, sem n. d. hefur sent það hingað, að þá fellur einnig sú tillaga í 2. gr., að kennarinn við læknaskólann fái 2400 kr. í árslaun; en hverjum, sem þekkir til, hlýtur að finnast það mjög ósanngjarnt, að kennarinn fái þessa launaviðbót. En geti stj. ekki aðhyllzt frv., hvað laun landlæknisins snertir, þá er auðsjeð, að þessi mjög sanngjarna launaviðbót læknaskólakennarans er einnig þar með fallin. Eptir orðum hæstv. lh. lítur út fyrir, að stj. muni geta fallizt á frv., eins og það er komið frá n. d. Mjer getur því ekki annað en sýnzt í alla staði viðurhlutamikið, að fara að breyta frv., þar sem allar líkur eru til, að frv. nái eigi staðfestingu, ef þetta bratkv. er tekið til greina, og verða þá af því afleiðingar, sem sumir af hinum h. þm., er hafa haft á móti einstöku atriði í frv., ekki hafa ætlað sjer.

Sighvatur Árnason: Jeg skal ekki tefja fyrir málinu með langri ræðu. Jeg ætlaði einungis að geta þess, að svo lítur út sem n. d. sjeu töluvert mislagðar hendur, þegar um útgjaldatölur er að ræða. Í þessu frv. er nú um háar tölur að ræða, og ekki numdar svo mjög við neglur sjer til sumra embætta; þannig lítur svo út sem fyrirstaðan verði minni, þegar um háembættismenn er að ræða, heldur en þegar líta á til smælingjanna. Það getur verið, að gildar ástæður sjeu fyrir því, að landlæknir sá, sem nú er, haldi þessum 4800 kr. launum, en jeg fyrir mitt leyti verð að lýsa því yfir, að jeg finn ekki nægа ástæðu til að fella bratkv. h. þm. Ask. (St. E.). Það er ekki allt undir því komið, að embættið sje hátt launað með þúsundum króna, heldur að embættismaðurinn, hvort heldur í þessu embætti eða öðru, sje árvakur og samvizkusamur. Það hefur verið tekið fram hjer í þd., að hætt væri við, að landlæknirinn, sem nú er, mundi missast úr þessu embætti, ef laun hans verði lækkuð. Jeg held að líta megi líka á það, að það muni eigi alltaf hlaupið að embættum í Danmörku, sem betur eru launuð en landlæknisembættið verður, þó bratkv. sje tekið til greina.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. m. 6 atkv.; 2. gr. sþ. m. 10 atkv.; bratkv. þm. Ask. (St. E.) við 3. gr. (C 277) sþ. m. 6 atkv.; 3. gr. frv. felld m. 6 : 5.

Málinu vísað til 3. umr. m. 7 atkv.

Frv. til l. um stofnun lausasafnaða innan þjóðkirkjunnar (frá n. d., C 280); 1. umr.

Ásgeir Einarsson: Af því enginn annar ætlar að taka til máls, þá stend jeg upp, því mjer þykir ókarlmannlegt að fella frv. orðalaust. Þetta frv. er nú kannske ekki ljóst fyrir mjer, en jeg verð að álíta það mikið nýmæli á Íslandi. Orsökin til þessa frv. mun vera sú, að söfnuður einn ekki fjekk þann prest, sem hann vildi. Ef þessi söfnuður hefði feng-

ið ótætisprest, þá hefði honum verið nokkur vorkunn; en nú fjekk hann ágætisprest, og þess vegna held jeg að sje fremur lítil ástæða til að taka þetta frv. til greina. Jeg veit reyndar, að svo elskuríkt getur samband verið milli prests og safnaðar, að söfnuðurinn geti engan annan prest þýðzt en þann eina. Hvort svo hafi verið með þennan söfnuð, sem hefur komið þessu frv. til leiðar, að hann geti engum presti unað nema þeim, sem hann bað um, en fjekk ekki hjá veitingavaldinu, um það skal jeg ekkert segja, því jeg þekki það ekki. Jeg þekki dæmi þess hjer á landi, að söfnuði verður svo mikið um að missa prest sinn, að það er eins og ástríkur ektamaki sje slitinn úr faðmi ektamaka. En nú kemur annað til skoðunar. Er nokkur þörf á því að fara að búa til lög um lausasöfnuði hjer á landi? Jeg verð að efast um það. Í 46. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna Guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu“. Jeg held að landsmönnum með þessari gr. stjórnarskrárinnar sje gefið svo mikið frelsi sem þörf er á í þeim efnum. Hefði frv. verið eins og það var í sinni fyrstu mynd í n. d., þá get jeg ekki betur sjeð, en það hefði farið móti 47. gr. stjórnarskrárinnar; því þar stendur, að enginn vegna trúarbragða sinna megi skorast undan almennri fjelagsskyldu, en gjöld til prests og kirkju skoða jeg sem almenna fjelagsskyldu. Nú hafa menn hjer á landi fengið lög um leysing á sóknarbandi og svo hafa menn 46. gr. stjórnarskrárinnar, og það mun geta nægt hvorttveggja til samans. Jeg verð þess vegna að álíta það mjög efasamt, hvort nokkur þörf sje á slíku frv. sem þetta er. Að minnsta kosti vil jeg stinga upp á því, ef menn ætla frv. lengri aldur, að nefnd sje sett í málið hjer í deildinni, til þess að íhuga það nákvæmar.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal leyfa mjer að styrkja tillögu h. þm. Str. (Ásg. E.) að n. sje sett. Frv. þetta hefur tekið miklum br. og orðið fyrir hrakningum frá fyrstu, og þó er enn að sjá á því, að það gæti haft gott af að komast enn þá einu sinni í hreinsunareldinn, ef að hann hefði meiri hreinsandi krapt. Mitt álit á frv. er það, að engin rjett og eindregin hugsunarregla gengur í gegnum það, og í því skyni skal jeg einungis leyfa mjer að benda á fyrirsögnina. Ef hún væri eini gallinn á frv., þá væri nú hægt viðgerðar, en það er ekki því að fagna; hjer er engin eindregin rjettarhugsun, sem gengur gegnum frv., og því til sönnunar skal jeg benda á hin einstöku ákvæði frv., sem að öðru leyti geta ekki nú komið til umræðu. En þegar jeg að hinu leytinu lít á þörfina til að ráða bót á þeim vanda, — svo jeg ekki kalli það hneyxli, sem borið hefur að höndum í þjóðkirkjunni, þá finnst mjer nauðsyn vera á, að hlynna að því, að frv. í líka stefnu nái fram að ganga hjer á þinginu. Jeg skal því leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd sje sett í málið.

Að setja n. var fellt m. 5 atkv. gegn 5.

Stefán Eiríksson: Jeg held nú satt að segja, að þingið hafi annað að gjöra, en að eyða tímanum til að ræða slík frv. sem þetta er, og þar til álít jeg aungva nauðsyn til bera, að fara að búa til lög fyrir þessar fáu hræður, sem gengnir eru úr þjóðkirkju fjelagsins, og vil jeg því leyfa mjer að ráða h. þd. til að fella þetta frv. sem fyrst. Ef einhverjir menn segja sig úr þjóðkirkjunni, þá mun þeim bezt að semja sjer og setja lög sjálfir, og eptir lögunum um leysing á sóknarbandi geta þeir fengið sjer prest, svo jeg get ekki betur sjeð, en að þeir með núgildandi lögum geti vel komizt af með þau lög sem þeir hafa. Enda er jeg alveg mótfallinn því, að þingið sje að hlutast til um að koma á fót hjer á Íslandi slíkum safnaðarlögum og þessum.

Málið fellt frá 2. umr. með 5 atkv. gegn 5.

Frv. til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (frá n. d. C 279); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vís. til 2. umr. með 9 atkv.

Frv. til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (frá n. d. 279); 1. umr.

Árni Thorsteinson: Þó frv. þetta sje

stutt, þá miðar það þó að mjög verulegu til að gjöra Íslendingum greiðara fyrir að geta notað útlend skip til fiskiveiða. Á þessu er mikil þörf hjer á landi, en nauðsynlegt verður á hinn bóginn að sleppa eigi beizlinu alveg, heldur gefa lög er stefni í þá átt, að Íslendingar fái fullan rjett til þess að hafa sem arðmesta atvinnu, en útlendingar ekki jafnframt tækifæri til að fara kringum þessi lög. Af því jeg er málinu hlynntur, skal jeg leyfa mjer að stinga upp á að málinu sje vísað til 2. umr. og 3 manna nefnd kosin.

Málinu vís. til 2. umr. með 9 atkv.

Þriggja manna nefnd sþ. með 7 atkv. Kosningu hlutu: Árni Thorsteinson með 9 atkv., Einar Ásmundsson m. 5, Ásgeir Einarsson með 4, eptir hlutkesti milli hans og M. Stephensens, er höfðu jafnmörg atkv.

Þritugasti og þriðji fundur, þriðjudag 7. ágústmán. Allir á fundi.

Lagafrv. um br. á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi (C 284); 2. umr.

Stefán Eiríksson: Jeg hef komið fram með vtill (C 283) við frv. þetta og vonast jeg til að h. þd. taki henni eins vel og síðast, þegar málið var hjer til umræðu. Eins og h. þd. er kunnugt, var Þykkvabæjarklaustur og Langholtssóknir í frv. stj. og gekk það í gegn hjer í deildinni, þó dálitlar br. væru gjörðar á því. Þetta felldi nú n. d., en hefur nú aptur á móti samþykkt, og sent hingað nýtt frv. um br. á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Nú hef jeg tekið það ráð, að koma fram með vtill. við frv. og reyna að koma að br. um Sandfellsprestakall í Austur-Skaptafellssýslu. Upphæðina hef jeg nú í þessari brtill. fært niður um 100 kr. frá því sem það var í þessari deild við fyrri umræðu málsins, til þess að útgjöldin verði sem minnst fyrir lsj. Í lögum 27. febr. 1880 var Sandfellsprestakalli ætlaðar 500 kr. úr lsj., og hef jeg stungið upp á að 100 kr. verði verði bætt við þá upphæð. Vona jeg að þingið og stjórnin samþykki þetta, svo prestakallið verði svo bætt upp, að Sandfells og Hofssóknir verði ei prestslausar, ef presturinn þar fer burtu. Nú sem stendur hefur hann fengið 400 kr. af fje því sem ætlað er til uppbótar fátækum brauðum. En jeg er hræddur um, að hann uni ekki við þau kjör til lengdar og hann hefur haft á orði að sækja um Kálfafellsstað, ef hann losnar. Það er ekki mikið, þó Sandfell fái 600 kr. úr lsj., því brauðið sjálft gefur af sjer tæpar 300 kr., svo þó það verði bætt upp með 600 kr., þá verður brauðið ekki nema upp á 800—900 kr. Viðvíkjandi till. mínum um Þykkvabæjarklaustur og Meðallandsþingin, þá vona jeg, að h. þd. samþykki þær, því að enginn prestur sækir um þessi brauð, eins og þau eru úr garði gjörð með lögunum 27. febr. 1880. Það er líka sannarlega hart að leggja presti og sóknarfólki þá erfiðleika á herðar, að sækja yfir slíkt fljót sem Kúðafljót er. Sjera Hannes sálugi Stephensen var mesta hraustmenni og hetja til allra ferðalaga, en honum entist eigi lengi aldur til að slarka yfir Kúðafljót, og þó jeg ekki segi, að Kúðafljót hafi verið beinlínis orsök í dauðameini hans, þá er mjer næst að halda, að þetta fljót hafi átt nokkurn þátt í því, að hans naut ekki lengur við. Jeg get annars sagt h. þd. eitt dæmi, sem sannar, hve illt Kúðafljót er viðfangs. Einar á Strönd hefur lengi fylgt bæði mjer og öðrum yfir fljótið. Í vor bað jeg hann einnig fylgdar og færðist hann lengi undan þeirri bón, en af því maðurinn er greiðvikinn, þá kom hann með mjer, en satt að segja blöskraði mjer hve kjarklaus maðurinn var orðinn við fljótið, enda sagðist hann vera orðinn mjög kulvís af hrakningum í fljótinu; af þessu sjá menn, hve hollt það muni vera fyrir söfnuði og prest að fara iðulega yfir þetta hrakningsfljót. Jeg hef ekki bætt miklu við fjárupphæð þá, sem stóð í stjfrv., að eins 200 kr.; Meðallandsþingum voru ætlaðar 200 kr. í stjfrv., en þar hef jeg bætt við 100 kr., svo tillagið verði alls 300 kr. Svo hef jeg stungið upp á, að 100 kr. skuli lagðar Þykkvabæjarklaustri og getur það sannarlega ekki minna verið. Jeg vona nú, að h. 2. þm. Ef. (E. Á.) styðji þessa vtill. mína

og líti eigi eingöngu á Eyjafjarðarprófastsdæmi, eins og hvergi þurfi að laga prestaköll nema þar.

Einar Ásmundsson: Þetta mál er nú orðið h. þd. kunnugt. Öllum eru kunnug orðin forlög stjfrv. um hjer um bil sama efni, að það var samþykkt hjer í d. með nokkrum br., komst svo ofan í n. d. og var fellt þar, en þd. sú mun þó hafa fundið, að hún fór of langt, þar sem hún felldi frv. að því er snerti br. í Eyjafjarðarprófastsdæmi, því n. d. hefur nú fitjað upp að nýju frv. það, er liggur hjer fyrir. Frv. er nú svo breytt, að ekki er farið fram á neitt fjártillag úr lsj., til þess að gjöra br. sem aðgengilegasta; tillagið til Akureyrar er 100 kr. minna en það var upphaflega sþ. af þessari d.; frá Saurbæ skulu greiðast 50 kr. meira og frá Grund skulu greiðast 50 kr., sem ekkert var í hinu fyrra frv. Þannig hafa sparast 200 kr., sem fyrra frv. fór fram á handa Eyjafjarðarprófastsdæmi. Nú hefur h. þm. Ask. (St. E.) komið fram með vtill. um br. í Skaptafellssýslu og vill láta frv. fá sömu fyrirsögn sem það hafði, er fellt var. Þetta finnst mjer ekki vel tilhlýðilegt, þó það muni ekki beinlínis vera móti þingsköpunum. Jeg get vel trúað því, að laga þurfi og bæta brauðaskipunina í Skaptafellssýslu, og jeg efa það öldungis ekki; en þá hefði jeg óskað eptir, að sjerstakt frv. hefði komið fram í þá átt, til þess að sjeð yrði, hvort n.d. vildi nú fallast á það, þó hún hafi fellt það áður; því þetta er óvíst. Hitt er víst, að hún hefur samþykkt þessa br. á brauðunum í Eyjafirði, sem jeg nú vona að h. þd. einnig samþykki, En jeg er hræddur um, að ef þessari vtill. h. þm. Ask. verður bætt við, þá muni n.d. ef til vill fella allt frv. aptur, og jeg vona að h. þm. Ask. vilji ei verða orsök í því, að hentug brauðaskipun farizt fyrir í Eyjafjarðarprófastsdæmi eingöngu af því, að hann kemur með þessa vtill. og hnýtir henni við frv. Jeg verð því að vera alveg á móti þessari tillögu sem viðbót, en fyrir mitt leyti skal jeg styðja hana eptir megni, ef hún er borin upp sem sjerstakt frv. Nú sem stendur eru litlar líkur til að n.d. líti hýrum augum til brauðabr. í Skaptafellssýslu, en br. á skipulagi brauðanna í Eyjafjarðarprófastsdæmi hefur hún samþykkt. Jeg vona því að h. þm. Ask. (St. E.) taki vtill. sína aptur, eða þá að h. þd. felli hana í þessu formi, en þm. komi aptur fram með sjerstakt frv. um br. á brauðaskipuninni í Skaptafellssýslu.

Benidikt Kristjánsson: Fyrsti liðurinn í vtill. h. þm. Ask. (St. E.) fer fram á, að Sandfellsprestakall við næstu prestaskipti bætist upp með 600 kr. Þm. hefur nú sagt að hann meini að 100 kr. skuli bætt við þær 500 kr., sem brauðið nú hefur, svo tillagið verði alls 600 kr., en hitt liggur fullt eins nálægt orðunum í vtill. hans, að álíta að þessar 600 kr. eigi að bætast við þær 500 kr., sem brauðið nú hefur, svo tillagið til prestakallsins úr lsj. verði alls 1100 kr. Viðvíkjandi því, sem hann sagði um Kúðafljót, þá er jeg dálítið kunnugur, og skal jeg að vísu játa það, að Kúðafljót er slæmt yfirferðar, en því skal jeg aptur bæta við, að það er eini örðugleikinn á sameiningunni á Þykkvabæ og Langholtssóknum. Fyrir mitt leyti álít jeg það mjög æskilegt, að aðskilnaður brauðanna næði fram að ganga; en jeg er samdóma h. 2. þm. Ef. (E. A.), að ef þessi vtill. yrði samþykkt, yrði það að líkindum til þess að n. d. felldi frv. í heild sinni. Jeg get heldur ekki álitið það neina frágangssök fyrir ungan og duglegan prest, að þjóna þessum brauðum sameinuðum.

Stefán Eiríksson: Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg get með engu móti orðið við tilmælum h. 2. þm. Ef. (E. Á.), að taka vtill. mína aptur, hvorki vegna formgalla nje annars. Það væri annars eitthvað skrítið að gefa út sjerstök lög um brauðaskipunina í hverju einstöku prófastsdæmi. H. þm. Np. (B. K.) þótti ei ljóslega tekið fram, að tillagið til Sandfellsprestakalls ætti að vera 600 kr. alls með því tillagi, sem því er ætlað í lögum 27. febr. 1880. En jeg tók skýrt fram að eptir lögum 27. febr. 1880 væri tillagið til þessa prestakalls 500 kr., *og mín ust.* færi fram á að bæta þar við 100 kr., svo tillagið yrði alls 600 kr. Það sem hinn h. þm. Np. (B. K.) sagði um Þykkvabæ, og Meðallandsþingin, lýsti ókunnugleika þm., þar sem hann áleit að það væri ekki svo erfitt fyrir prest að þjóna báðum þeim brauðum. Kann ske hann vilji taka að sjer að útvega prest þangað eða sækja sjálfur um brauðið; þá fengi hann að reyna, hvað það er að slarka yfir Kúða-

fljót. H. þd. ræður, hvað hún gjörir í þessu máli; en jeg vona til að hún nú greiði ekki atkv. gegn því sem hún er áður búin að samþykkja.

Sighvatur Árnason: Það hefur nú eigi verið spáð vel fyrir þessu frv., ef vtill. yrði samþykkt, og get jeg eigi vel fellt mig við það, að ekki megi sameina br. á brauðunum í þessum tveim prófastsdæmum í eitt frv.; þó n. d. hafi áður fellt það í þessu formi, þá ætti ekki að hræðast slíkt, því n. d. hefir ekki gullvægar ástæður fyrir þeirri niðurstöðu, sem þetta mál fjekk hjá henni nýverið. En hvað því viðvíkur, að þetta frv. sje hið sama og áður var fellt í n. d., þá þarf eigi annað en að breyta fyrirsögninni og hafa hana ekki eins og þm. Ask. (St. E.) stingur upp á, heldur kalla frv. „frv. til laga um br. á brauðum í Eyjafjarðar- og Vestur-Skaptafellsprófastsdæmum“. Ef n. d. felldi frv. aptur vegna þessa viðauka, þá þykir mjer það undarlegt. Jeg verð að lýsa því yfir, að mjer þykir það undarlegt, ef þingið yfir höfuð álítur að ekki eigi við að kosta nokkrum krónum til brauðabreytinga, þar sem hún er óumflýjanlega nauðsynleg. Hjer í þessari þd. játa menn yfir höfuð, að þessi brauðabr. í Skaptafellssýslu sje hagkvæm, og jeg verð hátíðlega að lýsa því yfir, að hún er mjög nauðsynleg, því skyldi þá ekki eiga við að leggja til hennar nokkrar kr.? Um nauðsynina er sjón sögu ríkari; brauðið stendur nú óveitt, og er þjónað ofan úr Skaptártungum, og er það bæði langt og líka stór vatnsföll þar á leiðinni. Það er óhætt að segja að þessi brauðaskipun í Skaptafellssýslu er einn af stórgöllunum á lögunum 27. febr. 1880. Jeg verð að segja það, að mjer tekur ei sárt, þó frv. falli í heild sinni, ef þingið vill ekki veita sjer þann kunnugleika, sem þarf til þess að sjá, að hjer er nauðsyn að gjöra br. á, því þá er öllum gjört jafnt undir höfði bæði Rangæingum og öðrum. Undarlegt væri það og, ef n. d. skyldi ekkert vilja laga nema Eyjafjarðarprófastsdæmi. Við þm. Rvl. bárum og upp br. á brauðunum í Rangárvallasýslu, og var þeim br. hjer í þd. bætt við stjfrv., en fóru náttúrlega sömu förina og hin atriði frv., er fjellu í n.d. Af því við nú bjuggumst við sömu óför aptur, höfum við ekki viljað koma með vtill. við þetta frv., heldur munum við reyna að bjarga málinu að nokkru leyti á annan hátt. H. þm. Ask. (St. E.) var djarfari en við að ríða á vaðið aptur. Hvað nú Sandfelli viðvíkur, þá er jeg ekki mótfallinn því, að 100 kr. sje bætt við það, einkum af því að tillit verður að taka til þess, að verði það prestslaust, þá er þeirri sókn með öllu ómögulegt að fá prestsþjónustu annarstaðar frá, þar sem Breiðamerkursandur er að austan og Öræfasandur eða Skeiðarársandur vestan að prestakalli þessu.

Árni Thorsteinson: Jeg ætla mjer í fám orðum að taka fram skoðun þá, sem jeg ætla mjer að fylgja í þessum málum, og er hún mikið einföld. Á hverju ári er mikið fje lagt til prestakallanna úr lsj., sumpart sem fast tillag og sumpart sem bráðabirgðaruppbót. Fasta tillagið er ákveðið með lögum til ákveðinna prestakalla, og bráðabirgðaruppbótin árlega úthlutuð af lstj. til hinna annara prestakalla eptir sem þarf til þess að prestlegri þjónustu sje borgið. Þegar nú lstj. kemur fram með frv. og biður um meira fje í þessu skyni, þá skal jeg játa, er málið íhugunarvert, og þarf að kveða á um, hvort hið umbeðna fje skuli veita eða ekki. En þó einstakir þm. komi fram með ust. í þessu efni, þá álít eg enga ástæðu til að eyða tíma þingsins til að ræða slíkar ust., úr því lstj. ekki finnur ástæðu til sjálf að koma fram með ust. í þá átt. Og jeg skal segja meira. Jeg verð að álíta það með öllu *politiskt rangt*, að einstakir þm. beri hjer fram á örmum sínum einstök prestaköll og biðji um svo og svo mikið tillag til þeirra; það er full ástæða til að ætla, að engin þörf sje á því, úr því lstj. sjálf ekki tekur málið að sjer og ber fram frv. í þá stefnu. Þessir einstöku velunnarar prestakallanna gjörðu miklu rjettara í að halda sjer til lstj., sem hjá þinginu á að fá veitt fje það er þarf. *(Sighvatur Árnason:* Enginn sækir um brauðin). Þá á yfirstjórn kirkjunnar að bera upp ust. til þess að ráða bót á því. Söfnuðirnir eiga að bera sig upp fyrir kirkjustj., og kirkjustj. mun þá koma fram með ust. og leggja fyrir þingið, ef henni finnast ástæður safnaðanna styðjast við rök. En slíkar ust. frá einstökum mönnum finnst mjer að þingið eigi ekki og geti ekki tekið til greina. Og jeg get

heldur ekki sjeð, að „hundrað sje í hættunni“, þó br. þessar bíði í þetta sinn og gangi svo rjetta leið gegnum lstj. Allt öðru máli er að gegna, þegar lsj. þarf engu að skjóta til, og þess vegna fellst jeg fyrir mitt leyti á br. þær, sem frv. fer fram á í Eyjafjarðarprófastsdæmi, en vtill. um br. í Austur-Skaptafellsprófastsdæmi sje jeg enga ástæðu til að taka til greina af áðurgreindum ástæðum. Það hefur komið svo margt fram hjer á þinginu, að öll þörf er á, að þingið sje ekki örara á fje í þessum málum, en brýnasta nauðsyn ber til.

Sighvatur Árnason: Mjer þykir sú skoðun h. varaforseta (Á. Th.) nokkuð undarleg, að ekki sje rjett, að einstakir þm. beri upp br. í þessu efni. Vill hann neita því, að söfnuðirnir hafi rjett til að bera sig upp undan óhagkvæmri brauðaskipun? Hann verður að gæta að því, að það eru ekki þm., sem bera sig upp, heldur söfnuðirnir gegnum þingmennina. Og þegar sjón er sögu ríkari, að brauðaskipunin er óhagkvæm eða nær því óhafandi, þá verð jeg að segja, að náttúrlegt og eðlilegt sje, að söfnuðirnir beri sig upp, og að hinu leytinu álít jeg óumflýjanlegt, að þingið sinni því. Sje ekki hægt að gjöra br. nema með því að leggja fje til, þá kemur nýtt spursmál. Jeg ímynda mjer nú, að þeir, sem eiga að skammta fjeð, finni hjá sjer skyldu, að gjöra það svo, að viðunanlegt geti orðið fyrir þá, sem eiga að þiggja. Jeg álít það ekki politiskt rangt, að einstakir menn beri upp ust. fyrir söfnuðina hjer á þingi, en aptur á móti álít jeg það þinginu alveg óverðugt, að neita slíkum óskum frá söfnuðunum, þegar þær eru á rökum byggðar. Jeg skal fúslega játa, að söfnuðirnir hafa ekki atkvæði um fjártillag til brauðanna úr lsj., en ust.rjettinn hafa söfnuðirnir og þá skyldu álít jeg að þingið hafi, að neita ekki um skör fram tillögum safnaðanna.

Landshöfðingi: Mjer þótti mjög illa farið, þegar frv. stj. um br. á skipun prestakalla eptir að það hafði verið sþ. hjer í d. með nokkrum br. skyldi vera fellt í n. d. Jeg gladdist því, þegar aptur kom tilraun til að bjarga nokkrum af ákvörðunum stjfrv. með frv. því, sem sþ. var í n. d. og nú er komið hingað og liggur hjer fyrir h. d. Hjer er kafli tekinn úr stjfrv., sem allir játa, að miði til að bæta brauðaskipunina í Eyjafjarðarprófastsdæmi, án þess að byrði lsj. sje nokkuð aukin. Jeg óska nú og vona, að h. e. d. sþ. frv., því með því er verulegu atriði bjargað úr frv. stj. Hversu feginn sem jeg nú hefði óskað, að hin nýja gr. í vtill. h. þm. Ask. (St. E.) um aðskilnað Þykkvabæjarklausturs og Meðallandsþinga fengi fram að ganga, verð jeg að álíta það ísjárvert, að þeirri vtill. sje bætt við frv., því jeg er hræddur um, að svo fari, sem h. 2. þm. Ef. (E. Á.) hefur látið í ljósi, að sú ákvörðun verði til þess, að n. d. kunni að fella enn á ný frv. í heild sinni. Jeg verð því að leggja það til við h. d., að hún sþ. frv. óbreytt, eins og það kom frá n. d.

Atkvgr.: 1. gr. frv. sþ. m. 10 atkv.; 2. gr. sþ. m. 10; 3. gr. sþ. m. 10; 4. gr. sþ. m. 10; fyrri gr. vtill. (St. E., C 283) felld m. 5 atkv. gegn 5; hin síðari sþ. m. 6; brt.um fyrirsögn frv. felld m. 6 : 5.

Málinu vísað til 3. umr. m. 9 atkv.

Frv. til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði (C 275); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Atkvgr.: 1. gr. sþ. í e. h.; 2. gr. sþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til l. um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 25. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 276); 2. umræða.

Einar Ásmundsson: Það er vandamál fyrir mig, að tala um þetta frv., sem hjer liggur fyrir, því hvorki er jeg kunnugur á Breiðafirði, nje heldur selveiðum yfir höfuð. En eptir því sem jeg hef heyrt af góðum og greindum fiskimönnum, þá kemur öllum saman um, að selurinn sje skaðlegur bæði fiskigöngum og fiskiveiðum. Þetta sama les jeg og í útlendum ritum. Selurinn er grimmur og ofsækir og fælir fiskinn, þó tegundir selsins sjeu misjafnar í þessu tilliti. Útselurinn er lakari í vissu falli en landselurinn; en þó er hann ekki góður heldur; hann lifir líka á fiski. Á Breiðafirði er mjög mikið af sel, þar sem hann er þar friðaður sjerstaklega. Hinn h. varaforseti (Á. Th.) gat þess til á síðasta fundi, þegar mál þetta var rætt, að þar mundu vera

um 4000 af sel. Þó nú ekki muni svo hægt að ætlast nákvæmlega á um þetta, þá vil jeg þó ímynda mjer, að þetta sje ekki of hátt sett. Þó ekki sje gjört ráð fyrir meiri sel en þessu svarar, þá verður það ekki lítið, sem sá selur þarf til að lifa á, og eins og menn vita, er það helzt fiskur, sem hann jetur. Það er ekki sjaldan að selur er taminn; þó ekki hafi það verið gjört hjer á landi, þá er í öðrum löndum, þar sem það er gjört, reiknað, að hver selur þurfi allt að 10 pd. af fiski á dag. Eptir þessu þurfa 4000 selir á Breiðafirði 40,000 pd. af fiski á dag, og ef þessi upphæð er margföldud með 365, sem er dagatalan í árinu, þá fæst það út, að þessi selur jeti 14,600,000 pd. af fiski árlega. Ef menn nú veiddu allan þennan fisk handa sjálfum sjer, þá held jeg menn yrðu saddari, en af því selakjöti, sem fæst og sem ekki mun draga mikið. Jeg er hræddur um, að þau vandræði, kvein og kvartan, sem hvergi heyrast jafnmikil eins og frá Breiðafirði, eigi rót sína í því, að selurinn fæli fiskinn og spilli fiskiveiðunum. Áður fyrri heyrðust ekki þessar kvartanir þaðan vestan að, fremur en annarstaðar að. Þá voru líka miklar fiskiveiðar vestur undir Jökli. Þá fór líka margt manna bæði að norðan og annarstaðar að þangað vestur til fiskiveiða. Á Eyjafirði var fyrrum mikil selveiði, og voru þar þá engar eða litlar fiskiveiðar; en nú er selurinn upprættur að mestu, og þar er nú heldur ekki svo lítið af fiski. Jeg hef reynt að hugsa um þetta mál, eptir því sem jeg hef haft föng til, og virðist mjer allt lúta að því, að ekki sje rjett að friða selinn á Breiðafirði öðruvísi en með hinum almennu veiðilögum, þ. e. í nánd við selalagnir og selalátur, eins og gjört er annarstaðar á landinu. Breiðifjörður er, eins og menn vita, stór hafsflói, og munu látur og lagnir tæplega vera í honum utanverðum, heldur í eyjum og innanverðum fjöðrum. Takmarkalínan, sem nær frá Bjargtöngum til Ondverðarness, er að mínu áliti langt of utarlega sett; hún ætti að minnsta kosti að vera miklu innar, og helzt ekki nema, eins og tiltekið er í almennum veiðilögum, $^1/_2$ míla frá látrum og lögnum. Eins og bannað er að skjóta nálægt varpi, eins ætti að banna eptir sem áður að skjóta í nánd við látur og lagnir.

Í öðru lagi er það kunnugt, að selurinn eyðileggur laxveiði og silungsveiði í ám, þar sem hann er. Mjer er það kunnugt, að í ungdæmi mínu fór ötull og duglegur bóndi að Laxamýri við ósinn á Laxá í Aðalreykjadal. Var þá mikið af sel í ósnum, en lítil laxveiði. Þá tók bóndinn sig til og upprætti selinn, og hafði af því hinn mesta gróða, ekki að eins af selnum, sem hann veiddi, heldur við það að laxveiði jókst í ánni. Jeg er líka sannfærður um, að í Breiðafjörð renna margar ár, sem eru nægilega stórar og hentugar fyrir laxveiði. Sem stendur er þar lítil laxveiði; það kann að vera að eins lítilsháttar veiði í einni á. Ef menn vildu hlynna að laxveiðinni, sem er svo miklu arðsamari en selveiðin nú á tímum, þá ímynda jeg mjer, að Breiðfirðingar myndu hafa miklu meiri hag af því en af selafriðuninni; þegar jeg legg saman aukna fiskiveiði og aukna laxveiði, þá get jeg ekki verið í efa um, að greiða atkvæði mitt með þessu frv., sem upphefur það bann, sem um mörg ár hefur verið á Breiðafirði.

Ásgeir Einarsson: Jeg hjelt að jeg mundi ekki þurfa að svara fleirum ræðum í þessu máli, því menn mundu trúa sögusögn minni. En það er öðru nær. Jeg er nokkuð rjettarminni í huga manna, en þeir í mínum. Það, sem jeg talaði síðast í þessu máli, var satt og rjett, og jeg kvaðst þá geta sannað mál mitt; en ekkert dugar. Þm. Ef. (E. Ásm.) sagði, að selurinn mundi spilla fiskiveiðinni undir Jökli! Þetta sýnir hvað þm. er ókunnugur þessu máli. Eins og landselur skemmi fiskiveiðarnar 18—20 mílur frá Jökli! Jeg ætla ekki að tala meira um þetta. Jeg sje það, að jeg get ekki sannfært menn, þegar menn ekki trúa orðum mínum. Það er hlægileg mótbára móti selafriðuninni, að selurinn lifi á fiski; rjett eins og sjálfsagt væri, að drepa allar skepnur, sem lifa á fiski! Annars skal jeg enn þá einu sinni taka það fram, að orsökin til þessa opna brjefs var sú, að veiðilögin dugðu ekki Breiðfirðingum; þau voru langt of þröng. Jeg skal leyfa mjer að vitna til hins h. 3. kgk. þm. (J. P.). Hvernig ætli honum hafi þótt, að eiga við að rannsaka selaskotamálið, þeg-

ar skotið var við Þorkellssker, einmitt af því að friðunartakmarkið var of þröngt, en þó var þar hægra að halda vörð á ólöglegum skotum en sumstaðar við Breiðafjarðareyar. Það var heldur ekki fyrir neinn klaufa að komast að því máli sem hann hafði þar eitt sinn til meðferðar. Þá talaði þm. Ef. (E. Ásm.) um, að ekki hefði önnur eins sultarkvörtun komið frá Breiðfirðingum áður, eins og nú. Það er nú svo fyrir að þakka, að sultarkvörtunin er ekki mest þar sem selveiðin er, heldur frá Snæfellsnesssýslu, þar sem skotmennirnir eru. Þeir eru fegnir hverri selagörninni. Breiðfirðingar á vestureyjum eru að minnsta kosti ekki svo sultarlegir. Þm. gerir lítið úr atvinnuveginum við selaveiðar, en menn mega þó fá nokkra drætti móti 17000 kr. Og máltækið segir: „Það er flestur sár yfir selveiði". Þá fór hann að tala um laxveiði hjá Breiðfirðingum. Því ætla jeg nú ekki að svara, því laxveiði kemur alls ekki þessu máli við. Þó ein laxgöngu-á sje inn í Hvammsfirði, sem lítið veiðist í, og engin selveiði nærri. Mjer þykir hann taka nógu djúpt í árinni, þegar hann vill dæma þennan bjargræðisveg til eyðileggingar, af því að selurinn jeti fiskinn. Þetta byggir hann annars á bók frá Danmörku, þar sem er allt annað selakyn en hjer við land. Það eru allt aðrir selir en hjer kæpa við land. Jeg sá það á myndinni þarna í bókinni, áður en jeg las lýsinguna; liturinn er allur annar og vöxturinn líka, svo jeg get sparað mjer að svara því, sem hann talaði um í Danmörku. — Þá skal jeg snúa mjer að öðru.

Jeg vildi vita, hvort deildin finnur ástæðu til að svipta menn þessari eign sinni, sem fylgir jörðum eins og önnur hlunnindi eða land, sem menn hafa til notkunar. Skyldi stjórnarskráin heimila það, að menn sjeu þannig enðurgjaldslaust sviptir eign sinni? Í 50. gr. hennar stendur þó: „Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir". En að svipta menn svona eign sinni, endurgjaldslaust, er miklu verra, en ef þetta væri í almenningsþarfir, sem ekki er, þó að fáeinir menn njóti þess, ef til vill, meira til skemmtunar en ábata. Geta menn ekki eptir þessu ímyndað sjer, að það muni ganga tregt að fá stj. til að sþ. þetta mál, sem gengur svona nærri eignarrjetti manna. Jeg vildi skjóta því til hins hæstv. lh., hvort hann treysti sjer til að mæla með þessu frv. við stj. Það hefur þó verið fundið að því, að stj. væri of nærgöngul með að neita um staðfestingu á málum, sem koma frá þinginu. Eigum vjer þá að fara að leggja okkur fyrir fætur stj. með mál, sem eru á móti öllum rjettum grundvallarreglum eða sanngirni, því enginn á að gjöra öðrum skaða, til þess að hún geti slegið okkur með rjettum rökum og neitað þeim staðfestingar af gildum ástæðum? Ætli slíkt mundi auka virðingu þingsins? Til þess nú að miðla málum, þá vil jeg stinga upp á því, að n. sje kosin, sem íhugi málið nákvæmlega, og svo sje álit hennar látið ganga gegnum báðar þd. Þó málið með þessu móti, ef til vill, ekki geti komizt í gegnum þingið í ár, þá gjörir það lítið til. Það væri jafnvel heppilegra, svo Breiðfirðingar sjálfir geti látið í ljósi álit sitt til næsta þings. Þá gætu þeir sent bænarskrá annaðhvort um, að taka bannið af eða þá breyta hinum gildandi lögum. Því verði bann þetta upphafið nú, þá verður farið á bak við hlutaðeigendur og þeim alveg óafvitandi, þar sem þetta ekki hefur fengizt í gegn á svo mörgum undanfarandi þingum. Að síðustu lýsi jeg því enn yfir, að ástæðurnar móti selaskotabanninu eru ósannar. Selur hefur aldrei eytt fiskigengdunum á Breiðafirði. Það sýnir söguleg reynsla.

Benidikt Kristjánsson: Jeg tek ekki til máls af því, að jeg þykist eins vel kunnugur selaveiðum og fiskiveiðum yfir höfuð, eins og hinn h. þm. Str. (Á. E.). En það lítur svo út sem hann aldrei hafi heyrt söguna um uppruna selsins, eða að minnsta kosti trúi henni ekki, því annars væri hann honum ekki svona hlynntur. Hann segir d., að á sama firði og sama stað blómgist hvorttveggja, bæði selaveiði og fiskiveiðar. Þessu trúi jeg ekki. Jeg held reynslan hafi sýnt hið gagnstæða. Að minnsta kosti var á mörgum flóum og fjörðum fyrir norðan lítil sem engin fiskiveiði, meðan selurinn var þar, en eptir að farið var að eyða honum að mun, tóku menn að veiða vel fiskinn. Sem eitt dæmi má tilfæra, að þegar nætur eru lagðar, þá veiðist vel,

ef stórfiskur er nálægt, en þegar stórfiskar elta selinn, þá hefur selurinn ekkert viðnám. En slíkt dæmi sannar ekki það, sem þm. vill sanna, og hefur einungis skin af sönnun. Jeg verð því alveg að mótmæla því, að selaveiði og fiskiveiðar blómgist á sama stað og tíma í senn. Þykist jeg með þessu hafa höggvið skarð í múrvegg sannana hans, sem jeg alveg mótmæli. Þó vöðuselurinn sje meiri óvinur fisksins, þá er landselurinn það líka. En einmitt með því að að friða landselinn, þá er vöðuselurinn friðaður líka. Því það má engan sel skjóta innan línunnar milli Bjargtanga og Öndverðarness, svo allt kemur í sama stað niður, þótt landselur fældi ekki fiskinn. Jeg verð því að vera alveg á móti því, að friða selinn framvegis, eins og gjört hefur verið á Breiðafirði. Friðunin í almennum veiðilögum kringum látur og lagnir ætti að nægja á Breiðafirði, eins og annarstaðar. Mig minnir líka, að hinn h. varaforseti (Á. Th.) tæki það fram um daginn, að ekki að eins selurinn væri óvinur fisksins, heldur væri líka óvinir selsins undir eins óvinir fisksins. Aðrir illfiskar elta selinn, og þegar þeir missa selsins, þá jeta þeir líka fiskinn. Þá tók þm. það fram, að sjálfsagt væri að bæta þessum mönnum, sem nú hefðu gott af selveiðum í lögnum og látrum, skaðann, ef friðunin væri upphafin. Ef þessir einstöku menn, sem hafa gott af friðun selsins, hafa eignarrjett yfir öllum sel, þá væri sjálfsagt orsök til að bæta þeim nokkru; en af því jeg ímynda mjer, að þeir hafi ekki þennan eignarrjett, þá sje jeg heldur ekki, að þeir hafi neinn rjett til skaðabóta. Rjettur þessara einstöku er ekki meiri en rjettur hinna mörgu við Breiðafjörð, sem ekki var talað um að bæta fiskiveiðatjónið, sem þeir urðu fyrir með selafriðuninni forðum. Hjer var almennt gagn gagnvart gagni hinna einstöku; náttúrlegt lögmál gagnvart ónáttúrlegu ofríkisbandi, því öll einkarjettindi eru misrjettur í þjóðfjelaginu. Þá tók þm. það enn fremur fram, að ef þ. sþ. þetta frv., þá legði það sig fyrir fætur stj., þ. e. að því er mjer skildist, með því að gefa stj. höggstað á sjer, þar sem hún gæti synjað staðfestingar á þessum lögum með gildum ástæðum, nefnil. að þau færi fram á órjett, sem komi fram við einstaka menn. Þessu skal jeg ekki svara með öðru en því, að þm. hefur sína skoðun á þessu máli, og jeg ætla að benda honum á, að stj. og hann hafa ekki ætíð verið á sama máli. Ræðu sína endaði hann með ráðagjörðum um, að setja bæði himinn og jörð í hreyfingu! En er það ekki að færast of mikið í fang

Landshöfðingi: Með tilliti til þess, sem hinn h. þm. Str. (Á. Ein.) tók fram um, að frv. kæmi í bága við stjórnarskrána, skal jeg taka það fram, að hjer er ekki spursmál um að skerða eignarrjett neins einstaks manns. Hjer er ekki spursmál um að ákveða neitt það, er skert geti hlunnindi einstakra jarða. Allar jarðir á Breiðafirði hafa sömu verndun fyrir selveiðum sínum sem jarðir annarstaðar á landinu. Sú almenna lagavernd í veiðilögunum frá 1849 gildir þar eins og annarstaðar og skerðist ekki við ákvörðun þess frumvarps er hjer liggur fyrir. Opið brjef 22. marz 1855 inniheldur sjerstaklegar ákvarðanir, sem ganga lengra en hefur verið álitið að ætti við fyrir aðra hluta landsins. Þó þessar ákvarðanir verði úr lögum numdar, þá er eignarrjettur einkis manns þar með skertur.

Stefán Eiríksson: Það hafa margir þegar talað í þessu máli, enda skal jeg ekki tefja menn lengi með ræðuhaldi. Það hefur verið sagt, að selurinn eyddi fiskinum á Breiðafirði; þetta getur nú verið, en mjög þykir mjer það ólíklegt. Enn einu furða jeg mig mjög á, og það er það, að hinir háttvirtu þm. sem talað hafa skulu ekki hafa með einu orði minnzt á æðarvarpið á Breiðafirði. Jeg veit þó ekki betur, en að þar sje talsvert æðarvarp. Ef nú verður leyft að skjóta um allan Breiðafjörð, þá verður af því tjón meira en fyrir selveiðarnar. Það verður líka hið mesta tjón fyrir varpið. Það verður því ef til vill drjúgur skaði af þessu frv., ef það leiðir til þess, að æðarfuglinn verði styggður. Því þó veiðilögin 1849 friði eggver, þá verður búið að styggja allan fugl áður en sá eiginlegi varptími kemur, með skothríðum bæði á vetrum og vorin. Svo það er auðsjeð, hvaða skaða það mundi gjöra, ef þetta bann yrði upphafið.

Ásgeir Einarsson: Jeg veit ekki hvort

hinn h. lh. hefur skilið mig rjett, þegar jeg talaði um eignarrjettinn. Að minnsta kosti græddi jeg lítið á ræðu hans; en þó ætla jeg ekki að hann hafi verið á sama máli og þm. Ef. (E. Ásm.) um, að eyðileggja ætti allan sel, af því hann æti svo mikið; en slíkt ætla jeg gengið of nærri eignarrjetti manna, ef landselur væri eyðilagður á Breiðafirði; það var í því tilliti sem jeg vitnaði til stjórnarskrárinnar. Jeg hef sýnt, að selafriðunarlögin voru of þröng á Breiðafirði, og jeg hef líka sýnt, að þau hefðu þurft að vera rýmri og því komu kvartanirnar yfir þeim, og þetta áminnzta opna brjef, sem menn nú vilja fella úr gildi. Hinn háæruverðugi þm. Np. (B. Kr.) sagði, að vöðuselurinn væri líka friðaður; þetta er satt, hann er friðaður líka. Jeg hef líka allt af verið á móti því að friða hann. En það hefur verið gjört af því með engu móti varð unnt að halda vörð á, hver selurinn það væri, sem menn skytu einhverstaðar úti á sjó. Þess vegna var það neyðarúrræði þegar farið var fram á að friða allan sel; þess vegna var einmitt farið svona stíft í sakirnar á Breiðafirði. Nú skal jeg ekki tala eitt orð um þetta mál meira að sinni. Jeg er ekki vanur að berjast lengi fyrir því, sem jeg sje að menn eru almennt á móti. Afleiðingarnar sjást fyr eða seinna.

Árni Thorsteinson: Jeg skal ekki vera langorður í þetta sinn. Fyrst skal jeg geta þess út af þeim 4000 af sel, sem þm. Ef. (E. Ásm.) hafði eptir mjer, að væri á Breiðafirði, að þetta var mjög laust mat af minni hendi. Mjer er ekki svo kunnugt um þá gömlu húðarseli, sem þar eru nú, því síður þá yngri, að jeg þori að fullyrða að þar sje einmitt 4000 selir í flóanum. Þar sem hinn h. þm. Str. (Á. Ein.) alltaf er að klifa á því, að selveiðin hafi verið talin 17000 kr. virði, þá skal jeg taka það fram, að í alþtíð. 1853 er mál þetta byggt á því, að veiði þeirra er fengust við að skjóta selinn, eigi nam meiru en 600 rdl., en selaveiði í nótum og látrum næmi nærhæfis 20-fallt meira arði á sama tímabili. Selaveiðin yrði þá um 17—24000 kr. virði. En nú liggur á lestrarsalnum skýrsla um selaveiði á Breiðafirði; þar eru talin upp vetrarselsuppidráp á helztu stöðunum og er veiðin um 240. Eptir því sem jeg þekki til, þá er það nokkuð meira, en samt nærri lagi, sem þessi maður segir. Um láturselsveiðina segir hann, að hún gefi mjög lítinn arð, og sje ekki tilvinnandi, kostnaðarins vegna, að gefa sig við henni. Það lítur þá svo út sem selaveiðin á Breiðafirði sje að ganga til þurðar, og þó hefur selurinn verið friðaður þar svo vel, sem unnt hefur verið, og aldrei skotið opinberlega, hvernig sem lögunum að öðru leyti hefur verið hlýtt.

Þar sem hinn h. þm. Ask. (St. E.) telur nauðsynlegt, að halda þessari friðun vegna æðarfuglins, þá held jeg sú skoðun hans sje ekki á sem beztum rökum byggð. Æðarfuglinn hræðist ekki skot, nema hann verði beinlínis fyrir ofsóknum af skotum, og jeg get þessari ætlun minni til stuðnings, vitnað til alþtíð. 1853.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta mál, en skírskota til þess, sem jeg hefi áður tekið fram því viðvíkjandi.

Ásgeir Einarsson: Jeg sting upp á því, að nefnd sje sett í málinu.

Síðan sþ. með 6 atkv. að fresta 2. umr. og setja nefnd í málið. Kosnir í nefndina: Ásgeir Einarsson með 7 atkv., Árni Thorsteinson 4, Stefán Eiríksson 4.

Frv. til l. um breyting á lögum frá 15. marz 1861 um vegabótagjald (C 277); 2. umr.

Magnús Stephensen: Jeg þarf ekki að taka það fram, að br. sú, sem jeg hefi stungið upp á við þetta frv., að eins er orðabr., svo að fyrirsögn tilskipunarinnar sje rjett nefnd (C 278). Hún hefur af vangá orðið röng í frv. n. d., og gæti það orðið málinu til fyrirstöðu. En þegar fyrirsögnin er látin vera eins og í brt. minni, þá er vonandi, að ekkert geti verið því til tálmunar.

Atkvgr.: Brt. M. St. (C 278) sþ. í e. h. Frv. sjálft sþ. í e. h. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til viðaukal. við tilsk. 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar (C 282); 1. umr.

Sighvatur Árnason (flm.): Það er kunnugt, að í sveitarstj.lögunum 4. maí 1872, 29. gr. er talað um, að kosning til sýslunefndar skuli einungis fram fara á manntalsþingum. Þegar nú gáð er að

því, að ekki má kjósa nema á manntalsþingi, þá getur sýslunefnd misst einn eða fleiri menn úr flokki sínum um lengri tíma, ef til vil heilt ár. Því svo getur að borið, að einn eða fleiri sýslunefndarmenn deyi eða flytji burt úr hreppnum skömmu eptir manntalsþing, og þá verður enginn kosinn í staðinn fyr en á manntalsþingi árið eptir. Manntalsþingið er víða fyrir fardaga, sem eru það tímatakmark, sem menn flytja sig búferlum á. Jeg hefi því leyft mjer að koma með þetta frv., sem á að bæta úr því, að slíkt verði ekki sýslunefndum að baga. Því það getur orðið mikill bagi að því, ef ekki yrði sýslufundafært við það, að einn eða fleiri færi úr henni. Því sumstaðar eru ekki nema 3 nefndarmenn auk oddvita. Þannig er t. a. m. í sýslufjelagi Vestur-Skaptafellssýslu, því þar eru ekki nema 3 hreppar. Sumstaðar eru þeir aptur ekki fleiri en 4. Það mega þá ekki tapast margir menn úr nefndinni, til þess hún geti heitið sýslunefnd. Jeg þekki tvö dæmi því til sönnunar, hve óheppilegt það er, að ekki skuli í lögunum vera gjört ráð fyrir aukakosningu. Aukakosningar eru að lögum hafðar til sveitanefnda, en ekki til sýslunefnda. Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, fyr en jeg heyri undirtektir d.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. m. 8 atkv.

Þrítugasti og fjórði fundur, miðvikudag 8. ágústmán. Allir á fundi.

Forseti gat þess, að nefnd sú, er sett var í málinu um „frv. til l. um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða", hefði með brjefi dags. 8. ágúst óskað samþykkis deildarinnar til að mega bæta þeim Magnúsi Stephensen, 4. kgk., og Benidikt Kristjánssyni, þm. Nþ., við nefndina.

Leitaði forseti síðan samþykkis deildarinnar. Vegna óljósrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall. „Já" sögðu: Sigurður Melsteð, Árni Thorsteinson, Ásgeir Einarsson, Einar Ásmundsson, Sighvatur Árnason. „Nei" sögðu: Magnús Stephensen, Benidikt Kristjánsson, Jón Pjetursson, Skúli Þorvarðarson, Stefán Eiríksson.

Þannig synjaði deildin samþykkis til viðbótarinnar m. 5 atkv. móti 5.

Frv. til l. um bygging, ábúð og úttekt jarða (C 285); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. m. 8 atkv., og afgreitt til n. d.

Frv. til l. um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (C 279); 2. umr.

Árni Thorsteinson: Jeg skal lýsa þeirri skoðun minni yfir, að þó margt mæli með frv. þessu, þar sem það miðar til að spara lsj. fje, þá virðist mjer þó spursmál um, hvort gott sje að af nema þennan ferðastyrk til ísl. stúdenta, er leita til háskólans í Kaupmh. Þó það sje talsvert fje, sem frá fyrstu hefur gengið til þessa, þá verð jeg þó að álíta, að því hafi verið vel varið. Ferðastyrk þenna má skoða sem viðbót við styrk þann, er ísl. námsmönnum er veittur við latínuskólann, og kemur hann fátækum stúdentum til mikils góðs, og dregur lsj. ekki mikið nema á einstaka ári, og það er helzt þetta atriði, er virðist hafa komið frv. þessu á gang. Hversu æskilgt sem það er, að geta sparað lsj. þennan styrk, fæ jeg þó ekki sjeð að neinar yfirgnæfandi ástæður sjeu til að afnema hann. Það mun verða eins og þegar fátækrameðulin voru afnumin; þau munu ekki hafa munað landssjóð mikið, en lítið þakklæti komið fyrir í aðra hönd eða hagnaður við að spara meðulin til þeirra, er eigi gátu borgað þau. Jeg tek þetta fram af því það liggur til grundvallar fyrir atkvæði mínu. En jeg vil bæta því við, að svo framarlega sem útgjöld til þessa styrks ganga fram úr hófi, þá mætti takmarka hann. Annaðhvort mætti þá takmarka hann við vissa upphæð eða veita hann að eins vissum mönnum, t. a. m. þeim, sem notið hafa ölmusu síðustu árin í skóla. Þó finn jeg fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að koma með brt. í þessa átt. Jeg vil tala hjer máli fátækra námsmanna. Margir af þeim hafa siglt upp á von og óvon, á þeim langa tíma, sem styrkurinn hefur verið veittur, og orðið ættjörðu sinni til sóma fyrir þessa dirfsku sína. Menn mega sannarlega vera þeim þakklátir, sem leggja hart á sig til að afla sjer

náms, og gjöra allt sitt til að gagna ættjörðinni á þennan hátt, og það er því engin ástæða til þess að afnema þennan styrk.

Jón Pjetursson: Jeg skal taka það fram, að frv. þetta er mjög illa orðað. Hjer er talað um að afnema konungsúrskurð 20. jan. 1841. En það er aðgætandi, að fyrri partur þessa konungsúrskurðar hljóðar um, að endurborga skuli 3 stúdentum frá Íslandi ferðakostnað þeirra til háskólans í Kaupmannahöfn, og eru þessir 3 stúdentar nafngreindir í úrskurðinum. Það mun þó ekki meiningin með þessu frv., að heimta þenna ferðakostnað aptur af erfingjunum, því tveir þeirra eru nú dánir? Seinni partur þessa konungsúrskurðar ákveður aptur á móti, að rentukammerið skuli sjá um, að stúdentar, sem koma frá Íslandi á háskólann, fái ferðakostnað sinn endurgoldinn úr jarðabókarsjóði. Frv. mun því eiga að hljóða upp á þennan seinni part konungsúrskurðar þess, sem hjer ræðir um. Flm. hefði því átt að orða frv. á þessa leið: „Fjárstyrkur sá, sem vant hefur verið að veita ísl. stúdentum í ferðakostnað frá Íslandi til háskólans, skal upp frá þessu hætta að veitast". Til þess að frv. verði orðað eins og rjett er að það sje orðað, sýnist mjer öldungis nauðsynlegt, að n. sje sett í málinu, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á n.

Forseti bar þá upp til atkv., hvort n. skyldi sett, en það var fellt m. 9 atkv. mót 1.

Sighvatur Árnason: Jeg skal að eins leyfa mjer að tala fáein orð út af ræðu hins h. varaforseta (Á. Th.). Jeg get ekki verið honum alveg samdóma í þessu máli, því jeg álít það ekki eiga við að halda þessum styrk við. Jeg verð að vera með frv. að afnema þennan ferðastyrk með öllu. Það sem helzt kemur til greina við þessa skoðun mína, eru þau orð hans, sem hann tók fram um, að þjóðin ætti að sýna viðurkenningu og þakklæti til þeirra ungu manna, sem ráðast í að fara til háskólans til að halda þar áfram námi sínu. Þetta væri nú sjálfsagt þakklætisvert, ef nokkur þakklætisviðurkenning kæmi aptur frá þeirra hálfu. En jeg held að dæmin sýni allt annað; þó að þessi styrkur hafi verið veittur námsmönnum til að komast til háskólans, þá hefur hann aldrei verið bundinn því skilyrði, að þeir kæmi aptur til landsins. Dæmin munu sýna allt annað, en að þeir sem þessa styrks hafa notið, hafi sýnt þingi og þjóð þakklæti sitt fyrir hann. Sumir þeirra hafa farið út um heiminn; sumir hálfnað nám sitt og minna en það. Þá má í öðru lagi taka það fram, að þegar bæði þing og þjóð er að hugsa um að draga menntunarstrauminn og vísindin inn í landið, þá er mótsögn í því, að vera að styrkja námsmenn til að fara út úr landina og dreifa sjer um víða veröld án þess fyrirsjáanlegt sje, hvort þeir muni gjöra ættjörðu sinni nokkurt gagn eða ekkert.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 8 atkv. Vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1882 og 1883 (C 292); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. m. 7 atkvæðum, og sent n. d. aptur.

Lagafrv. til breytingar á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík (C 284); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. með 6 atkv., og gat forseti þess að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Ust. til þgsál. viðvíkjandi heiðurslaunum dr. Jóns Hjaltalíns (C 272); ein umræða.

Stefán Eiríksson: Jeg skal einungis leyfa mjer að tala fáein orð. Mjer sýnist alveg óþarft fyrir þingið að blanda sjer í þetta mál og skipa rg. að afhenda þessar 750 kr., af heiðurslaunum þeim, 1000 kr. sem veittar voru dr. Jóni Hjaltalín í næstu fjárlögum; sje það skoðun ráðgjafans að dánarbú hins burtvikna ekki eigi heimting á þessu fje, þá er það óþarft fyrir þingið að gefa það dánarbúinu. Mjer þykir satt að segja undarlegt að þingið fari að blanda sjer í málið, svo framarlega sem rg. álítur að ekki eigi að greiða þessa upphæð til dánarbúsins, þá finnst mjer rjett að þingið láti hann einan um það, og hann beri ábyrgðina fyrir það. Með því líka að hinn framliðni hefur nú eflaust fengið hátignarlegri heiðurslaun heldur en þau sem veitt verða með jarðneskum krónum og aurum.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get ekki verið samdóma h. þm. Ask. Mitt álit er, að það sje hrein og bein skylda þingsins að koma með þessa þgsál. Það er ekki til neins að hugsa um, hvernig á því stendur, að heiðurslaunin eru eigi þegar öll borguð. Á hinu getur enginn vafi verið, að heiðurslaunin áttu öll að borgast út, úr því að dr. Jón Hjaltalín lifði, þegar fjárlögin gengu í gildi.

Árni Thorsteinson: Jeg er samdóma h. þm. Ask., að þessi framliðni sómamaður hafi á himnum fengið hátignarlegri heiðurslaun en þingið getur veitt honum. En jeg verð að taka það fram, að hjer stendur sjerstaklega á. Alþingi ákvað, að dr. Jóni Hjaltalín skyldi veitast 1000 kr. í viðurkenningarskyni, en á þann hátt, að stj. var í vafa um, hvort hún ætti að borga þessa upphæð mánaðarlega eða í eitt skipti fyrir öll, og af því stj. hefur viljað fá fulla vissu fyrir tilgangi þingsins í þessu efni, hefur hún að eins borgað upphæðina mánaðarlega, til þess að þinginu gæfist kostur á, að láta skoðun sína í ljósi. Eins og jeg hef tekið fram, er jeg h. þm. Ask. samdóma um, að hinn framliðni hefur nú fengið sín himnesku verðlaun og það mikið meiri en hægt er að fá fyrir 750 kr., en hitt er engu að síður skylda þingsins, að gefa stj. vissu fyrir, að þessar 1000 kr., sem alþingi 1881 ákvað að veitast skyldu dr. Jóni Hjaltalín í viðurkenningarskyni fyrir langt og dáðmikið starf, áttu að borgast í eitt skipti fyrir öll og engan veginn að skerðast. Þess vegna leyfi jeg mjer að mæla með því, að h. þd. sþ. þessa þgsál.

Sighvatur Árnason: Úr því að umr. eru orðnar um þetta mál, skal jeg leyfa mjer að láta í ljósi mína skoðun. Jeg efast engan veginn um, að stj. hafi verið í vafa og þess vegna gengið hið bezta til, að borga eigi þessar 1000 kr. í eitt skipti fyrir öll. En þingið getur í engum vafa verið, þó stj. sje í vafa, því þingið veit, hver meining alþingis 1881 var, og hún var sú, að upphæðin skyldi greidd í eitt skipti fyrir öll, og þó þessar 1000 kr. hefðu verið borgaðar sama daginn sem fjárlögin gengu í gildi, þá hefði það verið öldungis rjett. Þessari tilætlun alþingis 1881 á ekki við að breyta og þingið eitt hlýtur að skera úr þessu á þennan hátt, úr því þetta varð að nokkru tvímæli á annað borð. Þess vegna mæli jeg með því, að h. þd. samþykki þgsál. þessa.

Ásgeir Einarsson: Úr því að þetta mál er lagt fyrir þingið til úrslita, þá skoða jeg þetta sem nýja veitingu, sem ekki kemur dr. Jóni Hjaltalín til góða, heldur erfingjunum, nema svo væri, að þessar 750 kr. væru hafðar til þess að reisa honum minnisvarða fyrir þær og fyrir því væri jeg allra manna fúsastur að greiða atkvæði, því að dr. Jón Hjaltalín átti sannarlega skilið, að honum væri reistur minnisvarði.

Einar Ásmundsson: Nú eru liðin hátt á 9. hundrað ára síðan kom fyrir á alþingi hinu forna vígsmálið eptir Höskuld Hvítanesgoða; þá skyldi koma á sáttum og voru gjörðar fjesektir miklar, svo miklar, að þeir, sem hlut áttu að máli fengu eigi lokið; kom þá dómendunum saman um, að gefa fje til lúkningar sektanna, en þegar ekkert varð af sáttunum, töluðu sumir um, að taka fje sitt aptur; þá stóð upp eyfirzkur þingmaður, Guðmundur hinn ríki á Möðruvöllum og sagði: „Þá skömm kýs ek mjer eigi til handa, at taka þat aptr, er ek gef, hvártki hjer nje annarstaðar"; þótti mönnum þetta vel mælt og tók enginn aptur sitt fje. Jeg er nú þm. Ef. (E. Á.), þótt jeg enginn Guðmundur ríki sje; en það er mín tillaga, að þingið taki ei aptur það, sem það eitt sinn hefur gefið.

Stefán Eiríksson: Mjer getur ekki annað en þótt þessi misskilningur h. þd., sem hún hefur lagt í orð þau, er jeg sagði, undarlegur. Það var öldungis ekki mín meining, að þessari upphæð skyldi haldið inni, ef þinginu þætti ráðgjafinn hafa gjört rangt í að borga hana ekki út. Úr því nú að jeg hef heyrt á ræðum manna, að þingið álítur það varði sóma sinn að greiða þessar 750 kr., þá er jeg öldungis ekki móti því, að þessi upphæð sje greidd. En úr því hún er ekki greidd fyr en nú, nær hún ekki sínum upprunalega tilgangi, og því getur það varla kallast sómi þingsins, að fara nú að veita þetta, sem maður svo kallar eptir dúk og disk.

Þgsál.ust. sþ. í e. h. og gat forseti þess, að hún yrði afgreidd til lh. *sem þingsályktun frá alþingi.*

Þrítugasti og fimmti fundur, fimmtudag 9. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til l. um að stofna slökkvilið á Ísafirði (C 275); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. sþ. í e. h., og afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. um br. á nokkrum brauðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi (C 294); 3. umr.

Stefán Eiríksson: Eins og hinni h. d. er kunnugt, þá hefi jeg og tveir aðrir h. þm. komið með brt. við fyrirsögn þessa frv., og vona jeg að d. sþ. hana, eins og jeg líka vona að frv. nái fram að ganga hjer í hinni h. d. nú við 3. umræðu þess, með öllum atkvæðum.

Atkvgr.: Brt. þriggja þm. (C 293) við fyrirsögn frv. sþ. m. 9 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 9 atkv,, og afgreitt til n. d. aptur.

Frv. til l. um breyting á tilsk. 15. marz 1861 um vegina á Íslandi (C 293); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. í e. h., og afgreitt til n. d. aptur.

Frv. til l. um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (frá neðri d., C 290); 1. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg ímynda mjer að hinum h. þdm. þyki ekki mikið að þessu frv. úr því enginn stendur upp. Sama er nú að segja um mig, eptir þeirri stefnu, sem nú er höfð, þegar eptirlaun eru ákveðin, nefnil., að láta þau vera því hærri sem embættislaunin eru hærri. Jeg hefði nú helzt viljað að fylgt væri annari stefnu, og lýsti jeg henni á dögunum, þegar um eptirlaun prestsekkna var að ræða. Mjer finnst í þessu tilliti fremur eigi að líta á þarfir hinna einstöku. Þeir sem lengi hafa setið í hálaunuðum embættum, og eru orðnir ríkir menn, er þeir leggja niður embætti sitt, virðast mjer ekki þurfa af almannafje eins há eptirlaun og hinir, sem þjónað hafa um sama tíma embættum með lágum launum, en þó má ske eins erfiðum. Eptir þessu frv. minnir mig, að maður, sem þjónað hefur embætti með 3000 kr., fái eptir 30 ára þjónustu 600 kr. í eptirlaun; sá sem þjónað hefur embætti með 4000—5000 kr. launum, fær eptir jafnmörg ár 1200 kr. Sá, sem þjónar embætti með 6000 kr. launum, fær eptir 5 ár 250 kr. eptirlaun, og það held jeg yrði nú harðast, að sá maður gæti lifað af þeim, einkum ef hann á konu og börn. En mig minnir, að eptir frv. megi taka tillit til sjerstaklegra kringumstæðna. Verst er það, þegar menn hlaupa strax frá embættum sínum, og fá þá strax full eptirlaun. Að jeg ekki tali um unga menn, sem með alls konar óreglu skemma heilsu sína, og verða ófærir til starfa í embætti sínu, og þó eru aldir um mörg ár á eptirlaunum. En það er ekki gott að sigla fyrir öll þessi nes; jeg skal játa það. Jeg er ekki viss um, að jeg komi með neinar breytingar við frv., en jeg hefi þó viljað benda á þetta, til þess að komast að því, hvort engir þdm. hefðu þessa sömu skoðun og jeg. Því eptir því, sem Íslendingar eru jafnaðargjarnir í mörgu öðru, þá ímynda jeg mjer, að einhver, ef til vill, muni snúa í þá átt, að gjöra meiri jöfnuð á þessu.

Málinu vísað til 2. umr. m. 6 atkv.

Frv. til viðaukal. við tilsk. 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar (C 282); 2. umr.

Sigkvatur Árnason (flm.): Þar eð engar br. hafa komið fram við frv. af hendi hinnar h. þd., þá finn jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið eða tala fleira fyrir því, en jeg gjörði við 1. umr. þess. Þá tók jeg líka fram þær ástæður, sem frv. þetta er byggt á. Því fremur sem mál þetta ekki hefur mætt neinum mótmælum hjer í d., því fremur vona jeg að það fái að ganga sína götu til 3. umr.

Atkvgr.: 1. gr. frv. sþ. m. 9 atkv.; 2. gr. sþ. m. 9 atkv. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Þrítugasti og sjötti fundur, föstudag 10. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til l. um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 (C 279); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. m. 7 atkv., og afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til l. um br. á lögum um laun

íslenzkra embættismanna, dags. 15. októb. 1875 (C 273, nefndarál. C 296); framh. 1. umr.

Sighvatur Árnason (frsm.): Hvað viðvíkur máli því, sem hjer liggur fyrir, þá skal jeg fyrst geta þess, að meiri hluti n. álítur, að br. n. d. á lögum um laun embættismanna sjeu yfir höfuð á sennilegum rökum byggðar. Og þrátt fyrir það, þó meiri hluti n. hafi stungið upp á nokkrum br., þá eru þær, eins og hin h. þd. sjer, ekki stórvægilegar. Það er vitaskuld, að það vakir fyrir mönnum, að laun embættismanna sjeu helzt til of há og líka *óþarflega misjöfn* að upphæðinni til. Um þetta má nú sjálfsagt segja margt fram og aptur. En það vakir sjerstaklega fyrir mjer og meiri hlutanum yfir höfuð, að í þessu efni sje ekki sá jöfnuður, sem vera ætti. Það sýnir sig líka, að bæði n. d. og n. hafa ráðizt á hærri launin til að færa þau niður. Það er auðvitað, að nokkur mismunur hlýtur að vera á launununm, því það er mismunur á því, hve mikill vandi og ábyrgð fylgir embættunum. Vandi og ábyrgð embættisins, sem í rauninni er það sama, er það, sem á að leggja mesta áherzluna á, en ekki svo mjög á „veg“ embættisins, eins og allt of mjög mun hafa verið tekið tillit til hingað til. Menn segja sem svo, að það sje *vegur* og *vandi* embættisins, sem byggja eigi launin á, þ. e. að stig launanna skuli byggja, ekki einasta á vanda og ábyrgð embættisins, heldur og á því, hve hátt það er sett. Um tölubr. skal jeg að öðru leyti ekki tala meira nú, og ekki fyrri en mótmæli koma gegn þeim. En hvað þeirri br. meiri hlutans viðvíkur, að fella 2. gr. frv. burt, þá er hún byggð á því, að, eins og menn vita, er nú fyrir þ. og nú þegar fyrir þessari h. d., jafnhliða þessu, annað frv., um afnám amtmannaembættanna. Okkur fannst því ekki eiga við, að fara nú að ákveða með nýjum launalögum laun embættismanna, sem þingið er að fara fram á, að ekki sje lengur skipaðir. Þessi ástæða er til þess, að við höfum leyft oss að fara því fram, að 2. gr. falli burt.

Hvað minni hlutanum viðvíkur, þá skal jeg minnast svo á hann, og enda taka mjer hans eigin orð í munn, að jeg finni ekki „að svo stöddu“ ástæðu til að hreifa við honum. Því þannig hefur hann komizt sjálfur að orði, að hann fyndi ekki ástæðu til að svo stöddu að hreifa við launalögunum. En fyrir þessu áliti sínu hefur hann ekki fært neinar ástæður í nál. Þó hefi jeg þá hugmynd um hann, að ef þessar br. á launalögunum fengi fram að ganga, þá mundi hann helzt aðhyllast tillögur meiri hlutans. Svo jeg víki aptur að tillögu okkar um að fella 2. gr. burtu, skal jeg taka það fram, að ástæðan til þess, að þessi gr. hefur verið tekin upp í frv., virðist vera ótti manna fyrir því, að afnám amtmannaembættanna nái ekki fram að ganga. En meiri hluta n. virðist ekki ástæða til að tortryggja yfirstjórnina um, að hún ekki veiti þessi embætti nú, þar sem hún veit, að þingið hefur haft þetta mál til meðferðar, og hún hefur líka sýnt það í verkinu með því, að veita ekki norðuramtið að fullu.

Stefán Eiríksson: Hinn h. frsm. (S. Á.), sem er annar í meiri hlutanum, hefur fært ástæður fyrir br. n. að nokkru leyti, og get jeg að miklu leyti verið honum samdóma, enda þótt mjer fyrir mitt leyti þyki það nokkuð ísjárvert, að fella burt 2. gr. frv., þar sem það enn ekki er komið í kring, að amtmannaembættin verði afnumin. Þar á móti virðist mjer mikil ástæða vera til að fella 4. gr. út úr frv., eins og hinn h. meiri hluti hefur stungið upp á. Því sje nokkurt embætti vandasamt, þá er það embætti vandasamt, sem sá maður hefur á hendi, og hin mesta nauðsyn, að gætinn og reglusamur maður fáist í það; en það verður því að eins, að það sje í alla staði sómasamlega launað, enda þó það geti brugðist að duglegir reglumenn fáist í embættin þótt vel launuð sjeu, en í sjálfu sjer er jeg n. samdóma að fella þessar greinir burtu. Þá er enn eitt atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að vekja máls á. Mjer virðist mismunurinn á launum forstjóra landsyfirrjettarins og fyrri dómandans, sem nefndin kallar það, vera langt of mikill, og vil jeg því skjóta því til hinnar h. n., hvort hún ekki finni ástæðu til að laga þetta til 2. umr. Það er langt of mikið að hafa 1500 kr. launastig milli þessara embættismanna, og því felli jeg mig betur við ákvarðanir neðri deildarinnar í þessu tilliti. Að öðru leyti finn

jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að sinni.

Magnús Stephensen: Hinn h. frsm. (Sighv. Árn.) meiri hluta n. tók fram, að minni hlutinn hefði ekki tekið fram ástæður sínar móti frv. En þess skal getið, að minni hlutinn tók meiri hlutann til fyrirmyndar í þessu. Því minni hlutinn hefur ekki sjeð neinar ástæður fyrir áliti meiri hlutans tilfærðar í nál.; þar stendur einungis, að n. hafi „hugleitt" frv. En fyrst frsm. (Sighv. Árn.) óskar að heyra ástæður minni hlutans, þá vill hann með ánægju verða við þeirri ósk. Til þessa verður að líta til baka í tímanum. Eins. og kunnugt er, lagði stj. eptir ósk ríkisþingsins fyrir alþingi 1859 frv. um laun ýmsra íslenzkra embættismanna, sem þá fengu laun sín úr ríkissjóði. Á þinginu var sett nefnd í málinu, en hún klofnaði. Ágreiningurinn var þó lítill eða varla nema um form málsins. Meiri hlutinn vildi ekki láta neitt ýtarlegt álit uppi um laun embættismannanna sjálfra, en að eins taka fram almennar grundvallarreglur, svo sem þær, að embættismenn hjer skyldu njóta jafnrjettis við embættismenn í Danmörku. Lengra vildi meiri hlutinn ekki fara út í þetta mál, af því þingið hafði ekkert atkvæði í fjármálefnum landsins. Minni hlutinn þar á móti kom fram með beinar ust. um launin. Þegar litið er til meðferðar launamálsins á þingi 1859, verður nokkuð annað ofan á en nú 1883. Eptir uppástungum þingsins 1859 hefðu laun biskupsins orðið 7600 kr. og getað hækkað upp í 9600 kr., laun amtmannsins 5600 kr., er gátu hækkað upp í 7600 kr., laun justitiariusar 6000 kr., er gátu hækkað upp í 8000 kr., laun fyrsta assessors 3700 kr., er gátu hækkað upp í 5300 kr., laun annars assessors 3200 kr., er gátu hækkað upp í 4800 kr., laun forstöðumanns prestaskólans 3600 kr., er gátu hækkað upp í 4800 kr. og laun rectors lærða skólans 3200 kr., er gátu hækkað upp í 4400 kr., auk leigulauss bústaðar. Eptir ust. minni hlutans urðu tölurnar nokkuð lægri; en það munaði ekki miklu. Á þinginu voru sþ. tillögur meiri hlutans með litlum atkvæðamun. Svona stóð þangað til 1861, að engin leiðrjetting fjekkst á þessu máli á ríkisþinginu. Þá ítrekaði þingið áskorun sína til ríkisþingsins um, að veita íslenzkum embættismönnum jafnrjetti í launum við samskynja embættismenn í Danmörku. Sýnir þetta, hvernig þingið þá hafi litið á launakjör ísl. embættismanna. Nú leið og beið, þangað til 1875. Þá lagði stj. fyrir þingið frv. um þetta efni, og var þar farið fram á, að byggja launin á sama grundvelli, sem í Danmörku: að launin skyldu fara vaxandi eptir embættisárunum. Var þar tekið fram, á hvaða upphæð laun hinna einstöku embættismanna skyldu byrja, og hvað þau skyldu verða hæst. En þingið tók þá það ráð, að setja meðaltalið af launum þeim, sem ákveðin voru í frv. stj. og skyldi það vera fast ákveðin laun embættismannsins, hvort sem hann væri við embættið lengur eða skemur. Tölur þær, sem sþ. voru 1875, voru byggðar á frv. stj. og miklu lægri en 1859 og 1861. Þannig hefur þingið í þrjú skipti, 1859, 1861 og 1875, verið á því, að launin mætti ekki lægri vera en þá var ákveðið. Hverjar ástæður hafa komið síðan, er gjöri, að nú sje sjálfsagt að lækka laun embættismanna? Jeg vil biðja hinn h. frsm. meiri hlutans (Sigh. Árn.), að gjöra mjer grein fyrir þeim! Hann álítur víst ekki, að hann á þ. 1875 hafi hrapað að launalögunum. Þess vegna verð jeg að ganga út frá því, að eitthvað það sje skeð síðan 1875, er sje fullgild ástæða til, að breyta nú þessum lögum í þessa átt. Meðan mjer ekki er sýnt fram á skýrar ástæður til þessa, get jeg hvorki gengið inn á frv. n.d. óbreytt, nje verið með tillögum meiri hluta n.

Sighvatur Árnason (frsm.): Mjer dettur ekki í hug að neita sögu hins háttv. minni hluta um, hvernig launamálstillögurnar hafa gengið að undanförnu, því að í þeim hafa mestmegnis þeir einir átt hlut að máli, sem hafa viljað skara eld að sinni köku. Jeg get líka glaður leyft honum að athuga atkvæði mitt í þessu máli á þ. 1875. En án þess að fara út í neitt kapp, vildi jeg að eins leiða athygli manna að þeim mikla mismun á laununum, sem ekki er byggður á neinni þörf, hvorki 1875 nje á fyrri þingum. Hann er byggður á allt öðru en þörf. Embættismennirnir í hinum lægri embættum hafa yfir höfuð sömu þarfir fyrir sig og sína, eins og hinir, sem eru í hinum æðri. Það er því eitthvað annað, sem liggur til grundvallar fyrir háu launununum, en

sannarleg þörf. Það getur hinn h. minni hluti ekki hrakið, því bæði er það, að þau hin lægra launuðu embætti standa ekki lengi óveitt, og maður sjer ekki annað en þeir, sem þeim þjóna, beri sig full sómasamlega yfir höfuð. Þörfin er sú, að embættin, hvort sem þau eru æðri eða lægri, sjeu svo sómasamlega launuð, að þeir, sem þeim þjóna, geti sjeð sómasamlega fyrir sjer og sínum, án þess að þurfa að vanrækja embættið fyrir aðra atvinnu eða auka-atvinnu sjer til styrktar. Þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir breytingum meiri hlutans, og jeg efast um, að það hafi verið tekið til greina á fyrri tímum og 1875. Jeg neita því ekki, að það hafi líka vakað fyrir mjer samanburður á embættismönnum hjer og samkynja embættismönnum í Danmörku. En þar sem maður finnur sanngirnisástæðu til að breyta einhverju, þá á að halda þeirri br. fram. Jeg hef líka áður tekið það fram, að mjer þætti óþarfur mismunur bæði á verzlegum og svo kölluðum geistlegum embættum. Það er talað um að spara allt, sem mögulegt er, og það er sjálfsagt og nauðsynlegt fyrir landið. Hvers vegna skyldi þá ekki líka eiga að spara hjer, þar sem komast má af með svo hundruðum króna skiptir minna en gjört er? Þar sem stundum er lengi verið að ragast um 100—200 kr., sem um er að tala að veita í eitt skipti fyrir öll. Vona jeg nú, að hinn h. minni hluti (M. St.) skilji ástæður meiri hlutans, þrátt fyrir það, þó hann segi, eins og satt er, að laun ísl. embættismanna hafi áður á þingum verið hærra sett. Viðvíkjandi því, sem þ. gjörði 1875, þá er atkv. mitt til sýnis, og það, að jeg var mótfallinn þessu máli þá af sömu ástæðum sem nú. Þar í móti hef jeg aldrei verið á móti því, að hver embættismaður væri vel viðunanlega launaður, en ei óþarflega hátt, og það var einmitt það, sem 1875 kom mjer til að skerast út úr.

Magnús Stephensen: Jeg skal fúslega kannast við, að jeg hef fyr heyrt þessa ástæðu um mismuninn á launum embættismanna; en það eru til tvær aðferðir til að jafna þennan mismun; önnur er sú, að færa niður hærri launin, en hin að færa upp lægri launin. Jeg fyrir mitt leyti verð nú að álíta síðari aðferðina hina einu rjettu, því 2000 kr. eða jafnvel þar undir er sannarlega langt frá að vera boðlegt þeim embættum, sem slík laun eru ætluð, nje að standa í neinu hlutfalli við störf þau, sem þeir embættismenn eiga að gegna; með þau laun er engum embættismanni hægt að komast af. Ef nú meiri hluti n. hefði valið þann veginn að hækka hin lægri launin í stað þess að lækka hin hærri launin, þá hefði jeg verið honum fyllilega samdóma. Vjer megum heldur ekki missa alveg sjónar á, hvernig sams konar embætti eru launuð í Danmörku og hjer á landi. Mörg af embættunum hjer eru alveg sömu skilyrðum bundin og sams konar embætti í Danmörku. Ef nú embættin eru launuð langtum betur í Danmörku en hjer, þá er hætt við, að þeir, sem þess eiga úrkosti, kjósi heldur að taka vel launuð embætti í Danmörku en illa launuð embætti hjer, þó Ísland sje ættjörð þeirra. Jeg hef sjeð það tekið fram í blöðunum hjer, að svo margir mundu fara af landi burt til Vesturheims, að þar að ræki, að hjer yrðu ei aðrir eptir en embættismenn og sveitarómagar. Með slíkum lögum sem þessum hjálpar þingið til þess, að embættismennirnir fari líka úr landi.

Sighvatur Árnason: Jeg er h. 4. kgk. þm. (M. St.) alveg samdóma um það, að launin sjeu jöfnuð á báða bóga, ef þess er þörf, bæði að ofan og neðan, og í þann streng hefur nú þingið tekið, og það fyrir skemmstu, er það samþykkti lög um að hækka laun kennarans við læknaskólann. Og jeg veit ekki betur en löggjafarvaldið á hverju þingi gjöri eitthvað í þessa stefnu, þar sem þörfin þykir brýnust á vera. Hvað mjer sjálfum viðvíkur t. d., þá hef jeg jafnan viljað stuðla að því, að fátækari brauðin kæmust í einhvern jöfnuð við þau, sem betur eru launuð. *(Magnús Stephensen:* Já, í Rangárvallasýslu). Já, í Rangárvallasýslu, og líka í öðrum sýslum, enda stendur hverjum það hjer að næst, þar sem hann er kunnugastur, og Rangárvallasýsla er mitt kjördæmi, sem mjer stendur næst, og hinum öðrum þeirra kjördæmi. Þar sem h. 4. kgk. talaði um, að embættismennirnir mundu fara af landi burt, þá ímynda jeg mjer satt að segja, að sú spá rætist ekki fyrir það, þó þingið samþykki þessar tölubreytingar, og þó slíkt rættist, sem ekki er að óttast, þá mundu ekki þau embætti, sem hjer ræðir um, standa lengi auð að held-

ur. Þá held jeg líka, að sannarlega mætti óttast ýms laun hinna lægri embættismanna, því þau eru mörg harla lág í samanburði við þessi laun, sem hjer er stungið upp á, en þó hafa þeir ekki hlaupið frá þeim enn sem komið er.

Benidikt Kristjánsson: Það sannast á mjer að „lengi muna börnin“. Jeg var á þingi í fyrsta sinni 1875, er launalögin voru rædd og man vel umræðurnar þá. Jeg skal nú fyrst hverfa að því er nú hefur talað verið um, hvað gjörzt hefði í þessu máli á þingunum 1859 og 1861 og fór í þá stefnu, að íslenzkir embættismenn ættu að hafa jafnrjetti við sams konar embættismenn í Danmörku. Jeg get vel skilið í skoðunum þingsins 1859 og 1861. Þá var fjárhagur landsins eigi aðskilinn frá Danmerkur og þótt Danir þættust þurfa að leggja Íslandi fje, töldu Íslendingar til skuldar í ríkissjóði Danmerkur, og því þótti mörgum mönnum óskaráð, að ná þó að minnsta kosti einhverju þessu fje með því að láta embættismennina fá góð laun, sem því að eins gæti orðið, að krafizt væri jafnrjettis fyrir þá móts við danska embættismenn. Jeg ætla nú engan dóm að leggja á þessa ráðabreytni. Á alþingi 1875 voru launin fast ákveðin, og jeg þarf víst ekki að minna þm. á það, að mörgum þóttu launin þá þegar of há, og jeg man að hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) var í þeirra tölu, og jeg efast ei um að menn muni, að jeg þá tók slíkt fram, og það er mín skoðun enn í dag, sem þá, að ekki eigi að miða laun íslenzkra embættismanna við laun embættismanna erlendis, heldur við efnahag landsins og allar ástæður. Vjer erum fátæk þjóð, sem engan veginn er fær um að launa embættismönnum eins vel og auðug þjóð, enda er alls ekki hægt að segja annað en að hjer er miklu ódýrara að lifa en annarstaðar. (*Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð o. fl.*: Nei). Jeg held að segja megi um það þegar málið var rætt hjer á þingi 1875, að þá hafi jafnvel „útvaldir leiðzt í villu“; þá risu og upp falsspámenn sem leiddu menn afvega; því jafnvel bændurnir sögðu, að ef launaunum yrði ei þá þegar slegið föstum, þá yrðu þau miklu hærri seinna. Nú sýnir reynslan hið gagnstæða, því nú er einmitt talað um að lækka launin. Minni hluti n. talaði um, að tveir vegir væru til að jafna launin, eigi að eins til að lækka hin hærri, heldur og að hækka hin lægri. Frsm. meiri hlutans tók fram, að nú á þingi hefðu laun kennarans við læknaskólann verið hækkuð. Jeg skal einnig benda h. 4. kgk. (M. St.) þm. á, að þingið hefur hækkað fleiri laun úr því sem þau voru ákveðin 1875 (*Magnús Stephensen*: Dæmi!). Laun sýslumannsins í Strandasýslu. (*Magnús Stephensen*: Dæmið er rangt). H. 4. kgk. (M. St.) tók fram, að embættismennirnir mundu flýja landið, eins og alþýða manna gjörði. Úr því nú að öllum er leyft að fara, sem fara vilja, og það álít jeg rjett að hepta ekki persónulegt frelsi nokkurs manns, þá get jeg ekki sjeð neitt á *móti* því, að þessir menn sem fara úr landi, fái dálítið af embættismönnum með sjer, úr því að ekki er meiri þurð á þeim en er hjer hjá oss. Jeg get ekki sjeð, að þetta sje nein grýla; það færi vel á því, að einstöku embættismenn slæddust með. Jeg hef ekki breytt skoðun minni síðan 1875, þó jeg játi að það sje heiður að breyta skoðun sinni, ef menn komast að einhverri betri og rjettari niðurstöðu. En því er ekki að fagna um mig. Jeg er alveg á sömu skoðun um laun embættismannanna sem jeg var 1875.

Ásgeir Einarsson: H. 4. kgk. þm. (M. St.) var hræddur um, að embættismennirnir mundu yfirgefa landið, ef launin yrðu lækkuð. Hann var þó ekkert hræddur um daginn þegar laun landlæknisins voru lækkuð, að hann mundi fara af landi. Jeg verð líka að lýsa það alveg ósamboðið, að brígzla mönnum um ósamkvæmni, þó menn á 10—20 ára fresti breyti skoðun sinni. Jeg held að það sje harla ólíkt að bera saman kjör embættismannanna og bændanna hjer á landi. Hvernig sem árar fá embættismennirnir sín föstu laun úr lsj. og geta lifað af þeim sómasamlega eptir því sem gjöra er hjer hjá vorri fátæku þjóð. En bændurnir eiga við ótal raunir, ótal þrautir að stríða, til þess að geta haldið lífinu í sjer og sínum, og borið alla skatta og skyldur landsins. Það er óhætt að fullyrða, að enn mætti lækka að mun laun ýmsra embættismanna.

Skúli Þorvarðarson: Jeg get ekki betur sjeð, en að frv. það, sem hjer liggur fyrir og komið er frá n. d., sje á góð-

um og rjettum rökum byggt. Launin eru ekki einungis viðunanleg, heldur sómasamleg í alla staði. Jeg er reyndar ókunnugur lífi og lifnaðarháttum hjer í Reykjavík. Sömuleiðis því hvað hinir háttvirtu embættismenn kalla sjer sómasamt líf, og samboðið stöðu sinni, og þá líka hvað það höfðingjalíf kostar, en það hef jeg heyrt kunnuga og jeg meina sannorða menn segja, að 3000—4000 kr. væru nægilegar til þess að lifa hjer sómasamlegu embættislífi. En sú embættislaunaupphæð, sem hjer er um að ræða, er lægst 3600 kr., en hæst launaupphæð 6000 kr., svo jeg get ekki breytt þeirri skoðun minni, að þessi launaupphæð sje vel sæmandi þeim embættum sem þau eru ætluð. Það getur enginn maður litið svo á launalögin frá 1875, sem þau eigi að vera bindandi um aldur og æfi, þótt þau væri sanngjarnari heldur en mjer þykir þau vera, heldur er það skylda þingsins að laga þau, að því leyti sem þess er þörf, og beina þeim í sem sanngjarnast horf. Allir þekkja fjeleysi landsins, og allir vita, hve brýna þörf landið hefur á að brúka allt sitt fje til menntunar og atvinnubóta landsmönnum. Í þessu frv. sem jeg mun greiða atkv. með, eru sum hæstu embættislaunin færð niður, og sparast við það að jeg ætla, um 7000 kr. fyrir lsj., sem brúka má til nytsamlegra fyrirtækja eða til hjálpar nauðstöddum landsmönnum. Sem sagt greiði jeg líklega á sínum tíma atkv. með frv., þó það eigi sje að öllu leyti eins og jeg vildi helzt óska; br. meiri hluta hinnar háttvirtu nefndar verð jeg ekki mótfallinn, þegar til atkv. kemur.

Magnús Stephensen: Jeg ætla einungis að leiðrjetta það sem h. þm. Nþ. (B. K.) hermdi rangt. Laun sýslumannsins í Strandasýslu voru eigi ákveðin í launalögunum 1875, heldur í lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 1877. Þá voru þau ákveðin 2500 kr., og síðan hafa þau *alls ekki* verið hækkuð.

Málinu vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Frv. til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða (frá n. d., C 292); 1. umr.

Magnús Stephensen: Að því leyti sem frv. þetta fer fram á að af nema amtmannaembættin, er það ekkert nýmæli hjer á þingi. Uppástunga um það kom fyrst fram á ráðgefandi þingi 1847. Þá bar þm. fram ust. um af nema amtmannaembættin og fjölga póstgöngunum. Þingið aðgreindi þessi mál, og ust. um að af nema amtmannaembættin var felld með 19 atkv. gegn 4, því mönnum þótti alveg ótiltækilegt að af nema þessi embætti, og meðal þeirra, sem töluðu og greiddu atkvæði móti því, var þáverandi þingmaður Ísfirðinga, Jón Sigurðsson. Minni hluti n. í þessu máli komst að þeirri niðurstöðu, að stofnuð yrði hjer í Reykjavík „yfirstjórnarnefnd með 3 mönnum, stiptamtmanni og 2 Íslendingum“. Mjer dettur í hug þjónninn á Garði í Kaupmannahöfn, sem sagðist standa í þjónustu „2 herra og 13 Íslendinga“. Síðan 1847 hefur þessi hugmynd um afnám amtmannaembættanna legið í dái þangað til nú síðustu árin. Hún var gjörð að athugasemd við fjárlögin 1879, þgsál. 1881. og nú er hún orðin að lagafrv. Jeg er engan veginn mótfallinn því, að amtmannaembættin sjeu af numin, ef mjer er færður heim sanninn um það, að það sje æskilegt. En til þess að jeg geti fallizt á frv. í þá átt, verð jeg að fá að vita, hve ljóst það er þeim, er þetta mál flytja, hver störf amtmannanna eru, og hvernig þeir hafa sjeð þeim borgið, ef þessi embætti verða lögð niður. Um þessi atriði gefur frv. sjálft enga leiðbeiningu nema að „málum þeim, er nú eru lögð undir amtmennina, skal skipt á milli lh. og formanna fjórðungsráðanna“. Jeg verð að leyfa mjer að efast um, að flm. þessa máls í n. d. hafi haft ljósa hugmynd um störf amtmannanna. Jeg hef lesið ræður manna í n. d. um þetta mál, og jeg verð að segja, að það gegnir mestu furðu, hve jafnvel þeir þm., er mest álit hafa í þeirri þd., hafa talað ókunnuglega og ófróðlega um þessi störf. Einn h. þm. í n. d. ljet í ljósi, að helzta úrskurðarvald amtmannanna væri að úrskurða sektir í lægri sakamálum. Annar nefndi einkum til úrskurði á strandreikninga. Jeg get ekki betur sjeð, en að nokkuð sje hrapað að þessu máli, ef menn hafa ekki ljósari hugmynd um störf amtmannanna en þetta. Jeg efast nú engan veginn um, að þessi h. þd. hafi mjög ljósa og fullkomna hugmynd um þessi störf, og þess vegna álít jeg eigi

þörf á, að fara að skýra það efni. En jeg vil leyfa mjer að biðja einhvern h. þdm., sem er hvetjandi þess, að þetta frv. nái fram að ganga, að benda mjer á, hver af þessum störfum eiga að leggjast til lh. og hver til formannanna í fjórðungsráðunum. Jeg efast engan veginn um, að þeir hafi gjört sjer það ljóst, en meðan jeg ekki fæ skýra úrlausn á því, verð jeg að greiða atkv. móti að málið gangi lengra. En jeg skal fúslega greiða atkv. með afnámi amtmannaembættanna, ef jeg sje, að embættisstörfunum muni gegnt eins rækilega og þó kostnaðarminna en nú.

Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (frá n. d., C 293); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vísað til 2. umr. m. 7 atkv.

Þrítugasti og sjöundi fundur, laugarlag 11. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til viðaukalaga við tilskipun 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar (C 282); 3. umr.

Enginn tók til máls og var frv. sþ. með 9 atkv., og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Frv. til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 290); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg fyrir mitt leyti hefði nú heldur kosið, að þetta mál hefði komið fram á þ. á annan hátt; jeg hefði viljað, að farið hefði verið fram á það, að eptirlaunalögin skyldu numin úr gildi og þingið skyldi svo í hvert skipti, er á lægi, ákveða með sjerstökum lögum eptirlaun hvers einstaks embættismanns. En af því nú að þetta frv. liggur fyrir og n. d. hefur sþ. það, þá er ekki um annað að gjöra en að reyna að bjarga sjer með það, og laga það í því, er helzt kynni að vera ábótavant, með því líka að lítil líkindi eru til, að hitt gæti fengið fram að ganga að þessu sinni. Jeg og h. þm. Ask. (St. E.) höfum komið fram með lítilfjörlega brtill. við frv. (C 298). Tölubr. þær, sem við höfum stungið upp á, eru byggðar á því, að okkur þótti stiginn í frv. með helzt til miklu millibili og efri stigin óþarflega há. Því þó bæði jeg og aðrir játi, að embættislaunin hljóti að vera nokkuð misjöfn, þá er allt öðru máli að gegna með eptirlaunin. Jeg skal engan veginn neita því, að eptirlaunin eigi líka að vera nokkuð misjöfn, en jeg verð alveg að neita því, að þau þurfi að vera svo misjöfn, sem embættislaunin. Því það, að embættislaunin eru misjöfn, byggist á því, að embættin eru misvandasöm, misábyrgðarmikil o. s. frv. En þegar embættismaðurinn er hættur að þjóna embættinu, þá hverfur vandinn og ábyrgðin, og hverfur þá um leið að mestu mismunurinn, því allir þurfa jafnt að lifa hvort sem þeir hafa verið hálaunaðir eða láglaunaðir. Á þessu byggist brtill. okkar, sem fer í þá átt, að gjöra mismuninn minni eða rjettara sagt jöfnuðinn meiri milli hinna ýmsu embættismanna, þegar þeir fara frá embætti. Hvað viðaukanum við 13. gr. viðvíkur, þá er hann byggður á því „principi“, sem gengur gegnum allt frv.

Stefán Eiríksson: Jeg er nú nokkuð á annari skoðun en sumir aðrir þm. í þessu máli. Jeg hefði langhelzt kosið, að eptirlaun hvers einstaks embættismanns væri í hvert skipti ákveðin af þinginu með sjerstökum lögum, og væri þá eptirlaunin miðuð bæði við efnahag embættismannanna og aðrar ástæður. N. d. hefur nú auðsjáanlega verið á allt annari skoðun; en úr því sem komið er, mun hinn eini rjetti vegur vera að halda frv. í þessari stefnu, sem það hefur fengið í n. d. og einungis laga það eptir því sem kostur er á, með því líka það bætir töluvert úr því öfuga eptirlaunaástandi, sem nú er. Því tilskipun 31. maí 1855 er mjög stórtæk um eptirlaun embættismanna. Þegar litið er til 2 sýslumanna, sem hafa fengið lausn. annar með 2751 kr. og hinn með 1686 kr. í eptirlaun, og þegar þess er gætt, að þessir menn eru báðir vel efnaðir að jarðagóssi og gangandi pening, þá virðist fullkomin nauðsyn á því, að laga þessleiðis ákvarðanir. Jeg vona, að enginn taki orð mín svo, sem jeg vilji að embættismenn fái engin eptirlaun. Nei; en jeg vil ekki hafa eptirlaunin hærri en svo, að embættismennirnir geti viðunanlega komizt af með þau, og það geta þeir eptir þessu frv., og vona jeg því að

h. þd. samþykki brtill. þá, sem jeg og h. 1. þm. Rvl. höfum borið upp. Vjer verðum líka að líta fram í tímann, því með tímanum fjölgar þeim, sem komast á eptirlaun. Nú er búið að samþykkja lög um eptirlaun presta og prestsekkna, svo eptirlaunatrossan getur á endanum orðið margmennt; en eptirlaun prestanna eru á talsvert lægra stigi en hinna verzlegu embættismanna; verðum vjer því að sníða oss stakk eptir vexti og fara eptir efnahag landsins í þessu tilliti.

Magnús Stephensen: Tveir h. þm. hafa nú látið í ljósi skoðun sína á frv. þessu, og báðir eru óánægðir með það. Að því leyti er jeg þeim alveg samdóma; en hitt skil jeg ekki, að þeir þrátt fyrir það verða því fegnir, að það verði gjört að lögum, þótt þeir að vísu hafi reynt til að bæta það með hinni göfuglyndu brtill. sinni. Jeg held það sje full ástæða til að rannsaka þetta mál betur en gjört hefur verið, eða út lítur fyrir að gjört hafi verið. Ef vjer nú lítum á gang málsins í n. d., þá er full ástæða til að ætla að málið hafi ekki verið vandlega íhugað; 2. gr. frv., aðalmergurinn í öllu frv., var felld við 2. umr., en tekin upp aptur og samþykkt því nær óbreytt við 3. umr. Jeg ímynda mjer, að þeir verði fleiri en jeg, sem þykir þetta ekki sýna festu í málinu. Þegar nú n. d. hefur sent frv. hingað þannig úr garði gjört, og þessi þd. er óánægð með það, þá verð jeg að segja, að það er með öllu ósamboðið löggefandi þingi að gjöra slíkt að lögum, eða kann ske öllu heldur, það er skylda löggefandi þings að láta slíkt *ekki* frá sjer fara. Þess vegna skal jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að n. sje sett í málið til þess rækilega að íhuga það og rannsaka betur en gjört hefur verið; þá gætu h. þm., sem talað hafa í þessu máli, komið fram með ust. sem væru samkvæmari skoðun þeirra en frv., og sem þeir ef til vill hafa mikið fyrir sjer í. Hjer í þd. var það tekið fram í gær, ef jeg man rjett, af h. 2. þm. Rvl. (S. Á.), að til þess að lifa sómasamlega hjer í Reykjavík, veitti ei af 3000 kr. Það mun rjett. Eptir þessu frv. fær embættismaður með 3000 kr. embættislaunum, sem fær lausn eptir 30 ár, 600 kr. í eptirlaun. Ef nú þurfa 3000 kr. til þess að lifa sómasamlega, hvaða líf er þá það, sem lifað verður fyrir 600 kr.? Það er eigi laust við, að þeir er mæla vilja frv. bót, komist heldur í mótsögn við sjálfa sig. Jeg skal þá leyfa mjer að bera fram þá ust., að umræðunum sje frestað, og n. sett í málið. Falli sú ust., get jeg þó fullvissað menn um, að stj. mun aldrei ráða kg. til að staðfesta þessi lög, og til þess að taka af öll tvímæli í því efni, ætla jeg mjer að greiða atkv. með brtill. h. 2 þm.

N. felld með 7 atkv. gegn 3.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að svara h. 4. kgk. þm. (M. St.) fáeinum orðum. Jeg ljet í ljósi að jeg væri raunar óánægður með frv., en jeg tók líka fram, eða ætlaði að minnsta kosti að taka fram, að heldur kysi jeg þó þetta frv. en eptirlaunalög þau, sem vjer höfum. Jeg hef reynsluna fyrir mjer með það hjer á þingi, að það er eigi ætíð svo hægt, að koma ust. fram, enda er þingtíminn þegar á förum. Slík ust. sem jeg minntist á, yrði að vera öldungis annað frv., en að því er ekki auðhlaupið hjeðan af. H. 4. kgk. (M. St.) talaði um ósamkvæmni. Jeg vil leyfa mjer að benda honum á, að það er nokkur munur að hafa embætti eða vera embættislaus, hvað kostnaðinn snertir. Jeg skil eigi annað, en að margt það fylgi embættinu, sem sá er laus við, er lausn hefur fengið. Staðan breytist líka opt þegar kemur til efri áranna; þá losna menn optast við byrðir af börnum sínum, og við ýmsan annan skyldukostnað.

Benidikt Kristjánsson: Jeg veit ekki nema stj. eigi að nokkru leyti þátt í, að menn eru að hugsa um að spara fje til embættismannanna; því sumum kann að sýnast, að hún hafi fyrir skör fram veitt lausn frá embættum og þannig aukið útgjöld lsj. Jeg ætla nú að snúa máli mínu að þessu frv. Það hefir verið talað hjer í þd. svo, sem þetta frv. færi fram á það, að veraldlegir embættismenn væru svo að segja settir upp á vatn og brauð, þegar þeir fengju lausn frá embætti. Jeg ætla mjer nú ekki að fara langt út í það atriði; en einungis geta þess, að það var ekki við öðru að búast af þinginu, þegar litið er til hvernig það með lögum hefir skipað eptirlaunum prestanna, langfjölmennustu embættismannastjettarinnar í landinu. Í þessu frv. er þeim af verzlegu embættismönnunum, sem lægst eru settir, ætlaðar 20 kr. fyrir hvert embættisár, en

þingið hefur engum presti gefið rjett til hærri eptirlauna en 10 kr. fyrir hvert embættisár. Jeg skal nú fúslega játa, að prestur á að lifa sparsömu lífi, þó líklega án þess að pynda holdið með föstum, auk bænahaldsins. Jeg get ekki ætlað, að tilgangurinn sje sá, að prestarnir hafi svo lítið, að þeir geti ekki lifað á eptirlaunum sínum. En ef nú prestarnir geta lifað af 10 kr. eptirlaunum fyrir hvert embættisár, þá er veraldlegu embættismönnunum sannarlega vel lífvænt með 20—50 kr. fyrir hvert embættisár, eða með öðrum orðum, tvöfalt til fimmfalt meiri eptirlaun en prestarnir. En fyrir því er gjört ráð í frv. Það má segja, að hafa skuli tillit til þess, að þeir búi í Reykjavík; en fá dæmi munu til þess, að uppgjafaprestar flytji til Reykjavíkur, enda mundu þeir komast þar skammt með að lifa á eptirlaunum sínum einum. En jeg sje heldur ekki ástæðu til, að veraldlegir embættismenn sjeu bundnir við Reykjavík. Það eru að vísu mörg embætti bundin við Reykjavík, en að embættismenn lifi þar eptir að þeir hafa fengið lausn frá embætti, sje jeg enga nauðsyn á. Jeg skal engu spá um það, hvort stjórnin muni staðfesta þessi lög eða ekki, en jafnrjettarhugmyndin og jafnrjettartilfinningin knýr mig til að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir.

Jón Pjetursson: Jeg veit ekki, hvort jeg skil alveg rjett einn stað í þessu frv. 9. gr. frv. segir: „konur þær, sem verða ekkjur eptir embættismenn, sem rjett höfðu til eptirlauna, eða nutu þeirra þegar, skulu hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði, helming af eptirlaunum þeim, er mönnum þeirra bar, eða þeir höfðu þegar fengið".

„Þó má aldrei ekkja manns, er hefur haft 3000 kr eða minna í laun, fá *minni eptirlaun en 150 kr.* ár hvert, og eptirlaun ekkju þess embættismanns, sem hefur haft yfir 3000 kr. í laun, skulu *aldrei lægri vera ár hvert en 250 kr.* Ef embættismaður hefur t. a. m. fengið embætti með 4000 kr. launum, þá fær ekkja hans 250kr. eptirlaun. En aptur er sagt framar í frv., að eptirlaun þess embættismanns, sem fengið hefur embætti upp á 4000 kr., og ekki þjónað því í 5 ár, skuli talin eptir 3000 kr. embættislaunum, þ. e. 20 kr. fyrir hvert ár. Eptirlaun ekkju hans eru aptur á móti ekki bundin við, að maðurinn hafi verið í embætti í 5 ár. Eptir þessum skilningi mínum verður þá mikill munur á eptirlaunum mannsins og ekkjunnar; þannig fær t. a. m. sá embættismaður, sem fengið hefur embætti með 3000 kr. launum, en verður að sleppa því eptir eitt ár vegna heilsubrests; 20 kr. í eptirlaun á ári, en ekkja hans fær 250 kr., þó hann hafi ekki þjónað lengur en þetta. Þannig getur svo farið, að ekkja fái 12 sinnum hærri eptirlaun, en maðurinn, og má af þessu sjá, hvílík ósamkvæmni er í þessum lögum.

Magnús Stephensen: Út af orðum hins h. þm. Rvl. (Sighv. Árn.), er hann mælti síðast, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg álít, að þingið misskilj stöðu sína, ef það ályktar svo, að þó að það sje óánægt með eitthvert lagafrumvarp, þá eigi þó heldur að sþ. það, en að gefa engin lög út. Þvert á móti álít jeg það skyldu þingsins að gjöra öll lög sín svo vel úr garði sem ýtrast er mögulegt. Þegar því þingið er óánægt með eitthvert lagafrumvarp, en þykist ekki geta breytt því til batnaðar vegna naumleika tímans, þá á það ekki að sþ. frv., heldur er þá skylda þess, að láta það bíða til næsta þings. Það er opt þegar farið er að líða á þingtímann, og eitthvert mál kemur frá annari d., sem hin er óánægð með, þá segja menn þó á þessa leið: „Það dugar ekki að breyta málinu hjer og senda það svo aptur hinni deildinni. Vjer skulum því heldur sþ. málið, því það er betra að gjöra það að lögum nú, þó það verði handarskömm, heldur en að bíða til næsta þings". Þessi grundvallarregla verð jeg að segja sje *alveg röng.*

Það kemur einstaklega laglega við, að vera að setja niður eptirlaunin jafnframt og verið er að færa niður embættislaunin. Jeg gæti vel skilið, að ef launin væri hækkuð, þá væri ástæða til að færa niður eptirlaunin, því þá væri fremur von að embættismaðurinn gæti verið búinn að búa svo í garðinn, að hann hefði sjálfur nokkuð afgangs handa sjer og sínum, er hann gæti ekki gegnt embætti sínu lengur. En í því að lækka launin samfara eptirlaununum sje jeg enga sanngirnistilfinningu. Það hefur verið tekið fram, að eptirlaunin hafi verið vanbrúkuð með því að ýmsir embættismenn hafi fengið lausn frá embættum og eptirlaun,

þótt þeir hefðu getað þjónað lengur eða hefðu verið svo efnum búnir, að þeir ekki hefðu þurft eptirlauna með. En jeg sje engar ákvarðanir hjer í þessu frv., sem fyrirbyggi þetta framvegis. Hjer er að eins boðið, eins og hingað til hefur verið lög, að sá, er sækir um lausn frá embætti sínu, gefi læknisvottorð fyrir því, að hann sje ófær um, að þjóna því lengur. Vanbrúkunin verður því hin sama, þó þetta frv. komi út sem lög.

Jeg gat ekki annað en dáðst að ræðu hins h. þm. Nþ. (B. Kr.), þar sem hann var að sanna, að kjör uppgjafapresta væri lítilfjörleg, og ályktaði af því, að kjör veraldlegra embættismanna, er þeir ekki gæti þjónað lengur, ætti því líka að vera lítilfjörleg. Jeg er þm. fullkomlega samþykkur í því, að kjör uppgjafapresta eru ekki eins góð, eins og þau ættu að vera; en að kjör annara embættismanna fyrir það eigi að vera eins bág, það fæ jeg ekki skilið. Kjör uppgjafapresta eru annars ekki eins bág og menn skyldu ætla eptir eptirlaunum þeim, er þeir fá, því það er aðgætandi, að þeir hafa rjett á að taka sjer fyrir bújörð hverja sem þeir kjósa af jörðum prestakallsins, og hafa flestir í prestsskap sínum komið sjer upp bú. En það skil jeg ekki, hvernig þm. Nþ. (B. Kr.) getur ætlazt til, að maður, sem þjónað hefur veraldlegu embætti t. a. m. í Reykjavík fram að 70 aldri, geti þá farið að kaupa jörð í sveit, komið sjer upp bústofni og farið að búa. Það held jeg yrði búskapur! En úr því jeg sje að frv. muni eiga fram að ganga með br., þá skal jeg ekki vera að breyta þd. með mótmælum.

Benidikt Kristjánsson Jeg verð að leyfa mjer að leiðrjetta nokkuð ræðu hins h. 4. kgk. þm. (M. St.). Jeg fór því aldrei fram, að kjör veraldlegra embættismanna yrðu að vera eins lítilfjörleg, eins og kjör uppgjafapresta. En hitt tók jeg fram, að hin bágustu kjör veraldlegra embættismanna væru eptir þessu frv. helmingi betri en kjör uppgjafapresta, og hin beztu kjör veraldlegra embærtismanna fimmfalt betri.

Jeg skildi hinn h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) svo, að óánægja hans með þetta frv. væri sprottin af því, að hann vildi afnema öll fastákveðin eptirlaun, en að þau skyldu eptir kringumstæðunum ákveðast í hvert skipti með lögum. Það er auðvitað, að ef þetta kæmist á, þá mundu embættismenn ekki reyna að losa sig við embætti sitt fyrir skör fram, því þingið mundi taka slíkt til greina við veitingu sína á eptirlaununum. Sem sagt, jeg skildi hinn h. þm. svo, sem hann einungis í þessu tilliti væri óánægður með frv. Jeg vil ekki spá því, en jeg held þó að þessi stefna hans mundi trauðlega ná fram að ganga að svo komnu, eptir þeirri stefnu, sem nú ræður á þ. í þessu efni.

Stefán Eiríksson: Jeg skal ekki tala langt í þetta sinn, enda ætlaði jeg ekki að standa upp. En út af orðum hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) skal jeg þó leyfa mjer að tala fáein orð. Hann var að tala um þá ósamkvæmni, sem væri í því að vera óánægður með þessi lög, og vilja þó ekki laga þau, og hann spáði því, að stj. mundi ekki staðfesta þau, eins og þau væru. Það getur nú verið, að það mætti laga þau nokkuð, og það gjöra bratkv., verði þau sþ.; en þó þetta væri reynt að laga þau á annan hátt, þá er ekki þar með sagt, að stj. staðfesti þau frekara fyrir það, þó þeim væri breytt eptir vild h. 4. kgk. þm. Aðalkosturinn við þetta frv., ef það verður að lögum, er það, að eptir þeim yrði langtum síður hætt við en nú, að menn segi af sjer embættum sínum of snemma, eða fyr en þeir þurfa. Allir hinir betri menn mundu lengst af vera við embættin, heldur en að hlaupa frá þeim upp á lág eptirlaun. Reglusamir menn geta vanalega þjónað embættum þar til þeir eru 60—70 ára, og þurfa þá ekki að halda á þessum eptirlaunum, sem þykja svo lítil. Enda munu hinir betur launuðu embættismenn optast hafa nokkurn forða af launum sínum til að styðjast við á sínum efri árum. Óreglumennirnir mega þakklátlega una við, að fá þau eptirlaun, sem þetta frv. ákveður; því í raun og veru ættu slíkir menn engin eptirlaun að fá.

Árni Thorsteinson: Það virðist hafa komið fram hjá sumum þdm., að það væri ástæða til samanburðar á eptirlaunum presta og annara embættismanna, embættism. lsj. Þó jeg hefði ekki í sjálfu sjer á móti því, að meiri jöfnuður væri á eptirlaunum þessara manna, þá er þó að gæta að því, að prestarnir eru launaðir meira og minna af söfnuðum sínum,

beinlínis eða óbeinlínis. Því sýnist mjer ekki eiga við, að bera þá beinlínis saman við veraldlega embættismenn eða embættismenn landstjórnarinnar, sem fá laun sín, og því líka eptirlaun, úr lsj. En svo framarlega sem á að hætta við að gefa embættismönnum eptirlaun, þá verður að hækka sjálf launin. Á móti þessari grundvallarreglu er ekkert að segja. En það hlýtur að vera alveg rangt, að segja, að úr því prestarnir hafi ekki fengið meiri eptirlaun, þá eigi aðrir embætttismenn fyrir það ekki að hafa nema eptirlaun sniðin eptir sama mælikvarða. Jeg skal fyrir mitt leyti ekki vera mjög á móti því, að eptirlaun prestanna hækki, ef þau eru lítil, enda hef jeg fremur verið með að bæta nokkuð kjör þeirra. En jeg álít hins vegar, að landsstjórnin ætti sem minnst að grípa inn í kirkjumálefnin, og vona jeg, að hinn h. þm. Nþ. (B. Kr.) sje mjer samdóma í því. Það hefur verið talað um, að þessi lög þyrftu lagfæringar við, en vegna þess, að svo langt væri liðið á þingtímann, væri ekki hægt að koma lagfæringunni við. Þessu læt jeg mjer nægja að svara með því að spyrja, hvort menn haldi, að aldrei verði haldið þing framar?

Þá vilja sumir ekki, að lög ákveði neinum embættism. nein föst eptirlaun, heldur skuli ákveða þau í hvert skipti. Þessi aðferð er nú höfð í landi, sem ekki er mjög langt frá oss, en jeg veit ekki betur, en að hún hafi vakið megna óánægju og jafnvel hneyksli. Og vilji menn lesa í þingtíðindum þess lands, munu menn finna dæmi þessa. Þannig var það, að einn af æðri embættism. landsins sagði af sjer embætti sínu, og fjekk ríkuleg eptirlaun. Síðan tók hann embætti aptur, og eptir miklar deilur fjekk hann loks mjög lítilfjörleg eptirlaun, er hann hætti að þjóna hinu síðara embættinu. Það er mitt álit, að það sje sómi hvers lands að launa embættismönnum sínum vel og sómasamlega, en aptur á móti heimta, að þeir gjöri skyldu sína. En að gjöra svo stórkostlegar breytingar, sem nú er farið fram á, á þeim lögum, sem nú gilda um laun og eptirlaun embm., álít jeg ekki ráðlegt. Þetta mál þarf að íhuga nákvæmlega, og þó það verði ekki leitt til lykta nú, þá er betra að láta það bíða seinni tíma, en að ganga frá því nú illa undirbúnu.

Atkvgr.: 1. gr. frv. (C 290) sþ. m. 6 atkv.; brt. tveggja þm. (C 298) við 2. gr.: a, sþ. m. 9 atkv., b., sþ. m. 9 atkv., c, sþ. m. 9 atkv.; 2. gr. þannig breytt sþ. m. 6 atkv.; 3. gr. sþ. m. 6 atkv.; 4. gr. sþ. m. 6 atkv.; 5. gr. sþ. m. 6 atkv.; 6. gr. sþ. m. 6 atkv.; 7. gr. sþ. m. 6 atkv.; 8. gr. sþ. m. 6 atkv.; 9. gr. sþ. m. 6 atkv.; 10. gr. sþ. m. 6 atkv.; 11. gr. sþ. m. 6 atkv.; 12. gr. sþ. m. 6 atkv.; 13. gr. sþ. m. 6 atkv.; viðbót 2 þm. við sömu gr. felld m. 5 atkv. móti 5.; 14. gr. sþ. m. 6 atkv.; 15. gr. sþ. m. 6 atkv.

Frv. í heild sinni sþ. og vísað til 3. umr. m. 6 atkv.

Forseti: Eins og hinum hæstv. lh. er kunnugt, er þingtíminn þegar á enda. Það er því ósk þd., að hinum hæstv. lh. mætti þóknast að lengja tímann samkvæmt því umboði, sem hann hefur þar til frá konungi. Jeg hefi ekki viljað setja dagskrá til mánudags, þar eð þingtíminn er þá liðinn, fyr en jeg fengi tækifæri til að tala við herra lh. um þetta mál.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að svara hinum h. forseta því, að eins og kunnugt er, hefur konungur veitt heimild til að þingtíminn yrði lengdur til 26. ágúst, ef nauðsyn bæri til þessa. Forseti n. d. hefur í dag farið fram á að þingtíminn yrði lengdur. Skal jeg þá einnig tjá hinni h. e. d., að jeg leyfi að þingtíminn sje lengdur innan þeirra takmarka, sem þannig eru sett.

Þrítugasti og áttundi fundur, mánudag 13. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til l. um breyting á lögum um laun laun íslenzkra embættismanna 15. okt. 1875 (C 273); 2. umr.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal að eins leyfa mjer að tala fáein orð viðvíkjandi hinum h., sem sumir kalla margvitra minna hluta (M. St.). Hann hefur komið fram með ust. við þetta frv. (C 319), og þykir mjer gott að geta ráðið

af henni, að hann hefur breytt skoðun sinni frá því hann ásamt mjer og öðrum h. þm. (E. Á.) sat í n. í þessu máli. Í nál. lýsti hann því yfir, að hann að „svo stöddu“ væri mótfallinn öllum br. á þeim lögum, sem hjer ræðir um. Það getur verið, að hann hafi byggt ust. sína á þeim orðum, sem töluð voru við 1. umr. þessa máls fyrir skömmu, að sanngjarnast væri að jafna laun embættismanna bæði að ofan og neðan. En mjer er ekki kunnugt, að þessir menn, sem ust. talar um, hafi farið fram á, að fá neina launahækkun, enda væri það ekki vel skiljanlegt, þar sem sumir þeirra hafa sótt um þessi embætti sín frá beztu brauðum landsins. Jeg sje því enga ástæðu til fyrir mitt leyti að taka þessa launahækkun til greina eða fallast á ust. Jeg veit heldur ekki betur en að sumir þessara embættismanna eigi von á hærri launum síðar meir eptir gildandi lögum. Sje þetta ekki rjett, þá vona jeg að jeg verði leiðrjettur, en sje það rjett, þá styrkist jeg enn meira í því áformi mínu að vera vust. mótfallinn. Svo skal jeg minnast á þau orð minni hlutans, að hann hjelt eða vjek því að mjer, að sannfæring mín, að því er snerti uppbót á fátækum brauðum, væri að eins bundin við Rangárvallasýslu. Jeg verð þó að minna hinn h. minni hluta á það, að jeg þar meðmæltur br. á brauðum í Skaptafells.s. og viðbót við þau, eða stuðlaði að því með mínu atkv., að fátæk brauð þar yrði bætt. Fleiri brauð lágu ekki fyrir til uppbótar eða breytingar. En þar sem sannfæring mín í þetta sinni náði þó líka til Skaptafellss., þá vona jeg, að hinn h. minni hluti hljóti að játa, að hún einnig geti náð til fleiri sýslna, eða annara kjördæma, en míns. Á tölum þeim, sem farið er fram á í þessum vust., skal jeg ekki taka hart að sinni. En þess skal jeg geta, að jeg álít ekki eiga að taka til greina hækkun á launum þeirra, sem sótt hafa um þessi embætti, sem þeir nú hafa, frá einhverjum hinum beztu brauðum landsins, nje heldur þeirra, sem eptir eldri lögum eiga von á launahækkun. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið, fyr en jeg heyri ástæður hins h. minni hluta fyrir vust. hans.

Magnús Stephensen: Jeg fjekk að heyra, að hinn h. frsm., (Sighv. Árnas.), sem ekki hefur fengið neitt uppnefni í „Þjóðólfi“, man eptir því uppnefni, sem jeg hefi fengið þar. Hann gat þess rjett til, að umræðurnar á síðasta fundi um þetta mál hefðu gefið mjer tilefni og djörfung til að koma fram með þessar vust. (C 319). Hann sagði þá, að hann hefði það mest á móti launalögunum 15. okt. 1875, að launin væri svo misjöfn, og þingið þyrfti því að jafna þau; og jeg gat þess, að það væri tveir vegir til að jafna þau, þ. e. annar sá, að hækka hin lægri laun, hinn, að lækka hin hærri. Hinn h. frsm. (S. Á.) var þá ekki á móti því, að það væri sanngjarnt að hækka nokkuð hin lægri laun, og því vildi jeg gefa honum og öðrum, sem honum fylgja í þessu máli, tækifæri til að sýna það í verkinu, að þeim væri alvara með þessa hækkun, og að ummæli þeirra um þennan jöfnuð sem ætti að vera, væri ekki eintómar „Fraser“; því, að sumir embættismenn hafi 5500 kr. í laun, en aðrir 2000 kr., er þó enginn jöfnuður. Ef hinn h. frsm. (S. Á.) og þeir sem honum fylgja, ekki taka þessum ust. mínum vel, þá hlýtur eitthvað annað en jöfnuður að liggja til grundvallar fyrir ust. þeirra. Hinn h. 2. þm. Rvl. (S. Þorv.) tók það fram við 1. umr. þessa máls, að 3000 kr. væri það minnsta, sem embættismaður í Reykjavík kæmizt af með, ef hann ætti að geta lifað sómasamlega. Nú er svo, að allir þessir embm., sem greindir eru í vust., hljóta að lifa í Rvk, og geta ekki lifað annarstaðar; en þó hefi jeg ekki beðið um nærri 3000 kr. handa neinum þeirra. Handa fyrsta kennara prestaskólans og fyrsta og öðrum kennara lærða skólans hefi jeg farið fram á 2800 kr., og handa hinum kennurunum 2400 kr. Þessi laun komast þá ekki upp í það, sem hinn h. 2. þm. Rvl. (S. Þ.) taldi skilyrði fyrir því, að geta lifað sómasamlegu lífi. En jeg hefi borið þessar ust. upp til að fá að sjá, hvort þessir þm. eru samkvæmir sjálfum sjer í skoðunum sínum. 2000 kr. eru engin laun til þess að geta lifað sómasamlega, nema menn vilji gjöra þessa embm. að kaþólskum klerkum, og banna þeim að gipta sig. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um mál þetta að sinni, en lýsa því yfir, að jeg skal gjöra þm. Rvl. (S. Á. og S. Þ.) og þeim sem á þeirra máli eru

það til geðs, að greiða atkv. með breytingaratkvæðum meiri hluta nefndarinnar og frv. n. d., ef þeir vilja standa við orð sín og jafna embættislaunin á þann hátt, sem farið er fram á í vust. mínum. Að endingu skal get þess, að jeg þarf ekki að vera hræddur um að jeg fái bágt, þegar jeg kem heim, hvort sem jeg greiði atkvæði með að hækka eða lækka laun embættismanna.

Framsögumaður (Sighvatur Árnason): Jeg skal að eins geta þess út af þeim orðum hins h. minni hluta, (M. St.), að hann skyldi verða með frv., ef jeg vildi vera með vust. hans, að vust. hans eru nokkurs annars eðlis en frv. Frv. fer ekki lengra í niðursetning launanna, en að hún skuli öðlast gildi jafnóðum og nýir menn koma í þessi embætti, og ákveður að þeir, sem fengið hafa embætti skuli einkis í missa við þessi lög, en þessi launahækkun, sem vust. minni hlutans fara fram á til jafnaðar á launum embættismanna, á að leiðast í lög strax við nýár. Ef hinn h. minni hluti (M. St.) vildi láta vera sömu grundvallarreglu í vust. sínum eins og í sjálfu frv., þá skyldi jeg ekki fortaka, að jeg kynni að gefa þeim atkv. mitt.

Stefán Eiríksson: Hinn h. frsm. (Sighv. Árn.) hefur nú tekið fram það, sem jeg vildi sagt hafa. En úr því jeg stóð upp á annað borð, þá skal jeg leyfa mjer að óska skýringa frá hinum h. minni hluta (M. St.) um vust. hans. Jeg skil nefnil. ekki, hvernig þær fá staðist með tilliti til 7. gr. frv. Það er ætlazt til að þessi lög um br. á launum ísl. embm. nái lagagildi 1. jan. 1884, þó þannig, að þeir, sem fengið hafa embætti áður lög þessi öðlast gildi, missi ekki neins í við þessar br. Verði vust. minni hlutans sþ., þá eiga þeir embm., sem þar er talað um, að skuli hafa hærri laun, en hingað til, víst að komast strax á þessi hærri laun 1. jan. 1884, og eptir launalögunum 15. okt. 1875 komast sumir þeirra þá einnig að launaviðbót seinna meir. Sje þetta meiningin, sem sjálfsagt mun vera, þá get jeg ekki verið vust. meðmæltur. Því eigi nú þegar að hækka laun 7 embm., en aptur lækka einhvern tíma smátt og smátt laun 6 embm., þá er jeg hræddur um, að standist á kostnaður og ábati með sparnaðinn, sem þó ekki hefur verið meiningin með lfrv. neðri deildarinnar. Meðan jeg ekki fæ neinar skýringar frá hinum h. minni hluta, er sýni, að vust. hans geti samrýmzt við frv. á annan hátt, en jeg hef skilið, þá get jeg, sem sagt, ekki gefið þeim atkv. mitt. Með tilliti til br. meiri hlutans skal jeg geta þess, að jeg get ekki fallizt á br. hans við 3. gr. a., og mun því heldur halda mjer til frv. n. d. viðvíkjandi launum forstjóra landsyfirrjettarins; því það virðast nægileg laun 5000 kr., sem n. d. hefur sett, jeg sje því enga ástæðu fyrir meiri hluta nefndarinnar að auka nú við laun þessi 500 kr. og það er eitthvað undarlegt í því, þegar slík hugmynd kemur fram frá bændum.

Einar Ásmundsson: Af því jeg er að nokkru leyti bendlaður við þetta mál, þar sem jeg lenti í n. þeirri, er í því var skipuð, þá mun þykja tilhlýðilegt, að jeg tali nokkur orð um það. Skal jeg þá fyrst geta þess, að mjer þykir vænt um að sjá, að hinn h. 4. kgk. þm. (M. St) hefur að nokkru leyti breytt skoðun sinni frá því hann sat í n. ásamt mjer og hinum h. frsm. (Sighv. Árn.), og lýsti því skriflega yfir, að hann að svo stöddu væri á móti allri br. á launalögunum 15. okt. 1875. En að hann hafi skipt skoðun sinni sjest af þeim vust., sem hann hefur komið með. Jeg er heldur á því, að laun embm. sjeu óþarflega og jafnvel ósanngjarnlega misjöfn, og þess vegna er jeg líka á því með fl. öðrum þm., að rjett sje að jafna þau nokkuð, og þá sjálfsagt fyrst og fremst að ofanverðu í þetta skipti. Hin hæstu laun eru vissulega nokkuð há eptir landshögum vorum og fátækt, sem svo mikið er talað um. Þeir hæst launuðu munu fá um 20 kr. á hverjum degi allt árið um kring, sýknt og heilagt. Eins og vjer vitum, er mikið um það talað, að alþm. fái fullkomlega há laun, þar sem þeir fá 6 kr. á dag, — 6 kr. á dag, sýknt og heilagt, árið út og árið inn, gjöra hjer um bil 2200 kr. og ekki meira. Að hin lægstu laun sjeu 2000 kr. álít jeg fremur lítið. En að hinir yngri kennarar við skólana fái ekki minna, en sem svarar launum alþm., eða 6 kr. á dag, árið út og árið inn eða 2200 kr. á ári, álít jeg sanngjarna og sómasamlega borgun, einkum þar sem ungir og ókvæntir menn eiga í hlut, þó þeir sjálf-

sagt hafi mikið fyrir að búa sig undir stöðu sína, sem jeg álít mjög nauðsynlega. Nefndin, eða rjettara meiri hluti hennar, ætlaði, að 5500 kr. væri nálægt sanni, sanngjörn upphæð sem hæstu laun, þ. e. handa forstjóra kirkjunnar og forstjóra landsyfirrjettarins. Því 5500 kr. gefa góðar 15 kr. á dag, árið út og árið inn. Með þessum launum ætla jeg, að þessir menn geti lifað mjög svo sómasamlegu lífi. Vona jeg að jeg gjöri ekki of lítið úr þessum embættum, þó jeg haldi þetta. Jeg veit vel að hjer er dýrt að lifa í Reykjavík. Þessir embm. þurfa því á allmiklu að halda. Þeir þurfa að búa í góðum húsum og klæðast sómasamlegum klæðum; líka þurfa þeir að kaupa sjer margar bækur, sem opt eru dýrar, til þess að geta fylgt með tímanum. En þessa þurfa þeir embm. líka, sem miður eru launaðir.

Hefði hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) fært laun kennaranna upp um 200kr. með breytingartillögu sinni í stað 400 kr., þá hefði jeg getað fallizt á það. Því jeg vil ekki fara hærra með laun yngri kennaranna en alþingismannalaunin eru, ef þingmaðurinn sæti allt árið á þingi. Það er sjálfsagt að hafa eitthvað til að miða við. Tölur í launalögunum eru opt settar mjög af handahófi, en það þarf svo sem verða má að miða þær við eitthvað, og jeg álít það vel til fallið, að miða þessi laun við kaup alþingismanna. Eins og vust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) liggja fyrir, get jeg ekki gefið þeim atkv. mitt. Máske honum sýnist að koma með aðrar vust. til 3. umr., í þá átt, sem jeg nú hef bent til, og þá getur ef til vill orðið öðru máli að gegna með samkomulagið okkar í milli. Annars heyri jeg að hann er ekki fráleitur því, að greiða atkvæði með meiri hlutanum, og vona jeg hann gjöri það þó við förum ekki að verzla við hann eða láta atkv. okkar ganga kaupum og sölum, þannig að við greiðum í staðinn atkvæði með vust. hans. Því hafi jeg heyrt rjett, þá kvaðst hann mundu greiða atkv. með frv., ef við vildum greiða okkar atkv. með vust. hans.

Magnús Stephensen: Jeg get ekki fallizt á, að hinn h. þm. Ef. (E. Á.) hafi skilið það rjett, að jeg hafi verið að bjóða mönnum kaupskap eða hestakaup. Mjer finnst, að þm. geti vel sagt: „Ef jeg sje að það er alvara þd. að fylgja fram þeirri grundvallarreglu, að jafna launin, þá skal jeg gefa mitt atkv. með því, ef það verður gjört á þann hátt, sem jeg álít rjett, þ. e. að jafna launin bæði að ofan og neðan". En ef meiri hlutinn vill eingöngu hafa lækkun að ofan, þá get jeg ekki og skal heldur ekki nokkurn tíma gefa atkvæði mitt með því.

Það er undarlegur samanburður hjá hinum h. þm. Ef. (E. Á.) á launum alþm. og embm. Það er hreinn misskilningur að ætla sjer að bera dagpeninga alþm. saman við laun embm. Jeg veit ekki betur, en að alþm. hafi ávallt aðra atvinnu en að sitja á þingi, og að dagpeningar þeirra á alþingi sjeu fyrir utan það, sem þeir annars hafa til að lifa af og fæða sig og sitt fólk. Árstekjur þeirra eru ætlaðar til þess, að fæða sjálfa þá, konu og börn, en alls ekki dagpeningar þeirra á þingi. Og jeg efast um, að nokkur alþm., sem býr í sveit, vildi vinna til að flytja allt sitt skyldufólk til Rvíkur, til að lifa þar af alþingispeningum sínum eða 6 kr. á dag. Þó þeir hefðu þær árið út og árið inn sýknt og heilagt. Þess vegna vil jeg heldur ekki lækka ust. mínar um laun kennaranna niður í 2200 kr. Álít jeg svo ekki nauðsynlegt að fara lengra út í það mál. Það er svo auðsjeð hvort sem er, hvernig allt er í garðinn búið. Að eins skal jeg fá að vita, hvort meiri hlutanum í raun og veru er alvara að halda fram hinni einu rjettu grundvallarreglu í að jafna launin, þ. e. að jafna þau á þann hátt, ekki einasta að lækka hærri launin, heldur og að hækka lægri launin. Hinn h. þm. Ask. (St. Eir.) áleit, að vust. ekki gætu sameinast við frv. n. d. Það er sjálfsagt meining mín, að launahækkunin byrji 1. jan. 1884. Því ef menn viðurkenna, að laun þessara manna sjeu of lág eptir launalögunum 15. okt. 1875, þá munu menn líka viðurkenna, að sjálfsagt sje og sanngjarnt, að þeir fái launahækkunina strax við nýár. Jeg sje annars ekki, hvernig þessar vust. geta komið í bága við 7. gr. frv. n. d. Þessi gr. hljóðar svo: „Embættismenn þeir, er fengið hafa veitingu fyrir embættum þessum áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einkis í missa við þau, meðan þeir sitja í sama embætti". Í vust. er ekki farið fram á, að

neinn embm. skuli nokkurs í missa. Því þó bætt sje við suma embm., sem í embættum sitja, þá missa embm. ekkert af tekjum sínum fyrir það. Mjer skildist hinn h. þm. Ask. (St. Eir.) leggja svo mikla áherzlu á það, að einn af kennurunum við prestaskólann nyti persónulegrar launaviðbótar. Það getur þó ekkert verið á móti því, að sp. vust. fyrir það. Því þegar svo er, að einhver hefur persónulega launaviðbót, þá er það regla, að það dregst af henni, sem launin hækka að öðru leyti. Að jeg hafi breytt meiningu minni, skal jeg fúslega játa. Mjer þykir engin minnkun að því. Það kom alls ekki fram á nefndarfundunum eitt orð um að hækka hin lægstu laun. Það kom fyrst fram undir umræðunum, að það væri sanngjarnt að jafna launin líka á þann hátt. Jeg lýsi því þess vegna yfir, að jeg hef breytt skoðun minni, og stend við það.

Einar Ásmundsson: Það er raunar ekki opt, að við ekki skiljum hvor annan, hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) og jeg, en það er þó svo nú. Hann getur ekki skilið það, að jeg skuli miða laun embættismanna við dagpeninga alþingismanna. Mennirnir eru nú einu sinni svo gjörðir, að þeir þurfa að vinna fyrir lífi sínu annaðhvort með handavinnu sinni eða þá höfðinu eða þessu hvorutveggja. Þess vegna veit jeg ekki betur, en að allflestir þm. utan af landinu þurfi að vinna heima hjá sjer fyrir sjálfum sjer, konu og börnum. Þetta geta þeir ekki gjört þann tímann, sem þeir sitja hjer á þingi; en það er um bezta og dýrmætasta tímann af árinu. Jeg held þess vegna, að jeg hafi farið of skammt, en ekki of langt í því að bera saman laun embm. og dagpeninga alþm. Hinn h. þm. (M. St.) má ekki miða allt við þm. hjer í Rvík. Þeir gætu betur staðið sig við, að sitja hjer á þingi fyrir minna kaup en vjer sem erum aðkomandi. Vjer verðum að hugsa eptir því, að: „Höfuðlaust heita heimili má, þá bóndi er brottu genginn". Jeg verð því að vera á því, að það sje ekki rangt, að hafa tillit til launa alþm., þegar leitað er eptir sómasamlegum launum embm. Jeg get heldur ekki skilið, að það standi í sjálfsögðu sambandi hvort við annað, að lækka hin hæstu laun embm. og hækka hin lægstu. Það hafa einstakir þm. talað um, að rjett væri að jafna launin á þennan hátt, en jeg hef aldrei látið þetta í ljósi sem mína skoðun, launin geta verið ósanngjarnleg fyrir það, að þau annaðhvort sjeu öll of lág, eða þá öll of há, skekkjan þarf ekki að vera á báða vegu. Það er sjálfsagt, að reyna að jafna launin svo, að þau nálgist eitthvert meðaltal, eða eitthvert sanngjarnt takmark. Jeg held að hinir hærra launuðu embm. sjeu hvorki betur nje ver farnir fyrir það, þó laun hinna sem lægri laun hafa sjeu hækkuð. Vust. hins h. 4. kgk. (M. St.) miða til að bæta hagsmuni hinna lægra launuðu, en hafa engin áhrif á hina hærra launuðu. Þess vegna skil jeg ekki sambandið milli þess, að lækka hin hæstu laun og hækka hin lægstu. Það er undarlegt að mjer og hinum h. 4. kgk. (M. St.) ekki getur komið saman í þessu, sem öllum má vera ljóst, ef sanngjarnlega er á það litið.

Skúli Þorvarðarson: Jeg þarf ekki að vera margmæltur í þetta sinn, því það er þegar búið að ræða mikið um þetta mál. En þó vil jeg með nokkrum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Mjer þykir það hvorki rjett nje sanngjarnlegt, að byggja ekki hækkun og lækkun embættismanna-launanna á sama grundvelli, nl. að hækkun og lækkun embættislauna hafi ekki áhrif á þá sem nú eru í embættunum. Þess vegna get jeg ekki fallizt á, að lækka hin hæstu laun ekki fyrri en jafnóðum og nýjir menn koma í embættin, en aptur hækka hin lægstu laun nú þegar ef þessi lög verða samþykkt. Jeg vil ekki að launin sjeu hækkuð fyr en embættin losna, eins og önnur laun mega ekki lækka fyr en við embm. skipti. Jeg ber ekki þó á móti því, að sanngirnisástæða geti verið til að hækka hin lægstu laun, eins og lækka hin hæstu. En hins vegar veit jeg ekki til, að neinn af þeim mönnum, sem vust. fara fram á veita hærri laun, hafi farið fram á að fá neina launahækkun nú á þessu þingi. Það lítur því svo út, sem þingið segi við þessa menn: „Viljið þjer ekki góðu herrar gjöra svo vel að þiggja 2400 kr. til 2800 kr., sem mjer telst til að launahækkunin nemi, til að gjöra yður gott af, þjafnvel þó jeg viti, að þjer hafið enga þörf á öllu þessu fje". Samt skal jeg nú ekki leggja mikla áherzlu á þessa

ástæðu, móti launahækkuninni, en víkja að annari ástæðu. Ef nú á að fara að hækka að mun laun embm. 1. jan. 1884, þá kemur þessi hækkun á hinum versta og óþægilegasta tíma, eða einmitt þá, þegar þjóðin á við sem bágust kjör að búa, og hallæri vofir yfir, af afleiðingu næstliðinna ára. Þingið þykist einmitt vegna þess vera að láta sjer annt um, að spara fje landsins, og því get jeg ekki komið vel saman við þessar vust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.). Jeg held enginn landsmanna hafi þótzt lifa of sælu lífi næstliðið ár, og jeg held það sannmælt. nema ef vera skyldi þeir, sem tekið hafa laun sín úr lsj. án nokkurs tillits til vandræðanna í landinu. Það er eiginlega þetta, að *nú þegar* er heimtað meira fje úr lsj. handa þessum embm., enn jeg álít að þjóðmegunin sje fær um, sem gjörir það, að jeg er vust. mótfallinn. Þess vegna vil jeg fresta þessari launahækkun að minnsta kosti um þetta fjárhagstímabil. Þar sem hinn h. kgk. þm. (M. St.) minntist á, að jeg hefði sagt, að til þess að geta lifað sómasamlegu embættislífi hjer í Reykjavík þyrfti um 3000 kr. á ári, þá skal jeg geta þess, að mig sjálfan skortir þekkingu á því máli; en jeg veit hinn h. þingmaður man það, sem jeg sagði í þessu efni, að jeg hefði það eptir kunnugum og sannorðum mönnum hjer í staðnum. Eigi að síður held jeg, að þessir heiðruðu herrar mættu taka nokkurn þátt í neyðarástandi þjóðarinnar meðan landsmenn eru að rjetta við eptir harðærið, þó þeir aldrei nema hafi, ef til vill, helzt til lág laun. Skal jeg svo ekki fara fl. orðum um þetta mál, en að eins tek það fram, að jeg greiði atkv. samkvæmt því sem jeg nú hef talað.

Benidikt Kristjánsson: Það getur verið að jeg við 1. umr. þessa máls hafi borið oflof á þingið, þar sem jeg sagði, að það hefði bætt laun ýmsra embættismanna síðan launalögin 15. okt. 1875 komu út. Það getur verið að ekki sjeu mörg dæmi þessa; en þó held jeg að laun sumra sýslumanna hafi verið bætt síðan. Hafi jeg nú lofað þingið um of við 1. umr., þá vil jeg eiga hlut að því með mínu atkv., að það eigi meira lof skilið en það nú á með rjettu. Það hefur verið talað um ekki einungis að jafna embættin með því að færa hin hærri laun niður, heldur og með því að hækka þau, sem of lág eru; en um leið að stilla því máli að rjettu hófi. Getur það verið, að embættislaunin sjeu nú svo misjöfn, að þörf sje að jafna þau. En það er alls ekki rjett hugsun, að gjöra öll embættislaun jöfn; því embættin eru mjög svo misjöfn. Sum útheimta meiri hæfilegleika en önnur, til þess þeim verði vel gegnt. Þau eru misvandasöm og hafa mjög misjöfn störf í för með sjer. Allt þetta verður að taka til greina við launin. Jeg álít því að ekki eigi að fara lengra í jöfnuðinum en svo, að stilla sem bezt hóf í því að ákveða hverju embætti sem hæfilegust laun. Jeg er alls ekki á móti því, að greiða atkv. með vust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.), og að því er kemur til hinnar síðustu, máske öllu heldur með varauppástungu hans.

Jeg verð að vera á þeirri skoðun, að 7. gr. frv. sje alls ekki því til fyrirstöðu, að vust. geti komizt að, og embm. þeir, sem þar eru nefndir, geti strax fengið launahækkun. Því 7. gr. talar einungis um þá algildu reglu, að svipta embm. ekki þeim launum, sem þeir hafa fengið með embættinu. Það er allt annað en að bæta við menn launum. Í því efni er ekki gengið of nærri rjetti embættismannsins; miklu fremur er rjettur hans bættur.

Þó að þingið hafi ekki ætíð tekið þennan mismun til greina, t. d. með tilliti til prestakallalaganna, þá verð jeg samt að vera meðmæltur því, að hækka laun þeirra, sem sjálfsagt hafa þau of lág. Enda er það alveg rjett regla, þó henni hafi ekki ætíð og alstaðar verið fylgt.

Jeg sje ekkert á móti því, ef vust. verður sþ., að þessir embm. fái strax þá launahækkun, sem þar er farið fram á. Því jeg get enga áherzlu lagt á það, að engar bænir hafa komið frá þessum embættism. um viðbót við laun þeirra. Þingið á ekki að vera eins og sá rangláti dómari, sem lætur þreyta sig með bænum til að miðla rjettinum.

Það er engin ástæða til að álíta að þeir einir, og engir aðrir en þeir, sem kvarta, sjeu eða hafi ástæðu til að vera óánægðir með kjör sín. Þingið á eins að hafa vilja á, að bæta hverjum þeim, sem það sjer, að ekki fá það, sem þeir eiga skilið fyrir þjónustu sína í landsins þarfir. Þá hefur verið talað um, að embættismennirnir eigi að taka þátt í neyð

landsmanna. Jeg get nú ekki sjeð, að þeir fari alveg varhluta af þessari neyð. Launahæðin er að vísu ekki minni fyrir það, þó hart sje í ári. Þess vegna geta menn sagt, að neyðin og harðærið gangi ekki eins hart að þeim eins og búandi mönnum. En embm. fer allt fyrir það ekki á mis við þessa neyð, því allt það, sem hann þarf að kaupa af landinu, er dýrara fyrir harðærið. Það kemur að vísu ekki allt frá landinu, sem hann þarf með; en það er þó töluverður hluti þess. Af þessu má sjá, að í harðæri skerðast líka laun embm. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, enda hef jeg nú gjört grein fyrir atkv. mínu.

Sighvatur Árnason: Út af umræðum þeim, sem nú hafa fram farið, skal jeg enn einu sinni leyfa mjer að taka það fram, að mig furðar á, að menn skuli leggja svo mikla áherzlu á, að bæta þau embætti, sem meira er sótt um en önnur embætti. Jeg veit ekki betur en að embm. utan af landi hafi verið fljótir og fúsir á að sækja frá beztu brauðum um þessi embætti. Þess vegna get jeg ekki nógsamlega furðað mig á, að þingið skuli af sjálfu sjer, ótilkvatt að öllu leyti, ætla að fara að bæta þessi embætti upp. Þegar talað er um að bæta kjör annara manna, t. a. m. prestanna á rýrustu brauðum landsins, sem opt er hrópandi sanngirni fyrir, að fái launabót, og þegar talað er um að bæta upp brauð, sem annars hlytu að standa auð, svo heilar sóknir með naumindum eða alls ekki geta fengið neina prestlega þjónustu, þá eru flestra augu lokuð, og flestra hjörtu köld. Það hefur verið talað um, að hjer í Rvík væri dýrt að lifa; en þá er ekki tekið tillit til þess, sem búandi í sveit finnur mest til, en það eru aðdrættir allir. Aðdráttur allra nauðsynja til sveita er nokkurra króna virði, ef til talna væri metinn, og það mun ekki sízt hann, sem kemur mönnum til að sækja frá landinu hingað til Rvíkur. Skal jeg svo ekki þreyta menn lengur á umræðum um þetta mál.

Ásgeir Einarsson: Það er búið að tala svo mikið í þessu máli, enda ætla jeg mjer ekki að tala langt í þetta sinn. En jeg var að bíða eptir, að einhver mundi spyrja, hvernig þessu máli mundi reiða af á þ., ef vust. yrðu sþ. Mjer þótti vænt um, þegar jeg heyrði, að hinn h. þm. Ef. (E. Ásm.) ætlaði, að hann og hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) mundi geta komið sjer saman í þessu máli. En jeg veit nú samt ekki, hvort þetta getur orðið að svo kommu. En jeg hef fengið fregn um, að n. d. hafi fellt mál bara af því, að farið var fram á fyrst 20,000 kr. og síðan 15,000 kr. til einhvers hins nytsamasta fyrirtækis—og hafi nokkur sömu tilfinningu sem jeg í þessu efni, þá mun hann taka þetta mál upp aptur. Verði vust. sþ., þá telst mjer svo til, að sú launahækkun, sem þar er farið fram á, nemi 17,200 kr., og þá vil jeg spyrja þdm., hvor útgjöldin eru þarfari, þessar 17,200 kr. eða þær 20,000 kr., sem ætlazt var til að gengi til spítalabyggingar fyrir landið. Jeg get því ekki greitt atkv. með vust. hins h. 4. kgk. (M. St.), enda sje jeg, hvernig málinu mundi reiða af í n. d., ef þær yrðu sþ.

Jón Pjetursson: Jeg man ekki betur en launalögin sjeu frá 1875 og þannig nú orðin einungis 8 ára gömul. Mjer finnst það ekki laust við, að vera einhvern veginn skrítið, að koma fram með frv. nú, sem að ýmsu leyti er gagnstætt skoðunum þeim, er þingið hafði fyrir einum 8 árum; þá voru hin núverandi laun álitin hæfileg, en nú eru þau af sumum álitin óhæfileg og menn vilja breyta þeim, en eigi sagt *hvers vegna*, engar ástæður gefnar fyrir. Það getur ekki verið vegna harðærisins; því þá gefa aðrar þjóðir embættismönnum sínum launauppbót, þegar harðæri er, í hið minnsta þeim, er lág laun hafa. Þingið á ekki að vera að hringla aptur og fram með lög, sem það er svo að segja nýbúið að samþykkja, nema brýn nauðsyn beri til. Það álít jeg sje að kasta steini á þingið eða rýra virðingu þess. H. 2. þm. Ef. (E. Á.) kom fram með reikning áðan, út frá því að biskup og háyfirdómarinn hafi 5500 kr. í laun eptir frv. þessu; en hann gætir þess ekki, að þeir njóta ei allra þessara launa. Á þeim liggja skattar bæði í lsj. og svo í ekkjusjóðinn. Ef nú eru borgaðar 1100 kr. í ekkjusjóð, þá eru ei eptir nema tæpar 4400 kr. og það verða þó ekki nema 12 kr. á dag um allt árið; ef embættismaðurinn á nú 10 börn, þarf hann 2 vinnukonur, og það eru 14 manns á heimili, og þá er ekki einu sinni 1 kr. handa hverjum heimilismanni bæði til

klæðis og fæðis. Þykir h. 2. þm. Ef. (E. Á.) það fjarskamikið? Ef embættismaðurinn ætti gott bú, þá gæti hann lifað góðu lífi af því, og það get jeg sagt h. 2. þm. Ef. (E. Á.), því jeg hef búið í sveit og þekki til hvorstveggja, að það væri embættismanninum langtum betra, að lsj. fengi honum í hendur gott bú, heldur en þessi laun í krónum og aurum, þó þau sjeu nokkuð há. Jeg get vel fellt mig við vust. h. 4. kgk. þm. og langsómasamlegast þykir mjer af þinginu, að sleppa alveg öllu frv., nema kannske halda vust. h. 4. kgk. þm. (M. St.).

Sighvatur Árnason: Það er auðvitað að embættismenn þurfa að leggja í ekkjusjóðinn, en hjer er talað um „brutto"-tekjur, en ekki „netto"-tekjur. En bændurnir þurfa líka að sjá ekkjum sínum borgið; en það gengur nú venjulegast svo fyrir mörgum, að þeir hafa lítið til leiðа fyrir sig og sína. Og þó búið kynni að gefa af sjer sem samsvaraði launum hinna lægri embættismanna, þá flíkast það venjulega á marga vegu, þegar menn falla frá, og vill opt verða lítið fyrir ekkjurnar af því. Hjá þeim embættismönnum, sem hærri tekjurnar hafa, sýnist það geta látið sig gera, að heldur verði afgangur, og jeg held nærri því, að menn geti sagt, að það hafi sýnt sig optar en einu sinni. Þegar nú embættismaðurinn hefur 2500 kr., þá hefur hann 7 kr. um daginn og það mundi bóndamanni þykja gott, ef hann gæti reiknað sjer slík laun fyrir allt sitt starf og allt sitt bú. Jeg er h. 2. þm. Ef. (E. Á.) samdóma í því, að það er mörgum alþingismanni meiri skaði en ábati, að fara burtu frá búi sínu. Og jeg vil segja það, að embættismaðurinn er ekki ver farinn með 6 kr. en bóndinn, sem á að búa búi sínu og annast um það. Jeg álít nú 7 kr. um hvern einasta dag, helgan og rúmhelgan, viðunanleg laun, og jafnvel 6 kr., eins fyrir embættismanninn og bóndann. Jeg lái embættismanninum öldungis ekki, þó hann vilji sjá konum sínum borgið með því að leggja í ekkjusjóðinn. *(Jón Pjetursson:* Þeir eru þvingaðir til þess). Það getur vel skeð, að það sje ekki óhagkvæmt heldur, þeir spara þá máske ýmislegt, sem þeir annars ekki mundu spara.

Magnús Stephensen: Út af þessum sífelda krónureikningi skal jeg leyfa mjer að spyrja h. þdm. að, hvað sjómaður hefur mikið í daglaun, ef hann fiskar vel um vertíðina og saltfiskurinn er í 70—80 kr. verði? Eða hvað hefur sá bóndi í tekjur, sem sjálfur er formaður, hefur 2 eða 3 skipshluti og 3 eða 4 vinnumenn sína á skipi sínu og fær 60—80 til hlutar dag eptir dag? Það er ekki til neins að fara út í slíka sálma og verður líklega bezt að halda sjer við, hvað viðunanlegt sje og fyrir hvað menn geti lifað vel og sómasamlega.

Sighvatur Árnason: Hvar hafa menn þessi miklu daglaun af sjávaraflanum í sveit eða við sjó? Það er einmitt við sjó, því getur hinn h. minni hluti (M. St.) ekki neitað. Reykjavík liggur við sjó, og jeg ímynda mjer, að enginn tæki til þess, þó embættismennirnir hefðu útveg til þess að nota þetta, og það er þeim innan handar, ef þeir vildu.

Benidikt Kristjánsson: Mjer er illa við reikning yfir höfuð, en ekki sízt við reikning þm. Str. (Á. E.). Hafi jeg heyrt og skilið orð hans rjett áðan, þá sagði hann, að ef þessi vust. kæmist í frv. og yrði að lögum, þá mundi það kosta lsj. um 17200 kr. Það er sagt, að sá gjöri vel, sem tvöfaldar, en þm. Str. gjörir miklu betur, hann sjöfaldar. H. 3. kgk. þm. (J. P.) þótti það óvirðing fyrir þingið að breyta launalögunum; en þingið hefur opt áður breytt lögum sínum og jeg sje enga ástæðu til að kasta þungum steini á það fyrir þá sök; hafi þingið gjört rangt eða óskynsamlega, þá er skylda þess að breyta því, enda hefur þingið opt gjört það. Menn verða líka að virða þinginu 1875 til vorkunnar; þingið var þá barn; það er ekki heimtandi það sama af barninu, sem af þeim fullþroskaða. Jeg fæ ekki skilið, að það berji sig grjóti með því að breyta lögum sínum, heldur að þingið berji sjer á brjóst, ef það hefur gjört rangt.

Atkvgr.: Br. meiri hluta n. (C 296) tl. 1. sþ. m. 8 atkv., 1. gr. þannig orðuð sþ. m. 7 atkv.; br. meiri hluta n. tl. 2 sþ. m. 9 atkv.; br. meiri hluta n. tl. 3. a, sþ. m. 6 atkv., b, sþ. m. 9 atkv., 3. gr. þannig orðuð sþ. m. 8 atkv.; br. meiri hluta n. tl. 4. sþ. m. 9 atkv.; 5. gr. sþ. m. 9 atkv.; vust. minni hluta n. við 5.

gr. felld m. 5 atkv. gegn 5; 6. gr. felld m. 5:5; vust. minni hluta n. fyrri liður sþ. m. 6 atkv., síðari liður felldur m. 5 : 5, varaliður felldur m. 5 : 5; 7. gr. sþ. í e. h.; 8. gr. sþ. m. 7 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 atkv.

Frv. til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (C 293); 2. umr.

Benidikt Kristjánsson: Fyrsta brt. okkar (C 318) miðar að því, að gjöra orðatiltæki frv. viðfeldnara, en breytir engu að efni. Við 4. gr. höfum við stungið upp á nokkurri fjárhækkun undir tl. a., en jeg skal vera fús til, að taka þá brtill. aptur, ef h. þm., sem með mjer er, væri á sama máli. Það gjörir ekki svo mikið til, þó embætti þessu í fyrstu væru lögð nokkru lægri laun en sams konar embættum öðrum hjer á landi, sem menn sitja í, er lengi hafa þjónað þeim embættum. Br. við 7. gr. er að eins hagfeldari tímatakmörkun. Eins og kunnugt er, byrjar kennsluárið á prestaskólanum og læknaskólanum 1. okt. og okkur fannst ekkert vera því til fyrirstöðu, ef kgr staðfesti þessi lög, að lagaskólinn tæki til starfa á sama tíma 1885. Þó ekkert fje sje veitt á fjárlögunum núna til kennslunnar, þá má ganga að því vísu, að lstj. mun finna sjer skylt að leggja út fje, þegar það er samkvæmt skýlausum ákvörðunum laganna, enda mun þingið eptir á ekki skorast undan að samþykkja slíka fjárveitingu, sem áfallin er samkvæmt ákvæðum laganna.

Stefán Eiríksson: Jeg stend nú einungis upp til þess að láta í ljósi að jeg mun greiða atkv. með þessu frv. Jeg hef allt af verið þeirrar skoðunar, að hagfelldast sje að draga menntunarstofnanirnar inn í landið sem mest má verða, og þess vegna hef jeg allt af greitt atkv. með stofnun lagaskóla hjer á landi; það hafa komið bænarskrár svo að segja á hvert þingið af öðru, og það frá þeim mönnum sem hafa verið að lesa lög erlendis, og þetta sýnir bezt, hversu brýn nauðsyn er til að lagaskóli komist hjer á. En verði nú frv. mikið breytt hjer, þá er óvíst hvernig fer þegar aptur kemur ofan í n. d. Jeg get nú vel skilið að samsteypa þessara þriggja deilda muni kosta meira en frumvarpið bendir til, en það mun ekki verða sá kostnaðarauki við þessa tilhögun, sem frv. fer fram á að hann verði tilfinnanlegur, og þar jeg óska að málið nái fram að ganga, mun mjög heppilegt, ef ustm. breytingaratkvæðanna vildu taka aptur ust. um launahækkun til formanns lögfræðisdeildarinnar, svo málið þyrfti ekki að rekast milli deildanna.

Magnús Stephensen: Jeg vil einungis leiða athygli manna að því, hvort ein gr. í frv., 6. gr., eigi við. Mjer fyrir mitt leyti finnst illa eiga við í lögum að ákveða hús og herbergi til framkvæmdar laganna. Auk þess er ekki víst, að þessi herbergi, sem í frv. eru nefnd, muni svo hagkvæm; það er t. d. ekki víst, að það sje svo hægt eða kostnaðarlítið, að setja í þau ofna. Það þarf öldungis ekki í lögunum að tiltaka, hvar kennslan eigi fram að fara, enda get jeg ekki betur sjeð, en að úr því verði hálfgjört hneyxli; getur komið fyrir, að seinna verði byggt hús, og þá er skrítið að þurfa að fara að breyta þessum lögum til þess. Jeg sje að öðru leyti engan mun á þessum landsskóla og því, ef frv. hefði komið um stofnun lagaskóla eins; en h. þm. Ask. (St. E.) hefur sannfært mig um, að hann sje nauðsynlegur. Jeg gæfi fúsari atkvæði mitt með frv., ef það væri einungis um stofnun lagaskóla, enda mætti eins hafa sjerstök lög um stofnun lagaskóla, eins og um stofnun læknaskóla.

Atkvgr.: Fyrsta gr. frv. (C 293) sþ. með 8 atkv.; 2. gr. sþ. með 8 atkv.; 3. gr. sþ. með 7 atkv.; brtill. við 4. gr. (C 318) a sþ. í e. h., b felld með 6:4 að viðhöfðu nafnakalli. *Já* sögðu: Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð, Árni Thorsteinson, Einar Ásmundsson; *nei* sögðu: Ásgeir Einarsson, Benidikt Kristjánsson, Jón Pjetursson, Sighvatur Árnason, Skúli Þorvarðarson, Stefán Eiríksson. 4. gr. þannig orðuð sþ. með 7 atkv.; 5. gr. sþ. m. 7.; 6. gr. felld með 6:4; brtill. við 7. gr. sþ. m. 8, 7. gr. þannig orðuð sþ. m. 7; fyrirsögn frv. sþ. m. 7.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Lagafrv. um viðbót við toll á tóbaki, brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem og um að heimta eigi skatt af lausa-

fje árin 1884 og 1885 (frá n. d., C 304); 1. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hefði síður viljað, að frv. hefði komið fram í þessa átt, sem fer fram á að auka toll; auðvitað er það, að hjer er ráðizt á það sem helzt skyldi, en allt um það get jeg með engu móti fellt mig við 1. og 2. gr., því jeg verð að álíta það með öllu óráðlegt að hækka tolla í þetta sinn, jafnvel þó á munaðarvöru sje. Í þessu frv. er svo farið að, að segja má, að það sje tekið úr öðrum lófanum, sem lagt er í hinn. Í 3. gr. er svo talað um að ljetta lausafjárskattinum af um 2 ár, sem á að vera til að hlaupa undir bagga með þjóðinni í harðærinu, en í 1. og 2. gr. er lagður á árlegur tollur í staðinn. Þetta líkar mjer ekki, enda hafa útlendar þjóðir gefið gott dæmi til annars. Jeg vil ekki í þetta sinn fara út í tollhækkun eins og nú stendur hagur landsmanna, og komizt frv. lengra hugsa jeg um br. í þá átt að halda seinni hluta 3. gr., en sleppa 1. og 2. gr.

Stefán Eiríksson: H. 1. þm. Rvl. (S. Á.) tók fram mest af því sem jeg ætlaði að segja. Mönnum út um landið er mjög illa við tolla og hjer er alls ekki lítil tollahækkun á ferðinni, á 100 vindlum verður tollurinn 35 aurar, 1 pd. af tóbaki 14 aurar, 16° víni 66 aura, 8° 33 aura, 12°—16° 49½ eyrir. Þessi tollhækkun er nú nokkuð mikil í sjálfu sjer, en hún eykst tvöfalt eða þrefalt við það, að kaupmaðurinn leggur margfalt á vörur sínar fyrir tollinum. Það er sjálfsagt, að ástæða kann að vera til að ljetta af skatti á lausafje, en skattur þessi er ekki hár, þar sem hann ekki er nema 1—2—3 kr. á bónda sem á lítinn fjenað eptir fellirinn í fyrra, en hinir sem hjeldu fjenaði sínum og ekkert hafa liðið, hafa ekki þörf fyrir uppgjöf á lausafjárskatti, og jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg uni vel við skattalögin sem eru og jeg þori að fullyrða það, að flestir munu una betur við þau en slíhækkandi tollgjöld. Og hætti nú menn að kaupa vínföng og kaupmenn þá sjálfsagt hættu að flytja þau, hvað vinnst þá í hag landssjóðnum? Tóbakið kunna bæði jeg og aðrir að kaupa, en það er þá hart að vera að þvinga menn með því undir há tollgjöld. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. móti frv. þessu.

Ásgeir Einarsson: Mjer er illa við alla tolla, og jeg er ætíð móti tollum, en straumur tímans hefur gjört þá gilda, og er ekki til neins, að standa móti honum, úr því þjóðin vill svo vera láta. Jeg veit, að kaupmenn taka ætíð meira fyrir tollaðar vörur en tollunum nemur. Ef tollur verður nú lagður á, þá verða það kaupmennirnir, sem græða á því. Tollar eru líkastir því, þegar sofandi mönnum er tekið blóð, eða rjettara sagt svæla út úr bændum landsins fje þeirra, án þess að þeir viti hót af því. Jeg hefði nú miklu betur kunnað við, að frv. hefði komið fram um að afnema ábúðarskattinn en lausafjárskattinn, því það sjá allir menn, að það er ranglátt gjald eins og nú árar, og reyndar ætíð þegar mönnum er einungis byrði að jörðunum, sem þeir búa á, því notin eru engin í harðærinu. Það er líka leitt, að vera að þrasa aptur og fram um tollhækkun á hverju ári.

Sighvatur Árnason: Afnám ábúðarskattsins, sem þm. Str. (Á. E.) minntist á, mun hafa verið á dagskrá í n. d. og vera fellt þar. Þess vegna er annaðhvort, ef menn vilja láta á sjá, að þingið vilji hlaupa undir bagga með mönnum út af harðærinu, að taka 3. gr. þessa frv., eða gjöra ekki neitt. Jeg get nú ekki fellt mig við, að ákvæðunum í 3. gr. skuli vera hnýtt svona aptan við; en til þess að færi verði á, að umbæta frv., óska jeg að h. þd. vilji vísa málinu til 2. umr.

Skúli Þorvarðarson: Mjer finnst nú sanngjarnara, að afnema lausafjárskattinn fremur heldur en ábúðarskattinn, þótt hann sje tekinn eptir rjettu jarðamati, leyfi jeg mjer að segja, því lausafjárskatturinn hefur margt ísjárvert í för með sjer: tíundarundandrátt, misjafnt gagn fjenaðar og margt fleira. Jeg get vel látið mjer lynda, að hækka tollinn á áfengum drykkjum, því þeir sem vilja neita þeirra, mega mín vegna ráða því, og ætla eg ekki að reyna að fara að verða fjárráðamaður þeirra, þótt þeir kaupi sjer dýra skemmtun; hitt ætla jeg líka að vona, að sá tollur skaði sízt mjög efnalitla menn, því auðsjeð er, að lsj. má eigi missa lausafjárskattinn nema eitthvað komi í hans stað. Allt öðru máli er að gegna með toll á tóbaki; því það liggur nærri að heita nauðsynjavara landsmanna, því þar á byggist að nokkru leyti almenn ánægja, og er hún ekki lítils verð.

Auk þess er tóbakið almennt lúsalyf í óþrifaskepnum. Því neita jeg fyrir mitt leyti að leggja toll á tóbak og greiði atkv. á móti því.

Árni Thorsteinson: Mjer hefur þótt mest varið í hinar skörpu ástæður er þm. Str. (Á. E.) tók fram. Ef tollurinn er aukinn nú á ný, þá leggja kaupmenn meira á vörur sínar en góðu hófi gegnir eða tollinum til lsj. svarar; kaupmennirnir verða sjálfsagt dýrustu innkrófumenn lsj. Þó nú ávinningur lsj. á hinum nýa aukna tolli sje töluverður, þá mun það sannast, ef vel er að gætt, að ávinningurinn í raun og veru kemur ekkert nálægt því sem stendur á pappírnum, ef að tollgjaldið er skoðað frá hlið greiðendanna. Það er auðvitað, að aldrei verður girt fyrir það með lögum, að farið verði kringum tolllög; en allt um það held jeg að það sje fjærri allri varfærni að binda staðfestingu frv. því skilyrði, að lögin nái gildi 1. nóv. 1883, nje heldur sanngjarnt, að tollgjaldið nú strax sje lagt á þá sem ef til vill þegar hafa keypt tollskyldar vörur, í þeirri trú að gjaldið væri sama og áður. H. 1. þm. Rvl. (S. Á.) tók fram, að verulegasta ákvörðunin í frv. sje að afnema lausafjárskattinn; en mjer finnst það eiga illa við að hnýta þeirri ákvörðun aptan við þetta tollfrv.; slík ákvörðun gæti komið fram sjerstaklega í lagaboði eða ef til vill vel staðið í fjárlögunum, að ekki skyldi krefja inn lausafjárskatt á fjárhagstímabilinu, eða þá ei nema með vissri upphæð. En eitt er verst, og það er það, að jeg er hræddur um, að það í raun og veru gjöri lítið til að bæta úr harðærinu, þó lausafjárskatturinn einn væri af numinn, þar eð hallærið hefur komið svo misjafnt niður á ýmsar sveitir og jafnvel menn, að lítið kemur í hlut þeirra sem hvort sem heldur er hafa misst því nær allan fjárstofn sinn; það væri öllu fremur ráð að reyna að bæta úr harðærinu á annan hátt. Afnám lausafjárskattsins er heldur engan veginn svo lítil br. á skattalögunum, að gangandi sje að henni án þess að víst sje hvað kemur í aðra hönd, og þó menn hækki toll, þá gefur það eins og jeg áður hef sýnt fram á í raun og veru engan veginn eins mikið í aðra hönd og menn ætla. Svo er þannig eitt atriði, sem gæta verður, og það er að tollgjald hækkar ei svo fljótt strax, þó það hækki með tímanum. Við síðustu hækkun á brennivínstollinnm hækkaði gjaldið ei tiltölulega fyr en eptir 2—3 ár. Jeg verð að vera móti frv. og ráða h. þd. til að fella það frá 2. umr.; en jafnframt því skal jeg vera meðmæltur því, að bætt sje af landssjóði úr harðindunum með eigi minni upphæð, en nemur lausafjárgjaldinu og þykir mjer það geta bætt úr vandræðunum engu síður en *frv.*

Málið fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Þrítugasti og níundi fundur, þriðjudag 14. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (frá n. d., C 325); 1. umr.

Einar Ásmundsson: Þá er nú merkilegasta málið, sem þingið hefur til meðferðar, loksins komið hingað til deildarinnar. N. d. hefur haft frv. í 6 vikur til hugleiðingar, eða allan hinn lögboðna þingtíma. Sýnir þetta, að málið er hið mesta vandamál og mjög hugleiðingarvert. Mjer sýnist því sjálfsagt og nauðsynlegt, að þessi h. þd. setji n. í þetta mál. Vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á 5 manna n. og að 1. umræðu sje frestað.

Árni Thorsteinson: Jeg er h. 2. þm. Ef. (E. Á.) samdóma, að nauðsynlegt sje, að n. sje sett; en jeg er óviss um, að mikið vinnist við það, að 1. umr. sje frestað; jeg held að framgangur málsins verði jafnvel greiðari, ef 1. umr. verður lokið. Reynslan hjer á þingi sýnir, að lítið vinnst með því, að fresta 1. umr. Þess vegna er það mín tillaga, að málið gangi til 2. umr., jafnframt og n. er kosin, en meðferð málsins verði að hinu leytinu hagað svo, að hægt sje að koma með bratkv. við 2. umr.

Fyrstu umr. frestað m. 7 atkv. Fimm manna n. sþ. í e. h. Kosnir í nefndina: Magnús Stephensen m. 9 atkv., Einar Ásmundsson m. 9, Árni Thorsteinson m. 8, Sighvatur Árnason m. 8, Benidikt Kristjánsson m. 5.

Frv. til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu (C 279); 2. umr.

Árni Thorsteinson: Sem frsm. þessa

máls skal jeg ekki vera langorður, en einungis skírskota til nál. (C 320) og fullvissa h. þd. um, að það var einlæg ætlun n. að breyta frv. sem minnst, en gjöra það svo úr garði, að það yrði til verulegrar gagnsemi og á hinn bóginn tryggt fyrir því, að atvinnuvegum landsmanna sje tjón eða háski búinn af veiðum útlendinga. N. hafði bezta vilja til að laga frv. svo, sem ýtrast var kostur á, en h. þd. getur gefið sjálfri sjer sök á því, ef frv. er eigi svo sem henni líkar, þar sem hún neitaði n. um leyfi til að bæta við sig 2 h. þm. Málið er áhugamál og vandasamt mál, sem verðskuldar að vel sje frá því gengið.

Magnús Stephensen: Jeg held að h. þd., þegar hún lítur yfir nál., sakni lítið, þó eigi væru fleiri í n. Mjer virðist nál. bera með sjer, að svo heppilega hafi verið kosið í n., sem bezt mátti verða, og jeg leyfi mjer, að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þetta nál. eða viðauki við frv sje í alla staði vel samið og til sjerlegra bóta fyrir frv. Jeg vil því ráða h. þd. til að samþykkja nú frv. með viðauka nefndarinnar óbreytt; enda liggja engar brust. fyrir. Það er einungis í atriði, sem jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli h. n. á, og það er 3. gr. Þar stendur: „Skipstjóri og hásetar hins útlenda skips skulu enn fremur rita undir skuldbindingu að fara í öllu eptir íslenzkum lögum, meðan þeir stunda veiði hjer við land samkvæmt skipsleigusamningnum, og án tillits til þjóðernis þeirra sæta ábyrgð fyrir afbrot eptir íslenzkum lögum og dómi hjer á landi". Jeg er í efa um, hvort það er gjörlegt, að hafa þessi orðatiltæki svo yfirgripsmikil. N. mun sjerstaklega hafa haft fyrir augum lög um fiskiveiðar, öll fiskiveiðalög; en mjer finnst nokkuð hæpið, að binda útlendinga við öll íslenzk lög, t. d. í afbrotum gegn hinum almennu hegningarlögum, þegar afbrotið gjörizt fyrir utan landhelgi. Jeg efast um, að útlendingar *geti* skuldbundið sig til, að sæta *í öllu* ábyrgð eptir íslenzkum lögum. Það mun vera aðalreglan, að lögin ná ekki lengra en landhelgin, svo að afbrot þau, sem að framin eru fyrir utan landhelgi, heyra í raun rjettri ekki undir nein lög, en almennur þjóðarjettur mun það vera í þeim efnum, að afbrotum á skipi er hegnt þar sem skipið á heima. Ef nú t. d. enskt skip með enskum þegnum væri tekið hjer á leigu, þá efast jeg um, að skipverjar geti skuldbundið sig til að sæta ábyrgð eptir íslenzkum lögum fyrir afbrot gegn hinum almennu hegningarlögum; jeg efast um, að enska stjórnin þyldi það, enda er það ekki samkvæmt almennum íslenzkum hegningarlögum að hegna fyrir afbrot, sem framin eru fyrir utan landhelgi. Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli h. n. að þessu atriði og ef henni finnast þessar athugasemdir hafa við nokkur rök að styðjast, þá kynni hún að taka þetta til greina og víkja greininni dálítið við til 3. umr.

Árni Thorsteinson: Jeg kann h. 4. kgk. þm. (M. St.) þakkir fyrir dóm hans um starf n. Út af athugasemdum hans við 3. gr. skal jeg geta þess, að sú grein olli n. mikilla vandræða, af því hún vildi fara svo langt sem ýtrast var unnt, í því efni, að útlend skip færu eptir íslenzkum lögum, hvað alla veiði snerti. Jeg skal fúslega játa, að það er rjett sem h. 4. kgk. þm. (M. St.) tók fram, að það er efasamt hvort þessi grein geti samþýðzt við lög annara þjóða, enda samdi n. greinina svo, að hún ætlaðist til, að það kæmi til íhugunar í d., hvort hún gæti borið sig. N. skal vera það sönn ánægja, að bera sig saman við h. 4. kgk., (M. St.) til þess að greinin geti komizt í sem mest fullnægjandi form.

Atkvgr.: Frv. 1. gr. (C 279) sþ. í e. h.; viðauki n. (C 321) sþ. í e. h.; 1. gr. þannig orðuð sþ. í e. h.; 2. gr. n.frv. (C 322) sþ. í e. h.; 3. gr. sþ. í e. h.; 4. gr. sþ. í e. h.; 5. gr. sþ. í e. h.; 6. gr. sþ. í e. h.; 7. gr. sþ. í e. h.; 8. gr. sþ. í e. h.; frv. í heild sinni sþ. í e. h.

Mál. vís. til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra (C 332); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins hreyfa einni athugasemd sem dálítilli ástæðu móti því, sem fundið hefur verið að þessu frv. við 2. umr. Það var sjerstaklega tekið fram móti frv. viðvíkjandi 2. gr., að eptirlaunin á lægsta stigi yrðu of lág. Jeg fyrir mitt leyti mælti ei mjög mikið á móti því þá, en hef nú fyrir lítið atvik fyrir skemmstu sannfærzt um, að

eptirlaunin á lægsta stigi eru sæmileg. Í frv. er gjört ráð fyrir 20 ára þjónustutíð, sem veiti 400 kr. eptirlaun, sem er lægsta stig; en færri munu dæmi þess, að embættisaldurinn sje eigi hærri, nema sjerstakar ástæður sjeu til; en sjeu þær, þá er ljóslega tekið fram í síðari liðnum aptan við 2. gr., að „þá fái hann viðbót við eptirlaun sín með sjerstökum lögum". Núna rjett á sömu stundinni var í n. d. farið fram á dálítinn viðauka við eptirlaun eins embættismanns. Þm. Reykvíkinga mælti á móti því, af þeirri ástæðu, að hann hefði sæmileg eptirlaun, nefnil. 400 kr. Þar sem nú þessi þm. er einn af embættismönnum landsins, og þar til þingm. Reykvíkinga, mun hann vel og nákvæmlega hafa íhugað málið. Jeg þarf ekki að skýra, hver embættismaðurinn var, sem farið var fram á þóknun til í eitt skipti fyrir seinasta þjónustuár hans, það var nefnil. sjera Guðmundur Jónsson, fyr prestur á Stóruvöllum. Hann hefur 400 kr. í eptirlaun. Í þessu frv. er nú farið fram á, að lægstu eptirlaun verði 400 kr. og mun það koma heldur sjaldan fyrir, að þau verði ekki hærri, eða rjettara sagt, að embættismaðurinn þjóni ekki nema 20 ár að öllu forfallalausu. Jeg var áður á því, að þetta lægsta eptirlaunastig væri fremur lágt; en nú hefur h. þm. Rvík. sannfært mig um, að 400 kr. sje fullnóg og sæmileg eptirlaun.

Árni Thorsteinson: Mig minnir, að jeg hafi sagt í þessu máli, að eigi væri rjett að ganga frá þessu frv. þannig sem það er nú, heldur þyrfti að vanda fráganginn á því langt um betur. Frv. inniheldur mörg nýmæli, stórkostlegar br. á þeim eptirlaunalögum, sem gilt hafa. Eptir eldri eptirlaunalögum veitir allt að 2 ára embættisþjónusta $^1/_{10}$ embættislaunanna í eptirlaun, 10—20 ára embættisþjónusta $^1/_2$ og lengri en 29 ára $^2/_3$ af embættislaununum í eptirlaun. Nú sem stendur eru eptirlaun um 20,000 kr., en útborguð laun embættismanna um 175,000 kr., eða þó nær 176,000. Beri menn nú eptirlaunin saman við launin, þá verða þau um 11% í samanburði við launin. Taki menn nú þetta frv. og gái að, hver útgjöld lsj. yrðu til eptirlauna eptir því, þá er ekki hægt að segja það með fullri vissu; en nálægt því mun þó mega komast. Nú eru 7 veraldlegir embættismenn á eptirlaunum og 20 ekkjur. Eptirlaun allra þessara mundu samanlögð verða í hæsta lagi eptir þessu frv. 7000—8000; og þannig mundi lsj. sparast að minnsta kosti 12000 kr., en að öllum líkindum yrði það ef til vill meira. Í tilefni af þessu mætti nú gjöra margar athugasemdir; en jeg ætlaði einungis að sýna, að frv. væri eigi svo vel úr garði gjört sem skyldi. Í 1. gr. er talað um að embættismenn, að prestum fráskildum, hafi rjett til eptirlauna af lsj. Jeg veit nú ekki betur, en að fyrir 3 árum sje búið að staðfesta lög um, að prestum skuli goldin eptirlaun úr lsj., og þessi rjettur, sem þeim er gefinn, virðist að vera alveg sömu tegundar og sá, sem frv. fer fram á, svo að síðar í frv. kemur fram mótsögn, þar eð eptirlaunarjettur prests hlýtur að fá áhrif á eptirlaun hans eptir þjónustualdri, ef hann tekur að sjer annað embætti. Í greininni er líka talað um, að þeir embættismenn hafi rjett til eptirlauna, „sem kgr sjálfur skipar beinlínis eða óbeinlínis í embætti". Eptir þessu ættu þá líka vitaverðir, hreppstjórar og bókaverðir að fá eptirlaun úr lsj. eða að minnsta kosti gæti það komið til mála, eins og frv. er orðað. Í 2. gr. kemur nú fram eitt af aðalefnum frv.; hún er ekki margorð, en óljós er hún. Í endanum stendur, að ef embættismaður, sakir heilsubrests, sleppir embætti sínu, áður en hann hefur þjónað því í 20 ár, þá fái hann „viðbót við eptirlaun sín með sjerstökum lögum". Hvaða viðbót? Eitthvað ætti að tiltakast; rjettur er það ekki; er það ölmusa eða styrkur? Eptir gr. gefur 20 ára þjónusta í embætti rjett til 400—600—800 kr. í eptirlaun. Í 6. gr. er ekki hægt að sjá, hvort „eða" er útlistandi eða viðbætandi. 9. gr. þykir mjer undarleg. Ekkjan fær aldrei minni eptirlaun en 150—250 kr., þó maður eigi að sitja með 20—40—60 kr. eptirlaun eða minna en ekkja fær. Eptir 12. gr. má veita föður- og móðurlausum börnum allt að 100 kr. á ári. Í tilsk. 31. maí 1855 var föðurlausum börnum gefinn rjettur til 20 kr. til 100 kr. og föður- og móðurlausum börnum 40—200 kr. Það var rjettur konungs að veita styrk þenna. Þessir h. þm., sem þessi lög hafa búið til, hafa nú ekki getað hugsað sjer nein börn einungis föðurlaus eða ekki munað eptir þeim. Jeg get heldur ekki sjeð neina ástæðu til að

svipta kg þeim rjetti, sem honum er ákveðinn í tilsk. 31. maí 1855, og jeg fyrir mitt leyti kann ekki við það. 13., 14. og 15. gr. standa í einhverri undarlegri, eða rjettara sagt fjarskalegri mótsögn hver við aðra. Það er eins og ustm. hafi haft einhver óljós heilabrot um það, að með þessu mætti kannske ná hylli almennings, en eigi gætt þess, að hjer er misst sjónar á rjettsýni og sanngirni. Í 13. gr. eiga embættismenn, sem embætti hafa fengið, að halda rjetti sínum til eptirlauna eptir eldri lögum, en þó er í 14. gr. tilsk. 31. maí 1855 numin úr lögum; hún er numin úr lögum „hjer með"; svo kemur þriðja ákvörðunin, að lög þessi komi í gildi 1. jan. 1884. Hvernig á að koma öllu þessu vel saman, svo að rjett verði skilið, og hver greinin ekki verði upp á móti annari? En það tæki of langan tíma að rekja allt það sem með rjettu mætti að frv. finna, því það er harla margt. Það er náttúrlega riddaraleg og jafnvel prestsleg ákvörðun, að ekkja skuli aldrei hafa minna í eptirlaun en 150—250 kr.; en maður hennar, meðan hann lifði, hafði kann ske ekki nema 20, 30 eða 40 kr., og meðan þau þannig voru bæði á lífi, fengu þau ekki meira en svo til viðurværis, að ef sparlega væri á haldið, mætti þau kann ske halda lífi á háfi og á hrossakjöti og öðru slíku, þó jafnvel það sje ekki sýnilegt; en þegar svo heppilega tækizt til, að öndin skryppi út úr embættismanninum, þá fengi ekkjan strax þrefföld eða fimmföld eptirlaun við það sem þau höfðu bæði. Svona er nú ekkjan betur sett í þessu tilfelli; en aptur getur það líka komið fyrir eptir þessu frv., að embættismaður á eptirlaunum megi, ef svo mætti segja eða hugsa, verða eins feginn því, að konan gefi upp öndina. H. þd. er kunnugt, að embættismenn eru skyldir til að leggja töluvert gjald í ekkjusjóð. Þegar embættismaður hefur þjónað embætti í 20 ár, fær hann eptir þessu frv. 400—600—800 kr. í eptirlaun, eptir 30 ára þjónustu 600—900 kr.—1200 kr. Þó embættismaðurinn fái lausn frá embætti, þarf hann eins eptir sem áður að gjalda í ekkjusjóðinn; en í mörgum tilfellum þarf hann að gjalda langtum meira en eptirlaunin nema. Hjer í þd. situr einn h. þm., sem geldur í ekkjusjóð 1045 kr. á ári, annar embættismaður geldur 466 kr., þriðji 455 kr. og sjálfur geld jeg 362 kr. Þó þessi lög eptir 13. gr. ekki gildi oss, sem nú erum embættismenn, persónulega, þá get jeg ekki skoðað málið frá svo óprestslegri og ómannlegri hlið, sem þarf til þess að geta fellt mig við, að embættismaður þurfi kannske með von og eptirvæntingu að bíða þess að konan hrökkvi upp af, eða konan að maðurinn falli frá, eða þá að embættismaður skuli fá svo lítil eptirlaun, að þau ekki hrökkvi til að borga gjaldið í lífsábyrgðarsjóðinn. Mjer finnst að ustm. ættu að hugsa sig um, hvað þeir semdu, og gá að hvort það gæti borið sig. Jeg er hræddur um, að þetta frv. sje eitt af því, sem ekki getur staðizt. Mjer dettur í hug bóndi, sem talaði við mig í vor, og sagði, að það væri rjett, að láta embættismennina ekki hafa nema fullkomna ómagameðgjöf, og í sinni sveit væri hún 60 kr. Þetta væri hreint og beint og ekkert hálfverk eða mas. Jeg skal fúslega játa, að vjer höfum fulla ástæðu til að spara sem mest, líta á neyðina og harðindin og líta á mörg þarfleg og nauðsynleg fyrirtæki. Nú eru ekki nema 3 ár síðan prestakallalögin náðu gildi; en þó eru 4500 kr. komnar á lsj. til útborgunar eptir þeim lögum. Jeg tel þetta ekki eptir prestunum; en mjer finnst að það þurfi að líta í fleiri horn en til prestanna einna. Jeg ber mikla virðingu fyrir forsetastólnum, þar sem nú situr biskup landsins í honum, og jeg vildi þá að lokum leyfa mjer lauslega að benda á atriði viðvíkjandi biskupsembættinu eptir þessu frv. Það er vanalegast, að menn verða þá fyrst biskupar, er menn taka að eldast. Vjer skulum nú setja að prestur yrði biskup, er hann hefði gegnt prestsþjónustu í 30 ár, og þannig fengið rjett til 300 kr. í eptirlaun. Þennan rjett missti hann eptir því sem mjer finnst frv. vera orðað við það að verða biskup, því prestar eru útilokaðir samkvæmt 1. gr. þessa frv. Ef honum entist nú eigi heilsa í biskupsembættinu, fengi hann ekki nema 40 kr. í eptirlaun fyrir ár hvert. Ef núverandi assessor í landsyfirrjettinum yrði einhvern tíma justitiarius, missti hann að líkindum eða eins og mjer skilst þetta óljósa frumvarp rjett þann, sem hann hefur nú til eptirlauna sem assessor og gæti komið til með að fá 40 kr. í eptirlaun fyrir ár hvert; og hversu sanngjörn þessi

ákvörðun er, má sjá, ef að það er athugað, að hver þessara embættismanna mundi þurfa að leggja um 1000 kr. í lífsábyrgðarsjóð. Það yrði því að breyta út af gömlum vana, að veita þessi embætti gömlum og reyndum mönnum. Það virðist annars stundum svo, sem þeir, er lengst ganga í því, að spara hjer á þingi, spari með annari hendinni en kasti út með hinni. Menn gæta þess eigi, að annar vegur er líka til að bæta fjárhag landsins en sparnaðurinn, og það er hagsýnin. Það er bezt að hafa það hvorttveggja, og víst er um það, að hagsýnin vegur eins mikið og sparnaðurinn, en sje hvorttveggja samfara, verður ávinningurinn margfaldur. Með þessu frv. get jeg ekki gefið atkv. mitt.

Landshöfðingi: Áður en gengið er til atkvæða, skal jeg leyfa mjer að lýsa yfir því áliti mínu, að jeg tel ákvarðanir frv. að öllu leyti óaðgengilegar fyrir stj. og engin líkindi til, að frv. öðlist kgl. staðfestingu, og jeg mun leggja það til, að á engan hátt sje tiltækilegt, að innleiða slík lög. Jeg skal leyfa mjer að skírskota til ræðu h. 5. kgk. þm. (A. Th.), sem sýndi ljóslega, að því mjer fannst, að frv. væri á veikum og sumpart röngum rökum byggt Jeg verð því að óska, að h. þd. felli frv. og láti það ekki ganga lengra. Frv. hefur tekið hjer í d. nokkrum br. og eru þær br. til hins lakara frá því, sem n. d. skildi við það, svo það er nú enn óaðgengilegra og enn óhæfilegra til staðfestingar en það var, þegar það kom til h. þd.

Frv. sþ. m. 6 atkv. gegn 5 og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Till. til þgsál. um uppmælingu á innsigling á Hvammsfjörð (C 304); ein umr.

Benidikt Kristjánsson: Þessi till. til þgsál. er frá n., sem h. þd. setti til þess að íhuga málið um nýja verzlunarstaði, og er hún sprottin af því, að við yfirvegun málsins taldi n. víst, að með tímanum mundi koma blómlegur verzlunarstaður við Hvammsfjörð, ef til vill stærsti verzlunarstaður á Vesturlandi. Þetta byggði n. á því, að Hvammsfjörður liggur vel við sveitum vestan til úr Húnavatnssýslu, úr Dala- og Mýrasýslum, svo og nokkrum hlut af Strandasýslu. Þessa von um blómlegan verzlunarstað við Hvammsfjörð hafði n. því fremur, sem opt kemur fyrir, að hafís bannar skipum að komast inn á Húnaflóa; en engin dæmi eru til þess, að hafís banni skipum leið inn á Breiðafjörð og þar af leiðandi inn á Hvammsfjörð. Þegar slík hafísár kæmu fyrir, væri því eina úrræðið fyrir Húnvetninga og Strandamenn að geta leitað til verzlunarstaðar við Hvammsfjörð. Af því nú að n. þannig gjörði ráð fyrir þýðingarmiklum verzlunarstað við Hvammsfjörð, þá þótti henni mjög áríðandi, að uppsiglingin yrði sem allra fyrst mæld og lítið eptir, hvar hentast væri hafnarstæði; einkum yrði þetta áríðandi, ef gufubátsferðir kæmust á eptir firðinum, sem n. telur víst að verða muni.

Till. sþ. í e. h. Afgreidd til n. d.

Frv. til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða (C 230); framh. 3. umr.

Benidikt Kristjánsson (frsm.): Eins og hin h. þd. sjer á nál. (C 319), þá hefur n. að mestu verið samhuga um þetta málefni, og ástæðurnar fyrir löggildingu verzlunarstaða eru að áliti n. gildar og góðar, jafnvel þótt einn nefndarmaður (Á. Th.) hafi tekið fram nokkra staði, sem hann áleit ekki eins nauðsynlegt eða tiltækilegt að löggilda. Aptur hefur meiri hluti n. lagt það til, að þd. sþ. löggilding á öllum 10 stöðunum, sem voru í frv. n. d. Ástæður n., sem drepið er á í nál., hafa verið teknar ítarlega fram við fyrri umr. málsins, og því hirði jeg ekki að taka þær upp af nýju. Að eins skal jeg leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd við hina einstöku staði. Því miður er jeg ekki vel kunnugur þeim öllum; en þar sem jeg fer villt eða brestur kunnugleik, þar vona jeg að jeg verði leiðrjettur af þeim, sem til þekkja.

1., Sveinseyri við Tálknafjörð í Barðastrandarsýslu. Jeg þarf ekki að taka það fram, að einn h. meðnefndarmaður áleit ekki nauðsynlegt að löggilda þennan stað. Það er kunnugt, að þessi staður við Tálknafjörð er talsvert afskekktur frá öðrum verzlunarstöðum á Vesturlandi. Að vísu eru verzlunarstaðir á báðar hendur í næstu fjörðum, þ. e. Patreksfjörður á aðra hönd og Bíldudalur á hina. Á Tálknafirði eru talsverðar fiskiveiðar; eins og nú er orðið almennt, salta sjómenn fisk sinn.

Þess vegna má gjöra ráð fyrir, að menn þar þurfa á allmiklu salti að halda. Það geta þeir nú máske fengið hjá Frökkum, en með lagabroti. En jeg heyri, að þeir hafi ekki fengið salt á þennan hátt, og má fullyrða, að þeir ekki vilji gjöra það nema brýnasta nauðsyn reki þá til þess. Aptur hef jeg heyrt, að kaupmenn á Patreksfirði og Bíldudal hafi góð tök á að selja salt sitt með góðum ávinningi. Þá er enn eitt atriði, sem jeg vildi taka fram, og það er, að úti fyrir annesjum beggja megin Tálknafjarðar eru straumar og rastir og sjór úfinn, og hefur kunnugur maður, sem annars á ekkert skylt við þetta mál, sagt, að ekki væri unnt að hafa þar meira en hálffermi á bátum og það í logni. Þá er skiljanlegt, hvað af því getur leitt, ef menn sækja salt og hreppa rok eða hvassviðri. Þetta er það helzta, sem jeg get upplýst um Sveinseyri við Tálknafjörð.

2., Búðardalur við Hvammsfjörð í Dalasýslu. N. hefur leyft sjer að stinga upp á öðrum samsíða þessum stað af þeim ástæðum, sem jeg hefi áður tekið fram í málinu næst á undan. Ef það reynist, að hægt er að sigla upp að þessum stað, þá getur hann orðið all-þýðingarmikill verzlunarstaður með framtíðinni. Það eru því meiri ástæður til, að sá staðurinn verði valinn, sem hentugri þætti hvað höfnina snertir. Því miður liggja engar skýrslur fyrir þinginu um þessa staði; en eptir þeim skýrslum, sem hægt hefur verið að fá hjá einstökum þingmönnum, er Vestliðaeyri að áliti n. betur valinn en Búðardalur, þótt hann liggi betur við þegar farið er norðan um Laxárdal eða um Svínadal norðan úr Saurbænum. N. hefur því stungið upp á því, að það skyldi óákveðið, hver staðurinn yrði löggildur, en aptur skyldi landshöfðingi hafa lagaheimild til að ákveða, hvor staðurinn skuli verða löggildur verzlunarstaður, þegar búið er að mæla innsiglinguna á Hvammsfjörð.

3., Skarðsstöðin við Gilsfjörð í Dalasýslu. Það getur verið, að þetta sje eigi svo nauðsynlegur staður fyrir verzlun yfir höfuð, og sumir álíta líka að svo sje. Líka hef jeg heyrt sagt, að þar væri útfiri mikið, og er það stór galli; jeg skal játa það. En meiri hluti n. gat eigi sjeð annað, en að ekki væri ráðlegt, að fella þennan stað úr frv., þar sem t. a. m. mjög er erfitt með alla trjáflutninga innst inn í Gilsfjörð. Það sem oss þótti mest unnið við það, að löggilda þennan stað til verzlunar, var þá það, að menn innst við Gilsfjörð gætu þá nálgast trjávið, sem mönnum er svo nauðsynlegur við allar byggingar, með hægra móti en áður. Það er ekki fyrir það, að vont er að flytja viði landveg, einkum stórtrje. Þó er þetta örðugra sunnan og vestanlands en fyrir norðan, þar sem þeim verður ekið á sleðum að vetrinum til.

4., Bakkafjörður á Langanesströndum í Norður-Múlasýslu. Það vita allir, að menn á Langanesströndum eiga altjend langt að sækja á verzlunarstaði, hvort sem þeir fara á Vopnafjörð eða Þórshöfn, en hitt vita menn líka, að þessi staður er all-góður fyrir skip, enda eru þess mörg dæmi, að skip leita inn á firðina á austanverðu Langanesi, þegar ofviðri og ísalög banna mönnum að komast yfir röstina vestur fyrir. Hins vegar eru vondir vegir og langt á báða verzlunarstaðina, Vopnafjörð og Þórshöfn, og nú sem stendur eru engin verzlunarhús í Þórshöfn og því engin verzlun nema að sumrinu til. Jeg skal hjer leyfa mjer að benda til þess, sem jeg hef tekið fram við fyrri umræður þessa máls og sem líka er bent á í nál., að aðdráttur á öllum nauðsynjum manna er hjer eins og víðar mjög erfiður og afarkostnaðarsamur. Hestahald dýrt og útslit á mönnum og skepnum. Þetta verður því tilfinnanlegra í þessum hjeröðum landsins, sem vetrarríki er þar mikið. Hjer sumrar seint og vetrar snemma. En eins og menn vita, er sumarið sá tími, sem flestar annir lenda á. Þá er heyskapurinn og á þeim sama tíma einum er unnt að fara verzlunarferðir sínar, ef langræði er til verzlunarstaðar.

5., Lagarfljótsós í Norður-Múlasýslu. Á lestrarsalnum liggja og hafa legið fyrir þm. greinilegar og nákvæmar skýrslur um, hvernig hjer hagar til. Jeg skal að eins taka það fram, að svo er ráð fyrir gjört, að gufubátur verði fenginn, undir eins og þessi ós hefur verið löggildur til verzlunar, til að draga skipin inn og út um ósinn. *(M. St.:* Hver borgar gufubátinn?). Sveitirnar, sem þangað mundu reka verzlun, gjöri jeg ráð fyrir. Að minnsta kosti er ekki neitt það fram komið, sem bendi til, að ætlazt sje til, að lsj. kosti

þennan gufubát. Í sambandi við þessa höfn stendur Múlahöfn vestanvert við Hjeraðsflóa, sem er trygg fyrir skip, ef til þess kæmi, að bíða þyrfti eptir gufubátinum. Að þetta sje svo, má sjá bæði af skýrslunum um þessa staði á lestrarsalnum og af ferðabók Olavíusar.

6., Selnesbót við þverhamar í Breiðdal í Suðurmúlasýslu. Eptir því sem jeg hefi heyrt sagt, er þessi staður álitinn hættulaus til uppsiglinga og talinn liggja mjög vel við allri verzlun.

7., Hrúteyri við Reyðarfjörð í Suðurmúlasýslu. Þess má geta um hann, að kaupm. senda þangað nú sem stendur skip með vörur til verzlunar. Það sem mælir fram með Hrúteyri sem verzlunarstað, er einkum það, að vegir að henni eru greiðari og betri, en að nokkrum öðrum stað við Reyðarfjörð, til verzlunar og vöruflutninga. Því þótt Eskifjörður sje ekki nema 3 mílur frá Hrúteyri, þá getur það valdið bændum miklum tafningum og örðugleikum, þar sem yfir heiðar er að fara. Hrúteyri liggur þannig mjög vel við fjölbyggðum hjeruðum, Skógum, Skriðdal, Eyðaþinghá og Völlum. Þeir sem sækja verzlun á Eskifjörð úr þessum hjeruðum, eru sjálfsagt á aðra dagleið lengur á leiðinni að Eskifirði, þó þeir fari beinustu leið, sem liggur yfir Eskifjarðarheiði, sem ekki er fær fyr en seint á vorin, og verður snemma ófær að haustinu. Þar á móti má fara að Hrúteyri eptir Fagradal (og fleiri leiðir), og er það bezta leið og miklu betri vegur, sem má fara opt og tíðum að vetrarlagi, að jeg ekki tali um haust og vor. Hrúteyri liggur inn undir botninum á Reyðarfirði, þar sem Eskifjarðarkaupstaður liggur við vog eða fjarðarbotn, sem skerst inn úr Reyðarfirði töluvert utar, og nefnist Eskifjörður.

8., Fjallahöfn í Norður-Þingeyjarsýslu. Þessi staður er þm. kunnur frá fyrri þingum, því hann hefur átt áður á þingi erfitt uppdráttar. Fjallahöfn liggur austan undir Tjörnesi við Axarfjörð, út frá svo nefndu Kelduhverfi. Þar mun vafalaust all-trygg höfn fyrir skip, djúp og rúmgóð, og er þar afdrep fyrir norðan-átt, einkum útnyrðingum. Hákarlaskip hafa opt leitað þangað, og þar hefur jafnvel gufuskip legið inni. Það er ekki líklegt, að ráð þurfi fyrir því að gjöra, að hjer rísi upp stór verzlunarstaður. Aðaltilgangurinn með löggildingu þessa staðar er sá, að spara mönnum flutninga úr og í kaupstað.

9., Stokkseyri í Árnessýslu. Jeg skal játa, að jeg er ókunnugur, hvernig hjer hagar til, þótt jeg fyrir 30—40 árum hafi farið þar um. En jeg veit, að hjer í d. eru þm., sem eru kunnugri þessum stað, en jeg, og ef til vill er það af sjerstökum ástæðum sem Stokkseyri er komin hjer prentuð á þetta blað, sem þeir kunna bezt að gjöra grein fyrir. Það eina sem jeg veit, er það, að það er illt um hafnir í Árnessýslu, og jeg hef heyrt að illar sögur fari af höfninni á Eyrarbakka. En hvort þessi höfn, sem hjer ræðir um, er betri eða lakari læt jeg ósagt. Jeg skal skjóta því til þm. að dæma um þetta, sem betur geta mælt með þessum stað en jeg.

10., Grímsey í Eyjafjarðarsýslu. Því miður stendur þessi staður, sem mjer er mest um hugað, neðst á blaði. *(St. Eir.:* „Ekki þó meira en Fjallahöfn"). Jú, því hvenær sem bjart er í lopti, get jeg sjeð Grímsey með berum augum heiman að frá mjer, og þó nokkuð sje dimmt yfir get jeg sjeð hana í sjónauka. En þar í móti get jeg ekki sjeð Fjallahöfn heiman að frá mjer, hvernig sem á stendur veðri.

Jeg skal þá lýsa nokkuð Grímsey. Hún liggur 6 mílur úti í hafi fyrir utan yztu annes. Þeir menn, sem þar búa, geta og hafa sótt verzlun á Eyjafjörð og Húsavík. *(M. St.:* Hvað eru þeir margir?). Það er heilt prestakall; en því miður er mjer ekki kunnugt, hve fjölmennt þetta prestakall er. Hjer liggur heldur ekki áherzlan á, hve margir þessir menn eru, heldur á því, hve mikil nauðsyn er til að hjálpa upp á þá. Með því hjálpa menn líka upp á marga menn á landi. Því það ber opt við, að eyjarbúar þessir komast ekki heim vikum saman, og verða þá að sitja á landi. Þessir vesalings-eyjabúar eru svo að segja útilokaðir frá landi, þar sem þeir geta ekki komizt í kaupstað opt allan veturinn og mikinn hluta sumars, ef ís er fyrir landi. Jeg býst ekki við, að hákarlaformenn flytji nauðsynjar út til þeirra, þótt jeg heyri að þingm. Strm. sje þeim hlynntur í orði; en ef þar væri löggiltur verzlunarstaður, þá mundu aðflutningarnir verða meiri, og

eyjarbúar komast ljettar út af þeim, þar sem skip gætu flutt þeim nauðsynjar þeirra einmitt um sumartímann. Skipum er þar engin veruleg hætta búin, hvernig sem á stendur með veðurstöðu, því þau geta ætíð flutt sig úr stað og ætíð verið í skjóli undir eyjunni, sem er fjarska há.

Það er aðgætandi, að þó þessir staðir verði löggiltir verzlunarstaðir, þá er enginn neyddur til að sigla á þá, eða reisa þar verzlunarhús til fastrar verzlunar. Í því tilliti hefur hver maður, eins og eðlilegt er, sinn eigin frjálsa vilja. Hjer er að eins um það að ræða, að leysa ónáttúrleg og óþörf höpt, sem geta haft tjón og óhag í för með sjer fyrir landsmenn.

Skúli Þorvarðarson: Af því hinn h. meðnefndarmaður minn hefur kvartað um ókunnugleik á Stokkseyri í Árnessýslu, þá vil jeg lýsa henni með fáeinum orðum.

Vegalengdin að Stokkseyri og Eyrarbakka er svo að segja hin sama úr fjarlægari hjeröðum. En þó skal jeg leyfa mjer að taka fram aðrar ástæður ekki svo þýðingarlitlar, sem mjer þykja mæla með því, að Stokkseyri verði löggiltur verzlunarstaður, úr því hún eptir skýrslum þeim sem liggja hjer á lestrarsalnum, verður að álítast tiltækileg til þess, bæði hvað höfn og kaupstaðarstæði snertir, Það er margra ára reynsla, að þær tvær verzlanir, sem nú eru á Eyrarbakka, hvergi nærri eru færar um, að byrgja sig því korni, sem nægi þeim sveitum, er nú reka verzlun á Eyrarbakka, sem að eru jafnaðarlega Vestur-Skaptafellssýsla, Rangárvallasýsla og meiri hluti Árnessýslu. Þá eru ekki önnur úrræði, en að flýja hingað til Rvíkur eða Hafnarfjarðar, sem eru örðugar ferðir að haustinu og vetrinum til, og afarkostnaðarsamar. Aðalhugsunin með því að löggilda Stokkseyri til verzlunar er sú, að auka vöruburgðir á Eyrarbakka með því að stofna þriðja verzlunarstaðinn. Síðan verzlanirnar urðu tvær á Eyrarbakka hefur verzlunin batnað að mun, og ef nú kæmi þriðji verzlunarstaðurinn þar í grenndinni, þá mundi verzlunarkeppnin verða enn meiri og verzlun færast enn betur í lag. Vona jeg svo að hinir h. þdm., eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef gefið, og sem jeg vona verði teknar trúanlegar, verði því meðmæltir, að á Stokkseyri verði löggiltur verzlunarstaður.

Einar Ásmundsson: Eins og kunnugt er, hafa komið ár eptir ár og þing eptir þing bænarskrár um að löggilda hafnir til verzlunar, og hafa þessar bænir átt ekki svo fáa formælendur á þingi. Jeg hefi nú ekki að undanförnu verið að jafnaði í þeirra flokki eða þessu máli meðmæltur; því mjer hefur þótt vera gengið nokkuð langt í því efni. En nú er jeg farinn að sjá, að ekki dugar að stríða móti straumnum, enda er nú tekið af skarið, þar sem beðið er um að löggilda 10 verzlunarstaði í einu. Jeg er nú líka einráðinn í, að greiða atkvæði mitt með öllum þessum höfnum í þeirri von, að einhverjir verði því fegnir og margir hafi gott af því. Það var einu sinni herkonungur einn mikill í Asíu, Cýrus að nafni; hann lagði undir sig margar þjóðir. En seinast vann fjallaþjóð ein á honum, og er sagt að drottning sú, er þjóðinni stýrði, hafi látið höfuð Cýrusar í belg fullan af blóði, og sagt um leið: „Drekk þú nú, Cýrus, þú hefur lengi þyrstur verið“. Að sínu leyti eins vil jeg nú segja við beiðendur: „Drekkið þið nú, hjer fáið þið nógu margar hafnir“.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að bæta nokkrum orðum við ræðu hins h. 2. þm. Rvl. (Sk. Þorv.) um Stokkseyri. Mjer hefur verið sagt nú nýlega, að fenginn hafi verið skipstjóri á Eyrarbakka til að skoða og mæla höfnina og innsiglinguna að Stokkseyri. Og eptir skýrslum þeim, sem hann hefur gefið um hvortveggja, á Stokkseyri að vera fullt eins hæf ef ekki betur til verzlunar en Eyrarbakki bæði hvað höfn og innsiglingu snertir. Þó hafði hann sjerstaklega tekið innsiglinguna að Stokkseyri fram yfir innsiglinguna að Eyrarbakka og höfnina að því leyti, að skip á henni þyrftu ei að liggja flöt fyrir hafinu eins og á Eyrarbakka. Á Stokkseyri geta skipin aptur á móti legið út og inn, og innsiglingin er nokkurn veginn bein frá hafi til hafnar. En hvað höfnina snerti að öðru leyti, bæði hvað botn og djúp snerti, hafði skipstjóri þessi talið hana líka Eyrarbakkahöfn. Jeg hefi viljað gefa þessar upplýsingar, svo menn fengi sem rjettasta hugmynd um hvernig hjer hagar til.

Að öðru leyti er þess að geta, eins og hinn h. 2. þm. Rvl. hefur tekið fram, að ár eptir ár rekur að því, að vörubyrgðir eru ónógar á Eyrarbakka sökum hinnar miklu aðsóknar þangað, og í fyrra var þar orðið alveg nauðsynjavörulaust hjá öðrum kaupmanninum fyrir veturnætur. Þegar svo er, hafa allir þeir, er austanfjalls búa, ekki annað að flýja en á kaupstaðina við Faxaflóa, því bæði að haustinu til, en þó einkum allan veturinn skammtar af að flýja til Vestmannaeyja þó á liggi. Þess skal getið, að það var aðalverzlunin á Eyrarbakka, sem í fyrra varð kornlaus. Hinn kaupmaðurinn hafði að vísu nokkrar byrgðir lengur eða fram á veturinn; en hvergi nærri nóg handa öllum þeim sæg, er verzlun rekur á Eyrarbakka. Þorlákshöfn er að vísu löggildur verzlunarstaður. En enn sem komið er, er þar engin verzlun; ekki af því, að skip geti ekki legið þar, heldur af öðrum sökum, sem jeg hirði ekki að tilgreina hjer. Þar er hin bezta höfn af öllum þeim, sem hjer um ræðir; enda er það þrávallt að skip frá Eyrarbakka flýja þangað inn. En meðan sú loka er fyrir henni, sem nú er, get jeg ekki annað en mælt með löggildingu Stokkseyrar; sjerstaklega af því, að svo opt vantar nauðsynjar á Eyrarbakka, sem án efa mundi ráðast nokkur bót á, ef hinn þriðji verzlunarstaður kæmist á þar í grendinni. Enda vill vanta verzlunarkeppni, þar sem ekki er nema ein eða tvær verzlanir. Jeg vona að allir sjái, að það sje eðlilegt, þótt vjer, sem austanfjalls búum, viljum fá þessu máli framgengt, og því heldur, sem menn í engu vilja hlaupa undir bagga með oss til að sigrast á hinum helztu torfærum, er gjöra oss allar ferðir að suðurkaupstöðunum svo dýrar og örðugar.

Ásgeir Einarsson: Þegar hinn h. þm. Ef. (E. Á.) endaði ræðu sína með orðum drottningarinnar: „Drekk þú nú, Cyrus, þú hefur lengi þyrstur verið“, þá datt mjer í hug, að það hefði verið óhappalegt og illa farið, að þd. skyldi í gær fella frv. um að auka brennivínstollinn, því það má telja víst með þeim lögum og þessum, sem hjer ræðir um, í sameiningu, mundi þingið hafa útvegað lsj. drjúgan skilding. En sleppum nú því. Það er lakast, að allir þessir verzlunarstaðir yrðu til þess, að dreifa verzluninni. Það er þó sjerstaklega Skarðsstöðin, sem jeg vil mæla á móti. Því að löggilda hana væri ekki nema til að setja slagbrand fyrir verzlunina við Hvammsfjörð, sem er sá eini staður, sem mestar og flestar ástæður eru til að löggilda til verzlunar, ef þar reynist hættulaus innsigling og nýtileg höfn. Þar er kölluð Írskaleið, og hafa skip siglt þar upp í fornöld, og norskt skip ekki alls fyrir löngu. Að vísu eru verzlunarstaðirnir Borðeyri, Flatey og Stykkishólmur allt í kring um þessar hafnir, svo þar geta naumast orðið stórir verzlunarstaðir. Þó getur orðið stór verzlunarstaður við Hvammsfjörð, ef hann uppsvelgir hina, nl. Borðeyri og Stykkishólm, sem nokkur líkindi eru til.

Hvað hina staðina snertir, þá læt jeg þdm. alveg ráða, hvað þeir gjöra við þá. Fulltrúinn úr Barðastrs. hefur sagt mjer, að frá Sveinseyri væri ekki nema 2 vikur sjávar til næstu kaupstaða. Salt fá menn þar með betra verði hjá Frökkum, heldur en þó þar komi verzlun, og geta borgað það með sjóvetlingum og kindum, sem ekki verður þeim svo tilfinnanlegt. Jeg álít þennan stað, eins og aðra fleiri, ekki nema eins og holur, sem ekkert gagn geta gjört í verzlunarlegu tilliti. Frá Bakkafirði hef jeg heyrt að væru 3 vikur í kaupstað, og að þar væri ill höfn. Skip kvað hafa legið þar, en varð að hörfa burtu undir eins og hvessti. Þar á móti er öðru máli að gegna með Lagarfljóts-ós. Þar gæti eflaust orðið hagfeldari verzlunarstaður, ef það heppnaðist að fá þar góða og trygga innsiglingu. Sumir segja, að aðrir kaupstaðir í Múlasýslum sjeu óþarfir; því kaupmenn flytji vörur til þeirra staða og frá þeim, eins og kaupmenn sækja vörur bænda hjer á nesjunum og flytja þeim aptur nauðsynjar sínar. Reynslan sýnir kannske, að þörf sje á öllum þessum verzlunarstöðum, en það kann þó að reynast, að ekki sje búbót að þeim samt. Um Stokkseyri ætla jeg ekki að tala. Það er skrítið að geta ekki farið út í Þorlákshöfn, og jeg skil ekki í, hvers vegna ekki má byggja þar. Um Grímsey held jeg megi segja, eins og danski sýslumaðurinn í Strandasýslu sagði forðum: að hún fæði ekki einn mann. Loks skal jeg taka það upp aptur, að jeg er mjög mótmæltur Skarðs-

stöðinni, og álít, að ef menn ekki vilja gjöra illt eitt, þá eigi menn ekki að sþ. þennan stað.

Skúli Þorvarðarson: Hinn h. þm. Str. (Á. E.) heldur að Skaptfellingum og Rangvellingum og öðrum austanfjalls sje hægt og geti vel sótt nauðsynjar sínar á Þorlákshöfn. En það er margbúið að taka það fram, að þar eru engar vörur að fá, og þó hann skilji ekki eða vilji ekki trúa því, sem bæði jeg og aðrir hafa sagt um það, þá er það nú alveg satt og rjett hermt. Þá er það, að Þjórsá og Ölvesá eru ekki góður þröskuldur á veginum í kaupstaðina, meðan þingið er ekki svo sanngjarnt að styðja að því, að flutningurinn yfir þær geti gengið greiðara en hingað til. Því oft er æði erfitt og stundum alveg ófært yfir Ölvesá að hausti og vetri, vegna ísskriðs og íshroða á ferjustöðunum. — Þetta ætti þingmaðurinn að íhuga með mörgu fleiru, sem búið er að taka fram í þessu máli

Stefán Eiríksson: Jeg vildi svara þm. Str. (Á. E.) því, út af orðum hans um, að ekki væri þörf að löggilda Skarðsstöðina, að jeg man eptir, að það komu sömu mótmæli fram frá honum móti Kolbeinsárósnum forðum. En hvað Stokkseyri snertir, þá er allt það sem þm. Rvl. hafa sagt um hana og samanburður þeirra á henni og Eyrarbakka í öllu tilliti mjög svo sennilegur. — Það skyldi helzt vera, að mínu áliti, að ekki væri svo nauðsynlegt að löggilda Hrúteyri. Hinn h. frsm. (B. Kr.) færði þó ástæður fyrir henni og að þangað mundu sækja menn af Völlum og úr Eiðamannaþinghá; en það efast jeg um; þangað mundu einungis sækja búendurnir í Skriðdal, Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði, og jeg skil varla að þar geti orðið mikil verzlun, ef Lagarfljótsós reyndist tiltækilegur til uppsiglingar. Og það er enginn efi á því, ef þar reyndist góð höfn, þá yrði þar mikið vöruflutningsmegn á þeim verzlunarstað, eins og jeg hefi áður tekið fram, og það skil jeg ekki að nokkurn gufubát þurfi til að draga skipin inn og út um ósinn. Þau hljóta að geta komizt inn og út með aðfalli og útfalli, eins og á sjer stað á Hornafjarðarós og Papós.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að biðja mótmælendur þessa máls að athuga það, að hjer er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að sþ. frv. eins og það liggur fyrir, eða fella það allt. En jeg álít að frv. hafi að sumu leyti meiri þýðingu en svo, að menn eigi að fella það nú á þessu síðasta stigi þess, þó sumum kunni að þykja ýmsir gallar á ýmsum þeim stöðum, sem þeim ef til vill kemur minnst við. Þar sem jeg áður hefi talað um vöruskort á Eyrarbakka, þá skal jeg bæta því við, að hann er engan veginn af því, að kaupmennirnir ekki hafi allan hug á að byrgja sig upp; heldur af hinu, að þeim er það ekki mögulegt vegna hafnleysu eða rjettara illra hafna, sem ekki verður siglt á nema um hásumarið, því þeir fá ekki skip á slíkar hafnir að haustinu til. Þar getur heldur ekki legið nema eitt skip í einu, og það er einn aðalókosturinn. Af þessu má sjá, að vöruskorturinn á Eyrarbakka, þar sem jafnmörg hjeruð sækja að, er annað meira en eintóm mælgi.

Benidikt Kristjánsson (frsm.): Við 2. umr. voru greidd atkv. fyrir hverjum einstökum stað, og með því hjer liggja engar br. fyrir, nema sú eina um Búðardal á Hvammsfirði, þá er ekki um annað að gjöra, en að bera hana undir atkvæði og síðan frv. í heild sinni.

Magnús Stephensen: Það verður þó að bera þá 5 staði undir atkvæði, sem hinn h. varaforseti (Á. Th.) hefur greint á um við meiri hluta nefndarinnar.

Árni Thorsteinson: Í nál. ljet jeg það í ljósi, að jeg ekki gæti mælt með þessum 5 stöðum, jafnvel þó jeg ekki ætlaðist til að það skyldi skoða sem br. við frv. En er jeg sje nú, að þdm. hafa skilið þetta sem það væri ágreiningsatriði mitt við frv., þá má frá minni hálfu skilja það eins og það liggur fyrir, og eins og hinum h. forseta eða deildinni þykir rjett.

Atkvgr.: Brt. minni hlutans (Á. Th.) við 1. tl. (C 319) felld m. 6 atkv.; við 2. tl. felld með 5 atkv. móti 5 að við höfðu nafnakalli. *Já* sögðu M. Stephensen, S. Melsteð, Á. Thorsteinson, Á. Einarsson, Jón Pjetursson. *Nei* sögðu: B. Kristjánsson, E. Ásmundsson, Sighv. Árnason, Skúli Þorvarðarson, Stefán Eiríksson.

Brt. minni hlutans við 3. tl. felld m. 5 atkv. á móti 5; brt. við 4. tl. felld m.

7 atkv.; brt. við 5. tl. felld m. 5: 5. Brt. n. við stafl. 6., samþykkt m. 9 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 9 atkv.

Síðan endursent n. d.

Fertugasti fundur, miðvikudag 15. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til l. um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða (C 292); 2. umr.

Landshöfðingi: Jeg hef ekki áður haft tækifæri til að lýsa skoðun stj. á þessu máli fyrir þessari h. þd., og því leyfi jeg mjer að gjöra það nú. Stj. hefur, eins og kunnugt er, í brjefi dags. 10. des. 1878, og sem birt er í Stj.tíð. deildinni B., lýst yfir skoðun sinni á málinu, og skýrt frá ástæðum sínum fyrir því, að hún ekki hefur getað tekið til greina tillögur þingsins um að afnema amtmannaembættin. Ástæður þessar eru ýtarlega útlistaðar í brjefinu, og jeg efast ekki um, að hinir h. þdm. hafi kynnt sjer þær. Í umboði stj. lýsi jeg því nú hjer yfir, að stj. heldur enn fast við sömu skoðun á þessu máli. Stj. hefur nákvæmlega yfirvegað ástæður alþingis 1881 fyrir að afnema amtmannaembættin, og álítur þær ekki svo gildar, að þær verði teknar til greina. Hún heldur því enn fram, að amtmannaembættin sjeu nauðsynlegur liður í landsstjórninni, og álítur því hvorki heppilegt nje gjörlegt að afnema þau. Þingið hefur nú í þetta skipti gjört tilraun til að stinga upp á öðu fyrirkomulagi í stað amtmannaembættanna, og með því viljað gjöra afnám þeirra tiltækilegra. En án þess að vilja rýra þýðingu þess, sem kemur frá hendi þm., get jeg þó ekki sjeð að það fyrirkomulag á stjórn landsins, sem stungið hefur verið upp á, sje í nokkurn máta hagkvæmara, en það, sem nú er; jeg held þvert á móti, að það sje miklu óhagkvæmara. Jeg held líka að ástæðurnar fyrir breytingunni sjeu öllu fremur þær, að menn hugsa sjer að geta sparað kostnað með því að afnema amtmannaembættin, en að menn álíti að hið nýja fyrirkomulag muni verða hagkvæmara. En jeg er hræddur um að menn hafi ekki lagt svo nákvæmlega sem skyldi niður fyrir sjer þann kostnaðarsparnað, er muni vinnast við þetta nýja fyrirkomulag og ekki gjört sjer nógu ljósa grein fyrir hversu mikill kostnaður leiðir af þessari nýju stofnun, fjórðungsráðunum, og ekki heldur gjört sjer ljósa grein fyrir því, hversu hin margvíslegu störf amtmannanna yrðu framkvæmd með þessu nýja fyrirkomulagi, sem menn hafa hugsað sjer. Jeg held menn óski ekki, að afgreiðsla málanna verði umsvifameiri og kostnaðarmeiri og erfiðari, en nú á sjer stað. En jeg held að þetta yrði þó afleiðingar af hinu nýja fyrirkomulagi, ef það kemst á. Ef fjórðungsráðin eiga ekki að eins að hafa á hendi störf amtsráðanna, heldur og ýms önnur störf amtmannanna, þá má sjá það fyrir, að það muni ekki ganga greitt að fá málin útkljáð á þann hátt. Og ef ekki á að verða allt of mikill dráttur á málunum, þá verða fjórðungsráðin opt að koma saman, og mun það ekki hafa lítinn kostnað í för með sjer. Jeg held enn fremur, að það sje nokkuð ísjárvert að draga stjórnina of mikið saman, eins og ástatt er hjer á landi, undir einn mann, eða leggja svo að segja öll stjórnarstörf amtmannanna undir landshöfðingjann einan, sem hefur svo mörgum yfirgripsmiklum störfum að gegna. Því það gjörir ekkert, þó skrifstofustjóri verði skipaður. Hann yrði öldungis ósjálfstæður embættismaður og ekki annað en ritari hjá lh., sem enga ábyrgð hefði. Þegar þannig væri kippt burtu tveimur embættismönnum, sem að vísu eru undirgefnir lh. sem æðsta embm. landsins, en eru eigi að síður sjálfstæðir embættismenn, yrði afleiðingin af þessu að mínu áliti sú, að framkvæmdarstjórnin veiktist ekki lítið. Og þó hefur það verið sagt, og það ekki ástæðulaust, að framkvæmdarstjórnin hjer á landi hafi ávallt verið veik eða veikari en æskilegt væri, sem hefur orsakazt af því, hvernig hjer hagar sjerstaklega til í mörgu tilliti.

Hvað afnám landritaraembættisins snertir, þá skal jeg ekki fara frekara út í það. Það stendur í sambandi við hina nýju fyrirhuguðu skrifstofustjóra. Það mundi lítið unnið við afnám þessa embættis út af fyrir sig. Því það sem menn vilja öðlast með því, er að fækka þeim embættismönnum, sem rjett hafa til eptir-

launa. Landritarinn er að vísu konungl. embm.; en jeg held að eptirlaunabyrði sú, sem þetta embætti bakaði lsj., gæti aldrei orðið honum tilfinnanleg. Um það mundu aldrei sækja nema yngri menn, sem varla eða mjög sjaldan sem landritarar mundu komast á eptirlaun. Yfir höfuð ætla jeg að þetta nýja fyrirkomulag með öllum þess afleiðingum hafi ekki verið hugsað svo út í æsar sem æskilegt væri. Það er talað um að fela formönnum fjórðungsráðanna ýms störf amtmannanna, og með því eru sýslumenn settir yfir sýslumenn. Svo veit jeg ekki hver á að vera næsti yfirboðari formanna fjórðungsráðanna; eða eiga þeir ekki að hafa yfirboðara eins og sýslumennirnir? Það er einhver óregla í öllu þessu hugsaða ástandi. En eins og þetta fyrirkomulag er óhagkvæmt, eins verður að mínu áliti ekkert eða lítið sparað við það, ef það leiðir ekki þvert á móti til meiri kostnaðar. Jeg hefi nú lýst yfir skoðun stjórnarinnar í þessu máli og samkvæmt því verð jeg jafnframt að taka það fram, að jeg verð að álíta það muni verða með öllu árangurslaust, þótt hin háttvirta deild samþykki þetta frumvarp.

Stefán Eiríksson: Jeg stend upp einkum til þess, að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg hef ekki hingað til tafið þd. með tölum um það.

Það hafa nú komið fram hjá hinum hæstv. lh. og hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) við fyrstu umr. þessa máls töluverðar mótbárur móti þessu máli, og það getur nú verið, að þær sjeu á rökum byggðar.

Hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) kom með þá ástæðu móti frv., að menn væru ekki svo kunnugir störfum amtm., að menn gætu haft neina fasta skoðun á því, hvort rjett væri að halda amtmannaembættunum eða ekki. Jeg skal nú játa, að jeg er ekki fullkomlega viss um, að mjer sjeu kunnug öll þau störf, sem amtmennirnir hafa á hendi. En jeg veit það, að þeir hafa töluverðar brjefaskriptir, úrskurðarvald í fleiri málum, og yfirumsjón með ýmsum sjóðum. Jeg skal játa það, að þetta eru nokkur störf. En jeg vona, að þau verði fullviðunanlega leyst af hendi af lh. með skrifstofustjóra og einum eða tveimur skrifstofuþjónum og 4 formönnum fjórðungsráða. Jeg get því ekki álitið sjerlega nauðsynlegt, að amtmannaembættunum verði haldið áfram. Lh. færði þær ástæður fram, að stj. vildi ekki ganga inn á að afnema amtmannaembættin. Það getur nú verið, að stj. vilji ekki sþ. þetta frv. En undarlegt er það, að hinn setti amtmaður yfir norður- og austuramtinu er enn ekki fast skipaður í þetta embætti af stj. Þetta virðist þó fremur gefa mönnum bendingu um, að stj. sje ekki svo mjög á móti því, að af nema amtmannaembættin. Þá sagði hinn hæstv. lh., að lítið fje mundi sparast við þetta fyrirhugaða nýja fyrirkomulag. Það getur nú satt verið, að það verði ekki mikið; en það verður þó nokkuð. Eptir þessu frv. og brtill. munu þó sparast rúmar 9000 kr., sem er þó ekki svo lítið fje árlega. Það er þó dálítið til að fylla upp í skörðin, þar sem sumum hinna veraldlegu embm. þykir vanta á, að þeir hafi viðunanleg laun. Kostnaðurinn við fjórðungsráðin yrði að vísu nokkur, en þó getur hann aldrei numið sparnaðinum við afnám amtmannaembættanna. Aðalkosturinn við fjórðungsráðin er sá, að í þeim koma tll að sitja nákunnugir menn úr hverju sýslufjelagi hvers fjórðungs. En í amtsráðunum nú sitja vanalega menn úr næstu hjeruðum við aðseturstað þeirra. Þannig ætla jeg, að allir í amtsráði norður- og austuramtsins sjeu úr einu sýslufjelagi. *(Margir:* Nei!). Jæja, það getur nú verið. Jeg stend þá ekki heldur fast á því, en samt sem áður verð jeg að álíta það kost, að í fjórðungsráðinu eiga að sitja kunnugir menn úr hverju hjeraði.

Jeg skal leyfa mjer, áður en jeg sezt niður, að gjöra litla aths. við brtill., enda þótt jeg fallizt á þær yfir höfuð að tala. Í brtill. við 3. gr. er ætlazt til, að fulltrúi sá, er sitja skal í fjórðungsráðinu úr hverju sýslufjelagi, skuli kosinn á manntalsþingum, en eptir hinu upprunalega frv. átti að kjósa hann af sýslunefndinni. Nú getur svo farið, að sýslumaður, þegar hann er búinn að láta kjósa fulltrúa á öllum manntalsþingum sýslunnar, þurfi að kalla saman sýslunefnd til að kveðja til 2 menn að telja saman atkv. Þetta gæti, ef til vildi, haft í för með sjer óþarfa-kostnað. Þess vegna vil jeg skjóta því til ustm., hvort þeim sýndist ekki að breyta þessu til 3. umr. í þá átt, að atkvæðin skuli talin saman af kjörstjórninni á hinu síðasta manntalsþingi eptir að kosningunni er lokið.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get að mestu fallizt á athugasemdir hins h. þm. Ask. (St. Eir.), þar sem hann tók fram ýmislegt viðvíkjandi frv. En það var eitt atriði í ræðu hins h. þm., sem jeg get ekki verið honum samdóma um. Þar sem hann minntist á brt. við 3. gr., ímynda jeg mjer, að aths. hans hafi verið byggð á misskilningi. Hann hefur ekki hugsað sjer rjett, hvernig fyrirkomulagið yrði eptir brt. Þar er gjört ráð fyrir tveimur mönnum, er sýslunefndin kveðji til að telja atkvæðin. Það er vafalaust meiningin, að á næsta sýslunefndarfundi á undan manntalsþingi sjeu til nefndir þessir tveir menn, sem sýslumaður svo kallar til sín eptir að kosningin á fulltrúunum hefur fram farið.

Þá skal jeg leyfa mjer að minnast nokkuð á athugasemdir hins hæstv. lh. móti þessu máli, þótt jeg viðurkenni, að jeg með því taki mjer ofmikið í fang. Hinn hæstv. lh. gat þess, að afgreiðsla allra mála mundi verða seinni og umsvifameiri með þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi, en nú ætti sjer stað. En að því leyti sem um sveitastjórnarmál er að ræða, get jeg ekki betur sjeð, en að fjórðungsráðin geti afgreitt þau eins fljótt eða fljótar en þau eru afgreidd nú. Og að fjórðungsráðin yrði svo kostnaðarsöm, að varla mundi standast á kostnaður og ábati, það get jeg heldur ekki skilið. Því ef amtsráðin þurfa ekki að koma saman optar en tvisvar á ári, þá get jeg ekki sjeð að fjórðungsráðin þurfi að koma optar saman. En að því er snertir mál þau, sem nú heyra undir amtmennina sem amtm. sem slíka, en ekki sem forseta í amtsráðunum, þá ímynda jeg mjer, að þau muni verða afgreidd fullt eins fljótt þegar þau samkvæmt brt. heyra undir lh., að jeg ekki tali um, ef þau að einhverju leyti yrðu lögð undir sýslumennina, eins og ráð er fyrir gjört í brt. Fyrst allar póstgöngur eru orðnar svo greiðar og komnar í svo gott lag, þá getur vel staðið svo á, að málin verði fljótar afgreidd undir landshöfðingja, en undir amtmönnum; þó ekki sje gjört ráð fyrir, að lh. gjöri út um þau mál, sem amtmennirnir ekki hafa fullnaðarúrskurð í, er þó sannarlega engin flýtir í afgreiðslu, að þau mál gangi í gegn um amtmennina sem skrifstofustjóra hjá lh. Hinn hæstv. lh. tók það enn fremur fram, að við þetta fyrirkomulag yrði stj. of mikið dregin saman í eitt, undir einn embættismann. Jeg held hjer sje í rauninni ekki um annan samdrátt að ræða en þann, sem bæði er eðlilegur og ætti að eiga sjer stað. Að skrifstofustjórinn eða skrifstofustjórarnir, hvort sem það yrði einn, eins og brt. fara fram á, eða 2, eins og ákveðið er í frv., verði svo mjög háðir lh., get jeg ekki skilið, og sízt að þeir verði honum meira háðir en amtmennirnir nú. Því amtmennirnir eru nú ómótmælanlega lh. háðir. Þá gat hinn hæstv. lh. þess, að ef formaðurinn í fjórðungsráði væri sýslumaður, þá væri það óviðfelldið, að sýslumaður sem formaður í fjórðungsráði með því væri settur yfir sjálfan sig sem sýslumann. Í frv. er að vísu gjört ráð fyrir, að formaðurinn sje sýslumaður, en eptir brt. kemur þetta nokkuð öðruvísi út. Þar er ekki beinlínis ákveðið, að formaður ráðsins skuli vera sýslumaður, heldur sá, sem lh. til kveður, sem að líkindum optast mundi verða sýslumaður. Þetta getur, ef til vill, álitist ekki sem hentugast, ef það er ekki tekið til greina, að sýslumaðurinn hefur að eins eitt atkvæði í fjórðungsráðinu. Eptir þessu frv. get jeg ekki sjeð annað en eptirlit með embættisfærslu sýslumanns, þótt hann sje oddviti í fjórðungsráði, geti verið nægilegt. Skal jeg svo ekki að svo stöddu fara lengra út í þetta mál.

Magnús Stephensen: Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að mjer virtist frv n. d. bera með sjer, að þm. þar væru ekki fullkunnugir störfum amtmannanna, og jeg gat þess jafnframt, að jeg hefði meira traust til þekkingar manna í þessari d. í þessu efni. En nú hefi jeg sannfærzt af ræðu hins h. þm. Ask. (St. Eir.), að honum, að minnsta kosti, er ekki vel ljóst, hver þessi störf eru, því hann kannast ekki við, að amtmennirnir hafi önnur störf, en nokkrar brjefaskriptir, og meinar hann þar sjálfsagt einungis hreinskrifanir, úrskurðarvald í nokkrum málum og stjórn nokkurra sjóða. Þetta er allt sem hann vissi um störf amtmanna, en allt um það er þm. bær um að dæma um það, hvort ráðlegt sje, að afnema amtmannaembættin, og hvernig bezt verði ráðstafað störfum þeirra. Jeg held því, að það sje ekki alveg ástæðulaust þó jeg gjörði stuttlega grein fyrir þeim störfum,

sem amtmennirnir hafa á hendi sem sjálfstæðir embættismenn, án þess að nefna þau störf, sem að eins eru undirbúningur undir æðri úrskurð.

Sem liður í umboðsstj. eru amtmennirnir yfirboðarar allra veraldlegra embm. og sýslunarm., hvor í sínu amti; þeir eiga því að hafa eptirlit með embættisrekstri þessara embm. og sýslunarm., og halda þeim til að rækja embættisskyldur sínar; þeir eiga að gjöra eptirlitsferðir um ömt sín svo opt sem þess er þörf og skoða embættisbækur og rannsaka embættisfærslu þeirra, sem þeir eru yfir skipaðir; þeir veita embm. ferðaleyfi innanlands og setja embættismenn í forföllum, sjá um afhendingu embætta frá einum til annars og löggilda embættisbækur; þeir skipa hreppstjóra, sáttanefndarmenn, umboðsmenn sýslumanna samkv. tilsk. 28. desbr. 1836, bólusetjara og yfirsetukonur, og veita þessum sýslunarmönnum lausn.

Að því er kemur til dómgæzlu og lögreglustjórnar, þá er það amtmaður, sem skipar setudómara; hann er sáttanefndarmaður í þeirri sveit, sem er næst bústað hans, og hefur umsjón með öllum sáttanefndum í amtinu; hann veitir gjafsókn fyrir undirrjetti og skipar málsfærslumenn í gjafsóknarmálum; hann skipar fyrir um höfðun sakamála og opinberra lögreglumála, um áfrýjun slíkra mála til yfirdóms, og um fullnustugjörð dómanna; hann úrskurðar reikninga í opinberum málum og gjafsóknarmálum og geymir dómsgjörðir; hann getur útkljáð minni sakamál og lögreglumál með úrskurði sínum, þegar kærði óskar þess; hann úrskurðar, hvenær sambúð karls og konu skuli slíta sökum hneykslis; hann gefur út lögtaksskipanir fyrir öllum landssjóðsgjöldum; hann hefur yfirstjórn allrar lögreglu í amti sínu og getur gefið út margs konar fyrirskipanir til að við halda góðri reglu og hlýðni við lögin; hann hefur og umsjón með fangelsum í amti sínu.

Amtmaður hefur eptirlit og umsjón með skiptum á dánarbúum; hann hefur á hendi æðstu fjárforráð ómyndugra, og sjer um, að fjárhaldsmenn og yfirfjárráðamenn gjöri skil fyrir fjármunum ómyndugra; hann úrskurðar, hvenær ástæða sje til, að svipta menn fjárforræði; hann úrskurðar um meðlag til óskilgetinna barna og fráskilinna og yfirgefinna kvenna.

Í sveitamálum er amtmaður formaður amtsráðsins og hefur á hendi yfirstjórn allra sveitamálefna milli amtsráðsfunda; hann undirbýr málin undir amtsráðsfund og afgreiðir þau eptir fund; hann hefur úrskurðarvald í fátækramálum og um ágreining milli hreppa innan amts um sveitfesti og framfærslu sveitarómaga; hann úrskurðar kærur yfir neitunum um húsmennskuleyfi; hann ráðstafar um kennslu daufdumbra.

Amtmaður sumpart veitir sjálfur ýms leyfisbrjef, svo sem leyfisbrjef til hjónaskilnaðar að borði og sæng, og leitar þá jafnframt um sættir milli hjóna; sömuleiðis leyfisbrjef til að hafa greiðasölu og veitingahús; sumpart gefur hann út ýmisleg kgl. leyfisbrjef og sjer um, að skilyrðin fyrir veitingu þeirra sjeu fyrir hendi; hann hefur á hendi yfirstjórn allra strandmála og úrskurðar alla strandreikninga; hann staðfestir fiskiveiðasamþykktir og reglugjörðir um notkun afrjettar og fjallsskil; hann setur verðlagsskrár með biskupi; hann stjórnar öllum vegabótum á fjallvegum og semur um vegagjörðir og borgun fyrir þær; hann hefur umsjón með þjóðjörðum og byggingu þeirra; hann semur margar skýrslur um alþjóðleg málefni; loks hefur hann á hendi stjórn margra sjóða, svo sem jafnaðarsjóðs amtsins, búnaðarsjóða, búnaðarskólagjalds og margra annara sjóða, og skal jeg sjerstaklega, að því er snertir suðuramtið, nefna Thorkillii sjóðinn, sem á nærfellt 70000 kr. höfuðstól. *(St. E.:* Þessi upptalning öll getur heimfærzt undir brjefaskriptir). Brjefaskriptir í sjálfu sjer eru ekki embættisverk, heldur úrskurðir þeir og afgreiðslur, sem brjefin hafa inni að halda; brjefin sjálf eru sjaldnast skrifuð af amtmönnunum sjálfum.

Loks hefur amtmaður á hendi yfirstjórn allra heilbrigðismálefna í amtinu; þannig hefur hann yfirumsjón með bólusetningum, gjörir ráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma á mönnum og skepnum, sjer í lagi gegn útbreiðslu fjárkláða samkv. tilsk. 5. jan. 1866 og 4. marz 1871.

Fyrst að jeg minntist á fjárkláða, þá vil jeg spyrja hina h. þm. úr Norður- og Austuramtinu, hvort þeir ekki muni eptir því, hvort mönnum þótti betra að leita til Rvíkur, þegar fjárkláðinn kom upp í Húnavatnssýslu fyrir hjer um bil 25 árum síð-

an, til að fá úrskurð um útrýmingu hans, eða að Möðruvöllum í Hörgárdal til amtmannsins þar? Það lítur út fyrir, að þeir sjeu nú búnir að gleyma því, hve vænt þeim þótti þá um, að hafa amtmanninn hjá sjer, er gat lagt úrskurð á þetta mál. Þar að auki lítur svo út sem bæði ustm. í n. d. og þeir h. þingmenn í þessari d., sem hafa borið upp brust við frv., hafi gleymt því, að amtm. yfir Suðuramtinu er líka stiptsyfirvald. Það lítur svo út, sem þeim hafi þótt stiptsyfirvöldin svo ómerkileg, að ekki væri eyðandi orðum að þeim, því þeir hafa ekki með einu orði minnzt á, hvernig skuli koma fyrir þeim störfum, sem amtmaðurinn í Suðuramtinu hefur á hendi sem stiptsyfirvald. En stiptsyfirvöldin hafa þó á hendi yfirstjórn allra skólamála og kirkjulegra málefna, kirkjueigna o. s. frv. Hvað á nú að verða um þau störf, sem stiptsyfirvöldin hafa á hendi? Ekki getur landshöfðingi komið þar í amtmanns stað, og ekki þykir mjer líklegt, að einhver sýslumaður eigi að vera stiptsyfirvald með biskupi.

Í öllum þeim málum, sem jeg hef talið upp að framan, hefur amtmaðurinn úrskurðarvald sem sjálfstæður liður í umboðsstjórninni. En þar að auki er hann milliliður milli hinnar æðstu stjórnar og þegnanna í mörgum málum, og ganga flestöll mál gegnum hendur amtm., sem liggja undir úrskurð lh., ráðgjafa og konungs. Þetta álítur hinn h. þm. Np. (B. Kr.) ekki til annars, en að tefja fyrir málunum. En þar sem amtm. í öllum þessum málum eiga að leiðbeina með tillögum sínum, þá hefir það mikla þýðingu bæði fyrir málin sjálf og fyrir lh. og ráðgjafann. Enda eru ekki aðrir skipaðir í amtmannaembætti, en þeir, sem hafa sjerstakt traust stjórnarinnar.

Ef t. a. m. hinn æðsti stjórnari innanlands, lh., væri danskur maður, þá væri ekki lítið í það varið, að hann gæti haft tillögur kunnugs ísl. manns. Þetta ætla jeg að geti vegið upp á móti þeirri tímatöf, sem kann að vera við þetta fyrirkomulag. Það er því ekki rjett, sem þm. Np. (B. Kr.) sagði, að amtm. væru ekki nema afskrifarar lh. Öll þau áhrif, sem amtmennirnir, sem milliliður milli hins æðsta úrskurðarvalds og þegnanna, geta haft á rjettlát og sanngjörn úrslit málanna hlýtur nú að hverfa við afnám amtmannaembættanna.

Samkvæmt brt. á að skipta störfum amtmannanna milli lh. og amtmanna. En hver af þessum störfum eigi að ganga til lh. og hver til sýslum., er mjer ekki ljóst. Jeg tel sjálfsagt, að hinir h. ustm. geti gjört þetta ljóst fyrir mönnum; einkum sá, sem stendur fyrstur á blaði, hinn h. 3. kgk. þm. (J. P.). Hinn h. þm. Np. (B. Kr.) tók það fram, að þar sem póstgöngurnar væru nú orðnar svo greiðar, þá mætti í öllum tilfellum nálgast úrskurði frá lh. í þeim málum, sem amtm. nú leggja úrskurð á, eins fljótt eða jafnvel fljótar, en frá amtmönnum sjálfum.

Ef maður norður í Þingeyjarsýslu þarf að fá úrskurð í einhverju því máli, sem heyrir undir amtm., þá er það samkvæmt þessu tafsamara að fá hann frá amtm. á Akureyri, en lh. í Rvík. Af því jeg get ekki skilið, að sýslumennirnir fái mörg af störfum amtmannanna, þá yrði sjálfsagt að leggja þau flestöll undir lh. Hvað fær hann nú í staðinn fyrir það, að störf hans verða aukin svo mjög? Ekki nema einn mann, einn skrifara með 1000 kr. launum á ári. Í þetta er ekki mikið varið. Því skrifstofustjóri, sem verður einn eptir brust., sem hjer eru fram komnar, er ekkert annað, en hinn núverandi landritari, maður, sem afgreiðir úrskurði þess emb.manns, sem hann er ritari hjá. Þetta sama gjörir landritarinn nú. Það verður því enginn munur á skrifstofustjóra með 4000 kr. launum og landritara með 1600 kr. launum annar en launakjörin. Að sparsamir alþm. þannig vilja kasta út 2400 kr. á ári til einkis, er mjer alveg óskiljanlegt. Jeg tek það enn fram, að jeg skal með ánægju greiða atkvæði með afnámi amtmannaembættanna, ef jeg sje tryggingu fyrir því, að störfum amtmannanna verði eins vel gegnt á annan hátt, sem nú. Þegar jeg er setztur niður, vona jeg að mjer verði ljóslega sýnt, hvernig þessari tryggingu verður náð.

Jón Pjetursson: H. 4. kgk. þm. (M. St.) gjörði vel í að telja upp öll störf amtmannanna, og hjelt það væri alveg ómögulegt að skipta þeim milli lh. og sýslumanna. En hann færði enga ástæðu fyrir þessu, og má segja um það, að það má halda margt án þess að færa ástæður fyrir. Hann hjelt líka, að þm. bæði í n.

d. og hjer þættu stiptsyfirvöldin svo ómerkileg, að þeir vildu ekki minnast á þau. Setjum nú svo, að þeirra hafi ekki verið minnzt af vanvara, hefur þá þm. rjett til að segja, að þm. bæði í n. d. og e. d. telji þau svo ómerkileg? *(Magnús Stephensen:* Náttúrlega). Það er engan veginn; það hefur enginn talið þau ómerkileg. Rg. á náttúrlega að ákveða, hvernig fara skuli með störf stiptsyfirvaldanna. Það er eðlilegast að í öllum geistlegum málum standi lh. við hlið biskupsins, enda get jeg ekki sjeð, að það sje neitt ósæmilegt fyrir lh. að hafa biskup við hliðina, að landshöfðinginn hefði jus circa sacra, en biskupinn jus sacrorum. *(Magnús Stephensen:* Er á móti 2. gr. stjórnarskrárinnar). Jeg held þó að biskupinn verði að hafa æðsta úrskurðarvald um ýmsa kirkjusiði og fleira þess háttar, og jeg skil ekki hvernig lh. ætti að geta sagt fyrir um þess konar mál; hrein andleg málefni geta aldrei heyrt undir hann. Það hefur lengi verið almennt álitið hjer á landi, að amtmennirnir mættu missa sig og stj. hefur gefið þessu almenningsáliti nokkurn gaum, þar sem hún ekki hefur veitt amtmannsembættið í Norður- og Austuramtinu. Þó stjórnin hafi um tíma ekki viljað láta að tillögum alþingis, hefur hún samt stundum látið að orðum þess, þegar hún hefur sjeð, að eitthvað hefur verið áhugamál þess. Aðaltilgangurinn með því að leggja niður amtmannaembættin er ekki eingöngu sá, að spara. Jeg skal fúslega gefa eptir, að skrifstofufje lh. mun aukið of lítið um einar 1000 kr., og jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, að hækka það upp í 2000 kr.; sömuleiðis hefði jeg kunnað betur við, að laun skrifstofustjórans væru hækkuð upp í 4500 kr. Það er auðvitað, að amtmennirnir eiga að hafa eptirlit með sýslumönnum um embættisfærslu þeirra. En ætla amtmönnunum sje það hægt, svo í lagi sje? *(Magnús Stephensen:* Er það hægra fyrir lh.?). Jeg held að margt gæti farið aflaga hjá sýslumönnum, þó amtmennirnir verði eigi varir við það, þó þeir ferðist um í amtinu. Sparnaðurinn við það, að leggja amtmannaembættin niður, yrði mikill, þó skrifstofufje lh. væri hækkað upp í 2000 kr. og laun skrifstofustjórans upp í 4500 kr. Ef stj. ætlar að leggja niður þessi embætti—og að hún ekki veitir amtmannsembættið fyrir norðan sýnist benda á það, — þá væri bezt að gjöra það strax, því aldrei verður hentugri tími til þess en nú.

Landshöfðingi: Mig furðar mikillega á því, að h. 3. kgk. þm. (J. P.) skuli gefa orðum mínum svo lítinn gaum, sem hann hefur gjört í þetta sinn. Jeg lýsti því yfir *í umboði stjórnarinnar*, að stj. enn hjeldi fast við skoðanir sínar, sem teknar eru fram í brjefi hennar 10. des. 1878. Þeim orðum mínum hefði h. 3. kgk. þm. (J. P.) átt að taka eptir, áður en hann fór að ganga út frá því sem vissu, að stj. *ætlaði sjer að leggja amtmannaembættin niður.* Þessi h. þm. er kunnur að því, að halda fram afnámi amtmannaembættanna, og gef jeg honum það eigi að sök. En þar sem hann vildi fá ástæður fyrir því, að störfum amtmannanna yrði ekki haganlega skipt milli lh. og sýslumanna, þá gleymir hann að gæta þess, að á honum sem einum af flm. þessa máls hvílir einmitt sú skylda, að sanna, að þessi skipting starfanna milli lh. og sýslumanna sje hæg og haganleg. Því þeir sem halda fram einhverri breytingu verða að færa rök fyrir því, að hún sje möguleg og hagkvæm. Jeg held, að h. 4. kgk. þm. (M. St.) hafi svo ljóslega sýnt fram á, að störf amtmannanna sjeu bæði margbrotin og vandasöm, svo það má telja full sannað fyrir h. þd., að það er ei svo auðvelt sem margir ætla að leggja þessi embætti niður, og sjá embættisstörfunum borgið svo, að vel megi við una. Mjer er eigi ljóst, hvernig h. 3. kgk. þm. fer að samrýma það tvennt, að lh. hafi æðsta embættisvald á Íslandi og sje þó samhliða öðrum embættismanni. Það er eigi rjett hugsað hjá h. 3. kgk. þm., sem heldur eigi að öðru leyti tókst heppilega að styðja mál sitt við rök.

Jón Pjetursson: Mjer þykir slæmt, að þurfa að fá ofanígjöf frá hæstv. lh. En jeg vissi ei, að hann hefði fengið brjef frá stj. nú um þetta mál. En ef hann nú hefur fengið tilkynningu um, að stj. samþykki eigi afnám amtmannaembættanna, þá er ekki til neins fyrir þingið, að fara lengra með þetta frv. Jeg get ekki sjeð, að jeg hafi verðskuldað neina ofanígjöf, því jeg get ekki vitað, hvort lh. hefur fengið nokkra nýja tilkynningu frá stj. um þetta mál eða ekki. Þar sem hæstv.

lh. sagði, að jeg væri alþekktur að því, að vera á móti amtmönnunum, þá verð jeg að mótmæla því. Ef það er ósamboðið lh. að hafa biskup við hlið sjer, þá sje jeg ekki annað ráð, en að aðskilja geistlegu málin frá þeim verzlegu.

Landshöfðingi: Mjer skilst, að h. 3. kgk. þm. (J. P.) vilji vita, hvort jeg hafi haft rjett eða vald til að segja þau orð sem jeg sagði. Jeg skal enn einu sinni taka það fram, að jeg lýsti þeim yfir í umboði stj. og jeg hafði fullt vald til þess. *(Jón Pjetursson:* Hefur lh. fengið nýja tilkynningu um það?) Tilkynningu um, að stjórnin hjeldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar og ástæður þær, sem teknar eru fram í brjefinu 10. des. 1878. Og til þess að lýsa þessu yfir fyrir þinginu hafði jeg fullt umboð frá stjórninni.

Jón Pjetursson: Þá sje jeg ekki, að það sje til nokkurs hlutar fyrir þingið að fara lengra út í þetta mál, eða ræða frv. lengur, því þetta er ekkert principspursmál.

Ásgeir Einarsson: Jeg held að nú megi segja, að í villu leiðist eigi einungis hinir fáfróðu, heldur og útvaldir, þegar menn heyra að hinir þrír h. kgk. þm. sem allir hafa í amtmannasætum setið, kemur eigi saman um þetta mál, og þó þeir aldrei hefðu í amtmannssæti setzt, þá eru þetta allt svo hálærðir menn, og gagnkunnugir æðstu embættisstigum landsins, að menn skyldu ætla, að þeir gætu orðið á eitt sáttir. Jeg ber engan veginn á móti því, að störf amtmannanna eru mörg; en ekki eru þau nú öll svo erfið t. d. að skrifa undir skipunarbrjef fyrir bólusetjara, yfirsetukonu eða hreppstjóra. Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um það, þegar þessu máli var fyrst hreift hjer á þingi. Sveinbjörnsen justitiarius var hvatamaður þess, þó hann ekki bæri málið upp, því hann sat í forsetasæti þingsins; Jón Guðmundsson, þáverandi umboðsmaður, bar upp ust. Ræða amtmanns Melsteðs mun flestum þm. kunn um þetta mál, sem lesið hafa lesið þingtíðindin. Þeir voru báðir á þeirra skoðun, þó landið væri ekki komið eins langt og nú í sjálfsforræði, að hið eina rjetta væri, að draga stjórnina sem mest saman í eitt, centralisera stj. landsins, svo tafir og misskilningur stæði síður í vegi, þegar málin kæmu öll til kg. eða stj. í Danmörku úr einni átt, en ekki sitt úr hverri áttinni frá amtmönnunum í landinu. Og í þessu skyni var stungið upp á, að setja 3 manna yfirstj. í Reykjavík, sem flest eða öll mál skyldu ganga til. Það er ekki ætlið hagræði að því fyrir sýslubúa út um landið, að þurfa að láta mál sín ganga gegnum amtmanninn í amtinu. Það er satt, að fljótt og vel var ráðið úr fjárkláðanum í Húnavatnssýslu fyrir dugnað amtmanns, en ei að síður dugði það ekki. Fjárkláðinn gekk hvað eptir annað aptur, þangað til Borgarfundurinn var haldinn í Húnavatnssýslu, og málið gekk ekki gegnum amtmanninn, heldur beina leið til landshöfðingja, sem var beðinn aðstoðar til þess að sameina kraptana sem bezt mætti verða. Þá fyrst útrýmdist fjárkláðinn; þetta er satt og verður ekki afmáð; það er óafmáanlegt letur í sögu þjóðarinnar. Það mun verða vandasamt fyrir amtmennina að vaka yfir sýslumönnunum, ef það á að vera gjört rækilega og þess gætt, að þeir að minnsta kosti skrifi rjett þingboðsseðil; jeg vil nú ekki minnast á það, að þeir sjái um, að enginn sje sá í sýslumannsstöðu, sem ekki skilur málið. Jeg vona til, að jeg fái upplýsingu um, að það sje nauðsynlegt, að halda þessum amtmönnum, svo jeg geti sannfærzt um, að það sje heimskulegt, en óskynsamlegt að leggja amtmannaembættin niður. Málið er töluvert þýðingarmikið, þó það í raun-inni sje ekkert stóreflis velferðarmál. En mig langar til að leita að sannleikanum og finna hið rjetta, svo aldrei þurfi að koma til þess, að jeg greiði atkvæði með því, sem er landi mína og þjóð til ógæfu. Jeg vil varast það, að forsómun mín sje skuld í slíku; en af fáfræði getur þó svo farið.

Benidikt Kristjánsson: Hafi jeg skilið rjett h. 3. kgk. þm. (J. P.), þá áleit hann, að málið skyldi fella niður, fyrir þá sök að lh. lýsti því yfir í umboði stj. að hún hjeldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar í þessu máli. Það er víst hægt að benda á mörg mál, sem náð hafa fyrirstöðulaust staðfestingu kgs síðan 1875, að þingið fjekk löggjafarvald, þó lh. hafi lagzt í móti þeim á þingi. Þetta stendur í sambandi við embættisstöðu lh. á þinginu; hann er allt annar maður en rg., sem ábyrgðina ber fyrir þinginu. Við

umræður málsins hjer í deildinni hafa komið fram áskoranir frá meðhaldsmönnum amtmannaembættanna til þeirra, sem fylgja þessu máli, að þeir skýri ljóslega frá, hvernig skipta skuli amtmannastörfunum. En jeg verð að ætla, að það liggi alveg fyrir utan verksvið löggefandi þings. Hitt snertir þingið meira, hvort embætti eru ónauðsynleg, svo þau megi afnema og ekki þurfi að verja stórfje úr lsj. til þeirra. Þess vegna hefur þingið atkvæði um afnám amtmanna- og landritaraembættisins, en ekki um það, hvernig störfum þessara embætta sje skipt; það heyrir undir hið æðsta umboðsvald yfirstj. landsins.

Magnús Stephensen: Það er mótsögn í því hjá h. þm. Np. (B. K.), að hann segir að ekki löggjafarvaldið heldur umboðsvaldið ákveði hvernig störfum amtmannaembættanna skuli skipt, en hefur þó sjálfur skrifað undir bratkv. sem ákveður að störfunum *skuli* skipt milli lh. og sýslumanna. Þó. stj. vildi skipta öðru vísi, þá væri henni það ekki heimilt sökum ákvæða þingsins um það, sem h. þm. Np. segir að liggi fyrir utan verksvið þingsins að kveða á um. Þess hefur verið getið hjer í deildinni sem sönnunar fyrir því, að stj. mundi ætla að leggja amtmannaembættin niður, að amtmannsembættið í Norður- og Austuramtinu hefur ekki verið veitt í 2 ár; en jeg skal minna h. þd. á, að stiptamtmannsembættið var ekki veitt í 5 ár og mun þó enginn hafa talið það sönnun fyrir því, að stj. ætlaði sjer að afnema stiptamtmannsembættið. Að öðru leyti fellur mjer það þungt, að engin skýrsla skuli koma frá neinum af flytjendum málsins um það, hvernig þeir hafi hugsað sjer, að skipta skyldi störfunum. H. 3. kgk. þm. (J. P.) gat enga skýringu gefið, en heimtaði af mjer að sanna að skiptingin væri erfið, en það er einmitt hann sem á að sanna, að hún sje *ekki* erfið. Jeg get nú ekki sjeð, að nema örfá af málum þeim, sem undir amtmennina liggja, geti lagzt til sýslumannanna. Þau verða nær því öll að leggjast til lh. og það eina sem honum bætist, til þess aðstoða hann við þennan mikla starfsauka, er einn skrifari, sem hann getur fengið fyrir þessar 1000 kr. sem skrifstofufje hans á að hækka um.

Jón Pjetursson: Jeg sje enga ástæðu til að tala meira um þetta mál, úr því að lh. í umboði stj. hefur lýst yfir að stj. haldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar, að ótiltækilegt sje að leggja niður amtmannaembættin.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins tala fáein orð af því að jeg er einn af flm. bratkv. Það hefur verið mikið talað um, að flm. gætu ekki gjört grein fyrir hvernig skipta skuli störfum amtmannanna. En jeg er alveg samdóma h. þm. Np., að þingið eigi ekki að fara lengra í skiptingunni en það hefur gjört. Það hefur tiltekið aðalskiptin á störfum þeim, sem nú liggja undir amtmennina, bæði sem amtmenn og forseta í amtsráðunum, nefnil. að til landsh. og sýslum. leggist þau störf sem amtmenn hafa sem embættismenn; en til fjórðungsráðanna þau störf sem amtmenn hafa sem formenn amtsráðanna. Lengra á þingið ekki að fara; annars er yfirstj. landsins fremur misboðið og virðist heldur ekki nein þörf. Af því að þessi aðalskipting hefur í för með sjer br. á sveitastjórnarlögunum, hlýtur hún að liggja undir atkvæði þingsins, en meira ekki. Hitt liggur beinlínis undir hina æðstu umboðsstjórn að skipta störfunum eptir þessari aðalskiptingu þingsins milli lh. og sýslumanna, vísa stærri málunum til lh. en smærri til sýslumanna. Þegar jeg heyrði h. 4. kgk. telja upp öll störfin, datt mjer í hug, hvernig vel mætti skipta mörgum af þeim. *(Magnús Stephensen:* Það væri gaman að heyra það). Það er nú naumast heimtandi af mjer eða mínum líkum í þessu augnabliki; en jeg ímynda mjer að þingmaðurinn sjálfur þyrfti ekki langan tíma til þess, ef hann vildi ljettan á leggja. Jeg veit að mörg af störfum amtmannanna eru vandasöm, en sum eru líka lítilræði og langt frá að vera mjög vandasöm. Brtill. hefur tekið fram aðalskiptin og það átti hún að gjöra; meira liggur ekki undir verksvið þingsins; hitt liggur undir hina æðri umboðsstjórn, eins og búið er að taka fram.

Atkvgr.: Brt. við 1. gr. (C 323) sþ. með 6 atkv. gegn 3, 1. gr. þannig orðuð sþ. með 6 atkv.; br. við 2. gr. sþ. m. 7., 2. gr. þannig orðuð sþ. með 6.; br. við 3. gr. sþ. m. 6, 3. gr. frv. þar með fallin; br. við 4.

gr. sþ. m. 7, 4. gr. frv. þar með fallin; 5.gr. sþ. m. 6.

Frv. vísað til 3. umr. m. 6 atkv.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 276); frh. 2. umr.

Ásgeir Einarsson (frsm.): Jeg stend upp af því að jeg hef verið kosinn frsm. þessa máls, en eigi af því, að ekki sje búið að ræða málið. Nál. liggur nú fyrir h. þd. (C 335), og með því að engin mótmæli enn eru komin fram, skal jeg ekki vera langorður í þetta sinn. Jeg skal einungis gjöra þá athugasemd málinu til skýringar, að frá því að lögin 1849 komu út, og til þess að opna brjefið kom 1855 voru allt af að koma bænarskrár til þingsins frá selalagnamönnunum, svo að þeir háðu þannig nokkurs konar 5 ára stríð, en nú hafa skotmennirnir aptur á móti átt í nokkurs konar 30 ára stríði frá því 1855 og til þess nú. Á öllum þessum tíma hefur engum dottið í hug að miðla málum. Það er nú í fyrsta sinni í þessu frv. mínu, sem meiri hluti n. hefur fallizt á. reynt til að fara þessa nýju leið, að miðla málum. Mig langar nú til, að þetta frv. komizt ofan í n. d., því þar eru menn úr öllum hjeruðum landsins, sem hlut eiga að máli. Komizt frv. þangað, þá er jeg ánægður; því þá er það úr minni ábyrgð og jeg veit fyrir samvizku minni, að jeg hef gjört það sem jeg vissi sannast og rjettast í þessu máli. Þó málið fái eigi framgang að þessu sinni, þá er ekki unnið til ónýtis, því að til næsta þings geta þá þeir sem hjer eiga hlut við máli íhugað þetta frv. og komizt að einhverri niðurstöðu um það hvort það muni viðunanlegt. Þó þessi bið verði á málinu til næsta þings, þá get jeg ekki sjeð neitt á móti því; menn hafa beðið svo lengi hvort sem er. Jeg vil einungis leyfa mjer að mælast til þess við h. þd., að hún lofi þessu frv. að komast lifandi ofan í n. d.

Forseti: Það er ómögulegt, að tengja nfrv. við hitt. Áður en þetta nýja frv. er rætt, verður að gera út um hið upprunalega frv., annaðhvort fallast á það eða fella það. Verði það fellt, getur svo með samþykki d. 1. umr. um þetta frv. byrjað.

Ásgeir Einarsson: Ef forseta þykir rjettast að ganga fyrst til atkvæða um fyrra frv., þá fellst jeg fúslega á það. Þeir sem halda fram frv. n., munu þá fella það. Jeg skal ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins með óþörfum ræðum.

Frv. fellt frá 3. umr. með 5 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga um friðun sela á Breiðafirði (C 337); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (C 334); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. m. 8 atkv. og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Fertugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 16. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um br. á l. um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875 (C 334); 3. umr.

Sighvatur Árnason (frsm.): Jeg skal ekki vera margorður í þetta skipti; það er búið að ræða svo mikið um þetta mál. Að eins skal jeg fara nokkrum orðum um br. n. (C 344), sem nú liggja fyrir hinni h. þd. Skal jeg þá geta þess, að jeg fyrir mitt leyti hefi eiginlega gengið inn á þessar br. til sátta og sammála við hinn h. h. minni hluta (M. St.). Eins og hinni h. þd. er kunnugt, fjellu ræður manna svo við hinar fyrri umræður þessa máls, hvað jöfnuð á launum snerti, að jöfnuðurinn þyrfti eins að vera að neðan eins og að ofan. Hefur n. nú komið með þessar brt. til þess að færa þetta í lag frá báðum hliðum, og því stungið upp á, að færa lítið eitt upp tölurnar hjá hinum lægst launuðu embm. Þessir h. embm., sem hjer eiga hlut að máli, þurfa ekki að þakka mjer þessa litlu launahækkun, sem hjer ræðir um, heldur hinum h. minni hluta. Jeg vildi að vísu líka fallast á þessar br. til þess að meiri von yrði um, að málið fengi greiðan framgang bæði hjer á þingi og framvegis á öllum stöðum.

launa. Landritarinn er að vísu konungl. embm.; en jeg held að eptirlaunabyrði sú, sem þetta embætti bakaði lsj., gæti aldrei orðið honum tilfinnanleg. Um það mundu aldrei sækja nema yngri menn, sem varla eða mjög sjaldan sem landritarar mundu komast á eptirlaun. Yfir höfuð ætla jeg að þetta nýja fyrirkomulag með öllum þess afleiðingum hafi ekki verið hugsað svo út í æsar sem æskilegt væri. Það er talað um að fela formönnum fjórðungsráðanna ýms störf amtmannanna, og með því eru sýslumenn settir yfir sýslumenn. Svo veit jeg ekki hver á að vera næsti yfirboðari formanna fjórðungsráðanna; eða eiga þeir ekki að hafa yfirboðara eins og sýslumennirnir? Það er einhver óregla í öllu þessu hugsaða ástandi. En eins og þetta fyrirkomulag er óhagkvæmt, eins verður að mínu áliti ekkert eða lítið sparað við það, ef það leiðir ekki þvert á móti til meiri kostnaðar. Jeg hefi nú lýst yfir skoðun stjórnarinnar í þessu máli og samkvæmt því verð jeg jafnframt að taka það fram, að jeg verð að álíta það muni verða með öllu árangurslaust, þótt hin háttvirta deild samþykki þetta frumvarp.

Stefán Eiríksson: Jeg stend upp einkum til þess, að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg hef ekki hingað til tafið þd. með tölum um það.

Það hafa nú komið fram hjá hinum hæstv. lh. og hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) við fyrstu umr. þessa máls töluverðar mótbárur móti þessu máli, og það getur nú verið, að þær sjeu á rökum byggðar.

Hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) kom með þá ástæðu móti frv., að menn væru ekki svo kunnugir störfum amtm., að menn gætu haft neina fasta skoðun á því, hvort rjett væri að halda amtmannaembættunum eða ekki. Jeg skal nú játa, að jeg er ekki fullkomlega viss um, að mjer sjeu kunnug öll þau störf, sem amtmennirnir hafa á hendi. En jeg veit það, að þeir hafa töluverðar brjefaskriptir, úrskurðarvald í fleiri málum, og yfirumsjón með ýmsum sjóðum. Jeg skal játa það, að þetta eru nokkur störf. En jeg vona, að þau verði fullviðunanlega leyst af hendi af lh. með skrifstofustjóra og einum eða tveimur skrifstofuþjónum og 4 formönnum fjórðungsráða. Jeg get því ekki álitið sjerlega nauðsynlegt, að amtmannaembættunum verði haldið áfram. Lh. færði þær ástæður fram, að stj. vildi ekki ganga inn á að afnema amtmannaembættin. Það getur nú verið, að stj. vilji ekki sþ. þetta frv. En undarlegt er það, að hinn setti amtmaður yfir norður- og austuramtinu er enn ekki fast skipaður í þetta embætti af stj. Þetta virðist þó fremur gefa mönnum bendingu um, að stj. sje ekki svo mjög á móti því, að af nema amtmannaembættin. Þá sagði hinn hæstv. lh., að lítið fje mundi sparast við þetta fyrirhugaða nýja fyrirkomulag. Það getur nú satt verið, að það verði ekki mikið; en það verður þó nokkuð. Eptir þessu frv. og brtill. munu þó sparast rúmar 9000 kr., sem er þó ekki svo lítið fje árlega. Það er þó dálítið til að fylla upp í skörðin, þar sem sumum hinna veraldlegu embm. þykir vanta á, að þeir hafi viðunanleg laun. Kostnaðurinn við fjórðungsráðin yrði að vísu nokkur, en þó getur hann aldrei numið sparnaðinum við afnám amtmannaembættanna. Aðalkosturinn við fjórðungsráðin er sá, að í þeim koma tll að sitja nákunnugir menn úr hverju sýslufjelagi hvers fjórðungs. En í amtsráðunum nú sitja vanalega menn úr næstu hjeruðum við aðseturstað þeirra. Þannig ætla jeg, að allir í amtsráði norður- og austuramtsins sjeu úr einu sýslufjelagi. *(Margir:* Neil). Jæja, það getur nú verið. Jeg stend þá ekki heldur fast á því, en samt sem áður verð jeg að álíta það kost, að í fjórðungsráðinu eiga að sitja kunnugir menn úr hverju hjeraði.

Jeg skal leyfa mjer, áður en jeg sezt niður, að gjöra litla aths. við brtill., enda þótt jeg fallizt á þær yfir höfuð að tala. Í brtill. við 3. gr. er ætlazt til, að fulltrúi sá, er sitja skal í fjórðungsráðinu úr hverju sýslufjelagi, skuli kosinn á manntalsþingum, en eptir hinu upprunalega frv. átti að kjósa hann af sýslunefndinni. Nú getur svo farið, að sýslumaður, þegar hann er búinn að láta kjósa fulltrúa á öllum manntalsþingum sýslunnar, þurfi að kalla saman sýslunefnd til að kveðja til 2 menn að telja saman atkv. Þetta gæti, ef til vildi, haft í för með sjer óþarfa-kostnað. Þess vegna vil jeg skjóta því til ustm., hvort þeim sýndist ekki að breyta þessu til 3. umr. í þá átt, að atkvæðin skuli talin saman af kjörstjórninni á hinu síðasta manntalsþingi eptir að kosningunni er lokið.

Benidikt Kristjánsson: Jeg get að mestu fallizt á athugasemdir hins h. þm. Ask. (St. Eir.), þar sem hann tók fram ýmislegt viðvíkjandi frv. En það var eitt atriði í ræðu hins h. þm., sem jeg get ekki verið honum samdóma um. Þar sem hann minntist á brt. við 3. gr., ímynda jeg mjer, að aths. hans hafi verið byggð á misskilningi. Hann hefur ekki hugsað sjer rjett, hvernig fyrirkomulagið yrði eptir brt. Þar er gjört ráð fyrir tveimur mönnum, er sýslunefndin kveðji til að telja atkvæðin. Það er vafalaust meiningin, að á næsta sýslunefndarfundi á undan manntalsþingi sjeu til nefndir þessir tveir menn, sem sýslumaður svo kallar til sín eptir að kosningin á fulltrúunum hefur fram farið.

Þá skal jeg leyfa mjer að minnast nokkuð á athugasemdir hins hæstv. lh. móti þessu máli, þótt jeg viðurkenni, að jeg með því taki mjer ofmikið í fang. Hinn hæstv. lh. gat þess, að afgreiðsla allra mála mundi verða seinni og umsvifameiri með þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi, en nú ætti sjer stað. En að því leyti sem um sveitastjórnarmál er að ræða, get jeg ekki betur sjeð, en að fjórðungsráðin geti afgreitt þau eins fljótt eða fljótar en þau eru afgreidd nú. Og að fjórðungsráðin yrði svo kostnaðarsöm, að varla mundi standast á kostnaður og ábati, það get jeg heldur ekki skilið. Því ef amtsráðin þurfa ekki að koma saman optar en tvisvar á ári, þá get jeg ekki sjeð að fjórðungsráðin þurfi að koma optar saman. En að því er snertir mál þau, sem nú heyra undir amtmennina sem amtm. sem slíka, en ekki sem forseta í amtsráðunum, þá ímynda jeg mjer, að þau muni verða afgreidd fullt eins fljótt þegar þau samkvæmt brt. heyra undir lh., að jeg ekki tali um, ef þau að einhverju leyti yrðu lögð undir sýslumennina, eins og ráð er fyrir gjört í brt. Fyrst allar póstgöngur eru orðnar svo greiðar og komnar í svo gott lag, þá getur vel staðið svo á, að málin verði fljótar afgreidd undir landshöfðingja, en undir amtmönnum; þó ekki sje gjört ráð fyrir, að lh. gjöri út um þau mál, sem amtmennirnir ekki hafa fullnaðarúrskurð í, er þó sannarlega engin flýtir í afgreiðslu, að þau mál gangi í gegn um amtmennina sem skrifstofustjóra hjá lh. Hinn hæstv. lh. tók það enn fremur fram, að við þetta fyrirkomulag yrði stj. of mikið dregin saman í eitt, undir einn embættismann. Jeg held hjer sje í rauninni ekki um annan samdrátt að ræða en þann, sem bæði er eðlilegur og ætti að eiga sjer stað. Að skrifstofustjórinn eða skrifstofustjórarnir, hvort sem það yrði einn, eins og brt. fara fram á, eða 2, eins og ákveðið er í frv., verði svo mjög háðir lh., get jeg ekki skilið, og sízt að þeir verði honum meira háðir en amtmennirnir nú. Því amtmennirnir eru nú ómótmælanlega lh. háðir. Þá gat hinn hæstv. lh. þess, að ef formaðurinn í fjórðungsráði væri sýslumaður, þá væri það óviðfelldið, að sýslumaður sem formaður í fjórðungsráði með því væri settur yfir sjálfan sig sem sýslumann. Í frv. er að vísu gjört ráð fyrir, að formaðurinn sje sýslumaður, en eptir brt. kemur þetta nokkuð öðruvísi út. Þar er ekki beinlínis ákveðið, að formaður ráðsins skuli vera sýslumaður, heldur sá, sem lh. til kveður, sem að líkindum optast mundi verða sýslumaður. Þetta getur, ef til vill, álitist ekki sem hentugast, ef það er ekki tekið til greina, að sýslumaðurinn hefur að eins eitt atkvæði í fjórðungsráðinu. Eptir þessu frv. get jeg ekki sjeð annað en eptirlit með embættisfærslu sýslumanns, þótt hann sje oddviti í fjórðungsráði, geti verið nægilegt. Skal jeg svo ekki að svo stöddu fara lengra út í þetta mál.

Magnús Stephensen: Við 1. umr. þessa máls gat jeg þess, að mjer virtist frv n. d. bera með sjer, að þm. þar væru ekki fullkunnugir störfum amtmannanna, og jeg gat þess jafnframt, að jeg hefði meira traust til þekkingar manna í þessari d. í þessu efni. En nú hefi jeg sannfærzt af ræðu hins h. þm. Ask. (St. Eir.), að honum, að minnsta kosti, er ekki vel ljóst, hver þessi störf eru, því hann kannast ekki við, að amtmennirnir hafi önnur störf, en nokkrar brjefaskriptir, og meinar hann þar sjálfsagt einungis hreinskrifanir, úrskurðarvald í nokkrum málum og stjórn nokkurra sjóða. Þetta er allt sem hann vissi um störf amtmanna, en allt um það er þm. bær um að dæma um það, hvort ráðlegt sje, að afnema amtmannaembættin, og hvernig bezt verði ráðstafað störfum þeirra. Jeg held því, að það sje ekki alveg ástæðulaust þó jeg gjörði stuttlega grein fyrir þeim störfum,

sem amtmennirnir hafa á hendi sem sjálfstæðir embættismenn, án þess að nefna þau störf, sem að eins eru undirbúningur undir æðri úrskurð.

Sem liður í umboðsstj. eru amtmennirnir yfirboðarar allra veraldlegra embm. og sýslunarm., hvor í sínu amti; þeir eiga því að hafa eptirlit með embættisrekstri þessara embm. og sýslunarm., og halda þeim til að rækja embættisskyldur sínar; þeir eiga að gjöra eptirlitsferðir um ömt sín svo opt sem þess er þörf og skoða embættisbækur og rannsaka embættisfærslu þeirra, sem þeir eru yfir skipaðir; þeir veita embm. ferðaleyfi innanlands og setja embættismenn í forföllum, sjá um afhendingu embætta frá einum til annars og löggilda embættisbækur; þeir skipa hreppstjóra, sáttanefndarmenn, umboðsmenn sýslumanna samkv. tilsk. 28. desbr. 1836, bólusetjara og yfirsetukonur, og veita þessum sýslunarmönnum lausn.

Að því er kemur til dómgæzlu og lögreglustjórnar, þá er það amtmaður, sem skipar setudómara; hann er sáttanefndarmaður í þeirri sveit, sem er næst bústað hans, og hefur umsjón með öllum sáttanefndum í amtinu; hann veitir gjafsókn fyrir undirrjetti og skipar málsfærslumenn í gjafsóknarmálum; hann skipar fyrir um höfðun sakamála og opinberra lögreglumála, um áfrýjun slíkra mála til yfirdóms, og um fullnustugjörð dómanna; hann úrskurðar reikninga í opinberum málum og gjafsóknarmálum og geymir dómsgjörðir; hann getur útkljáð minni sakamál og lögreglumál með úrskurði sínum, þegar kærði óskar þess; hann úrskurðar, hvenær sambúð karls og konu skuli slíta sökum hneykslis; hann gefur út lögtaksskipanir fyrir öllum landssjóðsgjöldum; hann hefur yfirstjórn allrar lögreglu í amti sínu og getur gefið út margs konar fyrirskipanir til að við halda góðri reglu og hlýðni við lögin; hann hefur og umsjón með fangelsum í amti sínu.

Amtmaður hefur eptirlit og umsjón með skiptum á dánarbúum; hann hefur á hendi æðstu fjárforráð ómyndugra, og sjer um, að fjárhaldsmenn og yfirfjárráðamenn gjöri skil fyrir fjármunum ómyndugra; hann úrskurðar, hvenær ástæða sje til, að svipta menn fjárforræði; hann úrskurðar um meðlag til óskilgetinna barna og fráskilinna og yfirgefinna kvenna.

Í sveitamálum er amtmaður formaður amtsráðsins og hefur á hendi yfirstjórn allra sveitamálefna milli amtsráðsfunda; hann undirbýr málin undir amtsráðsfund og afgreiðir þau eptir fund; hann hefur úrskurðarvald í fátækramálum og um ágreining milli hreppa innan amts um sveitfesti og framfærslu sveitarómaga; hann úrskurðar kærur yfir neitunum um húsmennskuleyfi; hann ráðstafar um kennslu daufdumbra.

Amtmaður sumpart veitir sjálfur ýms leyfisbrjef, svo sem leyfisbrjef til hjónaskilnaðar að borði og sæng, og leitar þá jafnframt um sættir milli hjóna; sömuleiðis leyfisbrjef til að hafa greiðasölu og veitingahús; sumpart gefur hann út ýmisleg kgl. leyfisbrjef og sjer um, að skilyrðin fyrir veitingu þeirra sjeu fyrir hendi; hann hefur á hendi yfirstjórn allra strandmála og úrskurðar alla strandreikninga; hann staðfestir fiskiveiðasamþykktir og reglugjörðir um notkun afrjettar og fjallskil; hann setur verðlagsskrár með biskupi; hann stjórnar öllum vegabótum á fjallvegum og semur um vegagjörðir og borgun fyrir þær; hann hefur umsjón með þjóðjörðum og byggingu þeirra; hann semur margar skýrslur um alþjóðleg málefni; loks hefur hann á hendi stjórn margra sjóða, svo sem jafnaðarsjóðs amtsins, búnaðarsjóða, búnaðarskólagjalds og margra annara sjóða, og skal jeg sjerstaklega, að því er snertir suðuramtið, nefna Thorkillii sjóðinn, sem á nærfellt 70000 kr. höfuðstól. *(St. E.:* Þessi upptalning öll getur heimfærzt undir brjefaskriptir). Brjefaskriptir í sjálfu sjer eru ekki embættisverk, heldur úrskurðir þeir og afgreiðslur, sem brjefin hafa inni að halda; brjefin sjálf eru sjaldnast skrifuð af amtmönnunum sjálfum.

Loks hefur amtmaður á hendi yfirstjórn allra heilbrigðismálefna í amtinu; þannig hefur hann yfirumsjón með bólusetningum, gjörir ráðstafnanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma á mönnum og skepnum, sjer í lagi gegn útbreiðslu fjárkláða samkv. tilsk. 5. jan. 1866 og 4. marz 1871.

Fyrst að jeg minntist á fjárkláða, þá vil jeg spyrja hina h. þm. úr Norður- og Austuramtinu, hvort þeir ekki muni eptir því, hvort mönnum þótti betra að leita til Rvíkur, þegar fjárkláðinn kom upp í Húnavatnssýslu fyrir hjer um bil 25 árum síð-

an, til að fá úrskurð um útrýmingu hans, eða að Möðruvöllum í Hörgárdal til amtmannsins þar? Það lítur út fyrir, að þeir sjeu nú búnir að gleyma því, hve vænt þeim þótti þá um, að hafa amtmanninn hjá sjer, er gat lagt úrskurð á þetta mál. Þar að auki lítur svo út sem bæði ustm. í n. d. og þeir h. þingmenn í þessari d., sem hafa borið upp brust við frv., hafi gleymt því, að amtm. yfir Suðuramtinu er líka stiptsyfirvald. Það lítur svo út, sem þeim hafi þótt stiptsyfirvöldin svo ómerkileg, að ekki væri eyðandi orðum að þeim, því þeir hafa ekki með einu orði minnzt á, hvernig skuli koma fyrir þeim störfum, sem amtmaðurinn í Suðuramtinu hefur á hendi sem stiptsyfirvald. En stiptsyfirvöldin hafa þó á hendi yfirstjórn allra skólamála og kirkjulegra málefna, kirkjueigna o. s. frv. Hvað á nú að verða um þau störf, sem stiptsyfirvöldin hafa á hendi? Ekki getur landshöfðingi komið þar í amtmanns stað, og ekki þykir mjer líklegt, að einhver sýslumaður eigi að vera stiptsyfirvald með biskupi.

Í öllum þeim málum, sem jeg hef talið upp að framan, hefur amtmaðurinn úrskurðarvald sem sjálfstæður liður í umboðsstjórninni. En þar að auki er hann milliliður milli hinnar æðstu stjórnar og þegnanna í mörgum málum, og ganga flestöll mál gegnum hendur amtm., sem liggja undir úrskurð lh., ráðgjafa og konungs. Þetta álítur hinn h. þm. Np. (B. Kr.) ekki til annars, en að tefja fyrir málunum. En þar sem amtm. í öllum þessum málum eiga að leiðbeina með tillögum sínum, þá hefir það mikla þýðingu bæði fyrir málin sjálf og fyrir lh. og ráðgjafann. Enda eru ekki aðrir skipaðir í amtmannaembætti, en þeir, sem hafa sjerstakt traust stjórnarinnar.

Ef t. a. m. hinn æðsti stjórnari innanlands, lh., væri danskur maður, þá væri ekki lítið í það varið, að hann gæti haft tillögur kunnugs ísl. manns. Þetta ætla jeg að geti vegið upp á móti þeirri tímatöf, sem kann að vera við þetta fyrirkomulag. Það er því ekki rjett, sem þm. Np. (B. Kr.) sagði, að amtm. væru ekki nema afskrifarar lh. Öll þau áhrif, sem amtmennirnir, sem milliliður milli hins æðsta úrskurðarvalds og þegnanna, geta haft á rjettlát og sanngjörn úrslit málanna hlýtur nú að hverfa við afnám amtmannaembættanna.

Samkvæmt brt. á að skipta störfum amtmannanna milli lh. og amtmanna. En hver af þessum störfum eigi að ganga til lh. og hver til sýslum., er mjer ekki ljóst. Jeg tel sjálfsagt, að hinir h. ustm. geti gjört þetta ljóst fyrir mönnum; einkum sá, sem stendur fyrstur á blaði, hinn h. 3. kgk. þm. (J. P.). Hinn h. þm. Np. (B. Kr.) tók það fram, að þar sem póstgöngurnar væru nú orðnar svo greiðar, þá mætti í öllum tilfellum nálgast úrskurði frá lh. í þeim málum, sem amtm. nú leggja úrskurð á, eins fljótt eða jafnvel fljótar, en frá amtmönnum sjálfum.

Ef maður norður í Þingeyjarsýslu þarf að fá úrskurð í einhverju því máli, sem heyrir undir amtm., þá er það samkvæmt þessu tafsamara að fá hann frá amtm. á Akureyri, en lh. í Rvík. Af því jeg get ekki skilið, að sýslumennirnir fái mörg af störfum amtmannanna, þá yrði sjálfsagt að leggja þau flestöll undir lh. Hvað fær hann nú í staðinn fyrir það, að störf hans verða aukin svo mjög? Ekki nema einn mann, einn skrifara með 1000 kr. launum á ári. Í þetta er ekki mikið varið. Því skrifstofustjóri, sem verður einn eptir brust., sem hjer eru fram komnar, er ekkert annað, en hinn núverandi landritari, maður, sem afgreiðir úrskurði þess emb.manns, sem hann er ritari hjá. Þetta sama gjörir landritarinn nú. Það verður því enginn munur á skrifstofustjóra með 4000 kr. launum og landritara með 1600 kr. launum annar en launakjörin. Að sparsamir alþm. þannig vilja kasta út 2400 kr. á ári til einkis, er mjer alveg óskiljanlegt. Jeg tek það enn fram, að jeg skal með ánægju greiða atkvæði með afnámi amtmannaembættanna, ef jeg sje tryggingu fyrir því, að störfum amtmannanna verði eins vel gegnt á annan hátt, sem nú. Þegar jeg er setztur niður, vona jeg að mjer verði ljóslega sýnt, hvernig þessari tryggingu verður náð.

Jón Pjetursson: H. 4. kgk. þm. (M. St.) gjörði vel í að telja upp öll störf amtmannanna, og hjelt það væri alveg ómögulegt að skipta þeim milli lh. og sýslumanna. En hann færði enga ástæðu fyrir þessu, og má segja um það, að það má halda margt án þess að færa ástæður fyrir. Hann hjelt líka, að þm. bæði í n.

d. og hjer þættu stiptsyfirvöldin svo ómerkileg, að þeir vildu ekki minnast á þau. Setjum nú svo, að þeirra hafi ekki verið minnzt af vanvara, hefur þá þm. rjett til að segja, að þm. bæði í n. d. og e. d. telji þau svo ómerkileg? *(Magnús Stephensen:* Náttúrlega). Það er engan veginn; það hefur enginn talið þau ómerkileg. Rg. á náttúrlega að ákveða, hvernig fara skuli með störf stiptsyfirvaldanna. Það er eðlilegast að í öllum geistlegum málum standi lh. við hlið biskupsins, enda get jeg ekki sjeð, að það sje neitt ósæmilegt fyrir lh. að hafa biskup við hliðina, að landshöfðinginn hefði jus circa sacra, en biskupinn jus sacrorum. *(Magnús Stephensen:* Er á móti 2. gr. stjórnarskrárinnar). Jeg held þó að biskupinn verði að hafa æðsta úrskurðarvald um ýmsa kirkjusiði og fleira þess háttar, og jeg skil ekki hvernig lh. ætti að geta sagt fyrir um þess konar mál; hrein andleg málefni geta aldrei heyrt undir hann. Það hefur lengi verið almennt álitið hjer á landi, að amtmennirnir mættu missa sig og stj. hefur gefið þessu almenningsáliti nokkurn gaum, þar sem hún ekki hefur veitt amtmannsembættið í Norður- og Austuramtinu. Þó stjórnin hafi um tíma ekki viljað láta að tillögum alþingis, hefur hún samt stundum látið að orðum þess, þegar hún hefur sjeð, að eitthvað hefur verið áhugamál þess. Aðaltilgangurinn með því að leggja niður amtmannaembættin er ekki eingöngu sá, að spara. Jeg skal fúslega gefa eptir, að skrifstofufje lh. mun aukið of lítið um einar 1000 kr., og jeg fyrir mitt leyti hefði ekkert á móti því, að hækka það upp í 2000 kr.; sömuleiðis hefði jeg kunnað betur við, að laun skrifstofustjórans væru hækkuð upp í 4500 kr. Það er auðvitað, að amtmennirnir eiga að hafa eptirlit með sýslumönnum um embættisfærslu þeirra. En ætla amtmönnunum sje það hægt, svo í lagi sje? *(Magnús Stephensen:* Er það hægra fyrir lh.?). Jeg held að margt gæti farið aflaga hjá sýslumönnum, þó amtmennirnir verði eigi varir við það, þó þeir ferðist um í amtinu. Sparnaðurinn við það, að leggja amtmannaembættin niður, yrði mikill, þó skrifstofufje lh. væri hækkað upp í 2000 kr. og laun skrifstofustjórans upp í 4500 kr. Ef stj. ætlar að leggja niður þessi embætti—og að hún ekki veitir amtmannsembættið fyrir norðan sýnist benda á það, — þá væri bezt að gjöra það strax, því aldrei verður hentugri tími til þess en nú.

Landshöfðingi: Mig furðar mikillega á því, að h. 3. kgk. þm. (J. P.) skuli gefa orðum mínum svo lítinn gaum, sem hann hefur gjört í þetta sinn. Jeg lýsti því yfir *í umboði stjórnarinnar*, að stj. enn hjeldi fast við skoðanir sínar, sem teknar eru fram í brjefi hennar 10. des. 1878. Þeim orðum mínum hefði h. 3. kgk. þm. (J. P.) átt að taka eptir, áður en hann fór að ganga út frá því sem vissu, að stj. *ætlaði sjer að leggja amtmannaembættin niður.* Þessi h. þm. er kunnur að því, að halda fram afnámi amtmannaembættanna, og gef jeg honum það eigi að sök. En þar sem hann vildi fá ástæður fyrir því, að störfum amtmannanna yrði ekki haganlega skipt milli lh. og sýslumanna, þá gleymir hann að gæta þess, að á honum sem einum af flm. þessa máls hvílir einmitt sú skylda, að sanna, að þessi skipting starfanna milli lh. og sýslumanna sje hæg og haganleg. Því þeir sem halda fram einhverri breytingu verða að færa rök fyrir því, að hún sje möguleg og hagkvæm. Jeg held, að h. 4. kgk. þm. (M. St.) hafi svo ljóslega sýnt fram á, að störf amtmannanna sjeu bæði margbrotin og vandasöm, svo það má telja full sannað fyrir h. þd., að það er ei svo auðvelt sem margir ætla að leggja þessi embætti niður, og sjá embættisstörfunum borgið svo, að vel megi við una. Mjer er eigi ljóst, hvernig h. 3. kgk. þm. fer að samrýma það tvennt, að lh. hafi æðsta embættisvald á Íslandi og sje þó samhliða öðrum embættismanni. Það er eigi rjett hugsað hjá h. 3. kgk. þm., sem heldur eigi að öðru leyti tókst heppilega að styðja mál sitt við rök.

Jón Pjetursson: Mjer þykir slæmt, að þurfa að fá ofanígjöf frá hæstv. lh. En jeg vissi ei, að hann hefði fengið brjef frá stj. nú um þetta mál. En ef hann nú hefur fengið tilkynningu um, að stj. samþykki eigi afnám amtmannaembættanna, þá er ekki til neins fyrir þingið, að fara lengra með þetta frv. Jeg get ekki sjeð, að jeg hafi verðskuldað neina ofanígjöf, því jeg get ekki vitað, hvort lh. hefur fengið nokkra nýja tilkynningu frá stj. um þetta mál eða ekki. Þar sem hæstv.

lh. sagði, að jeg væri alþekktur að því, að vera á móti amtmönnunum, þá verð jeg að mótmæla því. Ef það er ósamboðið lh. að hafa biskup við hlið sjer, þá sje jeg ekki annað ráð, en að aðskilja geistlegu málin frá þeim verzlegu.

Landshöfðingi: Mjer skilst, að h. 3. kgk. þm. (J. P.) vilji vita, hvort jeg hafi haft rjett eða vald til að segja þau orð sem jeg sagði. Jeg skal enn einu sinni taka það fram, að jeg lýsti þeim yfir í umboði stj. og jeg hafði fullt vald til þess. *(Jón Pjetursson:* Hefur lh. fengið nýja tilkynningu um það?) Tilkynningu um, að stjórnin hjeldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar og ástæður þær, sem teknar eru fram í brjefinu 10. des. 1878. Og til þess að lýsa þessu yfir fyrir þinginu hafði jeg fullt umboð frá stjórninni.

Jón Pjetursson: Þá sje jeg ekki, að það sje til nokkurs hlutar fyrir þingið að fara lengra út í þetta mál, eða ræða frv. lengur, því þetta er ekkert principspursmál.

Ásgeir Einarsson: Jeg held að nú megi segja, að í villu leiðist eigi einungis hinir fáfróðu, heldur og útvaldir, þegar menn heyra að hinir þrír h. kgk. þm. sem allir hafa í amtmannasætum setið, kemur eigi saman um þetta mál, og þó þeir aldrei hefðu í amtmannssæti setzt, þá eru þetta allt svo hálærðir menn, og gagnkunnugir æðstu embættisstigum landsins, að menn skyldu ætla, að þeir gætu orðið á eitt sáttir. Jeg ber engan veginn á móti því, að störf amtmannanna eru mörg; en ekki eru þau nú öll svo erfið t. d. að skrifa undir skipunarbrjef fyrir bólusetjara, yfirsetukonu eða hreppstjóra. Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um það, þegar þessu máli var fyrst hreift hjer á þingi. Sveinbjörnsen justitiarius var hvatamaður þess, þó hann ekki bæri málið upp, því hann sat í forsetasæti þingsins; Jón Guðmundsson, þáverandi umboðsmaður, bar upp ust. Ræða amtmanns Melsteðs mun flestum þm. kunn um þetta mál, sem lesið hafa lesið þingtíðindin. Þeir voru báðir á þeirra skoðun, þó landið væri ekki komið eins langt og nú í sjálfsforræði, að hið eina rjetta væri, að draga stjórnina sem mest saman í eitt, centralisera stj. landsins, svo tafir og misskilningur stæði síður í vegi, þegar málin kæmu öll til kg. eða stj. í Danmörku úr einni átt, en ekki sitt úr hverri áttinni frá amtmönnunum í landinu. Og í þessu skyni var stungið upp á, að setja 3 manna yfirstj. í Reykjavík, sem flest eða öll mál skyldu ganga til. Það er ekki ætlið hagræði að því fyrir sýslubúa út um landið, að þurfa að láta mál sín ganga gegnum amtmanninn í amtinu. Það er satt, að fljótt og vel var ráðið úr fjárkláðanum í Húnavatnssýslu fyrir dugnað amtmanns, en ei að síður dugði það ekki. Fjárkláðinn gekk hvað eptir annað aptur, þangað til Borgarfundurinn var haldinn í Húnavatnssýslu, og málið gekk ekki gegnum amtmanninn, heldur beina leið til landshöfðingja, sem var beðinn aðstoðar til þess að sameina kraptana sem bezt mætti verða. Þá fyrst útrýmdist fjárkláðinn; þetta er satt og verður ekki afmáð; það er óafmáanlegt letur í sögu þjóðarinnar. Það mun verða vandasamt fyrir amtmennina að vaka yfir sýslumönnunum, ef það á að vera gjört rækilega og þess gætt, að þeir að minnsta kosti skrifi rjett þingboðsseðil; jeg vil nú ekki minnast á það, að þeir sjái um, að enginn sje sá í sýslumannsstöðu, sem ekki skilur málið. Jeg vona til, að jeg fái upplýsingu um, að það sje nauðsynlegt, að halda þessum amtmönnum, svo jeg geti sannfærzt um, að það sje heimskulegt, en óskynsamlegt að leggja amtmannaembættin niður. Málið er töluvert þýðingarmikið, þó það í raun-inni sje ekkert stóreflis velferðarmál. En mig langar til að leita að sannleikanum og finna hið rjetta, svo aldrei þurfi að koma til þess, að jeg greiði atkvæði með því, sem er landi mína og þjóð til ógæfu. Jeg vil varast það, að forsómun mín sje skuld í slíku; en af fáfræði getur þó svo farið.

Benidikt Kristjánsson: Hafi jeg skilið rjett h. 3. kgk. þm. (J. P.), þá áleit hann, að málið skyldi fella niður, fyrir þá sök að lh. lýsti því yfir í umboði stj. að hún hjeldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar í þessu máli. Það er víst hægt að benda á mörg mál, sem náð hafa fyrirstöðulaust staðfestingu kgs síðan 1875, að þingið fjekk löggjafarvald, þó lh. hafi lagzt í móti þeim á þingi. Þetta stendur í sambandi við embættisstöðu lh. á þinginu; hann er allt annar maður en rg., sem ábyrgðina ber fyrir þinginu. Við

umræður málsins hjer í deildinni hafa komið fram áskoranir frá meðhaldsmönnum amtmannaembættanna til þeirra, sem fylgja þessu máli, að þeir skýri ljóslega frá, hvernig skipta skuli amtmannastörfunum. En jeg verð að ætla, að það liggi alveg fyrir utan verksvið löggefandi þings. Hitt snertir þingið meira, hvort embætti eru ónauðsynleg, svo þau megi afnema og ekki þurfi að verja stórfje úr lsj. til þeirra. Þess vegna hefur þingið atkvæði um afnám amtmanna- og landritaraembættisins, en ekki um það, hvernig störfum þessara embætta sje skipt; það heyrir undir hið æðsta umboðsvald yfirstj. landsins.

Magnús Stephensen: Það er mótsögn í því hjá h. þm. Np. (B. K.), að hann segir að ekki löggjafarvaldið heldur umboðsvaldið ákveði hvernig störfum amtmannaembættanna skuli skipt, en hefur þó sjálfur skrifað undir bratkv. sem ákveður að störfunum *skuli* skipt milli lh. og sýslumanna. Þó. stj. vildi skipta öðru vísi, þá væri henni það ekki heimilt sökum ákvæða þingsins um það, sem h. þm. Np. segir að liggi fyrir utan verksvið þingsins að kveða á um. Þess hefur verið getið hjer í deildinni sem sönnunar fyrir því, að stj. mundi ætla að leggja amtmannaembættin niður, að amtmannsembættið í Norður- og Austuramtinu hefur ekki verið veitt í 2 ár; en jeg skal minna h. þd. á, að stiptamtmannsembættið var ekki veitt í 5 ár og mun þó enginn hafa talið það sönnun fyrir því, að stj. ætlaði sjer að afnema stiptamtmannsembættið. Að öðru leyti fellur mjer það þungt, að engin skýrsla skuli koma frá neinum af flytjendum málsins um það, hvernig þeir hafi hugsað sjer, að skipta skyldi störfunum. H. 3. kgk. þm. (J. P.) gat enga skýringu gefið, en heimtaði af mjer að sanna að skiptingin væri erfið, en það er einmitt hann sem á að sanna, að hún sje *ekki* erfið. Jeg get nú ekki sjeð, að nema örfá af málum þeim, sem undir amtmennina liggja, geti lagzt til sýslumannanna. Þau verða nær því öll að leggjast til lh. og það eina sem honum bætist, til þess aðstoða hann við þennan mikla starfsauka, er einn skrifari, sem hann getur fengið fyrir þessar 1000 kr. sem skrifstofufje hans á að hækka um.

Jón Pjetursson: Jeg sje enga ástæðu til að tala meira um þetta mál, úr því að lh. í umboði stj. hefur lýst yfir að stj. haldi fast við hinar fyrri skoðanir sínar, að ótiltækilegt sje að leggja niður amtmannaembættin.

Sighvatur Árnason: Jeg vildi að eins tala fáein orð af því að jeg er einn af flm. bratkv. Það hefur verið mikið talað um, að flm. gætu ekki gjört grein fyrir hvernig skipta skuli störfum amtmannanna. En jeg er alveg samdóma h. þm. Np., að þingið eigi ekki að fara lengra í skiptingunni en það hefur gjört. Það hefur tiltekið aðalskiptin á störfum þeim, sem nú liggja undir amtmennina, bæði sem amtmenn og forseta í amtsráðunum, nefnil. að til landsh. og sýslum. leggist þau störf sem amtmenn hafa sem embættismenn; en til fjórðungsráðanna þau störf sem amtmenn hafa sem formenn amtsráðanna. Lengra á þingið ekki að fara; annars er yfirstj. landsins fremur misboðið og virðist heldur ekki nein þörf. Af því að þessi aðalskipting hefur í för með sjer br. á sveitastjórnarlögunum, hlýtur hún að liggja undir atkvæði þingsins, en meira ekki. Hitt liggur beinlínis undir hina æðstu umboðsstjórn að skipta störfunum eptir þessari aðalskiptingu þingsins milli lh. og sýslumanna, vísa stærri málunum til lh. en smærri til sýslumanna. Þegar jeg heyrði h. 4. kgk. telja upp öll störfin, datt mjer í hug, hvernig vel mætti skipta mörgum af þeim. *(Magnús Stephensen:* Það væri gaman að heyra það). Það er nú naumast heimtandi af mjer eða mínum líkum í þessu augnabliki; en jeg ímynda mjer að þingmaðurinn sjálfur þyrfti ekki langan tíma til þess, ef hann vildi ljettan á leggja. Jeg veit að mörg af störfum amtmannanna eru vandasöm, en sum eru líka lítilræði og langt frá að vera mjög vandasöm. Brtill. hefur tekið fram aðalskiptin og það átti hún að gjöra; meira liggur ekki undir verksvið þingsins; hitt liggur undir hina æðri umboðsstjórn, eins og búið er að taka fram.

Atkvgr.: Brt. við 1. gr. (C 323) sþ. með 6 atkv. gegn 3, 1. gr. þannig orðuð sþ. með 6 atkv.; br. við 2. gr. sþ. m. 7., 2. gr. þannig orðuð sþ. með 6.; br. við 3. gr. sþ. m. 6, 3. gr. frv. þar með fallin; br. við 4.

gr. sþ. m. 7, 4. gr. frv. þar með fallin; 5.gr. sþ. m. 6.

Frv. vísað til 3. umr. m. 6 atkv.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði (C 276); frh. 2. umr.

Ásgeir Einarsson (frsm.): Jeg stend upp af því að jeg hef verið kosinn frsm. þessa máls, en eigi af því, að ekki sje búið að ræða málið. Nál. liggur nú fyrir h. þd. (C 335), og með því að engin mótmæli enn eru komin fram, skal jeg ekki vera langorður í þetta sinn. Jeg skal einungis gjöra þá athugasemd málinu til skýringar, að frá því að lögin 1849 komu út, og til þess að opna brjefið kom 1855 voru allt af að koma bænarskrár til þingsins frá selalagnamönnunum, svo að þeir háðu þannig nokkurs konar 5 ára stríð, en nú hafa skotmennirnir aptur á móti átt í nokkurs konar 30 ára stríði frá því 1855 og til þess nú. Á öllum þessum tíma hefur engum dottið í hug að miðla málum. Það er nú í fyrsta sinni í þessu frv. mínu, sem meiri hluti n. hefur fallizt á, reynt til að fara þessa nýju leið, að miðla málum. Mig langar nú til, að þetta frv. komizt ofan í n. d., því þar eru menn úr öllum hjeruðum landsins, sem hlut eiga að máli. Komizt frv. þangað, þá er jeg ánægður; því þá er það úr minni ábyrgð og jeg veit fyrir samvizku minni, að jeg hef gjört það sem jeg vissi sannast og rjettast í þessu máli. Þó málið fái eigi framgang að þessu sinni, þá er ekki unnið til ónýtis, því að til næsta þings geta þá þeir sem hjer eiga hlut við máli íhugað þetta frv. og komizt að einhverri niðurstöðu um það hvort það muni viðunanlegt. Þó þessi bið verði á málinu til næsta þings, þá get jeg ekki sjeð neitt á móti því; menn hafa beðið svo lengi hvort sem er. Jeg vil einungis leyfa mjer að mælast til þess við h. þd., að hún lofi þessu frv. að komast lifandi ofan í n. d.

Forseti: Það er ómögulegt, að tengja nfrv. við hitt. Áður en þetta nýja frv. er rætt, verður að gera út um hið upprunalega frv., annaðhvort fallast á það eða fella það. Verði það fellt, getur svo með samþykki d. 1. umr. um þetta frv. byrjað.

Ásgeir Einarsson: Ef forseta þykir rjettast að ganga fyrst til atkvæða um fyrra frv., þá fellst jeg fúslega á það. Þeir sem halda fram frv. n., munu þá fella það. Jeg skal ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins með óþörfum ræðum.

Frv. fellt frá 3. umr. með 5 atkv. gegn 3.

Frumvarp til laga um friðun sela á Breiðafirði (C 337); 1. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. fellt frá 2. umr. með 6 atkv. gegn 4.

Frv. til laga um stofnun landsskóla á Íslandi (C 334); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. m. 8 atkv. og gat forseti þess, að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Fertugasti og fyrsti fundur, fimmtudag 16. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til laga um br. á l. um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875 (C 334); 3. umr.

Sighvatur Árnason (frsm.): Jeg skal ekki vera margorður í þetta skipti; það er búið að ræða svo mikið um þetta mál. Að eins skal jeg fara nokkrum orðum um br. n. (C 344), sem nú liggja fyrir hinni h. þd. Skal jeg þá geta þess, að jeg fyrir mitt leyti hefi eiginlega gengið inn á þessar br. til sátta og sammála við hinn h. h. minni hluta (M. St.). Eins og hinni h. þd. er kunnugt, fjellu ræður manna svo við hinar fyrri umræður þessa máls, hvað jöfnuð á launununum snerti, að jöfnuðurinn þyrfti eins að vera að neðan eins og að ofan. Hefur n. nú komið með þessar brt. til þess að færa þetta í lag frá báðum hliðum, og því stungið upp á, að færa lítið eitt upp tölurnar hjá hinum lægst launuðu embm. Þessir h. embm., sem hjer eiga hlut að máli, þurfa ekki að þakka mjer þessa litlu launahækkun, sem hjer ræðir um, heldur hinum h. minni hluta. Jeg vildi að vísu líka fallast á þessar br. til þess að meiri von yrði um, að málið fengi greiðan framgang bæði hjer á þingi og framvegis á öllum stöðum.

ið, hvernig það getur kallast, að svipta þá mannlegum rjetti og persónulegu frelsi, sem sjálfir hafa gjört sig þessa óverðuga. Jeg verð því að segja, að hjer sje eptir atvikum í engu gengið of langt, heldur ef til vill of skammt í sumu tilliti. Jeg vil taka til dæmis, hve nauðsynlegt það er, að ákvarðanir 3. gr. sjeu að minnsta kosti svo strangar sem þær eru. Jeg veit t. a. m., að menn í minni sveit hafa hlaupið til Vesturheims frá örvasa foreldrum, sem síðan hafa lent á sveit. Eptir nokkur ár hafa svo þessir menn skrifað heim aptur og hrósað velgengni sinni og þótzt græða á tá og fingri. En ef sveitarstjórnin svo hefur skrifað þessum mönnum og krafið þá fjárframlags til framfæris skyldu-ómaga sinna, þá hafa þeir engan eyri haft afgangs; þeir hafa þá nýlega keypt sjer akneyti eða dýra maskínu, og geta því ekkert fje sent. Er það þægilegt fyrir sveitarstjórnina að hafa engan rjett gagnvart slíkum mönnum? Er þetta þægilegt fyrir menn, sem verða að hafa fje bænda í vasa sínum? Er það þægilegt fyrir þá að leita í aðrar heimsálfur til þeirra, sem eiga að ala önn fyrir skyldu-ómögum sínum? Þeim er alveg ómögulegt, að neita rjettar síns á mönnum, sem hlaupnir eru í aðrar heimsálfur. Það væri gaman að vita, hvernig færi, ef menn ætluðu að leita rjettar síns við menn í Nýja-Íslandi. Því ekki er hægt að vita undir hvaða lögum þeir lifa. Jeg fyrir mitt leyti greiði því alveg óhikað atkvæði með því að þetta mál gangi til 2. umr., og ef mönnum finnst ástæða til að kjósa nefnd í málinu, þá vildi jeg gefa sveitarstjórninni meiri rjett í þessu síðast talda efni, en hjer er gjört. Nú er frelsis- og mannúðaröld, og jeg treysti því, að sveitarstjórnirnar gangi ekki lengra en nauðsynlegt er, og noti ekki lögin nema til að stemma stigu fyrir ofrelsi og sjálfræði einstakra manna.

Sighvatur Árnason: Út af orðum hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) vil jeg hjer um bil að öllu leyti taka undir með hinum h. þm. Np., þar sem hann minntist á 3. gr. Jeg veit líka dæmi þess í minni sveit, að maður fór til Vesturheims og skildi eptir son sinn, sem í öllu var upp á mennina kominn og stóð í skuld til sveitar sinnar, án þess að faðir hans í minnsta máta sæi honum borgið, og þó hafði hann nægileg efni til að borga með bæði þá skuld fyrir son sinn og annað, ef hægt hefði verið að festa hönd á honum. Fyrir þetta sat sveitin eptir með sárt ennið og má ala önn fyrir syninum. Hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) þótti þetta frv. svipta menn sínu persónulega frelsi. Jeg get ekki verið á sama máli. Jeg verð að álíta það alveg rjett, að sá, sem þiggur af sveit, eða hefur þegið sveitarstyrk, sem hann ekki hefur fje til að endurgjalda, sje skyldur til að leggja vinnu sína til að borga þennan styrk, ef hann er annars vinnandi maður. En mjer er ekki ljóst, að sveitarstjórnarlögin gefi hreppsn. rjett til að halda slíkum mönnum í hreppnum til vinnu eða vistar. Jeg held því, að það sje óumflýjanlega nauðsynlegt að fá lögin fram. Vera kann að mönnum sýnist að breyta frv. í einhverju tilliti. En eptir því sem mjer er kunnugt vil jeg ráða hinni h. d. til að styðja þetta mál, en fella það ekki.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. m. 7 atkv.

Frv. til l. um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (frá n. d., C 337); 1. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. m. 7 atkv.

Frv. til l. um linun á skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 366); 1. umr.

Magnús Stephensen: Eins og hinir h. þdm. sjá, er frv. þetta komið frá fjárlaganefnd e. d. Og af því að frsm. þessarar n. ekki er viðstaddur, þá ætla jeg að leyfa mjer í fáum orðum að gjöra grein fyrir, hverjar orsakir voru til þess, að fjárlagan. ber þetta frv. upp.

Eins og kunnugt er, kom hingað til d. frv. frá n. d. um að hækka tollinn á brennivíni og tóbaki, og aptan við þetta frv. var skotið viðauka um afnám á skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje; en það var fellt hjer í d. að öllu leyti. En þó óskuðu menn, að einhver linun væri veitt vegna ástandsins í landinu á skattgjöldum til lsj. á næsta ári. Vegna þessa hefur fjárlagan. komið fram með frv. um, að nokkur linun fengist í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje. Kom það fyrst til íhugunar í

fjárlagan. að taka ákvörðun í þessa átt inn í frv., en það varð þó ofan á, að betra væri að koma með sjerstakt frv. um þetta efni. Linun þessi snertir að eins árið 1884; því menn vonuðu og gjörðu ráð fyrir, að hún þyrfti ekki að ná til ársins 1885, þar sem þeir menn, sem mest tjón hefðu liðið af harðærinu, þá mundu vera farnir að rjetta við, og því ekki verða svo tilfinnanlegt fyrir þá, að borga fullan skatt. En n. ætlaði, að mörgum mundi koma það vel, að fá nokkra linun í skattgjöldum á manntalsþingum 1884. Það er auðvitað, að þessi linun getur komið niður á þeim, sem engrar linunar þurfa, en það er ekki mögulegt að komast hjá því. Það verður að rigna bæði yfir rjettlåta og rangláta og sólin að skína á hvoratveggja.

Stefán Eiríksson: Jeg finn mjer skylt að þakka hinni h. fjárlagan. fyrir þetta frv. Því þó þessi linun í skatti rýri dálítið tekur lsj. um eitt ár, þá má kannske hugsa að þetta vinnist upp á öðrum tekjum landssjóðs t. a. m. á útflutningsgjaldi af fiski, lýsi o. fl., sem ekki er áætlað að verði svo hátt í fjárlögunum. Hvað linun á lausafjárskattinum snertir, þá geta menn sagt, að hún komi helzt niður á þeim, sem ekki misstu fjárstofn sinn í fyrra. En jeg get vel unnt þeim þess; því á þessum mönnum hvíla flest sveitarsjóðsgjöld, og sýslusjóðsgjöld, og þeir bera öll gjöld til sveitargjalda og sýslusjóða. Þó hina fátæku muni ekki mikið um linunina hvað lausafjárhundruðin snertir, þá munar þá mikið um hana hvað ábúðarskattinn snertir; þannig munar þetta ekki lítið búanda á 10—15 hndr. jörð. Jeg fyrir mitt leyti verð því að mæla sem bezt með því, að þetta frv., sem fjárlagan. hefur komið fram með í bezta tilgangi, fái fram að ganga.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Fertugasti og fjórði fundur, fimmtudag 18. ágúst kl. 6 e. m. Allir á fundi nema varaforseti (Á. Th.), sem hafði tilkynnt forföll sín.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 341); framh. 1. umr.

Magnús Stephensen: Það vill svo óheppilega til, að sá nefndarmaður, sem kosinn var frsm. í máli þessu, er forfallaður. En af því þetta er einungis framhald 1. umræðu, þá hefur n. ekki mikið að segja við þetta tækifæri. Þó skal jeg geta þess, að það sem n. einkum hafði hugfast, var í fyrsta lagi það, að gjöra sem fæstar br. á frv. n. d., og í öðru lagi, að þær br., sem hún gjörði, öllu fremur miðuðu til sparnaðar en útgjalda fyrir lsj., og í þriðja lagi, að haga br. sínum svo, að þær ekki væri óaðgengilegar fyrir n.d. Þess vegna eru br. n. fáar og ekki mjög verulegar í sjálfum sjer. Þær eru margar sumpart í því fólgnar, að breyta ýmsum aths. n.d., sem ekki voru vel orðaðar, og sumpart í því, að flytja þær fjárveitingar til, sem ekki virtist settar á rjettan stað. Aðalbr. n. miða, sem sagt, einkum til sparnaðar, til að nema burt úr fjárlögunum ýmislegt, sem ekki virtist nauðsynlegt að veitt yrði á þessu fjárhagstímabili. N. virtist það nauðsynlegt að takmarka útgjöldin svo mikið sem mögulegt. Það kann þó að vera, að ýmisleg útgjöld, sem n. d. hefur neitað um, væru æskileg; en n. virtist ekki, að þessi d. ætti að taka þau upp í þetta sinn, heldur láta þau bíða betri tíma, að lsj. yrði fær um að standast þann kostnað.

Landshöfðingi: Jeg verð að álíta þá reglu, sem hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) skýrði frá, að n. hefði sett sjer við meðferð þessa frv., rjetta. Og jeg játa, að n. hefur tekizt að fylgja þessari reglu.

Með því þetta er einungis framhald 1. umr. skal jeg ekki fara frekar út í málið að þessu sinni, en geyma mjer aths. við ust. fjárlagan. í þessari d. til 2. umr., eins og jeg þá einnig mun koma fram með till. um br. við frv. þetta, eins og það kom hingað til d. frá n. d. Þessar br. verða þá hvorki umfangsmiklar nje margar. Vil jeg í þessu tilliti sjerstaklega nefna brt. við gjöldin til Möðruvallaskólans og, ef til vill við fl. atriði.

Sighvatur Árnason: Jeg get vel tekið undir með hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) í því, að játa með honum, að n. hafi haft það hugfast að fara sem varlegast að öllum br., og að þær fremur miðuðu til sparnaðar, en til að auka útgjöld lsj., eins og líka nál. (C 374) ber með sjer. Skal jeg svo ekki fara lengra út í það á þessu stigi málsins, en að eins geta þess, að þó jeg yfir höfuð væri sáttur og sammála við

mína h. meðnefndarmenn, þá hef jeg þó nokkrar sjerstaklegar aths. að gjöra við frv. á þremur eða fjórum stöðum, þar sem jeg vil ganga nokkuð lengra í sparnaðinum, en n. yfir höfuð. Hef jeg hugsað mjer að koma með nokkrar lítilvægar br. í þá átt til 2. umr., og vildi jeg gjarnan geta þess nú, að þær yrðu helzt við 10. gr. A. 3, um borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun. Mín till. er að minnka þessa borgun. Eins við 12. gr. 1. „laun", og er það mín till. að þessi til. minnki dálítið. Enn fremur að við 13. gr. A. b., „Önnur útgjöld„ sje bætt 11. tl. um uppbót til Odda prestakalls í Rvls., og að síðustu vildi jeg við 16. gr. 7. tl. gjöra lítils háttar aths. innanstriks eða setja hana undir tölulið, sem þó ekki færir til upp, en bendir til lítilsháttar brúkunar á þeim 6000 kr., sem þar eru áætlaðar. Á sínum tíma mun jeg færa ástæður fyrir þessum br.

Stefán Eiríksson: Jeg stend ekki upp til að tala mikið í þetta sinn. Jeg get að mestu fallizt á br. n., enda þótt jeg hefði óskað, að hún hefði gengið nokkuð lengra á sumum stöðum. Þó skal jeg ekki fara lengra út í þetta á þessu stigi málsins. Einungis skal jeg leyfa mjer að óska gjöra þá aths., þar sem stungið er upp á, að fjölga læknum, að jeg er hræddur um, að af því geti hlotizt þyngri byrði fyrir lsj., en menn kannske ætla. Því að við því má búast, að fleiri hjeruð gefi sig fram síðar til að fá bætt við læknum hjá sjer. Það hefur áður helzt verið talað um nauðsyn á lækni á Seyðisfirði, enda get jeg ímyndað mjer, að þar þyrfti hans helzt með; einkum vegna hins mikla fjölda útlendinga, bæði Norðmanna og Færeyinga, sem þar eru, og þangað sækja. Í Fjörðum hagar yfir höfuð svo til, að það er mjög erfitt að fá þangað læknishjálp frá Eskifirði eða ofan úr Hjeraði. Viðvíkjandi þessari læknaskipun er eitt atriði, sem jeg vildi benda á, og það er, að mjer virðist það ekki tiltök að Seyðisfjarðarlæknirinn geti líka þjónað Mjóafirði. Eins og það er álitið mjög illt fyrir prest að þjóna Mjóafirði frá Seyðisfirði, eins ímynda jeg mjer það hljóti að vera fyrir lækni, hvort sem litið er til landferða eða sjóferða þar í milli. Án þess að jeg sje kunnugur vegi frá Eskifirði til Mjóafjarðar, þá mun þó hægra að þjóna Mjóafirði frá Eskifirði, heldur en frá Seyðisfirði. Jeg held því þó ekki föstu, að þetta sje rjett skoðun, en hygg hana þó á rökum byggða að því leyti, að mjög illt er að fara í Mjóafjörð frá Seyðisfirði, enda mun engin læknir sækjast eptir því.

Einar Ásmundsson: Fyrst farið er að tala um einstök atriði í þessu máli, þá skal jeg leyfa mjer að tala nokkur orð út af ræðu hins h. þm. Ask. (St. E.) um aukalæknirinn á Seyðisfirði.

Jeg er dálítið kunnugur í Múlasýslum og veit, að að það er slæmur vegur milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar, en langur er þessi vegur ekki. En ef á að fara að hugsa um að gjöra læknahjeruðin eins auðveld yfirferðar, eins og prestaköllin, þá mun ekkert veita af að fjölga læknum að miklum mun, þar sem nú verða ekki nema rúmlega 20 læknar á landinu, að aukalæknunum meðtöldum, en prestar um 140. Hvað því viðvíkur, að auðveldara muni að þjóna Mjóafirði frá Eskifirði, en Seyðisfirði, þá er jeg á annari skoðun, sem byggð er á kunnugleika mínum á þeim hjeruðum. Vil jeg því ráða hinum h. þm. Ask. (St. E.) frá, að koma með bratkv. í þessa átt.

Atkvgr.: Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til l. um innun á skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 366); 2. umr.

Stefán Eiríksson: Eins og hin h. þd. sjer, höfum vjer þrír þm. leyft oss að koma með ofurlitla brt. við þetta frv. (C 378). Þessi br. er alls engin efnisbr., heldur að eins til skýringarauka. Vona jeg því að h. fjárlagan., sem kom með þetta frv., taki henni vel, og skal jeg svo ekki orðlengja meira um hana.

Skúli Þorvarðarson: Hinn h. þm. (St. E.), sem síðast talaði, tók það fram, að brt. væri að eins til skýringar við frv. það, sem hjer liggur fyrir, um eptirgjöf eða innun á landsþjóðsskatti af lausafje og á ábúðarskatti, og er það alveg rjett. Þarf jeg því ekki frekar að minnast á þessa brt. En jeg vil að eins láta þakklæti mitt í ljósi við háttv. n. þá, sem hjer í þd. var sett til að íhuga fjárlagamálið, og sem stungið hefur upp á þessari innun á gjöldum landsmanna, og kemur það mjög sanngjarnlega niður á þeim, sem reka atvinnu

sína við landbúnaðinn; það er enginn efi á því, að þeir hafa minna gjaldþol nú, en á góðu árunum fyrir harðærið. Því álít jeg það vel verðugt, að þingið láti í ljósi viðurkenningu sína með því að fallast á þetta lítilræði, sem ekki er ákveðið nema næsta ár 1884, og jeg vona, að stj. sjái ekki ástæðu til að synja staðfestingar á því.

Magnús Stephensen: Viðvíkjandi brt. þeirri, sem fram er komin við þetta frv. skal jeg að eins geta þess, að n. áleit, að þegar fyrirsögnin væri lesin í sambandi við texta sjálfs frv., þá gæti það ekki orðið neinum misskilningi undirorpið. En af því þessi br. er fremur til skýringar, þá mun enginn í n. vera henni mótfallinn, heldur taka henni með þakklæti.

Atkvgr. Brt. þriggja þm. (C 378) við upphaf frv. sþ. í e. h.

Frv. þannig breytt sþ. í e. h., og vísað til 3. umr. í e. h.

Fertugasti og fimmti fundur, mánudag 20. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879 (C 428); 2. umr.

Sighvatur Árnason: Þetta frv. er nú ekki stórt á pappírnum, en af því að það á þinginu 1881 hafði talsverða þýðingu, ætla jeg í fáum orðum að gjöra grein fyrir atkv. mínu. Eins og h. þd. er kunnugt, er hjer um sama atriði að ræða og það, sem ágreiningurinn varð úr á þinginu 1881 í landsreikningamálinu, þar sem þ. vildi ekki veita þessar 500 kr., af því því þótti stj. í þessu efni hafa gengið of langt með þá fjárveitingu. En af því að stj. hefur nú að nokkru leyti látið í ljósi viðurkenningu fyrir að svo hafi verið og sem menn segja lofað að taka sjer til athugunar mótmæli þingsins, þá vil jeg nú ekki keppa lengur um þetta atriði, og um leið og jeg læt í ljósi þá von mína, að stj. taki sjer þetta mál til athugunar meir en í orði kveðnu, gef jeg heldur atkv. mitt með frv., heldur en að stríða meira um þetta lítilræði, þó jeg af áðurgreindum ástæðum greiddi atkv. móti frv. 1881.

Benedikt Kristjánsson: Ef svo væri sem h. 1. þm. Rvl. ljet í ljósi, að nú lægi fyrir viðurkenning frá stj. um að hún hefði farið of langt í fjárveitingunni, og loforð um að slíkt skyldi ekki verða framvegis, gat verið nokkur ástæða til að slaka til við hana í þessu máli; en jeg hef ekki verið svo heppinn að sjá slíka viðurkenningu. Þegar jeg las athugasemdirnar við frv. stj., tók jeg ekki eptir neinni viðurkenningu frá stj. um þetta atriði; viðurkenning stj. laut að eins að þeim 100 kr., sem vant hefur verið að borga fyrir próf það í íslenzku, sem haldið hefur verið yfir þeim mönnum af dönsku kyni, sem hafa viljað verða embættismenn hjer á landi, enda er spursmálið um þá fjehæð fallið úr sögunni. Jeg hef kann ske farið nokkuð fljótt yfir frv. stjórnarinnar og athugasemdirnar við það, en við aðra viðurkenningu hef jeg ekki orðið var. Fyrir mitt leyti sje jeg því enga ástæðu til að breyta atkv. mínu frá því 1881, og greiða nú atkv. fyrir því, sem jeg greiddi atkvæði móti í hitt eð fyrra. H. þm. Str. (Á. E.) tók fram við 1. umr. þessa máls, að hann væri eigi málinu mótfallinn vegna krónanna, heldur vegna þess princips, sem fjárveitingin væri sprottin af; hjer er bæði princip og krónur. Það mætti segja að játning frá stj. um að þingið hefði rjett fyrir sjer í þessu máli væri góðra gjalda verð; en flestir mundu heimta meira, fæstir mundu verða ánægðir með hana eina. Ef t. d. hreppsnefnd brúkaði fje bænda móti sveitastjórnarlögunum, þá er jeg ósköp hræddur um, að hreppsbúar ljetu sjer ekki lynda játninguna tóma, og eins stendur á um þetta mál.

Árni Thorsteinson: Jeg skal ekki vera langorður, því í raun og veru heyrir það lh. til að svara athugasemdum þeim, sem fram hafa komið gegn frv. Jeg ætlaði einungis að lýsa því yfir, að eptir kringumstæðunum finnst mjer það rjettlætt, að þessu fje hefir verið varið og að þessi gamli landsreikningur geti öðlast samþykkt. Jeg finn því ástæðu til að gefa atkv. með frv. eins og það er hingað komið frá n. d.

Atkvgr.: Frv. sþ. með 8 atkv. gegn 2, að viðhöfðu nafnakalli. *Já* sögðu: Magnús Stephensen, Sigurður Melsteð, Árni Thorsteinson, Einar Ásmundson, Jón Pjetursson, Sighv. Árnason, Skúli Þor-

varðarson, Stefán Eiríksson. *Nei* sögðu: Ásgeir Einarsson, Benidikt Kristjánsson.

Frv. vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1878 og 1879 (C 362); 2. umr.

Magnús Stephensen: Eins og h. þd. mun sjá á frv. til laga um samþykkt á landsreikningum fyrir 1878 og 1879, sem hjer liggur fyrir, þá eru 3 upphæðir öðruvísi en sams konar upphæðir í frv. því, sem samþykkt var 1881. Upphæðirnar eru allar í gjaldadálkinum, og er það fyrst gjöldin undir 3. B. dómgæzla og lögreglustjórn, svo undir 8. tl. og 9. tl.; hækkunin nemur samtals á þessum 3 liðum 697 kr. 81 e., eða undir 3. B. 97 kr. 81 e., undir 8. tl. 500 kr. og undir 9. tl. 100 kr. Á upphæðinni undir 3. B. stendur svo, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna gjörðu athugasemdir við laun sýslumanna og bæjarfógeta 1878, sem stj. samþykkti og tók upp í reikningslögin, en nú hefur hún gjört þá br. á, að þar sem eptir reikningi yfirskoðunarmanna átti að færa launin niður um 350 kr. 97 a., fer tillaga stj. fram á 253 kr. 16 a.; orsök til mismunarins er sú, að stj. hefur álitið, að annar embættismaður sá, sem hlut á að máli, eigi að eins að endurgjalda hálfar nettó tekjur embættisins að frá dregnum kostnaði við rekstur embættisins, en yfirskoðunarmennirnir álitu, að hann ætti að endurgjalda $^1/_2$ embættistekjurnar, án þess að kostnaður væri frá dreginn, og munar þetta um 80 kr. Jeg fyrir mitt leyti er ekki sannfærður um að það sje rjett, að kostnaðurinn sje dreginn frá þegar svona stendur á, að minnsta kosti er þess hvergi getið í launalögunum 15. okt. 1875; það getur verið að sanngirni mæli með því, að svo sje farið að, en lög eru það ekki. Annar ágreiningurinn er um laun sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu; svo stóð á, að þessi sýslumaður fjekk í ágústmán. 1878 veitingu fyrir bæjarfógetaembættinu í Reykjavík; þá fór hann þess strax á leit við lh., að settur væri annar maður til að gegna bæjarfógetaembættinu upp á sína ábyrgð, en lh. neitaði og skipaði mann til þess upp á eigin ábyrgð að gegna bæjarfógetaembættinu með $^1/_2$ bæjarfógetalaunum. Aptur á móti ljet hann sýslumanninum eptir að sitja í sínu embætti með fullum launum og persónulegri launabót; þetta hefur gjört að verkum, að þar sem yfirskoðunarmennirnir álitu, að sýslumaðurinn ætti að skila aptur $^1/_2$ bæjarfógetalaununum og allri persónulegu viðbótinni, þá er hjer í þessu frv. ekki talað um nema persónulegu viðbótina.

Allt þetta virðist mjer nokkuð ólögulegt og ekki samkvæmt gildandi lögum. Því þegar embættismaður fær veitingu fyrir embætti, þá er það stöðug regla, að reikna honum laun hins nýja embættis frá 1. degi þess mánaðar, sem er næstur eptir þann mánuð, er hann hefur fengið veitinguna, og geti hann ekki þá þegar tekið við hinu nýja embætti fær hann annan skipaðan í þetta embætti á sinn eiginn kostnað. Þessari reglu hefur nú ekki verið fylgt hjer, og því er það mín skoðun, að rjettast sje að sþ. ekki þessar fjárveitingar, og það því fremur sem mál annars þessara embættismanna enn er óútkljáð fyrir hæstarjetti, þó hann hafi unnið það bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti. Þó þingið því sþ. þessar fjárveitingar nú, þá getur orðið br. á lögunum síðar. Allt um það vil jeg ekki halda þessu máli til streitu, af því jeg ber það fasta traust til þess manns, sem nú stjórnar landshöfðingjaembættinu, að slík óregla muni ekki koma optar fyrir. Í því trausti mun jeg greiða atkvæði með þessum töluliðum eins og líka n. d. hefur sþ. þá.

Viðvíkjandi 8. tl., sem hefur hækkað um 500 kr., þá hefur þd. þegar sþ. þessar 500 kr.; sjálfsagt vegna þess, að hún gengur út frá því, að synjun þingsins 1881 á samþykki sínu á þessari fjárveitingu sje nægileg aðvörun fyrir stj. til að brúka ekki meira fje, en lög heimila á þeim gjaldliðum, sem ekki eru áætlaðir. Sama er að segja um 9. tl., þar sem stj. hefur lofað því, að slíkt skuli ekki koma fyrir aptur. Jeg ætla því að greiða atkv. með frv. þessu í því trausti, að ekki komi optar fyrir ágreiningur milli þings og stj. um slík atriði.

Landshöfðingi: Jeg vona, að hinir h. þdm. taki þannig í þetta mál, sem hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) hefur lagt til. Þessi atriði, sem hann hefur greint á um við frv., vona jeg einnig, að hafi skýrzt fyrir hinum h. þdm. við útlistun

hans á málinu. Heimfærsla launalaganna upp á embættismennina hefur nú fengið meiri festu en í fyrstu eptir að launalögin öðluðust gildi. Í fyrstu getur verið ýmislegt álit um, hvernig ýms atriði nýrra laga eigi að skiljast; en slíka óvissu er miklu síður að óttast síðar, þegar búið er að framkvæma lögin um lengri tíma og þau þannig eru búin að ná meiri festu. Þær misfellur, sem þess vegna svo hæglega geta komið fram, þegar beita á nýjum lögum, ættu því ekki að þurfa að koma fram með tilliti til þessara laga framvegis, þegar það er orðið ljóst, hvernig beri að framkvæma þau. Mjer þætti það mjög æskilegt, að hin h. þd. sþ. þetta frv. eins og það nú liggur fyrir, og jeg ber hið bezta traust til þd. í því tilliti.

Magnús Stephensen: Jeg skal bæta því við, sem jeg sagði áðan, að jeg skoða það sem „Tillidsvotum“ til hins hæstv. lh. sem nú er, ef þd. nú sþ. þessi atriði, sem hún ekki vildi sþ. 1881.

Atkvgr.: Tekjudálkurinn sþ. í e. h.; Gjöldin sþ. í e. h. Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 379); 3. umr.

Árni Thorsteinson: Jeg skal ekki vera langorður, sjerstaklega af því, að mál þetta hefur siglt góðan byr hjer í d. Jeg vildi að eins taka fram eitt atriði, sem lítur að þeirri skoðun sumra manna, að heppilegast væri, að einungis skattur á lausafje væri eptir gefinn, og bendir frv. það frá n. d., sem kom til þessara d. á dögunum, á þessa skoðun. Allt um það getur fjárlagan. þessarar d. ekki fallizt á þessa skoðun. Því þegar lausafje hverfur í sjálft sig vegna harðæris, þá minnka gjöld af því meira og minna, eptir því sem menn hafa misst meira eða minna af fje sínu. En þó búandi missi skepnur sínar, þá verður skattur sá, er hann á að greiða af ábúð og afnotum jarðar hans, jafnþungur fyrir það, og verður að greiðast. Þess vegna hefur fjárlagan. þessarar d. lagt sjerstaka áherzlu á linun í skatti á ábúð og afnotum jarða. Í þessu efni hefur n. þó ekki gengið langt, þar sem hún hefur stungið upp á því, að þessi linun næði að eins yfir eitt ár. En þeir, sem sömdu frv., álitu ekki fært að ganga lengra, af því að þeir óttuðust, að þessi tekjumissir annars mundi verða lsj. of þungbær, og enn fremur af því, að hagir manna kunna að batna nokkuð 1885 og má sjá af fjárlagafrv. fyrir 1884 og 1885, að menn búast við því.

Það er ekki vegna skoðana manna í þessari d. að jeg tek þetta fram, heldur vegna annara út í frá, sem hafa þessa skoðun á málinu. Að öðru leyti vil jeg einungis mæla með því, að þetta frv. fái eins skjótan framgang hjer eptir sem hingað til.

Atkvgr.: Frv. sþ. í e. h., og kvað forseti það mundu verða afgreitt til n. d.

Fertugasti og sjötti fundur, þriðjudag 21. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 325); 2. umr.

Árni Thorsteinson: Jeg þykist mega fullyrða, að í þetta sinn hafi verið gengið svo frá fjárlagafrv. í n. d., að litlar athugasemdir hefur þótt þurfa að gjöra við það í fjárlagan. þessarar d., og þær fáu aths. og br., sem n. hjer hefur gjört (nefndarálit C 374), miða til þess að reyna að lagfæra frv. á nokkrum stöðum, og br. eru þess eðlis og allar í þá átt, að vonandi er, að samkomulag geti orðið milli þd. þeirra vegna. Hvað þessar br. og aths. yfir höfuð snertir, þá skal jeg skírskota til nál. Tekjumegin hefur n. engar verulegar br. gjört. Br. n. við 2. gr. miðar ekki til annars, en að koma aðalreikningum þeim, sem samdir eru eptir fjárlögunum, í sama horf, sem hinum sjerstöku reikningum, til ljettis fyrir endurskoðandann.

Við 4. gr. hefur n. stungið upp á dálítilli br. Að því er snertir Stykkishólmskirkju, þá hefur n. d. sþ., að af láni því, er henni var veitt árin 1878 og 1879 verði ekki að eins vextir, heldur og afborganir, eptirgefnar á fjárhagstímabilinu. En það virðist alveg rjett grundvallarregla, að árstekjur lsj. tilfalli honum á rjettum tíma. N. er því á þeirri skoðun, að ekki sje rjett að eptirgefa vexti, sem eru reglulegar árstekjur lsj. Verði Helga-

fellskirkju nú eptirgefnir vextir af þessu láni, þá kemur hún þó til að greiða þá árið 1886, sem þá verða um 288 kr., sem er þriggja ára renta af láninu. Það virðist því, sem kirkjan ætti að eiga eins hægt með að greiða þessa vexti í þrennu lagi, eða á hverju ári, og á lsj. þá heimtíngu á því, er ekki ætti að víkja frá. Það er sjálfsagt, að fjárhagur þessarar kirkju er bágborinn, þar sem hún er byggð sem aukakirkja í sókn, er heldur sinni aðalkirkju, og því virðist n. öll ástæða til, að leggja það til, að kirkjunni yrði veitt linun í afborgunum þeim, sem greiðast eiga árin 1884 og 1885, þannig, að sú afborgun, sem átti að greiðast árið 1884, verði fyrst greidd 1886 o. s. frv.

Þá skal jeg snúa mjer að útgjaldakaflanum. Þar er ein ákvörðun í frv. n. d., nefnil. í 10. gr. B., 4., sem n. ekki getur fallizt á. Þar eru ætlaðar 1000 kr. til erindreka alþingis í Elliðaáamálunum. Jeg skal ekki fara lengra út í það mál, en einungis taka það fram, að n. d. ein er sú, sem ákveðið hefur þessar framkvæmdir. Þess vegna getur hún heldur ekki ætlazt til að þessi þd. ávísi fje handa þessum erindrekum nema eptir atvikum, er rjett kynni að finnast. Þetta sje sagt almennt um þetta atriði. En sjerstaklega skal jeg geta þess, að í hæsta lagi kynni að vera ástæða til að færa til útgjalda þær 320 kr., sem grein er gjörð fyrir, ef stj. svo sýndist. En að hækka fjárveitinguna á þeim staflið, er hjer ræðir um, fram yfir þá upphæð, sem áætlað er, er engin ástæða til eða þörf á. Það, sem umfram er þessar 320 kr., virðist eiga að vera þóknun til þess hæstarjettadvocats, sem flutti málið. En hann var skyldur, samkvæmt stöðu sinni sem málsfærslumaður, til að flytja málið fyrir þá borgun, sem hæstirjettur sjálfur á kvað, og meira hefur hann ei rjett til að heimta. Þess vegna er engin ástæða fyrir þ. að veita honum sjerlega þóknun fyrir starfa sinn. Við 10. gr. C. 4. um styrk til eflingar búnaði hefur n. gjört verulegar br. Frv. fer fram á, að helmingnum af því fje, 20,000 kr., sem veittar eru í þessu skyni, verði skipt að hálfu milli búnaðarfjelaga og búnaðarskóla. Þessi ákvörðun getur verið góð í fyrsta áliti, ef gengið er út frá samanlagðri tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða, sem hlutfalli milli amtanna. En gæðin hverfa, þegar að er gætt. Ef helmingurinn, eða 5000 kr., gengur til búnaðarskóla, þá verða ekki eptir nema 5000 kr. til búnaðarfjelaga á öllu landinu, og þá verða þau hjeruð mjög afskipt, sem enga búnaðarskóla hafa, en aptur hafa öllu meiri eða betri búnaðarfjelög, en hin ömtin.

Jöfnuðurinn er þannig eptir tiltölu jarðadýrleika og lausafjár eptir því sem skipt hefur verið 1882:

Norður- og Austuramtið . .	4170 kr.
Vesturamtið	2250 —
Suðuramtið	3480 —
	10000 —

Eigi nú suðuramtið að fá sinn hluta af þessum 10000 kr. eptir að 5000 kr. hafa verið teknar frá til búnaðarskólanna, má sjá, að ekki verður mikið eptir í þess hlut, og að það er afskipt svo mjög, að það aldrei hefur getað verið ætlun n. d. Þess vegna hefur n. stungið upp á, að þessar 10000kr. verði veittar sem ein heild, er lh. úthluti eptir till. amtsráða að viðunanlegum jöfnuði milli amtanna sjálfra á eina hlið, og á hina hliðina til búnaðarskóla þeirra, sem á eru komnir, og búnaðarfjelaga. Þessi ákvörðun, eins og n. hefur orðað hana, finnst henni sanngjarnari í alla staði.

16. gr. 1. frv. ákveður til þriggja lækna 4800 kr., og er n. ekki á móti því, að aðhyllast þá skoðun n. d., að full ástæða sje til að auka tölu læknanna. Þar á móti álítur n., að fje þetta heyri ekki undir þá gr. fjárl., sem ákveður fje til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, heldur beinlínis undir læknaskipunina. N. hefur þar mest ákveðið verksvið hinna nýju aukalækna. Í 12. gr. er farið fram á nýja tilhögun á póstferðunum. En þetta er ekki nema tillaga fjárlagan. í n. d., sem hún hefur sþ., og sem getur orðið áhorfsmál, hvort hægt sje að auka póstgöngurnar að öllu eða að eins að nokkru leyti á fjárhagstímabilinu, eða í byrjun þess, og tillagan getur og fengið ýmsar br., þegar á að fara að skipa póstferðunum niður í framkvæmdinni. En þar sem n. álítur það mjög æskilegt, að póstferðirnar geti aukizt, þá álítur hún alveg rjett að taka fyrirvara með tilliti til útgjaldanna í þessu skyni. Árið 1881 var veitt til póstflutninga 12200 kr., en í

fjárlagafrv. stj., sem lagt var fyrir þetta þing, voru áætlaðar í þessu skyni 12,400 kr. Nú í þessu frv. n. d. eru þessi gjöld hækkuð vegna miðsvetrarferðarinnar um 6200 kr. Til 20 póstafgreiðslumanna voru 1881 veittar 1700 kr. og til brjefhirðingamanna 916 kr. Stjórnin hafði nú hækkað þessa upphæð um 350 kr., sem var mikið æskilegt, því með auknum starfa verða þeir og fyrir megnum átroðningi, sem leiðir af því, að póstferðirnar aukast og sendingar fjölga. Að hækka gjöld til póstafgreiðslumanna og brjefhirðingamanna um 1250 kr., virðist þó því að eins ástæða til, að aukning póstferðanna verði á komið, sem aptur væri mjög svo æskilegt, því við það aukast tekjurnar af þeim árlega. Árin 1876—1877 voru þessar tekjur 11400 kr., en 1882 hjer um bil 14000 kr. Á 5 árum hafa því úr rúmum 11000kr. orðið tæpar 14000kr. og er það mikil framför. Það er því auðsjeð, að það er sú rjetta leið að fá samgöngurnar sem beztar og flestar.

Þá skal jeg víkja að brt. þm. Rvl. (Sighv. Árn. og Sk. Þorv.). Við launin til póststjórnarinnar hafa þeir stungið upp á, að í staðinn fyrir 7000 kr. hvort árið komi 6,600, eða með öðrum orðum, að launabót póstmeistarans gangi út með 400 kr. Það verður að álítast nauðsynlegt, úr því fjölga á póstferðum, þá verði að gjöra póstmeistarann svo úr garði, að hann geti gegnt vel þessari stöðu sinni, sem alltaf eykst að störfum. Þessi embm. hefur haft í laun 1700 kr. auk 1000 kr. í skrifstofukostnað. Að þessi laun væri of lítil hefur verið viðurkennt, og hefur hann orðið að bíða þess lengi, að við hann yrði bætt. Virðist mjer þá eins rjett að veita houm nú 700 kr. í einu, eins og að veita nú 300 kr. og á næstu fjárlögum 400. Menn kunna að segja að þessi embm. hafi ekki mjög annríkt, þegar póstar eru ekki á ferðum. En menn mega ekki gleyma því, að hann hefur og mjög mikið erfiði á vissum tímum, þegar póstunum lendir hjer öllum saman og það því meir, ef póstferðum nú verður fjölgað, svo að þeir tímarnir sem annríkið er minna á, minnka ár eptir ár. Líka álít jeg rjettara, að viðbót þessi komi niður á launum hans en á skrifstofufjenu. Jeg vil því mæla sjerstaklega með því, að þessi embm. fái að njóta þeirrar launabótar, sem n. d. hefur ákveðið honum; og einmitt af því að n. d. hefur sþ. þessa viðbót, þá álít jeg því meiri ástæðu fyrir e. d. að fallast á hana. 13. gr. hefur n. stungið upp á, að hækka um 200 kr., til þess að þingið sje sjálfu sjer samkvæmt, þar sem það áður hefur sþ. lög um 200 kr. launahækkun til hins fasta kennara við læknaskólann. Hvernig stendur á br. n. á orðum frv. um styrk til alþýðuskóla er skiljanlegt, ef að frv. er athugað. Sama er að segja um 15. og 16. gr. N. vill ekki fallast á, að veittur sje styrkur til gufubáta á Faxaflóa. Ekki af því, að n. ekki álíti það mikilsvert, að gufubátur gengi á þessum flóa, því að því vill n. öllu fremur styðja en ekki, heldur af hinu, að enn hefur ekkert verið gjört til að setja slíkan gufubát í gang, og n. álítur því of snemmt að veita þennan styrk nú.

Hvað snertir styrkinn til kennara B. Gröndals, þá er eins æskilegt, að hann komi fram í einu lagi eins og tvennu. Þess vegna hefur n. fært hann inn undir 4. tl., en þó látið þær 6000 kr. halda sjer undir 7. tl., þar eð fjárhæð þess ekki nemur miklu. N. hefur fundið ástæðu til að breyta ákvörðun frv. um að útvega laxfróðan mann frá útlöndum. Það getur engum dulizt, sem nokkuð þekkir til þessa máls, að þó laxfróður maður fengist frá útlöndum til að kenna mönnum hjer útklak fiska, þá gæti hann þetta ekki nema með nauðsynlegum tilfæringum. Þessu vill n. því kippa í lag þannig, að stj. gæti hagað því svo til, að keyptar yrðu, ef á þyrfti að halda, ýmsar tilfæringar, ef maður fengist til að ganga að minni borgun en 3000 kr.

Þá hefur n. lagt það til, að úr 18. gr. verði numin burt ákvörðun um lán til einstaks manns. Og skal jeg taka það enn skýrara fram, en áður hefur verið gjört, hvers vegna n. ekki getur fallizt á þessa grein. Það er engan veginn meiningin, að n. vilji leggja það til, að bókaverði E. Magnússyni ekki verði veitt þetta lán. En n. álítur, að þ. sem fjárveitingarvald eigi ekki að sýsla um lánveitingar, heldur stj., sem ein hefur ábyrgðina í því tilliti, og verður að sjá um að trygging sú, sem gefin er í lífsábyrgðarskírteininu, sje ávallt fullnægjandi.

Í fjárlögunum 1882 og 1883 var veitt

lán til stofnunar búnaðarskólum, en það er ekki tekið nema að litlu einu á því fjárhagstímabili sem nú stendur yfir. N. ræður því til, að þessi ákvörðun sje öllu fremur tekin aptur upp í fjárlögin, heldur en að það verði síðar sett á aukafjárlög. Þetta gjörir n. til þess, að stj. sje gjört hægra fyrir, að láta málið ganga greiðara.

Nokkur bratkv. hafa fram komið, sem ekki hefur verið rætt neitt um enn þá. En jeg skal taka það fram viðvíkjandi bratkv. hins hæstv. lh., að n. er ekki svo fjarri að taka þeim vel, því fremur, sem þau eru byggð á sanngirni. Að veita 500 kr. til eldiviðar og ljósa handa Möðruvallaskólanum, virðist koma vel heim við það, sem eytt var til þessa árið 1881, og sama er að segja um 400 kr. til ýmislegra útgjalda, sem virðist rjett, þar sem allir aðflutningar að skólanum eru svo erfiðir. Um bráðabyrgðaruppbót á Dvergasteinsprestakalli ætla jeg ekki að tala, því að jeg er því ókunnugur.

Þm. Rvl. hafa stungið upp á þeirri br. á 10. gr. A. 3, að í staðinn fyrir 3000 kr. komi 2500, sem er lækkun á þeirri þóknun, sem ætlazt er til að sá maður fái, er hefur á hendi hina umboðslegu endurskoðun. Viðvíkjandi þessari brt. skal jeg að eins geta þess, að sú launahækkun, sem n. d. hefur veitt þessum manni, og sem meiri hluti n. d. hefur fallizt á um, er sú sama, sem stj. stakk upp á 1881. Skal jeg svo ekki tala nákvæmar um brt. að svo komnu.

Sighvatur Árnason: Þrátt fyrir það, þótt jeg ekki búist við að blási byrlega fyrir brt. mínum, skal jeg þó leyfa mjer að mæla fram með þeim með nokkrum orðum, ekki af því að jeg búist við, að geta sannfært menn um, að rjett sje að greiða atkv. með þeim, heldur til þess að leiða í ljós þær ástæður, sem brt. er byggð á bæði fyrir þ. og landsmenn yfir höfuð.

Er þá fyrst að víkja að brt. minni við 10. gr. A 3 um borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun. Vil jeg þá bera þessa sýslan saman við sýslumannaembættin, að því er mjer er kunnugt um störf sýslumanna og störf þessa manns, sem hjer ræðir um.

Till. mín fer fram á, að borga þessa sýslan með 2500 kr. eða eins og hún hefur verið borguð að undanförnu, og hin lægri laun sýslumanna eru 2500 kr. Mjer er kunnugt, að sýslumenn hafa talsverðan kostnað sem liggur á launum þeirra, talsverðan skrifstofukostnað, hestakostnað, erfiða aðdrætti, og þar að auki margir þeirra megnan átroðning. Þegar þetta allt dregst frá launum sýslumanna, verða hin lægstu laun ekki meiri en 2000 kr. Jeg þori að segja það. Þá er eptir að bera hjer saman við þann kostnað, sem þessi sýslan hefur í för með sjer, sem tekin verði á borð við aukakostnað sýslumanna. Mjer er nú ekki kunnugt, að þess sýslunarmaður þurfi að hafa neinn verulegan aukakosnað til skrifstarfa, því síður neinn hestakostnað eða átroðning eða annað út af sýslan sinni, og þá vill sýslan þessi eptir mínum reikningi verða borguð 500 kr. meira en störf sýslumanna verða borguð eptir að allur aukakostnaður þeirra er frá dreginn. Til þess að bera þetta saman, álít jeg gilda og góða ástæðu, þar sem ætti að vera sem beztur samjöfnuður á launum embm. hjer í Rvík og úti um landið. Það getur samt verið, að mjer skjátlist í þessum samanburði. En sje svo, að 2500 kr. sjeu of lítil laun fyrir þessa sýslan, þá hefur þinginu missýnzt stórum að undanförnu. Því fyrst var þessi sýslan ekki borguð nema með 1600 kr., og jeg hefi ekki heyrt, að sá, sem gegndi henni fyrir þessa borgun, hafi kvartað eða beðið um viðbót. Svo var hún launuð með 2000 kr., þá með 2500 kr. og nú á enn að hækka launin upp í 3000 kr., og jeg fyrir mitt leyti veit ekki, hvað lengi það á að ganga, að þ. missýnist um þetta. Vil jeg nú biðja hina h. þdm. að koma með þær ástæður móti þessum mínum dæmum, sem þeir hafa fyrir sjer fyrir þessari hækkun, sem stj. og n. d. hefur stungið upp á og fallizt á. Jeg hefi enga ástæðu til persónulega að ráðast á þennan mann eða þessar tölur. En af því jeg er sannfærður um, að ekki eigi að færa laun þessa manns upp í samanburði við aðra embm., þá hefi jeg leyft mjer, að koma með þessa brt. Þó segi jeg ekki hvað jeg hefði gjört, ef meðalvegur hefði verið farinn milli þeirra 3000 kr., sem hjer eru, og hinna 2500 kr., sem verið hafa og jeg hefi stungið upp á. Kann vera, að jeg hefði getað fallizt á þann meðalveg, einkum til að afstýra öllu þrasi og

keppni út af þessu. En þetta liggur ekki fyrir, svo ekki er um það að tala nú.— Það er líka eitt, sem jeg finn að aðgjörðum þingsins, að þegar verið er að ræða um einhverja lítilsháttar viðbót við sárlítil laun, t. a. m. hjá hinum lægstlaunuðu prestum, þá eru þær tölur óðara reknar til baka. Hljóta þó allir að játa, að hin lægstu laun presta eru of lítil að lifa af, já, svo lítil, að vart verður sagt, að menn geti lifað þolanlega af þeim. Í þessu kemur fram ósamkvæmni hjá þinginu. Jeg er sannfærður um, að þegar öll afföll eru dregin frá 800—1000 kr. brauði, þó ekki sjeu þau, er orsakast við óár eða skemmdir, þá verði lágar tölur hjá þeim prestum á móti þeim tölum, sem hjer liggja fyrir. Jeg vil, og jeg vona þd. vilji það líka, gæta jafnrjettis milli manna í þessu sem öðru. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum að sinni um þetta atriði, en snúa mjer að brt. minni við 12. gr. 1., um gjöld við póststjórnina. Lækkunin á þessari brt. minni miðar til póstmeistarans. Þær 700 kr., sem n. d. hefur sþ. sem launaviðbót handa honum, vil jeg lækka um 400 kr. Það er kunnugt, að fjárlagan. n. d. vildi bæta við hann 300 kr. með tilliti til aukinna póstferða, sem í ráði eru. Jeg fyrir mitt leyti er þessu alveg samdóma, og játa með frsm. (Á.Th.), að það sje sanngjarnt, að auka launin með auknum starfa; en jeg álít, að 300 kr. viðbót sje nægileg. Mjer finnst það munadrætt að auka laun hans um 300 kr. Þetta þætti þeim að minnsta kosti gott, sem lítil eða engin laun hafa fyrir starfa sinn. Jeg get því ekki verið á því, að það eigi við, að auka við laun þessa embm. 700 kr.; sjer í lagi þegar litið er til launa hans alls og alls, og þessi embm. er borinn saman við þá sýslumenn, sem hafa hæst laun. Hæstu laun sýslum. eru 3500 kr., og ekki kemur síður hjá þeim ýmislegur aukakostnaður en í hinum minni sýslum landsins. Jeg skal gjöra ráð fyrir að af launum þeirra hverfi í aukakostnað 500 kr., og verða þá eptir 3000 kr. — og er jeg þó viss um, að hjer er frá dregið allt það minnsta. — Þá kemur nú að athuga laun póstmeistarans í samanburði hjer við. Eptir frv. verða laun hans 2400 kr., skrifstofufje 1000 kr., fyrir *mistalningu* á peningum 200 kr., fæðispeningar 200 kr. = 3800 kr. Nú skal jeg draga hjer frá skrifstofufjeð, þó jeg sje ekki viss um að hann borgi það allt út, og verða þá eptir 2800kr. Eru laun hans þá orðin að eins lægri en meðallaun sýslumanna, nfl. um 200kr. Hjer að auki kemur til borgun fyrir póstskipa-afgreiðslu 1600 kr., eptir því sem jeg hefi komizt næst. Þetta er nú reyndar ekki fast við embættið, en úr því hann hefur þessa borgun, þá er rjett að taka tillit til hennar, og þingið er þá til taks að bæta úr skák, ef hún hverfur frá hönum; en meðan hann hefur þessa aukasýslan, sje jeg ekki ástæðu til að bæta við embættislaun hans. Því þegar jeg legg þessar 1600 kr. saman við þær 2800 kr. sem eptir verða, er skrifstofufjeð er frá dregið, þá fæ jeg út rúmar 4000 kr. (4400 kr.), sem jeg álít sæmileg laun fyrir hvern embm., ekki sízt fyrir þennan embm., sem það er ennfremur athugavert við, eptir því sem hinn h. frsm. líka benti til, að ekki er svo önnum kafinn, að hann ekki hafi frístundir til að gjöra ýmislegt annað en fylgir embættisstörfum hans. Og það er víst að þessi maður getur haft og hefur líka mörg önnur störf á hendi, enda mun hann vera duglegur maður og drengur góður. Hann er eins og kunnugt er brunamálastjóri og fær fyrir það um 400 kr.; fyrir umsjón með sjúkrahúsinu fær hann 200 kr., og fyrir frímerkjasölu mun hann fá um 200 kr. Að vísu eru þetta aukagetur, sem ekki má telja fastar. En þær benda til, að sýslanin gefur honum ekki svo litlar aukastundir. Aptur er mjer það kunnugt, að sýslumenn hafa mjög fáar aukastundir til annarlegra starfa. Þegar þessir embm. eru bornir saman, þá verða kjör þeirra talsvert ólík. Af því jeg hef ekki getað sannfærzt um, að þurfi að auka laun póstmeistarans meira en um 300 kr., hef jeg leyft mjer af þessum ástæðum að koma með þessa brt.

3. brt. mín er viðvíkjandi Oddaprestakalli í Rangárvallasýslu. Það er kunnugt hjer í þd., að áður hefur verið farið fram á nokkra bót á launum þessa prests, vegna þess skaðræðis, sem prestakallið hefur orðið fyrir. Þetta hefur líka verið viðurkennt að vera sanngjarnt af þinginu, með því það með aukafjárl. hefur gefið prestinum eptir 700 kr. fyrir næstliðin tvö ár. Í framhaldi af þessu hef jeg leyft mjer ásamt 2. þm. Rvl. (Sk. Þor.) að

koma fram með álíka bót á launum fyrir næsta fjárhagstímabil, sem jeg vona þ. sþ., ef það vill vera sjálfu sjer samkvæmt. Því jeg vona, að mönnum sýnist það eins sanngjarnt, að hann fái nokkra uppbót á tekjumissi sínum fyrir næstu í hönd farandi ár eins og hjáliðin ár. Jeg skal bæta því við, að jeg ímynda mjer, að þegar sumir embm. þurfa að fá svo og svo mikið fyrir mistalningu á peningum, þá sje þeim vorkunn, sem líða skaða á tekjum sínum og gjöldum, án þess nokkur geti við gjört. Því það er aðgætandi, að maðurinn sjálfur er ekki valdur að því tjóni, er hann hefur beðið. Þó Oddaprestakall kunni í sumra augum að þykja stórt, sem og er von, er menn ekki hafa sjeð það nú eptir áfallið í fyrra, þá er allt öðru máli að gegna um álit þeirra manna á þessu brauði, sem hafa sjeð það nú og áður meðan það og sveitin öll var í blóma. Bæði jeg og aðrir, sem þennan mismun höfum sjeð, getum sagt, að þar „hafi gefið á að líta". Oddabrauðið var fyrir skaðræðið eitt hið bezta brauð á landinu, en nú er það varla meðalbrauð þegar á allt er litið.

Þá kem jeg að seinustu br., sem ekki auka neinum tölum á lsj., en að eins breyta tölunum á 7. tl. 16. gr.. Mjer þykir það rjett, að þessi maður verði styrktur með 500 kr. til að gefa þessa bók út sem hjer um ræðir, og þetta verður víst, ef honum er ákveðinn þessi styrkur í fjárlögunum, en óvíst, að hann fái hann án þess, þó hann fari þess á leit. Því þessum 6000 kr. sem ætlaðar eru til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, þykir víst hægt að skammta út til ýmislegs, sem um er beðið, og þykir ef til vill standa nær, en þessi fjárbæn. En jeg fyrir mitt leyti met þetta fyrirtæki bóksalans mikils, þó sumir kunni að taka flest fram yfir það. Jeg met það mikils, að hann vill gefa út bók, sem jeg og allir ætla ágæta bók, eptir því orði, sem farið hefur af höfundi hennar, Helga biskupi. Það má búast við því, að svo dýr bók, sem þessi, gangi dræmt út, bæði af því, að nóg er til af slíkum bókum og svo af hinu, að þegar um nokkuð margar kr. er að ræða, þá hikar almúginn sjer við, að kaupa slíkar bækur, eða þá getur það ekki, því peningana vantar í budduna. (*Árni Thorsteinson*: Verður hún ódýrari við styrkinn?). Það kann jeg ekki að segja í þessu augnabliki. Ekki mun það æfinlega, að menn selji bækur ódýrara fyrir það, þó menn sjeu styrktir til að gefa þær út. En styrkurinn getur þó ætíð orðið til þess, að útgefandinn skaðist ekki af sínu lofsverða fyrirtæki. Eins og kunnugt er, hefur verið veittur styrkur nýlega til að gefa út hugvekjur. Nú vil jeg leggja að jöfnuði þörfina á hvorumtveggja, bæði hugvekjum og postillu, því af hvorumtveggju er talsvert til. Engu að síður vil jeg styrkja útgáfu slíkra bóka, ef þær eru góðar, eins og þessar bækur án efa eru. Og þegar jeg ber þessar bókaútgáfur saman, vil jeg heldur veita styrk til útgáfu þessarar postillu, en hugvekjanna, sem búið er að gefa út með styrk af landsfje. Jeg kippi mjer nú reyndar ekki upp við það, þótt menn sjeu mjer ekki yfir höfuð sammála um þetta atriði. Jeg hef svo ekki ætíð komið mínum málum fram. En slíkt læt jeg ekki á mig festa, heldur vil halda því föstu, sem sannfæring mín býður. Skal jeg svo ekki fara fl. orðum um þessar mínar br. fyr en jeg heyri dóm manna um þær; en þá von og traust verð jeg þó að hafa til þd., að hún fallist á einhverjar af þeim. Þykist jeg nú hafa leitt ýtarlega í ljós þær ástæður, sem br. mínar eru sprottnar af, hvort sem þessar ástæður verða teknar gildar eða ekki af þd. Því þegar maður skerst svona út úr, eins og jeg hef gjört með þessi atriði frá mínum heiðruðu meðnefndarmönnum, þá er sjálfsagt að tilfæra þær ástæður, sem brt. eru byggðar á, án þess mjer detti í hug, að jeg hafi getað verkað neitt á þingd. með orðum mínum.

Landshöfðingi: Jeg er samdóma því, sem hinn h. frsm. tók fram í upphafi ræðu sinnar, að frv. væri yfir höfuð svo úr garði gjört frá n. d. hendi, að ekki sje þörf á, að gjöra við það margar eða miklar br., enda hefur fjárlaganefnd þessarar h. d. sýnt þetta í verkinu, þar sem hún ekki hefur stungið upp á mörgum br. við það. Þó fjárlagafrv. stj., er að þessu sinni var lagt fyrir þ., hafi ekki orðið fyrir svo litlum br. í n. d., þá eru þó þessar br. yfir höfuð ekki sjerlega merkilegar, þótt þær sumar, að mínu áliti, sjeu miður hagfelldar. Jeg skal í

þessu tilliti minnast á þá br., sem gjörð er við 15. gr. stjórnarfrv. Upphæð sú, sem ákveðin var í þessari gr. til eptirlauna- og styrktarfjár, var 50000 kr. En þar með voru ekki talin eptirlaun presta, sem gjöra má ráð fyrir, að verði á fjárhagstímabilinu hjer um bil 10000 kr. eða jafnvel 11000 kr., þótt þau nú ekki sjeu nema rúml. 4000 kr. Eptirlaunalög presta eru nefnilega alveg ný, og því ekki komin til fullrar framkvæmdar eða verkunar. Má því búast við, að talsvert meira gangi til eptirlauna handa uppgjafaprestum eptirleiðis en nú. Upphæð sú, sem ákveðin er til allra eptirlaunanna í fjárlagafrv. n. d., er því of lág. Jeg tek þetta ekki fram af því, að stj. gjöri þetta neitt til, þar sem hjer er að ræða um lögákveðin gjöld, sem verður að greiða án tillits til þessarar upphæðar, sem áætluð er á fjárlögunum. Samt sem áður hefur þetta þýðingu að því leyti, að æskilegt er að komast sem næst að því, hvað tekjuleifarnar verða miklar á fjárhagstímabilinu, og þetta hefur áhrif á upphæð hinna áætluðu tekjuleifa. Jeg tek þetta fram af því, að þetta varð ágreiningsatriði milli mín og h. n. d.

Þá skal jeg minnast með fáum orðum á br. mínar, sem hvorki eru margar nje stórar. Við 13. gr. A. b. hef jeg leyft mjer að stinga upp á því, að bætt verði inn 11. tl. um bráðabirgðaruppbót á Dvergasteinsprestakalli, nefnilega 300 kr. hvort árið. Eptir skýrslum, sem jeg hef fengið um vissar tekjur prestakallsins, eru þær ekki nema c. 500 kr. En á hinn bóginn er mjög áríðandi, að þangað fáist jafnan góður prestur, og að völ sjeu á mönnum, svo að ekki þurfi að veita það hverjum einum, sem um það kann að sækja. En lítil líkindi eru til, að margir muni sækja um þetta brauð með þeim tekjum, sem það nú gefur af sjer, og sem eru mjög rýrar. En, sem sagt, er mikið áríðandi, að þangað fáist góður prestur, ekki að eins góður kennimaður, heldur og reglusamur maður, og maður, sem nokkuð kveður að í fjelaginu, því prestakall þetta er mjög fjölmennt orðið, og þar er hinn mesti fjöldi útlendinga mestan hluta árs við síldarveiðar. Að vísu hefur presturinn nokkrar tekjur af þessari veiði, en þær tekjur eru stopular, og ekki nærri svo miklar, sem menn halda, því, eins og menn vita, tilfellur landhluturinn af síldinni ábúendum jarðanna, og verður því ekki breytt fyr en ábúendaskipti verða; þá fyrst getur prestakallið fengið nokkurn verulegan hagnað af síldaraflanum. Jeg vil því leyfa mjer að mæla hið bezta með þessari brust. minni, sem hefur svo mikla þýðingu.

Enn fremur hef jeg stungið upp á litlum breyt. við sömu gr. B. IV. b. um gjöld til Möðruvallaskólans. Til eldiviðar og ljósa hef jeg stungið upp á 500 kr. í stað 400 kr., og gleður það mig, að hinn h. frsm. (Á. Th.) er þessari br. hlynntur, og jeg skal bæta því við, að í stj.frv. voru í þessu skyni áætlaðar 600 kr. og fjárlagan. n. d. vildi láta þessa upphæð halda sjer, en á seinni stigum málsins var hún færð þannig niður. Önnur ust. mín viðvíkjandi Möðruvallaskólanum er sú, að hækka „ýmisleg útgjöld“ úr 300 kr. í 400 kr., og hafði fjárlagan. n. d. líka sþ. þessa upphæð, en síðan var hún færð niður um 100 kr. Mjer virðist þessi upphæð ekki mega minni vera, enda er leitt, ef nauðsynin knýr til þess, að þurfa að fara fram yfir það, sem veitt er, þótt um áætlaðar upphæðir sje að ræða. Þetta eru þær fáu br., sem jeg hef leyft mjer að stinga upp á.

Jeg skal svo með fáum orðum minnast á brt. hinna h. þm. Rvl. (Sighv. Árn. og Sk. Þorv.), og þá geta þess strax, að jeg get ekki verið meðmæltur hinum tveimur fyrstu brt. þeirra. Brt. við 10. gr. (A 3) fer fram á, að færa niður laun hins umboðslega endurskoðara um 500 kr. Jeg hefi áður leyft mjer að taka það fram að störf hans væru mjög áríðandi, og að það væri mjög mikilsvert, að sá maður, sem þessum störfum gegnir, hefði viðunanleg laun, svo líkindi væri til, að honum yrði haldið lengri tíma í sömu stöðu, því að mikið gagn getur hlotizt af kunnáttu hans og reynslu, sem hvorttveggja fæst fyrst af langri æfingu í að gegna þessum embættisstörfum. Störf þessa manns eru áríðandi fyrir úrskurðinn á hinum einstöku reikningum landsins, en til þess að úrskurðurinn verði sem rjettastur og áreiðanlegastur, þarf undirbúningurinn að vera sem beztur. Af því endurskoðandinn þarf að hafa nokkurn skrifstofukostnað, getur þessi launaupphæð þá með engu móti

kallast há. Því vildi jeg að hin h. þd. fynndi ástæðu til, að sþ. frv. n. d. óbreytt að því er snertir þessar 3000 kr. Hin till., sem jeg heldur ekki get fallizt á, fer í líka átt, nefnil. að færa niður laun þau, sem n. d. hefur ákveðið póstmeistaranum, um 400 kr. Jeg skal ekki svara þessari brt. öðruvísi, en að skírskota til hins h. frsm. (Á. Th.), sem ljóslega sýndi fram á ástæður n. d. til að hækka laun þessa embm. Jeg vil því leyfa mier að leggja það til, að hin h. þd. í þessu efni fallist á frv. n. d., en ekki á brt. þm. Rvl. — 3. ust. get jeg vel fallizt á um uppbót til Oddabrauðsins; jeg kom fram með líka ust. í n. d., án þess að hún þó þar næði fram að ganga. Það gleður mig að í h. e. d. kemur fram sama skoðun á þessu og jeg hafði; jeg stakk reyndar upp á 350 kr. hvort árið í n. d., en hjer er farið fram á 300 kr. hvort árið, og þó að það sje nokkuð minna, þá felli jeg mig fullkomlega við það, einkum af því, að meiri von er um, að n. d. samþykki þessa lægri upphæð. H. n. hefur stungið upp á ýmsum br. og skal jeg vera fáorður um þær. Þar sem n. d. hefur fallizt á, að Stykkishólmskirkja fengi frest um fjárhagstímabilið bæði á rentum og afborgunum, þá hefur n. lagt það til, að takmarka þennan frest við afborgunina eina. Mjer er kunnugt, að kirkjan á mjög erfitt með að greiða bæði vexti og afborgun, og er því farið fram á þetta af nauðsyn, en n. hefur þó sýnt kirkjunni talsverða ívilnun, svo jeg skal ekki leggja áherzlu á, að mæla móti till. n., þó æskilegast hefði verið, að kirkjan hefði fengið alla þá linun, sem unnt hefði verið. Jeg er h. n. alveg samdóma um br. á athugasemdinni í 10 gr. (C 4) og álít br. n. sje til batnaðar. Jeg álít, að hún sje byggð á sanngjörnum ástæðum og í því skyni gjörð, að enginn ójöfnuður eigi sjer stað milli hinna einstöku hjeraða í því hvernig fjenu sje varið; þess vegna er br. nauðsynleg eða að minnsta kosti mjög æskileg. Þar sem n. hefur lagt það til, að fje það, sem veitt er til aukalækna undir 16. gr., verði flutt til 11. gr., þá þykir mjer það eiga mjög vel við. Að öðru leyti skal jeg ekki ræða br. n. við 16. gr., en fela þær atkv. h. þd. H. n. hefur ráðið þd. frá, að fallast á ákvörðun þá, sem n. d. hefur sett í niðurlagi 18. gr. um lán til meistara Eiríks Magnússonar. Jeg skal leyfa mjer að vekja athygli þdm. að því, að þessi ákvörðun var samþykkt í n. d. með talsverðum atkvæðamun og tekin inn í frv. einmitt af því, að hjer er að ræða um afbrigði frá gildandi reglum um lán úr lsj. N. d. áleit skylt að hlynna að málinu og veitti því þessa sjerstöku heimild fyrir stj. að veita þetta lán, þó veðið væri eigi slíkt, sem lstj. annars heimtar eða verður að heimta fyrir lánum úr viðlagasjóðnum. N. d. þótti ástæða til að veita þessum manni ívilnun og gjöra undantekningu frá reglunni, þar sem hann átti í hlut, þá undantekningu, sem að líkindum eigi gæti orðið án sjerstakrar heimildar frá þinginu. Þd. áleit að hann hefði unnið landinu mikið gagn og komið fram til mikils góðs, þar sem hann hefði sýnt mikið þrek og kjark í að hjálpa landinu, þegar mest þrengdi að, og fengið þó misjafnar þakkir fyrir. Nú hefur hann leitað þingsins um lán og þykir víst miklu skipta að það fáist. N. d. hefur nú komizt að þeirri niðurstöðu, að verða við þessum tilmælum hans. Mjer getur ekki annað fundizt en sú niðurstaða sje rjett og eðlileg, og jeg vildi óska að h. e. d. kæmist að sömu niðurstöðu.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um bratkv. okkar þm. Rvl.; 1. þm. Rvl, (S. Á.) hefur greinilega skýrt frá ástæðunum fyrir þeim. Jeg fyrir mitt leyti setti mjer nú helzt fyrir sjónir, þegar um laun endurskoðandans er að ræða, laun embættismanna hjer í Reykjavík, sem hafa 2000 kr. og 2200 og geta lifað við það. Jeg ímynda mjer að starf endurskoðandans sje bæði margbreytt og vandasamt, þó jeg ekki viti það til hlítar; en ekki get jeg ímyndað mjer, að það hafi vaxið svo síðan í hitt eð fyrra, að nú þurfi hann 3000 kr., fyrst þá voru 2500 kr. viðunanleg laun fyrir hann. Mjer finnst oflangt stigið við þessa launahækkun. Það mun vera nauðsynlegt, að endurskoðandi sje glöggur og greinilegur maður, og eðlilegt er að betra sje að hann sje vanur störfunum og það því betra því vanari sem hann er; en líklegt þykir mjer, að fleiri sjeu færir um störfin en þessi eini maður hjer í Reykjavík. Viðvíkjandi skrifstofufje, sem sumir vilja láta hann hafa, þá er það kunnugt, að til þessa hefur hann ekki keypt sjer

neina aðstoð í þeim efnum, þó hann kannske hafi haft einhverja hjálp innan húss. Jeg verð að halda því föstu, að launin eru viðunanleg eins og þau eru nú. Jeg er hræddur um að meðmælendur þessarar launahækkunar fari fremur eptir kringumstæðum mannsins og afkomu, að hann þarf eða segist þurfa að fá launaviðbót; en slíkt á ekki að taka til greina, heldur eingöngu launa af landsfje fyrir unnið verk, eða með öðrum orðum störf sýslunarinnar. Um laun póstmeistarans er 1. þm. Rvl. (S. Á.) búinn að tala greinilega. Jeg ímynda mjer að hann hafi fast að 4000 kr. í laun, þó það reyndar ekki sje allt póstmeistaralaun beinlínis; jeg verð því að ætla, að hann sje sæmilega launaður. Þessi aukning starfa hans nemur eigi svo miklu. Mig minnir að h. frsm. (Á. Th.) segði, að það væri eigi nær, að þurfa að bæta við laun hans á næsta þingi; en jeg verð að segja: „skýzt um skák hverja" segir máltækið, og betra er þó að bæta við hann 2 árum seinna, ef ekki er beinlínis þörf á því nú þegar. Jeg er hæstv. lh. þakklátur fyrir það, hvernig hann tók í till. okkar um Odda prestakallið; jeg skal ekki fara að telja upp ástæður fyrir því, það er margbúið að gjöra það hjer í þd. Jeg vona að allir þeir, sem litið hafa í skjöl þau og skýrslur, er legið hafa til sýnis á lestrarsalnum, sjái, að eins mikil þörf er að hjálpa því brauði 2 næstu árin eins og 2 hin síðastliðnu. Jeg verð enn að endurtaka það, að öldungis ómögulegt er fyrir prestinn að svara 700 kr. í peningum til landssjóðs, sem er afdrag brauðsins, eins og nú stendur, þar honum hefir tapazt svo stórkostlega af tekjum brauðsins, og þess utan hefur hann úr litlum eigin efnum að spila. Viðvíkjandi seinasta atriðinu í bratkv. okkar skal jeg láta mjer nægja það sem búið er að tala um það; en greiði atkv. mitt með því.

Stefán Eiríksson: Þegar jeg sje að hjer liggja fyrir bratkv. um Odda og Dvergasteins prestaköll, þá naga jeg mig í hnúana fyrir að hafa ekki komið með bratkv. um Sandfell, en jeg hætti við það, þegar það var fellt í báðum deildum þingsins; jeg ætla þó ekki að hefna mín á þessum bratkv., heldur fara eptir minni beztu sannfæringu. Hæstv. lh. tók fram, að tekjur Dvergasteins prestakallsins væru ekki nema 500 kr. Þetta getur nú verið, jeg er ókunnugur því máli, en jeg get ekki annað ímyndað mjer, en að tekjurnar sjeu í ýmsum árum meiri og í ýmsum árum góð hlunnindi að síldarveiðinni. Það er auðvitað, að brauðið er búið að missa Mjóafjörðinn; en presturinn vildi víst naumlega vinna það til að hafa Mjóafjörðinn með. Prestakallið er hægt yfirferðar fyrir prestinn, og eptir því sem sóknarfólkinu hefur fjölgað þar síðustu árin, hljóta aukatekjur prestsins að hafa vaxið, og jeg hef heyrt, að presturinn þar hafi töluvert í aukatekjur enda hjá útlendingum. Jeg get því ekki fallizt á að leggja því brauði 300 kr. úr lsj. Og jeg get jafnvel ekki heldur fallizt á sömu upphæð í tilliti til Odda; jeg veit reyndar að brauðið hefur spillzt af sandfoki; en ef sama heldur áfram og ekki batnar hagur prestakallsins, þá má taka uppbót upp á aukafjárlög fyrir 1884 og 85, eins og nú var gjört á aukafjárlögunum 1882 og 83. Jeg er annars hálf hræddur um, að inn í þetta mál sje fremur blandað bágbornum kjörum og kringumstæðum prestsins heldur en prestakallsins yfir höfuð. Það er sjálfsagt tilfinnanlegt, að borga út af Odda prestakalli 700 kr., en ef jarðir prestakallsins batna ekki, má taka uppbót á brauðinu upp á aukafjárlög. Jeg er alveg samdóma h. þm. Rvl. viðvíkjandi tl. 1. í bratkv. þeirra. Fjárlagan. n. d. áleit 2500 kr. nægileg laun fyrir hinn umboðslega endurskoðanda og í þeirri n. sat þó þm. Rvík., sem hlýtur að vera mjög kunnugur störfum endurskoðanda. Viðvíkjand 2. tl. breytingaruppástungunnar er jeg ver staddur, því þar get jeg hvorki fylgt bratkv. nje frv.; jeg vil fara þar nokkurs konar milliveg. Það er sjálfsagt að fjárlaganefnd n. d. bætti ekki nema 300 kr. við póstmeistarann, en það virðist mjer oflítið í samanburði við póstafgreiðslumennina út um landið, sem n. ætlaði 850 kr. viðbót; mjer sýnist eðlilegast og sanngjarnast, að póstmeistarinn fengi helming á við þá. Líkast þykir mjer að jeg verði með frv., því aðalatriðið er að gjöra póstmeistarann svo úr garði, að hann verði skaðlaus, þó póstferðunum verði fjölgað; gjöri jeg þetta í því skyni, að það skuli ekki standa í veginum fyrir að póstferðirnar aukist, því að auka póstferðum er sannarlegt nauðsynjamál. Við-

víkjandi 4. tl. þá verð jeg að segja það, að guð hefur gefið mjer þann kristilega hugsunarhátt, að jeg held upp á húslestra í heimahúsum. Mjer finnst því að það sje skylda þingsins að hlynna að þeim mönnum sem láta sjer annt um að gefa út góðar guðsorðabækur, og með því jeg veit það fyrir víst að það er vilji allra í mínu kjördæmi, þá ætla jeg þessa vegna að greiða atkv. með þessum tl. Jeg drap á það við 1. umr. að mjer ekki líkaði þessi fjölgun á læknahjeruðunum, sem hjer er stungið upp á í fjárlögunum; n. sem hjer var sett, hefur ekkert breytt frv. í þessu efni, nema fært tölurnar til. Það sannast, að verði læknahjeruðunum fjölgað, þá munu nógar bænir koma til þingsins um að fá einn eða tvo hreppa gjörða að sjerstökum læknahjeruðum og þessi fjölgun getur því orðið lsj. fulldýr um það lýkur; mjer gremst þetta því meira sem 16. læknishjerað enn í dag stendur autt og óskipað eptir 8 ár frá því að lögin 15. október 1875 komu út, og jeg vil við þetta tækifæri leyfa mjer að skora á hæstv. lh. að hlutast til um, að læknir fáist þar, að minnsta kosti áður en farið er að skipa lækna í þessi nýju læknisumdæmi. Mig furðar annars á, að þingið skuli hafa komið fram með þetta, því það sannast, að það verður fulldýrkeypt landssjóðnum á endanum.

Ásgeir Einarsson: Nú hafa öll bratkv. fengið mótmæli, nema bratkv. mitt; á það hefur enginn minnzt, annaðhvort af því, að það hefur ekki verið virt þess að tala á móti því, eða þá að enginn hefur haft neitt á móti því. Mig langar annars til að heyra dóma manna um það. Jeg veit ekki hvað aðrir hugsa, því jeg sje ekki inn í hugskot þeirra, en vel veit jeg hvað sjálfum mjer er innanbrjósts. Frá því að spítalamálið var fyrst borið upp á fyrsta ráðgefandi þingi voru og næstu þingum þar á eptir, hefur tilfinning mín ætíð hvatt mig til að mæla með því af fremsta megni, því jeg álít það heilaga og kristilega skyldu hvers manns að greiða veg aumingjanna og sjúklinganna. Landlæknirinn, sem þá var, sagði að það væri ekki til neins að byggja spítala, hann yrði ekki notaður og menn mundu ekki leggja sig inn á spítala hjer, en nú er svo komið, að fyrir skemmstu var ekki hægt að fá manneskju lagða inn á spítalann, því þar var allt fullt. Jeg svaraði landlæknirnum þá, að til þess gætu verið einungis tvær orsakir og báðar þó ólíklegar; önnur sú, að menn bæru ekkert traust til læknisins, eða þá hin, að hann með langvarandi dugnaði og atorku væri búinn að eyða öllum sjúkdómum í landinu, svo enginn væri eptir. Nú sýnir það sig, að hvorugt á sjer stað. Jeg skyldi ekki hafa borið upp bratkv. mitt, ef þessi spítali, sem hjer er, væri ekki í andlátinu. Það mætti þykja undarlegt öllum sem nokkuð hugsa, ef þingið legði fúslega fje til allra stofnana landsins, en gleymdi þeirri eða synjaði þeirri um styrk, sem langmest af öllum þarf líknarinnar við. Það hefur verið sannfæring mín frá því fyrsta að jeg fór að fara á þing, að hjer væri svo margur sjúklingurinn líknarþurfi, að full þörf eða rjettara sagt full nauðsyn væri hjer á góðum spítala. Og þessi sannfæring mín er enn í dag eins heit og þegar jeg var yngri. Jeg vil skjóta því til allra h. þm. í þessari þd., hvort þeim finnist ekki að á þeim hvíli skylda til að gjöra það, sem í þeirra valdi stendur til þess að efla þessa stofnun. Það er öllum kunnugt, að í hverju siðuðu landi er hlynnt að slíkum stofnunum sem mest má verða, og margir munu gefa stórfje og sumir aleigu sína til að efla þær. Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, var komið svo langt í n. d., að lá við samkomulagi. Jeg get ekki annað skilið, en að samskotin til spítalans í fyrstu hafi verið gefin Reykjavík, en ekki öllu landinu. Þegar nú Reykjavík býður þessar 15000kr., og landið svo legði til 20,000 kr., þá væri bræðralag á og þessum litlu kröptum þjóðarinnar ekki skipt. Það var einu sinni sagt á alþingi hinu forna, að ef lögunum væri skipt, þá væri friðinum skipt. Jeg segi nú: Ef vjer skiptum efnunum, þá skiptum vjer framkvæmdunum. Það hefði kann ske gengið saman í n. d., hefði verið stungið upp á 15000 kr. tillagi frá lsj. En það væri sannarlega hart, ef einar 5000 kr. skyldu verða til þess að fella ust. um spítalann og það væri hraparlegt til þess að vita, ef slíkt skyldi hljóta að standa í sögu landsins. Byggingu spítalans á að haga svo hentuglega sem auðið er; byrja smátt, en bæta við eptir því sem þörfin krefur og kringumstæðurnar leyfa. Jeg skal enn einu sinni taka það fram, að það er skyn-

samlegt, kristilegt og mannúðlegt, að sameina nú krapta sína og hjálpa og styrkja þessa stofnun, sem reisa á til líknar sjúklingum landsins. Jeg skal að endingu skjóta máli mínu til hans, sem gekk í kring, gjörði gott og græddi alla, og biðja hann að leiða þetta mál til blessunarlegra lykta fyrir ættjörð vora.

Sigurður Melsteð: Jeg ætla að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við bratkv. þau, sem fram hafa komið við fjárlagafrv. Viðvíkjandi brtill. þm. Rvl. þá skal jeg vera fáorður um hana, en einungis leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd við samanburð þann, sem kom fram í ræðu h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) á sýslumönnum og hinum umboðslega endurskoðanda. Mjer fannst hann gleyma því, að það er nokkur mismunur á því, að búa í Reykjavík og í sveit. Embættismennirnir út um landið hafa flestir bú, en hjer er ekki hægt að hafa bú. H. 1. þm. Rvl. (S. Á.) gleymdi alveg, að því mjer þótti, ágóðanum af búinu. Ef enginn ágóði væri af búinu, væri bóndanum alveg ómögulegt að lifa. Af þessum ástæðum get jeg ekki fallizt á 1. og 2. liðinn í brtill. h. þm. Aptur á móti varð jeg glaður við að sjá 3. liðinn, og um hann er jeg alveg samdóma h. þm. Ástæðurnar þarf jeg eigi að taka fram; það er búið að geta þeirra áður: hinna hörðu ára og hins mikla tekjumissis, sem brauðið hefur orðið fyrir við það, að jarðir prestakallsins hafa skemmzt af völdum náttúrunnar. 4. tl. álít jeg að sje sprottinn af tilfinningu fyrir því, að það sje viðurkenningar og styrktar vert, að gefa út góðar guðsorðabækur, og að sá kostnaðarmaður, sem hjer ræðir um, sje góðs maklegur fyrir það, að vilja gefa út og kosta prjedikunarbók eptir andríkan kennimann. Þessari tilfinningu er jeg alveg samdóma; jeg er reyndar ekkert hræddur um, að *útgefandinn muni bíða skaða* við útgáfuna. En jeg er einn í þeirra tölu, sem álíta, að allir þeir sjeu góðs maklegir, sem styrkja að því og styðja það, að góðar guðsorðabækur breiðist út um landið og festi rætur á heimilunum. Viðvíkjandi vatkv. þm. Str. (Á. E.), þá gef jeg því atkv. mitt, því jeg álít, að það miði til þess, að koma í rjett horf einu máli, sem er eitt af vorum nauðsynjamálum, á hverja hliðina sem á það er litið, hvort sem það er skoðað frá landsins hálfu, læknaskólans eða Reykjavíkur; og loksins kemur skuldbinding sú eða skylda, sem á landinu hvílir, að sjá sjúkum útlendingum einhvern farborða. Jeg hugsa mjer, að slíkur spítali sem þessi ætti að ná þeirri tilhögun og því fyrirkomulagi, að hann væri ekki fyrir einstakt hjerað eða einstakan landsfjórðung, heldur væri nokkurs konar fyrirmyndarspítali fyrir allt landið. Síðan að strandsiglingarnar komust á er eins hægt að flytja hingað sjúklinga að vestan, austan og norðan og hjer úr nærsveitunum, þar sem strandferðirnar nú eru á mikinn hluta ársins. Þetta sannar líka reynslan þetta sumar, því jeg veit til, að af öllum sjúklingum þeim, sem lagðir hafa verið inn á spítalann í sumar, hafa $^2/_3$ verið að vestan og norðan og $^1/_3$ úr Reykjavík og nærsveitunum. Þegar nú litið er til læknaskólans, þá er góður spítali skilyrði fyrir allri sannri læknakennslu, því theoretiskt bóknám eitt verður aldrei nema dauður bókstafur í þeirri vísindagrein. Nauðsynin á því, að hafa góðan spítala, er viðurkennd af öllum siðuðum þjóðum. Spítalinn er fyrir læknaskólann eins og smiðjan fyrir listamanninn. Þetta er mikilsvert atriði, að efla vöxt, viðgang og þroska læknismenntunarinnar í landinu. Í þriðja lagi höfum vjer skyldu að gegna við útlenda sjúklinga, sem opt ber við að koma hingað til lands á útlendum skipum, bæði fiskiskútum og öðrum. Það er kristileg skylda vor að hjúkra þeim, og hversu miklu hægra mundi það ekki verða oss, ef vel lagaður og skipulega settur spítali væri hjer til.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að tala fáein orð. Hæstv. lh. tók fram, að starf hins umboðslega endurskoðanda sje vandasamt og mikilsvert, og að laun hans eigi að vera svo, að hann geti unað við þau. Þetta skal jeg fúslega játa. En jeg skal gjöra dálitla athugasemd þar í móti, þar sem hann gat þess, að þessi maður, sem nú hefði starfann á hendi, væri orðinn vanur starfanum og æfður í honum. Það er algild setning, að hver starfi verður því ljettari því lengur sem hann er iðkaður. En þá kemur líka annað til skoðunar. Jeg er sannfærður um, að yfirskoðun, að minnsta kosti á hinum lægri stigum, er orðin helmingi ljettari nú, en hún var áð-

ur; jeg vil taka til dæmis yfirskoðun á sveitareikningum. Það er víst ólíkt, að yfirfara þá nú en var á fyrstu árunum; það er mjer persónulega kunnugt, því þar kemur líka fram á öllum stöðum, að „vaninn gefur listina". Jeg ímynda mjer, að frá ýmsum stöðum sjeu skýrslurnar ólíkt betri nú en fyrst eptir 1874. Þá var eigi ætlið svo auðunnið, að fást við yfirskoðun. Viðvíkjandi því, sem framsögumaður minntist á, hvort postillan yrði ódýrari ef styrkurinn fengist, þá skal jeg geta þess, að útgefandinn hefur hugsað sjer, að hver örk prentuð af postillunni kæmi til að kosta 12 aura, ef styrkurinn fengist, en 16 aura annars að minnsta kosti fyrir aðra en áskrifendur að bókinni; þannig má sjá, að hann ætlar sjer að taka styrkinn til greina við verð bókarinnar. H. 6. kgk. þm. (S. M.) gleymdi því, þegar hann var að tala um sýslumenn út um landið og endurskoðandann, að ekki öllum sýslumönnum er auðvelt að hafa bú og í raun og veru eru það ekki svo fjarska margir sýslumenn, sem búa í sveit, því mörgum af þeim er gjört að skyldu að búa í kaupstöðum. Jeg skal bæta því við það, sem jeg talaði um laun póstmeistarans, að jeg er sannfærður um, að hann hefur 1000—1400 kr. á ári í hreinar tekjur fram yfir bezt launuðu sýslumennina fyrir utan allar áðurtaldar aukagetur og bókasölu í tilbót, sem mun gefa af sjer allt að 1000 kr., og þá vona jeg til, að það jafni sig upp, þó hann þurfi að búa í Reykjavík. Jeg skal að eins drepa á það, að jeg álít, að þessar launahækkanir, sem veittar eru þing eptir þing embættismönnum í Reykjavík, sjeu orðnar helzt til hættulegar, þegar laun sumra þeirra ganga að miklum mun fram yfir laun embættismanna út um landið; það má eiga það víst, að þeir koma á eptir, ef þeir verða verulega aptur úr, því hver vill, sem vonlegt er, skara eld að sinni köku. Jeg verð því að álíta það rangt af þinginu, að gefa atkvæði fyrir óþarfa hækkunum á launum, og hverjum manni er auðsætt, að slíkt hlýtur líka að hafa skaðlegar afleiðingar.

Árni Thorsteinson (frsm): Ust. n. hefur almennt verið vel tekið, og skal jeg því ekki vera langorður. Sjerstaklega er n. hæstv. lh. þakklát fyrir það, hve vel hann hefur tekið br. n. En þar sem hann sagði, að n. hefði ráðið frá að veita nafngreindum manni lán, þá er það ekki nákvæmlega rjett, því n. hafði alls ekki þann tilgang, að leggja móti láninu til þessa manns, heldur áleit hún að að því megi ganga vísu, að stj. verði við till. n. d. um að veita hið umbeðna lán gegn veði eða lífsábyrgðarskírteini, þegar trygging er fengin fyrir því, að lífsábyrgðin haldi áfram. En n. áleit, að það heyrði stj. en ekki þinginu til að ráða úr þessu og meta það. Aptur var svo langt frá, að nokkur maður í n. legði á móti láninu, að einmitt flestir í henni vóru því meðmæltir, að meistari Eiríkur Magnússon fengi láníð. En það er stórt skref frá því að vera meðmæltur og til þess að gjöra hreina undantekningu frá gildandi reglum og það væri gjört með lán þetta, ef að ákvörðunin í frv. væri látin halda sjer. Jeg er persónulega meðmæltur vatkv. h. þm. Str. (Á. E.) og fellst á athugasemdir þær, sem hann og h. 6. kgk. þm. (S. M.) hafa gjört um það mál, er þeir hafa sannað, að full nauðsyn er á því að styrkt sje mjög verulega að byggingu spítala eða sjúkrahúss hjer í Reykjavík. Það er gleðilegt að líta á brtill. h. þm. Rvl., og sjá þar fulla tryggingu fyrir, að Rangárvallasýslu er ekki gleymt í neinu. Oddaprestakallinu eru ætlaðar 300 kr., og ræður Helga biskups, sem var prestur þar, eru að líkindum þess vegna einnig komnar fram til fjárveitingar. Jeg óska prestinum alls góðs, en betra hefði verið, að þessi ust. hefði farið fram á það, að þessar 300 kr. skyldu greiddar upp í 700 kr. tillagið af brauðinu, svo að eigi yrði hætt við því, að presturinn fengi þessar 300 kr. auk þess sem hann ljeti vera að greiða 700 kr. af brauðinu í árgjald. Viðbótinni við 16. gr. er jeg ekki sjerlega mótfallinn, af því postilluhöfundurinn var forðum prestur í Rangárvallasýslu, svo jeg skil mjög vel, að þessir h. þm. hafi komið fram með till. um að heiðra postillu hans með þessu tillagi, og skal jeg ekki þrátta um það við þá. En miklu síður skil jeg, hvernig stendur á tillögum þeirra undir tl. 1. og 2. og í brtill., og skal jeg fara fáeinum orðum um ástæðurnar. Það hefur verið talað um að endurskoðunin væri mjög lítilfjörlegt starf, að á þeim starfa lægi enginn átroðningur, eins og hjá sýslumönnum út um landið, og að endurskoðandi hefði eiginlega ekkert að gjöra, þar

sem yfirskoðunin væri orðin ljettari en hún hefði verið áður. Það skyldi þá vera, að hún væri orðin það, síðan að prestum var sú skylda á herðar lögð, að kenna mönnum að lesa og skrifa. Þegar að er gáð, þá hefur reikningsfærsla á landssjóðsgjöldum eigi aukizt lítið. Það væri gaman að biðja þessa h. þm. að fá sjer reizlu og vega póstreikningana; þeir munu eigi verða svo ljettir, sem þeir ætla og það eru margir aðrir reikningar, aukatekjureikningur, manntalsbókarreikningur, tollreikningur og aðrir reikningar sem oflangt væri upp að telja, en sem þarf að reikna upp aptur við hverja þá tölu er kemur fyrir í þeim sem tekja eða gjöld og hjá hverjum einstökum greiðanda. Það er ekki hægt að bera endurskoðunina saman við sýslumennina; það starf er sannarlega allt annað en svo, að lítið þurfi að gjöra úr því erfiði. Það hefur líka verið talin sem ástæða móti launahækkuninni, að hún áður hafi verið falin öðrum manni á hendur fyrir langt um minna fje. Jeg skal nú tala hreint og beint, svo ekki sje verið að beita brögðum í þessu efni. Það er jeg, sem hjer er um að ræða; mjer var falin endurskoðunin fyrir einar 1200 kr. og þessi borgun nægði mjer flest öll árin að eins til að borga manni þeim sem jeg þurfti að halda til þess starfa, en fyrir mína margra mánaða vinnu við endurskoðunina, aukavinnu og tillag í ritföngum, fjekk jeg ekki einn eyri. Og svo er þetta fært sem ástæða fyrir því, að hægt sje, að fá endurskoðunina gjörða fyrir langt um minna fje en nú sje sótt um. Það var líka tekið fram, að sá sem hefði endurskoðunina á hendi, fyrir þessa litlu borgun, hefði ekki sótt um launaviðbót. Það er satt, að stjórninni var neitað um hærri borgun til mín, en jeg varð glaður þegar jeg losnaði við endurskoðunina og ef ustm. vill vita hvers vegna jeg aldrei bað um meiri laun, þá skal jeg segja þeim það og lýsa því yfir, að jeg gjörði það til þess að þurfa ekki að sitja undir þeim þunga dómi, sem allt af dynur á þinginu yfir þá embættismenn, sem sækja um það er þeim þykir sanngjarnt og vilja fá fyrir vinnu sína. Jeg bað ekki um hækkun til þess að þurfa ekki að heyra slík orð sem alltaf hljóma frá öðrum eins þingmönnum og þm. Rangárvallasýslu, og því get jeg bætt við, að jeg endurskoðaði fleiri reikninga en jeg þurfti, þar eð jeg tók við rúml. 2 ára óendurskoðuðum reikningum, og fyrir það fjekk jeg ekkert. Enn fremur gat 1. þm. Rvl. (S. Á.) þess að það hefði stundum komið fyrir, að hann hefði ekki fengið sitt fram um að bæta kjör prestanna, sem sitja á lægstu brauðunum. Er þá ástæða til að þessi maður fái ekki sitt af því að prestarnir á lægstu brauðunum fá ei sitt? Er það jafnrjetti, að þó prestarnir fái ekki hækkun, þá skuli þessi maður ekki fá hækkun heldur? Væri ekki betra, að láta þennan mann ná rjetti sínum og prestana í Rangárvallasýslu og aðra fátæka presta líka? Hjer er ekki spursmál um meiri laun til endurskoðandans en þau sem stj. fór fram á 1881. Það hefur verið sagt, að allir væru orðnir vel að sjer í reikningi, en það sannast ekki á h. 1. þm. Rvl., þegar hann er að reikna laun póstmeistarans. Póstmeistarinn hefur í laun 2000 kr. með þeirri áformuðu 300 kr. viðbót, 1000 kr. í skrifstofufje og 200 kr. fyrir að taka á móti póstávísunarfje, eins og þm. þóknast ranglega að kalla það; enn fremur taldi h. 1. þm. Rvl. 200 kr. í fæðispeninga sem hrein laun; en hann gáir ekki að því, að þessir peningar eru endurgjald á útlögðum ferðakostnaði, og ef þingmaðurinn vill gæta að landsreikningnum fyrir 1881, getur hann sjeð að þegar póstmeistarinn ekki ferðast, þá fær hann ekkert. Í raun og veru hefur póstmeistarinn með áætlaðri 300 kr. viðbót við 1700 kr. skrifstofufje alls og alls 3200 kr., en þar af ganga 1400 kr. til skrifstofuhalds, og þá verða laun þessa embættismanns ekki nema 1800 kr. Mjer finnst nú rjett að láta þennan embættismann njóta sanngirni, en ekki gjalda þess, að hann er duglegur maður, sem hefur fleira fyrir stafni en póststjórastörfin ein. Það er sannarlega ekki farið fram á neitt ósanngjarnt, þó launin sjeu hækkuð upp í 2400 kr., ogmjer finnst, að þessi h. þd.geti vel sætt sig við, þó hún ekki komizt að annari niðurstöðu í þessu efni en h. n. d., en það er hennar ákvörðun, sem jeg ver, en þm. vill fella.

Sighvatur Árnason: Frsm. hefur látið í ljósi, að beitt hafi verið brögðum og farið með ranghermi í þessu endurskoðandamáli, og að jeg hafi sagt, að endurskoðandinn hefði ekkert að gjöra. Jeg

verð að lýsa því yfir, að þetta er ekki rjett. Jeg tók einmitt undir með hæstv. lh., að starfinn væri vandasamur og tæki mikinn tíma, og jeg vitna það undir h. þd., hvort jeg hafi beitt nokkrum brögðum í þessu máli eða farið með ósannindi, og ef svo er ekki, bið jeg h. frsm. að taka þessi orð sín aptur.

Árni Thorsteinson (frsm.): Jeg þarf ekki að taka þessi orð mín aptur, því h. 1. þm. Rvl. sagði, að sjer virtist að þinginu hefði missýnzt fyr á tímum, þar sem einungis hefðu verið borgaðar 1600 kr. fyrir endurskoðunina og færði þetta sem ástæðu. Jeg kallaði það að beita brögðum, að vilja nota þetta sem sönnun, og nú er jeg búinn að upplýsa, hvernig á því stóð, að sá maður, sem fyrst hafði endurskoðunina, ekki bað um launaviðbót, svo að þessi litla borgun leiddi til þess, að hann hætti við endurskoðunina og varð feginn að biðja um lausn frá henni.

Fertugasti og sjöundi fundur, þriðjudag 21. ágúst, kl. 6—8. Allir á fundi.

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 325); frh. 2. umr.

Einar Ásmundsson: Það hefur verið talað talsvert um þetta mál, eða þau atriði þess, sem hjer liggja helzt fyrir til umr., hinn h. frsm. (Á. Th.) hefur skýrt málið sjerlega vel frá n. hálfu, og þeir heiðraðir þm., sem hjer eiga bratkv., hafa og gjört grein fyrir þeim, og skal jeg því að eins snúa mjer að einu bratkv., eða vatkv., frá hinum h. þm. Str. (Á. E.), sem mjer finnst að tiltölulega hafi lítið verið talað um. Þetta vatkv. fer fram á, að aptan við fjárlfrv. bætist ný gr., sem gefi stj. heimild til að verja 20,000 kr. af viðlagasjóði til byggingar á spítala eða sjúkrahúsi í Reykjavík, og þetta fje á að veita sem vaxtalaust lán mót veði í húsi því, sem til þessa *kynni að verða byggt.* Þetta vatkv. kemur mjer fyrir sjónir eins og það væri fallið niður úr tunglinu, og margt í því þurfi að skýrast betur. Hinn h. flm. talaði reyndar nokkuð fyrir því, en ræða hans var líkari prjedikunarstýl, en minna í henni af skýringum, hvernig í málinu lægi. Jeg verð því að leyfa mjer að biðja skýringar um það, hvernig á þessu vatkv. standi, hverjir hafi beðið um þetta lán, og hverjir eigi að endurborga það? Hverjir eiga spítalann, sem hingað til hefur verið hjer í Reykjavík, og nú á að fara að endurbyggja? Jeg hef heyrt, að fjelag einstakra manna eigi hann, en mjer er ekki ljóst, hvort þetta fjelag hefur beðið um lánið. Jeg verð þó að ímynda mjer að svo sje. En hvaða vissu hefur þingið fyrir því, að þetta fjelag standi og þessum 20,000 kr. sje ekki kastað út í loptið. Hefði landið eða Reykjavíkurbær átt spítalann, þá hefði þessi fjárveiting verið hættulaus, en það er hún ekki, þegar fjelag einstakra manna á í hlut, sem ef til vill stendur að eins um stundarsakir. Það er auðsjeð að það eru einhverjir einstakir menn, sem hlut eiga að máli, vegna þess að húsið, sem á að byggjast, eða kann að verða byggt, á að vera veð fyrir láninu. Veðsins þyrfti ekki með, ef landið ætti spítalann, sem nú er, og ætlaði sjer að reisa hann af nýju, því að landið fer ekki að lána sjálfu sjer og setja veð fyrir. Veðið í húsinu væri líka óþarft, ef Reykjavíkurbær ætti í hlut, hann væri álitinn fullfær til að endurborga lánið án frekari tryggingar. Jeg get þess vegna ómögulega fellt mig við þetta vatkv., eins og það kemur fram, þó að jeg skuli fúslega játa, að það er nauðsynjamál að hafa hjer spítala, og mjer fellur því illa, að jeg líklega neyðist til þess að greiða atkv. móti vatkv., vegna þess að það er svo undarlega lagað. Jeg álít, að ef þetta lán á að veitast einstökum mönnum, þá verði þó að setja einhver nákvæmari skilyrði fyrir láninu. Það getur verið, að flm., eða einhverjir aðrir, geti skýrt þetta mál svo, að jeg kunni að verða því hlynntur, en þó trauðlega í þessari mynd. Um hin önnur atriði þessa frv. sje jeg eigi þörf að ræða frekar, en þegar er gjört, þar eð málið skýrðist vart betur við það.

Ásgeir Einarsson: Það getur verið að þetta bratkv. mitt, sem hinn h. 2. þm. Ef. (E. Á.) hefur kveðið svo harðan dóm yfir, sje óhöndulega samið, þó að jeg reyndar hefði mann í ráðum við samningu þessarar till. minnar, sem jeg gat borið fullkomið traust til í því efni. Jeg hef aldrei heyrt annað, en að það

hafi verið stungið upp á því í fyrstu, í hinni heiðruðu n. d. að byggja þetta sjúkrahús þannig, að landið og Reykjavíkurbær gjörðu það í sameiningu, og fulltrúi Reykjavíkur fór líka fram á að fá þessar 20,000 kr. í viðbót við þessar 15,000 kr., sem fjelagið á ráð yfir og kemur eins og tillag Reykjavíkur. Svo hugsaði jeg mjer, að rjettara væri að láta húsið sem byggt verður, standa sem veð fyrir þessu vaxtalausa láni, ef illa gengi með spítalann, svo að peningarnir töpuðust ekki. Jeg vona að góðgjarnir menn geti lagað þetta vatkv. þannig, að það lag komizt á að landið leggi til þessarar spítalabyggingar af sínum parti og Reykjavíkurbær af sínum.

Jeg hef áður drepið á hversu áríðandi þessi spítalabygging væri fyrir landið og gæti sýnt það enn betur. Hinn h. 6. kgk. (S. M.) tók það fram og jeg er honum alveg samdóma um það, að spítali hjer í Reykjavík er líka til æfingar fyrir læknaefni, og því betri og fullkomnari sem spítalinn er, því betur verða þeir að sjer og því styttri tíma þurfa þeir að vera erlendis til þess að ganga á spítala þar; það er auðvitað að þeim væri eins nauðsynlegt samt sem áður að fara utan að sjá meira og læra meira, og það er ekki undarlegt, því að hinum lærðustu læknum þykir engin læging í því að safnast saman við og við til þess að læra hver af öðrum, og sama má segja um alla vísindamenn. Svo er spítalinn og nauðsynlegur, ef svo ber undir að skip kemur til landsins með skæð og sóttnæm veikindi, því að nú eru ekki lengur Laugarnesshúsin að flýja til.

Jeg fer ekki fram á annað, og það er hið sama og kom fram í n. d., en að lsj. leggi til af sínum hluta til þess að byrjað verði á byggingu sjúkrahúss hjer í Reykjavík, það má haga byggingunni þannig að bæta megi við, þó að spítalinn verði í fyrstu ekki svo stór, sem hann ætti að vera. Það er t. d. alveg nauðsynlegt að koma hjer upp baðhúsi við spítalann. Merkir læknar hafa sagt að sumum sjúkdómum sje svo varið, að þeir læknist eigi nema því að eins, að sjúklingarnir geti notað baðhús, og það væri því sannarlega mikið unnið við það að eiga baðhús hjer við spítalann, til þess að slíkir sjúklingar þyrftu ekki að takast á hendur dýra ferð til annara landa.

Þm. Ef (E. Á.) hneykslaðist á þessu veði í húsinu. Jeg hef sagt honum af hvaða ástæðu jeg setti það inn í vatkv. mitt, en jeg vona að aldrei þyrfti að ganga að því veði, því að reynslan hefur sýnt að nóg hefur verið aðsók til spítalans í Reykjavík hingað til, og hún yrði sjálfsagt meiri þegar betri og fullkomnari spítali væri kominn.

Það má laga þetta í hendi sinni við 3. umr., ef menn á annað borð vilja koma spítalanum upp og veita styrk til þess úr lsj. á einhvern hátt. Það hafa hjer á þingi verið styrkt fyrirtæki, sem eru langt frá því að vera þarflegri en þetta, og jeg gæti jafnvel bent á, að í þessari heiðruðu þd. hefur í sumar verið stungið upp á fyrirtækjum og síðan samþykkt, sem ekki eru nauðsynlegri en þetta. Jeg skal vera manna fúsastur til þess að taka móti öllum góðfúsum bendingum til þess að laga vatkv. mitt, svo að það nái að ganga fram í þessari deild, svo að þetta mál komi aptur fyrir hina h. n. d., þar sem jeg hef góðar vonir um það, vegna þess að það var fellt með svo litlum atkvæðamun, að ekki vantaði nema herzlumuninn. Það er að segja, jeg fer fram á þetta því að eins að menn álíti að hjer sje þörf á góðum spítala í Reykjavík, því að ef menn hafa ekki þá skoðun og jeg er einn um það, að þykja tilfinnanlegt að vera án hans, þá er um ekkert að tala, og þá skal jeg heldur ekki þreyta menn á að berjast fyrir honum.

Benidikt Kristjánsson: Þó að hinn h. þm. Str. (Á. E.) hafi tvívegis tekið til máls viðvíkjandi vatkv. sínu, þá finnst mjer þó eins og þm. Ef., að hjer vanti enn þá aðalatriði málsins, það er að segja skýringu og skýrslu um það, hvernig spítalinn í Rvík varð upprunalega til og hvernig högum hans er varið. Nú er reyndar búið að segja, að hann hafi komizt upp fyrir samskot eða gjöf eins eða tveggja manna, en sú skýring er ekki fullnægjandi fyrir þingmenn. Jeg virði það vel af þm. Strm., að hann lætur sjer annt um þetta mál. Því að jeg skal fúslega játa, að það er mikilsvert mál, og jeg skal heldur ekki lá honum, þótt hann

hafi tekið sjer það til, að ekki var minnzt á vatkv. hans að fyrra bragði; en það hefur sjálfsagt verið af því, að hann var þá ekki búinn að „præsentera“ þennan „grís“ sinn; því að ef jeg hef skilið hann rjett, þá kallaði hann þetta vatkv. sitt „grís“, og líkti svo sjálfum sjer við galtann, þá er hann hóf hina fyrri ræðu sína í dag.

Aðalatriðið í þessu máli er að vita, hvers eign spítalinn er. Það er ekki nóg, að þm. hafi fyrir sjer sínar sögusagnir um það, hver á spítalann, og það ef til vill, þær sögusagnir, sem að sínu leyti eru ef til vill, ekki sem áreiðanlegastar. Það hefur heyrzt, að spítalinn hjer hafi verið gefinn af einstökum mönnum, en hvort hann hafi verið gefinn Rvík eða landinu, það hefur ekki verið sagt. Mjer finnst þingið þyrfti að sjá gjafabrjef spítalans og stofnskrá hans. Jeg hef heyrt sagt, að húsið sje selt og stjórnarn. spítalans bjóði fram 15,000 kr. En hvernig stendur á því, að hún býður fram þessar 15,000 krónur? hefur hún heimild til þess og þingið til að taka þessu boði? Nú er farið fram á að lána enn þá meira fje til spítalabyggingar, svo að það lítur svo út, sem hin fyrverandi stofnun sje uppleyst. (*Árni Thorsteinson:* Nei). Jú, jeg veit ekkert um það, hvort stofnunin er enn þá til eða ekki; það hafa engin orð komið um það frá spítalastjórninni, og það er sem sagt búið að selja húsið, en *spítalastofnun getur þó ekki átt sjer stað nema það sje spítalahús.* Nú er spursmálið, þegar ræðir um þessar 20,000 kr., hvort spítalastjórnin vill taka á móti þessu láni, og hvort hún vill verja þessu fje til þess að stofna spítala, sem samsvari þörfum tímans og ástandinu hjer, en það held jeg sje mjög vafasamt. Jeg sje því ekki að þetta sje annað, en að þingið sje að veita fje rjett út í bláinn. Hvað dugir þetta fje, ef teikning af spítalabyggunni og áætlun um hann á að kosta 2000 kr. Jeg held slíkt hús mundi verða ærið dýrt, ef allur kostnaður við byggingu hans yrði eins dýr að tiltölu. Jeg sje einnig af af stæðum stj., að landlæknirinn hefur gjört ráð fyrir, að spítalinn mundi kosta 100,000 kr. Hvað skyldi spítali komast langt með þessu fje, sem hjer er farið fram á að veita? Mjer sýnist þingið þurfi að vita við hvern það á, áður en það fer að gefa sig við þessu fyrirtæki, með öðrum orðum, að þingið verði að eiga við einhvern þann, sem það geti samið við. Þingið getur ekki svona blátt áfram fleygt spítalanum upp á lsj. Hjer eru hlutaðeigendur hins vegar, sem maður veit ekki hvort vilja eiga við það; að minnsta kosti lítur svo út, sem mönnum sje ekki svo sjerlega annt um spítalann, þegar málið kemur svona báglega undirbúið.

Jeg ætla ekki að minnast á hina ýmislega misgáning, sem kom fram hjá flm. vatkv. (Á. E.); en þar sem hann sagði, að spítalinn væri nauðsynlegur vegna sóttnæmra veikinda, sem hingað bærust, — hann meinar að líkindum fyrir kóleru og bólusótt, — þá er jeg hræddur um, að sá spítali, sem hjer ræðir um, verði ekki fyrir slíka menn. Menn mundu ekki leika sjer að, að setja kólerusjúka og bólusjúka menn inn á þann spítala, sem almenningur er tekinn inn á, heldur mundi verða að flytja þá í sjerstök hús. Þó að þessi spítali, sem hann hefur talað um, yrði stofnaður, þá verður hann aldrei fyrir kóleruveika og bólusjúka menn. Jeg lít svo á þetta mál, að það sje ekki svo undirbúið, að þingið—þó það aldrei nema vildi — geti verulega sinnt því að þessu sinni.

Jeg skal fúslega játa það með þm. Str., að þetta fyrirtæki er ekki einungis mannúðlegt, heldur líka kristilegt, og jeg skal einnig játa það, að þingið á að vera mannúðlegt og kristilegt, en þingið verður að vera það eptir þinglegum reglum, en jeg held það geti ekki sýnt þessa mannúð og kristilega hugarfar í þessu máli, eins og það liggur nú fyrir.

Þegar jeg minnist á það, að þingið eigi að vera kristilegt, þá vil jeg víkja því að öðru bratkv. frá (báðum) þm. Rvl. Það er viðvíkjandi 500 kr. styrk (til Kr. Ó. Þorgrímssonar), til þess að gefa út húspostillu. Þetta fyrirtæki hefur sá maður byrjað, sem hefur atvinnu við það að gefa út bækur, og hann hefur byrjað það án vonar um nokkurn styrk, og eptir atvikum verð jeg að álíta, að útgáfan á þessari bók muni verða einhver hin arðsamasta, er hann hefur gefið út. Þegar veittur er styrkur til þess að gefa út bækur, þá verður það að vera af einhverjum sjerlegum ástæðum, og þá einkum, þegar um þarflegar bækur er að

gjöra, en sem þó er hætt við, að ekki muni verða almennt keyptar, eins og t. a. m. kennslubækur á íslenzku fyrir lærða skólann. Það er nauðsynlegt að styrkja útgáfu þeirra (enda hefur það verið gjört), því að það eru fáir, sem kaupa þær. En jeg skoða þetta fyrirtæki bara sem gróðabragð af „forleggjaranum“, og þess vegna finn jeg ekki ástæðu til að veita honum þennan styrk, enda tel jeg það víst, að „forleggjarinn“ muni hafa gott upp úr postillunni (annars hefði hann trauðla farið að taka hana að sjer). Jeg efast ekki um, að guðsorð bókarinnar muni verða jafnalmennt á heimilum manna á Íslandi, þó að „forleggjarinn“ fái ekki þennan styrk. Við umræðurnar í n. d. kom fram nokkuð undarleg skoðun á þessu atriði. Þar vildu sumir fræðimenn álíta, að þessi styrkur væri veittur í virðingar og þakklætisskyni við höfundinn. En það get jeg alls ekki sjeð, að geti átt sjer stað. Virðing og álit höfundarins verður einmitt til þess, að veita „forleggjaranum“ fje. Höfundurinn var nafnkunnur ræðumaður, svo að bókin mun fljúga út. Jeg álít að landsmenn sýni höfundinum mesta virðingu með því að kaupa bókina, sem jeg einnig er viss um að þeir gjöra.

Sighvatur Árnason: Mjer hefur verið bent á, að betur færi á því, að uppbótin á Odda sje ekki sett sem nýr tl. við 13. gr. A. b., heldur sje hún talin undir 5. gr., 1. tl., og sje þar dregin frá því, sem nú er greitt frá prestaköllum samkvæmt l. 27. febr. 1880. Þessu má hæglega breyta við 3. umr., ef menn nú vilja samþykkja brt. mína í þessu formi, en jeg vildi hreifa þessu nú þegar til þess að maður geti betur komið sjer við að breyta því við 3. umr.

Hinn h. þm. Nþ. (B. Kr.) talaði allmikið um þetta postilluatriði, sem hjer liggur fyrir. Hann sagði að útgefandi hefði byrjað á útgáfu þessari án þess að gjöra sjer von um nokkurn styrk, og að hann væri þegar búinn að gefa bókina út, en jeg sje ekki að þetta geti mælt á móti því að veita þennan umtalaða styrk. Það er þó að minnsta kosti vissa fyrir því, að styrkurinn er ekki veittur til einkis, sem dæmi eru til að undanförnu. Það hefur ekki alltaf verið svo vel efnt um bókaútgáfur, þegar styrkurinn er veittur fyrir fram. Jeg hef þannig heyrt um 400 kr. styrk, sem var veittur til þess að gefa út bók fyrir, og það var áður en fjárhagsaðskilnaðurinn komst á, en jeg veit ekki til þess, að sú bók sje komin út enn þá. Jeg býst nú við að það megi segja, að okkur varði ekki um það, heldur snerti það mál ríkissjóðinn danska, en jeg man líka eptir því, að líkt stendur á um 400 kr., sem voru veittar til þess að gefa út rit um sparisjóði, og það var nú eptir að þingið hafði fengið fjárforræði. Jeg veit heldur ekki til þess um þetta rit, að það sje komið út þann dag í dag. Það kann nú að vera, að viðkomandi hafi fengið þetta fje til þess bara að semja ritið, en aldrei hafi verið hugsað til að gefa það út, en jeg verð þá að segja, að jeg hef ekki fyr þekkt slíka veitingu, og skal jeg ekki fara meira út í þá sálma.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Út af því sem h. h. 1. þm. Rvl (S. Á.) sagði að hann mundi flytja brt. sína v. 13. gr. A. b. yfir á 5. gr. 1. tl., þá skal jeg geta þess, að jeg hef ekkert á móti því, nema ef það skyldi koma í bága við 25. gr. stjórnarskrárinnar, og verður hinn heiðraði þingmaður að sjá um að það verði ekki. Þar sem brt. fer fram á að lækka afgjaldið af brauðinu um 300 kr., þá held jeg að það gæti haft skaðlegar afleiðingar fyrir lsj., ef að hann skyldi verða að greiða bráðabyrgðaruppbót til prestsins, sem sjálfsagt tæki hana, en presturinn aptur á móti væri ekki eins minnisgóður að muna eptir árgjaldinu. Ef uppbót yrði greidd, yrði erfitt að kippa öllu í lag aptur, og því þori jeg ekki að ráða til að brt. sje samþykkt. Þeir sem talað hafa hjer á undan hafa sjerstaklega verið í vandræðum með sjúkrahúsið, og þótt sig vanta skýringar um það, hvernig fjelagi því, sem ætti sjúkrahúsið, væri varið, og hvað það ætlaði að gera. Jeg get nú eigi beinlínis gefið skýrslu um þetta, nema að mjer er það kunnugt, að fjelagið er búið að selja hús það, er að undanförnu hefur verið notað sem sjúkrahús, og ákvarðanir hafa verið gjörðar um það að byggja af þeim litlu efnum, sem eru fyrir hendi, nýtt hús en þetta hús mundi ekki geta orðið svo rúmgott, að það gæti tekið á móti sjúklingum fyrir land allt. Jeg tel það svo áríðandi að fá svo stórt sjúkrahús, að lands-

menn yfir höfuð gætu átt aðgang að því, að jeg álít rjett að veita fje til þess að það geti komizt á fót, og því mun jeg greiða atkvæði með brt. h. h. þm. Str. (Á. E.). Því að jeg álít, að hún geti komið að góðu haldi og gjört mikið gagn, en aldrei orðið til skaða. Það gæti vel verið að fjelagið rjeðist í, sem hefur frestað framkvæmdum sínum til að vita hvernig mál þetta fer, að byggja húsið nokkuð stærra, nú þegar útsjeð er um það, að landssjóður ekki tekur spítalann beinlínis að sjer, svo að nokkurt tillit yrði tekið til landsmanna, ef það ætti kost á að fá fje það að láni, sem hjer er farið fram á; það er sjálfsagt að bærinn yrði að sitja í fyrirrúmi, en það þyrfti líka að vera pláss fyrir landsmenn, og þá væri gott fyrir fjelagið, ef að það vildi þiggja fjárframlag af hendi landssjóðs, að hafa meira eða minna fje fyrir hendi að grípa til svo að sjeð yrði fyrir því, að rúm gæti verið handa þeim, ef á þyrfti að halda. Áhættan er engin, því að húsið getur staðið að veði fyrir láninu. Jeg hef því betri von um að lán þetta komi að gagni, sem jeg þykist sjá það fyrir, að ef húsið yrði byggt svo stórt, að það yrði fært um að taka á móti landsmönnum, þá mundi eigi þurfa að kvíða því, að sjúkrahúsið fengi framvegis eins ríkulegan styrk úr lsj., eins og því hefur verið veittur að undanförnu, þar sem það hefur fengið 800 kr. árlega úr lsj., og sá styrkur hefur kann ske einkum verið veittur til þess að koma utanbæjarmönnum að á sjúkrahúsið, auk þess að sjúkrahúsið hingað til hefur látið læknaskólanum í tje nægilegt húsrúm án þess að taka borgun fyrir. Það er og ein ástæða, að veitt sje fje úr lsj., að byggður sje spítali eða sjúkrahús, að þeim sem eru við nám á læknaskólanum, er nauðsynlegt að hafa sjúkrahúsið til að ganga á til verklegra æfinga, og læknaskólinn er þó fyrir allt landið, svo að full ástæða er til þess að styðja að sem beztri verklegri kennslu af almannafje. Þar næst eiga læknar yfir höfuð miklu hægra með að stunda sjúklinga á spítalanum, heldur en hingað og þangað út um bæ, ekki sízt utanbæjarmenn og jafnvel bæjarmenn líka. Þótt málið sje eigi svo undirbúið, sem sumir kynnu að hafa óskað, þá álít jeg ekki rjett að fella vtill. þessa, og vona jeg að hún nái samþykki h. h. d.

Landshöfðingi: Jeg verð að játa það, að þótt fallizt væri á vtill. h. h. þm. Str. (Á. E.), þá held jeg að stj. gæti orðið í nokkrum vanda stödd með tilliti til þess hvernig hún mætti verja þessu fje. Vtill. hljóðar svo: „Stjórninni veitist heimild til að verja allt að 20000 kr. af viðlagasj. sem vaxtalausu láni til byggingar á spítala eða sjúkrahúsi í Rvík, og skal til tryggingar fyrir láni þessu sett að veði hús það, er til þessa kynni að verða byggt". Það er sjálfsagt að þessi orð eru skýr, það sem þau ná, en hjer er ekkert tiltekið hvenær eða hvernig skuli borga lánið aptur. Jeg veit ekki hvort það er meiningin, að spítalinn eigi að fá lánið bæði vaxtalaust og einnig fá það um óákveðinn tíma. Það er auðvitað að þegar svona er getur stj. ekki veitt lánið nema með því skilyrði, að láninu megi segja upp með venjulega löngum fresti. Það er sjálfsagt að þetta er mikið nauðsynjamál, og jeg er samdóma því, að æskilegt væri að spítali kæmist hjer á, en það er tekið fram í frv. stj. að málið sje ekki nægilega undirbúið, og að því leyti er málið helzt til snemma upp borið, en þar á móti hefur stj. farið fram á að veittar yrðu 2000 kr. til að undirbúa málið, en þeirri ust. hefur nú verið neitað í n. d. og enginn hefur tekið hana upp aptur í þessari d., svo að það er ekki neitt um hana að tala frekara. H. h. frsm. (Á. Th.) hefur skýrt frá hvernig á hinni núverandi spítalastofnun standi, svo að jeg vona að öllum sje það ljóst. Það er eigi rjett að spítalinn sje eign einstakra manna, hann er nokkurs konar stofnun út af fyrir sig, og fje hans sjóður út af fyrir sig, sem að mínu áliti er eign landsins, en af því að þessi stofnun er hjer í Rvík, þá er það eðlilegt að Rvík hafi mest not af af henni. Það er sjálfsagt að málið snertir mest Rvík, og hún getur ekki komizt af nema að hafa spítala, bæði vegna sjálfrar sín og eins vegna alls landsins, því Rvík verður ávallt að vera við því búin að taka á móti sjúklingum ofan úr sveitum alstaðar frá af landinu, sem hingað koma að leita sjer lækninga. Spítalinn hefur einnig þá almennu þýðing fyrir allt landið, að nauðsynlegt er að sjúklingar sem hingað sækja geti fengið hjer hús-

rúm og betri aðhjúkrun en kostur er á að veita í húsum einstakra manna, því að það er eðlilegt, að sjúklingar utan af landi leiti helzt hingað til Rvíkur, þar sem flestir læknar eru saman komnir. Sjerstaklega hefur og spítalinn almenna þýðingu með tilliti til læknakennslunnar, sem er sannarlega landsmálefni, en ekki sjerstakt málefni fyrir Rvík. Það er eðlilegt að Rvík gengist fyrir því að hús yrði byggt fyrir spítalann, og ef svo færi að annaðhvort bæjarstjórnin gengist fyrir byggingu hússins eða að stjórn hins núverandi spítala gjörði það, eins og mun hafa verið tilgangur hennar þegar hún seldi hið eldra hús, þá gæti það haft mikla þýðingu, að kostur væri gefinn á því að fá þetta vaxtalausa lán, en það er sjálfsagt að ekki kæmi til þess að lánið yrði útborgað nema húsið væri byggt, hvort sem nú bæjarstjórn Rvíkur eða stjórn hins núverandi spítala gjörði þetta; en eins og jeg drap á í byrjun ræðu minnar, þá gæti stj., þótt þessi vtill. yrði samþykkt, eigi veitt lánið á annan hátt, en með vanalegum uppsagnarfresti, þ. e. a. s. hálfs árs fyrirvara eða þá með þeim kostum, sem alþ. síðar meir kynni að ákveða. Jeg skal enn fremur leyfa mjer að gjöra eina aths. viðvíkjandi því sem h. h. frsm. (Á. Th.) sagði í dag, að jeg hefði verið ónákvæmur í orðum mínum, þar sem jeg, þá er jeg minntist á tillögu n. um 18. gr. síðari hlutann, sagði, að n. hefði ráðið frá að fallast á þenna kafla greinarinnar. Jeg get ekki kannast við þessa ónákvæmni hjá mjer; reyndar segir n. ekki, að hún *ráði frá að samþykkja þessa grein*, en hún *ræður til* að nema ákvörðun síðari hluta hennar burtu, og þá held jeg að meiningin verði hin sama og jeg færði til.

Magnús Stephensen: Úr því að umr. hafa beinzt að vatkr. h. h. þm. Str. (Á. E.), þá ætla jeg að geta þess, að mjer finnst þetta vatkv. eigi vera vel hreinskilið. Í n. d. var farið fram á, að lsj. gæfi 20,000 kr. til spítala hjer í Reykjavík; þetta var hreint og beint, en hjer er stungið upp á, að verja allt að 20,000 kr. af viðlagasjóði sem vaxtalausu láni til spítalabyggingar. Hvað er meint með þessu? Ef lánið á að standa vaxtalaust um aldur og æfi, þá er þetta beinlínis gjöf. Verður þetta nálægt því, sem sagt var í dag, að það ætti að fara að beita brögðum við þingið. Er það eigi meining ustm., að láninu verði aldrei sagt upp? Jeg get eigi skilið að það sje ætlun hans, að láninu megi segja upp, úr því að sjúkrahúsið á að vera í veði. Á svo að fara að selja það? Ef svo færi, þá held jeg færi nú að verða lítið úr aðhjúkruninni, sem hann talaði svo fagurlega um í dag. Ef ætti að fara að selja það, þá held jeg yrði líka eitthvað lítið úr hinum 20,000 kr. og jafnvel einnig hinum 15,000 kr., sem á að verja til spítalabyggingarinnar. En svo er og annað. Hver biður um þetta lán? Það er ómögulegt, að það sje stjórnin, sem biður um það; ekki er það heldur Reykjavík, og stjórnin fyrir spítalanum hjer í bænum hefir hvorki beðið um lán, styrk eða gjöf til þess að byggja spítala. Svo er mál með vexti, að í fyrra var ákveðið að selja sjúkrahúsið, af því að það er orðið gamalt og lítt brúkandi, og átti svo að byggja nýtt sjúkrahús fyrir andvirði hins gamla sjúkrahúss og annað fje, sem stjórn spítalans hafði til umráða. Og þetta var komið svo langt að búið var að útvega teikningu til hússins og áætlun um kostnaðinn við að byggja það og að semja við smið um bygginguna. En svo kom hinn nýi landlæknir og hjelt því fram við nefndina fyrir sjúkrahúsinu, að húsið væri hvorki nógu stórt, eða samsvarandi þeim kröfum, er gjörðar væru í öðrum borgum í útlöndum; sagði hann, að kröfunum mundi geta orðið fullnægt, því að menn myndu fá fje hjá þinginu. Þá var það að nefndin sló sjúkrahússbyggingunni á frest, þangað til útgjört væri um þetta. Enn fremur var nefndin fús á, ef landið vildi taka að sjer að byggja spítala fyrir land allt, að leggja til hinar 15,000 kr. eða jafnvel 18,000 kr., sem hún hefur til umráða, en það kom nefndinni aldrei til hugar, að fá stóra fjárupphæð að láni, sem styrk eða sem gjöf úr lsj., og allra sízt nema ef allur kostnaðurinn til að halda við hinu stóra sjúkrahúsi væri jafnframt veittur annarstaðar frá, því að hún hafði ekkert fje til slíks. Nefndin vildi byggja lítið sjúkrahús fyrir bæinn og landið að nokkru leyti, af því að spítalinn hjer hefur fengið fje af lsj. En hitt hefur nefndinni aldrei dottið í hug, að byggja spítala fyrir landið allt, þar sem hver ætti

heimtingu á, að koma inn í. Ef því á að fara að byggja landsspítala, þá þyrfti þar að auki að veita 2—3000 kr. á hverju ári til viðhalds húsinu. Enn fremur þyrfti að vera rúm fyrir fátæka sjúklinga utan af landi, þar sem þeir gætu fengið kauplausa eða eigi dýra aðhjúkrun og lækningu. Það er eigi nóg, að hafa sjúkrahús fyrir ríka menn, sem geta borgað fyrir sig. Fyrir þessa fátæku sjúklinga á lsj. og að borga, og því hefði h. h. þm. (Á. E.) átt að koma með tillögu um að veita um 4000 kr. á ári til slíks, ef hann eigi hefur skilið tilfinningar sínar eptir heima.

Viðvíkjandi 18. gr., sem h. h. lh. minntist á, þá ætla jeg að geta þess, að það var meining n. að það ætti eigi við í fjárlögunum að veita lán með öðrum kostum en gjört er við lán úr viðlagasjóði, og að það væri landstjórnin, en eigi þingið, sem ætti að taka ákvæði um slíkt; því var n. einhuga um, að ráða til, að síðari kafli 18. gr. fjelli burtu.

Sighvatur Árnason: Viðvíkjandi uppbótinni á Oddaprestakalli, þá mótmælti h. h. frsm. (Á. Th.) því, að færa slíkt undir 5. gr. 1. tl., en jeg skal geta þess, að jeg er mjög fús á, að ráðfæra mig við n. og taka ráðum góðra manna í þessu efni. Jeg get og vel viðurkennt, að betur kunni að fara á þessu öðruvísi. Jeg er og á einu máli um það, að fyrir lsj. væri hentugast, að uppbótin gengi rakleiðis upp í afgjaldið af brauðinu. Jeg er á því, að þetta sje alveg rjett, því að þá hefur lsj. tryggingu fyrir, að afgjaldið verði borgað að svo miklu leyti sem uppbótin nemur.

Ásgeir Einarsson: Jeg ætla að bera af mjer áburð; kann jeg eigi við, að h. h. 4. kgk. þm. (M. St.) segi, að jeg hafi komið með vatkv. mitt til þess að beita þingið brögðum eða gjört þetta af óhreinskilni. Hann átti eigi með að bregða mjer um óhreinskilni, en að bregða mjer um einfeldni, það gat hann gjört, ef hann vildi, en hitt brígzlyrðið er eigi hæfilegt. *(Forseti:* Jeg gat eigi skilið orð hans sem brígzlyrði um óhreinskilni). Viðvíkjandi því, sem h. h. þm. NÞ. (B. K.) talaði, er hann hjelt það ógjörning að leggja bóluveika eða kóleruveika menn af skipum á spítalann, þá vil jeg spyrja hann nú, hvað á að gera við þá? Á að láta þá dauðveika liggja fram á skipum eða þá máske hingað og þangað um bæinn? eða á að reka skipið með farmi þess af höfninni, með sjúklingana? Svo var hann einnig að tala um að beiðni vantaði, en hvaða beiðni kom um launin, sem samþykkt voru um daginn við 2. umr?

Atkvgr.: Brt. n. v. 2. gr. (C 376) sþ. í e. h.; 2. gr. m. br. og 3. gr. sþ. hvor um sig í e. h.; brt. n. v. 4. gr. sþ. m. 9 atkv.; 4. gr. m. br., og 5.—6. gr. sþ. hver um sig í e. h.

Áttunda gr.—10. gr. A. 1.—2. sþ. hver um sig í e. h.; brt. þm. Rvl. v. 3. tl. (C 398) felld m. 7 atkv. gegn 4; 3. tl. sþ. m. 7 atkv.; B. 1.—3. sþ. í e. h.; brt. n. v. 4. tl. sþ. m. 10 atkv.; B. m. br. og C. 1.—3. sþ. í e. h.; brt. n. v. C 4. tl. sþ. í e. h.; C. m. br. sþ. í e. h.

Ellefta gr. 1. tl. sþ. í e. h.; brt. n. v. 11. gr. (nýr 2. tl.) sþ. m. 9 atkv.; 11. gr. 2. tl. (sem 3. tl.) sþ. m. 9 atkv.; 11. gr. frv. m. br. sþ. m. 10 atkv.

Brt. þm. Rvl. v. 12. gr. 1. tl. felld m. 8 atkv. gegn 3; 12. gr. frv. óbreytt sþ. m. 8 atkv.

Þrettánda gr. A. a. og b. 1.—10. sþ. í e. h.; vtill. lh. v. A. b. (nýr 11. tl. C 399) sþ. m. 7 atkv.; vtill. þm. Rvl. v. 13. gr. A. b. (nýr 12. tl.) sþ. m. 6 atkv.; 13. gr. A. m. br. sþ. m. 9 atkv.; B. I. sþ. í e. h.; brt. n. v. B. II. a. sþ. í e. h.; B. II. m. br. sþ. í e. h.; B. III. sþ. í e. h.; brt. lh. v. B. IV. b. 2. sþ. m. 10 atkv.; brt. lh. v. B. IV. b. 4. sþ. m. 9 atkv.; B. IV. m. br. sþ. í e. h.; B. V. a.—b. sþ. hvor um sig í e. h.; 1. og 2. brt. n. v. B. V. c. sþ. hvor um sig í e. h.; B. V. með áorðnum br. sþ. í e. h.; C. sþ. í e. h.; 13. gr. með áorðnum breytingum sþ. m. 9 atkv.

Fjórtánda gr. sþ. í e. h.

Brt. n. v. 15. gr. (fyrri málsgr.) sþ. í e. h.; brt. n. v. 15. gr. (síðari málsgr.) sþ. m. 9 atkv.; 15. gr. m. br. sþ. í e. h.

Sextánda gr. 2. tl. (sem 1. tl.) sþ. í e. h.; brt. n. v. 3. tl. (fyrri lið) sþ. í e. h.;

brt. n. v. 3. tl. (síðari lið) sþ. í e. h.; 3. tl. (sem 2. tl.) sþ. í e. h., vtill. n. v. 4. tl. sþ. í e. h.; 4. tl. (sem 3. tl.) sþ. í e. h.; 5. tl. (sem 4. tl.) sþ. m. 10 atkv.; brt. n. við 6. tl. sþ. í e. h.; 6. tl. (sem 5. tl.) m. br. sþ. í e. h.; vtill. þm. Rvl. (nýr 6. tl.) sþ. m. 7 atkv.; brt. þm. Rvl. við 7. tl. sþ. m. 8 atkv.; 16. gr. m. br. sþ. m. 8 atkv.

Seytjánda gr. (fyrri málsgr.) sþ. í e. h.; vtill. n. v. síðari málsgr. sþ. m. 10 atkv.; 17. gr. m. br. sþ. í e. h.

Átjánda gr. (fyrri málsgr.) sþ. með fyrirvara í e. h.; brt. n. v. 18. gr. (síðari málsgr.) sþ. m. 8 atkv. gegn 3.

Nítjánda gr. sþ. í e. h.

Tuttugasta gr. sþ. í e. h.

Vtill. þm. Str. (C 381) felld m. 6 atkv. gegn 5; vtill. n. v. frv. sþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Fertugasti og áttundi fundur, miðvikudaginn 22. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1880—81 (C 400); 1. umr.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að benda h. þd. á, að frv. það, sem hjer liggur fyrir og komið er frá n. d., er í öllu tilliti samhljóða frv. stj., að því einu undanteknu, að hjer er einni upphæð bætt við í niðurlaginu, 67 kr. 37 aur. Að öðru leyti hefur n. d. samþykkt stjfrv. óbreytt. Að endingu skal jeg leyfa mjer að leggja það til og mæla með því, að h. e. d. einnig samþykki frv. óbreytt og byrji nú með því að vísa frv. til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1880—1881 (C 403); 1. umr.

Landshöfðingi: Frv. hefur tekið töluverðum br. í n. d. frá því sem það var lagt fyrir af stj. hálfu. Þar sem þetta er 1. umr., skal jeg ekki ganga inn á hin einstöku atriði, en einungis leyfa mjer að geta þess, að h. þd. mun finna ástæðu til að athuga frv. nákvæmlega, áður en það kemur til 2. umr. Jeg skal nú einungis leyfa mjer að mæla með því, að frv. verði vísað til 2. umr. Athugasemdir þær, sem jeg hef viðvíkjandi frv., lúta allar að einstökum greinum eða einstökum liðum og mun jeg koma fram með þær við 2. umræðu málsins.

Málinu vísað til 2. umr. í e. h.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C 363); 2. umr.

Ásgeir Einarsson: Jeg sje nú að hjer eru fram komnar brust. (C 381) við frv., og þessar brust. finnast mjer alveg steypa öllum grundvelli frv., sem nokkra þýðingu hefur, svo jeg get ekki betur sjeð, en annaðhvort sje að fella málið alveg eða þá að fallast á frv. Í frv. segir svo í 1. gr.: „Þyki hreppsnefndum ástæða til að láta svipta þann fjárráðum o. s. frv.“. Það er ekki skylda hreppsnefndanna, heldur á hún einungis að gjöra það, þegar henni þykir ástæða til að grípa til þeirra úrræða. Í brust. stendur: „Hver sem þiggur styrk af fátækrafje o. s. frv.“ Hjer er alls engin undantekning, hreppsnefndin lætur skrifa upp fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni. Jeg skal koma með dálítið dæmi: Unglingur 16 ára gamall verður sjúkur, svo honum eyðist fje, og hann verður skuldugur við hreppinn; það er sjálfsagt, að hann er skyldugur að borga ef hann getur, en nú á hann ekkert til nema rúmið sitt kann ske, harla fátæklegt, og einhver föt á kroppnum. Á nú hreppsnefndin að láta taka þessa muni og virða þá fyrir skuldinni? Jeg er hræddur um, að flestum þætti þá nokkuð hart að gengið. Mjer dytti í hug að segja það sem haft var eptir Magnúsi, sem var kallaður „sálarháski“: „Nú er engin miskunn hjá Magnúsi“. Svo skal jeg taka annað dæmi, sem frv. bendir til, og það eru slarkararnir, iðjuleysingjarnir og óráðsmennirnir. Er ekki full ástæða til að svipta slíka menn fjárforráðum? Við slíka menn er ekki annað að gjöra; þar eru engin önnur úrræði. Slíkum mönnum á að þrýsta til almennilegrar vinnu. Þetta er kjarninn úr frv. Óráðsmaðurinn á ekki og má ekki hafa ráð yfir vinnu sinni, því þá vinnur hann annaðhvort ekki neitt eða hann kaupir sjer þá áfenga drykki og aðra munaðarvöru fyrir ágóðann af vinnu sinni. Slíkir

menn sem eru búnir að fara með sig og koma sjer og sínum á vonarvöl, mega hvorki ráða yfir fjármunum sínum nje vinnu sinni. Í 2. gr. brust. stendur, að sveitarskuldin hafi „forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldakröfum". Nú vil jeg setja dæmi fram. Maður hefur búið, átt kotpart, sett hann í veð, og veðsetningunni hefur verið þinglýst eða hann hefur veðsett aleigu sína. Nú á sveitin svo mikið hjá honum, að allt sem hann á til hrekkur ekki fyrir því. Nú vil jeg spyrja: á nú allt að ganga til sveitarsjóðsins, þó þinglýst veðskuldabrjef sje fyrir því, að allt sje veðsett öðrum? Jeg hefði gaman af að heyra lögfræðingana segja álit sitt um þetta atriði.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að fara fáeinum orðum um brust. mínar við frv. (C 381). Jeg gat þess við 1. umr., að eins og þetta frv. kom frá n. d., gæti þingið ekki verið þekkt að því að samþykkja svo ófrjálslegt frv., sem væri svo ósamkvæmt skoðunum þingsins um mannfrelsi yfir höfuð og færi í alveg öfuga átt við anda þessara tíma. Í því tilliti skal jeg sjerstaklega nefna 2. gr. frv., sem jeg verð að leggja til að verði alveg felld. Meining mín var, að í stað 1. gr. frv. kæmi 1. og 2. gr. í brust. mínum. Aðalmunurinn á frv. og brust. mínum er sá, að frv. fer fram á að gjöra hvern þann lagalega ómyndugan, sem þiggur styrk af fátækra fje, en eptir að hann hættir að þiggja sveitarstyrk, verður hann strax myndugur. Afleiðingarnar eru þær, að meðan hann þiggur sveitarstyrk, má hann ekki láta neitt af hendi af fjármunum sínum, en undir eins og hann hættir að þiggja styrkinn, má hann fara með eigur sína eins og hann vill. Eptir brust. mínum getur hreppsnefndin aptur á móti látið skrifa upp alla fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni, og þá gildir þetta band á frjálsum umráðum hans yfir eignum sínum, þangað til hann er búinn að leysa þetta band með því að endurgjalda sveitarstyrkinn. Mjer getur ekki betur fundizt, en að mín grein veiti meiri tryggingu fyrir því, að sveitarsjóðurinn fái sitt aptur. Svo kemur nú 2. gr. í brust. mínum; hún segir með berum orðum, að hver sem þegið hefur sveitarstyrk, sje skyldur til að borga hann aptur. Eins og nú stendur og eptir þeim lögum, sem nú gilda, er engin skylda að borga sveitarstyrk aptur og engin heimild til að fá hann endurgoldinn, fyr en þurfamaðurinn er dauður, af eptirlátnum munum hans, en ekki einu sinni í skiptum á þrotabúi. Þetta liggur beinlínis í 14. gr. fátækrareglugjörðarinnar 6. tl. Ef nú 2. gr. í brust. mínum verður samþykkt, þá verður ætíð heimild til, undir eins og hagur þurfamannsins batnar, að krefjast lögsóknar til þess að fá styrkinn endurgoldinn. Enn fremur fær sveitarstjórnin forgöngurjett fyrir sveitarskuldina fram yfir allar aðrar skuldir. H. þm. Str. (Á. E.) þótti það hneyxli, að sveitarskuld kæmi í bága við veðskuld í búi. Mín meining er, að skuldakrafa sveitarinnar eigi að ganga fyrir öllum öðrum skuldum. Slíkt er ekkert nýmæli. Það hafa verið gildandi lög í Kaupmannahöfn alla þessa öld. Það eru líka mjög náttúrleg og eðlileg lög. Þegar einhver þiggur sveitarstyrk, þá frelsar sveitin hann frá að láta allt sitt, jafnvel fötin af líkamanum, svo jeg veit ekki, hvað menn missa, þó kröfur þeirra gangi á eptir kröfum sveitarinnar, því það er beinlínis sveitin, sem hefur látið þurfamanninn eigi að eins halda reitunum, heldur líka lífinu með. H. þm. Str. fann mikinn mun á 1. gr. frv. og 1. gr. í brust. mínum að því leyti, að eptir minni gr. væri það skylda hreppsnefndarinnar að skrifa upp hjá þurfamanninum, en eptir 1. gr. frv. stæði það hreppsnefndunum frjálst fyrir, hvort þeim þætti ástæða til að láta svipta þurfamanninn fjárforráðum eða ekki. Mjer er nú með öllu óskiljanlegt, hvernig þessi h. þm. hefur getað fengið svo *ólíkan* skilning út úr *sömu* orðum. Í frv. stendur, að hreppsnefndin *geti* farið þess á leit, að þurfamaður verði sviptur fjárforráðum, og í brust. mínum stendur, að sveitarstjórnin *geti* látið skrifa upp fjármunina. Jeg verð að halda því fram, að 1. og 2. gr. í brust. komi í stað 1. gr. frv., og jeg verð að álíta, að það verði til bóta fyrir frv. Það lítur svo út, sem sumir menn álíti, að ógnarlega mikið sje fengið, ef 2. gr. frv. yrði að lögum, og svo hefur verið talað, sem sveitastjórnirnar fengju nýjan rjett, sem þær aldrei áður hefðu haft, og það hefur jafnvel verið látið í ljósi, að hreppsnefndirnar hafi engin ráð til þess að halda iðjuleysingjum,

sem þiggja sveitarstyrk, til almennilegrar vinnu. Jeg skal í þessu tilliti leyfa mjer að benda á fátækrareglugjörðina 8. jan. 1834; þar er fullkomlega tryggileg ákvörðun fyrir sveitarsjórnina að hafa eptirlit með þurfamönnum og halda þeim til vinnu, þó sú ákvörðun gangi ef til vill ekki eins langt og hjer er farið í 2. gr. frv. n. d. En í fátækrareglugjörðinni er þó fullt aðhald og jeg skal í því skyni lesa upp síðari hlut 5. gr. reglugjörðarinnar. Þar stendur svo: „Ef slík örbyrgð orsakast af leti, eyðslu, lostasemi og löstum, er það hreppstjóranna og prestsins (nú hreppsnefndanna) skylda að reyna til að koma þessu í lag, með að *halda slíkum persónum til iðjusemi* og til að *haga þeirra lífernismáta* þannig, að þær annaðhvort öldungis ekki, eða svo sjaldan sem mögulegt er, verði hjálpar þurfandi". Hjer með er hreppsnefndunum lögð sú skylda á herðar, að halda þurfamönnum til vinnu og til að haga þeirra lífernismáta þannig, að þeir þurfi sem allra minnst að leita sveitarstyrks, eða liggja upp á sveitinni; önnur meining getur ekki legið í orðum reglugjörðarinnar. Í 23. gr. stendur: „Ef nokkur ölmusumaður sýnir *óhlýðni, mótþróa, leti*, eða aðra ósiðlega breytni, og ekki, eptir aðvörun, vill leiðrjetta sitt framferði, á hann að álítast með tilhlýðilegri *líkamlegri refsingu*". Hjer er hreppsnefndunum eigi lagt minna vald í hendur en það, að þær geta fengið þurfamenn dæmda fyrir mótþróa og leti eptir skýlausum lagastaf þessarar greinar til „líkamlegrar refsingar", o: hýðingar, sem nú yrði fangelsisvist upp á vatn og brauð, þar sem hýðing er upphafin. Hvað setur nú frv. í stað þessa? Þvingunarsektir, 2 kr. fyrir hvern dag, sem þurfamaðurinn óhlýðnast. Hverja þýðingu hafa þvingunarsektir fyrir menn, sem ekki eiga einn einasta eyri? Eða hvaðan á að taka þessar þvingunarsektir? Mjer er það með öllu óskiljanlegt. Eða á að greiða þvingunarsektirnar úr sveitarsjóðnum? Ef um refsingu er að ræða, þá er eina ráðið „líkamleg refsing„ eins og stendur í fátækrareglugjörðinni, eða rjettara sagt vatn og brauð eptir núgildandi lögum. En jeg fyrir mitt leyti álít nú þessa ákvörðun í fátækrareglugjörðinni helzt til harða og minnsta kosti enga ástæðu til að herða hana meira. Þeir, sem halda fram 2. gr. frv. n. d. „hafa Móses og spámennina" sem þeir geta haldið sjer til, þar sem þeir hafa 23. gr. fátækrareglugjörðarinnar. Við 3. gr. frv. finn jeg ekkert athugavert og greiði því atkv. með henni. Aptur á móti verður 4. gr. alveg ónauðsynleg, ef brust. mínar verða samþykktar.

Benidikt Kristjánsson: Við frv. það sem nú liggur fyrir, hafa nú komið fram brust. frá 2 þm. (C379 og 381). Önnur br. er ekki mikilsvarðandi og því skal jeg fyrst minnast á hana. Hún er frá h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) og fer fram á, að úrskurður um að þurfamaður sje gjörður ómyndugur sje eigi þinglýstur, heldur að eins birtur á heimili þurfamannsins. Jeg held nú, að það sje óhugsandi, að það verði fullnægjandi, að slíkur úrskurður sje einungin birtur á heimili þurfamannsins vegna manna, sem síðar kynnu að eiga viðskipti við hann. Jeg ímynda mjer að h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) hafi af vangá eigi gætt þess; en nú vona jeg að honum sje ljóst, að eigi nægir annað en að ómyndugleikanum sje þinglýst. Þetta álít jeg nægja til þess að hrekja þessa ust. Brust. h. 4. kgk. þm. (M. St.) eru allt öðruvísi og um þær er allt öðru máli að gegna; þær eru ekki byggðar á misskilningi eða vangá, heldur á annari rjettarskoðun en gildir að minnsta kosti á Norðurlandi og sem ýmsir lögfróðir menn þar hafa. H. 4. kgk. þm. álítur, að lánaðan sveitarstyrk megi einungis heimta af eptirlátnum fjármunum þurfamannsins, er hann er dauður, en þó hann komizt í beztu efni, þá geti hreppsnefndirnar ekkert fengið endurgoldið af sveitarstyrk þeim, sem hann hefur áður þegið. Þetta er ekki samkvæmt rjettarskoðun á Norðurlandi. Þurfamaðurinn er álitinn skyldur að endurborga þeginn sveitarstyrk hvenær sem hann getur. Í frv. er einungis talað um menn, sem komnir eru af ómagaaldri og svo þarfnast sveitarstyrks, annaðhvort fyrir sakir leti, svalls, eða þá heilsubrests eða að lokum vegna fjölskyldu. Það er almennt álitið, að þessir menn eigi að endurborga þeginn styrk hvenær sem þeir geta. En það er sjaldnast, að þeir geti það. Slíkir menn brúka það sem þeir eignast optastnær sjálfum sjer til góðgætis, en ekki til að endurborga þeginn sveitarstyrk. Jeg hef jafnvel heyrt ávæning

af, að sumir þurfamenn álíti, að þeir þurfi ekk að endurborga þeginn sveitarstyrk fremur en þeir vilja, en annarstaðar frá hefi jeg ekki heyrt slíkt fyr en nú. Það er nýmæli, sem kemur fram í brust. h. 4. kgk. þm., að sveitarskuld eigi að ganga fyrir öllum öðrum skuldum. Jeg skal leyfa mjer að benda á eldri lög í þessu efni, t. d. skiptalög 12. aprll 1878. Annars skal jeg gjöra þá athugasemd að á Norðurlandi er gjörður munur á þurfamanni og ómaga, en við umræðurnar, sem urðu um málið í n. d. heyrði jeg að þessu var blandað saman, og getur þessi brúkun á orðunum ef til vill staðið í sambandi við landsfjórðungana. Jeg álít nú fyrir mitt leyti að það væri æskilegt, að sveitarskuldir gengju samhliða veðskuldum, eða væru jafn rjettarháar og þær, en að þær gangi á undan, get jeg eiginlega ekki óskað eptir. Það er mikið satt, sem h. 4. kgk. þm. (M. St.) sagði í ræðu sinni, að það sem farið væri fram á í 2. gr. frv. væri ekkert nýmæli, eða að þar væri ekki farið fram á neinn nýjan rjett fyrir hreppsnefndirnar. Þetta skal jeg fúslega játa, en mjer finnast rjettarákvarðanir í því efni vera sem á stangli og fyrndar og þess vegna væri það heppilegt að fá þær sameinaðar og nýaðjar upp, svo sem er gjört í 2. gr. frv. Ef þessar ákvarðanir í þessari grein eru mjög á móti hugmyndum þessa tíma um mannfrelsi og mannrjettindi, þá fellur sami dómur á hinar gömlu ákvarðanir sama efnis. Við 1. umr. þessa máls sagði jeg að hreppsnefndirnar mundu ekki beita þessum rjetti, sem þeim er fenginn í hendur, fyr en í fulla hnefana. Sýslumenn mundu sjálfsagt stinga ust. um að gjöra þurfamenn ómynduga undir stól, nema hún væri á góðum rökum byggð. En hún er á rökum byggð, ef bóndinn brúkar það til víns og svallar því út, sem honum berst undir hendur, en hreppsnefndin leggur honum til björg fyrir konu og börn. Eptir brust. h. h. 4. kgk. þm. á hreppsnefndin að láta skrifa upp fjármuni þurfamannsins. Hvað á að skrifa upp? Þó ekki konuna og börnin? Það er kannske ekki til nema potturinn og einn eða tveir búshlutir aðrir, ekkert í rúminu, nema trjespænir, engin ábreiða og ekki neitt. Ef bóndinn býr við sjó getur hann reyndar aflað góðan hlut úr sjónum, en á þá hreppsnefndin að elta hann í hvert skipti, sem hann kemur að landi, til að skrifa upp hvern drátt, sem hann fær í sinn hlut? Jeg er hræddur um, að það geti orðið nokkuð seinlegt fyrir hreppsnefndina og svo getur hann verið búinn að selja hlutinn sinn í búðinni eða einhverjum okrara fyrir brennivín, þó kona og börn eigi ekkert til næsta máls. Nei, þessi aðferðin verður aldrei „praktisk“. Það er ekki hægt fyrir hreppsnefndina að skrifa upp hvern fiskinn, sem á land kemur, og ekki er lagður í búið, eða hvern smábandssokkinn, sem unninn er, hvert ullarpundið og smjörbitann, sem eigi er varið til nauðsynlegra þarfa. Þá er miklu nær að gjöra þurfamanninn ómyndugan. Ef ýmsir heiðvirðir menn gjöra ættingja sína ómynduga af því að þeir fara illa með fje sitt og sóa því, þá get jeg enga ómannúð sjeð í því, að sveitarstjórnin gjöri þá þurfamenn ómynduga, sem ekki kunna að fara með það, sem berst þeim í hendur. Þegar hugsað er nákvæmlega um þessa uppskript, þá er hægt að sjá, að hún hlýtur að hafa mjög lítið að þýða. Viðvíkjandi því, sem h. 4. kgk. þm. sagði, að í fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834 væri ákveðin „líkamleg refsing“ o: hýðing fyrir þá, sem óhlýðnuðust sveitarstjórninni og yrði sú hegning nú fangelsisvist upp á vatn og brauð, en að hjer væru ákveðnar þvingunarsektir, þá skal jeg svara því fáeinum orðum. Hjer verður spursmálið, hvaða aðhald er kostnaðarminnst fyrir sveitarstjórnina til þess að fá vilja sínum framgengt? Það er eigi lítill kostnaður, að setja þurfamanninn marga daga upp á vatn og brauð, því þá er vinnan töpuð. Það er heldur eigi alstaðar eins handhægt og hjer í Reykjavík, að setja menn í fangelsi. Það er ekki til fangelsi á hverjum bæ. Um hýðingu getur ekki verið að tala, því hvorki er hún í samræmi við mannúðaranda tímans og svo er hún numin úr gildi með hegningarlögunum. Með öllu finnst mjer óráðlegt að hagga við ákvörðununum í 3. gr. um þá, sem fara af landi burt, t. d. vesturfarana; mjer finnst þessi gr. svo nægjusöm, sem hún getur orðið. Jeg þekki dæmi þess, að sumir vesturfarar leysa öll ættræknis- og skyldubönd, sem á þeim hvíla. Þótt þessi rjettarbót, sem hjer er farið fram á,

sje eigi mjög veruleg, þá er hún mikið betri en ekki neitt og undir öllum kringumstæðum er rangt að slá hendinni á móti henni.

Sighvatur Árnason: H. þm. Np. (B. K.) minntist á bratkv. mitt og fann það að því, að eigi væri fullnægjandi að birta ómyndugleika á heimili hlutaðeiganda sökum þeirra sem síðar kynnu að eiga viðskipti við hann. Þetta kom mjer ekki óvart og það var ekki af vangá, að jeg bar upp bratkv. mitt, ekki af því að jeg myndi eigi eptir því, að menn kynnu að eiga viðskipti við hann framvegis. En jeg legg ekki mikla áherzlu á veðsetningar slíkra manna. En nú eru hjer komnar fram brust., sem jeg fyrir mitt leyti get vel aðhyllzt og þess vegna ætla jeg að taka bratkv. mitt aptur. Viðvíkjandi ástæðum fyrir brust., þá hefur ustm. skýrt svo ljóslega frá þeim, að jeg þarf ekki að fara um þær mörgum orðum. Þar sem mönnum ekki hefur getað komið saman um 2. gr. frv., þá skal jeg gefa það eptir að þessi gr. gefur hreppsnefndunum nokkuð meira vald til þess að halda þurfamönnum til vinnu en fátækrareglugjörðin 8. jan. 1834, þó jeg að hinu leytinu verði að játa með h. 4. kgk. þm. (M. St.), að reglugjörðin gefi nægilega tryggingu í þessu efni, einkum þegar skilningur manna á henni út um landið skýrist við umræður þær, er hjer hafa orðið. Þegar vel er að gáð, þá get jeg heldur ekki neitað því, að 2. gr. frv. gengur nær persónulegu frelsi manna en fátækrareglugjörðin, þó hún sje gefin út fyrir hálfri öld. Þegar allt er vel yfirvegað, aðhyllist jeg brust. h. 4. kgk. þm.

Stefán Eiríksson: Það eru nú orðnar ærið langar umræður um þetta mál, og er eðlilegt, þó nokkuð sje um það talað, því: „sínum augum lítur hver á silfrið“ í fátækramálum.

Þegar jeg á að lýsa skoðun minni á þessu máli, þá verð jeg að lýsa því yfir, að jeg get ekki verið með þeim, sem kjósa frv. n. d. fremur en brust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.). Þannig vil jeg miklu heldur brust. þessa h. þm. við 2. gr., heldur en 2. gr. frv.

Jeg hefi um mörg ár fengizt við hreppstjórn, og fundizt jeg fullvel geta brúkað og beitt reglugjörðinni 8. jan. 1834, án þess að þurfa að þvinga menn með annari eins þvingun, eins og 2. gr. frv. ákveður að beita skuli, þar sem hreppsnefndin eins og getur rekið þessa aumingja á undan sjer alla þeirra lífdaga, og þrýst þeim til vistar, sem þeir ekki geta haldizt við í. Þar sem 2. gr. frv. inniheldur aðra eins ákvörðun eins og þessa: „Verði ágreiningur milli þurfa„manns og hreppsnefndar um það, hvort „vist eða vinna sje viðunanleg eður tryggÞing nægileg, skal sýslumaður leggja „fullnaðarúrskurð á það mál. Gangi úr„skurður þurfamanni á móti, skulu í úr„skurðinum vera ákveðnar þvingunarsekt„ir eptir atvikum, allt að 2kr. fyrir hvern „dag, er hann að sjálfráðu óhlýðnast“, þá finnst mjer óneitanlega hjer gengið býsna hart að mönnum, sem rata í þá ógæfu, að verða upp á aðra komnir. Enda má telja það víst, að hreppsn. hafi einhver ráð með að koma þessum þvingunarsektum fram á hendur þurfamönnum, þegar hún leggst öll á eitt, á móti þessum aumingjum.

Þetta er hörð ákvörðun, segi jeg, þar sem með lagi og skynsamlegri aðferð má brúka þurfamenn til ýmislegrar vinnu, þó ekki sje verið að þvinga þá með lögum til hverrar vinnu, sem hreppsn. gott þykir. Það hefur verið fundið að brust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.), að þær fari fram á, að sveitarskuld skyldi hafa forgöngurjett fyrir öllum öðrum skuldum. En jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð neitt á móti þessari ákvörðun. Jeg vil heldur að sá tapi, sem verið hefur svo heimskur að lána þurfamanninum, en að sveitin bíði halla, ef annars nokkuð verður nokkurn tíma af þurfamanninum að hafa; því sveitin er þó sú, sem svo að segja hefur bjargað lífi hans.

Það getur víst engum dulizt, hvílíkt harðstjórnar- og kúgunarvald hreppsn. er í hendur fengið með 2. gr. frv., þar sem þær geta komið þvingunarsektum á hendur þurfamanninum ef hann ekki vill fara í þá vist, sem hreppsn. reka hann í. Því þetta vald geta hreppsn. herfilega misbrúkað. *(Benidikt Kristjánsson:* Þm. ætti að lesa greinina!). Jeg hefi lesið frv. nákvæmlega, og skil það svona, eins og jeg nú hefi tekið fram. Í þessu frv. er miklu meiri þvingun og kúgun á menn lögð, en í reglugjörðinni 8. jan. 1834. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en lýsa

því yfir, að jeg greiði atkv. með brust. og 3. gr. frv.

Benidikt Kristjánsson: Jeg skal ekki tala margt í þetta sinn, en að eins biðja hina h. þd. að leyfa mjer að lesa fáein orð úr annari gr. fyrir hinn h. þm. Ask. (St. Eir.). Þar stendur, að þegar maður þiggur sveitarstyrk eða stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, er hann ekki endurgeldur á annan hátt, þá skal „honum skylt að fara í hverja þá *„viðunanlega* vist og vinna hverja *venju-„lega* vinnu, sem hreppsn. ákveður, og *„honum er ekki um megn* o. s. frv. Þessi orð gr. sýna, að ekki þarf að gjöra ráð fyrir, að hreppsn. geti beitt þrælkun við þurfamenn, eins og hinn h. þm. Ask. (St. Eir.) ætlar.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að leiðrjetta orð hins h. þm. Np. (B. Kr.), þar sem hann ranghermdi orð mín áðan, og sagði, að jeg hefði álitið, að hreppsn. ættu aldrei rjett á, að heimta sveitarstyrk endurgoldin aptur, ekki einu sinni að þeim manni látnum, er þegið hefði styrkinn. Þetta er rangt; því jeg sagði með berum orðum og skýrskotaði til fátækrareglugjörðarinnar, 14. gr. 6. tl., að sveitarstjórnin hefði þá fyrst rjett til að gjöra kröfu til endurborgunar á sveitarstyrk, er þurfamaðurinn væri látinn, en ekki fyr, þó þurfamaðurinn hefði aptur komizt í góð efni. Að öðru leyti gat jeg ekki fylgt ræðu hins h. þm. Np. (B. K.), af því hann allt af bar fyrir sig lög, sem að eins giltu á Norðurlandi. *(B. Kr.:* Jeg talaði um þá rjettarskoðun, sem almenn væri á Norðurlandi í þessu efni). Rjettarskoðun manna er engin lög. Ef þessi lög ættu að eins að vera fyrir Norðurland, þá skyldi jeg ekki vera á móti frv. Hinum h. þm. Np. (B. Kr.) fannst það óheyrilegt, að sumar skuldakröfur um sveitarstyrk skyldu ganga á undan öllum öðrum, skuldakröfum jafnvel eldri veðkröfum. En þetta er þó ekki alveg óheyrt; sem dæmi má nefna útfararkostnaðinn, sem gengur fyrir öllum skuldakröfum og jafnvel fyrir veðskuldum í fasteign; svo þetta er ekki óheyrt í löggjöfinni. *(B. K.:* Þetta er alveg sjerstakt!) Þetta, sem hjer er um að ræða, er líka sjerstakt, sem má ákveða með nýjum sjerstökum lögum, og er þá skiptalögunum 12. apríl 1878 þar með breytt; og má víst breyta þeim eins og öðrum lögum. Með þessu má þm. ekki halda, að menn gjöri sig seka í miklu ranglæti. Loks skal jeg geta þess, að jeg felli mig vel við skoðun hins h. þm. Ask. (St. Eir.) og skilning hans á 2. gr. frv., sem jeg held hann hafi skilið fullt eins vel eins og hinn h. þm. Np. (B. Kr.).

Ásgeir Einarsson: Af því hinn h. þm. Np. (B. Kr.) má ekki svara, skal jeg svara þeirri mótbáru á móti frv., að það sje óheyrilegt, að ætla sjer að ná skuldum þurfamanns inn í sveitarsjóð með því að láta hann vinna þær af sjer, með því, að þetta er að mínu áliti svo langt frá, að vera óheyrilegt, að það miklu fremur er eðlilegt og rjett í alla staði; og nái þessi ákvörðun frv. ekki fram að ganga, þá gef jeg ekki 1 eyri fyrir frv. Hvað á að taka hjá slíkum mönnum nema vinnu þeirra, og að taka hana verður því að eins álitið ókristilegt, að orð St. Páls verði sögð ókristileg, en hann bauð að þrýsta þeim til vinnu, er ekki nenntu að vinna. Á þeim, sem eru á móti frv., hvílir ábyrgðin á því, að svo nauðsynleg lög sem þessi ekki ná fram að ganga. Jeg fyrir mitt leyti greiði óhikað atkv. með frv. n. d. og engu öðru.

Landshöfðingi: Jeg skal að eins leyfa mjer að gjöra fáar athugasemdir við þetta frv. Tilgangur þess er, eins og fyrirsögnin bendir á, að efla rjett hreppsn. eða gefa þeim meiri og fyllri rjett í fátækramálum, en þær nú hafa. En þegar litið er til þess, hvernig þessari hugmynd er framfylgt í þessu frv., þá held jeg að niðurstaðan hljóti að verða sú, að ekki verði í neinu verulegu aukinn rjettur hreppsn. eða rjettur þeirra gjörður fyllri eða framkvæmdarsamari í þessu efni, en hann nú er. Það einasta, sem jeg hef fundið í þessa stefnu í frv., er ákvörðunin í 1. gr. um að fá megi þurfamann dæmdan ómyndugan, ef hreppsn. þykir ástæða til. Þó held jeg að hreppsnefndum sje með nú gildandi lögum ekki fyrirmunað að fara þessa á leit. En hjer er annar veikur punktur í þessu máli, sem jeg álít ísjárverðan, því þeim rjetti, sem hreppsn. er gefinn til að fá menn dæmda ómynduga, ætti að beita með hinni mestu varúð, því þegar menn eru sviptir fjárforræði, þá er mikið tekið af mönnum. Það er sjálfsagt, að sýslumaður skal skera úr,

hvort svo skuli gjöra, en jeg held þó að það sje nokkuð varúðarvert, að gefa sýslumanni ótakmarkað vald í þessu efni; miklu fremur er það mitt álit, að nauðsynlegt væri, að úrskurður hans væri borinn undir æðra yfirvald. Jeg hef ekki vantraust á hreppsnefndum; en þó ber jeg dálítinn ótta fyrir óvarkárni af þeirra hendi í að fara þess á leit, að maður verði gjörður ómyndugur, sem á einhvern hátt kynni að verða sveitinni til byrði. Jeg held því, að ekki væri vanþörf á, að reistar væru sem tryggastar skorður fyrir því, að þetta væri ekki gjört ófyrirsynju. Þessi greiði vegur fyrir hreppsn. til að gjöra menn ómynduga er það eina sem er nýmæli í frv., og eykur rjett hreppsn. gagnvart þarfamönnum.

Jeg gjöri ekkert úr ákvörðun 2. gr., sem miðar til að gefa hreppsn. vald yfir þurfamönnum, og koma í veg fyrir að þeir einungis af leti og ómennsku sjeu sveitinni til byrði. Því eins og hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) sýndi fram á, er þessi rjettur til í nú gildandi lögum, og leynist ekki fremur í fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834 en hann mundi gjöra í þessu frv. þá er það yrði að lögum. Þar á móti getur það ekki dulizt, að við brust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.) öðlast sveitarfjelögin nýjan og fyllri rjett gagnvart þurfamönnum, en þau nú hafa, þar seitarsjóðurinn þá á rjett á að fá endurgoldinn sveitarstyrk í lifanda lífi þurfamanns, ef hagur hans batnar. Það er öldungis víst, hver rjettarskoðun, sem annars kann að drottna í einstökum hjeruðum, að allir lagamenn viðurkenna, að enginn rjettarvegur sje til að fá sveitarstyrk endurgoldinn í lifanda lífi þess, er hann hefur þegið, þó efnahagur hans batni, og ekki fyrri en við lát hans. Það band, sem brust. leggja á þurfamanninn og fjárforræði hans með því að ákveða að sveitarstj. geti látið skrifa upp fjármuni þurfamannsins og þinglýsa uppskriptargjörðinni, er eðlilegt band, sem leiðir af ástandinu sem þurfamaður. Enn fremur er með brust. gefinn frekari forgöngurjettur fyrir endurborgun sveitarstyrksins, og sveitarstjórninni þannig gefinn fyllri rjettur í fátækramálum, en hún nú hefur. Með brust., ef þær verða sþ. get jeg skilið að frv. verði rjettarbót, en ekki ef fallizt verður á frv. n. d, óbreytt. Jeg vil því ráða hinni h. d. til að fallast á brust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.), en ekki á frv. eins og það liggur fyrir.

Skúli Þorvarðarson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra grein fyrir atkv. mínu, og þarf jeg ekki mörg orð til þess. Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að það „væri vandi að sigla milli skers og báru", vandi að setja hentug lög í þessu efni, lög, sem veittu hreppsn. æskilegan rjett gagnvart þurfamönnum, án þess þó að ganga of nærri mannlegu frelsi þeirra. Jeg á bágt með að fella mig við, að sveitarstjórnin geti tekið fjárforræði af mönnum, þó þeir, ef til vill, ekki hafi þegið nema einhvern lítinn sveitarstyrk. Í 2. gr. er óverulegur rjettur, og jeg held óarðberandi, þegar á allt er litið, sem sveitarstjórnin fær, þó hún eptir henni geti þvingað menn til vinnu, til að fá endurgoldinn sveitarstyrk. Því jeg ímynda mjer, að þeir, sem þannig verða neyddir og keyrðir áfram til vinnu, verði aldrei góðir vinnumenn. Yfir höfuð sje jeg engan söknuð að 2. gr. fyrir utan það, að jeg kann illa við, að menn sjeu reknir til vinnu sem ófrjálsir menn, eða skipað til vistar í hvern þann samastað, sem hreppsn. gott þykir. Þess vegna mun jeg fremur greiða atkv. með brust. hins h. 4. kgk. þm. (M. St.), en með frv. eins og það kom frá n. d. 3. gr. frv. álít jeg þó nauðsynlega, og hefði hún að minni ætlun jafnvel mátt vera harðari. Skal jeg svo ekki fara fl. orðum um málið, enda hef jeg nú lýst minni meiningu á því.

Atkvgr.: Brust. 4. kgk. (M. St.) við 1. gr. (C 381) sþ. m. 9 atkv.; 1. gr. frv. (C 363) þar með fallin; brust. sama þm. við 2. gr. sþ. m. 8 atkv.; 2. gr. þar með fallin; 3. gr. sþ. m. 10 atkv.; ust. sama þm.: „4. gr. falli burt" sþ. m. 8 atkv.; brt. 1. þm. Rvl. (C 379) tekin aptur.

Málinu vísað til 3. umr. m. 8 atkv.

Frv. til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (C 337); 2. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 3. umr. m. 8 atkv.

Tillaga til þingsályktunar um harðærismálið (C 342); framh. einnar umr.

Sighvatur Árnason: Af því jeg ráðgjörði við fyrri umr. þessa máls, að koma með br. við það, skal jeg geta þess, að jeg við nákvæmari yfirvegun hefi horfið frá þessu, og yfir höfuð fundið, að sumar ákvarðanir till. þessarar eru óþarfar, eins og jeg líka hefi tekið fram áður að því er snertir 1. tl. og sjer í lagi 3. tl., þar sem reynslan er þegar fengin fyrir því, að lstj. hefur gjört allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að gjafafjeð kæmi landsmönnum að sem beztum notum í þeim hjeruðum, sem leitað hafa styrksins, og má því án efa vænta hins sama framvegis af stj. hendi. En í tilliti til 1. tl., þar sem skorað er á lh., að fara eptir vissum reglum við útbýtingu gjafakorns þess, sem eptir verður í haust, þá var lh. ekki viðstaddur við síðustu umræðu málsins til að geta sagt þd., hvort hann hefði öll samskotin til umráða, og væri því æskilegt að heyra nú svör hins hæstv. lh. upp á þetta áður en gengið verður til atkv.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að við umr. í n. d. um till. þessa, var það tekið fram, að þær áskoranir til lh., sem um er rætt í 1. og 2. tl., ættu að eins að skoðast sem bendingar til lh., en ekki sem reglur, er þd. vildi setja honum viðvíkjandi útbýtingu gjafakornsins. Þetta átti að vera bendingar, sem gætu verið lh. til leiðbeiningar, og lýstu yfir skoðun þd. á því, hvernig haganlegast væri að útbýta korninu. Þá gaf jeg og tilefni til, að tekið var fram, að þ. geti ekki haft umráð yfir fjenu, heldur skyldi till. vera bending frá þ. til lh. um, hvernig gjafakornið eða útbýting þess gæti orðið að beztum notum. Með tilliti til þessa vil jeg ekki segja, að þessar bendingar sjeu óþarfar; þær geta verið mikið góðar, og ef þær verða sþ., verður farið eptir þeim, nema ef kringumstæðurnar sýndu, að undantekningar þyrfti að gjöra.

Viðvíkjandi þeirri spurningn hins h. 1. þm. Rvl. (S. Á.), hvort lh. hefði gjafafjeð til umráða, skal jeg svara því, að talsverður kornforði, um 4500 tunnur, hefur verið sendur hingað, og er ný-kominn; korn þetta hefur lh. til umráða og útbýtingar. Auk þessa munu áður hafa verið til óeyddar um 1000 tunnur af korni. Þar að auki hefur samskotanefndin gefið lh. heimild til að verja nokkru fje með því að gefa ávísanir upp á samskotanefndina í Kaupmannahöfn; en sjálfsagt mun enn nokkuð fje eptir undir umráðum n. í Khöfn, en mikið skarð hlýtur þó að vera höggvið í það við kornforðasendinguna með seinasta skipi.

Ef sjerstaklega er litið á 2. tl., þá er ekki líklegt, að n. muni hafa mikið fje til umráða næstkomandi vor, þó ekki komi sjerstök vandræði fyrir á næsta vetri.

Ákvörðunin undir 3. tl. varð mikið umræðuefni í n. d. Jeg hafði stungið upp á, að athugasemd yrði gjörð í þessa stefnu í fjárl., en sú ust. mín náði ekki fram að ganga. Var það tekið fram, að slíkt væri ekki nauðsynlegt, þar eð lh. hlyti án slíkrar ákvörðunar, að hafa heimild til að verja því af fje landsins, er þyrfti til að afstýra hallæri. Þar á móti var jeg þeirrar meiningar, að slík ákvörðun hefði þýðingu fyrir stj., og gjörði hana öruggari í framkvæmdinni, ef stór nauðsyn yrði til að verja fje landsins í þessu skyni, ef hún hefði yfirlýsingu þ. um, að verja mætti fjenu á þennan hátt, og verð jeg enn að vera á þessari skoðun. Þess vegna verð jeg að álíta það æskilegt, að till. undir 3. tl. yrði sþ. hjer í þd. Skal jeg bæta því við, að þessi till. kom fram í n. d., af því þd. fjellst á, að rjettast væri, að á formlegan hátt kæmi fram yfirlýsing frá þ. í þessa átt, heldur en að hún kæmi fram í ræðum einstakra h. þm.

4. tl. stendur einnig í sambandi við hallærismálið. Það var skoðun manna í n. d., að sú ákvörðun, sem þar ræðir um, gæti haft talsverða þýðingu og jafnvel komið í veg fyrir vandræði, ef hallæri bæri að höndum. Annars var það tilgangurinn með þessari ákvörðun, að gjöra mönnum greiðara fyrir að fá lán, og undir eins kost á að auka bústofn sinn, svo menn ættu hægra með að lifa, þó einhver vandræði bæru að hendi. Jeg fyrir mitt leyti get þó ekki lagt mikla áherzlu á þessa ust. eða lagt neina sjerlega þýðingu í hana, og verð að álíta, að hún alls ekki geti komið í staðinn fyrir 3. tl., eins og sumir þm. hafa álitið. Það er sjálfsagt gott, ef menn ættu kost á að fá lán úr viðlagasjóði, en jeg veit þó ekki, hvort

það hefur sjerlega almenna þýðingu til að afstýra hallæri. Að minnsta kosti verð jeg að mæla á móti því, að þessi ust. komi í staðinn fyrir 3. tl. Því ef 3. tl. verður felldur, en 4. tl. sþ., þá er það sterk bending til stj. um, að hún megi ekki verja fje lsj. til að bæta úr hallærinu á annan hátt, en stungið er upp á undir 4. tl. En sú ust. gefur ekki stj. meðul í hendur til að afstýra stórkostlegum vandræðum. Jeg vil því helzt leggja það til, að, að minnsta kosti, 3. tl. verði sþ. Þar á móti álít jeg hvorki 1. nje 2. tl. þýðingarmikinn, en þó engan skaða þó þeir verði sþ., því þeir innihalda góðar bendingar til landstj. Þar á móti álít jeg enn sem fyr, að 3. tl. hafi talsverða þýðingu, og því æskilegt að hann verði sþ.

Magnús Stephensen: Jeg skal leyfa mjer að ítreka þá tillögu mínar, er jeg kom með við fyrri umr. þessa máls, að 4. tl. verði án ályktunar vísað til lh. samkvæmt 27. gr. þingskapanna. Um hina 3 tl. var svo ýtarlega rætt, er málið var síðast til umr., og ljóslega sýnt fram á, að hverju leyti þeir væru óaðgengilegir, bæði að efninu til og eins og þeir eru orðaðir, þar sem stendur: „þingdeildin" í staðinn fyrir: „alþingi", og eins að því er innihaldið snertir, þar sem skorað er á lh.. „að hann skipi svo fyrir um útbýtingu gjafakorns þess, sem eptir verður í haust o. s. frv.", þar sem menn vitanlega verða að játa, að hann sjálfsagt ekki getur skipað á neinn hátt fyrir um annað gjafakorn en það, sem hann hefur fengið til umráða.

Á 3. tl. get jeg heldur ekki fallizt, þar sem það á illa við nú, að vera að gjöra ráð fyrir manndauða. Yfir höfuð verð jeg að álíta það nokkur nýmæli, að þ. sje að segja við gefendurna, að svona og svona eigi þeir að fara með gjafafjeð. Ef gefendurnir hefðu spurt þ. til ráða í þessu efni, þá væri öðru máli að gegna. En þar sem þeir ekki hafa gjört það, þá verð jeg að álíta, að þessi aðferð þ. sje nokkuð framaleg.

Landshöfðingi: Þessi orð hins h. þm. eiga víst við 1. og 2. tl. tillögunnar. En það hefur beinlínis verið tekið fram, að þetta væri að eins bendingar til lh. Jeg benti líka á, að það væri sjálfsagt komið undir gefendunum sjálfum, hvernig fjenu væri varið. En úr því þeir hafa falið lh. umráð yfir fjenu eða kornforðanum, þá verð jeg að álíta þessar bendingar þ. til lh. mikið góðar.

Þar sem hinum h. 4. kgk. þm. (M. St.) þótti það undarlegt og eiga illa við, að vera nú að gjöra ráð fyrir hallæri *(Magnús Stephensen:* „manndauða") eða manndauða, sem er mesta stig hallærisins, þá held jeg að reynslan hafi þó sýnt, að ekki hafi verið svo langt frá að hallærið kæmist á þetta stig sumstaðar á landinu síðastliðið ár. Hins vegar líða tvö ár, þangað til þingið eða fjárveitingarvaldið getur látið í ljósi, á hvern hátt það vill afstýra vandræðum, og getur margt komið fyrir á þeim tíma. Tíminn á undan hefur einnig bent á, að nauðsynlegt væri, að vera ekki vanbúinn. Jeg verð því enn að álíta æskilegt, að þessar ust. yrði sþ.

Forseti: Þar eð hinn hæstv. lh. skoðar þessar ust. fremur sem bendingar, en sem ályktanir þingsins, þá má einmitt eptir 27. gr. þingskapanna vísa þeim til lh. eða ráðherrans. Jeg vil því fyrst vita, hvort hin h. þd. vill skoða þessar ust. sem ályktanir eða einungis sem bendingar til lh., sem hann geti valið úr það, sem honum þykir tiltækilegast og helzt þurfa að framkvæma.

Magnús Stephensen: Það hefur ekki komið fram nein ust um, að vísa öðrum tl., en 4. tl. til lh., og því verður ekki borið undir atkv. þd., hvort vísa skuli öðrum tl. en hinum 4. til hans.

Einar Ámundsson: Við fyrri hluta umr. þessa máls leyfði jeg mjer að fara nokkrum orðum um frágang n. d. á þessari till., sem mjer þykir mjög svo hroðalegur í alla staði. Till. ber með sjer, að ekki hefur verið ætlazt til, að þetta væri ályktun nema frá annari þd., þ. e. n. d. Hjer stendur: „*þingdeildin* skorar á lh." og „*þingdeildin* skorar á ráðgjafa Íslands" o. s. frv. Jeg get því ekki annað ímyndað mjer, en að hún sje hingað komin af misgripum. Jeg get vel trúað n. d. til, að semja svona fallega ályktun, í svona fallegu formi. En jeg álít ekki tyrir það, að e. d. eigi að láta n. d. leggja sjer mál í munn. Till. yrðu raunar tvær, sín frá hvorri d., þó þessi yrði sþ. Ef hinir háttv. þm. e. d. vildu nú semja ályktun, sem færi í líka stefnu og þessi ályktun n. d., þá vona jeg þeir sjeu færir til að semja

aðra nýja ályktun, án þess að fara eptir forskript n. d.

Landshöfðingi: Jeg held það hafi þó ekki vera meining hinnar h. n. d. að misbjóða hinni h. e. d. í neinu, þó hún hafi sent henni till. í þessu formi. Jeg skal fúslega játa, að hjer ætti að standa: „Þingið“ eða: „Alþingi“, en ekki: „Þingdeildin“. En verði till. sþ. af báðum d., þá má sjálfsagt breyta þessu þannig. Að hjer stendur: „Þingdeildin“ er án efa sprottið af því, að menn hugsuðu sjer fyrst að n. d. eingöngu semdi þessa tl. En undir umræðunum kom það fram, að þetta heyrði báðum deildunum til. Þess hefur þá ekki verið nægilega gætt, að breyta orðinu: „þingdeildin“ í: „alþingi“. Sje jeg heldur ekki betur, en að þessu mætti þannig breyta, ef e. d. á annað borð finnur ástæðu til að fallast á till. þessa. Þar sem hjer er ekki að ræða um lagaboð, heldur þgsál., þar sem ekki er eins mikið komið undir forminu, þá ætti þetta ekki að standa í vegi fyrir, að málið yrði sþ. Jeg held það hafi alls ekki verið meining n. d. að misbjóða hinni h. e. d. með þessu. Þvert á móti mun það undir umræðunum hafa skýrzt fyrir þeim, sem fyrst hugsuðu sjer, að þessi till. komi frá n. d. eingöngu, að hún tæki til e. d. líka. Ef e. d. vill fella hana, þá er það sjálfsagt á hennar valdi.

Magnús Stephensen lýsti því yfir, að hann hefði ekkert á móti að taka þá ust. sína aptur, að vísa 4. tl. til lh. samkvæmt 27. gr. þingskapanna, því hann gæti eins vel greitt atkvæði móti þessum tl. eins og hinum öðrum.

Atkvgr.: 1. tl. a) felldur m. 9 atkv.; b) fellt með 9 atkv.; 2. tl. felldur m. 9 atkv.; 3. tl. felldur m. 8 atkv. á móti 3; 4. tl. felldur m. 8 atkv.

Frv. til l. um br. á 7. gr. l. um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desbr. 1877 (C 379); 1. umr.

Atkvgr.: Málinu orðalaust vísað til 2. umr. í e. h.

Fertugasti og níundi fundur, fimmtudag 23. ágúst. Allir á fundi.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 (C 405); 3. umr.

Framsögumaður (Árni Thorsteinson): Nefndin átti því láni að fagna að allar brust. hennar voru sþ. við 2. umr., og vildi jeg óska, að henni byrjaði eins vel í þetta sinn. Ástæðan til þess, að brust. þessar, sem hjer liggja fyrir, eru fram komnar, er sjerstaklega sú, að n. vildi takmarka öll ágreiningsefni er verða kynni sem mest, þar eð henni þótti nauðsynlegt, að mál þetta yrði svo úr garði gjört, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að það gæti gengið fljótt og hindrunarlaust gegnum báðar deildir eða þingið. Jeg skal ekki ræða ýtarlega efni þessara br.uppást., en legg alla áherzluna einmitt á það atriði, hversu nauðsynlegt það nú er vegna þess, hve tíminn er naumur, að takmarka ágreiningsatriðin, sem mest að verða má, til þess, að greiða götu málsins sem bezt.

Brust. við 16. gr. 6. tölul. stendur í sambandi við síðasta brust. (16. gr. 7. l.) svo að falli hin fyrri ekki, verður hin síðari tekin aptur. Brust. við 10. gr. C. 4. („Eptir tillögum amtsráða“, falli burt), þótti n. rjettara að koma hjer með, af því að það hefur komið fram í umræðum manna ágreiningur nokkur um skilning þessara orða, með því sumir vilja halda því fram, að landshöfðingi sje bundinn við tillögur amtsráðanna, í stað þess að einungis er farið fram á að hann leiti álita amtsráðanna. Ákvæði þetta er og ónauðsynlegt, því að eins og það er einlægur vilji allra að úthlutun þessa fjár verði sem jöfnust og sanngjörnust, svo er enginn efi á því, að lh. muni leita álita amtsráðanna, bæði almennt og að minnsta kosti þar, sem um eitthvað verulegt er að ræða. Yfir höfuð að tala verð jeg að mæla fast með br.uppást. n. af þeirri ástæðu, sem jeg áðan tók fram, að takmarka ágreiningsatriðin svo mjög sem auðið er, til að greiða fyrir málinu.

Landshöfðingi: Jeg skoða þessi breyt.atkv. sem framhald af nefndarálitinu, þar sem þau eru komin frá n. sjálfri og samkvæmt þessari skoðun minni verð jeg að tilleggja þeim þess meiri þýðingu. Brust. við 10. gr. C. 4. felli jeg mig vel við, og tel hana til bóta. 2 af br.uppást. þessum ganga í aðra átt, en tillögur mín-

ar hafa gengið í þessu máli; en allt um það verð jeg að játa, að þegar um það er að gjöra að reyna að komast hjá verulegum ágreiningsatriðum, þá eru þessar br.uppást. engin aðalatriði í fjárlögunum, og þar sem mjer er um það hugað að greiða gang fjárlaganna gegnum báðar deildir þingsins, þá vil jeg ekki gjöra kappsmál úr þessum fyrri tillögum mínum, þó að jeg enn sem fyrri verði að álíta þessar uppbætur mjög æskilegar. Jeg vil nú vona, að n. d. þingsins geti fallizt á fjárlögin með þessum lítilfjörlegu breytingum, svo að lengra þurfi ekki að reka, enda væri það heppilegast, tímans vegna, að ekki kæmi til þess.

Sighvatur Árnason: Jeg skal nú ekki verða langorður um þetta mál, enda er nú búið að ræða það nokkuð fram og aptur. Jeg verð að nokkru leyti að taka undir með h. hæstv. lh., hvað það snertir að þörf sje á að greiða fyrir málinu. Einnig verð jeg að vera á þeirri skoðun að þessi prestakallauppbót sem hjer ræðir um, sje ekkert aðalatriði í samanburði við ýms önnur atriði fjárlaganna, þó að jeg einnig hafi verið þeim meðmæltur, sjerstaklega hvað Oddaprestakall snertir. Ummæli h. hæstv. lh. um breyt.tillögurnar tek jeg mjer til inntektar, að því leyti, að þar sem breyt. hafa komizt þetta á veg í þinginu, þá geti það sem fram er komið orðið því til styrktar, að það fje fáist sem beðið er um, þó það verði ekki beinlínis veitt í fjárlögunum. Það er sannfæring mín enn, að mesta nauðsyn sje á að bæta upp skemmdir á Oddaprestakalli, og meðan sannfæring mín er óbreytt í þessu efni, meðan get jeg ekki gengið frá atkvæði mínu. Þingið hefur sjálft viðurkennt nauðsyn þessa að nokkru leyti, þar sem það hefur bætt upp eða sleppt nokkru af afgjaldi brauðsins fyrir liðinn tíma nefnil. 700 kr., og vona jeg, að þessi skoðun þingsins verði hin sama hvað næsta fjárhagstímabil snertir. Menn hafa sagt, að þetta mætti allt lagfæra á aukafjárlögum 1884—85; það getur nú vel verið, en hver getur gefið vissu fyrir að þessar tillögur verði þá teknar til greina? Enginn. Við þm. Rang. bárum upp brauðabreytingamál, sem gekk sinn löglega gang í hjeraði og var í öllu löglega og reglulega fram borið og síðan sem sagt borið upp hjer á þingi og sent til stiptsyfirvaldanna, og var með því bót ráðin á Oddabrauði; með því var því nær horfin öll afgjaldsábyrgð og afgjaldsskylda af prestakallinu, og hefði sú breytingartillaga verið tekin til greina, þá hefði þetta spursmál aldrei þurft að koma til orða; en eins og þm. er kunnugt, var mál þetta fellt fyrir okkur af einhverri þverloku, að jeg ekki segi meinloku í þinginu. Jeg verð að geta þess í sambandi við þetta, að það er mjög óheppilegt, ef það fer að tíðkast hjer á þingi að vel vönduð og vel undirbúin mál frá hjeraðsmanna hálfu fái slíkar undirtektir á þingi. Jeg skal nú áður en jeg lýk tölu minni minnast stuttlega á seinasta lið í breytuppást. n. Það hefur verið sagt, að engin vissa sje fyrir vægara verði á bókinni þrátt fyrir þennan styrk, en jeg hef fengið vissu fyrir því, að bókin verður einni krónu ódýrari fyrir styrkinn og þeim mun hægra fyrir hinna fátækari menn að geta eignazt hana. Auk þess á að fylgja bókinni steinprentuð mynd höfundarins ókeypis. En hvað sem um það er, vilji h. hæstv. lh. gefa von um, að þetta fyrirtæki verði styrkt af aðalupphæð þeirri, sem ætluð er til verklegra og vísindalegra fyrirtækja, þá skyldi jeg falla frá atkvæði mínu. Jeg vil beiðast þess, að h. hæstv. lh. láti í ljósi hvernig hann mundi taka í það mál, og ætla jeg svo ekki að orðlengja frekar um þetta mál að sinni, þar eð það er orðið svo ýtarlega rætt.

Magnús Stephensen: Jeg skal geta þess út af 1. br.atkv. n. (10. gr. C. 4.), að það var ekki meining nefndarinnar, að gjöra hjer neina efnisbreytingu, heldur einungis útiloka misskilning, þann misskilning, að lh. væri bundinn við tillögur amtsráðanna. Jeg vil benda þeirri spurningu til h. hæstv. lh., hvort hann telur eigi sjálfsagt að leita álita amtsráða um útbýtingu fjárins, þó að þessi ákvörðun sje felld úr, og hvort lh. muni eigi finna sjer skylt, að taka tilhlýðilegt tillit til álita amtsráðsins að svo miklu leyti, sem þau eiga við rök að styðjast.

Landshöfðingi: Jeg skal svara h. h. 4. kgk. þm. því, að jeg álít sjálfsagt að leita álita amtsráða um úthlutun fjárins, og leggja sömu þýðingu í tillögur þeirra, eins og tíðkazt hefur, þannig að þeim er fylgt að svo miklu leyti sem verða má,

og tillögur þeirra finnast að vera á rökum byggðar. Fyrirspurn 1. þm. Rangv. skal jeg leyfa mjer að svara á þá leið, að jeg sje mjer ekki fært að gefa neitt loforð um fjárveitingu til þess fyrirtækis, sem hann nefndi; það verður að vera undir öðrum fjárbeiðslum komið, hverjar undirtektir þessi fjárbeiðsla getur fengið. Áðra skýrslu sje jeg mjer ekki fært að gefa, og aðra skýrslu álít jeg mig ekki vera skyldan að gefa að sinni um það, hvernig fjenu verður útbýtt; en sjálfsagt er það, að því verður útbýtt svo, að það komi að sem beztum notum, og mun sjálfsagt verða tekið tillit til álits þingsins, eptir því sem kostur er á.

Sighvatur Árnason: Jeg hefði viljað óska ýtarlegri skýrslu af h. hæstv. lh., en mjer þykir samt eðlilegt, að hann hljóti að fara eptir öðrum bænum í þessu efni, hvað mikið þær hafa við að styðjast. Jeg verð því að álíta það nokkuð undir hælinn lagt, hverjar undirtektir fjárbeiðsla þessi fær, ef þingið veitir henni ekki áheyrn nú. Jeg hef allt af verið með því að styrkja að útgáfu góðra guðsorðabóka, Jeg veit vel, að vísindin eru allt af efst á dagskrá, en mjer finnst þó, að hitt eigi ekki að verða á hakanum. Jeg get því ekki horfið frá atkvæði mínu um þetta atriði, og ekki hvað viðvíkur Oddaprestakalli, meðan sannfæring mín er óbreytt.

Atkvgr.: Brt. nefndarinnar (C 415) við 10. gr. C 4. sþ. í e. h.;
— 13. — A. b. 11. sþ. m. 8 atkv.;
— 13. — A. b. 12. — — 8 —;
— 16. — 6. tl. — — 7 —;
— 16. — 7. — — — 9 —.

Frv. þannig breytt samþykkt með 9 atkv., og síðan sent aptur til neðri deildar.

Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1878—79 (C 7); 3. umr.

Frv. sþ. orðalaust með 10 atkv.

Afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1878 og 1879 (C 362); 3. umr.

Frv. sþ. orðalaust í e. hl. Afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Frv. til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (frá n. d., C 391); 1. umr.

Benidikt Kristjánsson: Það voru ekki skáldaýkjur, þegar svo var kveðið um stjórnarskrá vora, að hún væri „gjöf úr föðurhendi", enda hefur þjóðin tekið á móti þessari miklu gjöf með þakklátri viðurkenningu bæði leynt og ljóst; þó er ekki svo að skilja, að það geti dulizt, að verulegir gallar sjeu á þessari gjöf; en það er ekki þar fyrir: gjöfin er góð, þrátt fyrir það, þótt á henni sjeu gallar, eins og á hverri annari jarðneskri gjöf. Einungis sú gjöf, sem kemur hjer ofan að, er fullkomin gjöf; en allt á jörðu er ófullkomið. Af því nú að þetta er 1. umr. málsins, á ekki við að sýna, í hverju gallarnir sjeu fólgnir, því til þess þyrfti að ganga í gegnum hinar einstöku greinir. En sönnun fyrir því, að menn þó ekki sjeu ánægðir að öllu með stjórnarskrá vora er fólgin í þeim áskorunum til þ., sem komið hafa hvað eptir annað frá þjóðinni um endurskoðun stjórnarskrárinnar og það einkum nú til 2 síðustu þingin, nú og 1881. Hvað átti nú þ. að gjöra, er það fjekk þessar áskoranir? Þ. átti vissulega ekki að þegja við bænum þjóðarinnar. Þm. áttu að gjöra það fyrir kjósendur sína, sem fulltrúa kjördæma sinna, að gefa málinu gaum. Til þess verksviðs, sem þ. átti í þessu tilliti að starfa í, var því bent af þ. 1873 í varauppástungu í bænarskrá frá alþingi. Þar stingur alþingi upp á að kgr veiti bráðabirgðarstjórnarskrá, sem skuli endurskoða á 4. alþingi þar á eptir. Þar verður ekki annað sagt, en þ. hafi tekið þá stefnu, sem því þannig var eins og bent á. Þ. tók til starfa 1881. En hvað hefur það gjört, hvað gjörir það og hvað getur það gjört? Hjer er stutt yfir sögu að fara: 1881 kom málið fyrir n. d.; svo var nefnd sett; hún lauk við hlutverk sitt; en svo fór að málið var ekki rætt nema við 1. umræðu og fjell niður að svo búnu. Það á kann ske ekki við að segja um hina h. n. d., að hún hafi byrjað á málinu, og hætt svo við það hálfgjört. Hvað gjörir svo þ. 1883? Nefnd er sett af nýju í n.d. og málið rætt til fulls, en svo seint, að það nú seinustu þingvikuna kemur fyrir e. d., kemst fyrst á dagskrá þriðja dag

vikunnar og getur nú fyrst fyrir sjerstök atvik komið til umræðu 5. dag vikunnar. Eptir því sem nú er áliðið þingtímans er auðsjeð að hin h. e d. getur ekki lokið umræðum málsins. Jeg yrði að álíta að það væri að kasta höndum til málsins, ef það ætti að ræða það út með afbrigðum frá þingsköpunum og án nefndar. Jeg fæ þannig ekki sjeð, að e. d. geti borið ábyrgðina fyrir að málið verður nú ekki á enda kljáð, nje að á henni geti bitnað ámæli og álas þjóðarinnar fyrir það. Jeg tek það fram aptur: e.d. getur ekki með sóma sínum kastað höndunum til málsins. Mjer virðist því eina úrræðið vera, annaðhvort að setja nú þegar nefnd í það, eða vísa því til 2. umr. og láta þar nótt sem nemur og kvöld sem kemur, en bregða ekki frá þingsköpunum. Það er satt, að þetta mál hefur allt af verið á dagskrá þjóðarinnar og ætti þess vegna einnig að vera á dagskrá þingsins. En það verður að skoða kringumstæðurnar eins og þær eru; þó menn hugsi um málið, hugsa menn um það almennt en liða það ekki í sundur nje yfirvega það í þess einstöku atriðum. En það það þarf þó einmitt að sundurliða málið og íhuga það þannig; en að gjöra það, er hvorki svo vandalaust nje fljótgert, að þd. hafi tíma til þess nú. Jeg vildi helzt óska að n. yrði sett; en ef hinni h. d. eigi sýnist það henta, hefi jeg það traust til hennar, að hún þá sýni málinu þann sóma, að vísa því til 2. umr. Því að það er mitt álit, að þegar um stjórnarskrána er að ræða, geti þ. ekki farið öðruvísi en virðulega með málið; og yfir höfuð er það traust mitt til hinnar heiðruðu d., að hún láti sjer svo við málið farnast, sem henni, hverjum einstökum þm. og málinu sjálfu er vel sæmandi.

Athgr.: Samþykkt að fresta 1. umr. og setja 5 manna nefnd í málið; kosnir í nefndina: Einar Ásmundsson með 10 atkv., Magnús Stephensen m. 9 atkv., Benidikt Kristjánsson m. 9 atkv., Árni Thorsteinson m. 8 atkv., og Jón Pjetursson m. 5 atkv., eptir hlutkesti með honum og Sighvati Árnasyni, er hafði jafnmörg atkvæði.

Frv. til laga um farmgjald skipa (frá n. d., C 399); 1. umr.

Málinu vísað orðalaust til 2. umr. í e. h.

Fimmtugasti fundur, föstudag 24. ágústmán. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881 (C 400); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Atkvgr.: 2. og 3. gr. sþ. hvor um sig í e. h.; 4. gr. 1.—3. tl. sþ. hvor um sig í e. h.; 5., 6. og 1. gr. sþ. hver um sig í e. h. Frv. í heild sinni sþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1880 og 1881 (C 403); 2. umr.

Magnús Stephensen: Jeg hef leyft mjer að bera upp brtill. við frv. (C 416) og skal jeg nú í fáum orðum gjöra grein fyrir henni. Brtill. er við gjöldin 1. tl. „til alþingis 1881 og til borgunar fyrir endurskoðun landsreikninganna“ og fer fram á, að talan 37070 kr. 46 a. verði færð niður í 36952 kr. 71 e. Þetta er niðurfærsla á ferðakostnaði og dagpeningum eins alþingismanns, 2. þm. Sm. (J. Ó.). Á athugasemdum yfirskoðunarmanna við landsreikninginn sjezt á 8. gr., að ferðakostnaður þessa þm. hefur verið ferðakostnaður milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur 103 kr. 75 a. hvora leiðina og dagpeningar 30. maí til 22. sept. 116 dagar 690 kr., eða samtals 897 kr. 50 a. Þessi upphæð var þm. líka útborguð, samkvæmt úrskurði ferðakostnaðarnefndarinnar á alþingi 1881. En svo kom upp, að þm. fór ekki alla leið til Kaupmannahafnar, heldur að eins til Patreksfjarðar, og kom svo hingað aptur 15. sept. án þess að gjöra fleiri tilraunir til að fara til Kaupmannahafnar. Úrskurður ferðakostnaðarnefndarinnar var sjálfsagt byggður á því, að þm. færi til Khafnar. Yfirskoðunarmennirnir gjörðu því þá útásetningu á reikninginn, að þm. bæri ekki nema ferðakostnaður frá Khöfn til Rvíkur og dagpeningar til þingloka, en enginn ferðakostnaður frá Reykjavík aptur

og lögðu því það til, að hann endurgyldi það, sem honum hafði verið greitt fram yfir þetta, eða 897 kr. 50 a. ÷ 643 kr. 75 a. = 253 kr. 75 a. Þegar þetta frv. var til umræðu í n. d. lýsti hlutaðeigandi þm. því yfir og lagði við drengskap sinn, að hann hafi þá átt heimili í Khöfn, þegar hann gjörði ferðakostnaðarreikning sinn, og ætlað sjer þangað. Þetta breytir sjálfsagt málavöxtum að nokkru en ekki öllu leyti. Hjer verður að ræða um, hvort fjenu hafi verið varið í því skyni, sem það var borgað. Því hefur ekki verið varið í því skyni, nema að nokkru leyti. Þess vegna fer mín brtill. fram á, að upphæðin sje færð niður um 117 kr. 75 a. Því úr því að þessi þm. hefur lýst því yfir í n. d. og lagt við drengskap sinn, að hann hafi ætlað sjer til Kaupmannahafnar, þá mælir nokkur sanngirni með því, að hann fái borgaðan kostnaðinn við tilraun þá, sem hann gjörði til að komast þangað. Þessi kostnaður verður fargjald til Patreksfjarðar fram og aptur 22 kr. og dagpeningar til þess hann kom heim aptur hingað til Reykjavíkur 15. sept. í 19 daga 114 kr., sem lagt við fargjaldið verður 136 kr. Þegar þm. fær borgaða þessa tilraun til að komast til Khafnar, þá fær hann allt, sem honum eptir sanngirni getur borið, en hvort svo er, ef farið væri eptir ströngum rjetti, skal jeg ekki fara út í. Hitt get jeg ekki skilið, að nokkrum rjettsýnum þm. geti komið til hugar, að þm. þessi eigi að fá borgun fyrir ferð, sem hann *ætlaði* sjer að fara, en *aldrei* fór. Það er t. d. skrítið, að borga fyrir vagn frá póstskipinu til heimilisins í Khöfn, sem þm. *mundi* hafa keyrt í, *ef* hann hefði komið til Khafnar, og svona er margt fleira í reikningnum. Mín till. er, að þingið sýni þá sanngirni við þennan þm., að hann greiði aptur einungis 117 kr. 75 a. og fái þannig borgaðan kostnaðinn við ferðina til Patreksfjarðar.

Benidikt Kristjánsson: Af því mjer blandast hugur um að greiða atkv. fyrir brtill. h. 4. kgk. þm. (M. St.) skal jeg með fáum orðum gera grein fyrir skoðun minni á málinu. Jeg get ekki sjeð gildar ástæður í þessu efni að breyta úrskurði ferðakostnaðarnefndarinnar á alþingi 1881. Ef á að breyta úrskurði hennar, þá þarf virkilega mjög gildar ástæður og jeg veit ekki einu sinni hvort þingið getur breytt þeim úrskurði. Er nokkur sönnun komin fyrir því, að þm. hafi svikið þetta fje út? (*Magnús Stephensen*: Það hefur enginn sagt). Það er fyrir óhapp eða slys að þm. hefur ekki komizt lengra en á Patreksfjörð, því það fer fjarri, að það sjeu nokkrar líkur fyrir, að hann hafi ekki ætlað til Kaupmannahafnar. Jeg legg ei svo mikla áherzlu á borgun fyrir vagninn eins og mjer fannst h. 4. kgk. þm. (M. St.) gjöra. Jeg held að slíkir reikningar eigi sjer stað, þar sem þm. verða að gjöra áætlun um allan kostnað á ferðinni heim t. d. hesta og fylgd frá þeirri höfn, sem heimilinu er næst og heim, ef þm. fer sjóveg með strandferðaskipinu. Þótt nú þm. vildi þetta slys til, að hann kæmist eigi til Kaupmannahafnar og yrði svo að breyta fyrirætlun sinni, þá sje jeg enga ástæðu til að færa niður ferðakostnað hans fyrir þá skuld. Því allar líkur eru til, að þm. hafi beðið mikinn skaða við það, að koma eigi fram ferð sinni. Það þætti hart við þm., sem ætlaði norður, en fatlaðist á leiðinni, svo hann yrði að taka sjer nýjan bústað á miðri leið, að krefja hann til að endurborga ferðakostnaðinn norður. Eitt atriði er enn óupplýst í þessu máli, hvort þm. hefur fengið endurborgað farbrjefið, sem hann sjálfsagt hefur keypt sjer til Khafnar. Meðan ekkert er upplýst um það, kalla jeg það fjarstæðu að færa þessa upphæð niður.

Sighvatur Árnason: Jeg ætla að eins að tala fáein orð til þess að lýsa minni meiningu. Þegar ræða skal um þess konar reikninga, þá finnst mjer aðalatriðið að komast að hvar heimili þm. er, því það er vitaskuld, að við heimilið á að miða ferðakostnaðinn. Þegar þessi þm. kemur til Patreksfjarðar, þá veit hann fyrst, gefur að skilja, að hann á ekki eða ætlar ekki að hafa heimili í Kaupmannahöfn, og hverfur svo hingað aptur, tekur sjer heimili hjer og situr hjer enn. Og við þetta heimili eptir þing finnst mjer sjálfsagt að miða hljóti ferðakostnaðinn, en þó er sanngjarnt að taka til greina þennan krók til Patreksfjarðar, sem þm. líklega hefur farið í því skyni, að fara til heimilis síns, sem hann átti áður í Kaupmannahöfn. Það sem h. þm. NÞ. (B. Kr.) talaði um, að þm. mundi hafa keypt sjer farbrjef til Kaupmannahafnar, þá kemur þar nýtt

spursmál til greina, því hafi hann keypt sjer það og eigi fengið það endurborgað, þá er mjög ósanngjarnt, að krefjast af honum, að hann endurborgi lsj. þessa upphæð. En h. 4. kgk. þm. (M. St.) mun nú geta gefið upplýsingar í þessu efni.

Magnús Stephensen: Út af því sem h. þm. Np. (B. Kr.) tók fram, skal jeg geta þess, að hjer er alls ekki að tala um að breyta úrskurði ferðakostnaðarnefndarinnar, því sá úrskurður var gefinn í þeirri meiningu, að þm. færi þessa ferð til Kaupmannahafnar í raun og veru. Hefði nefndin haft hugmynd um annað, hefði hún sjálfsagt aldrei lagt þann úrskurð á, að þessi upphæð skyldi útborgast honum. Það væri breyting á úrskurðinum, ef þingið færi að hækka eða færa niður tölur af því þær væru of háar eða of lágar. En hjer er um ekkert slíkt að ræða, heldur um hitt, hvort ferðin, sem fara átti fyrir þessa upphæð, hafi átt sjer stað eða ekki; því það getur ekki borið sig, að lsj. eigi að borga ferð, sem aldrei er farin. Jeg sagði aldrei, að þm. hefði svikið þessa upphæð út, heldur tók jeg einmitt fram, að þm. hefði lýst yfir í n. d. og lagt þar við drengskap sinn, að hann hefði ætlað sjer til Kaupmannahafnar, og einmitt þess vegna tók jeg fram, að sanngjarnt væri að borga honum þennan krók til Patreksfjarðar. Það var fremur skrítinn misskilningur hjá h. þm. Np. með vagninn; það hefði verið sjálfsagt, að borga vagninn hefði hann verið notaður, en hitt munu fáir álíta sjálfsagt að borga vagn, sem aldrei var notaður. Viðvíkjandi því, að þm. þessi muni hafa keypt farbrjef til Kaupmannahafnar og kannske ekki fengið það endurborgað, þá mun h. þm. óhætt að friða samvizkuna; þm. þessi mun ef til vill ekki einu sinni hafa keypt farbrjef til Patreksfjarðar, hvað þá heldur til Kaupmannahafnar; mjer dettur ekki í hug, að það hafi verið í því skyni að svíkja gufuskipafjelagið um fargjaldið, heldur mun það hafa verið af því, að nógur tími var að kaupa farbrjefið seinna, ef hann hefði haldið ferðinni áfram. Jeg get þess vegna ekki sjeð, að neitt mæli með því, að þm. haldi nema þessum 136 kr. sem jeg hef stungið upp á.

Benidikt Kristjánsson: Jeg lít öðruvísi á þetta mál en h. 4. kgk. þm. (M. St.), og þess vegna er ekki til neins að þrátta meira um það, því hjer eru engin veruleg „facta“, sem okkur ber á milli. Jeg skildi h. þm. Rvl. (S. Á.) svo, sem hann líti svo á málið, sem þm. þessi hafi lýst því yfir á Patreksfirði, að hann hyrfi frá að fara til Kaupmannahafnar og hætti svo við ferðina og ljeti skipið fara. En þetta var allt öðruvísi; honum varð ómögulegt að fara með skipinu, því hann missti af því fyrir slys eða óhapp, sem kannske ekki var honum sjálfum að kenna, heldur skipstjóranum, sem jeg hef heyrt að farið hafi á stað fyr en hann hafði gjört ráð fyrir og án þess að gefa hin venjulegu aðvörunarmerki fyrir farþegja.

Landshöfðingi: H. h. þd. hefir sjálfsagt tekið eptir því að frv. er talsvert breytt frá því, sem það af stjórnarinnar hálfu var lagt fyrir n. d, Sjerstaklega munu h. þdm. hafa tekið eptir, að í 10. gjaldlið er munurinn mikill milli frv. stj. og frv. n. d., þar sem upphæðin í frv. stj. er 22,395 kr. 44 a., en í frv. n. d. 11,809 kr. 67 a. Þetta er mikill munur, en það er ekki svo að skilja, sem n. d. vilji neita fyrir fullt og allt að að samþykkja þessa upphæð í frv. stj., heldur er meiningin sú, eptir því sem fram kom við umræðurnar, að þingdeildin vildi fresta úrskurðinum um þennan gjaldlið í landsreikningnum þangað til ýtarlegri skýrslur eru fengnar; en þær skýrslur gat jeg ekki látið í tje í þetta sinn. Jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli deildarinnar á þessu og orsökum þess, að jeg ekki hef komið fram með bratkv. til þess að leitast við að fá þessa upphæð færða nær þeirri upphæð, eða til hinnar sömu upphæðar, sem upprunalega var í frv. stj. Til þess eru tvær ástæður. Önnur sú. að jeg sá mjer ekki fært að leggja fram skýrslur þær, sem þd. kynni að álíta nauðsynlegar, ef h. h. e. d. liti eins á þetta mál og n. d. Hin ástæðan var sú, að jeg var í efa um, þó br. fengist á þessari upphæð, hvort hægt væri að fá málið leitt til lykta í þetta sinn, þar sem svo mjög er liðið á þingtímann og málið er nú hjer til 2. umr. Jeg skal enn fremur leyfa mjer að minnast á eitt atriði, sem enn er hið eina, sem gefið hefur tilefni til umræðu, brtill. h. 4. kgk. þm. (M. St.). Jeg skal geta þess, að jeg er að efninu til þm. samdóma, samdóma um það, að ekki sje

rjett að greiða þingmanni kostnað fyrir ferð, sem aldrei er farin, en að hinu leytinu má ekki gleyma því, að úr lsj. var þessi upphæð löglega greidd. Það er því ekki skakkt í landsreikningnum, þó þessi upphæð sje talin með útgjöldunum, því einmitt þessi upphæð er samþykkt af ferðakostnaðarnefndinni á alþingi 1881 og ávísuð af forseta þeirrar þd., sem þm. var í. Þannig er þetta gjald, þó það sje hærra en það ef til vill í raun og veru átti að vera, þar sem ferðin til Khafnar var aldrei farin, rjett greitt úr lsj. Þess vegna er eigi rjett að setja út á reikninginn í þessu tilliti. Annað mál væri það, ef h. þd. hjeldi því fram, að hlutaðeigandi skyldi greiða fjeð aptur, þá gæti áskorun til stj. um að innheimta það komið fram á annan hátt en með því að setja niður þessa fjárupphæð á landsreikningnum, sem jeg get ekki betur sje en sje löglega greidd. Jeg er nú samdóma h. 4. kgk. þm. um það, að eiginlega hafi lsj. þessa kröfu á hendur þessum þm., en eptir atvikum hefur nú n. d. fundið ástæðu til að falla frá því, að gjöra þessa kröfu gildandi. Og nokkur sanngirni getur verið með því; því hlutaðeigandi hefur tekið á móti þessu fje í þeim tilgangi að verja því til ferðar til Khafnar, sem hann hefur lagt drengskap sinn við, að hann hafi ætlað sjer að fara. Nú yrði honum að líkindum erfiðara og tilfinnanlegra að endurgjalda það, en honum hefði orðið að vera án þess, ef hann hefði aldrei fengið þetta fje. Þetta er sjálfsagt engin rjettarástæða, heldur að eins sanngirnisástæða, sem jeg skal yfirláta hverjum einstökum þm. að dæma um, hve mikið tillit ber að taka til.

Ásgeir Einarsson: Jeg gjöri ráð fyrir að h. 4. kgk. þm. (M. St.) skýri þetta mál enn betur en búið er; en fyrir mitt leyti þarf þess ekki, því jeg er búinn að fá um það fasta sannfæringu. En út af þessu máli skal jeg vekja máls á öðru og það er ferðakostnaður þingmanna yfir höfuð. Það er eitt atriði, sem mjer finnst einkum umtalsefni. Mjer finnst það ísjárvert, að þeir þm. ferðist landveg, sem geta farið með strandferðaskipinu; því landvegurinn er langt um kostnaðarmeiri. Það er auðvitað, að þeir sem með strandaskipinu fara, þurfa stundum að bíða eptir skipinu, svo dagpeningarnir vaxa við það; en landferðakostnaðurinn verður allt um það miklu meiri. Spursmálið hjer verður, hvort þm. megi forsóma ferðir með gufuskipunum, sem verða lsj. langt um kostnaðarminni. Menn ættu að gjöra allt sem unnt væri til þess að ljetta svo ferðakostnað alþingismanna, sem mögulegt er.

Skúli Þorvarðarson: Jeg ætlaði að eins að fara fáeinum orðum um brtill. Mjer finnst að ekki verði fyllilega sjeð, hvort ferð þessa þm., sem hjer um ræðir, hefur hindrazt á Patreksfirði að sjálfráðu eða ósjálfráðu, sem verður þó að skipta miklu, hvort verið hefir, og heldur ekki vel sjeð nema hann hafi borgað farbrjef fyrirfram alla leið til Khafnar, fyrst hann hafði byrjað ferð sína þangað. Hinn hæstv. landshöfðingi skýrði þetta mál fyrir mjer þannig núna fyrir skemmstu við þessa umræðu, að jeg held jeg fallist helzt á tillögu hans um að fara ekki að breyta landsreikningnum fyrir þessa skuld. Því hafi maðurinn offengið 117 kr. og nokkra a. í ferðakostnað sinn til þingfarar 1881, og það sannist, að hann hafi ekki átt heima í Kaupm.höfn — þá er auðgengið að manninum, að hann skili aptur þessari upphæð. Þess vegna get jeg ekki greitt atkv. með brtill. að svo komnu.

Ásgeir Einarsson: Það getur enginn, sem með strandferðaskipinu var í það sinn sem þm. varð eptir á Patreksfirði, verið í efa um, hvort það var sjálfrátt eða ósjálfrátt að verða eptir af skipinu; það var hægt fyrir hvern mann að ná skipinu, sem *vildi* ná því.

Stefán Eiríksson: Það eru nú orðnar býsnamiklar umræður um þetta mál; en jeg veit ekki hvort þingið getur gjört sig að dómstól í þessu efni og dæmt ofan í úrskurðaðan reikning. Rg. eða dómstólarnir geta kannske breytt þessum úrskurði, en þingið finnst mjer ekki geta það. Þess vegna get jeg ekki greitt atkv. með brtill. h. 4. kgk. þm.

Atkvgr.: Tekjudálkurinn allur (1.—19. tl.) sþ. í e. h.; brt. við 1. tölul. í gjaldadálk frá 4. kgk. þm. (C 416) felld m. 5:5, gjaldadálkurinn allur sþ. í e. h.; frv. í heild sinni sþ. í e. h.

Frv. vís. til 3. umr í e. h.

Frv. til laga um br. á 7. gr. laga um

laun sýslum. og bæjarfóg. 14. des. 1877 (C 379); 2. umr.

Enginn tók til máls.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Till. til þgsál. viðvíkjandi landsreikningunum (frá n. d., C 400); ein umr.

Atkvgr.: 1.—5. tl. hver um sig sþ. í e. h.; 6. tl. sþ. með 8 atkv.; 7. tl. sþ. m. 10 atkv.; till. í heild sinni sþ. í e. h.

Forseti gat þess, að till. yrðu afgr. til lh. *sem þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Kosning yfirskoðunarmanns landsreikninganna fyrir 1882 og 1883.

Hinn 4. kgk. þm.: Magnús Stephensen, hlaut kosningu með 10 atkv.

Frv. til l. um bygging, ábúð og úttekt jarða o. fl. (C 385); ein umr.

Árni Thorsteinson (frsm): Jeg skal að eins fara stuttlega yfir málið. Nefndin, sem sem sett var í þessu máli hjer í deildinni, hefur, eptir að hafa yfirvegað frv., eins og það liggur fyrir frá n. d. komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða þd. til að sþ. 34 fyrstu gr., sem innihalda þær ákvarðanir, er þessi d. fjellst á, með öllum br. n. d. nema einni, þ. e. þeirri breytingu, er n. d. hefur gjört við 20. gr. frumvarpsins. Nefndin heldur því fram, að sú ákvörðun þessarar greinar, er var í frv. því, er sent var n. d. hjeðan úr d., sje að öllu leyti sanngjarnari og rjettari, gefi ábúendunum sanngjarnari rjett, en sú ákvörðun, sem n. d. hefur sett inn í frv. á þessum stað. Þess vegna vildi n. helzt setja sína gr. í staðinn fyrir þessa 20. gr. eða jafnvel fella greinina alveg burtu, með tilsvarandi breytingu á öðrum stöðum. Allt um það álítur n., að rjett sje, að standa ekki í vegi fyrir því, að frv. þetta nái sþ. á þessu þ., og vill því ekki gjöra br. út af þessu atriði, heldur láta reynzluna sýna, hvort full ástæða hafi verið til, eða mikið muni ávinnast við þessa br. n. d. Aptur hefur hefur n. ekki getað fallizt á 6 síðustu gr. frv. n. d., og ræður því d. til að fella þær úr frv. En að gjöra grein fyrir öllum ástæðum n. móti þessum gr. er ómögulegt, af því það yrði oflangt mál. Fyrirfram skal þess getið, að n. er samdóma n. d. um, að öll ástæða sje til að reynt væri til að fá inn í lög vor ákvarðanir um innsetning skepna, beit, o. s. frv., en n. álítur hins vegar, að ekki eigi að láta neins ógetið, sem ákvörðunar þarf um, og ekkert það eigi að standa þar, sem ekki geti borið sig. Í 35. gr. er sú ákvörðun, að enginn megi bótalaust láta skepnur sínar ganga á landi annars manns, nema hann leyfi. Þetta eru engin nýmæli í hinni íslenzku löggjöf, því þessi ákvörðun er tekin úr Jónsbók. Ef búfje manns gengur á annars manns landi, þá á sá maður eptir Jónsbók heimting á skaðabótum. Um 36. gr. virðist n. d. vera mjög kært. Í þeirri gr. er sú ákvörðun, að ágangsbætur skuli 2 óvilhallir menn meta *eptir á fyrir hvert fardagaár*, svo sá, sem fyrir átroðningi hefur orðið, fær ekki skaðabætur þær, er honum bera fyr en eptir mjög langan tíma. Þessi ákvörðun var ekki upphaflega í stjórnarfrv., en þar á móti var hún í frv. n. d. 1881, og virðist svo sem n. d. hefði átt að færa sjer í nyt tákn tímanna, er stjórnin felldi greinina burtu og ekki taka hana inn aptur; þessi er þvert á móti öllum lögum og rjetti, þar sem maður getur sagt við annan, að nú vilji hann gjöra ágang á landi hans, og svo borgi hann þennan ágang eptir mati óvilhallra manna, en það skuli hann sætta sig við hvort hann vill eða ekki, og mætti rekja þetta mjög langt.

Af því jeg verð að fara fljótt yfir, þá skal jeg víkja að 37. gr. Hún ákveður, að þá er fjenaður er settur inn, þá megi eigandi leysa hann út aptur með því, að greiða 3 aura fyrir hverja sauðkind og geitkind, en 30 aura fyrir hvern stórgrip, fyrir hvern sólarhring, sem peningurinn er inni. Jeg get ómögulega fundið, að þetta sje rjett, þar sem landslög nú ákveða fullar skaðabætur fyrir usla og landnám eptir atvikum, en nú á ekki að borga fyrir skaða þann, sem verður við ágang skepnanna, heldur fyrir tímann, sem skepnan hefur verið í haldi. Tilgangur innsetningarinnar á þó víst að vera sá: 1, að stöðva skaða þann á eign manns, sem leiðir af ágangi peningsins, 2, sá, að geyma peninginn, þegar menn ekki þekkja eigandann, og hafa hann í haldi, þangað til eigandinn kemur og finnur hann, 3, að hafa peninginn sem

veð fyrir endurborgun þess skaða, sem maður hefur liðið við ágang hans. Jeg get ómögulega fundið, að gengið hafi verið svo frá þessari gr., að hún sje aðgengileg til samþykktar. Í 38. gr. er sagt: „Hafi eigandi ekki vitjað penings síns á 3 daga fresti frá því hann fjekk vitneskju um það, er þeim, er inn setti, heimilt að selja hann fram til uppboðs eða svo mikinn hluta hans, að hann fái allan kostnað sinn endurgoldinn, ásamt útlausnargjaldinu". Eptir þessu missir sá maður eignarrjett sinn á því fje sínu, er sett hefur verið inn, hafi hann ekki vitjað þess á 3. degi. Það er sjálfsagt, að hann fær endurgjaldið fyrir peninginn að frádregnum kostnaði þess, er inn hefur sett, og útlausnargjaldinu; en þetta er ekki nóg, því það er ætíð hæpið, að þurfa að missa eignarrjett sinn, og ófært nema nægur frestur sje gefinn. Er nú t. a. m. nægur frestur gefinn, þegar vegalengd er mikil, eða hvar finnst nokkur ákvörðun, er tryggi eignarrjettinn, þegar misgöngur eiga sjer stað? Þá er ekki með einu orði vikið hjer á ákvarðanir Jónsbókar um það, hvernig að á að fara, þegar maður á ítak í annars landi (í landsleigub. 21. kap.). Ekki er heldur með einu orði minnzt á löggarða. Búskap Íslendinga er nú reyndar svo komið, að mjög óvíða eru löggarðar; en í lögunum ætti þó eitthvað að vera um það, ekki sízt ákvörðun um skyldu granna til að taka í jöfnu hlutfalli hver við annan þátt í garðahleðslu, þegar tún liggja saman o. s. frv. Sem sagt, ef menn lesa þessa seinustu rjettarbót, 35.—40. gr., þá sjá menn, að hjer mætti gjöra margar fl. aths., sem sýna, að ekki er rjett að hrapa að þessum lögum. En jeg vil taka það fram, að jafnvel þótt n. ráði d. til að fella þessar gr., þá er það engan veginn af því, að hún vilji koma í veg fyrir lagabót á því, sem þar ræðir um, heldur af því, að hún vill, að lögin verði vönduð.

Ásgeir Einarsson: Jeg gat þess, þegar mál þetta var til umræðu hjer í d. á dögunum, að það væru einmitt þessar gr., sem jeg saknaði úr frv. Eptir því sem jeg þekki til, þá er það einmitt þetta atriði í landbúnaðarlöggjöf vorri, sem þarf lagfæringar við. Lögfræðingar eru sjálfir í vandræðum vegna vöntunar á skýrum lagaákvörðunum um þau atriði, er hjer ræðir um. Jeg spurði einu sinni lögfróðan sýslumann, hvaða reglur væru fyrir innsetningu skepna og útlausn þeirra, og gat hann ekki sagt mjer það með neinni vissu.

Það hefur verið minnzt á 36. gr., og hefur hún ekki átt upp á háborðið hjá n. fremur en hinar gr., sem n. d. hefur bætt við. En mjer er kunnugt um, hver stakk fyrst upp á henni, og hvernig hún er til komin. Sá sem fyrst stakk upp á henni, var maður einn í n. í n. d., sem var í nágrenni, þar sem átroðningur var af skepnum. Átti gr. að miða til, að komizt yrði hjá nágrannakriti með því að nágrannarnir gjörðu nokkurs konar samning milli sín um ágang skepnanna. Látum það þó vera, að þessi gr. falli burt úr frv., hvort sem hún er sprottin af góðum eða illum rökum. Innsetningarlögin taka þá við. Þar sem hinum h. frsm. (Á. Th.) þótti það hart, að ef maður ekki hefði vitjað innsetts penings *á 3. degi*, þá skyldi hann seldur á uppboði, þá má geta nærri, hvort sá, er hinn innsetta pening á, er svo langt frá þeim, er orðið hefur fyrir ágangi af honum, að hann þurfi meira en 3 daga til að finna hann. Jeg get ekki sjeð að mótbárur hins h. frsm. (Á. Th.) sjeu á rökum byggðar; miklu fremur verð jeg að álíta, að þær sjeu sprottnar af fastheldni við þann kafla frv., sem n. byrjaði á í fyrstu, og af viðleitni á því, að sporna við að nokkuð annað verði tekið fyrir og útkljáð á þessu þ., en einmitt það, sem jafnvel minnst þörf var á. En það, sem menn hjer hafa einna óljósust lög um, er, sem sagt, um ágang skepna á annars manns landi; og því þurfti einna fyrst að bæta þau lög og auka, er að þessu lúta. Þessi hugsun mín er rjett, þó jeg, ef til vill, sje einn á bandi.

Sighvatur Árnason: Jeg er samþykkur h. h. samnefndarmönnum mínum um það, að það sje ekki ráðlegt að samþykkja þær greinir, sem h. h. n. d. hefur bætt við frv.; en það er ekki af þeim ástæðum, sem h. h. þm. Str. (Á. E.) benti til, því að jeg vildi feginn óska að einnig sá kafli laganna væri endurskoðaður, ef tími væri til þess, og að sjerstök lög væru sett um það efni, en eptir nákvæma yfirvegun á þessum greinum, þá get jeg ekki álitið æskilegt að þær nái samþykki

d., því að jeg álít að ákvæði þeirra sjeu miklu óhagkvæmari en Jónsbókarlög um það efni, og mikils til of ströng. Þótt mig að öðru leyti langi til að fá ný lög um þetta efni, þá verð jeg þó að ráða til að fella þessar greinar eins og nú er ástatt, því að jeg álít þær, eins og h. h. frsm.(Á. Th.) tók fram, alveg óaðgengilegar. Jeg skal taka eitt fram, sem h. h. frsm. (Á. Th.) minntist ekki á, og það er niðurlag 38. gr., sem jeg álít mjög varhugavert; þar stendur: „Nú hefur maður sett fjenað inn, og veit ekki hver eigandi hans eða umráðamaður er, og ber þá að álíta hann sem annan óskilapening". Jeg er hræddur um að það færu að verða margar skilarjettirnar í sveitum og það um hásláttinn, ef sú ákvörðun yrði að lögum, þegar einn setur inn í dag og annar á morgun og svo koll af kolli, og svo á að fara með allt saman eins og óskilafje, ef sá, sem inn setur fjenaðinn, veit ekki hver eigandi hans er. Jeg er einnig sáróánægður með þá ákvörðun í sömu grein, sem frsm. (Á. Th.) minntist á, að selja megi gripina eptir 3 daga eða sólarhringa, ef eigandi eigi hefur þá vitað þeirra, því að það getur staðið svo á, að eigandinn geti eigi vitjað þeirra á svo skömmum fresti, þótt hann feginn vildi. Sama er að segja um útlausn á peningi, að jeg er óánægður með að eigandi skuli þurfa að greiða útlausnargjald í fyrsta skipti, sem það kemur fyrir að fjenaður hans er settur inn, og það eins þó úr beitilandi sje tekinn sem túni eða engi. Mjer finnst að það væri nóg í fyrsta sinn sem slíkt kæmi fyrir að það væri sem bending fyrir eigandann að hirða betur skepnur sínar, en láta hann greiða útlausnargjald ef það kæmi optar fyrir. Jeg álít líka útlausnargjaldið allt of hátt,og mundi verða ofan á, að fátækir menn gæti ekki borgað 1—2 kr. til útlausnar 5 eða 6 hrossum, ef þau hafa verið sett inn, því að það er ekki ætíð að fátækir menn hafi peninga svo á reiðum höndum, ekki sízt meðan eins mikil peningaekla er í landinu eins og enn þá er. Jeg hefði þakksamlega tekið því, að lög hefðu verið sett um þetta efni, og að þessi kafli hefði staðið, ef tími hefði verið til að bæta hann svo, að hann hefði orðið viðunandi.

Skúli Þorvarðarson: Jeg sje ekki annað, en að það verði að taka þennan litla kafla úr landbúnaðarlagafrumvarpi því, sem stj. lagði fyrir þetta þing, eins og hann liggur fyrir, óbreyttan, því það verður líka að taka tímann eins og hann er fyrir hendi, því að það er ekki tími til aða fara nú að gjöra breytingar við hann. Jeg skal fúslega játa það, að mjer þykir hin h. nefnd hjer í deildinni sem fjekkst við þetta mál hafa leyst starfa sinn nákvæmlega og vel af hendi, hvað ábúð og úttekt jarða snertir, en sakna þess að seinni kaflinn skyldi ekki vera betur úr garði gjörður, svo að hann næði samþykki alþ., sem þó hefði vel mátt vænta, hefði verið tími til að koma breytingum fram við hann, þar sem þess virðist þurfa, og mundi hinni heiðruðu nefnd hafa vel tekizt það, ef tíminn leyfði, þar sem í n. hafa setið aðrir eins dugnaðar- og menntamenn, einhverjir hinir mestu og beztu kraptar þessarar d. Mjer þykir það mjög skaðlegt, að þeir skuli ekki hafa getað haft tíma til að skiljast betur við þennan kafla, sjerstaklega þar sem þessi kafli er mjög þýðingarmikill fyrir almenning út um landið. Enda var sá kafli, sem nefndin fjekkst við, um ábúð og úttekt jarða, langbezt undirbúinn, og það var nefndinni kunnugt frá þingi 1879. Jeg álít það alveg rjetta stefnu, sem h. h. nefnd tók, að taka ekki allt landbúnaðarlagafrv. fyrir í einu, enda sýnir það sig sjálft, að það hefur verið hentugast þar sem þessi eini kafli er svo seint á dagskrá nú, þegar komið er undir þinglok, einir 2 virkir dagar eptir af tíma þingsins; því að hvenær mundi þá frv. hafa orðið útrætt, ef það hefði allt verið tekið fyrir? Eina ráðið held jeg sje og hyggilegast, og það er, að þingið taki þetta nauðsynjamál fyrir í köflum og reyni að skila á hverju þingi meiru og minna af þeim, eptir ástæðum; með því fær þó þjóðin þau öll um síðir. H. h. n. d. hefur bætt við kaflann nokkrum greinum, en hin heiðraða n. hjer í d. hefur ráðið frá að samþykkja þær. Jeg efast ekki um, að n. hafi sínar ástæður fyrir þessu, en þessar greinar eru þó einmitt sá kafli laganna, brot á landsrjettindum, sem jeg hefði helzt óskað að yrði bættur og honum aflokið. En það verður nú að taka því sem er, að ekki er nægur tími til þess að laga hann eins og þörf kann að vera á. Jeg er h. h. n. d. þakklátur

fyrir það, að hún hefur fundið köllun hjá sjer til að bæta úr þörfum manna í þessu efni; en jeg verð að álíta að hún hafi ekki getað leyst verk sitt eins vel af hendi eins og æskilegt hefði verið, vegna tímaleysis. H. h. frsm. (Á. Th.) tók fram viðvíkjandi einu atriði, að þótt það væri ekki sem heppilegast í lögum þessum, þá mætti laga það seinna. Eins vildi jeg vona, að þótt þessar greinir yrðu teknar svona ófullkomnar, eins og þær eru álitnar, þá mætti laga þær í framtíðinni. Jeg hefði því helzt óskað, að þessar greinir væru teknar eins og þær eru í þetta sinn og samþykktar, af því að það er svo bráð þörf fyrir þær. Jeg verð að segja það, að þar sem jeg þekki til, gengur fjenaður yfirgangsmanna ár eptir ár grönnum þeirra í stórmein og til óþolandi skaða—og jeg skal taka það fram, að þessi óregla og rjettleysi er orðin svo ríkjandi og að vana höfð, að yfirgangsmenn ala upp hálfu meiri fjenað, ef þeir geta, heldur en jarðir þeirra geta borið á sínu landi, einmitt í þeim tilgangi, að brúka sjer til nota annara jarða lönd. Það er þó allauðsjeð ranglæti; en þegar hinir, sem fyrir ágangi verða, kvarta um skaða sinn, og mælast má ske til skaðabóta, hefur yfirgangsmaður opt helzt til útláta ill orð, og þykir það gildar og góðar ágangsbætur. Mjer þykir undarlegt, hvað skoðanir okkar þm. Rvl. eru misjafnar um þetta efni. Og þótt ákvæði þessara greina sjeu nokkuð hörð fyrir þá fjáreigendur, sem hjer um ræðir, þá er þó enn harðara fyrir ábúendur jarða, hvort heldur eru eigendur eða leigjendur, að þola að annara manna fje gangi í landeign þeirra og spilli henni, þakklætis- og endurgjaldslaust. H. h. frsm. (Á. Th.) og fleiri tóku fram, að til væru eldri lög um þetta í Jónsbók og víðar. Jeg játa það satt vera, það er til í landi voru Jónsbók, Grágás, Norskulög og ótal fleiri lagaákvarðanir, sem lagamennirnir sjálfir hafa nóg með að tína upp úr gildandi lög til að byggja á dóma sína. Þegar lög fara að verða margra alda gömul eins og þessi fornlög eru þótt þau hafi verið vel samin og átt vel við þá tíma eða þeirra tíma þörf, held jeg þau sjeu æði mörg úrelt og óhafandi. Þá kann nú að verða svarið: farið þið til dómstólanna, þar er rjettinn að fá. En það eru ekki margir bændur svo lagafróðir, að þeir geti notað sjer þessi gömlu lög, og það er enginn hægðarleikur fyrir fátæka og fávísa menn, að eiga að sækja ýmist rjett sinn til dóms og laga eða elta þessar gömlu lagaákvarðanir og ná rjetti sínum á þann hátt. Reynslan hefur sýnt, að almenningur hefur ekki getað notað sjer þessi gömlu lög. Þjóðin hefur líka sýnt það, að henni er þetta áhugamál, því að alstaðar frá hverju hjeraði landsins hafa komið áskoranir til þm. um að fylgja þessu máli sem fastast fram af öllum málum þingsins, enda er þetta óneitanlega mikið nauðsynjamál fyrir allt landið. Jeg álít að það væri miklu í verk komið, og í lag fært í þessu stórmáli, ef þetta fengi framgang nú, í viðbót við landamerkjalögin, sem samþykkt voru á síðasta þingi. En af því að tíminn er ekki nógur til þess að bæta þennan kafla sem skyldi, um brot á landsrjettindum, þá er kann ske ekki vert að halda öllum þeim ákvörðunum, sem hjer eru settar því viðvíkjandi; en jeg vil heldur halda nokkrum af þeim, en fella þær allar, því að það er sannarleg nauðsyn á þeim fyrir landsmenn, eins og jeg hef áður tekið fram.

Stefán Eiríksson: Jeg hef áður látið skoðun mína í ljósi um þetta mál, og hún er enn hin sama. Mjer virðist n. hafa tekið nokkurs konar ástfóstri við þessar 34 gr. sínar af þeim 117 gr. sem voru upphaflega í landbúnaðarlagafrv., og hún hefur tekið því ástfóstri við þær, að hún vill ómögulega bæta nokkru við þær. Það hefur verið tekið fram að það væri ekki svo mikil nauðsyn á ákvæðum þessara 6 gr. sem n. d. hefur bætt við, því til væru lög um það efni í Jónsbók; ætli að svo hefði ekki mátt segja um þá kafla frumvarpsins sem nefndin hefur viljað bæta upp á? skyldi ekki mega finna neinar greinar í Jónsbók, sem hljóðuðu um líkt efni og þær, svo að hafi verið nauðsyn á þessum 34 gr.; þá er eins mikil nauðsyn á þessum 6 gr. frá því sjónarmiði. Jeg álít því að það ætti að halda þessum 6 gr., því hvernig eiga ábúendur að passa jarðir sínar, ef þeir hafa ekkert að verja sig með, og þó er það aðalatriðið í 6. og 7. kafla landbúnaðarlaganna sem nefndin hefur fjallað um, að vernda rjettindi leiguliða og landsdrottins og ef

þeir mega ekki setja inn skepnur þær, sem gjöra þeim ágang, hvað hafa þeir þá upp úr ákvörðunum nefndarinnar? Jeg get ekki sjeð að það sje svo hart, þótt eigendurnir verði að borga 30 aura fyrir hvern stórgrip til útlausnar honum fyrir hvern sólarhring, sem honum er haldið inni, eins og ákveðið er í 37. gr. Þetta er ekki nema rjett handa þeim mönnum, sem láta fjenað sinn ganga bótalaust á annara manna eign, og jeg er viss um að undir eins og þessar ákvarðanir kæmu út, þá mundu menn fara að passa betur fjenað sinn, að hann gengi eigi öðrum mönnum til skaða. Hvað það snertir að ákvarðanir sjeu til um þetta efni í Jónsbók, þá eru flestir bændur litlu nær fyrir því, því að Jónsbók er mjög óvíða til út um land. En ef lög kæmu út um þetta efni frá þinginu í sameining við aðrar ákvarðanir um skyldur og rjettindi landsdrottins og leiguliða, þá mundu menn fara að leggja meiri rækt á að passa fjenað sinn, því að það er kunnugt að mikill trassaskapur hefur átt sjer stað hjá mönnum í þessu efni. Jeg get sagt það að jeg hef á hreppaþingum opt talað um fyrir mörgum að hirða vel gripi sína svo þeir ekki gerði öðrum skaða, en það hefur ekki haft neitt upp á sig, og jeg hef neyðzt til að setja fjenað manna inn, þótt jeg eigi hafi heimtað gjald honum til útlausnar. Það kann vel að vera, eins og h. h. frsm. (Á. Th.) tók fram, að þessar greinar eigi ekki sem bezt við á þessum stað, en jeg skil ekki að þær spilli svo mjög fyrir frv., þótt þær standi þar, að þess vegna sje full ástæða til að fella þær burtu. En hitt er aptur auðsætt, að verði nú farið að breyta því, frá því sem það var þegar það kom frá n. d., þá getur frv. ekki náð fram að ganga, og það álít jeg að væri mjög illa farið, og óheppilegt ef ekkert gæti enn á þessu þingi afgreiðzt af þessum marg umþrættu landbúnaðarlögum; því vil jeg halda frumvarpinu óbreyttu.

Sighvatur Árnason: Jeg skal fúslega játa það með hinum h. mönnum, sem hafa mælt með viðauka þeim, er n. d. hefur gjört við frv., viðvíkjandi ágang af skepnum, að það er öldungis satt, að menn upp í hjeruðum óska eptir nýjum lögum um þetta efni; en jeg geng út frá því sem vísu, að menn því að eins óski eptir nýjum lögum um þetta efni, að þau taki hinum eldri lögum fram, og jeg er viss um, að þegar menn íhuga þessar greinir og bera þær saman við Jónsbók, þá muni þeir álíta sig ver farna en nú, ef þær yrðu að lögum. En eins og jeg hef áður sagt, þá er hjer eigi tími til að breyta þessum greinum til bóta, og því er eigi annað fyrir, en að fella þessar greinir og sætta sig við eldri lögin, og fara í því efni eptir Jónsbók, eins og hingað til. Það verður að fresta málinu til næsta þings; en þá má taka það fyrir á ný. N. var einhuga á því, að taka fyrir kafla og kafla í senn, því að þá er líklegra, og enda vissa fyrir, að sá kafli verður betur úr garði gjörður. Þingtími vor er eigi svo langur, að menn geti tekið jafn mikilfengleg og áríðandi mál fyrir í einu, og er jeg viss um, að þjóðin mun kunna oss meiri þakkir fyrir, að koma með það í smáköflum, er sjeu vel úr garði gjörðir, heldur en koma með það allt í einu illa úr garði gjört. Mig furðar á því, að nokkrir þm. skuli mæla með þessum greinum; það hlýtur að vera af því, að þeir hafa ekki haft nægan tíma til að bera þessar greinir saman við Jónsbókina.

Benidikt Kristjánsson: Hversu feginn sem jeg vildi vera á sömu skoðun og hinir h. þm., sem hafa haldið með viðauka n. d., þá er mjer það ómögulegt, því að þessi viðbót er auðsjáanlega eins og svartur eða móraður díll á hvítu fati; viðbótin er alveg ósamkynja því efni, sem frv. hefur inni að halda. Hjer er eigi búnaðarlögin öll í heild sinni, heldur að eins lítill hluti, og er þessi hluti í engu öðru samkynja viðbótinni en því, að hvorttveggja heyrir undir búnaðarlög. Jeg þarf nú hjer eigi að taka fram ástæðurnar móti þessum viðauka, en jeg ætla að eins að leggja eina spurning fyrir h. h. talsmenn viðaukans. Halda þeir, að bændur muni skilja 39. grein, þar sem stendur: „Eigi má maður reka annars pening úr sjálfs hans landi, svo til ógreiða verði eða skaða“. Það getur verið, að þetta sje rjett mál, en jeg er þó hræddur um, að margir muni misskilja ákvörðun þessa, og álíta, að hún gefi óbeinlínis heimild til þess, að menn megi reka pening nágranna síns úr eigin landi hans, ef ekki er til ógreiða eða skaða.

Ef skilningur manna verður svo, þá getur hann leitt til hinnar herfilegustu rjettarvillu, og er það eigi gott, að samþykkja lög, sem geta gefið tilefni til slíks. Þá þykir mjer næsta kynleg ákvörðun sú, sem er í 36. gr., og í 38. gr. er ákvörðun, sem jeg álít óhafandi í alla staði og alls eigi hæfilega í lögum. Þessi ákvörðun getur verið mjög ósanngjörn, ef t. a. m. skepna, sem jeg á, hefur strokið langt í burtu, verið sett inn, og mjer síðan gefin tilkynning um þetta, þá verð jeg samkvæmt þessari ákvörðun að fara þegar á stað að sækja skepnuna eða missa eignarrjettinn að öðrum kosti. Eptir þessari ákvörðun má og einhver bóndi, sem nú, ef til vill, eigi þekkir nema sitt eigið mark, smala land sitt, og ef það er nú einhver kind í hópnum, sem þessi auli eigi þekkir, þá getur hann sett hana inn og rekið síðan til hreppstjóra á hverjum tíma sem er, og ber þá að álíta hana sem annan óskilapening eptir því sem stendur seinast í 38. gr. Þetta og annað eins er hlægilegt. Og þegar maður hefur ákvarðanir í viðbótinni svona illa úr garði gjörðar, þá finnst mjer eigi tiltækilegt, og enda eigi gjörlegt, fyrir h. h. þd. að samþykkja hana.

Jón Pjetursson: Mjer sýnist, að þessar viðbættu 6 gr., sem eru síðastar í frv. hvorki eigi við, nje að þær grundvallarreglur, sem viðbótin er byggð á, sje þannig að þœr sjeu hafandi. 36. gr. gefur manni rjett til að ganga á nábúa sínum, ef hann bíður honum fyrirfram skaðabætur. Eigandi jarðarinnar hefur þannig eptir frumvarpinu ekkert að segja yfir landi sínu ef skaðabætur eru boðnar fyrirfram, hann má ekki verja eign sína fyrir ágangi nábúans, hann má ekki reka skepnur nábúans úr landi sínu, hvaða skaða sem þær gjöra honum. Þetta upphefur allan eignarrjett; en eignarrjetturinn á að vera heilagur. *(Á. E.*: Það er nú ávallt gengið). Er eignarrjetturinn yfir lifandi hlutum helgaðri en dauðum hlutum? Engan veginn. Ef mönnum á að leyfast að nota jarðir annara og ganga á þeim, þá skil jeg eigi að meira geti verið á móti því, að leyfa að nota lifandi hluti annara. Og þá ætti maður eptir grundvallarreglum frumvarpsins að mega taka hest annars manns og leggja á hann og reiða á honum hey allan daginn ef hann býður honum fyrirfram skaðabætur eptir óvilhallra manna mati. Að taka slíkar ákvarðanir sem þessar upp í lög, væri auk annars til þess að skemma og spilla hugsunarhætti þjóðarinnar. Þá er það eitt, að maður má fyrir fardaga samkvæmt þessum lögum segja við nábúa sinn: Nú vil jeg ganga á þjer næsta ár, og síðan skulu 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta skaðabæturnar, þegar fardagaár hið næsta er liðið. En nú getur opt svo verið, að sá bóndi, sem áganginn gjörir, sje þá farinn langt í burtu og ef til vill kominn til Ameríku, og þá held jeg, að ekki verði mikið úr ágangsbótunum. Hinar greinarnar í endanum eru engu betri, og get jeg ekki verið að fara út í þær. Jeg verð því að álíta, að þessi viðbót öll sje óhafandi og ósamþykkjanleg.

Ásgeir Einarsson: Jeg er ánægður með það, að 1. þm. Rvl. (S. Á.) hefur lesið skriptaganginn fyrir hinni h. þd. og sagt hreinskilnislega, að hann hafi viljað fá inn í lögin það, sem n. d. nú hefur komið með. En svo sagði hann, að n. hefði eigi haft tíma til að búa þennan kafla nndir svo að vel væri gjört; en jeg sje það þó, að nefndarmenn hafa haft tíma til að misskilja allt og færa á öfugan veg það, sem n. d. hefur komið með. Og fá þeir út úr þeim allt annað, en maðurinn, sem kom þessum greinum inn, ætlaðist til. Hvernig geta menn nú líka farið að bera saman lifandi og dauða hluti, bera saman áburðarhest og graslendi? Gilda eigi allt aðrar reglur um það hvorttveggja? Nú eiga menn í mestu vandræðum með, að verja graslendið sitt, og verða að sæta óþolandi ágangi af öðrum, en hvenær hefur heyrzt að menn geti eigi gætt hestanna sinna fyrir því að aðrir færu að brúka þá? Þegar menn koma með að annað eins og þetta sje til þess að taka eignarrjett og yfirráð yfir jörðum af, þá er það eins og menn hafi aldrei komið í sveit. Einn gengur á öðrum gífurlega, og það er ómögulegt að hindra það, og svo fær maður engar skaðabætur fyrir áganginn, af því að lögin sem gilda um þetta, eru svo óeðlileg og eiga svo illa við, og nú segja menn að eigi að taka eignarrjettinn, þegar á að fara að takmarka áganginn og gjöra mönnum mögulegt að fá bætur fyrir hann. Þá þótti mjer undarlegt að tala um, að lög-

in gætu verið óheppileg, ef menn settu inn skepnu, sem hefði strokið, en getur maður talað þar um ágang, þó einhver strokuskepna komi í land einhvers bónda? Það er eins og þeir, sem segja slíkt hafi aldrei heyrt talað um ágang af skepnum, því menn geta þá fyrst talað um hann, þegar peningur sækir opt í land annars. Svona er þetta allt misskilið og fært til verra vegar. En hvað því viðvíkur, að n. hafi eigi haft tíma til, að gjöra vel úr garði nema þennan litla kafla, þá furðar það mig stórlega, þar sem jafnlærðir og vitrir menn sitja í n. Þegar áðan var verið að tala um svartan eða móraurðan díl, þá minnir það mig á annað. Hafið þjer aldrei sjeð rakka hlaupa á kind og rífa úr henni lagð? eins hefur nú n. farið með stjfrv. Stj. lagði öll búnaðarlögin fyrir þingið, en n. hefur rifið þennan kafla út úr frv. og ekki lagfært nema hann einan. Jeg get eigi annað sjeð, en að n. hafi með því stórlega vanrækt skyldu sína. Svo segja menn, að þessi viðauki eigi ekki við; en var stjfrv. eigi um hann? Jeg segi að n. d. hafi ætlað að bæta úr skák, en nú á þegar að eyðileggja það og fara ekkert eptir bænum manna í þessu máli. Jeg get sagt margar sögur um óþolandi ágang af skepnum; á einum bæ t. a. m. gengu hestar frá öðrum bæ í engjum og slægjum, og svo þegar heyið var komið í tópt og um það búið, brutu hestarnir upp heyið og ljetu eigandann aldrei fá frið, þangað til hann loksins ljet setja hestana inn; þá hætti þessi ágangur og var farið að gæta betur að hestunum. Nú kunna menn að segja að þetta ættu menn ávallt að gjöra, ávallt að setja inn, en það er nú hægra sagt en gjört. Það er svo umstangsmikið að setja inn eptir núgildandi lögum, að menn gjöra það eigi fyrri en í fulla hnefana. Jeg segi það satt, að það er ómögulegt fyrir almennilega menn að verja sínar engjar og sitt land; þessum mönnum vilja menn eigi hjálpa, en láta miskunnina ganga út yfir þá, sem gjöra órjett og rangt.

Árni Thorsteinson: Mjer þykir leitt að þurfa að taka aptur til máls. En hinn h. þm. Str. (Á. E.) bar svo þungar sakir á n., að jeg neyðist til þess, að svara honum. Hann segir, að n. hafi verið of sein í störfum sínum. Nál. var búið 21. júlí, og þótt málið sje ekki komið lengra enn, þá hefur aldrei staðið á n., heldur á öðru. Jeg verð að mótmæla því, að n. hafi forsómað eða vanrækt skyldu sína í tilliti til frv., þótt hún ekki hafi tekið meira upp í frv. en hún gjörði. Jeg veit ekki til, að það hafi verið skylda hennar, að taka meira af frumvarpi til landbúnaðarlaga, en hún áleit rjett vera, og unnt að leysa af hendi á þessu þ., svo nokkurn veginn vel væri, því ekki má ætlast til annara nýmæla af n. en þeirra, er hún hafði fyrir hendi. Jeg held, að hinn h. þm. Str. (Á. E.) og aðrir, sem gjöra n. slíkar gersakir, hefði komizt að sömu niðurstöðu, ef þeir hefði haft jafnumfangsmikið starf fyrir hendi og alls ekki greint á við nefndina.

Það er búið að kveða nægilega skýran og sannfærandi dóm upp yfir seinustu greinum í þessu frv., svo jeg álít engu þurfi þar við að bæta, og skal jeg heldur ekki bæta miklu þar við. En jeg vildi spyrja þessa menn, sem halda þessum greinum svo mikið fram: hvernig stendur á því, að hjer er ekki svo mikið sem tekin ákvörðun Jónsbókar um, að taka skuli fjenað annars úr landi sínu (sbr.LLb. Jónsb. 33. kap.). *(Ásgeir Einarsson:* „N. gat þá bætt þessu inn í“). N. gat það ekki, þar sem tíminn var orðinn svo naumur, að breytingum varð ekki við komið, og hún þess utan fann mestallt óbrúkanlegt í þessum gr., enda var nefndin heldur ekki kosin til að semja nýtt frv. alveg fyrirvaralaust.

Hinum h. þm. Ask. (St. E.) sýndist n. hafa tekið ástfóstri við þennan kafla, sem hún hefur stungið upp á, að yrði gjörður að lögum. Út af þessum orðum þm. vil jeg lýsa því yfir, að n. fjallaði um þetta mál sem annað skylduverk, af því hún var neydd til þess af þ., er hún varð að hlýða kosningu deildarinnar. Og það er svo langt frá því, að jeg hafi tekið ástfóstri við þennan kafla, að jeg ekki einu sinni vil kannast við hann sem mitt verk, eða að mjer eða öðrum hafi tekizt að leysa hann af hendi. Hinn h. þm. Str. (Á. E.), sem er svo ákafur á móti n., ætti sem einn hinn elzti þm., eptir að hafa setið á alþ. nærfellt í 40 ár, að geta gefið góð ráð um ágangsbætur í því hjeraði, sem á vel við, og gæti hann þá á næsta þingi komið fram með frumvarp um ágangsbætur í sínu hjeraði, fyrst þær eiga

þar vel við, en ekki annarstaðar. Hinum h. þm. Ask. (St. E.) þótti það ekki of mikið útlausnargjald: 3 aura fyrir hverja sauðkind og 30 aura fyrir hvern stórgrip; það getur verið sumstaðar of mikið og sumstaðar of lítið og alstaðar rangt, því það skerðir ráð manna á sínum eigin högum. Jeg held að ef þessir góðu menn hefðu yfirvegað vel þessar nýju gr., þá hefðu þeir fengið fulla vissu fyrir, að þær ættu ekki fram að ganga.

Að öðru leyti skil jeg heldur ekki, hvernig þessir h. þm., sem vilja þessar gr., geta staðið upp fyrir 39. gr. eptir að hinn h. þm. Nþ. (B. K.) hefur gjört þessa leiðinlegu uppgötvun. Jeg skal ekki vera langorður um að það er alveg á þeirra ábyrgð, sem halda þessum greinum fram, ef hið upphaflega frv. þessarar d. nær ekki sþ. þ., þar sem það þó var samhuga álit d., að það væri mikil rjettarbót, og sþ. hjer með meiri hluta atkv.; þar næst hefur náð samþykki deildarinnar, og ef það næði fram að ganga viðaukalaust, af stjórnarinnar hendi mundi verða samþykkt, en með viðaukanum mætti, ef til vill, búast við, að frumvarpið verði ekki samþykkt, og þá væri lítið á unnið við meðferð málsins á þessu þingi.

Ásgeir Einarsson bað þess getið, að hann mætti ekki standa upp til að svara frsm. (Á. Th.), þar eð hann hefði þegar talað tvisvar í málinu.

Skúli Þorvarðarson: Jeg skal ekki tefja þd. lengi í þetta sinn, en að eins svara hinum h. 3. kgk. þm., sem áleit, að það væri óbrúkanlegt miðlunarmál, að maður skyldi skyldur að þiggja ágangsbætur af granna sínum. Jeg get ekki verið á sama máli sem hinn h. þm. í þessu. Því jeg bið hann að gæta þess, að þessi tilslökun, sem honum finnst ísjárverð, er ekki til annars en að fara línari veg, en eldri lög heimila. Að búandi gefi granna sínum ágangsbætur fyrir málnytupening sinn, þá get jeg ekki sjeð, að slík tilslökun sje óbrúkanleg í lögum, því fremur sem innsetning á málnytupening er mjög ísjárverð, og varla viðhafandi, nema brýn þörf sje á því. Þar sem hinn heiðraði sessunautur minn, h. h. þm. Nþ. (B. Kr.), gjörði þá uppgötvun, að 39. gr. væri óhaganlega orðuð, þá get jeg heldur ekki neitað því, að mjer finnst hún ekki vel orðuð. Jeg vil líka kannast við það, sem þessum gr. er ábótavant. En allt fyrir það verð jeg að álíta, að hver skynsamur maður hljóti að skilja, að hjer getur ekki verið um það að ræða, að taka fjenað úr annara manna löndum, heldur að taka annara manna fjenað úr sínu eigin landi. Ef hinn h. þm. Nþ. (B. Kr.) hefur meint, að vitfirringur gæti ekki gjört greinarmun á þessu, þá get jeg skilið það, en jeg verð að gjöra ráð fyrir mönnum með viti, sem til varnar eru sendir. Þó nokkrir gallar kunni nú að vera á þessum gr., þá munu þeir þó ekki svo miklir, að að þeim geti ekki orðið góð rjettarbót. Allt fyrir það vil jeg ekki halda því fram, að þessar gr. verði sþ., því jeg vil ekki verða orsök til þess, að hinar upphaflegu greinar missist. Jeg skyldi þar á móti taka til þakka, ef þetta þref, sem nú gengur, gæti orðið til þess, að næsta þing tæki þennan kafla fyrir, og kæmi honum í sem bezt horf.

Stefán Eiríksson: Það hefur verið mikið talað um 39. gr., og hinn h. frsm. (Á. Th.) gat ekki skilið, að nokkur þdm. gæti staðið upp fyrir henni. En jeg verð þó að segja honum fyrir mitt leyti, að jeg stend óhikað upp fyrir henni. Ef jeg vil taka hross eða aðrar skepnur þjett við landamerki mín og án þess að þær sjeu komnar inn á mitt land, þá er það öldungis rjett, að jeg borgi granna mínum fyrir það, að hafa tekið skepnur hans eða rekið þær til ógreiða, án þess þær hafi gjört mjer skaða, svo jeg sje alls ekki, að þessi grein sje óhafandi fyrir þessar ákvarðanir.

Atkvgr.: Brt. n. (C 415) 1. tl. sþ. m. 8 atkv.; 2. tl. sþ. m. 8 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 9 atkv. Kvaðst forseti afgreiða það til n. d. aptur.

Tillaga til þingsál. um ávarp til konungs, ein umr.

Sighvatur Árnason: Jeg hef ásamt öðrum h. þm. leyft mjer að koma fram með tillögu þessa. Gjöri jeg það bæði af eigin hvöt og svo af því, að við þm. Rvl. vorum hvattir til þess af kjósendum okkar, að stuðla til þess, að þ. ljeti í ljósi þakklæti fyrir þjóðarinnar hönd fyrst og fremst til H. H. konungsins og hinnar dönsku þjóðar, og enda til annara

þjóða, er styrktu svo örlátlega og góðfúslega þetta land á hinum bágu undanförnu missirum, og sem sannarlega kom í góðar þarfir, þar sem jeg þekki til. Skal jeg svo ekki fara fl. orðum um till. þessa, en óska og vona, að hin h. þd. taki henni vel.

Atkvgr.: Till. sþ. m. 9 atkv. (Ávarpið C 397).

Till. til þgsál. um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins (frá n. d., C 359); fyrri umr.

Stefán Eiríksson: Eins og þd. sjer af ferðaáætlun þeirri, er hjer liggur fyrir hinum h. þdm., hefur n. d. ekki ætlazt til þess, að gufuskipið kæmi við á Hornafjarðarós, og þó gæti það komið þar við engu síður en víða annarstaðar, er því er ætlað að koma. Við næstu umr. hef jeg því hugsað mjer að koma með br. í þessa átt við ferðaáætlunina; nefnil. þannig, að skipið kæmi við á Hornafjarðarós á leið sinni sunnan um land. Jeg skil ekki annað, en að þdm. álíti nauðsynlegt að hlynna með þessu að suðurhjeruðum landsins, því þegar skipið kemur jafnopt að Vestmannaeyjum eins og ætlazt er til það komi þar, þá er sannarlega nauðsynlegt að það gæti komið við á Hornafjarðarós, svo opt sem mögulegt er. Slíkt yrði óumflýjanlegt hagræði fyrir Austur-Skaptafellssýslu og jafnvel fyrir Vestur-Skaptafellssýslu líka, þar sem það gæti orðið meðal til þess, að Skaptfellingar gætu selt hross til útlanda, því Gránufjelagið er að byrja á hrossakaupum í Skaptafellssýslu og enda mundi það kaupa sauðfjenað líka að haustinu til ef slíkt væri að fá. Vona jeg því, að þd. taki þessari br. vel, nær hún kemur.

Ásgeir Einarsson: Eiginlega líkar mjer till. vel að því er jeg þekki til og sömuleiðis ferðaáætlanin. Það skyldi helzt vera að skipið yrði heldur snemma á ferð í júníferðinni í kringum landið, því það er kostnaðarauki fyrir lsj. ef þm. þurfa að bíða lengi í Rvík þangað til alþing byrjar; við það verða dagpeningar þeirra alþm. hærri. Jeg skal samt ekki fara hart út í þetta, því komið getur eitthvað fyrir, sem hindrar ferð skipsins, og er þá betra, að hafa tímann fyrir sjer. En það er annað, sem jeg sjer í lagi vildi leyfa mjer að vekja máls á, og það er um óskil á flutningum með þessum skipum. Jeg tala nú ekki um annað eins, eins og þegar Wandel forðum fór fram hjá Skagaströnd, sem hann eptir áætluninni átti að koma á, og allir reiddu sig á. Þetta klöguðu nú helztu menn í sýslunni, en jeg veit ekki til að neinar skaðabætur hafi fengizt fyrir allt það óhagræði og skaða, er af þessu leiddi. Jeg vil með því að vekja máls á þessu, fá að vita, að hverjum menn eiga aðgang með kvartanir framvegis, ef slíkt kemur fyrir, eða ef flutningur ekki kemur til skila, eða þá á hinn bóginn, hvort menn eigi að þola allt slíkt bótalaust. Einhverjir munu þeir til hjer í þd., sem geta leyst úr þessum spurningum. Þetta og annað eins er líka illt fyrir gufuskipsferðirnar sjálfar eða gufuskipafjelagið, því það deyfir landsmenn og fælir þá frá að nota skip þess, eins og þeir annars mundu gjöra, ef allt væri tryggt. Í fyrra vissi jeg til þess, að maður fjekk eldavjel með skipinu í 3 pörtum; 2 partarnir komu hvor í sínu lagi, sinn frá hvorum verzlunarstað; 3. parturinn kom ekki fyr en löngu seinna frá annari höfn. Hvernig slíkt getur komið fyrir, er nærri óskiljanlegt. Ef engan rjett er að fá í þessu efni, þá dugar ekki að vera að tala um það. En jeg vona, að svo sje þó ekki. Jeg vona jeg fái á sínum tíma að vita, hvað rjett er í þessu efni.

Einar Ásmundsson: Í sameiningu við hinn h. þm. Np. (B. Kr.) hef jeg leyft mjer að koma með litla brt. við ferðaáætlanina, og skil jeg svo sem hún sje nú einnig til umræðu og atkæðagreiðslu í sambandi við till. Brt. okkar (C 417) lýtur að því, að fá einni ferð fleiri norður um land, þ. e. 11. ferðina frá Kaupmannahöfn norðan um til Rvíkur, en ekki frá Rvík aptur norður um. Við þetta ávinnst það, að ýms verzlunarviðskipti milli Sunnlendinga og Norðlendinga geta orðið hagkvæmari, en nú. Jeg vil taka til dæmis, að hjer í Rvík er skortur á slátursfje, sem Norðlendingar aptur á móti venjulega hafa meira en nóg af. Gætu þeir þá selt hingað sláturfje og sent með þessari ferð, svo þessi 11. ferð gæti orðið hvorumtveggja að liði, bæði Sunnlendingum og Norðlendingum. Þar á móti þorum við ekki að leggja það til, að skipið fari norður um, þegar það fer aptur frá Rvík, með því þá er svo liðið á

haustið. Br. er þá eiginlega innifalin í því, að skipið fer 10 dögum fyr frá Khöfn, en nú er til ætlazt. Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta, en óska þess, að hinn h. forseti leyfði brt. að koma til atkv. við þessa umr.

Magnús Stephensen: Jeg vil að eins leyfa mjer að vekja athygli þd. að því, hvort 4. liður till. er æskilegur eins og hann er orðaður hjer. Jeg vil spyrja þd., hvort það er tilgangur hennar með þessum lið, að ef ferðaáætlunin fæst ekki eins og hún verður sþ. af þ., þá skuli ekkert fje greiða úr lsj. til gufuskipsferða, og þá engar strandferðir verða. Ef það er ekki meiningin, þá er þetta tilgangslaus hótun, sem alls ekki er rjett að hafa í frammi við stj. og gufuskipafjelagið. Því af fjelagsins hendi hefur verið gjört allt, sem mögulegt hefur verið, til þess að strandferðirnar mættu verða landsmönnum til gagns. Þess vegna verð jeg að álíta, að 4. liður sje ekki til neins gagns, heldur miklu fremur til skaða, og því heppilegra, ef hann yrði felldur.

Benidikt Kristjánsson: Af því svo stendur á, að jeg við ýtarlegri yfirvegun hefi hugsað mjer að koma með litla br. í viðbót við þá br., sem jeg hefi þegar leyft mjer að stinga upp á í sambandi við hinn h. þm. Ef. (E. Ásm.), þá vil jeg leyfa mjer, að gjöra þá fyrirspurn til hins h. forseta, hvort þessi br. ekki geti komið til atkvæðagreiðslu við síðari umr.

Forseti: Það er sjálfsagt, að hinir h. þdm. geta einnig borið upp br. við síðari umr. málsins.

Atkvgr.: 1. tl. till. (C 359) sþ. m. 9 atkv.; 2. tl. sþ. m. 9 atkv.; 3. tl. sþ. m. 8 atkv.; 4. tl. felldur í e. h. Brt. B. Kr. og E. Ásm. (C 417) við ferðaáætl. sþ. m. 9 atkv. Till. í heild sinni sþ. m. 9 atkv. og vísað til síðari umr í e. h.

Fimmtugasti og fyrsti fundur, laugardag 25. ágúst. Allir á fundi.

Frumvarp til laga um stofnun landsbanka á Íslandi (C 413); ein umr.

Einar Ásmundsson: Þetta mál er orðið svo seint á ferð sinni í gegnum þingið, að jeg sje ekki fremur, en n. í heild sinni, neinn veg til að það geti komizt í kring nú á þessu þ., svo nein mynd verði á. Það þarf vandlegrar hugleiðingar við, þar sem það er eitthvert hið mesta vandamál. Hjer er nú komið aptur til vor frá n. d. nýtt frv., sem ekki er hægt að hugleiða út í æsar á örstuttum tíma, þar sem rjett er að því komið, að þ. verði slitið. Stefna þessa frv. er þó í rauninni ekki alveg ókunn, þar sem það ekki er nema önnur útgáfa af lánsstofnuninni, sem rædd var í hitt eð fyrra, þó með annari fyrirsögn, sem á ver við. Var þessi lánsstofnun felld í það skipti. Í einstökum atriðum hefur þessi útgáfa nú verið endurbætt, en aptur í öðrum atriðum hefur hún ýmsa galla, sem sannarlega yrði að gefa gaum og laga ef tími væri til þess. Það er t. a. m. enginn vegur til, að slík stofnun, hverju nafni sem hún nefnist, geti staðizt, nema annaðhvort lsj. haldi henni við með ekki svo litlu árstillagi eða lántakendur svari mjög háum vöxtum; því að stj. slíkrar stofnunar hlýtur æfinlega að kosta mikið. Jeg álít ekki eiga við að fara nú mjög langt út í málið, en vona, að það verði látið sofna og sofa til næsta þings. Það hefur hvort sem er beðið lengur, og yrði málið þá að von minni betur undirbúið til að byrja á ný 1885. Það er sjálfsagt nauðsynlegt, að einhver peningastofnun komist á fyrir þetta land eins og öll önnur lönd. En það sýnist svo sem þessi stofnun hafi komið nokkuð flatt upp á menn í hitt eð fyrra, og jafnvel sem menn ekki eptir þessi tvö ár hafi fengið fullkomlega skýra hugmynd um hana. Þó er vonandi, að mönnum verði orðið málið fullkomlega ljóst eptir næstu tvö ár, og að þingið þá geti samið lagaboð, sem álíta má nýtilegt, og sem komið gæti að notum í framtíðinni.

Árni Thorsteinson: Jeg gat ekki verið samdóma meðnefndarmönnum mínum í fyrra skiptið, er vjer höfðum peningastofnunina til íhugunar, en nú hefur ekki orðið ágreiningur meðal vor, þar sem vjer allir ráðum frá, að sþ. þetta frv. Þó hef jeg haft til þessa allt aðra ástæðu, en n., þar sem þetta frv. nálgast mína skoðun á málinu, sem jeg hef látið í ljósi hjer á þ. fyrir 2 árum. Og verð jeg enn að halda þeirri skoðun fastri, að lánsfjelög sjeu hentugri hjer á landi, en bankastofnun, og frumvarp þetta nálgast þau einmitt

að mjög miklu. Mál þetta er svo áríðandi og vandasamt, að ekki veitir af að íhuga það vandlega. Jeg skal að eins geta eins, sem jeg hef á móti þessu frv., og það er að bankanum verði veittur styrkur úr lsj. til að stofnsetja hann, með $^4/_5$, en einstakir menn leggi til $^1/_5$; en jeg vil að tillög komi frá einstökum mönnum með helmingi eða sjálfsagt meiru en fimtungi til byrjunar. Jeg hefði því óskað, að mjer hefði gefizt kostur á, að koma með br. við þetta frv., en um það er ekki að tala hjeðan af, þar sem tíminn er orðinn svo naumur. Fyrst kemur frv. fyrir hjer í d. og fær það allt aðra mynd í n. d. og kemur svo hingað aptur í þessari nýju mynd, svo að segja á síðasta degi þingtímans, og er því ekki hægt að taka það til meðferðar. Þó jeg sje þessari stefnu frv. meðmæltur, þá get jeg ekki aðhyllzt það eins og það liggur nú fyrir, og verð jeg einnig að ráða hinni h. þd. frá, að sþ. það í þessari mynd og formi.

Framsögumaður (Benidikt Kristjánsson): Hinn h. þm. Ef. (E. Ásm.) hefur nú tekið ómakið af mjer sem frsm. þessa máls, enda hjelt jeg það væri óþarfi fyrir mig, að fara að halda uppi svörum fyrir hönd n. Það hefur verið tekið fram, að sú stofnun, sem hjer ræðir um, sje ekki banki, heldur lánsstofnun. Og er þar gengið út frá því, að lántakendur gefi út skuldabrjef upp á þennan svo kallaða banka; verða þeir sem, lánið vilja taka þá að setja jarðir í veð, sem ef til vill, eru helmingi meira virði, en skuldabrjefin. Verður slík lánsstofnun þá, til þess að geta borið sig, að taka töluvert hærri rentu, en lögboðin er og hún borgar sjálf. Má gjöra ráð fyrir, að hún verði að taka 6%, þótt hún sjálf ekki gjaldi nema 4%. Aðalókosturinn við lánsfjelögin er því það, að þau hljóta að taka mikið hærri rentu, en þau gefa sjálf, þar sem það er aðalkosturinn við seðlabankann, að hann þarf ekki að taka hærri rentu, en hann gefur sjálfur. Fje bankans er að nokkru og meiru leyti tvöfallt, af því hann þarf ekki að hafa fje fyrirliggjandi vaxtalaust fyrir öllum seðlunum, sem hann gefur út. Hjer er nú reyndar ráð fyrir því gjört, að bæta úr skák síðar meir, með því að bankinn stofni, auk sjerstakrar deildar til að gefa út seðla, síðar meir sjerstaka deild sem verzli með víxla. En jeg ætla fyrst og fremst, að þetta fyrirkomulag hafi talsverðan kostnaðarauka í för með sjer, fyrir utan það, að jeg álít, að það sje einkum fyrst í stað illt og mjög varúðarvert fyrir banka, að eiga mikið við víxilbrjef. Hjer á landi er þetta heldur ekki svo nauðsynlegt, sízt að svo komnu. En til þess að bankinn geti keypt víxilbrjef sjálfsagt með niðursettu verði, þá þarf bankastjórinn að vera mjög vel kunnugur hlutaðeigendum sem hann á við að skipta, og aldrei gjöra mikið að slíku. Þess eru einmitt mörg dæmi í útlöndum, að bankar hafa hrunið fyrir þá sök, að menn hafa „disconterað“ víxilbrjef. Jeg fæ þá heldur ekki sjeð, að þessi viðbót við frv. bæti úr skák í þessu efni, eins og ætlazt mun hafa verið til. Það hefur víst verið ætlazt til, að seðilbankamenn yrðu ánægðir, þegar 3. deildin væri sett inn í frv., með heimild til að gefa út seðla. En sjálfsagt verður eptir ætlun ustm. langt að bíða, að slíkt komist á. Þeir, sem hafa sett þessa ákvörðun inn í frv., gjöra víst ráð fyrir, að þetta komist fyrst á árið 1908. Þess vegna setja þeir í frv.: „Þegar ástæður leyfa“. Þeir sem þessa ákvörðun hafa sett inn í frv., munu álíta, að þjóðbankinn í Danmörku hafi einkaleyfi til að gefa út seðla í öllu Danakonungsríki, og Íslendingar hafi því ekki leyfi til að gefa út lög um seðlabanka fyr en þetta einkaleyfi er upp hafið. Um þennan skilning má segja, að „svo eru lög, sem hafa tog“. Lögin eru svo sem þau eru skilin, og allt er undir því komið, hvaða þýðingu hver einstakur vill hafa út úr ákvörðunum þeirra. Jeg fyrir mitt leyti hallast að skoðun þeirra, sem ekki álíta að þjóðbankinn hafi neitt slíkt einkaleyfi, og byggi jeg þá skoðun mína meðal annars á því, að hinn h. fyrverandi lh. kom ekki með neina mótbáru í þá stefnu á þ. 1881, og vita þó allir, að hann var mjög mótfallinn bankastofnuninni, og hefði hann víst ekki látið þessarar mótbáru ógetið, sem hefði verið svo sterk. Jeg skal ekki vera langorður, en þó vildi jeg leyfa mjer að benda á eitt atriði enn máli mínu móti þessu frv. til stuðnings.

Eptir því sem jeg skil ákvarðanir frv. verður sá, sem fær lán hjá þessari stofnun, að setja í veð jörð sína og fær veðskuldabrjef fyrir $^1/_2$ verði hennar; en af láninu verður hann að borga 6%. Nú

þarf þessi maður að brúka þetta fje til ýmsra gjalda; en það er ekki handhægur miði eða miðar, sem þessi maður fær; hann hefur ekki, þótt hann hafi þá í höndum, peninga að leggja út til ýmsra fyrirtækja, lúkningar skulda o. s. frv. Hann verður því að leita uppi nýjan mann, er vilji kaupa af honum miðana, til þess hann geti fengið smærri fjehæðir, er hann geti borgað út. Nú má aptur búast við, að þeir, sem bjóðast til að kaupa slíka miða, verði harðtækir, og gefi ekki kost á kaupunum á skuldabrjefunum, nema slegið sje af ákvæðisverði þeirra. Þeir, sem því taka lán af þessum banka, sem þetta frv. ræðir um, eru þá auðsjáanlega komnir í klær þeirra manna, sem hafa gróðabrögð í frammi. Jeg sje því ekki annað, en að slík stofnun, sem þessi, sje til ills eins fyrir þá, er lán þurfa að taka hjá henni, og hafi í för með sjer fjáreyðslu fyrir þá. Jeg verð því að gefa atkv. fyrir því, að mál þetta falli niður; alls ekki af því, að jeg hef áður verið fylgismaður seðlabanka, heldur af því, að jeg sje að síður en ekki verði með þessu fyrirkomulagi bætt úr þeirri þörf, sem er í landinu, á að fá fje til þarflegra fyrirtækja, hvort heldur er til landbúnaðar eða sjávarútvegs.

Ásgeir Einarsson: Jeg held að jeg hafi aldrei fyr talað í bankamálinu hjer á þingi. Kemur það til af því, að jeg hef ekki viljað vera að taka þátt í umræðum um mál, sem jeg ekki hef þótzt hafa nógu glöggva þekkingu á. Hjer er heldur ekki að tala um, að hafa reynsluna til að styðjast við; en hún er sá eini skóli og fræðslumeðal, sem jeg hef átt kost á að nota í lífinu. En það sje jeg þó, að hvað þetta mál snertir, þá er ekki til neins að vera að bera saman Ísland og önnur lönd, eins og sumir hafa gjört. Það er þó eitt atriði, sem jeg vil leyfa mjer að benda á. Nefndin segir, að þeir bankaseðlar, sem hjer ræðir um, að 3. deildin megi gefa út á sínum tíma, verði ekki út gefnir fyr en árið 1908. Má jeg þá spyrja: Fást þá seðlar hins reglulega seðilbanka fyr útgefnir en einkaleyfi þjóðbankans í Kaupmannahöfn er útrunnið? Það get jeg ekki skilið, að fremur geti átt sjer stað. Hvað ýmsum smáatriðum viðvíkur í þessu bankamáli, þá má sjálfsagt segja margt um það bæði með og mót. Hvað þessum procentum viðvíkur, þá held jeg það sje nú mikið undir mönnum og kringumstæðum komið, hvort þær eru háar eða lágar. Jeg þekkti mann, sem átti 1000 rdl. á vöxtum hjá öðrum manni með 4%. Nú kom sá, er lán þetta hafði tekið, og kvaðst geta borgað lánið, en kvaðst þó skyldu halda því lengur móti 3%, og kaus lánveitandi það heldur. Svona getur þetta nú komið fyrir. Aptur er ekki langt síðan í sumar, að veitt var lán móti 5%. Svona má fara í kringum lögin; og þegar það er svona hægt, þá álít jeg bezt, að láta allt ganga frjálslega sinn gang.

Satt er það, sem hinn h. þm. Nþ. (B. Kr.) sagði, að hart er opt gengið eptir skuldum. Það mun ekki ósjaldan bera við, að maður, sem fær lán til að kaupa bústofn, verður, ef hann ekki getur grætt svo mikið, að hann geti borgað lánið, að láta sjálfa jörðina upp í það. Jeg er því á báðum áttum um, hvað jeg eigi að gjöra í þessu máli. Mjer þykir illt, að málið falli alveg. Það var búið að ræða þetta mál svo vandlega í báðum deildum þingsins í hitt eð fyrra, að jeg held þ. hefði ekki átt að vera vorkunn, að vera nú komið á fasta skoðun í því, og enda nú átt að vera komið svo langt, að það dagaði ekki uppi, úr því líka svo mikil þörf er á slíkri peningastofnun í landinu, sem er, og alstaðar hljómar fyrir eyrum manna.

Benidikt Kristjánsson (frsm.): Jeg þarf ekki að svara hinum h. þm. Str. (Á. Ein.) af því, að andmæli hans voru að minni ætlun byggð eða sprottin af misskilningi á orðum mínum. Hann sagði, að það væri mótsögn af mjer, að vera að tala um einkaleyfi þjóðbankans í Kaupmannahöfn, og vera þó að halda fram seðlabanka. Jeg tók það einmitt fram, að þeir, sem vilja seðlabanka, leggja engan trúnað á einkaleyfi þjóðbankans; en þeir, sem ekki vilja nú hafa seðlabanka, byggi á því, að þjóðbankinn hafi einkaleyfi til að gefa út seðla í öllu Danaveldi, og því er heldur ekki að furða þótt þeir sjeu á móti seðlabankanum. Það er því engin mótsögn af mjer eða seðlabankamönnum.

Hvað rentuhæðinni viðvíkur, þá hefur þm. rjett í því, að mismunur vaxtahæðarinnar er kominn að nokkuru undir

því, hve mikið stofnunin hefur í lánum. Bankinn þarf ekki eins mikinn mun ef lánið er mjög mikið. En hvort sem lánið er mikið eða lítið, þá þarf þó að vera töluverður munur á rentunni, sem lánsstofnunin gefur og tekur; fje til stjórnarinnar og alls viðhalds stofnunarinnar fæst því að eins, að hún taki töluvert hærri leigu en hún gefur sjálf. Eitt atriði má gjöra þm. þetta skiljanlegt: Hvort er betra, að eiga viðskipti við kaupmann, sem selur frá fyrstu hendi, eða kaupmann, sem fyrst hefur keypt vörur sínar af öðrum og lagt prócentur á þær sjer til atvinnu og gróða. Svo er með banka og lánsstofnun. Hvort er betra að fá lán hjá seðilbanka eða lánstofnun, og þurfa svo að selja skuldabrjef hennar með afföllum þeim mönnum, sem vilja græða á að kaupa þessa miða. Peningamennirnir vilja græða krónur á krónur ofan, og lántakendur *þessa banka* lenda í höndum slíkra manna.

Atkvgr.: Frv. fellt m. 9 atkv.

Frv. til l. um br. á l. um laun íslenzkra embættismanna, dags. 15. okt. 1875 (C 414); ein umr.

Sighvatur Árnason: Hvað viðvíkur brt. þeirri, er n. hefur komið fram með (C 417), þá er þess að geta, að br. við 2. og 3. gr. frv. eru alveg sömu setningarnar, sem n. kom með í fyrstu, er málið kom hingað til þd., og eru sömu ástæður fyrir þessum gr. og þá, og hafa þær verið teknar fram áður, svo ekki er þörf að taka þær upp á ný. En hvað snertir br. við 4. gr., að seinni liður hennar falli burt, þá er hún byggð á því, að n. fannst ekkert mæla með því, að laun þessara kennara fremur væru hækkuð en laun undirkennaranna við lærða skólann, sem n. d. felldi úr. Þó skal jeg ekki halda þessum br. nefnd. fast fram, sjer í lagi af því. að málið er orðið svo seint fyrir, af því langt er liðið á þingtímann. Málið er nú á seinasta stigi, og ef þessar br. verða sþ. hjer í þd., hlýtur málið annaðhvort að falla, eða koma í sameinað þing, og er í því tilliti ekki upp á að hlaupa nema uppsagnardaginn.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hefi áður lýst meiningu minni um þetta launamál, og þarf því ekki að taka hana upp aptur. Einungis vil jeg geta þess, að jeg felli mig mjög vel við þá tillögu n., að 3. gr. falli burtu. Því jeg held það sje ísjárvert að lækka laun þess embættis. Jeg hefi þá meiningu, að það sje mjög vandasamt embætti, landfógetaembættið, og að í það þurfi ætíð að geta fengizt duglegur og passasamur maður. Það er ábyrgðarmikið og ætti sízt við, að rýra það embætti, sem ætti að vera einna girnilegast, og það svo girnilegt, að dugandi menn vildu vinna til að sækja um það frá öðrum embættum. Með hinum br. get jeg ekki verið fremur nú en áður, og hefi jeg ekki breytt meiningu minni, hvað þau atriði snertir. Ætla jeg svo ekki að fara fleiri orðum um br. að þessu sinni.

Sighvatur Árnason: Hinn h. 2. þm. Rvl. (Sk. Þorv.) kvaðst, að því er mjer skildist, mundu greiða atkv. á móti öllum br. n., nema br. við 3. gr. Jeg get ekki skilið, hvernig hann nú getur verið á móti br. við 4. gr., nema hann hafi ekki tekið eptir, hvað þar stendur. Hann var áður á móti hækkuninni á launum þessara kennara, og því verð jeg að álíta, að hann sje það enn. Jeg geng út frá því sem vísu, að hann hafi ekki tekið rjett eptir innihaldi þess liðs 4. gr., sem n. vill að falli burt; en er hann gætir rjett að, efast jeg ekki um, að hann sþ. br. n. einnig við þessa gr. Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið, en treysta því, að málið fái framgang, þó brt. verði sþ.

Atkvgr.: Brt. n. við 2. gr. (C 417) sþ. m. 9 atkv. Brt. n. við 3. gr. sþ. í e. h.; brt n. við 4. gr. sþ. m. 8 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 6 atkv. Kvaðst forseti mundu afgreiða það til forseta hins sameinaða alþingis.

Frv. til laga um að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 416); ein umr.

Árni Thorsteinson: Þá er nú frv. komið hingað aptur frá n. d. með verulegum br. (C 416). N. hefur nú á ný tekið málið til íhugunar og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún verði að halda því föstu, að hentugast hefði verið, að n. d. hefði engar br. gjört á frv., og fundið ástæður til að koma fram með brtill. (C 417), til þess að h. h. þd. gefist kostur á að ákveða á ný, hvort frv. skuli svo búið standa eða ekki. Í fyrsta lagi er nú það, að það þarf að taka fram, hvað það

sje, að „taka útlend skip á leigu“, að það sje hreinn og beinn leigusamningur, en engin hlutaveiði. Þegar þetta er ekki tekið fram, verður það óljóst, hvað það sje, að „taka útlend skip á leigu“. I 3. gr. er prentvilla: „háseti“ í stað „hásetar“, og er alveg nauðsynlegt, að leiðrjetta hana. N. áleit nú, að optlega gæti það komið fyrir, að leigusamningur væri eigi svo úr garði gjörður, sem hjer er fyrir mælt, og þótti þá n. ástæða til, að hlutaðeigendur hefðu leyfi til að bera samninginn undir lh., sem svo hefði heimild til að samþykkja hann, ef hann álítur að grundvallarreglum þessara laga sje fullnægt. Enn er eitt atriði, sem íhuga þarf, og það er, hvort útlent skip, sem hjer er tekið á leigu, á að greiða hjer öll lögboðin gjöld. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það eigi að gjöra það, því skipið getur ekki álitist innlent fyrir það, þó á því sje fiskað fyrir innlenda menn. N. d. hefur numið burtu úr frv. allar hegningarákvarðanir; þetta þykir n. með öllu ótiltækilegt, og hefur hún því stungið upp á, að hegningarákvörðunin verði aptur tekin upp í frv. N. vill ráða h. h. þd. til, aðí huga þetta mál nákvæmlega. Það er mjög áríðandi, að málið komist áfram, og eins hitt, að vel sje frá því gengið, að þess sje gætt, að rjettur Íslendinga sje ekki brotinn, að Íslendingar einir, en *ekki* útlendingar, njóti rjettarins að veiða fyrir sínu landi, og að allt sje gjört sem hægt er, til þess að útlendingar taki eigi brauðið frá landsins börnum. Það mun ekki veita af, að í þessu tilliti sjeu slegnir allir þeir varnaglar, sem hægt er að slá.

Atkvgr.: Brtill. n. (C 417) v. 2. gr. sþ. með 9 atkv., 2. gr. þannig orðuð sþ. m. 9; brtill. n. v. 3. gr. sþ. í e. h.; viðb. n.: 5. og 6. gr., sþ. í e. h.; frv. í heild sinni sþ. í e. h.

Forseti gat þess, að frv. yrði afgreitt til forseta hins sameinaða alþingis.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda í fátækramálum (C 412); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Brtill. (C 415) sþ. m. 8 atkv.; frv. þannig orðað sþ. m. 8 atkv. Forseti gat þess, að það yrði afgreitt til forseta n. d.

Frv. til til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðunni Hömrum í Laxárdal í Dalaprófastsdæmi (C 337); 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. með 9 atkv. Forseti gat þess að það yrði afgr. til lh. sem *lög frá alþingi.*

Frv. til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje (C 416); ein umr.

Sighvatur Árnason: N. d. hefur nú sett þá ákvörðun inn í frv., að skattlinunin skuli standa i tvö ár í stað eins, sem e. d. samþykkti. Jeg er ekki á móti þessu, jafnvel þó jeg áður af hlífð við við lsj. gæfi atkvæði hjer í deildinni með eins árs skattalinun; jeg játa fúslega, að þörfin er til fyrir 2 ára linun. Hjer er líka annað mál á dagskrá í dag, um lán úr lsj., sem er mjög vel meint og sem jeg vil styðja. Samt eru lánin viðsjárverð fyrir menn, og menn ættu ekki að brúka slík lán nema í neyðarúrræðum. Þau hafa dæmin gefizt, að erfitt hefur verið að borga lsj. aptur og stundum hefur eigi lítið fje tapazt á þann hátt; jeg get vel ímyndað mjer, að þessi linun í skatti hindri menn heldur í því að taka lán, og væri slíkt góðra gjalda vert. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að verði næstu árin ekki góðæri, þá verða afleiðingarnar af undanfarandi óáran ekki gengnar hjá eptir 2 ár að minnsta kosti í sumum hjeruðum landsins. Þess vegna get jeg ekki annað en greitt atkvæði með frv. eins og n. d. hefur breytt því, þó jeg áður hafi greitt atkv. með því, að fara ekki lengra í skattalinun en um eitt ár, 1884.

Magnús Stephensen: Eins og h. 1. þm. Rvl. (S. Á.) gat um, hefur n. d. gjört þá br. á frv., að skattalinunin nái eigi að eins til ársins 1884, heldur og til 1885. Jeg skal geta þess, að það, sem vakti fyrir fjárlagan. hjer í deildinni, þegar hún einskorðaði skattalinunina við 1884, var það, að n. sá sjer ekki fært að stinga upp á uppgjöf á hærri upphæð en helmingnum af þessum sköttum fyrir árið 1884 eða 17500 kr. uppgjöf, eptir því sem áætlað er í fjárlögunum, en nú fer frv., eins og n. d. hefur breytt því, fram á linun, sem nemur 37500 kr. á fjárhagstímabilinu eða meira en tvöfalt við uppá-

stungu e. d. Í fjárlögum þeim, sem alþingi nú er búið að samþykkja, er ætlazt til, að afgangurinn verði 27533 kr. 24 a. Ef nú frv. um skattalinunina nær fram að ganga, eins og n. d. hefur sent það hingað, þá fer svo, að um 10000 kr. vantar til, að tekjur landsins á fjárhagstímabilinu 1884 og 1885 hrökkvi fyrir útgjöldunum. Slíkt fjárhagsástand hefur aldrei komið fyrir síðan alþingi varð löggefandi, og það væri mjög óskyggilegt, ef útgjöldin færu nú að verða hærri en tekjurnar, svo að á hverju ári þyrfti að skerða viðlagasjóðinn. Jeg bið líka h. þdm. vel að íhuga 19. gr. fjárlaganna; þar bætast að líkindum ýms útgjöld við, sem ekki eru reiknuð með. Verði lögin um eptirlaun prestsekkna staðfest, leggjast um 3000—4000 kr. á lsj. Ef lögin um landsskóla verða samþykkt, þá bætast á lsj. launin við hann, 5600 kr., en auk þess ýms önnur útgjöld við að koma honum á fót, og það munu engar ýkjur, þó gjört sje ráð fyrir 8000—9000 kr. útgjöldum í því skyni. Enn má nefna lög um, að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsa greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna og bæjarsjóði Reykjavíkur. Þessar eptirstöðvar nema um 30000—40000 kr., sem lsj. þannig missir árlegar rentur af. Allar þessar br. hafa í för með sjer, að afgangurinn nær hvergi nærri upphæð þeirri, sem til er tekin í 18. gr. Ef nú eru gefnar eptir 37500 kr., sem er helmingurinn af þessum sköttum, sem eru taldir í fjárlögunum 75000 kr. bæði árin, þá geta menn búizt við, að 20000—30000 kr. komi til að vanta á, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum. Annað vakti líka fyrir fjárlaganefndinni, og það var von um, að 1885 væru menn farnir að rjetta svo við og hagur þeirra genginn svo til batnaðar, að þeim yrði ekki svo tilfinnanlegt, að gjalda þessa skatta það ár. N. þótti líka sjálfsagt, að takmarka skattalinunina við hið allranauðsynlegasta. Að þessi sama hugsun um, að menn yrðu farnir að rjetta við 1885, hafi einnig vakað fyrir þinginu, sjest á því, að í fjárlögunum er gjört ráð fyrir, að lausafjárskatturinn verði 5000 kr. hærri 1885 en 1884. Nú höfum vjer þrír þm. gjört þá brtill. (C 420) við frv., að skattalinunin nái ekki til 1885. Vjer erum enn á sömu skoðun og vjer vorum áður í fjárlaganefndinni, að full ástæða sje til að vonast eptir, að hagur manna verði genginn svo til batnaðar 1885, að mönnum veiti ekki örðugt um að gjalda skattinn, sem í raun og veru er ekki hár.

Sighvatur Árnason: Jeg skal alls ekki þrátta við h. 4. kgk. þm. um hag lsj. En út af því, að honum þótti helzt til stórt spor stigið, hvað linunina snerti, þá má geta þess, að ef linunin fyrir 1885 reyndist óþörf, þá yrði lausafjárskatturinn það ár þeim mun meiri, því ef góðæri yrði, þá ímynda jeg mjer að meira hafist en 22000 kr. upp úr lausafjárskattinum óskertum. Jeg veit reyndar, að skattlinunin stendur það ár líka, ef þetta frv. verður þannig lagað að lögum. En ef ekki reyndist, að menn væru búnir að ná sjer aptur 1885, eða ef ekki áraði vel þangað til, þá er sannarlega ekki of stórt spor stigið, þó þetta skattgjald væri eptir gefið fyrir bæði árin, enda finnst mjer, að linunin megi varla minni vera frá þingsins hendi úr því slíkt er borið við á annað borð. Jeg álít vel verðugt fyrir þingið að stíga gott spor til þess að þjóðin sjái, að þingið vill eigi láta sitt eptir liggja að hjálpa, ef hjálpar þarf við, og mig furðar á því, að bændur, sem þekkja, hverja byrði þeir hafa að bera, skuli leggja á móti þessari skattlinun, sem hjer er á borð borin, að eins í tvö ár, og vita þó hvernig allt stendur á heljarþröminni.

Benidikt Kristjánsson: Það er sjálfsagt alveg rjett, sem h. 4. kgk. þm. tók fram um fjárhag landsins eptir fjárlagafrv. En jeg vildi að eins vekja athygli h. h. þd. á því, að í fjárlögunum er ekki tekið til greina frv. það, sem stendur seinast á dagskránni í dag um farmgjald skipa. Ef það frv. yrði samþykkt hjer í þd., þætti mjer ekki ósennilegt, að það gjald kynni að bæta upp bæði lausafjár- og ábúðarskattinn síðara ár fjárhagstímabilsins. Nú eru að vísu allar líkur til að menn, ef ekki harðnar í ári aptur, fari töluvert að rjetta við síðara árið, svo þá verður ekki eins brýn nauðsyn á skattlinuninni sem fyrra árið. En þegar litið er til þess, hversu seint landbóndinn rjettir við, ef hann missir bústofn sinn, þá hygg jeg ráðlegra að fallast á br. n. d., heldur en að þetta atriði yrði að ágrein-

ingsefni milli þingdeildanna, sem gæti haft þær afleiðingar, að málið fjelli.

Landshöfðingi: Jeg skal leyfa mjer að lýsa skoðun minni á þessu máli. Jeg álít það mjög varúðarvert, að fallast á þessa rífari skattaeptirgjöf, sem samþykkt hefur verið í n. d. Jeg þarf ekki að tilgreina ástæðuna, því hún hefur verið tekin fram hjer í þd., að tekjur lsj. þoli ekki svo mikla rýrnun. Einn h. þm. hefur bent á tekjuauka, sem mundi fást við það, ef frv. eitt, sem nú liggur hjer fyrir þd., yrði að lögum. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að það er valt að byggja á lögum, sem ekki einu sinni eru samþykkt af þinginu og þó þau væru samþykkt af þinginu, þá er þó eitt stig eptir, það stig, að lögin nái staðfestingu kgs. Hitt er miklu meira áríðandi, að gæta þess, að fjárhag landsins sje ekki ofboðið með ofmikilli skattalækkun. Það er veruleg eptirgjöf þó þessi skattalinun standi ekki nema eitt ár, eins og í fyrstu var samþykkt hjer í deildinni. Og þegar nú ekki er, sem jeg vona, brýn nauðsyn til meiri eptirgjafar, þá er ekki rjett að fara lengra, heldur annaðhvort fallast á frv. eins og það fór frá e. d., eða þá enga skattalinun. Enn er tími til, að láta n. d. fá frv. aptur, og betra að taka þann kost en hafna öllu, þar sem n. d. hlýtur að telja eptirgjöf um eitt ár betri en alls enga. Jeg verð því að vera því hlynntur, að frv. sje breytt samkvæmt brtill. þeirri, sem hjer liggur fyrir, með því að allt útlit er fyrir, að verði frv. þannig lagað samþykkt, muni það fá staðfestingu sem lög.

Árni Thorsteinson: Hæstv. lh. tók fram, að enn væri ekki búið að samþykkja frv. um farmgjald skipa, og að mjög væri hæpið að gjöra ráð fyrir tekjum eptir lögum, sem enn eigi væru samþykkt af þinginu, hvað þá heldur staðfest af konungi. Jeg er alveg samdóma h. hæstv. lh., og jeg skal leyfa mjer að bæta því við, að lsj. getur ekki búist við verulegum tekjum, þó þetta frv. um farmgjald af skipum nái lagagildi. Mjer mun síðar í dag gefast kostur á að sýna fram á, að lsj. getur í hæsta lagi búizt við 9000 kr., en að líkindum ekki nema 3000 kr. í tekjuauka við það, að þetta frv. um farmgjaldið yrði að lögum. Þess vegna mun það verða mjög hæpið, að það frv. geti bætt upp þann missi, sem lsj. bíður við það, að þessi skattalinun er látin ná einnig til 1885. Þetta frv. um skattalinunina var borið upp hjer í deildinni af fjárlaganefnd þessarar þd., af því sumum þótti hart aðgöngu, þegar fellt var afnám lausafjárskattsins, sem stóð í niðurlagi tollfrv., sem kom frá n. d. og þessi þd. felldi. En engan hjer í deildinni grunaði, þegar þetta frv. um skattalinun fór hjeðan, að skattalinunin mundi vaxa í n. d. á þann hátt, sem nú er komið fram.

Stefán Eiríksson: Jeg hefði nú helzt kosið, að þetta frv. hefði staðið við það sama eins og það fór hjeðan. Það eru miklar líkur til, að hagur manna verði skárri 1885, og jeg vil sízt af öllu skerða mjög mikið tekjur lsj.; það getur nú verið, að lsj. standi sig við þessa skattalinun, sem n. d. fer fram á, en það er ef til vill, nokkuð í ráðizt að færa niður tekjur landssjóðs með þessu um 17000 kr. hvort árið. Vera má reyndar, að tekjur lsj. aukist nokkuð, ef frv. um farmgjald skipa verður að lögum, og jeg hef áður tekið fram, að útflutningsgjaldið af fiski og lýsi muni verða töluvert meira en talið er í fjárlögunum. Allt um það greiði jeg atkvæði fyrir brtill., því vel gæti hugsazt, að stj. gangi ekki inn á frv. eins og það kemur nú frá n. d. En jeg vil fyrir hvern mun heldur fá litla linun í skattgjöldum en enga, því máltækið hljóðar svo: fyr er linun en albati, og þó lh. leggi með því, að frv. nái staðfestingu, sem jeg engan veginn mistryggi að hann gjöri, þá er ekki víst að stjórnin samþykki það.

Ásgeir Einarsson: Þegar jeg gái að því, hve mikið hver fær af skattalinuninni, þá verða það efnamennirnir, sem mest fá, en fátæklingarnir, sem minnst fá. Jeg held, að efnamennirnir falli ekki um koll, þó þeir gyldu þetta litla skattgjald. Nú liggur hjer annað fyrir, og það er till. til þgsál. um að lsj. hafi fje á reiðum höndum til lána. Jeg held að það sje ólíkt betra að búast um á þann hátt, heldur en að fara að ljetta þessu á efnamönnunum, sem munar ei svo fjarskamikið um eitt ár. Frv. var mannúðlegt, þegar það fór hjeðan til n. d., og get jeg ekki breytt svo skoðun minni, að jeg nú fallizt á frv. eins og það er komið frá n. d.

Skúli Þorvarðarson: Jeg hef áður lýst ánægju minni yfir þessu frv. um skattalinun og er enn jafnánægður með það, en er einungis hræddur um að það sje viðsjált að samþykkja frv. n. d. og að þetta þyki stórt stig upp á lsj. Þó held jeg að landsmenn hafi fulla þörf á þessari eptirgjöf, þó hún væri færð fram á seinna árið líka. Jeg get ekki fellt mig við þá skoðun þm. Str. (Á. E.), að lækkunin komi helzt niður á efnamönnunum. Kemur eigi fátæklingunum vel, að fá eptirgjöf á gjaldinu, þó það sje minna, en hjá efnamönnunum, því þá er tiltölulega gjaldþol hans minna. Þar sem h. varaforseti (Á. Th.) minntist á farmgjaldið, þá hallast jeg að hans meiningu, að tekjurnar af því verði eigi svo miklar sem sumir ætla, þegar vel er að gáð öllum kringumstæðum, og sje því varlegt að telja landssjóð vissa tekjuupphæð í því tilliti; mjög er líka óvíst að það verði samþykkt, eða nái staðfestingu stjórnarinnar, þó það yrði samþykkt af þinginu, því jeg ber nú ótta fyrir, að það skattalinunarfrv., sem fer fram á meiri linunina, nái síður staðfestingu, en jeg verð sem sagt að byggja helzt á því, að betra sje, að biðja um minna í betri von um að fá það, heldur en að biðja um meira og hafa minni von um að fá þá neitt, verð jeg því, að greiða atkv. með brtill. af þessari ástæðu.

Atkvgr.: Brtill. (C 420) sþ. með 9 atkv. Forseti gat þess að frv. yrði afgreitt til forseta n. d.

Till. til þgsál. um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins (C 420); síðari umræða.

Stefán Eiríksson: Jeg hef komið hjer fram með brtill. ásamt 2 öðrum h. þm. (C. 420) og vona jeg til, að h. þd. taki vel 1. 2. og 3. tl. í brtill. Jeg skal geta þess, að töluliður „6“ hefur fallið burtu í prentuninni, því breyting okkar er „við tölulið 6“ í ferðaáætlun gufuskipanna. Jeg vona, að h. þd. taki þessu máli vel hvað Hornafjarðarós snertir. Þar er dýpi nægilegt, 5 faðmar um fjöru og 6 um flóð, með því skipið ætti ætíð um flóð að koma inn á ósinn, og um háflóð er ósinn eins og annar lygnupollur, og eins um háfjöru. Jeg vildi binda þessa komu skipsins við júlí, því ef skipið kæmi þangað 3. júlí, gæti það fengið leiðbeiningu hjá fjelagsskipinu, sem þá mundi liggja þar um þær mundir, og ef strandferðaskipið hefði lózflagg uppi, gæti það æfinlega fengið lóz í bærilegu veðri.

Benidikt Kristjánsson: Í brt. þessari, sem hjer liggur fyrir, eru 2 ust. um komu skipsins á Húsavík. Í ferðaáætluninni er gjört ráð fyrir að skipið komi einungis tvisvar við á Húsavík á leiðinni frá Íslandi til Kaupmannahafnar, í fyrra sinni 9. júlí og í seinna sinni 5. september. Eins og tekið var fram við fyrri umr., þá er það mjög æskilegt, að skipið komi við á norðurhöfnunum eptir að sláturtíð er byrjuð, og því var þá breyting gjörð í þá átt á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Íslands, en jeg álít að það sje líka nauðsynlegt, að skipið komi þar við á ferðinni til baka eptir að sláturtíð er byrjuð, því vel getur verið að menn vilji þá senda eitthvað til útlanda, sem ekki er unnt að senda fyrir þann tíma. Nú vil jeg ekki fjölga komudögum á Húsavík nema um einn komudag, og því er stungið upp á að skipið komi ekki á Húsavík 5. sept., en að það þar á móti kæmi þar 30. sept. og eptir því þótti mjer hentugra að það kæmi þar heldur 8. ágúst í staðinn fyrir 5. sept. og verða þá komutímar skipsins að eins auknir um 30. september.

Einar Ásmundsson: Jeg vil sízt hafa á móti því að bætt sje við að skipið skuli koma á Hornafjarðarós á leiðinni milli Þórshafnar og Vestmannaeyja, en af því að skipinu er ætlaður svo lítill tími á milli Þórshafnar og Vestmannaeyja, þá álít jeg að það verði að breyta ferðaáætlaninni meira ef skipið á að koma á Hornafjarðarós; jeg álít því að þetta sje ekki mögulegt, svo lag verði á, nema komudagur skipsins til Vestmannaeyja sje færður til meira en um einn dag. Jeg vildi að eins skjóta þessari aths. til hins h. þm. Ask. (St. E.).

Stefán Eiríksson: Það getur hugsazt að tíminn verði of naumur, eins og h. þm. Ef. benti á, en jeg get þó varla ímyndað mjer, að það þurfi að færa komudag skipsins til Vestmannaeyja nema um einn dag. Það getur þó skeð, að það hefði verið betra, að færa komudag skipsins til um einn dag enn og setja 29. júlí, og 4. eða 5. júlí í stað þess, sem er, og það getur stjórnin gjört, ef hún álítur þess

þörf, en jeg held, sem sagt, að það mundi þó duga, að færa komudaginn til um einn dag, eins og jeg hef farið fram á. Jeg vil taka það fram, þar sem gjört er ráð fyrir, að skipið komi á Hornafjarðarós í júlímánuði á leið til Khafnar, þá getur það haft mikla þýðingu fyrir innbúa Skaptafellssýslu, því að með þeirri ferð gæti skipið tekið hross og flutt til útlanda, því Gránufjelagið kaupir nú hross þar eystra, ef til vill árlega, og það er ekki lítið óhagræði, að þurfa að reka þau austur á Djúpavog um háslátt, sem annars má til. Jeg held því, að skipið gerði þangað góða ferð, ef það fengi þar töluvert af hrossum til flutnings, og það er að öllu leyti mjög æskilegt, að það komi þar við, og með því ekki er að tala um aðrar hafnir í Skaptafellssýslu, sem gufuskip geta komið á, vona jeg að þd. og þingið í heild sinni styðji þetta mál sem bezt.

Atkvgr.: Brt. við áætlunina (C 420) sþ. hver tl. fyrir sig með 10 atkv.; ferðaáætlunin þannig breytt samþykkt í e. h.; þingsályktunartillagan sjálf sömuleiðis sþ. í e. h. Málið síðan afgreitt aptur til neðri deildar.

Tillaga til þingsályktunar um merkin á alþingishúsinu (frá n. d., C 403); ein umræða.

Einar Ásmundsson: Mjer þykir raunar of mikið haft við þetta mál, að það skuli vera skoðað eins og löggjafarmál, eða landsstjórnarmál, því að jeg verð að skoða það sem heimamál eða innanþingsmál. Jeg ætla að þetta mál væri áður í hitt eð fyrra rætt hjer á prívatfundi sameinaðs þings, og eins held jeg ætti að gera enn. Það er sjálfsagt, að jeg álít, að það sje ekki stórkostleg prýði að þessum merkjum, sjerstaklega þessum alkunna þinghússþorski, en mjer sýnist málinu sýnd heldur mikil virðing á þennan hátt, og því vil jeg ráða til, að tillögunni sje hafnað að svo vöxnu máli, því að jeg hefði heldur óskað, að málið hefði verið borið upp á prívatfundi sameinaðs þings, eins og gjört var í hitt eð fyrra.

ATKVGR.: Tillagan felld með 10 atkvæðum.

Tillaga til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði (C 415); ein umr.

Magnús Stephensen: Eins og h. h. þdm. er kunnugt, kom lík tillaga og þessi frá n. d. hjer á dögunum, sem partur af annari stærri og yfirgripsmeiri tillögu, en sem e. d. felldi að öllu leyti. Það var tekið fram við umræðurnar um þá till., að d. væri ekki mótfallin þessari ákvörðun till., en hún þótti óheppilega orðuð, og það var af þeim ástæðum, að d. gat ekki fallizt á hana þá. Nú hafa fjárlaganefndir beggja d. borið sig saman og komið sjer saman um, að bera upp þá till., sem hjer liggur nú fyrir samhljóða í báðum deildum, og hefur orðalag hennar verið lagað svo, að jeg vona, að allir, sem annars vilja að slíkt lán verði veitt úr viðlagasj., geti fallizt á þessa till. Till. hefur verið lögð fyrir n. d. samhljóða þessari, og mun nú þegar hafa náð samþykki þar. Ef nú till. verður samþykkt einnig hjer, þá verða tillögurnar tvær, sín frá hvorri d., en samhljóða, og hafa þá sömu þýðingu, eins og ein till. samþykkt af báðum d.

Atkvgr.: Till. sþ. í e. h., og kvaðst forseti mundi senda hana landshöfðingja sem *þingsályktun frá efri deild alþingis.*

Frumvarp til laga um farmgjald skipa (C 399); 2. umr.

Árni Thorsteinsson: Jeg tók það fram í öðru máli, að það mundi eigi vera mikill tekjuauki að því, að leiða þetta farmgjald í lög, og þó nú svo væri, þá held jeg, að það mundi eigi svara kostnaði, að búa til lög um þetta efni, því að jeg ímynda mjer, að flestir vilji eigi hafa óeðlileg og ströng bönd á verzlun og viðskiptum manna. Jeg held að flestir sjeu nú farnir að komast á þá skynsamlegu skoðun, að verzlunin og viðskipti manna eigi að vera sem frjálsast, og að menn eigi að ljetta gjöldum af henni þeim sem framast má verða. Af þessum ástæðum var lestagjaldið afnumið, og hefur reynzlan nú þegar sýnt, að mikill hagur hefir óbeinlínis verið að því. Þá var sagt, að í engu landi væri jafnhátt gjald af skipum sem hjer, það er að segja 4 kr. af hverri smálest; en þó að gjaldið verði eigi nema 1 kr., þá held jeg mætti segja það sama. Áður en lestagjaldið var af-

numið, þá var ómögulegt, þó að væru mestu fiskiveiðar, að kaupa 1 tunnu af salti hjá frönskum fiskimönnum, nema gjaldið væri greitt af hverri einustu smálest í fiskiskipinu. Lestagjaldið var óeðlilegt og þungt gjald og því var það afnumið. En er nú ástæða til að lögleiða það á ný? Menn hafa líklega samþykkt þessi lög í n. d. af því að þeir hafa haldið, að þau hefðu í för með sjer verulegan tekjuauka fyrir lsj. En þetta er eigi svo. Lestagjaldið gamla var 4 kr. af hverri smálest, og var seinast áætlað 36—37000 kr. En gjörum nú ráð fyrir, að siglingar hafi aukizt síðan, svo að nú sje smálestirnar orðnar 20,000, og verður farmgjaldið þá 20,000 kr. En þetta rennur nú eigi allt í lsj., því að þar frá verður að draga 2% í innheimtulaun og eru það 400 kr., og skal jeg nú eigi fást um það, en þar á móti, að lögin fara fram á að afnema afgreiðslugjald af skipum, sem er nálægt 11000 kr. og dragi maður það frá 19,600 kr., þá verður eptir 8600 kr., og þykir mjer þetta eigi mikið í aðra hönd fyrir að leggja jafnmikil og óeðlileg bönd á siglingar og verzlun.

En nú er og annað: í 1. gr. frv. stendur, að ef skip flytji póst, þá skuli dregið eitt smálestarrúm frá lestarúmi skipsins, nema sannað sje, að póstsendingar skipti meiru rúmi í skipinu, þá skuli það rúm og frá draga. Jeg held að menn hafi sett þetta í lögin til þess að verða lausir við ákvörðunina í 6. gr. stöðulaganna, sem segir, að ef nokkurt gjald verði lagt á póstferðir milli Danmerkur og Íslands, til hins sjerstaklega sjóðs Íslands, þá verði jafnmikið dregið af árstillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. gr. Jeg er nú búinn að segja, að gjaldið væri eigi meira uə 8600 kr. En ef nú gengi frá farmgjald af 12 gufuskipum, þá mundi það nema 6000 kr. og og þegar þær eru dregnar frá verður eptir 2600 kr. Þetta verður gjaldið, ef póstskipsfarmgjaldið gengur frá. En nú má svara, að gufuskipin flytji eigi póstinn í öllu skipinu, og að stöðulögin eigi einungis við þær smálestir, sem pósturinn er fluttur í. En þetta er mjög vafasamt, og þó að menn kynnu að fá hitt út úr orðunum, þá er það þó víst, að hitt er samkvæmara anda laganna; því að það sjá allir menn, að eigi er hægt að flytja póst milli Danmerkur og Íslands á skipi, sem er einungis ein smálest, heldur verður að flytja hann á stærra skipi, og að leggja gjald á þetta skip er að leggja gjald á póstferðina. Það er eigi útkljáð enn, hvernig fer um lestagjaldið, sem var á póstskipunum, og að fara nú aptur að leggja farmgjald á skip, það sýnist mjer vera að vekja upp nýjan draug og nýtt ágreiningsefni. Eptir þessu frv. getur lsj. aldrei fengið meira í tekjur en 8—9000 kr. og öllu líklegra að þær verði einungis 2—3000 kr. Og úr því nú lsj. eigi fær meiri tekjuauka við, að leggja þetta óeðlilega hapt á verzlunina, en fær hins vegar 11000 kr. fyrir afgreiðslu á skipum, þá greiði jeg atkv. gegn þessum skatti, sem verður næsta ónotalegur bæði hjer og vestra og líklega einnig fyrir norðan og tel það bezt gjört af hinni h. þd., að stytta frv. þessu aldur nú þegar og fella það.

Atkvgr.: Frv. 1.—3. gr. felld hver um sig með 6 atkv.; 4. gr. felld með öllum atkv.; frumvarpið þar með *fallið*.

Fimmtugasti og annar fundur, mánudaginn 27. ágúst. Allir á fundi.

Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1880 og 1881 (C 400); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. orðalaust sþ. í e. h. og afgreitt til lh. *sem lög frá alþingi.*

Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1880 og 1881 (C 403); 3. umr.

Sighvatur Árnason: Eins og kunnugt er, er enn á ný komin fram br. við þetta mál í sömu átt og einn þdm. bar upp á dögunum við það. Viðvíkjandi þessari br. skal jeg að eins geta þess, að jeg hef leitað mjer enn á ný nákvæmari upplýsinga viðvíkjandi því atriði, sem hjer ræðir um, og orðið þess var, að þm. þessi hafði bundið sig þeim samningi áður en hann fór úr Reykjavík eptir þing 1881, að vera ritstjóri blaðs, sem átti að koma út í miðjum október um haustið. Af þessu má ráða, að hann hefur naumast getað ætlað sjer til Kaupmannahafnar, því að standa við þennan samning var honum naumast mögulegt, nema með því, að vera kominn til Reykjavíkur aptur í byrj-

un októbermán., og því var honum ekki mögulegt að ferðast til Khafnar seinast í ágústmán. Verið getur þó, að þm. þessi hafi ekki áttað sig á naumleika tímans fyr en hann var kominn til Patreksfjarðar, og þess vegna er jeg ekki á móti því, að hann fái að halda ferðakostnaðinum þangað, en ekki meira af því fje, er honum hefur verið útborgað. Jeg gef því brt. þessari enn öruggar en áður atkv. mitt.

Ásgeir Einarsson: Jeg hef einnig fengið skýrslu um þennan blaðsamning, sem hinn h. 1. þm. Rvl. (Sighv. Árn.) minntist á, og þarf jeg því ekki að tala frekar um hann. En jeg hef hálfvegis heyrt, að hann hafi líka ætlað að binda sig öðrum starfa um haustið, þ. e. tímakennslu við lærða skólann. Þó hef jeg enga brjeflega sönnun fyrir þessu, en hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) mun geta upplýst þd. um, hvað satt er í þessu. Því sjeu nokkur brjef eða samningar um þetta, hljóta þau að liggja við skjalasafn stiptamtsins. En hvort sem er, er ekki líklegt, að hann hafi verið búsettur í Khöfn, eða ætlað sjer að vera þar um veturinn; hann hefði þá getað farið þangað með „Arcturus", sem hann fór með frá Patreksfirði og hingað suður. Jeg get því ekki sjeð annað, en að þm. hafi samið þennan reikning sinn af einhverjum misgáningi.

Magnús Stephensen: Eptir áskorun hins h. þm. Str. (Á. Ein.) skal jeg geta þess, að það er rjett hermt, að þm. var búinn að sækja til rektors hins lærða skóla um tímakennslu áður en hann fór frá þ., og hafði hann lofað að vera á staðnum þegar skóli byrjaði. Umsóknarbrjef hans er dags. 27. ágúst, og segist hann þar vera búsettur í Khöfn, en lofar að vera til staðar þegar skóli byrji, sem ekki er gott að koma heim við ferðaáætlun gufuskipanna það ár, því eptir henni var honum naumast mögulegt að vera kominn til Rvíkur fyr en í miðjum október. Mjer virðist umræður manna hníga að því, hvort eða að hve miklu leyti þingmaðurinn hafi verið búsettur í Khöfn, er hann fór frá þ., en jeg gat þess við 2. umr., að hann hefði lýst því yfir í n. d. og lagt við drengskap sinn, að hann í raun og veru hafi verið búsettur í Khöfn, og vil jeg ekki rengja, að hann hafi álitið sig þar búsettan, enda hefur orðið „búseta" verið teygt mjög sjerstaklega síðan útlendir síldarveiðamenn komu til landsins. Eptir þeim reglum sem fylgt hefur verið um þá, hafa kröfurnar til búsetu ekki verið svo miklar. Svo þm. hefur víst eptir þeim álitið sig búsettan í Khöfn. En því verður þó ekki neitað, að það er nokkuð einkennilegt, að maður hjer í Rvík, sem á konu í Múlasýslum, skuli telja sig búsettan í Khöfn, þar sem hann enga atvinnu hefur. Jeg verð þess vegna enn að halda því fram, að úr því kostnaðurinn var greiddur til viss augnamiðs, til að fara vissa ferð, og þessi ferð aldrei var farinn, þá geti ekki verið neitt rjettlæti í því. að þm. haldi þessum kostnaði, sem hann hefur brúkað til alls annars en þess er honum var ætlaður hann. En af því nokkur sanngirnisástæða, ef til vill, mælir með því, að hann fái að halda ferðakostnaðinum til Patreksfjarðar, þá höfum vjer ekki lagt það til að reikningur hans yrði færður niður meira en um 117 kr., í stað þess að eptir strangasta rjetti hefði mátt færa hann niður um 253 kr.

Ásgeir Einarsson: Mje heyrðist að hinn h. 4. kgk. þm. (M. St.) vilja miðla málum á dögunum, og skyldist mjer svo sem hann væri ekki fjarri því, að gefa það eptir, að þm. fengi greiddan ferðakostnað til Patreksfjarðar; en jeg get ekki skilið, að hann, eptir skýrslunum, geti álitist að hafa verið búsettur í Kaupmannahöfn, og því ekki eðlilegt, að hann fái greiddan ferðakostnað til Patreksfjarðar, heldur miklu fremur til Eskifjarðar.

En úr þessu gjöri jeg nú ekkert kappsmál. Jeg hef opt orðið þess var, að ferðakostnaðarnefndinni hefur þótt reikningar þm. ósanngjarnlega háir, og því vil jeg ekki verða til þess, að gefa mönnum undir fótinn, svo að framvegis kasti meira tólfunum í þessu efni, en hingað til.

Benidikt Kristjánsson: Mig furðar á því, hvað menn hjer í þd. gjöra þetta mál að miklu kappsmáli. Hjer er að ræða um einar 117 kr. 75 a. á aðra síðuna, en á hina síðuna ekki einungis um þetta fje, heldur um heiður þessa manns. Það getur svo farið í öllu falli, að það líti svo út, sem þessi keppni geti vakið grun hjá öðrum úti í frá um að hjer sje

óvild með í spilinu, en það álít jeg ekki eigi að eiga sjer stað.

Þá skal jeg drepa á ástæður þær, sem brt. er byggð á. Það hefur verið skýrt frá því, að þessi þm. hafi verið búinn að gjöra samning við mann um að gefa út blað, er átti að koma út í miðjum október. Jeg hef nú ekki fyrir mjer ferðaáætlun gufuskipanna fyrir það ár, svo mjer er ekki unnt að dæma um, hvort hann hefði getað verið kominn hingað aptur, þó hann hefði ekki farið fyr en í lok ágústmán. Þetta finnst mjer nú heldur ekki skipta miklu. Því engin sönnun mun fyrir því, að hann geti ekki hafa verið búinn að semja við annan um að byrja á útgáfu blaðsins. Um þetta hef jeg engar skýrslur sjeð, og þær munu heldur ekki hafa legið fyrir þd., svo menn hafa enga ástæðu til að trúa neinu um þennan samning, og heldur ekki um það, að hann hafi sótt um tímakennslu við lærða skólann. En þó hann hafi gjört það, og þó skólinn, eins og allir vita, byrji 1. okt., þá get jeg ekki skilið, að það hefði gjört mikið til, þó hann hefði ekki komið fyr en undir miðjan mánuðinn, einmitt af því hann var *tímakennari*. En var hann búinn að fá veitingu fyrir tímakennslu, þegar hann fór frá Rvík? Hafi hann ekki verið búinn að því, hvað er þá undarlegt í því, að hann fór hjeðan? Þó menn sæki um eitthvað, sem menn ekki vita hvort menn fá eða ekki, þá er hart, að binda menn við að vera á staðnum, ef svo færi, að menn loks ekki fengju það, sem menn sækja um. Þessar ástæður eru svo veikar í sjálfum sjer, að jeg get ekki breytt atkv. mínu í þessu máli. Því auk þessa verð jeg að álíta það nokkuð vafasamt, að þetta mál heyri undir atkv. e. d. Forseti n. d. hefur ávísað reikningi þeim, sem ferðakostnaðarnefndin hefur úrskurðað í þessu efni, og álitið á rökum byggðan. Því get jeg ekki álitið, að þessum úrskurði verði skotið undir æðri úrskurð, Jeg legg sjerstaka áherzlu á það, að forseti n. d. hefur ávísað þessum reikningi samkvæmt úrskurði nefndarinnar, og jeg hef ekki fundið neitt í þingsköpunum, sem geti gefið gilda ástæðu til að breyta þessum úrskurði eða ónýta hann. Jeg vil líka leiða athygli þd. að því, að þó þ. sþ. þessa niðurfærslu á ferðakostnaði þessa manns, þá getur hann ekki orðið neyddur til að borga einn eyri aptur, nema með dómsatkvæði. Hvað þá peninga snertir, er hjer er um að ræða, þá gjöri jeg lítið úr þeim í samanburði við þá óvirðingu, sem hlutaðeigendur geta hlotið af málssókn í þessu máli. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið, en treysta því, að þd. felli þessa breytingartillögu.

Landshöfðingi: Af því jeg var staddur í n. d., þegar þetta mál var rætt þar, þá get jeg skýrt frá, að jeg heyrði þm. lýsa því yfir, að hann hefði ætlað að koma aptur hingað til Rvíkur í októbermán. Hjer er að mínu áliti öldungis ekki spurning um það, hvort þm. hafi ætlað til Khafnar; það er engin ástæða til að efast um þetta eptir þeirri yfirlýsingu, sem fram er komin af hans hendi. Hjer er þar á móti einungis spurning um, hvort honum beri ferðakostnaður til Khafnar, fyrst hann aldrei fór ferðina þangað, þó hann hafi ætlað sjer það. En um það hefur áður verið rætt, og jeg þá látið álit mitt í ljósi um það. Þótt nú þessi brt. verði sþ., þá get jeg þó með engu móti sjeð, að þm. hljóti neina óvirðing af því. Því að með því að sþ. brt., lætur þd. ekki þá skoðun sína í ljósi, að þm. hafi ekki ætlað að fara til Kaupmannahafnar, þegar hann gjörði reikning sinn, heldur hitt, að honum beri ekki borgun fyrir þá ferð, sem hann aldrei fór. Sú yfirlýsing þm., að hann hafi ætlað að fara til Khafnar, og viljað koma hingað aptur í október, er eins sönn fyrir það.

Árni Thorsteinson: Jeg vil að eins taka það stuttlega fram í framhaldi af ræðu hins h. þm. Np. (B. Kr.), að það liggur fyrir hrein og bein ávísun frá forseta n. d. upp á þennan ferðakostnað, og jeg tel vafasamt, að sá forseti, sem ávísaði reikningnum, vilji taka þessa ávísun aptur, og jeg efast um, að deildin sampykki niðurfærsluna eptir því sem nú er komið. Jeg sje því ekki yfirgnæfandi ástæður til, að menn gangi eptir því, að þessum peningum verði skilað aptur. Miklu fremur tel jeg það víst, að erfitt muni að ná þeim aptur, og það svo erfitt, að varla muni borga sig að gjöra tilraun til að ná þeim aptur.

Magnús Stephensen: Mig getur ekki annað en furðað á því, að hinir h. þm.,

þm. Nþ. (B. Kr.) og 5. kgk. (Á. Th.) skuli vilja bera það á borð fyrir þd., að ávísanir forseta sjeu bindandi fyrir þ., þegar það á að úrskurða reikninga lsj. Allar tölur, sem standa í frv., eru lagðar undir úrskurð þingsins, hvort sem þeim hefur verið ávísað af forsetum alþ., ráðgjafanum eða landshöfðingja. Jeg get ekki sjeð, að ávísanir forseta sjeu betri, en ávísanir ráðg. og lh., og þó hefur víst engum nokkurn tíma dottið í hug, að ávísanir þeirra væru bindandi fyrir alþ. við úrskurð þess á landsreikningunum. Það er því ekki til neins að ætla sjer að telja þdm. trú um, að ekki sje hægt að breyta þessari upphæð af því forseti hafi ávísað henni. Með því að halda þessu fram, komast þessir h. þm. í mótsögn við sjálfa sig, því þeir geta þá ekki sþ. þær tölur, sem í frv. eru ætlaðar til alþingis 1881, með því þær ekki eru að öllu leyti byggðar á ávísunum forseta, heldur 5 kr. 60 a. hærri en ávísað er af forsetunum, þar sem alþingiskostnaðurinn er færður upp um 6 kr. til eins alþm., en niður um 40 a. til annars.

Atkvgr.: Brt. þriggja þm. (M. St., Á. E. og Sk. Þ.) við II. Gjöld 1. sþ. m. 6 atkv. Frv. þannig breytt sþ. m. 10 atkv., og kvaðst forseti afgreiða það til forseta n. d.

Frv. til l. um breyting á 7. gr. l. um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 (C 379); 3. umr.

Atkvgr.: Frv. sþ. m. 10 atkv., og afgreitt til lh. sem *lög frá alþingi.*

Annar fundur *í sameinuðu þingi*, mánudag 27. ágúst kl. 1—2½.

Allir á fundi, nema Jón Sigurðsson, þm. Sþ. og forseti neðri d., sem hafði tilkynnt forseta forföll sín.

Forseti (Magnús Stephensen) gat þess að í n. til að rannsaka reikninga þm. hefði formaður verið kosinn Einar Ásmundsson, en skrifari Halldór Kr. Friðriksson.

Lfrv. um breytingar á l. um laun íslenzkra embættismanna dags. 15. okt. 1875 (C 437).

Tryggvi Gunnarsson: Af því að jeg hafði þá æru, að vera frsm. n. þeirrar, sem fjallaði um þetta mál í n. d., skal jeg fara fáeinum orðum um brt. þær, sem meiri hluti n. hefur leyft sjer að koma fram með (C 438). Jeg skal geta þess þegar, að síðari málsgrein brt. við 2. gr., nefnilega að fyrir 4000 kr. komi 3500 kr. stafar af misskilningi okkar 4 þm., sem köllum oss meira hluta n., og tek jeg því þann hluta brt. aptur.

Með hinum brt. skal jeg mæla stuttlega; það ætti ekki að þurfa langa umr. um þetta mál, þegar það nú er fyrir í 9. sinni. Brt. við 2. gr. fer þá fram á að færa aptur niður laun forstjórans í landsyfirrjettinum úr 5500 kr. í 5000, og hafa áður verið færð gild rök fyrir því. Hin síðari brt. eða vtill. fer fram á að ný gr. bætist við, sem verði 3. gr., þannig orðuð að „landfógetanum skal veita í árslaun 3500 kr.“. Vjer höfum mest komið fram með þessa till. til þess að koma samkvæmni inn í lögin, úr því að e. d. hefur sjálf samþykkt að annar dómandi í landsyfirrjettinum hafi 3500 kr. Hvorki nefndarmönnum eða n. d. yfir höfuð gengur neinn þrái til þess að halda þessari gr. fram. Jeg skal að eins benda á eitt dæmi til að sýna hversu eptirlát n. d. hefur verið við hina h. e. d. Hin h. e. d. bætti 200 kr. við laun prestaskólakennaranna við 3. umr. hjá sjer; þetta gekk nefndin og n. d. inn á við 7. umræðu, svo þetta fór óbreytt upp í e. d., en henni þóknast svo að breyta sínum eigin verkum aptur, og fella burtu þessar 200 kr. við 8. umræðu, og þegar frv. kemur til n. d. aptur, lætur nefndin það líka standa óhaggað, og stingur ekki upp á br. við það; vona jeg því að allir sjái, að nefndin í n. d. hafi verið fjarska-eptirlát við hina h. e. d.

Sighvatur Árnason: Jeg skal leyfa mjer að gjöra fáeinar athugas., af því að jeg var frsm. þessa máls í e. d. Jeg verð að halda fram skoðun e. d. um það, að embætti forstjórans í landsyfirrjettinum eigi að vera svo vel launað, að engir fælist frá að sækja um þetta mikilsverða embætti, sem fremur flestum öðrum em-

bættum þarf að vera skipað ágætum manni. Hin brt. frá meiri hluta nefndarinnar í n. d. fer fram á að færa niður laun landfógetans um 500 kr., en gagnvart þessari brt. skal jeg geta þess, að ástæða e. d. að halda hinum núverandi launum þess embættis var sú, að það er mjög vandasamt og hefur mikla peningaábyrgð í för með sjer og mikla reikningsfærslu.

Viðvíkjandi þessu dæmi, sem hinn h. frsm. n. í n. d. (Tr. G.) tók upp á tilslökunarsemi n. d., þá skal jeg geta þess að það var eðlilegt að e. d. í síðara skipti felldi burtu þessa hækkun við prestaskólakennarana, af þeirri ástæðu, að n. d. hafði fellt burtu hækkun e. d. til kennaranna við latínuskólann, og það var því einmitt til að koma samkvæmni á frv.

Þorkell Bjarnason kvaðst lýsa því yfir að hann tæki upp aptur síðari málsgrein brt. við 2. gr., að „fyrir 4000 kr. komi 3500 kr.“, sem frsm. n. (Tr. G.) hafði tekið aptur.

Atkvgr.: Fyrsta brt. n. (C 438) við 2. gr. frv. fyrra lið samþykkt með 17 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkvgr.

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Eiríkur Briem,	Eiríkur Kúld,
Benidikt Sveinsson,	Arnljótur Ólafsson,
Egill Egilsson,	Árni Thorsteinson,
Friðrik Stefánsson,	Bergur Thorberg,
Gunnlaugur Briem,	Benidikt Kristjánsson,
Holger Clausen,	Einar Ásmundsson,
Jakob Guðmundsson,	Grímur Thomsen,
Jón Ólafsson,	Halldór Friðriksson,
Magnús Andrjesson,	Jón Pjetursson,
Ólafur Pálsson,	Lárus Blöndal,
Skúli Þorvarðarson,	Pjetur Pjetursson,
Stefán Eiríksson,	Sighvatur Árnason,
Tryggvi Gunnarsson,	Sigurður Melsteð,
Þórður Magnússon,	Þórarinn Böðvarsson,
Þorkell Bjarnason,	Þorsteinn Jónsson,
Þorlákur Guðmundsson,	Th. Thorsteinson,
Ásgeir Einarsson.	

Síðari liður brt. var og samþ. með 17 : 16; en síðari brt. felld með 18 : 15. Frumvarpið allt með áorðnum breytingum síðan *fellt*, með því að eins 20 greiddu atkv. með því, en 13 á móti.

Frv. til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða (C 436).

Th. Thorsteinson: Ástæðan til þess, að jeg hefi komið fram með brt. við frv. þetta (C 438) er sú, að mjer virðist frv. eins og það kemur nú fyrir frá e. d. þvert á móti því, að vera til góðs, að það einmitt bindur hendur þeirra manna, sem vilja nota útlend skip til fiskiveiða. Það er almenn skoðun nú, að það megi taka útlend skip á leigu, eptir dómi, nýlega uppkveðnum við landsyfirrjettinn. Ef svo frv. þetta yrði að l., þá eru með því fyrirskipaðar reglur um, hvernig eigi að leigja skipin, en ekkert leyfi um það. Það liggur í augum uppi, að hjer er um það að ræða, að hjálpa þeim mönnum, sem ekki hafa efni á að kaupa skip, því einmitt slíkir og ekki þeir ríku mundu að jafnaði nota leyfið; ef því frv. á að geta samsvarað tilganginum, þá er auðsjeð, að þetta leyfi verður að vera frjálslegt, en ekki reyrt og bundið ýmsum ónauðsynlegum reglum, eins og gjört er hjer í frv., því það sem n. d. felldi af frv. um daginn, hefur e. d. sett inn aptur. Jeg finn enga frjálslega skoðun í því, því það gjörir mönnum einmitt erfiðara fyrir en áður að fá útlend skip á leigu; þess vegna vona jeg að þingið fallist á brt. mínar, sem einungis hafa það inni að halda, að gjöra frv. þannig, að það veiti mönnum leyfi til að fá útlend skip á leigu, að svo miklu leyti sem slíkt leyfi þarf. Það þarf ekki að setja í lögin allar þessar reglur, sem teknar eru fram hjer í frv., því að þær koma af sjálfu sjer. Mjer þykir annars eitt undarlegast, þar sem hjer í þessu frv. er fyrst talað um að skipstjóri sje skyldur og hásetar hans, að rita undir skuldbindingu að fara eptir þeim reglum, sem gildi fyrir þetta skip. Þessi ákvörðun virðist mjer alveg ónauðsynleg og eigi til annars en að auka vafninga og erfiðleika. Sem sagt, jeg vona hið h. þ. fallist á brt. mínar, og skal því ekki mæla lengur fyrir þeim.

Árni Thorsteinson: Jeg álít, að verði br.uppást. sþ., þá sje opnuð leið til þess að fara kringum lögin, og væri það mjög óheppilegt, ef það skyldi fara svo, að útlendum mönnum væri gjört hægra fyrir,

að taka brauðið frá landsmönnum sjálfum, en það getur mjög hæglega orðið afleiðingin af því, að samningar verði samdir um skipleigu, ef þessir samningar eru í orði, en ekki á borði. Jeg tek það fastlega fram, að takmarkanir og skilyrði við leigusamninginn eru allsendis nauðsynlegar, og jeg verð að segja, að það væri of mikil fljótfærni af þinginu að fara að gefa út lög um að taka mætti útlend skip á leigu án þess að binda það nokkru einasta skilyrði. Jeg verð því sterklega að ráða h. h. þingi frá að sþ. þessa br. tillögu. Hverjar yrðu afleiðingarnar, og hvernig fer, ef beizlinu er alveg sleppt svona fram af helzta atvinnuvegi landsins? Jeg vildi fyrir mitt leyti heldur óska, að sá atvinnuvegur lægi ónotaður af landsmönnum, heldur en að útlendingum væri nú þegar gjört innan handar að keppa svo við landsmenn, að landsmenn sjálfir fari á mis við allan ágóðann, og þess verða menn vel að gæta, að það leyfi, sem einu sinni er gefið, verður ekki aptur tekið.

Th. Thorsteinson: Jeg skil þetta mál allt öðruvísi en h. h. þm., sem nú settist niður. Jeg skil það nefnilega svo, að landsmönnum sje með þessu bratkv. hjálpað til að afla sjer brauðsins sjálfir, en ekki að öðrum sje gjört innan handar að taka það frá munninum á þeim. Hvað það snertir, að farið verði kringum lögin, þá mun bágt að búa til lög sem ekki verður farið hringinn í kring um. Jeg skal geta þess, að nú um mörg ár hafa útlend skip verið tekin á leigu skilyrðislaust, og víst opt í hag landsmanna. Það sem jeg álít nauðsynlegt er það, að lögin ákveði skýrt og skýlaust, hvað rjett er í því efni, af því sum yfirvöld munu álíta slíkt lögum gagnstætt.

Jón Ólafsson: Jeg var annar þeirra þm., sem fyrst komu með frv. í þessa átt inn á þingið; en það frv. var eins og menn muna, styttra en þetta, það var ekki fullar 2 línur. Ástæðan til þess, að við komum fram með þetta frv., var sú, að þó að okkur væri kunnugt um, að samkvæmt nýföllnum landsyfirrjettardómi mundi mega telja það lög nú í landi, er vjer með þessu frv. vildum lögleiða, var okkur jafnframt kunnugt, að stjórnin leit öðruvísi á málið, og þá var okkur einnig kunnugt, að dómi þessum mundi vera eða verða skotið til úrslita hæstarjettar, og vildum við því slá því föstu, að þetta skyldu vera lög í landi að minnsta kosti hjer eptir, án tillits til þess, hver úrslit hæstirjettur gjörði á því, hvort þetta væri þegar lög. Um takmarkanir þær, sem hin heiðraða efri d. hefur sett inn í frv., verð jeg að segja það eitt, að mjer þykir þær allar miða til tálmunar atvinnuvegi þessum, án þess að tryggingin sje í nokkru meiri. Jeg vil taka til dæmis, að það er mjög títt, að skipstjórar eigi sjálfir part í skipum þeim, sem þeir eru fyrir, og þykir það hvervetna vel gefast, en með þessum takmörkunum væri mönnum gjört ómögulegt að taka slík skip á leigu. Yfir höfuð er hjer bannað, að skipstjóri megi hafa hlutdeild í ágóða aflans. En allir vita, að einmitt í veiðar, ekki síður en annað, þykir það bezta hvöt þeim, er verkið stundar, til að beita öllum kröptum dyggilega, að launa honum með hlutdeild í arðinum. Jeg veit ekki hvað þetta ákvæði 3. greinar á að þýða, því að það er þó skylda allra manna, sem dvelja innan vebanda íslenzkrar lögstjórnar, að hlýða landslögunum, svo að það sýnist óþarfi að taka það hjer fram sjerstaklega. Jeg get ekki skilið, hver hætta er við því búin, að menn misbrúki þessi l. til að búa til málamyndasamninga, því að þann tíma, sem það hefur verið leyfilegt að taka útlend skip á leigu skilyrðislaust, hefur engin vanbrúkun átt sjer stað í þá átt. Og því á að vera að gjöra allar þessar takmarkanir, binda atvinnufrelsið öllum þessum ríkisböndum, þegar um *útlend* skip er að ræða, þar sem engin takmörkun liggur á oss, hversu vjer leigjum *dönsk* skip? Því að með *útlend* skip meinast hjer sama sem utanríkisskip. Það hljóta þó allir að sjá, hversu ósanngjarnt það er, að leggja öll upphugsanleg höpt á frelsi Íslendinga til að taka þau skip á leigu, sem þeir fá bezt og ódýrust, ef eru *utanríkis*-skip, en láta allt óbundið um *dönsk* skip; þetta væri alveg sama sem að *skylda* menn til að leigja *dönsk* skip, þó að þeir ættu kost á ódýrri skipum, kostnaðarminna fólkshaldi og betri útbúnaði annarstaðar. Jeg leyfi mjer að benda á einn agnúa enn á takmörkunum þessum. Það gæti vel hugsast, að lögreglustjórinn af misskilningi, tortryggni, heimsku, skammsýni eða öðrum hvötum, sem sýslumenn ekki eru undanþegnir að í þeim drottni sem öðr-

um mönnum, fyndi ástæðu til að tortryggja leigusamning; þá yrði skipið að liggja aðgerðarlaust þangað til upplýsingar væru fengnar og úrskurður fallinn, fyrst hjá sýslumanni, svo hjá landshöfðingja, og þannig mundi skipið hindrast frá að fiska takmarkalaust. Hvað á slík undantekning frá því, sem annars er viðurkennd regla? Ávallt endrarnær er gengið út frá því, að hver athöfn, sem er, sje lögleg, nema það gagnstæða sje sannað. Það yrði dáfallegt frelsi í landinu, ef ætti að ganga að því vísu, að hver atvinnuvegur væri ólöglegur, hver athöfn glæpur, nema menn fái fyrirfram landshöfðingjasamþykki til þess, sem menn ætla að gjöra. Jeg get ekki sjeð betur en að allar viðbætur e. d. við frv. sjeu því til tálmunar, gripnar úr lausu lopti, innihaldi frelsiskerðingar og óþolandi og tilgangslaus höft á atvinnuvegum manna, án þess að nokkur minnsta tryggging sje í öllum þessum höftum, því að *engin* lög í heimi geta *hindrað* menn í að búa til próformasamninga. Þau geta að eins lagt *hegning* við, er slíkt kemst upp. Allar breytingar efri deildar, er hún gjört hefur við frv., eru jafnmargar tálmanir fyrir því, að frv. nái tilgangi sínum. Jeg vil því fastlega og alvarlega ráða þinginu til að fallast á brust. 1. þm. Isf. (Th. Th.), sem jeg er að öllu samþykkur.

Arnljótur Ólafsson: Þegar málið kom frá e. d., var jeg móti viðaukanum af þeirri ástæðu, að þá var bannað að veiða frá skipum með opnum bátum. Nú er sú ákvörðun felld burt. *(Ásgeir Einarsson:* 7. gr.). Einmitt það, og þá er allt öðru máli að gegna. Nú vil jeg mæla með viðaukanum, 2.—6. gr., einkum sökum þess, hvernig hjer hagar til. Nú fyrst eru Norðmenn farnir að taka sjer bólfestu hjer. Gætu allir fengið skip á leigu, mundu Norðmenn láta sjer nægja, að leigja einhverjum og einhverjum skip sitt. En sje skilyrðið sett, stuðlar það fremur til þess, að draga þá hingað og búsetja þá hjer og við það eykst atvinna í landinu. Ef ekkert skilyrði er sett, gæti það orðið til skaða. Jeg skal samt geta þess, að mjer þykja heimildarskilyrðin, sem sett eru í viðaukanum, nokkuð ströng, þar sem 12 mánaða tími er ákveðinn, en þetta þarf þó ekki að gjöra skaða, því það er hægt að endurnýja samninginn. Vjer þurfum ætíð að gæta þess, að það, sem vera á frelsi, ekki snúist upp í ófrelsi. Ef vjer opnum útlendingum skilyrðislausan aðgang til fiskiveiða, þá snýst það, sem vjer ætluðum að vera oss frelsi, oss til óhagnaðar, og verður að eins útlendingum í hag, sem í rauninni vilja ekki líta við oss til annars en veiða hjá oss síldina og fiskinn, og flytja aflann frá oss, svo vjer sitjum eptir með lítilfjörlegan landhlut og nokkrar krónur í landssjóð.

Árni Thorsteinson: Það hefur verið tekið fram mót 3. gr., að hún væri ónauðsynleg, en eptir henni eru útlendir menn skyldaðir til að hlýða landslögunum. Jeg dreg efa á, að útlend skip sjeu skyld að hlýða íslenzkum lögum fyrir utan landhelgi. Þannig mundu t. d. varla útlend skip verða skylduð til að hlýða fiskiveiðarsamþykktum fyrir utan landhelgi. Jeg held, að það sje naumast hægt að segja, að það sje gengið of nærri útlendingum, þótt þeim sje gjört að skyldu að hlýða lögunum, þegar þeir veiða fyrir innlenda menn; eða ættu innlendir að fá rjett að veiða á móti lögum, ef þeir nota til þess útlenda menn? Ákvörðunin virðist vera nauðsynleg. Hinn h. 2. þm. Suðurm. (J. Ó.) hafði það móti viðaukanum, að hann ekki útilokaði málamyndarsamning. Jeg er líka hræddur um, að þetta frv. gjöri það ekki alveg, en það gjörir það samt öllu fremur en stutta frv. Undir öllum kringumstæðum getum vjer þó sagt, að vjer höfum gjört tilraun til að tryggja móti málamyndasamningum. Hlutaveiðin, sem bæði tekur arðinn og kostnaðinn saman að nokkru, er ekki strangt tekið bönnuð með stutta frv. eptir skoðun sumra, en mjer virðist það ekki vera ljóst, hvað sje að taka skip á leigu, þegar skilmálarnir eru blandaðir, og því rjettara að útiloka hlutaveiðina. Hinn h. 1. þm. Ísf. (Th. Th.) svaraði stutt og sagði, að frv. með viðaukanum væri skaðlegt og tæki brauðið frá landsmönnum. Jeg skal játa það, að þótt langa frv. verði samþykkt, er ekki loku skotið fyrir það, að nokkur brauð kunni að missast, en það verður samt ekkert á móti þeim óteljandi brauðum, sem landið, ef stutta frv. verður samþykkt, mun fara á mis við, ef að útlendingar gæti fjölmennt hjer eptir eigin vild, og í lagaleyfi stutta frv.

Síðan var að beiðni 12 nafngreindra þingmanna samþykkt, að umræðunum skyldi hætt.

Atkvgr.: Brt. (C 438) samþykkt m. 17 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu.

Já sögðu,	*Nei* sögðu:
Eiríkur Briem,	Arnljótur Ólafsson,
Eiríkur Kuld,	Árni Thorsteinson,
Egill Egilsson,	Ásgeir Einarsson,
Grímur Thomsen,	Bergur Thorberg,
Gunnl. Briem,	Benid. Kristjánsson,
Halldór Kr. Friðrikss.	Benidikt Sveinsson,
Jakob Guðmundsson,	Einar Ásmundsson,
Jón Ólafsson,	Friðrik Stefánsson,
Lárus Blöndal,	Holger Clausen,
Ólafur Pálsson,	Jón Pjetursson,
Sigurður Melsteð,	Magnús Andrjesson,
Tryggvi Gunnarsson,	Pjetur Pjetursson,
Þórður Magnússon,	Sighvatur Árnason,
Þorkell Bjarnason,	Skúli Þorvarðarson,
Þorlákur Guðmundss.	Stefán Eiríksson,
Þorsteinn Jónsson,	Þórarinn Böðvarsson.
Th. Thorsteinson;	

Þar með var og 1. tölul. brt. samþykktur. Frumvarpið í heild sinni því næst samþykkt með 22 : 11, að viðhöfðu nafnakalli:

Já sögðu:	*Nei* sögðu:
Eiríkur Briem,	Eiríkur Kuld,
Arnljótur Ólafsson,	Árni Thorsteinson,
Bergur Thorberg,	Ásgeir Einarsson,
Benidikt Sveinsson,	Benidikt Kristjánss.,
Egill Egilson,	Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,	Friðrik Stefánsson,
Jakob Guðmundsson,	Halldór Friðriksson,
Jón Ólafsson,	Holger Clausen
Jón Pjetursson,	Magnús Andrjesson,
Gunnl. Briem.	Skúli Þorvarðarson,
Lárus Blöndal,	Stefán Eiríksson.
Ólafur Pálsson,	
Pjetur Pjetursson,	
Sighvatur Árnason,	
Sigurður Melsteð,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Já sögðu:	
Þórarinn Böðvarsson,	
Þórður Magnússon,	
Þorkell Bjarnason,	
Þorlákur Guðmundss.	
Þorsteinn Jónsson,	
Th. Thorsteinson.	

Frumvarpið afgreitt síðan til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Þriðji fundur *í sameinuðu þingi*, mánudag 27. ágúst kl. 3. Allir á fundi.

Forseti skýrði frá aðgjörðum þessa þings og frá úrslitum málanna.

Því næst las forseti upp svo látandi skýrslu um aðgjörðir nefndarinnar um þjóðhátíðarsjóðinn:

»Í framhaldi skýrslu þeirrar, er var gefin 1881, leyfi jeg mjer að skýra frá, að hinn svo nefndi þjóðhátíðarsjóður, eða samskot til að byggja steinhús handa alþingi með tillögum einstakra manna, er nú:

Sparisjóðsbók No. 35 með vöxtum til $\frac{11}{6}$ 83	725-29
í vörzlum landfógeta.	
Sparisjóðsbók frá Dansk Landmandsbank No. 7353 með vöxtum...	1063-98

Í þessa bók hefir verið lögð skuld úr búi Jóns sál. Sigurðssonar 1029 kr. 26 a., en 34 kr. 72 a. eru vextir til $\frac{31}{12}$ 1882.

Bók þessi er í vörzlum alþingismanns Tryggva Gunnarssonar.

Eign sjóðsins er því kr. 1789-28.

Reykjavík 27. ág. 1883.

Árni Thorsteinson.

Til

Forseta hins sameinaða alþingis«.

Landshöfðingi stóð upp að því búnu, og gat þess, að alþingistímanum, sem samkvæmt konungsúrskurði 27. maí þ. á.

hefði verið lengdur um 14 daga, og þingstörfunum væri nú lokið; lýsti hann því yfir, að

alþingi væri slitið.

Lárus Blöndal, 1. þm. Hv. og varaforseti hins sameinaða alþingis, stóð þá upp og mælti:

Lengi lifi konungur vor,
KRISTJÁN IX!

Tóku allir þingmenn undir það í einu hljóði.

Var síðan gengið af þingi.

Efnisyfirlit.

I.

Frumvörp, afgreidd sem lög frá alþingi.

1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1884 og 1885 364. 419. 428. 486.

2. Frv. til fjáraukalaga fyrir 1878 og 1879 406. 423. 489.

3. Frv. til fjáraukalaga fyrir 1880 og 1881 467. 492. 536.

4. Frv. til fjáraukalaga fyrir 1882 og 1883 254. 289. 320. 404. .

5. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1878 og 1879 407. 425. 489.

6. Frv. til laga um afnám aðflutningsgjalds af útlendum skipum 101. 112. 158.

7. Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafjelaga og einstakra manna í landhelgi við Ísland 158. 182. 207.

8. Frv. til laga um breyting á 1. gr. 2. lið í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní 1869 189. 208. 240.

9. Frv. til laga um bygging, ábúð og úttekt jarða (borið upp sem frv. til landbúnaðarlaga fyrir Ísland) 16. 189. 218. 318. 499.

10. Frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir 12. 22. 63.

11. Frv. til laga um bæjarstjórn á Akureyri 15. 31. 60.

12. Frv. til laga um eptirlaun prestsekkna 18. 35. 77. 176.

13. Frv. til laga, er breyta tilsk. 5. september 1794 5. gr. 17. 49. 82. 189.

14. Frv. til laga um breyting á opnu brjefi 27. maí 1859, um að ráða útlenda menn á dönsk skip, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi 18. 34. 63.

15. Frv. til laga um kosningu presta 39. 88. 112. 216.

16. Frv. til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Rangárvallasýslu 101. 151. 161.

17. Frv. til laga um friðun hvala 170. 188. 204.

18. Frv. til laga um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og á lausafje 418. 422. 427. 526.

19. Frv. til laga um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað 143. 158. 169.

20. Frv. til laga um að eptirstöðvar af byggingarkostnaði fangelsanna greiðist eigi af jafnaðarsjóðum amtanna nje af bæjarsjóði Reykjavíkur 156. 161. 179.

21. Frv. til laga um horfelli á skepnum 215. 248. 254.

22. Frv. til laga um löggildingu nýrra verzlunarstaða 212. 248. 258. 372.

23. Frv. til laga um breyt. á 2. og 3. gr. laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík 258. 292. 320.

24. Frv. til laga um breyting á lögum 15. marz 1861 um vegina á Íslandi 284. 316. 323.

25. Frv. til laga um að stofna slökkvilið á Ísafirði 284. 308. 323.

26. Frv. til laga um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaptafells prófastsdæmum 283. 301. 323.

27. Frv. til laga um heimild til að taka útlend skip á leigu til fiskiveiða 300. 364. 404. 524. 544.

28. Frv. til laga um afnám konungsúrskurðar 20. jan. 1841 300. 318. 324.

29. Frv. til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra 323. 335. 366.

30. Frv. til laga um afnám amtmannaembættanna og landritaraembættisins, sem og um stofnun fjórðungsráða 333. 383. 406.

31. Frv. til laga um stofnun landsskóla á Íslandi 335. 359. 400.

32. Frv. til laga um sölu á Sauðafellskirkjujörðinni Hömrum í Laxárdal 418. 480. 525.

33. Frv. til laga um breyting á lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. des. 1877 485. 498. 542.

Aths. Þau fyrstu fjórtán stjórnarfrumvörp.

II.

Samþykktar þingsályktanir.

Þingsályktun um að mæla uppsigling á Hvammsfjörð 371.

Þgsál. um ávarp til konungs frá efri deild 514.

Þgsál. frá e. d. um lán úr viðlagasjóði 534.

Þgsál. um viðurkenningarlaun Dr. Jóns sál. Hjaltalíns 320.

Þgsál. um fyrirkomulag á gufuskipsferðum umhverfis strendur landsins 515. 531.

Þgsál. viðvíkjandi landsreikningunum 499.

III.

Felld mál, aptur tekin eða óútrædd.

Frv. til laga um breyting á tilskipun um prestaköll á Íslandi 15. des. 1865, 1. og 2. gr. (stjórnarfrumvarp) 19. 35.

Frv. til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla (stjórnarfrv.) 19. 50. 79.

Frv. til laga, er banna að sleppa hákarli í sjó á tímabilinu frá 15. okt. til 15. apr. 106. 143. 161.

Frv. til laga um strandgæzlu 111. 150. 165.

Frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja kirkjujörðina Selstaði í Seyðisfirði 127.

Frv. til laga um skipun nefndar til að ræða kirkjumál 193. 237.

Frv. til laga um stofnun landsbanka á Íslandi 142. 210. 241. 261. 517.

Frv. til laga um breyting á 7. gr. laga 14. des. 1877 um tekjuskatt 157. 173. 203.

Frv. til laga um atkvæðisrjett safnaðanna til að losa sig við óhæfa presta 208. 273.

Frv. til viðaukalaga við tilsk. 4. maí 1872, 29. gr., um aukakosning til sýslunefndar 316. 324. 335.

Frv. til laga um að afnema gjald af fasteignarsölum til landssjóðs 179.

Frv. til laga um afnám fyrirmæla í opnu brjefi 22. marz 1855 um selaskot á Breiðafirði 284. 308. 399.

Frv. til laga um friðun sela á Breiðafirði 400.

Frv. til laga um stofnun lausasafnaða innan þjóðkirkjunnar 298.

Frv. til laga um viðbót við toll á tóbaki, brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 360.

Frv. til laga um farmgjald skipa 492. 534.

Frv. til laga um rjett hreppsnefnda og bæjarstjórna í fátækramálum 414. 468. 525.

Frv. til laga um breyting á lögum um laun ísl. embættismanna, dags. 15. okt. 1875 258. 324. 344. 400. 523. 541.

Frv. til laga um sjerstakt kirkjuþing (tekið aptur) 135. 193.

Frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1880 og 1881 (stjórnarfrv., óútrætt) 467. 492. 536.

Frv. til endurskoðaðra stjórnarskip-

unarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (óútrætt) 490.

Þingsályktunartillaga viðvíkjandi fyrirmælum 3. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla 82.

Þgsáltill. um að setja nefnd til að semja ávarp til konungs 189. 240.

Þgsáltill. í harðærismálinu 407.

Þgsáltill. um að taka niður merkin á alþingishúsinu 533.

☛ Þetta efnisyfirlit er að eins til bráða-birgða, með því að fullkomið efnisyfirlit fyrir öll alþingistíðindin, sem á að vera framan við þetta (fyrsta) bindi, verður ekki samið fyr en þau eru öll fullprentuð, en hávaðinn af öðru bindi, umræðum neðri deildar, er nú (15. sept.) óprentaður.

Leiðrjettingar. Misprentað í 155. dálki 5. línu að neðan: máli f. mati; 297_{10}: ósanngjarnt f. sanngjarnt; 406^{10}: ein umr. f. 1. umr.